ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 56

20. árgangur

10.10.2013

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2013/EES/56/01 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júní 2010 um breytingu á ákvörðun 2006/771/EB um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað (2010/368/ESB) 1

2013/EES/56/02 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 583/2010 frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar og skilyrði sem skulu uppfyllt þegar lykilupplýsingar eða lýsingin er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða á heimasíðu. 10

2013/EES/56/03 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 584/2010 frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar snið og inntak staðlaðrar tilkynningar og staðfestingar á verðbréfasjóði, notkun rafrænna samskipta milli lögbærra yfirvalda vegna tilkynninga og verklagsreglur vegna sannprófunar á staðnum og rannsókna sem og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda 25

2013/EES/56/04 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (endurútgefin) 37

2013/EES/56/05 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 486/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 809/2004 að því er varðar framsetningu og innihald lýsingar, grunnlýsingar, samantektar og endanlegra skilmála og að því er varðar upplýsingaskyldu 60

2013/EES/56/06 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 924/2009 frá 16. september 2009 um greiðslur yfir landamæri í Bandalaginu og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2560/2001. 125

2013/EES/56/07 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012 frá 14. mars 2012 um að koma á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum fyrir millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 924/2009 133

2013/EES/56/08 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. september 2011 um breytingu á viðauka D við tilskipun ráðsins 88/407/EBE að því er varðar viðskipti innan Sambandsins með sæði húsdýra af nautgripakyni sem er sent frá sæðissöfnunarstöðvum og sæðisgeymslustöðvum (2011/629/ESB). 149

2013/EES/56/09 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/36/ESB frá 19. nóvember 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini 159

2013/EES/56/10	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 383/2012 frá 4. maí 2012 um tæknilegar kröfur að því er varðar ökuskírteini með geymslumiðli (örflögu)	164
2013/EES/56/11	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008	175
2013/EES/56/12	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1195/2012 frá 13. desember 2012 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma koningii* (MUCL 39203), fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Lyven)	368
2013/EES/56/13	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1196/2012 frá 13. desember 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr 9/2010 að því er varðar lágmarksinnihald blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), sem fóðuraukefni í fóðri fyrir varphænur (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition)	370
2013/EES/56/14	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1265/2012 frá 17. desember 2012 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) Nr. 837/2012 að því er varðar lágmarksvirkni blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594), sem fóðuraukefni fyrir alifugla, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur (leyfishafi er DSM Nutritional Products)	372
2013/EES/56/15	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1206/2012 frá 14. desember 2012 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-ß-xýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 10287), sem fóðuraukefni fyrir alifugla sem eru aldir til slátrunar, fráfærugrísi og eldissvín og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1332/2004 og (EB) nr. 2036/2005 (leyfishafi er DSM Nutritional Products)	374
2013/EES/56/16	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 51/2013 frá 16. janúar 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 152/2009 að því er varðar greiningaraðferðir til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna opinbers eftirlits með fóðri	377
2013/EES/56/17	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 68/2013 frá 16. janúar 2013 um skrána yfir fóðurefni	388
2013/EES/56/18	Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 107/2013 frá 5. febrúar 2013 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksstyrk melamíns í gæludýrafóðri í dósum	452
2013/EES/56/19	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 105/2013 frá 4. febrúar 2013 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 371/2011 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir dímetýlglýsínnatríumsalti	454
2013/EES/56/20	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 103/2013 frá 4. febrúar 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 786/2007 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir blöndu með endó-1,4-β-mannanasa EC 3.2.1.78 (Hemicell)	455
2013/EES/56/21	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 95/2013 frá 1. febrúar 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir fiska nema laxfiska (leyfishafi er Lallemand SAS)	456
2013/EES/56/22	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 96/2013 frá 1. febrúar 2013 um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus buchneri* NCIMB 30139 og fyrir blöndu með *Lactobacillus casei* ATTC PTA 6135 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir	458

2013/EES/56/23 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 159/2013 frá 21. febrúar 2013 um leyfi fyrir blöndu af natríumbensóati, própíónsýru og natríumpróþíónati sem fóðuraukefni fyrir svín, alifugla, nautgripi, sauðkindur, geitur, kanínur og hesta og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1876/2006 og (EB) nr. 757/2007 461

2013/EES/56/24 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 160/2013 frá 21. febrúar 2013 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 162/2003, (EB) nr. 971/2008, (ESB) nr. 1118/2010 og (ESB) nr. 169/2011 og á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 888/2011 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir díklasúríli í fóður 464

2013/EES/56/25 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 161/2013 frá 21. febrúar 2013 um leyfi fyrir natríumhýdroxíðblöndu sem fóðuraukefni fyrir ketti, hunda og skrautfiska. 466

2013/EES/56/26 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1012/2012 frá 5. nóvember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 og reglugerð (EB) nr. 1251/2008 að því er varðar skrá yfir smitferjur, heilbrigðiskröfur og vottunarkröfur varðandi húðsveppadrep og færsluna fyrir Taíland í skránni yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur á tilteknum fiskitegundum og lagarafurðum til Sambandsins er leyfður . 469

2013/EES/56/27 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 101/2013 frá 4. febrúar 2013 um notkun mjólkursýru til að draga úr örverufræðilegri mengun á yfirborði nautgripaskrokka 487

2013/EES/56/28 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/8/ESB frá 26. febrúar 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/144/EB um tiltekna íhluti og eiginleika dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt, í því skyni að aðlaga tæknileg ákvæði hennar 490

2013/EES/56/29 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1191/2012 frá 12. desember 2012 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið natríumsalisýlat 497

2013/EES/56/30 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1186/2012 frá 11. desember 2012 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið foxím 499

2013/EES/56/31 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1161/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið fenbendasól. 502

2013/EES/56/32 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1235/2010 frá 15. desember 2010 um breytingu, að því er varðar lyfjagát vegna mannalyfja, á reglugerð (EB) nr. 726/2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu og á reglugerð (EB) nr. 1394/2007 um hátæknimeðferðarlyf. 505

2013/EES/56/33 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/62/ESB frá 8. júní 2011 um breytingu á tilskipun 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum að því er varðar að koma í veg fyrir ólöglega innkomu falsaðra lyfja í löglega aðfangakeðju . . . 521

2013/EES/56/34 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/26/ESB frá 25. október 2012 um breytingu á tilskipun 2001/83/EB að því er varðar lyfjagát 535

2013/EES/56/35 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1027/2012 frá 25. október 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 726/2004 að því er varðar lyfjagát 539

2013/EES/56/36 Leiðrétting á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/53/ESB frá 7. júlí 2010 um kröfur varðandi gæði og öryggi líffæra úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu 542

2013/EES/56/37 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 126/2013 frá 13. febrúar 2013 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) 558

2013/EES/56/38 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/32/ESB frá 25. október 2012 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum 562

2013/EES/56/39 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1205/2012 frá 14. desember 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 802/2010 að því er varðar frammistöðu félags 623

2013/EES/56/40 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/17/ESB frá 13. júní 2012 um breytingu á tilskipun ráðsins 89/666/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB og 2009/101/EB að því er varðar samtengingu aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa. 625

2013/EES/56/41 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 183/2013 frá 4. mars 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 1 634

2013/EES/56/42 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 301/2013 frá 27. mars 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar árlegar endurbætur á alþjóðlegum reikningsskila-stöðlum, tímabilið 2009–2011. 637

2013/EES/56/43 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 313/2013 frá 4. apríl 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar samstæðureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum: Aðlögunarleiðbeiningar (breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS 10, 11 og 12) 645

2013/EES/56/44 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. nóvember 2008 um ítarlegar viðmiðunarreglur um framkvæmd og beitingu II. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/8/EB (2008/952/EB). 653

2013/EES/56/45 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 16. október 2009 um samræmingu á tíðnisviðunum 900 MHz og 1800 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita samevrópska, rafræna fjarskiptaþjónustu innan Bandalagsins (2009/766/EB) . . . 660

2013/EES/56/46 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. mars 2009 um skilyrði fyrir því að plastkassar og -vörubretti séu undanþegin ákvæðum um styrk þungmálma sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB um umbúðir og umbúðaúrgang (2009/292/EB). 664

2013/EES/56/47 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. júní 2010 um breytingu á ákvörðun 2004/388/EB varðandi skjal um flutning á sprengiefnum innan Bandalagsins (2010/347/ESB). 667

2013/EES/56/48 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 290/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1178/2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008. 669

2013/EES/56/49 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/84/ESB frá 15. desember 2010 um breytingu, að því er varðar lyfjagát, á tilskipun 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum 725

2013/EES/56/50 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2013/7/ESB frá 21. febrúar 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB í því skyni að bæta virka efninu alkýl(C12-16)-dímetýlbensýlammóníumklóríði við í I. viðauka við hana 751

2013/EES/56/51 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/47/ESB frá 14. desember 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar skrána yfir varnartengdar vörur 755

2013/EES/56/52 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/33/EB frá 23. apríl 2009 um að stuðla að notkun á hreinum og orkunýtnum ökutækjum til flutninga á vegum 787

2013/EES/56/53 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1179/2012 frá 10. desember 2012 um viðmiðanir til að ákvarða hvenær glerbrot hætta að vera úrgangur samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB 795

2013/EES/56/54 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB frá 6. maí 2009 um að einfalda skilmála og skilyrði vegna tilflutnings varnartengdra vara innan Bandalagsins. 801

2013/EES/56/55 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2010/80/ESB frá 22. nóvember 2010 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar skrána yfir varnartengdar vörur 837

2013/EES/56/56 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/10/ESB frá 22. mars 2012 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/43/EB að því er varðar skrána yfir varnartengdar vörur. 872

2013/EES/56/57 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 259/2012 frá 14. mars 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 648/2004 að því er varðar notkun fosfata og annarra fosfórefnasambanda í þvottaefni og uppþvottavélaefni fyrir neytendur. 904

2013/EES/56/58 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 910

2013/EES/56/59 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1254/2012 frá 11. desember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr.1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal)10, alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal)11, alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS-staðal)12, alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 27 (2011) og alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 28 (2011) 1058

2013/EES/56/60 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr.1255/2012 frá 11. desember 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IAS-staðal) 12, alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS-staðla) 1 og 13, og 20. túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil (IFRIC-túlkun 20). 1135

2013/EES/56/61 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr.143/2013 frá 19. febrúar 2013 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 að því er varðar ákvörðun losunar koltvísýrings frá ökutækjum sem lögð eru fram til fjölþrepa gerðarviðurkenningar . . . 1202

2013/EES/56/62 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1235/2011 frá 29. nóvember 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1222/2009 að því er varðar flokkun á veggripi hjólbarða á blautum vegi, mælingu á snúningsmótstöðu og sannprófunaraðferðina. 1207

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/56/01**

frá 30. júní 2010

um breytingu á ákvörðun 2006/771/EB um samhæfingu tíðnirófsins fyrir þráðlausar sendingar til notkunar fyrir skammdrægan búnað (*)

(tilkynnt með númeri C(2010) 4313)

(2010/368/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 676/2002/EB frá 7. mars 2002 um reglurramma um stefnu Evrópubandalagsins varðandi tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar (ákvörðun um tíðniróf fyrir þráðlausar sendingar) ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/771/EB ([2]) samhæfir tækniskilyrðin fyrir tíðnirófsnotkun ýmiss konar skammdrægs búnaðar, þ.m.t. viðvörunarbúnaðar, staðbundins fjarskiptabúnaðar, dyraopnara og læknisfræðilegra ígræða. Skammdrægur búnaður er yfirleitt fjöldaframleidd og/eða færanleg vara sem auðvelt er að taka með sér og nota yfir landamæri, mismunur á skilyrðum fyrir aðgangi að tíðnirófi hindrar því frjálsa för hans, eykur framleiðslukostnað og skapar hættu á skaðlegum truflunum gagnvart öðrum búnaði og þjónustu sem notar fjarskiptatíðni.

2) Þó er hugsanlegt, að vegna örra tæknilegra breytinga og krafna frá samfélaginu komi nýir notkunarmöguleikar fyrir skammdrægan búnað fram á sjónarsviðið, sem hafi það í för með sér að uppfæra þurfi skilyrðin fyrir samhæfingu tíðnisviða reglulega.

3) Hinn 5. júlí 2006 gaf framkvæmdastjórnin út varanlegt umboð til Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu (CEPT) skv. 2. mgr. 4. gr. ákvörðunar nr. 676/2002/EB, til að uppfæra viðaukann við ákvörðun 2006/771/EB til að bregðast við tækni- og markaðsþróun á sviði skammdrægs búnaðar.

4) Samræmdum tæknilegum skilyrðum fyrir skammdrægan búnað sem fram koma í ákvörðun 2006/771/EB hefur þegar verið breytt með því að skipta viðauka hennar út með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/432/EB ([3]) og 2009/381/EB ([4]).

5) Í skýrslu Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu frá nóvember 2009 ([5]), sem lögð var fram sem svar við umboðinu, lögðu samtökin til við framkvæmdastjórnina að hún breytti vissum tæknilegum atriðum í viðaukanum við ákvörðun 2006/771/EB.

6) Því ber að breyta viðaukanum við ákvörðun 2006/771/EB til samræmis við það.

7) Búnaður sem starfar innan þeirra skilyrða sem sett eru með þessari ákvörðun skal einnig vera í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/5/EB frá 9. mars 1999 um fjarskiptabúnað og endabúnað til fjarskipta og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ([6]) til þess að tryggja skilvirka notkun tíðnirófs og til þess að komast hjá skaðlegum truflunum, annað hvort með því að vera í samræmi við samhæfða staðla eða með því að fullnægja öðrum samræmismatsaðferðum.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um fjarskiptatíðniróf.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukinn við þessa ákvörðun kemur í stað viðaukans við ákvörðun 2006/771/EB.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. júní 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Neelie KROES

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 166, 1.7.2010, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 4.10.2012, bls. 30.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 312, 11.11.2006, bls. 66.

([3]) Stjtíð. ESB L 151, 11.6.2008, bls. 49.

([4]) Stjtíð. ESB L 119, 14.5.2009, bls. 32.

([5]) Skýrsla Samtaka póst- og fjarskiptastjórna í Evrópu 35, RSCOM 09-68.

([6]) Stjtíð. EB L 91, 7.4.1999, bls. 10.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Samhæfð tíðnisvið og tæknilegar breytur fyrir skammdrægan búnað

Gerð skammdrægs búnaðar	Tíðnisvið ([1])	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/ aflþéttnimörk ([2])	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása) ([3])	Aðrar notkunar-takmarkanir ([4])	Framkvæmdarfrestur
Almennur skammdrægur búnaður ([5])	6 765-6 795 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	13,553-13,567 MHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	26,957–27,283 kHz	10mW virkt, útgeislað afl (e.r.p.), sem samsvarar 42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð		Myndbúnaður er undanskilinn	1. júní 2007
	40,660-40.700 MHz	10 mW e.r.p.		Myndbúnaður er undanskilinn	1. júní 2007
Almennur skammdrægur búnaður (frh.)	433,050-434,040 ([6]) MHz	1 mW e.r.p. og - 13 dBm/10 kHz aflþéttni fyrir bandbreiddarmótun umfram 250 kHz	Raddbúnaður er heimill með þróuðum mildandi aðferðum	Hljóð- og myndbúnaður er undanskilinn	1. nóvember 2010
		10 mW e.r.p.	Vinnuferlismörk ([7]): 10%	Hliðrænn hljóðbúnaður annar en fyrir rödd er undanskilinn. Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn	1. nóvember 2010
	434,040-434,790 ([6]) MHz	1 mW e.r.p. og - 13 dBm/10 kHz aflþéttni fyrir bandbreiddarmótun umfram 250 kHz	Raddbúnaður er heimill með þróuðum mildandi aðferðum	Hljóð- og myndbúnaður er undanskilinn	1. nóvember 2010
		10 mW e.r.p.	Vinnuferlismörk ([7]): 10%	Hliðrænn hljóðbúnaður annar en fyrir rödd er undanskilinn. Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn	1. nóvember 2010
			Vinnuferlismörk ([7]): 100% með fyrirvara um að bil milli rása sé allt að 25 kHz Raddbúnaður er heimill með þróuðum mildandi aðferðum	Hljóð- og myndbúnaður er undanskilinn	1. nóvember 2010

Gerð skammdrægs búnaðar	Tíðnisvið ([1])	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/ aflþéttnimörk ([2])	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása) ([3])	Aðrar notkunar-takmarkanir ([4])	Framkvæmdarfrestur
Almennur skammdrægur búnaður (frh.)	863,000-865,000 MHz	25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk ([7]) sem eru 0,1%	Hliðrænn hljóðbúnaður annar en fyrir rödd er undanskilinn. Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn	1. nóvember 2010
	865,000-868,000 MHz	25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk ([7]) sem eru 1%	Hliðrænn hljóðbúnaður annar en fyrir rödd er undanskilinn. Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn	1. nóvember 2010
	868,000-868,600 MHz	25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk ([7]) sem eru 1%	Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn	1. nóvember 2010
	868,700-869,200 MHz	25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk ([7]) sem eru 0,1%	Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn	1. nóvember 2010
Almennur skammdrægur búnaður (frh.)	869,400-869,650 ([6]) MHz	500 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk ([7]) sem eru 10%	Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn	1. nóvember 2010

Gerð skammdrægs búnaðar	Tíðnisvið ([1])	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/ aflþéttnimörk ([2])	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása) ([3])	Aðrar notkunar-takmarkanir ([4])	Framkvæmdarfrestur
			Bil milli rása skal vera 25 kHz, en nota má allt tíðnisviðið sem eina rás fyrir háhraða gagnaflutning		
		25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk ([7]) sem eru 0,1%	Hliðrænn hljóðbúnaður annar en fyrir rödd er undanskilinn. Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn	1. nóvember 2010
	869,700-870,000 ([6]) MHz	5 mW e.r.p.	Raddbúnaður er heimill með þróuðum mildandi aðferðum	Hljóð- og myndbúnaður er undanskilinn	1. júní 2007
		25 mW e.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk ([7]) sem eru 1%	Hliðrænn hljóðbúnaður annar en fyrir rödd er undanskilinn. Hliðrænn myndbúnaður er undanskilinn	1. nóvember 2010
Almennur skammdrægur búnaður (frh.)	2,400-2,4835 MHz	10 mW virkt, einsátta útgeislað afl (e.i.r.p.)			1. júní 2007
	5,725-5,875 MHz	25 mW e.i.r.p.			1. júní 2007
	24.150-24.250 GHz	100 mW e.i.r.p.			1. október 2008
	61.0-61.5 GHz	100 mW e.i.r.p.			1. október 2008
Breiðbandsgagna-flutningskerfi	2400-2483,5 MHz	100 mW e.i.r.p. og 100 mW/100 kHz þéttni skilvirkrar, einsátta útgeislunar (e.i.r.p.) á við þegar tíðniflöktsmótun er notuð, 10 mW/MHz þéttni á við þegar aðrar gerðir mótunar eru notaðar	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir, sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.		1. nóvember 2009

Gerð skammdrægs búnaðar	Tíðnisvið ([1])	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/ aflþéttnimörk ([2])	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása) ([3])	Aðrar notkunar-takmarkanir ([4])	Framkvæmdarfrestur
	57,0-66,0 GHz	40 dBm e.i.r.p. og 13 dBm/MHz þéttni skilvirkrar, einsátta útgeislunar (e.i.r.p.)	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir, sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum sam-kvæmt tilskipun 1999/5/EB.	Fastur búnaður utandyra er undanskilinn.	1. nóvember 2010
Viðvörunarbúnaður	868.600-868.700 MHz	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Einnig má nota allt tíðnisviðið sem eina rás fyrir háhraða gagnaflutning Vinnuferlismörk ([7]): 1,0%		1. október 2008
	869,250-869,300 MHz	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferlismörk ([7]): 0,1%		1. júní 2007
	869,300-869,400 MHz	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferlismörk ([7]): 1,0%		1. október 2008
	869,650-869,700 MHz	25 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferlismörk ([7]): 10%		1. júní 2007
Neyðarboð ([8])	869,200-869,250 MHz	10 mW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Vinnuferlismörk ([7]): 0,1%		1. júní 2007
Spanbúnaður ([9])	9,000-59,750 kHz	72 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. nóvember 2010
	59,750-60,250 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	60,250-70,000 kHz	69 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	70-119 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	119-127 kHz	66 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	127-140 kHz	42 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	140-148,5 kHz	37,7 dBµA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008

Gerð skammdrægs búnaðar	Tíðnisvið ([1])	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/ aflþéttnimörk ([2])	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása) ([3])	Aðrar notkunar-takmarkanir ([4])	Framkvæmdarfrestur
	148,5-5000 kHz Á þeim tíðnisviðum sem nefnd eru hér á eftir, eiga hærri sviðsstyrkur og frekari notkunar-takmarkanir við:	– 15 dBμA/m í 10 metra fjarlægð á allri 10 kHz bandbreidd Ennfremur er heildarsviðsstyrkur – 5 dBμA/m í 10 m fjarlægð í kerfum sem nota band-breiddir yfir 10 kHz			1. október 2008
Spanbúnaður (frh.)	400-600 kHz	– 8 dBμA/m í 10 metra fjarlægð		Þessi notkunar-skilyrði eiga aðeins við um auðkenningu með fjarskiptatíðni ([10])	1. október 2008
	3155-3400 kHz	13,5 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	5000-30 000 kHz Á þeim tíðnisviðum sem nefnd eru hér á eftir, eiga hærri sviðsstyrkur og frekari notkunartakmarkanir við:	– 20 dBμA/m í 10 metra fjarlægð á allri 10 kHz bandbreidd Ennfremur er heildarsviðsstyrkur -5 dBμA/m í 10 m fjarlægð í kerfum sem nota bandbreiddir yfir 10 kHz			1. október 2008
	6765-6795 kHz	42 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
	7400-8800 kHz	9 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
	10 200-11 000 kHz	9 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
Spanbúnaður (frh.)	13 553-13 567 kHz	42 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. júní 2007
		60 dBμA/m í 10 metra fjarlægð		Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um auðkenningu með fjarskiptatíðni ([10]) og rafrænt eftirlit með vörum ([11])	1. október 2008
	26 957–27 283 kHz	42 dBμA/m í 10 metra fjarlægð			1. október 2008
Virk læknisfræðileg ígræði ([12])	9-315 kHz	30 dBμA/m í 10 metra fjarlægð	Vinnuferlismörk ([7]): 10%		1. október 2008

Gerð skammdrægs búnaðar	Tíðnisvið ([1])	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/ aflþéttnimörk ([2])	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása) ([3])	Aðrar notkunar-takmarkanir ([4])	Framkvæmdarfrestur
	30,0-37,5 MHz	1 mW e.r.p.	Vinnuferlismörk ([7]): 10%	Þessi notkunar-skilyrði eiga eingöngu við um sérlega afllítil himnuígræði til lækninga sem mæla blóðþrýsting	1. nóvember 2010
	402-405 MHz	25 µW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Einstakir sendar geta tengt saman aðliggjandi rásir til þess að auka bandbreidd allt að 300 kHz. Nota má aðrar aðferðir við að fá aðgang að tíðnirófi eða draga úr truflunum, þ.m.t. bandbreiddir yfir 300 kHz, svo framarlega sem árangurinn verður a.m.k. samsvarandi og með þeim aðferðum sem lýst er í samhæfðum stöðlum sem teknir voru upp samkvæmt tilskipun 1999/5/EB til að tryggja öðrum notendum samhæfðan rekstur, einkum við veðurkanna.		1. nóvember 2009
Virk ígræði til lækninga og tengdur jaðarbúnaður ([13])	401-402 MHz	25 µW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Einstakir sendar geta tengt saman aðliggjandi rásir til þess að auka bandbreidd allt að 100 kHz. Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum sam-kvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk ([7]) sem eru 0,1%		1. nóvember 2010
	405-406 MHz	25 µW e.r.p.	Bil milli rása: 25 kHz Einstakir sendar geta tengt saman aðliggjandi rásir til þess að auka bandbreidd allt að 100 kHz.		1. nóvember 2010

Gerð skammdrægs búnaðar	Tíðnisvið ([1])	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/ aflþéttnimörk ([2])	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása) ([3])	Aðrar notkunar-takmarkanir ([4])	Framkvæmdarfrestur
			Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB. Að öðrum kosti er hægt að nota vinnuferlismörk ([7]) sem eru 0,1%		
Ígræðanleg tæki ætluð dýrum ([14])	315-600 kHz	- 5 dBµA/m í 10 metra fjarlægð	Vinnslulotumörk ([7]): 10%		1. nóvember 2010
	12,5-20,0 MHz	- 7 dBµA/m í 10 metra fjarlægð á bandbreidd sem er 10 kHz.	Vinnuferlismörk ([7]): 10%	Þessi notkunar-skilyrði eiga aðeins við um notkun innanhúss.	1. nóvember 2010
Lágafls FM-sendar ([15])	87,5-108,0 MHz	50 nW e.r.p.	Bil milli rása allt að 200 kHz		1. nóvember 2010
Þráðlaus hljóðbúnaður ([16])	863-865 MHz	10 mW e.r.p.			1. nóvember 2010
Þráðlaus staðsetningarbúnaður ([17])	2400-2483,5 MHz	25 mW e.i.r.p.			1. nóvember 2009
	17,1-17,3 GHz	26 dBm e.i.r.p.	Nota skal aðferðir til að fá aðgang að tíðnirófi og milda truflanir, sem eru a.m.k. jafn áhrifaríkar og þær aðferðir sem lýst er í samhæfðum stöðlum samþykktum samkvæmt tilskipun 1999/5/EB.	Þessi notkunar-skilyrði eiga aðeins við um kerfi á jörðu niðri.	1. nóvember 2009
Ratsjá til að mæla magn í geymum ([18])	4,5-7,0 GHz	24 dBm e.i.r.p. ([19])			1. nóvember 2009
	8,5-10,6 GHz	30 dBm e.i.r.p. ([19])			1. nóvember 2009
	24,05-27,0 GHz	43 dBm e.i.r.p. ([19])			1. nóvember 2009
	57,0-64,0 GHz	43 dBm e.i.r.p. ([19])			1. nóvember 2009
	75,0-85,0 GHz	43 dBm e.i.r.p. ([19])			1. nóvember 2009

Gerð skammdrægs búnaðar	Tíðnisvið ([1])	Aflviðmiðunarmörk/ sviðsstyrksmörk/ aflþéttnimörk ([2])	Viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása) ([3])	Aðrar notkunar-takmarkanir ([4])	Framkvæmdarfrestur
Stjórn fjarstýrðra líkana ([20])	26 990-27 000 kHz	100 mW e.r.p.			1. nóvember 2009
	27 040–27 050 kHz	100 mW e.r.p.			1. nóvember 2009
	27 090–27 100 kHz	100 mW e.r.p.			1. nóvember 2009
	27 140–27 150 kHz	100 mW e.r.p.			1. nóvember 2009
	27 190–27 200 kHz	100 mW e.r.p.			1. nóvember 2009
Auðkenning með tíðni fyrir þráðlausar sendingar	2446-2454 MHz	100 mW e.i.r.p.			1. nóvember 2009
Flutningar á vegum og fjarvirkni við flutninga á vegum	76,0-77,0 GHz	55 dBm toppgildi skilvirkrar, einsátta útgeislunar (e.i.r.p.) og 50 dBm meðaltal skilvirkrar, einsátta útgeislunar og 23.5 dBm meðaltal skilvirkrar, einsátta útgeislunar fyrir púlsratsjár		Þessi notkunarskilyrði eiga aðeins við um kerfi fyrir farartæki og grunnvirki á landi	1. nóvember 2010

([1]) Aðildarríki skulu heimila notkun aðliggjandi tíðnisviða innan þessarar töflu sem eins tíðnisviðs svo framarlega sem sérstök skilyrði hvers aðliggjandi tíðnisviðs eru uppfyllt.

([2]) Aðildarríkin skulu heimila notkun tíðnirófsins að því sendiafli, sviðsstyrk eða aflþéttni sem tilgreind er í töflunni. Í samræmi við 3. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2006/771/EB er þeim heimilt að setja rýmri skilyrði, þ.e. að heimila notkun tíðnirófs með meira afli, sviðsstyrk eða aflþéttni.

([3]) Aðildarríkjum er aðeins heimilt að leggja á þessar „viðbótarbreytur (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)“, og mega ekki bæta við öðrum breytum eða skilyrðum fyrir aðgangi að tíðnirófi og kröfum um mildandi aðgerðir. Með rýmri skilyrðum, í þeirri merkingu sem fram kemur í 3. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2006/771/ESB er átt við að aðildarríkin geti alfarið sleppt „Viðbótarbreytum (rásafyrirkomulag og/eða reglur um aðgang og notkun rása)“ í tilteknum reit eða leyft hærri gildi.

([4]) Aðildarríkjunum er aðeins heimilt að leggja á þessar „aðrar notkunartakmarkanir“, og er ekki heimilt að bæta við frekari notkunartakmörkunum. Þar sem heimilt er að innleiða rýmri skilyrði í skilningi 3. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2006/771/EB, er aðildarríkjunum heimilt að sleppa einni eða fleiri af þessum takmörkunum.

([5]) Þessi flokkur er opinn fyrir hvers konar búnað sem uppfyllir tæknilegu skilyrðin (dæmigerð notkun er t.d. fjarmæling, fjarskipun, viðvörun, gögn almennt og annar svipaður búnaður).

([6]) Aðildarríki skulu setja öll hugsanleg skilyrði fyrir notkun þessa tíðnisviðs.

([7]) „Vinnuferli“: það hlutfall tíma á hverri klukkustund sem búnaður sendir út virkt. Rýmri skilyrði í skilningi 3. mgr. 3. gr. ákvörðunar 2006/771/EB hafa í för með sér að aðildarríkin geta leyft hærra gildi fyrir „vinnuferli“.

([8]) Neyðarboðabúnaður er notaður til að aðstoða aldraða og fatlaða í nauð.

([9]) Þessi flokkur nær t.d. yfir ræsivarnarbúnað í bílum, auðkenningu dýra, viðvörunarkerfi, greiningu á köplum, meðhöndlun úrgangs, persónuleg auðkenni, þráðlaust raddsamband, aðgangsstýringar, nándarnema, þjófavarnarkerfi, þ.á.m. spankerfi á útvarpstíðni, gagnaflutning í handstýrðan búnað, sjálfvirka auðkenningu á vörum, þráðlaus stjórnkerfi og sjálfvirka greiðslu vegatolla.

([10]) Þessi flokkur tekur til spanbúnaðar sem notaður er til auðkenningar með fjarskiptatíðni.

([11]) Þessi flokkur tekur til spanbúnaðar sem notaður er við rafrænt eftirlit með vörum (EAS).

([12]) Þessi flokkur nær yfir virk ígræðanleg lækningatæki sem nota útvarpsbylgjur eins og þau eru skilgreind í tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki (Stjtíð. EBE L 189, 20.7.1990, bls. 17).

([13]) Þessi flokkur nær yfir kerfi sem eru sérstaklega hönnuð í þeim tilgangi að veita stafræn samskipti, sem ekki eru raddflutningur, milli ígræða til lækninga eins og þau eru skilgreind í 12. neðanmálsgrein, og/eða búnaðar sem menn bera á sér og annars búnaðar utan mannslíkamans sem notaður er til þess að flytja einstaklingsbundnar lífeðlisfræðilegar upplýsingar óháðar tíma sem tengjast sjúklingum.

([14]) Þessi flokkur nær yfir sendibúnað sem komið er fyrir í líkama dýrs í þeim tilgangi að framkvæma sjúkdómsgreiningar og/eða veita læknismeðferð.

([15]) Þessi flokkur nær yfir búnað sem tengir hljóðbúnað til einkanota, þ.m.t. farsímar, við heimaafþreyingarkerfi eða vélknúin ökutæki.

([16]) Búnaður fyrir þráðlaus hljóðkerfi, þ.á m.: þráðlausa hljóðnema, þráðlausa hátalara, þráðlaus heyrnartól, þráðlaus heyrnartól til notkunar með ferðatækjum, t.d. ferðageislaspilurum, kassettutækjum eða útvörpum sem notendur bera á sér, þráðlaus heyrnatól til notkunar í ökutækjum, t.d. með útvarpi eða farsíma o.s.frv., hlustunarbúnað í eyra og þráðlausa hljóðnema fyrir tónleika eða aðrar sviðsuppfærslur.

([17]) Þessi flokkur nær yfir búnað sem notaður er til að ákvarða stöðu, hraða og/eða aðra eiginleika hlutar, eða til að fá upplýsingar sem tengjast slíkum breytum.

([18]) Ratsjár til að mæla magn í geymum (TLPR) er tiltekin tegund staðsetningarákvörðunarbúnaðar, sem er notaður til að mæla magn í geymum og komið fyrir í geymum úr málmi eða styrktri steinsteypu, eða svipuðum mannvirkjum úr efni með sambærilega deyfingareiginleika Geymirinn er ætlaður fyrir efni.

([19]) Aflviðmiðunarmörkin gilda í lokuðum geymi og samsvara rófsþéttni sem er - 41,3 dBm/MHz skilvirk, einsátta útgeislun (e.i.r.p.) utan við 500 lítra prófunargeymi.

([20]) Þessi flokkur tekur til búnaðar sem notaður er til að stýra hreyfingu líkana (aðallega minnkaðra eftirlíkinga af farartækjum) í lofti, á landi eða á eða undir vatnsyfirborði.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 583/2010 **2013/EES/56/02**

frá 1. júlí 2010

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar lykilupplýsingar og skilyrði sem skulu uppfyllt þegar lykilupplýsingar eða lýsingin er lögð fram á varanlegum miðli öðrum en pappír eða á heimasíðu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum um verðbréfasjóði (UCITS)([1]), einkum 4. mgr. 75. gr., 7. mgr. 78. gr., og 2. mgr. 81. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2009/65/EB eru tilgreindar helstu meginreglur sem fara ber eftir við samantekt og afhendingu lykilupplýsinga, þ.m.t. kröfur varðandi snið og framsetningu, markmið þeirra, helstu þætti þeirra upplýsinga sem á að veita, hver skuli afhenda upplýsingarnar og hverjum, og hvaða aðferðir skuli nota við slíka afhendingu. Upplýsingar um inntak og snið verða tilgreindar nánar í framkvæmdarráðstöfunum, sem skulu vera nægjanlega vel skilgreindar til að tryggt sé að fjárfestar fái nauðsynlegar upplýsingar varðandi tiltekna uppbyggingu sjóða.

2) Reglugerðarformið er réttlætanlegt þar eð aðeins það ákveðna form getur tryggt ítarlegt samræmi á inntaki lykilupplýsinga. Enn fremur verður lykilupplýsingaskjal skilvirkara ef kröfur um það eru nákvæmlega eins í öllum aðildarríkjunum. Allir hagsmunaaðilar ættu að njóta hagræðis af samræmdu fyrirkomulagi varðandi snið og inntak upplýsingagjafarinnar og mun það tryggja samkvæmni og samanburðarhæfi upplýsinga um fjárfestingakosti á markaðnum fyrir verðbréfasjóði.

3) Í sumum tilvikum má afhenda lykilupplýsingar með skilvirkari hætti með því að veita fjárfestum aðgang að lykilupplýsingaskjalinu í gegnum vefsetur, eða með því að hafa lykilupplýsingaskjalið í viðhengi við annað skjal þegar það er afhent hugsanlegum fjárfesti. Í þessum tilvikum skal þó samhengið, sem lykilupplýsingaskjal birtist í, ekki grafa undan lykilupplýsingaskjalinu eða gefa í skyn að það sé kynningarrit, eða að meðfylgjandi kynningarrit hafi jafna eða meiri þýðingu fyrir almenna fjárfestinn.

4) Nauðsynlegt er að tryggja að inntak upplýsinganna skipti máli, skipulagning þeirra sé rökleg og málið viðeigandi fyrir almenna fjárfesta. Til að taka á þessum atriðum skal reglugerðin tryggja að snið, framsetning og mál lykilupplýsingaskjals höfði til fjárfesta og aðstoði þá við samanburð. Markmiðið með þessari reglugerð er að tryggja samkvæmni í sniði upplýsingaskjalsins, þ.m.t. sama uppröðun með nákvæmlega eins fyrirsögnum.

5) Reglugerð þessi tilgreinir inntak upplýsinga um fjárfestingarmarkmið og fjárfestingarstefnu verðbréfasjóða svo að fjárfestar geti með auðveldum hætti greint hvort líklegt sé að ákveðinn sjóður henti þörfum þeirra. Af þessum sökum skulu upplýsingar tilgreina hvort vænta megi ávöxtunar í formi vaxtar höfuðstóls,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 10.7.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 23.

([1]) Stjtíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32.

útgreiðslu tekna eða samblands af þessu tvennu. Lýsing á fjárfestingarstefnunni skal segja fjárfestinum til um meginmarkmið verðbréfasjóðsins og hvernig þeim skuli náð. Að því er varðar fjármálagerninga, sem fjárfesta skal í, þarf aðeins að nefna þá sem hafa veruleg áhrif á afkomu verðbréfasjóðsins, en ekki alla mögulega viðurkennda gerninga.

6) Í reglugerð þessari er mælt fyrir um ítarlegar reglur um framsetningu á áhættu og ávöxtun fjárfestingar með því að krefjast notkunar tilbúins mælikvarða og tilgreina inntak textalýsinga mælikvarðans sjálfs og áhættuna sem hann greinir ekki en gætu haft veruleg áhrif á áhættu og ávöxtun verðbréfasjóðsins. Við beitingu reglnanna um tilbúna mælikvarðann skal taka tillit til aðferðafræði útreiknings á tilbúna mælikvarðanum sem lögbær yfirvöld hafa þróað innan ramma samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila. Með því að rannsaka tiltekna eiginleika hvers sjóðs ákveður rekstrarfélagið í hverju tilviki fyrir sig um hvaða ákveðnu áhættur skuli veita upplýsingar, með það í huga að forðast að ofhlaða skjalið upplýsingum sem almennir fjárfestar eiga erfitt með að skilja. Þar að auki skal takmarka stærð textalýsingar á áhættu og ávöxtun með tilliti til þess hversu mikið pláss hún tekur á lykilupplýsingaskjalinu. Mögulegt skal vera að hafa millivísun til lýsingar verðbréfasjóðsins þar sem gefnar eru nákvæmar upplýsingar um áhættur hans.

7) Tryggja skal samkvæmni milli útskýringa á áhættum á lykilupplýsingaskjalinu og innri ferlum rekstrarfélagsins varðandi áhættustýringu sem komið er á fót í samræmi við tilskipun framkvæmdarstjórnarinnar 2010/43/ESB frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar skipulagskröfur, hagsmunaárekstra, viðskiptahætti, áhættustýringu og inntak samkomulagsins milli vörslufyrirtækis og rekstrarfélags([2]). Til dæmis skulu fastir starfsmenn áhættustýringar, eftir því sem við á, fá tækifæri til að fara yfir og gera athugasemdir við þáttinn áhættu og ávinning á lykilupplýsingaskjalinu, til að tryggja samkvæmni.

8) Í reglugerð þessari er tilgreint sameiginlegt snið fyrir framsetningu og útlistun gjalda , þ.m.t. viðeigandi varnaðarorð, svo að fjárfestar séu upplýstir með viðeigandi hætti um kostnað sem þeir munu þurfa að stofna til og hlutfall þeirra af því fjármagni sem fjárfest er í sjóðnum. Við beitingu reglna þessara skal taka tillit til vinnu við aðferðafræði við útreikning gjalda sem lögbær yfirvöld hafa þróað innan ramma samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila.

([2]) Sjá bls. 42 í þessum Stjórnartíðindum.

9) Ítarlegu reglurnar um framsetningu upplýsinga um fyrri árangur eru grundvallaðar á kröfum um slíkar upplýsingar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB frá 21. apríl 2004 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipunum ráðsins 85/611/EBE og 93/6/EBE og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 93/22/EBE([3]). Í reglugerð þessari er bætt við reglurnar í tilskipun 2004/39/EB með því að taka með sértækar kröfur, sem eru nauðsynlegar til að samræma upplýsingar, í þeim tilgangi að auðvelda samanburð á mismunandi lykilupplýsingaskjölum. Reglugerð þessi mælir einkum fyrir um að einungis skuli sýna hreina ársávöxtun og nota súlurit í því skyni. Setja skal reglur um ákveðna þætti framsetningar súluritsins, þ.m.t. þær takmörkuðu aðstæður þar sem notast má við hermigögn.

10) Viðurkennt skal að millivísanir í upplýsingar kunna að reynast fjárfesti nytsamlegar en óhjákvæmilegt er að lykilupplýsingaskjal innihaldi allar nauðsynlegar upplýsingar sem fjárfestir þarf á að halda til að skilja meginþætti verðbréfasjóðsins. Ef notaðar eru millivísanir í aðrar upplýsingar en úr lýsingu og reglubundnum skýrslum skal tekið fram að lýsingin og reglubundnar skýrslur séu helstu uppsprettur viðbótarupplýsinga og skulu millivísanir ekki draga úr mikilvægi þeirra.

11) Yfirfara skal og endurskoða lykilupplýsingaskjal eins og við á og eins oft og þurfa þykir til að tryggja að það mæti áfram kröfunum, sem gerðar eru til lykilupplýsinga, eins og tilgreint er í 2. mgr. 78. gr. og 1. mgr. 79. gr. tilskipunar 2009/65/EB. Rekstrarfélög skulu, til marks um góðar starfsvenjur, yfirfara lykilupplýsingaskjal áður en farið er af stað með framtaksverkefni sem líklegt er að leiði til þess að umtalsverður fjöldi nýrra fjárfesta kaupi hlutdeildarskírteini í sjóðnum.

12) Ef til vill gæti þurft að laga form eða inntak lykilupplýsinga að sértækum tilvikum. Af þessum sökum sérsníður reglugerð þessi almennar reglur sem eiga við alla verðbréfasjóði á þann hátt að tekið sé tillit til sértækra aðstæðna hjá ákveðnum tegundum verðbréfasjóða, þ.e.a.s. þeirra sem hafa mismunandi sjóðsdeildir eða flokka hlutdeildar, þeirra sem hafa skipan sjóðasjóða, þeirra sem hafa skipan höfuð- og fylgisjóða og þeirra sem eru afleiðutengdir, s.s. höfuðstólsvarðra sjóða eða sambærilegra verðbréfasjóða.

([3]) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

13) Að því er varðar verðbréfasjóði sem hafa mismunandi flokka hlutdeildar skal ekki vera skylda að útbúa sérstakt lykilupplýsingaskjal vegna hvers flokks hlutdeildar svo framarlega sem það stofnar ekki hagsmunum fjárfesta í hættu. Aðeins má sameina upplýsingar um tvo eða fleiri flokka í eitt lykilupplýsingaskjal þegar slíkt er hægt án þess að gera skjalið of flókið eða þéttskrifað. Til vara má velja lýsandi flokk en aðeins í tilvikum þegar flokkarnir eru nægjanlega áþekkir innbyrðis svo að upplýsingarnar um lýsandi flokkinn séu óvilhallar, skýrar og ekki villandi að því er varðar umræddan flokk. Við ákvörðun þess hvort notkun á lýsandi flokki sé óvilhöll, skýr og ekki villandi skal taka mið af einkennum verðbréfasjóðsins, eðli sérkenna hvers flokks fyrir sig og úrvali valkosta sem standa hverjum fjárfesti eða fjárfestahópi til boða.

14) Ef um er að ræða sjóðasjóð er réttu jafnvægi haldið milli upplýsinga um verðbréfasjóðinn, sem fjárfestirinn fjárfestir í, og undirliggjandi sjóði hans. Lykilupplýsingaskjal sjóðasjóðs skal því útbúið á þeim grundvelli að fjárfestirinn óski hvorki eftir né þarfnist þess að vera upplýstur í smáatriðum um eiginleika hvers og eins hinna undirliggjandi sjóða, sem verða hvort eð er líklega breytilegir frá einum tíma til annars ef verðbréfasjóðnum er stýrt með virkum hætti. Til að lykilupplýsingaskjal veiti skilvirkar upplýsingar um markmið og fjárfestingarstefnu sjóðasjóðs, áhættuþætti hans og fyrirkomulag gjaldtöku, skulu einkenni undirliggjandi sjóða hans vera gagnsæ.

15) Þegar í hlut eiga höfuðsjóðir og fylgisjóðir skal útlistun á áhættu og ávöxtun fylgisjóðs ekki vera verulega frábrugðin sama þætti á lykilupplýsingaskjali höfuðsjóðsins, svo að fylgisjóðurinn geti afritað upplýsingar af lykilupplýsingaskjali höfuðsjóðsins þegar það á við. Hins vegar skal auka við þessar upplýsingar með viðeigandi skýringum eða þeim breytt eins og vera ber í þeim tilvikum þegar viðbótareignir í eigu fylgisjóðsins gætu breytt áhættusniðinu í samanburði við höfuðsjóðinn, til að bregðast við áhættum sem eru innbyggðar í þessar viðbótareignir, t.d. þegar afleiður eru notaðar. Veita skal fjárfestum upplýsingar, í fylgisjóðnum, um samanlagðan kostnað þess að fjárfesta í fylgisjóði og höfuðsjóði.

16) Að því er varðar afleiðutengda verðbréfasjóði, svo sem höfuðstólsvarða og aðra sambærilega verðbréfasjóði, er þess krafist að veittar séu framtíðarsviðsmyndir árangurs í stað upplýsinga um fyrri árangur. Framtíðarsviðsmyndir frammistöðu fela í sér útreikning á væntri ávöxtun sjóðsins samkvæmt tilgátum um jákvæðar, neikvæðar eða hlutlausar markaðsaðstæður. Velja skal sviðsmyndir þessar þannig að þær lýsi öllum mögulegum niðurstöðum samkvæmt formúlunni á skilvirkan hátt.

17) Ef afhenda skal lykilupplýsingarnar og lýsinguna á varanlegum miðli, öðrum en pappír, eða á vefsetri eru viðbótaröryggisráðstafanir nauðsynlegar til verndar fjárfestum, svo að öruggt sé að þeir fái upplýsingar á sniði sem hentar þeim og til að viðhalda heilleika veittra upplýsinga, hindra breytingar sem grafa undan því að upplýsingarnar séu skiljanlegar og skilvirkar og forðast misnotkun eða smábreytingar af hálfu óviðkomandi aðila. Í reglugerð þessari er tilvísun á reglur um varanlegan miðil sem mælt er fyrir um í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/73/EB frá 10. ágúst 2006 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB að því er varðar skipulagskröfur og rekstrarskilyrði fjárfestingarfyrirtækja og hugtök sem skilgreind eru að því er varðar þá tilskipun([4]) í því skyni að tryggja jafna meðferð fjárfesta og jöfn samkeppnisskilyrði í fjármálageiranum.

18) Í því skyni að heimila rekstrarfélögum og fjárfestingarfélögum að aðlaga sig nýjum kröfum í þessari reglugerð á skilvirkan og árangursíkan hátt skal fyrsti gildistökudagur þessarar reglugerðar vera í samræmi við lögleiðingu tilskipunar 2009/65/EB.

19) Leitað hefur verið til samstarfsnefndar evrópskra eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB ([5]), um tæknilega ráðgjöf.

20) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. KAFLI

VIÐFANGSEFNI OG ALMENNAR MEGINREGLUR

1. gr.

Viðfangsefni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd 2. mgr. 75. gr., 2. mgr. til 5. mgr. 78. gr. og 1. mgr. 81. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

2. gr.

Almennar meginreglur

1. Kröfur, sem mælt er fyrir um í reglugerð þessari, skulu gilda um rekstrarfélög að því er varðar verðbréfasjóði sem þau stýra.

2. Reglugerð þessi skal gilda um fjárfestingarfélög sem hafa ekki tilnefnt viðurkennt rekstrarfélag samkvæmt tilskipun 2009/65/EB.

([4]) Stjtíð. ESB L 241, 2.9.2006, bls. 26.
([5]) Stjtíð. ESB L 25, 29.1.2009, bls. 18.

3. gr.

Meginreglur varðandi lykilupplýsingaskjal

1. Í reglugerð þessari er form og inntak skjals sem inniheldur lykilupplýsingar (hér á eftir nefnt lykilupplýsingaskjal) tilgreint með ítarlegum hætti. Engar aðrar upplýsingar eða skýringar skal færa þar inn, nema þegar kveðið er á um annað í reglugerð þessari.

2. Lykilupplýsingar skulu vera óvilhallar, skýrar og ekki villandi.

3. Afhenda skal lykilupplýsingaskjal með þeim hætti að tryggt sé að fjárfestar geti gert greinarmun á því og öðrum gögnum. Sér í lagi má hvorki kynna né afhenda skjalið með þeim hætti að fjárfestar kunni að telja það síður mikilvægt en aðrar upplýsingar um verðbréfasjóðinn og áhættu og ávöxtun af honum.

II. KAFLI

SNIÐ OG FRAMSETNING LYKILUPPLÝSINGA

1. ÞÁTTUR

Titill skjalsins, uppbygging og fyrirsagnir þátta

4. gr.

Titill og inntak skjals

1. Inntak lykilupplýsingaskjals skal sett fram í þeirri röð sem segir í 2.–13. mgr.

2. Titillinn „Lykilupplýsingar“ skal vera á áberandi stað efst á fyrstu síðu lykilupplýsingaskjals.

3. Setja skal skýringu fyrir neðan titilinn. Hún skal vera svohljóðandi:

„Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þennan sjóð. Það er ekki markaðsefni. Samkvæmt lögum skulu upplýsingarnar hjálpa þér við að skilja eðli og áhættu þess að fjárfesta í þessum sjóði. Þér er ráðlagt að lesa þær, svo að þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort þú ræðst í fjárfestingu“.

4. Birta skal auðkenni verðbréfasjóðsins, þ.m.t. flokkur hlutdeildar eða fjárfestingadeild hans, á áberandi stað. Nafn verðbréfasjóðsins skal fylgja á eftir nafni fjárfestingadeildar eða flokks hlutdeildar ef um er að ræða fjárfestingadeild eða flokk hlutdeildar. Þegar til er kenninúmer sem auðkennir verðbréfasjóðinn, fjárfestingadeildina eða flokk hlutdeildar skal það vera hluti af auðkenningu verðbréfasjóðsins.

5. Nafn rekstrarfélagsins skal koma fram.

6. Þegar rekstrarfélagið er hluti af fyrirtækjasamstæðu á sviði lögmennsku, stjórnsýslu eða markaðssetningar má einnig birta nafn samstæðunnar. Merki fyrirtækja mega koma fram að því tilskildu að það hindri ekki fjárfesti í að skilja lykilþætti fjárfestingarinnar eða dragi ekki úr hæfni hans til að bera saman fjárfestingarvörur.

7. Í þættinum með fyrirsögninni „Markmið og fjárfestingarstefna“ í lykilupplýsingaskjalinu skulu koma fram þær upplýsingar sem settar eru fram í 1. þætti III. kafla þessarar reglugerðar.

8. Í þættinum með fyrirsögninni „Áhætta og ávöxtun“ í lykilupplýsingaskjalinu skulu koma fram þær upplýsingar sem settar eru fram í 2. þætti III. kafla þessarar reglugerðar.

9. Í þættinum með fyrirsögninni „Gjöld“ í lykilupplýsingaskjalinu skulu koma fram þær upplýsingar sem settar eru fram í 3. þætti III. kafla þessarar reglugerðar.

10. Í þættinum með fyrirsögninni „Fyrri árangur“ í lykilupplýsingaskjalinu skulu koma fram þær upplýsingar sem settar eru fram í 4. þætti III. kafla þessarar reglugerðar.

11. Í þættinum með fyrirsögninni „Hagnýtar upplýsingar“ í lykilupplýsingaskjalinu skulu koma fram þær upplýsingar sem settar eru fram í 5. þætti III. kafla þessarar reglugerðar.

12. Upplýsingar um starfsleyfi skulu felast í eftirfarandi yfirlýsingu:

„Þessi sjóður hefur staðfestingu í [nafn aðildarríkis] og lýtur eftirliti [auðkenni lögbærs yfirvalds]“.

Í tilfellum þegar verðbréfasjóðurinn er undir stjórn rekstrarfélags sem neytir réttar skv. 16. gr. tilskipunar 2009/65/EB skal eftirfarandi viðbótaryfirlýsing fylgja:

„[Nafn rekstrarfélags] hefur starfsleyfi í [nafn aðildarríkis] og lýtur eftirliti [auðkenni lögbærs yfirvalds].“

13. Upplýsingar um birtingu skulu felast í eftirfarandi yfirlýsingu:

„Þessar lykilupplýsingar eru réttar þann [birtingardagur]“.

2. ÞÁTTUR

Mál, lengd og framsetning

5. gr.

Framsetning og mál

1. Lykilupplýsingaskjal skal vera:

a) sett fram og hannað með þeim hætti að það sé auðvelt aflestrar og skulu stafir vera af læsilegri stærð,

b) skýrt orðað og ritað á máli sem auðveldar fjárfestum að skilja upplýsingarnar sem settar eru fram, einkum með því að:

i. nota mál sem er skýrt, gagnort og skiljanlegt,

ii. forðast að nota fagmál,

iii. forðast að nota tæknileg hugtök þegar nota má daglegt mál í stað þeirra,

c) með áherslu á þær lykilupplýsingar sem fjárfestar þarfnast.

2. Séu litir notaðir skulu þeir ekki draga úr skiljanleika upplýsinganna ef lykilupplýsingaskjalið er prentað eða ljósritað í svarthvítu.

3. Þegar fyrirtækismerki rekstrarfélagsins, eða samstæðunnar sem það tilheyrir, er notað skal það hvorki trufla fjárfestinn né gera textann ógreinilegan.

6. gr.

Lengd

Lykilupplýsingaskjal skal ekki vera lengra en tvær prentaðar síður í stærð A4.

III. KAFLI

INNTAK ÞÁTTA Í LYKILUPPLÝSINGASKJALI

1. ÞÁTTUR

Markmið og fjárfestingarstefna

7. gr.

Nánara inntak

1. Útskýringin, sem finna má í þættinum „Markmið og fjárfestingarstefna“ í lykilupplýsingaskjalinu skal ná yfir þau megineinkenni verðbréfasjóðsins sem upplýsa skal fjárfesti um, jafnvel þó að einkenni þessi séu ekki hluti af útskýringunni á markmiðum og fjárfestingastefnu í lýsingunni, þ.m.t.:

a) helstu flokkar viðurkenndra fjármálagerninga sem fjárfest er í,

b) möguleikinn á að fjárfestirinn geti innleyst hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðnum að eigin ósk, ásamt upplýsingum um tíðni viðskipta með hlutdeildarskírteini,

c) hvort verðbréfasjóðurinn fylgi tilteknum markmiðum varðandi einstakar atvinnugreinar, landfræðileg eða önnur markaðssvið eða tiltekna eignaflokka,

d) hvort verðbréfasjóðurinn heimili valkosti varðandi ákveðnar fjárfestingar sem gera skal og hvort þessi nálgun feli í sér eða geri ráð fyrir tilvísun í ákveðna viðmiðun og, ef sú er raunin, þá hvaða viðmiðun,

e) hvort arði sé úthlutað eða hann endurfjárfestur,

Sé gert ráð fyrir viðmiðun, að því er varðar d-lið, skal geta um það að hvaða marki svigrúm sé til staðar í tengslum við viðmiðunina og þess getið hvort verðbréfasjóðurinn notist við vísitöluviðmiðun.

2. Útskýringin, sem um getur í 1. mgr., skal fela í sér eftirfarandi upplýsingar, svo fremi þær eigi við:

a) fjárfesti verðbréfasjóðurinn í skuldabréfum, þá upplýsingar um hvort fyrirtæki, ríkisstjórnir eða aðrir aðilar gefi þau út og, ef við á, hvaða lágmarksmats sé krafist,

b) sé verðbréfasjóðurinn afleiðutengdur, þá útskýring á einföldu máli á öllum þáttum sem nauðsynlegir eru til að öðlast réttan skilning á ávöxtun og þeim þáttum sem vænst er að ráði úrslitum um árangur, þ.m.t. tilvísanir, ef nauðsyn krefur, í upplýsingar um reikniritið og verkan þess sem birtist í lýsingunni ,

c) stjórnist val eigna af sérstökum viðmiðunum, svo sem „vexti“, „verðgildi“ eða „háum arðgreiðslum“, þá útskýring á þessum viðmiðunum,

d) sé notast við tilteknar eignastýringaraðferðir, svo sem áhættuvörn, högnun eða skuldsetningu, þá útskýring á einföldu máli á þeim þáttum sem vænst er að ráði úrslitum um árangur verðbréfasjóðsins,

e) sé líklegt að viðskiptakostnaður eignasafns hafi veruleg áhrif á ávöxtun vegna aðferðarinnar sem verðbréfasjóðurinn notar, þá yfirlýsing um að svo sé sem einnig tekur skýrt fram að viðskiptakostnaður eignasafns sé greiddur af fjármunum sjóðsins auk þess kostnaðar sem lýst er í 3. þætti þessa kafla,

f) sé veitt ráðlegging, annaðhvort í lýsingunni eða markaðssetningargögnum, um að eiga hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðnum í ákveðið lágmarkstímabil eða það fullyrt að lágmarkseignartímabil sé grundvallarþáttur í fjárfestingaráætluninni, þá yfirlýsing með eftirfarandi orðalagi:

„Ráðlegging: sjóður þessi gæti verið óhentugur fyrir fjárfesta sem hyggjast taka fé sitt út innan [tímabil]“.

3. Upplýsingar, sem koma fram í 1. og 2. mgr., skulu greina á milli meginflokka fjárfestinga, eins og tilgreint er í a- og c-lið 1. mgr. og a-lið 2. mgr., og aðferðarinnar sem rekstrarfélag skal nota í tengslum við þessar fjárfestingar, eins og tilgreint er í d-lið 1. mgr. og b-, c- og d-liðum 2. mgr.

4. Þátturinn „Markmið og fjárfestingarstefna“ í lykilupplýsingaskjalinu má innihalda aðra þætti en þá sem fram koma í 2. mgr., þ.m.t. útskýring á fjárfestingaráætlun verðbréfasjóðsins, ef þættir þessir eru nauðsynlegir til að lýsa markmiðum og fjárfestingarstefnu verðbréfasjóðsins með fullnægjandi hætti.

2. ÞÁTTUR

Áhætta og ávöxtun

8. gr.

Útskýringar á hugsanlegri áhættu og ávöxtun, þ.m.t. notkun á mælikvarða

1. Þátturinn „Áhætta og ávöxtun“ á lykilupplýsingaskjalinu skal innihalda tilbúinn mælikvarða, sem með fylgir:

a) textalýsing á mælikvarðanum og helstu takmörkunum hans,

b) textalýsing á áhættum sem eru mikilvægar fyrir verðbréfasjóðinn og tilbúni mælikvarðinn greinir ekki nægilega vel.

2. Tilbúni mælikvarðinn, sem um getur í 1. mgr., skal sýna röð flokka á tölulegum mælikvarða og skal verðbréfasjóðnum skipað í einn þessara flokka. Framsetning tilbúna mælikvarðans skal vera í samræmi við þær kröfur sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

3. Útreikningur á tilbúna mælikvarðanum, sem um getur í 1. mgr., og síðari breytinga á honum skal skjalfesta með fullnægjandi hætti.

Rekstrarfélög skulu halda skrár um útreikninga þessa eigi skemur en yfir fimm ára tímabil. Í tilviki afleiðutengdra sjóða skal framlengja tímabil þetta til fimm ára að loknum binditíma.

4. Í textalýsingunni, sem um getur í 1. mgr., skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) yfirlýsing um að söguleg gögn, eins og þau sem notuð eru við útreikninga á tilbúna mælikvarðanum, kunni að vera óáreiðanleg vísbending um framtíðaráhættusnið verðbréfasjóðsins,

b) yfirlýsing um að ekki sé hægt að ábyrgjast að gildandi flokkun áhættu og ávöxtunar haldist óbreytt og að flokkun verðbréfasjóðsins kunni að breytast með tímanum,

c) yfirlýsing um að lægsti flokkurinn tákni ekki áhættulausa fjárfestingu,

d) stutt útskýring á því hvers vegna verðbréfasjóðurinn sé í ákveðnum flokki,

e) nánari upplýsingar um eðli, tímalengd og umfang höfuðstólstryggingar eða varnar sem verðbréfasjóðurinn býður, þ.m.t. hugsanleg áhrif innlausnar á hlutdeildarskírteinum utan tryggða eða varða tímabilsins.

5. Textalýsingin, sem um getur í b-lið 1. mgr., skal innihalda eftirfarandi áhættuflokka, séu þeir mikilvægir:

a) lánsáhættu, ef umtalsverður hluti fjárfestingar er í skuldabréfum,

b) lausafjáráhættu, ef umtalsverður hluti fjárfestingar er í fjármálagerningum, sem eru nægjanlega seljanlegir að gerð, en geta þó við ákveðnar aðstæður haft tiltölulega lágt seljanleikastig og þar með haft áhrif á lausafjáráhættustig alls verðbréfasjóðsins,

c) mótaðilaáhættu, ef sjóður nýtur ábyrgðar þriðja aðila eða þegar áhætta af fjárfestingu sjóðsins er að miklu leyti til komin vegna eins eða fleiri samninga við mótaðila,

d) rekstraráhættu og áhættum sem tengjast varðveislu eigna,

e) áhrif fjármálaaðferða eins og um getur í g-lið 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2009/65/EB, svo sem afleiðusamninga, á áhættusnið verðbréfasjóðsins ef slíkar aðferðir eru notaðar við að öðlast, auka eða lækka áhættukröfu á undirliggjandi eignir.

9. gr.

Meginreglur um tilgreiningu, útskýringu og framsetningu á áhættum

Tilgreining og útskýring á áhættum sem um getur í b-lið 1. mgr. 8. gr. skal vera í samræmi við innra ferlið sem rekstrarfélag verðbréfasjóðsins notar til að tilgreina, mæla og fylgjast með áhættu, eins og mælt er fyrir um í tilskipun 2010/43/EB. Ef rekstrarfélag stjórnar fleiri en einum verðbréfasjóði skal tilgreina og útskýra áhætturnar með samræmdum hætti.

3. ÞÁTTUR

Gjöld

10. gr.

Framsetning gjalda

1. Þátturinn „Gjöld“ í lykilupplýsingaskjalinu skal innihalda framsetningu á gjöldum í formi töflu, eins og mælt er fyrir um í II. viðauka.

2. Fylla skal út í töfluna, sem um getur í 1. mgr., í samræmi við eftirfarandi kröfur:

a) skráningar- og innlausnargjöld skulu hvor um sig vera hámarkshlutfall þess sem draga má frá fjármagnsskuldbindingum fjárfestisins við verðbréfasjóðinn,

b) færa skal árlegar gjaldtökur frá verðbréfasjóðnum í einni tölu, sem nefnist „viðvarandi gjöld“ og táknar öll árleg gjöld og aðrar greiðslur, sem eru teknar af eignum verðbréfasjóðsins á skilgreindu tímabili, og á grundvelli talna frá árinu þar á undan,

c) taflan skal tilgreina og útskýra gjöld sem tekin eru af verðbréfasjóðnum við ákveðnar aðstæður, á hvaða grunni gjaldið er reiknað út og hvenær það á við.

11. gr.

Útskýring á gjöldum og yfirlýsing um mikilvægi gjaldanna

1. Þátturinn „Gjöld“ skal innihalda textalýsingu á hverju gjaldi, sem tilgreint er í töflunni, þ.m.t. eftirfarandi upplýsingar:

a) að því er varðar skráningar- og innlausnargjöld:

i. skal tekið skýrt fram að gjöld séu alltaf hámarkstölur og því geti fjárfestirinn í sumum tilvikum greitt minna,

ii. skal tekið fram í meðfylgjandi yfirlýsingu að fjárfestirinn geti fengið vitneskju um raunveruleg skráningar- og innlausnargjöld frá fjármálaráðgjafa sínum eða dreifingaraðila,

b) að því er varðar „viðvarandi gjöld“ skal liggja fyrir yfirlýsing um að fjárhæð viðvarandi gjalda byggist á útgjöldum síðasta árs, að því er varðar árið sem lauk [mánuður/ár], og að fjárhæðin geti eftir atvikum verið mismunandi frá einu ári til annars.

2. Þátturinn „Gjöld“ skal innihalda yfirlýsingu um mikilvægi gjaldanna og skal þar koma skýrt fram að gjöldin sem fjárfestir greiðir séu notuð til að greiða kostnað við rekstur verðbréfasjóðsins, þ.m.t. kostnaður við markaðssetningu og dreifingu verðbréfasjóðsins, og að gjöld þessi dragi úr hugsanlegum vexti fjárfestingarinnar.

12. gr.

Viðbótarkröfur

1. Setja skal alla þættina í fyrirkomulagi gjaldtöku fram eins greinilega og kostur er til að fjárfestar geti áttað sig á heildaráhrifum gjaldanna.

2. Ef líklegt er að áhrif viðskiptakostnaðar eignasafns á ávöxtun verði veruleg vegna áætlunarinnar sem verðbréfasjóðurinn fylgir, skal setja það fram innan þáttarins „Markmið og fjárfestingarstefna“, eins og vísað er til í e-lið 2. mgr. 7. gr.

3. Upplýsa skal um árangurstengdar þóknanir í samræmi við c-lið 2. mgr. 10. gr. Fjárhæð árangurstengdu þóknunarinnar, sem gjaldfærð var á síðasta fjárhagsári verðbréfasjóðsins, skal talin með sem prósentutala.

13. gr.

Sérstök tilvik

1. Geti nýr verðbréfasjóður ekki farið að kröfunum í b-lið 2. mgr. 10. gr. og b-lið 1. mgr. 11. gr. skal áætla viðvarandi gjöld á grundvelli væntanlegra heildargjalda.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki í eftirfarandi tilvikum:

a) að því er varðar sjóði sem innheimta fast heildargjald, en þá er sú tala birt í staðinn,

b) að því er varðar sjóði sem setja þak eða hámark á fjárhæð leyfilegrar gjaldfærslu, en þá er sú tala birt í staðinn, að því tilskildu að rekstrarfélagið heiti því að virða birtu fjárhæðina og taka á sig þann kostnað sem myndi að öðrum kosti verða til að hækka töluna.

14. gr.

Millivísanir

Þátturinn „Gjöld“ skal innihalda, þar sem við á, millivísun í þá hluta af lýsingu verðbréfasjóðsins þar sem finna má ítarlegri upplýsingar um gjöldin, þ.m.t. upplýsingar um árangurstengdar þóknanir og hvernig þær eru reiknaðar út.

4. ÞÁTTUR

Fyrri árangur

15. gr.

Framsetning fyrri árangurs

1. Setja skal upplýsingar um fyrri árangur verðbréfasjóðsins fram í súluriti sem nær yfir frammistöðu verðbréfasjóðsins á síðustu 10 árum.

Súluritið, sem um getur í fyrsta undirlið, skal vera í vel læsilegri stærð en skal ekki undir neinum kringumstæðum taka meira en hálfa blaðsíðu í lykilupplýsingaskjalinu.

2. Verðbréfasjóðir, sem sýnt hafa frammistöðu í skemmri tíma en fimm heil almanaksár, skulu nota framsetningu sem nær aðeins yfir fimm síðustu ár.

3. Ár sem engin gögn eru fáanleg um skulu sýnd sem eyða þar sem dagsetningin er eina skýringin.

4. Að því er varðar verðbréfasjóð, sem hefur enn ekki sýnt gögn um árangur fyrir eitt heilt almanaksár, skal fylgja yfirlýsing um að fullnægjandi gögn séu ekki fyrir hendi til að veita fjárfestum nytsamar upplýsingar um fyrri árangur.

5. Með súluritinu skulu fylgja áberandi yfirlýsingar og skulu þær:

a) vara við takmörkuðu gildi þess sem vísbendingu um frammistöðu í framtíðinni,

b) nefna lauslega hvaða gjöld og þóknanir séu innifaldar eða ekki meðtaldar í útreikningnum um fyrri árangur,

c) tilgreina stofnár sjóðsins,

d) tilgreina gjaldmiðilinn sem fyrri árangur var reiknaður út í.

Krafan, sem mælt er fyrir um í b-lið, skal ekki gilda um verðbréfasjóði sem hafa hvorki skráningar- né innlausnargjöld.

6. Lykilupplýsingaskjalið skal ekki innihalda upplýsingar um fyrri árangur á neinum hluta yfirstandandi almanaksárs.

16. gr.

Aðferðafræði útreiknings á fyrri árangri

Útreikningur á tölum um fyrri árangur skal byggjast á verðmæti hreinnar eignar verðbréfasjóðsins og skulu þær reiknaðar út á þeim grundvelli að ráðstafanlegar tekjur sjóðsins hafi verið endurfjárfestar.

17. gr.

Áhrif og viðbrögð við verulegum breytingum

1. Þegar verulegar breytingar verða á markmiðum og fjárfestingastefnu verðbréfasjóðs á tímabilinu, sem sýnt er í súluritinu og um getur í 15. gr., skal áfram sýna fyrri árangur verðbréfasjóðsins áður en verulegu breytingarnar áttu sér stað.

2. Sýna skal tímabilið á undan verulegu breytingunum, sem um getur í 1. mgr., á súluritinu og merkja það með greinilegri viðvörun um að frammistaðan hafi náðst við aðstæður sem séu ekki lengur fyrir hendi.

18. gr.

Notkun viðmiðana samhliða fyrri árangri

1. Vísi þátturinn „Markmið og fjárfestingarstefna“ í lykilupplýsingaskjalinu til viðmiðana skal súlu, sem sýnir árangur þeirrar viðmiðunar, bætt við á myndina til hliðar við þær súlur sem sýna fyrri árangur verðbréfasjóðsins.

2. Að því er varðar verðbréfasjóði, sem búa ekki yfir gögnum um fyrri árangur á þeim fimm eða tíu árum sem krafist er, skal ekki sýna viðmiðunina vegna þeirra ára þegar verðbréfasjóðurinn var ekki til.

19. gr.

Notkun „hermi“gagna um fyrri árangur

1. Einungis er heimilt að sýna frammistöðutölur samkvæmt hermun, fyrir tímabilið áður en gögn voru tiltæk, í eftirfarandi tilfellum að því tilskildu að notkun þeirra sé óvilhöll, skýr og ekki villandi:

a) nýr flokkur hlutdeildar í starfandi verðbréfasjóði eða fjárfestingadeild má líkja eftir árangri sínum með því að miða við árangur annars flokks, að því tilskildu að ekki sé verulegur munur á umfangi hlutdeildar flokkanna tveggja í eignum verðbréfasjóðsins.

b) fylgisjóður má líkja eftir árangri sínum með því að miða við árangur höfuðsjóðsins, að því tilskildu að einu af eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

   i. áætlun og markmið fylgisjóðs heimilar honum ekki að eiga aðrar eignir en hlutdeildarskírteini í höfuðsjóðnum og viðbótarlausaeignir,

   ii. eiginleikar fylgisjóðsins eru aðeins lítillega frábrugðnir þeim sem einkenna höfuðsjóðinn.

2. Í öllum tilfellum þegar frammistaða er samkvæmt hermun í samræmi við 1. mgr., skal greina á skýran hátt frá því á súluritinu að svo sé.

3. Verðbréfasjóður sem breytir réttarstöðu sinni, en hefur áfram staðfestu í sama aðildarríki, skal aðeins halda frammistöðuskrá sinni þegar lögbært yfirvald í aðildarríkinu metur það svo að stöðubreytingin hafi ekki áhrif á árangur verðbréfasjóðsins.

4. Sé um að ræða samruna, sem um getur í i. og iii. lið p-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB, skal aðeins viðhalda fyrri árangri viðtökusjóðs í lykilupplýsingaskjalinu.

5. ÞÁTTUR

Hagnýtar upplýsingar og millivísanir

20. gr.

Inntak þáttarins „Hagnýtar upplýsingar“

1. Þátturinn „Hagnýtar upplýsingar“ í lykilupplýsingaskjalinu skal innihalda eftirfarandi upplýsingar sem skipta máli fyrir fjárfesta í öllum aðildarríkjum þar sem verðbréfasjóðurinn er markaðssettur:

a) heiti vörslufyrirtækisins,

b) hvar og hvernig komast skuli yfir frekari upplýsingar um verðbréfasjóðinn, eintök af lýsingu hans, síðustu ársskýrslu og síðari hálfsársskýrslu, þar sem fram kemur á hvaða tungumáli, eða tungumálum, skjöl þessi eru fáanleg og að þau séu afhent endurgjaldslaust,

c) hvar og hvernig komast skuli yfir aðrar hagnýtar upplýsingar, þ.m.t. hvar finna megi síðustu verð á hlutdeildarskírteinum,

d) yfirlýsingu um að skattalöggjöf heimaaðildarríkis verðbréfasjóðsins geti haft áhrif á persónulega skattastöðu fjárfestisins,

e) eftirfarandi yfirlýsingu:

„[Setja skal inn nafn fjárfestingar- eða rekstrarfélags] ber aðeins ábyrgð á grundvelli yfirlýsinga sem koma fram í skjali þessu og eru villandi, ónákvæmar eða í ósamræmi við viðkomandi hluta lýsingar verðbréfasjóðsins.“

2. Sé lykilupplýsingaskjal útbúið fyrir fjárfestingadeild verðbréfasjóðs skal þátturinn „Hagnýtar upplýsingar“ innihalda upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 2. mgr. 25. gr., þ.m.t. um réttindi fjárfesta til að færa sig á milli deilda.

3. Þátturinn „Hagnýtar upplýsingar“ í skjalinu með lykilupplýsingum skal, eftir atvikum, greina frá upplýsingunum, sem krafist er varðandi þá flokka hlutdeildar sem í boði eru í samræmi við 26. gr.

21. gr.

Notkun millivísana í aðrar upplýsingar

1. Lykilupplýsingaskjal má fela í sér millivísanir í aðrar upplýsingar, þ.m.t. lýsingu og árs- eða hálfsársskýrslur, að því tilskildu að upplýsingar sem eru mikilvægar fyrir skilning fjárfestisins á meginþáttum fjárfestingarinnar sé að finna í sjálfu lykilupplýsingaskjalinu.

Leyfa skal millivísanir í heimasíðu verðbréfasjóðsins eða rekstrarfélagsins, þ.m.t. þann hluta af slíkri heimasíðu þar sem finna má lýsinguna og reglubundnu skýrslurnar.

2. Millivísanir, sem um getur í 1. mgr., skulu benda fjárfestinum á tiltekinn hluta viðkomandi heimildar. Nota má nokkrar mismunandi millivísanir í lykilupplýsingaskjalinu en þeim skal þó haldið í lágmarki.

6. ÞÁTTUR

Yfirferð og endurskoðun á lykilupplýsingaskjalinu

22. gr.

Yfirferð á lykilupplýsingum

1. Rekstrarfélag eða fjárfestingarfélag skal tryggja að yfirferð á lykilupplýsingum fari fram eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti.

2. Yfirferð skal eiga sér stað áður en fyrirhugaðar breytingar eru gerðar á lýsingunni, sjóðsreglunum eða stofnsamningi fjárfestingarfélagsins, hafi þessar breytingar ekki verið háðar þeirri yfirferð sem um getur í 1. mgr.

3. Yfirferð skal eiga sér stað fyrir eða í kjölfar breytinga sem taldar eru skipta máli fyrir þær upplýsingar sem finna má í lykilupplýsingaskjalinu.

23. gr.

Birting endurskoðuðu útgáfunnar

1. Ef yfirferð, sem um getur í 22. gr., gefur til kynna að þörf sé á breytingum á lykilupplýsingaskjalinu skal gera endurskoðuðu útgáfuna tiltæka án tafar.

2. Ef von var á breytingu á lykilupplýsingaskjalinu í kjölfar ákvörðunar rekstrarfélagsins, þ.m.t. breytingar á lýsingunni, sjóðsreglum eða stofnsamningi fjárfestingarfélagsins, skal gera endurskoðuðu útgáfuna af lykilupplýsingaskjalinu tiltæka áður en breytingarnar taka gildi.

3. Lykilupplýsingaskjal með framsetningu á fyrri árangri verðbréfasjóðsins, sem endurskoðuð hefur verið á viðeigandi hátt, skal gerð tiltæk eigi síðar en 35 viðskiptadögum frá 31. desember á hverju ári.

24. gr.

Verulegar breytingar á fyrirkomulagi gjaldtöku

1. Upplýsingar um gjöld skulu endurspegla á tilhlýðilegan hátt breytingar á fyrirkomulagi gjaldtöku sem leiða til hækkunar á leyfilegri hámarksfjárhæð þeirra einskiptisgjalda sem fjárfestirinn greiðir beint.

2. Séu „viðvarandi gjöld“, sem reiknuð eru út í samræmi við b-lið 2. mgr. 10. gr., ekki lengur áreiðanleg skal rekstrarfélagið í stað þeirra áætla ákveðna fjárhæð fyrir „viðvarandi gjöld“, sem það hefur gildar ástæður til að ætla að gefi vísbendingu um þá fjárhæð sem líklegt er að verðbréfasjóðurinn verði krafinn um í framtíðinni.

Veita skal upplýsingar um breyttan grundvöll þennan með eftirfarandi yfirlýsingu:

„Fjárhæð viðvarandi gjalda, sýnd hér að neðan, er gjalda-áætlun. [Setja skal inn stutta lýsingu á ástæðum þess að áætlun er notuð í stað raunfjárhæðar.] Ársskýrsla verðbréfasjóðsins fyrir hvert fjárhagsár skal innihalda ítarlega lýsingu á innheimtum gjöldum.“

IV. KAFLI

Sérstakt skipulag verðbréfasjóða

1. ÞÁTTUR

Sjóðsdeild

25. gr.

Sjóðsdeild

1. Ef verðbréfasjóðurinn samanstendur af tveimur eða fleiri fjárfestingadeildum skal búa til sérstakt lykilupplýsingaskjal fyrir hverja deild.

2. Hvert lykilupplýsingaskjal, sem um getur í 1. mgr., skal veita eftirfarandi upplýsingar innan þáttarins „Hagnýtar upplýsingar“:

a) að lykilupplýsingaskjalið lýsi deild í verðbréfasjóði og, ef við á, að lýsingin og reglubundnu skýrslurnar séu gerðar fyrir allan verðbréfasjóðinn sem nefndur er fremst í lykilupplýsingaskjalinu,

b) hvort eignir og skuldbindingar hverrar deildar séu aðgreindar samkvæmt lögun og hvaða áhrif það gæti haft á fjárfestinn,

c) hvort fjárfestirinn hafi réttindi til að skipta fjárfestingu sinni í hlutdeildarskírteinum einnar deildar fyrir hlutdeildarskírteini í annarri deild og, ef svo er, hvar finna megi upplýsingar um hvernig nýta skuli þann rétt.

3. Ef rekstrarfélag leggur gjald á fjárfestinn fyrir að skipta á fjárfestingum, í samræmi við c-lið 2. mgr., og það gjald er frábrugðið hefðbundnu gjaldi fyrir að kaupa eða selja hlutdeildarskírteini, skal nefna gjaldið sérstaklega í þættinum „Gjöld“ í lykilupplýsingaskjalinu.

2. ÞÁTTUR

Flokkar hlutdeildar

26. gr.

Lykilupplýsingaskjal í flokkum hlutdeildar

1. Ef verðbréfasjóður samanstendur af fleiri en einum flokki hlutdeildarskírteina eða hlutdeildar skal undirbúa lykilupplýsingaskjal fyrir hvern flokk hlutdeildarskírteina eða hlutdeildar.

2. Sameina má lykilupplýsingar, sem eiga við tvo eða fleiri flokka í sama verðbréfasjóði, í eitt lykilupplýsingaskjal, að því tilskildu að skjalið sem til verður fullnægi í öllum atriðum kröfunum, sem mælt er fyrir um í 2. þætti II. kafla, þ.m.t. er lengd þess varðar.

3. Rekstrarfélagið má velja flokk til að lýsa einum eða fleiri flokkum verðbréfasjóðsins, að því tilskildu að valið sé óvilhallt, skýrt og virki ekki villandi fyrir mögulega fjárfesta í hinum flokkunum. Í slíkum tilvikum skal þátturinn „Áhætta og ávöxtun“ í lykilupplýsingaskjalinu innihalda þá útskýringu á verulegri áhættu sem á við aðra flokka sem falla undir þáttinn. Afhenda má lykilupplýsingaskjal, sem grundvallað er á lýsandi flokknum, til fjárfesta í hinum flokkunum.

4. Ekki skal sameina ólíka flokka í einn samsettan, lýsandi flokk sem um getur í 3. mgr.

5. Rekstrarfélagið skal halda skrá yfir það hvaða öðrum flokkum lýsandi flokkurinn, sem um getur í 3. mgr., lýsir og þær ástæður sem réttlæta valið.

27. gr.

Þáttur um hagnýtar upplýsingar

Ef við á skal bæta við þáttinn um „Hagnýtar upplýsingar“ í lykilupplýsingaskjalinu upplýsingum um það hvaða flokkur hafi verið valinn til að lýsa hinum og nota til þess hugtakið sem hann var nefndur með í lýsingu verðbréfasjóðsins.

Sá þáttur skal einnig gefa til kynna hvar fjárfestar geta fengið upplýsingar um aðra flokka verðbréfasjóðsins sem eru markaðssettir í þeirra eigin aðildarríki.

3. ÞÁTTUR

Sjóðasjóður

28. gr.

Þáttur um markmið og fjárfestingarstefnu

Ef verðbréfasjóðurinn fjárfestir verulegan hluta eigna sinna í öðrum verðbréfasjóðum eða öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu, eins og um getur í e-lið 1. mgr. 50. gr. tilskipunar 2009/65/EB, skal lýsing markmiða og fjárfestingarstefnu þess verðbréfasjóðs í lykilupplýsingaskjalinu innihalda stutta útskýringu á því hvernig hinir sjóðirnir um sameiginlega fjárfestingu verða valdir á áframhaldandi grundvelli.

29. gr.

Áhætta og ávöxtun

Textalýsingin á áhættuþáttum, sem um getur í b-lið 1. mgr. 8. gr., skal gerð með hliðsjón af áhættum sem fylgja hverjum undirliggjandi sjóði um sameiginlega fjárfestingu, að því marki sem líklegt er að þær skipti máli fyrir verðbréfasjóðinn í heild.

30. gr.

Þáttur um gjöld

Lýsingin á gjöldunum skal gerð með hliðsjón af gjöldum sem sá verðbréfasjóður stofnar til sjálfur í hlutverki sínu sem fjárfestir í undirliggjandi sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Einkum skulu skráningar- og innlausnargjöld og árleg gjöld, sem undirliggjandi sjóður um sameiginlega fjárfestingu leggur á, endurspeglast í útreikningum verðbréfasjóðsins á fjárhæð viðvarandi gjalda hans.

4. ÞÁTTUR

Fylgisjóður

31. gr.

Þáttur um markmið og fjárfestingarstefnu

1. Lýsingin á markmiðum og fjárfestingarstefnu í lykilupplýsingaskjalinu fylgisjóða, eins og þeir eru skilgreindir í 58. gr. tilskipunar 2009/65/EB, skal innihalda upplýsingar um það hlutfall eigna fylgisjóðsins sem fjárfest er í höfuðsjóðnum.

2. Þar skal einnig vera lýsing á markmiðum og fjárfestingarstefnu höfuðsjóðsins, aukin með öðru af eftirfarandi, eins og við á:

i. upplýsingum um að ávöxtun fjárfestinga fylgisjóðsins verði svipuð og hjá höfuðsjóðnum, eða

ii. útskýringu á því hvernig og hvers vegna ávöxtun fjárfestinga fylgisjóðsins og höfuðsjóðsins gæti verið mismunandi.

32. gr.

Þátturinn áhætta og ávöxtun

1. Ef áhætta og ávöxtun fylgisjóðsins er að verulegu leyti frábrugðin þeirri hjá fylgisjóðnum skal ástæða þess útskýrð í þættinum „Áhætta og ávöxtun“ í lykilupplýsingaskjalinu.

2. Útskýra skal lausafjáráhættu og vensl milli kaupa- og innlausnarfyrirkomulags í höfuðsjóðnum og fylgisjóði í þættinum „Áhætta og ávöxtun“ á lykilupplýsingaskjalinu.

33. gr.

Þáttur um gjöld

Þátturinn „Gjöld“ í lykilupplýsingaskjalinu skal ná bæði til fjárfestingakostnaðar í fylgisjóði og kostnaðar og útgjalda sem höfuðsjóðurinn gæti krafið fylgisjóðinn um.

Þar að auki skal sá þáttur sameina kostnað bæði fylgisjóðsins og höfuðsjóðsins í fjárhæð viðvarandi gjalda fylgisjóðsins.

34. gr.

Þáttur um hagnýtar upplýsingar

1. Lykilupplýsingaskjal fylgisjóðs skal innihalda sértækar upplýsingar um fylgisjóðinn í þættinum „Hagnýtar upplýsingar“.

2. Upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr., skulu m.a. ná til:

a) yfirlýsingar um að fjárfestar fylgisjóðsins geti fengið lýsingu höfuðsjóðsins, lykilupplýsingaskjal hans og reglubundnar skýrslur og reikninga, óski þeir eftir því, hvernig hægt sé að nálgast viðkomandi gögn og á hvaða tungumáli/málum,

b) þess hvort gögnin, sem skráð eru í a-lið, séu aðeins tiltæk á pappírsafritum eða í öðrum varanlegum miðli og hvort greiða þurfi þóknun fyrir eintök sem falla ekki undir ókeypis afhendingu í samræmi við 5. mgr. 63. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

c) yfirlýsingar, ef við á, um að höfuðsjóðnum sé komið á fót í öðru aðildarríki en fylgisjóðnum og að þetta geti haft áhrif á skattameðferð fylgisjóðsins.

35. gr.

Fyrri árangur

1. Framsetning á fyrri árangri í lykilupplýsingaskjali fylgisjóðs skal vera sérstaklega miðuð við fylgisjóðinn og ekki líkja eftir frammistöðu höfuðsjóðsins.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki:

a) noti fylgisjóðurinn fyrri árangur höfuðsjóðs síns til viðmiðunar, eða

b) hafi fylgisjóðurinn verið stofnaður sem fylgisjóður eftir að höfuðsjóðurinn tók til starfa, skilyrðum 19. gr. er fullnægt og árangur samkvæmt hermun er sýndur fyrir árin áður en fylgisjóðurinn var stofnaður, grundvallaður á fyrri árangri höfuðsjóðsins, eða

c) hafi fylgisjóður feril yfir fyrri árangur frá því áður en hann hóf starfsemi sem fylgisjóður og eigin ferill hans kemur fram í súluritinu fyrir viðkomandi ár og verulega breytingin er merkt eins og krafist er í 2. mgr. 17. gr.

5. ÞÁTTUR

Afleiðutengdir verðbréfasjóðir

36. gr.

Árangurssviðsmyndir

1. Lykilupplýsingaskjal afleiðutengdra verðbréfasjóða skal ekki innihalda þátt um „Fyrri árangur“.

Að því er varðar þennan þátt skulu afleiðutengdir verðbréfasjóðir álitnir vera verðbréfasjóðir sem veita fjárfestum, á tilteknum fyrirfram ákveðnum dagsetningum, greiðslur, ákvarðaðar með reikniriti, sem tengjast árangri, eða innlausn á verðbreytingum eða öðrum skilyrðum, fjáreigna, vísitalna eða viðmiðunareignasafna eða verðbréfasjóða með svipaða eiginleika.

2. Þátturinn „Markmið og fjárfestingarstefna“ í lykilupplýsingaskjali afleiðutengdra verðbréfasjóða skal innhalda útskýringu á því hvernig formúlan virkar eða hvernig greiðslan er reiknuð út.

3. Útskýringunni, sem um getur í 2. mgr., skal fylgja skýringarmynd sem sýnir að minnsta kosti þrjár sviðsmyndir af hugsanlegum árangri verðbréfasjóðsins. Velja skal viðeigandi sviðsmyndir til að sýna við hvaða aðstæður formúlan gæti skilað lítilli, meðal eða hárri ávöxtun, þ.m.t. ef við á, neikvæðri ávöxtun fyrir fjárfestinn.

4. Sviðsmyndirnar, sem um getur í 3. mgr., skulu gera fjárfestinum kleift að skilja að fullu áhrif þess útreiknings sem felst í formúlunni.

Þær skulu settar fram með þeim hætti sem er óvilhallur, skýr og ekki villandi og sem líklegt er að venjulegir, almennir fjárfestar skilji. Einkum skulu þær ekki ýkja mikilvægi endanlegs árangurs verðbréfasjóðsins.

5. Sviðsmyndirnar, sem um getur í 3. mgr., skulu grundvallaðar á raunhæfum og varfærnum forsendum um framtíðarmarkaðsaðstæður og verðbreytingar.

Feli formúlan í sér að fjárfestar geti orðið fyrir umtalsverðu tapi, t.d. í tengslum við höfuðstólstryggingu sem virkar aðeins við ákveðnar aðstæður, skal tapi þessu vera lýst á viðeigandi hátt, jafnvel þótt litlar líkur séu á því að samsvarandi markaðsaðstæður skapist.

6. Sviðsmyndunum, sem um getur í 3. mgr., skal fylgja yfirlýsing um að þær séu dæmi til skýringar formúlunni og að þær séu ekki spá um það hvað kunni að gerast. Taka skal skýrt fram að ekki sé víst að þær sviðsmyndir sem sýndar eru séu jafn líklegar til að eiga sér stað.

37. gr.

Lengd

Lykilupplýsingaskjal afleiðutengdra verðbréfasjóða skal ekki vera lengra en þrjár prentaðar síður í stærð A4.

V. KAFLI

VARANLEGUR MIÐILL

38. gr.

Skilyrði sem gilda um tilhögun miðlunar lykilupplýsingaskjals eða lýsingar á varanlegum miðlum öðrum en pappír eða á heimasíðu

1. Þegar, að því er varðar tilskipun 2009/65/EB, lykilupplýsingaskjali eða lýsingu er miðlað til fjárfesta með því að nota varanlegan miðil, annan en pappír, skal fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a) miðlun lykilupplýsingaskjals eða lýsingar með því að nota slíkan varanlegan miðil hæfir þeim aðstæðum sem viðskiptin milli rekstrarfélagsins og fjárfestisins fara fram við eða munu fara fram við, og

b) sá aðili sem miðla skal lykilupplýsingaskjalið eða lýsingu til getur valið milli upplýsinga á pappír eða á hinum varanlega miðlinum og kýs sérstaklega að þær séu veittar á hinum miðlinum.

2. Þegar miðla skal lykilupplýsingaskjali fyrir fjárfesta eða lýsingu á vefsetri og upplýsingarnar eru ekki stílaðar á fjárfestinn persónulega skal einnig fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a) miðlun þessara upplýsinga á þessum miðli hæfir þeim aðstæðum sem viðskiptin milli rekstrarfélagsins og fjárfestisins fara fram við eða munu fara fram við,

b) fjárfestirinn verður að samþykkja sérstaklega að upplýsingarnar séu veittar á þessu formi,

c) tilkynna verður fjárfestinum rafrænt um veffang vefsetursins og hvar á vefsetrinu sé hægt að nálgast upplýsingarnar,

d) upplýsingarnar verða að vera uppfærðar,

e) ávallt skal unnt að nálgast upplýsingarnar á þessu vefsetri á því tímabili sem líklegt er að viðskiptavinurinn gæti þurft að athuga þær.

3. Að því er varðar þessa grein skal litið svo á að tilhögun upplýsingamiðlunar með rafrænum samskiptaleiðum hæfi þeim aðstæðum, sem viðskipti milli rekstrarfélagsins og fjárfestisins fara fram við, eða munu fara fram við, ef unnt er að færa sönnur á að fjárfestirinn hafi reglulegan aðgang að Netinu. Litið skal á það sem sönnun í þessu sambandi ef fjárfestirinn gefur upp netfang í því skyni að sinna þessum viðskiptum.

VI. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

39. gr.

Gildistaka

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Reglugerð þessi gildir frá 1. júlí 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 1. júlí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

KRÖFUR ER TENGJAST FRAMSETNINGU Á TILBÚNA MÆLIKVARÐANUM

1. Tilbúni mælikvarðinn skal flokka sjóðinn á kvarðanum 1 til 7 á grundvelli fyrra flökts.

2. Sýna skal kvarðann sem röð flokka sem táknaðir eru með heilum tölum í hækkandi röð frá 1 til 7 frá vinstri til hægri, er svarar til stiga áhættu og ávöxtunar, frá lægsta til hæsta gildis.

3. Taka skal greinilega fram á kvarðanum að minni áhætta hafi hugsanlega í för með sér lægri ávöxtun og að meiri áhætta hafi hugsanlega í för með sér hærri ávöxtun.

4. Flokkurinn, sem verðbréfasjóðurinn fellur undir, skal vera merktur á áberandi hátt.

5. Enga liti skal nota til að greina á milli mismunandi hluta kvarðans.

———

II. VIÐAUKI

FRAMSETNING GJALDA

Gjöldin skulu sett fram í töflu sem er byggð upp á eftirfarandi hátt:

Einskiptisgjöld sem reiknast áður eða eftir að þú fjárfestir	
Skráningargjald	[] %
Innlausnargjald	[] %
Þetta er hámark þess sem má draga af fé þínu [áður en það er fjárfest] [áður en afrakstur fjárfestingar þinnar er greiddur út]	
Gjöld sem dregin eru frá sjóðnum á ársgrundvelli	
Viðvarandi gjöld	[] %
Gjöld sem dregin eru frá sjóðnum við sérstakar aðstæður	
Árangurstengd þóknun	[] % á ári af þeirri ávöxtun sem sjóðurinn nær umfram viðmiðun þessara þóknana, [setja inn heiti á viðmiðuninni]

– Hvert þessara gjalda skal gefið upp sem prósentutala.

– Að því er varðar árangurstengda þóknun skal fjárhæðin, sem innheimt var á síðasta fjárhagsári sjóðsins, talin með sem prósentutala.

———

III. VIÐAUKI

FRAMSETNING UPPLÝSINGA UM FYRRI ÁRANGUR

Súluritið sem sýnir fyrri árangur skal vera í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:

1. Stærðarkvarði Y-áss súluritsins skal vera línulegur, ekki lograður.

2. Stærðarkvarðinn skal aðlagaður stærð súlnanna sem sýndar eru og ekki þrýsta súlunum saman svo að erfiðara verði að greina flökt í ávöxtun.

3. X-ásinn skal hefjast við 0% árangur.

4. Setja skal merki á hverja súlu sem segir til um það hlutfall ávöxtunar sem náð var.

5. Tölur um fyrri árangur skulu gefnar upp með einum aukastaf.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 584/2010 **2013/EES/56/03**

frá 1. júlí 2010

um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar snið og inntak staðlaðrar tilkynningar og staðfestingar á verðbréfasjóði, notkun rafrænna samskipta milli lögbærra yfirvalda vegna tilkynninga og verklagsreglur vegna sannprófunar á staðnum og rannsókna sem og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) ([1]), einkum a-lið, 2. mgr. 95. gr., b- og c-lið 9. mgr. 101. gr. og 105. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með tilskipun 2009/65/EB öðlast framkvæmdastjórnin framkvæmdarvald til að tilgreina og samræma tiltekna þætti nýju verklagsreglunnar, sem nota skal til tilkynningar um markaðssetningu hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða í gistiríki. Með samræmingunni ættu lögbær yfirvöld að fá nauðsynlega vissu um, hvernig nýju kröfurnar munu virka, og stuðla að því að tryggja að nýja verklagsreglan virki snurðulaust.

2) Til að auðvelda tilkynningarferlið er nauðsynlegt að tilgreina nákvæmlega snið og innihald staðlaðrar tilkynningar, sem verðbréfasjóður á að nota, og snið og innihald staðlaðrar staðfestingar sem lögbær yfirvöld aðildarríkis eiga að nota til að staðfesta að verðbréfasjóðurinn uppfylli skilyrðin sem sett eru fram í tilskipun 2009/65/EB. Aðildarríki skulu eiga þess kost að senda bæði tilkynninguna og staðfestinguna rafrænt.

3) Þar eð markmiðið með tilskipun 2009/65/EB er að tryggja, að verðbréfasjóður geti markaðssett hlutdeildarskírteini sín í öðru aðildarríki með fyrirvara um tilkynningarferli sem byggist á bættum samskiptum á milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna, er nauðsynlegt að setja fram nákvæmar verklagsreglur um rafrænar sendingar á tilkynningum milli lögbærra yfirvalda.

4) Í samræmi við tilskipun 2009/65/EB skulu lögbær yfirvöld heimarríkis verðbréfasjóðs sannprófa, hvort tilkynningin sé fullfrágengin, áður en þau senda hana til lögbærra yfirvalda aðildarríkisins, þar sem verðbréfasjóðurinn áformar að markaðssetja hlutdeildarskírteini sín. Í henni er einnig kveðið á um að verðbréfasjóður hafi rétt til aðgangs að markaði gistiríkis tafarlaust eftir að lögbær yfirvöld heimarríkis verðbréfasjóðs hafa sent fullfrágengna tilkynningu til lögbærra yfirvalda aðildarríkis þar sem verðbréfasjóðurinn áformar að markaðssetja hlutdeildarskírteini sín. Til að tryggja réttarvissu er nauðsynlegt að fastsetja hvenær áframsending fullfrágenginnar tilkynningar telst hafa átt sér stað. Ennfremur skal þess krafist í verklagsreglum um rafræn samskipti að lögbær yfirvöld heimarríkis verðbréfasjóðs gangi úr skugga um að sending fullbúinna gagna hafi átt sér stað, áður en þau tilkynna verðbréfasjóði um sendinguna skv. 3. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/65/EB. Þar að auki er nauðsynlegt að setja fram verklagsreglur um meðferð tæknivandamála sem upp koma við sendingu tilkynningar á milli lögbærra yfirvalda heima- og gistiríkis verðbréfasjóðsins.

5) Í því skyni að einfalda sendingu tilkynningarinnar ásamt því að taka tillit til tækninýjunga og hagkvæmni þess að þróa háþróaða kerfi fyrir rafræn samskipti, er lögbærum yfirvöldum heimilt að innleiða samstarfsfyrirkomulag, sem miðar að því að bæta rafrænar sendingar á tilkynningunum, einkum varðandi öryggi kerfisins og notkun á dulkóðun. Lögbær yfirvöld skulu einnig samræma fyrirkomulag fyrir rafræn samskipti innan samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila.

6) Í tilskipun 2009/65/EB er þess krafist að aðildarríki geri nauðsynlegar stjórnunar- og skipulagsráðstafanir til að greiða fyrir samvinnu. Aukin samvinna á milli lögbærra yfirvalda er nauðsynleg til að tryggja að verðbréfasjóður og rekstrarfélög sem reka verðbréfasjóði fari að tilskipun 2009/65/EB og til að tryggja snurðulausa starfsemi innri markaðarins og víðtæka vernd fjárfesta.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 176, 10.7.2010, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 168/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 23.

([1]) Stjtíð. EB L 302, 17.11.1999, bls. 32.

7) Í tilskipun 2009/65/EB er kveðið á um að lögbær yfirvöld í einu aðildarríki geti óskað eftir samstarfi við lögbær yfirvöld annars aðildarríkis við eftirlitsstarfsemi eða vegna sannprófunar á staðnum eða rannsóknar innan yfirráðasvæðis þess síðarnefnda. Sé verðbréfasjóður rekinn af rekstrarfélagi, sem er staðsett í öðru aðildarríki, er einkum nauðsynlegt að koma á samstarfsfyrirkomulagi á milli lögbærra yfirvalda og ítarlegum verklagsreglum, sem lögbæru yfirvöldin geta beitt þegar þau þurfa að framkvæma rannsókn eða sannprófun á staðnum á einingu eða einstaklingi, sem skráður er í öðru aðildarríki.

8) Lögbæru yfirvaldi skal vera heimilt að óska eftir samstarfi við önnur lögbær yfirvöld, að því er varðar álitamál sem falla undir eftirlitsskyldur þess. Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal veita aðstoðina, jafnvel þegar háttsemin, sem verið er að rannsaka, er ekki talin brjóta lög í lögsögu þess. Yfirvald sem beiðni er beint til hefur heimild til að synja aðstoð í þeim tilvikum sem talin eru upp í 6. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

9) Í tilskipun 2009/65/EB er þess krafist að lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skuli tafarlaust láta hvert öðru í té þær upplýsingar sem þau þarfnast til að vinna störf sín. Því er rétt að setja fram ítarlegar reglur um venjubundin upplýsingaskipti og skipti á upplýsingum án beiðni.

10) Til að tryggja að skuldbindingarnar, sem settar eru fram í tilskipun 2009/65/EB og í þessari reglugerð, gildi frá og með sama degi, skal þessi reglugerð taka gildi á sama degi og landsráðstafanirnar leiða tilskipun 2009/65/EB í lög.

11) Leitað hefur verið til samstarfsnefndar evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila vegna tækniráðgjafar, sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB ([2]).

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. KAFLI

TILKYNNINGARFERLI

1. gr.

Form og inntak tilkynningarinnar

Verðbréfasjóður (e. UCITS) skal leggja fram tilkynningu, eins og um getur í 1. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/65/EB, í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Form og inntak staðfestingar á verðbréfasjóði

Lögbær yfirvöld heimarríkis verðbréfasjóðs skulu leggja fram staðfestingu þess efnis að verðbréfasjóðurinn uppfylli skilyrðin, sem komið var á með tilskipun 2009/65/EB eins og um getur í 3. mgr. 93. gr. þeirrar tilskipunar, í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Tilgreint tölvupóstfang

1. Lögbær yfirvöld skulu tilgreina tölvupóstfang fyrir sendingu skjalanna, sem um getur í 3. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/65/EB og fyrir upplýsingaskiptin er varða tilkynningarferlið sem sett er fram í þeirri grein.

2. Lögbær yfirvöld skulu upplýsa lögbær yfirvöld annarra aðildarríkja um tilgreint tölvupóstfang og skulu tryggja að öllum breytingum á tölvupóstfanginu verði tafarlaust komið á framfæri til þeirra.

3. Lögbær yfirvöld heimarríkis verðbréfasjóðs skulu senda öll skjöl, sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/65/EB, einungis á tilgreint tölvupóstfang lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem verðbréfasjóðurinn áformar að markaðssetja hlutdeildarskírteini sín.

4. Lögbær yfirvöld skulu koma á verklagsreglum til að tryggja að tilgreint tölvupóstfang þeirra, til móttöku tilkynninga, sé yfirfarið á hverjum virkum degi.

4. gr.

Sending tilkynningarinnar

1. Lögbær yfirvöld heimarríkis verðbréfasjóðs skulu senda með tölvupósti fullbúnu gögnin, sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/65/EB, til lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem verðbréfasjóðurinn áformar að markaðssetja hlutdeildarskírteini sín.

Öll fylgiskjöl við tilkynninguna, eins og tilgreint er í I. viðauka, skulu talin upp í tölvupóstinum og afhent á sniði sem er í almennri notkun og hægt er að skoða og prenta.

2. Einungis í eftirfarandi tilvikum telst sending fullbúinna gagna, eins og um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/65/EB, ekki hafa átt sér stað:

a) skjal sem á að senda vantar, er ófullgert eða er ekki á því sniði sem tilgreint er í 1. mgr.,

b) lögbær yfirvöld í heimarríki verðbréfasjóðs nota ekki tilgreint tölvupóstfang lögbærra yfirvalda aðildarríkisins þar sem verðbréfasjóðurinn áformar að markaðssetja hlutdeildarskírteini sín skv. 1. mgr. 3. gr.,

([2]) Stjtíð. ESB L 25, 29.1.2009, bls. 18.

c) lögbær yfirvöld heimarríkis verðbréfasjóðs hafa ekki sent fullbúin gögn vegna bilunar í tæknibúnaði í sínu rafræna kerfi.

3. Lögbær yfirvöld heimarríkis verðbréfasjóðs skulu tryggja að sending fullbúinna gagna, eins og um getur í 3. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/65/EB, hafi átt sér stað áður en þeir tilkynna verðbréfasjóðnum um sendinguna.

4. Séu lögbær yfirvöld heimarríkis verðbréfasjóðs upplýst um eða verða þess áskynja að sending fullbúnu gagnanna hafi ekki átt sér stað, skulu þau tafarlaust gera ráðstafanir til að senda fullbúnu gögnin.

5. Lögbær yfirvöld geta komið sér saman um að skipta út aðferðunum við sendingu fullbúnu gagnanna, sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/65/EB, fyrir háþróaðri aðferð við rafræn samskipti en með tölvupósti, eða að koma á viðbótarverklagsreglum til að auka öryggi sendra tölvupósta.

Allar aðrar aðferðir eða bættar verklagsreglur skulu vera í samræmi við tímafrestina fyrir tilkynningar, sem settir eru fram í XI. kafla tilskipunar 2009/65/EB, og skulu ekki skerða möguleika verðbréfasjóðs til aðgangs að markaði annars aðildarríkis en heimarríkis síns.

5. gr.

Móttaka tilkynningarinnar

1. Þegar lögbær yfirvöld aðildarríkis, þar sem verðbréfasjóður áformar að markaðssetja hlutdeildarskírteini sín, taka á móti gögnunum, sem senda á til þeirra skv. 3. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/65/EB, skulu þau staðfesta við lögbær yfirvöld heimarríkis verðbréfasjóðs, eins fljótt og auðið er, en eigi síðar en eftir fimm virka daga frá því að slík gögn voru móttekin, hvort:

a) öll fylgiskjöl, sem verður að telja upp í samræmi við 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar hafi verið móttekin, og

b) hægt sé að skoða eða prenta gögnin sem senda skal.

Staðfestinguna má senda með tölvupósti til lögbærra yfirvalda heimarríkis verðbréfasjóðs á tölvupóstfangið sem tilgreint er skv. 1. mgr. 3. gr., nema að viðkomandi lögbær yfirvöld hafi komið sér saman um háþróaðri aðferð við að kvitta fyrir móttöku.

2. Hafi lögbær yfirvöld heimarríkis verðbréfasjóðs ekki móttekið staðfestingu frá lögbærum yfirvöldum í aðildarríkinu, þar sem verðbréfasjóðurinn áformar að markaðssetja hlutdeildarskírteini sín, innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í 1. mgr., skulu þau hafa samband við lögbær yfirvöld aðildarríkisins, þar sem verðbréfasjóðurinn áformar að markaðssetja hlutdeildarskírteini sín, og sannprófa að sending fullbúnu gagnanna hafi átt sér stað.

II. KAFLI

SAMVINNA Á SVIÐI EFTIRLITS

1. ÞÁTTUR

Verklagsreglur við sannprófanir á staðnum og rannsóknir

6. gr.

Beiðni um aðstoð við sannprófanir á staðnum og rannsóknir

1. Lögbært yfirvald sem hyggst framkvæma sannprófun á staðnum eða rannsókn á yfirráðasvæði annars aðildarríkis („yfirvaldið, sem leggur fram beiðnina“) skal leggja fram skriflega beiðni til lögbærs yfirvalds hins aðildarríkisins („yfirvaldið sem beiðni er beint til“). Í beiðninni skal eftirfarandi koma fram:

a) ástæður beiðninnar, þ.m.t. gildandi lagaákvæði, sem beiðnin byggist á, í lögsögu yfirvaldsins, sem leggur fram beiðnina,

b) umfang sannprófunarinnar á staðnum eða rannsóknarinnar,

c) aðgerðirnar sem yfirvaldið, sem leggur fram beiðnina, hefur þegar framkvæmt,

d) allar aðgerðir sem yfirvaldið, sem beiðni er beint til, grípur til,

e) aðferðafræðin sem lagt er til að verði notuð við sannprófunina á staðnum eða rannsóknina og ástæður yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni, fyrir að velja hana.

2. Leggja skal beiðnina fram með nægjanlega löngum fyrirvara fyrir sannprófunina á staðnum eða rannsóknina.

3. Ef beiðni um aðstoð við sannprófun á staðnum eða rannsókn er brýn, er heimilt að senda hana með tölvupósti og staðfesta hana síðar skriflega.

4. Yfirvald, sem beiðni er beint til, skal staðfesta viðtöku beiðninnar án ástæðulausrar tafar.

5. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni, skal veita aðgang að upplýsingunum, sem óskað hefur verið eftir við yfirvaldið sem beiðni er beint til, þannig að yfirvaldið sem beiðni er beint til geti veitt nauðsynlega aðstoð.

6. Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal senda, án ástæðulausrar tafar, allar upplýsingar og gögn sem eru tiltæk og eru viðkomandi eða gagnleg til yfirvaldsins sem leggur fram beiðni, í ljósi ástæðna og umfangs sannprófunarinnar á staðnum eða rannsóknarinnar.

7. Yfirvaldið sem beiðni er beint til og yfirvaldið sem leggur fram beiðni skulu endurmeta nauðsyn sannprófunarinnar á staðnum og rannsóknarinnar í ljósi gagnanna og upplýsinganna sem send voru skv. 5. og 6. mgr.

8. Yfirvaldið sem beiðni er beint til, skal ákveða hvort það sjálft annist sannprófunina á staðnum eða rannsóknina, eða hvort það heimilar yfirvaldinu sem leggur fram beiðni að framkvæma sannprófunina á staðnum eða rannsóknina, eða hvort það heimilar endurskoðendum eða öðrum sérfræðingum að annast sannprófunina á staðnum eða rannsóknina.

9. Yfirvaldið sem beiðni er beint til og yfirvaldið sem leggur fram beiðni skulu koma sér saman um hvernig skiptingu kostnaðar vegna sannprófunarinnar á staðnum eða rannsóknarinnar skal háttað.

7. gr.

Sannprófun á staðnum og rannsókn framkvæmd af yfirvaldinu sem beiðni er beint til

1. Hafi yfirvaldið sem beiðni er beint til ákveðið að annast sjálft sannprófunina á staðnum eða rannsóknina, skal það gera svo í samræmi við verklagsreglurnar, sem kveðið er á um í lögum þess aðildarríkis, á hvers yfirráðasvæði sannprófunin eða rannsóknin fer fram.

2. Fari yfirvaldið sem leggur fram beiðni fram á að þess eigin embættismenn fylgi embættismönnum yfirvaldsins sem beiðni er beint til og sem framkvæma sannprófunina á staðnum eða rannsóknina, í samræmi við 5. mgr. 101. gr. tilskipunar 2009/65/EB, skulu yfirvaldið sem leggur fram beiðni og yfirvaldið sem beiðni er beint til koma sér saman um hagnýtt fyrirkomulag við slíka hlutdeild.

8. gr.

Sannprófun á staðnum og rannsókn framkvæmd af yfirvaldinu sem leggur fram beiðni

1. Hafi yfirvaldið sem beiðni er beint til ákveðið að heimila yfirvaldinu sem leggur fram beiðni að annast sannprófunina á staðnum eða rannsóknina, skal sannprófunin á staðnum eða rannsóknin gerð í samræmi við verklagsreglurnar, sem kveðið er á um í lögum þess aðildarríkis, á hvers yfirráðasvæði sannprófunin eða rannsóknin fer fram.

2. Hafi yfirvaldið sem beiðni er beint til ákveðið að heimila yfirvaldinu sem leggur fram beiðni að annast sannprófunina á staðnum eða rannsóknina, skal það veita nauðsynlega aðstoð til að auðvelda sannprófunina á staðnum eða rannsóknina

3. Komist yfirvaldið sem leggur fram beiðni að raun um mikilvægar upplýsingar, sem eru viðkomandi framkvæmd starfa yfirvaldsins sem beiðni er beint til, á meðan á sannprófun á staðnum eða rannsókn þess stendur, skal það án ástæðulausrar tafar senda þessar upplýsingar til yfirvaldsins sem beiðni er beint til.

9. gr.

Sannprófun á staðnum og rannsókn framkvæmd af endurskoðendum eða sérfræðingum

1. Hafi yfirvaldið sem beiðni er beint til ákveðið að heimila endurskoðendum eða sérfræðingum að annast sannprófunina á staðnum eða rannsóknina, skal sannprófunin á staðnum eða rannsóknin gerð í samræmi við verklagsreglurnar, sem kveðið er á um í lögum þess aðildarríkis, á hvers yfirráðasvæði sannprófunin eða rannsóknin fer fram.

2. Hafi yfirvaldið sem beiðni er beint til ákveðið að heimila endurskoðendum eða sérfræðingum að annast sannprófunina á staðnum eða rannsóknina, skal það veita nauðsynlega aðstoð til að auðvelda þeim endurskoðendum eða sérfræðingum að sinna störfum sínum.

3. Beri yfirvaldið sem leggur fram beiðni fram tillögu um tilnefningu á endurskoðendum eða sérfræðingum, skal það senda allar viðkomandi upplýsingar um auðkenni og faglega menntun og hæfi endurskoðendanna og sérfræðinganna til yfirvaldsins sem beiðni er beint til.

Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal tafarlaust tilkynna yfirvaldinu sem leggur fram beiðni hvort það samþykki tillöguna um tilnefningu.

Samþykki yfirvald sem beiðni er beint til ekki tillöguna um tilnefningu eða yfirvaldið sem leggur fram beiðni ber ekki fram tillögu um tilnefningu endurskoðenda eða sérfræðinga, skal yfirvaldið sem beiðni er beint til hafa heimild til að bera fram tillögu um endurskoðendur eða sérfræðinga.

4. Séu yfirvaldið sem beiðni er beint til og yfirvaldið sem leggur fram beiðni ekki sammála um tilnefningu endurskoðenda eða sérfræðinga, skal yfirvaldið sem beiðni er beint til ákveða hvort það annist sannprófunina á staðnum eða rannsóknina sjálft, eða hvort það heimili yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina að annast sannprófunina á staðnum eða rannsóknina.

5. Yfirvaldið, sem bar upp tillöguna um tilnefnda endurskoðendur eða sérfræðinga, skal bera viðkomandi kostnað, nema ef yfirvaldið sem beiðni er beint til og yfirvaldið sem leggur fram beiðni koma sér saman um annað.

6. Komist endurskoðendurnir eða sérfræðingarnir að raun um mikilvægar upplýsingar er varða framkvæmd verkefna yfirvaldsins sem beiðni er beint til, skulu þeir senda þessar upplýsingar tafarlaust til yfirvaldsins sem beiðni er beint til.

10. gr.

Beiðni um aðstoð við viðtöl við einstaklinga sem staðsettir eru í öðru aðildarríki

1. Ef yfirvald sem leggur fram beiðni telur nauðsynlegt að taka viðtöl við einstaklinga sem staðsettir eru á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, skal það leggja fram skriflega beiðni til lögbærra yfirvalda þess aðildarríkis.

2. Í beiðninni skal eftirfarandi koma fram:

a) ástæður beiðninnar, þ.m.t. gildandi lagaákvæði, sem beiðnin byggist á, í lögsögu yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni,

b) umfang viðtalsins,

c) aðgerðirnar, sem yfirvaldið sem leggur fram beiðni hefur þegar framkvæmt,

d) allar aðgerðir sem yfirvald sem beiðni er beint til grípur til,

e) aðferðafræðin, sem lagt er til að verði notuð í viðtölunum og ástæður yfirvaldsins sem leggur fram beiðni fyrir að velja hana.

3. Leggja skal beiðnina fram með nægjanlega löngum fyrirvara fyrir viðtölin.

4. Ef beiðni um aðstoð við töku viðtala við einstaklinga sem staðsettir eru á yfirráðasvæði annars aðildarríkis er brýn, er heimilt að senda hana með tölvupósti og staðfesta hana síðar skriflega.

5. Yfirvald sem beiðni er beint til skal staðfesta viðtöku beiðninnar án ástæðulausrar tafar.

6. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni skal veita aðgang að upplýsingunum, sem óskað hefur verið eftir við yfirvaldið sem beiðni er beint til, þannig að yfirvaldið sem beiðni er beint til geti veitt nauðsynlega aðstoð.

7. Yfirvaldið sem beiðni er beint til skal senda án ástæðulausrar tafar allar upplýsingar og gögn, sem eru tiltæk og eru viðkomandi eða gagnleg, til yfirvaldsins sem leggur fram beiðni, í ljósi ástæðna og umfangs viðtalanna.

8. Yfirvaldið sem beiðni er beint til og yfirvaldið sem leggur fram beiðni skulu endurmeta þörfina á viðtölum í ljósi gagna og upplýsinga sem send voru skv. 6. og 7. gr.

9. Yfirvald sem beiðni er beint til skal ákveða hvort það annast viðtölin sjálft, eða hvort það heimilar yfirvaldinu sem leggur fram beiðni að annast þau.

10. Yfirvaldið sem beiðni er beint til og yfirvaldið sem leggur fram beiðni, skulu koma sér saman um hvernig skiptingu kostnaðar vegna viðtalanna skal háttað.

11. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni er heimilt að taka þátt í viðtölunum sem farið var fram á, í samræmi við 1. mgr. Yfirvaldinu sem leggur fram beiðni, er heimilt að leggja fram spurningar sem spyrja skal, bæði fyrir og eftir viðtölin.

11. gr.

Sértæk ákvæði í tengslum við sannprófun á staðnum og rannsóknir

1. Lögbær yfirvöld heimarríkis rekstrarfélagsins og lögbær yfirvöld heimarríkis verðbréfasjóðs skulu tilkynna hvort öðru um allar sannprófanir á staðnum og rannsóknir sem gera á, að því er varðar rekstrarfélagið eða verðbréfasjóðinn, og sem falla undir gagnkvæmt eftirlit þeirra. Eftir að slík tilkynning hefur borist, er lögbæra yfirvaldinu sem fékk tilkynninguna heimilt að óska eftir því við lögbæra yfirvaldið sem sendir tilkynninguna, án ástæðulausrar tafar, að fella inn í svigrúm sannprófunarinnar á staðnum eða rannsóknarinnar, málefni sem falla innan umfangs eftirlits yfirvaldsins sem fékk tilkynningu.

2. Lögbær yfirvöld heimarríkis rekstrarfélagsins geta óskað eftir aðstoð lögbærra yfirvalda heimarríkis verðbréfasjóðs, að því er varðar sannprófunina á staðnum og rannsóknina á vörslufyrirtæki verðbréfasjóðs ef nauðsyn krefur, til að sinna eftirlitsskyldum sínum í tengslum við rekstrarfélagið.

3. Lögbær yfirvöld heimarríkis verðbréfasjóðsins og lögbær yfirvöld heimarríkis rekstrarfélagsins skulu koma sér saman um verklagsreglur við að deila niðurstöðum sannprófananna á staðnum og rannsóknanna sem gerðar eru að því er varðar rekstrarfélagið og verðbréfasjóðinn sem falla undir eftirlit þeirra.

4. Ef nauðsyn krefur, skulu lögbær yfirvöld heimarríkis verðbréfasjóðs og lögbær yfirvöld heimarríkis rekstrarfélagsins koma sér saman um frekari aðgerðir sem grípa þarf til, að því er varðar sannprófanir á staðnum eða rannsókn.

2. ÞÁTTUR

Upplýsingaskipti

12. gr.

Venjubundin upplýsingaskipti

1. Lögbær yfirvöld heimarríkis verðbréfasjóðs skulu tafarlaust upplýsa lögbær yfirvöld gistiríkis verðbréfasjóðsins og, ef verðbréfasjóðnum er stjórnað af rekstrarfélagi sem staðsett er í öðru aðildarríki en heimarríki verðbréfasjóðsins, lögbærum yfirvöldum heimarríkis rekstrarfélagsins, um:

a) allar ákvarðanir um að afturkalla heimildir fyrir verðbréfasjóð,

b) allar ákvarðanir sem teknar eru varðandi verðbréfasjóði um frestun útgáfu, endurkaupa eða innlausna hlutdeildarskírteina hans,

c) allar aðrar alvarlegar ráðstafanir sem gripið er til gegn verðbréfasjóði.

2. Sé verðbréfasjóði stjórnað af rekstrarfélagi, sem er staðsett í öðru aðildarríki en heimarríki verðbréfasjóðs, skulu lögbær yfirvöld í heimarríki rekstrarfélagsins tafarlaust tilkynna lögbærum yfirvöldum heimarríkis verðbréfasjóðs ef geta rekstrarfélagsins til að sinna skyldum sínum á tilhlýðilegan hátt gagnvart verðbréfasjóðnum, sem það stýrir, getur haft óhagstæð áhrif eða ef rekstrarfélagið uppfyllir ekki kröfurnar sem settar eru fram í III. kafla tilskipunar 2009/65/EB.

3. Sé verðbréfasjóður undir stjórn rekstrarfélags sem staðsett er í öðru aðildarríki en heimarríki verðbréfasjóðs, skulu lögbær yfirvöld í heimarríki verðbréfasjóðsins og heimarríki rekstrarfélagsins auðvelda upplýsingaskiptin, sem eru nauðsynleg fyrir framkvæmd starfa þeirra, samkvæmt tilskipun 2009/65/EB þ.m.t. að koma á viðeigandi upplýsingaflæði. Þetta skal fela í sér skipti á upplýsingum sem eru nauðsynlegar í tengslum við:

a) verklagsreglurnar fyrir leyfisveitingu rekstrarfélags til að stunda starfsemi innan yfirráðasvæðis annars aðildarríkis skv. 17. og 18. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

b) verklagsreglurnar fyrir leyfisveitingu rekstrarfélags til að stjórna verðbréfasjóði með leyfi í öðru aðildarríki en heimaríki rekstrarfélagsins, skv. 20. gr. tilskipunar 2009/65/EB,

c) yfirstandandi eftirlit með rekstrarfélögum og verðbréfasjóði.

13. gr.

Óumbeðin upplýsingaskipti

Lögbær yfirvöld skulu tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum um allar viðkomandi upplýsingar sem líklegt er að skipti efnislegu máli að því er varðar störf þeirra samkvæmt tilskipun 2009/65/EB, án þess að óskað hafi verið eftir því og án ástæðulausrar tafar.

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2011.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel, 1. júlí 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI I

TILKYNNING

(Ákvæði 1. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 584/2010 frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar snið og inntak staðlaðrar tilkynningar og staðfestingar á verðbréfasjóði, notkun rafrænna samskipta milli lögbærra yfirvalda vegna tilkynninga og verklagsreglur vegna sannprófunar á staðnum og rannsókna sem og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda (Stjtíð. ESB L 176, 10.7.2010, bls. 16)

TILKYNNING UM ÁFORM UM MARKAÐSSETNINGU HLUTDEILDARSKÍRTEINA

Í _____
(gistiríkið)

A-HLUTI

Heiti verðbréfasjóðs: _____

heimarríki verðbréfasjóðs: _____

Rekstrarform verðbréfasjóðs að lögum (merkið við þann reit sem við á):

☐ sameignarsjóður

☐ fjárhaldssjóður

☐ fjárfestingarfélag

Eru fjárfestingadeildir innan verðbréfasjóðsins? Já/nei

Heiti á verðbréfasjóði og/eða fjárfestingardeild(um) sem markaðssetja á í gistiríkinu	Heiti hlutabréfaflokks (-flokka) sem markaðssetja á í gistiríkinu ([1])	Tímabil ([2])	Kenninúmer ([3])

([1]) Áformi verðbréfasjóður að markaðssetja einungis tiltekna hlutabréfaflokka, skal hann einungis skrá þá flokka
([2]) Ef við á
([3]) Ef við á (t.d. ISIN)

Heiti rekstrarfélagsins/fjárfestingarfélagsins undir eigin stjórn:

_____

heimaríki rekstrarfélagsins: _____

Heimilisfang og skráð skrifstofa/lögheimili ef annað en heimilisfang:

_____

_____

Upplýsingar um vefsetur rekstrarfélagsins: _____

Upplýsingar um tengilið hjá rekstrarfélaginu:

Nafn/staða: _____

Símanúmer: _____

Tölvupóstfang: _____

Bréfasímanúmer: _____

Starfstímabil fyrirtækisins, ef við á: _____

Umfang starfsemi rekstrarfélagsins í gistiríki verðbréfasjóðsins:

_____

_____

Viðbótarupplýsingar um verðbréfasjóðinn (ef nauðsyn krefur):

_____

_____

_____

_____

_____

Fylgiskjöl:

1) Síðasta útgáfa sjóðsreglnanna eða stofnsamningsins, þýddur ef nauðsyn krefur, í samræmi við c-lið 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

_____

(Titill skjals eða heiti rafræna fylgiskjalsins)

2) Síðasta útgáfa lýsingarinnar, þýdd ef nauðsyn krefur, í samræmi við c-lið 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

_____

(Titill skjals eða heiti rafræna fylgiskjalsins)

3) Síðasta útgáfa lykilupplýsinga fyrir fjárfesta, þýddar ef nauðsyn krefur, í samræmi við b-lið 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

_____

(Titill skjals eða heiti rafræna fylgiskjalsins)

4) Síðasta birta ársskýrsla og allar síðari hálfsársskýrslur, þýddar ef nauðsyn krefur, í samræmi við c-lið 1. mgr. 94. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

_____

(Titill skjals eða heiti rafræna fylgiskjalsins)

Athugasemd:

Síðustu útgáfur þeirra skjala sem krafist er og greint er frá hér að ofan, skulu fylgja með þessari tilkynningu til áframsendingar af hálfu lögbærra yfirvalda heimarríkis verðbréfasjóðs, jafnvel þó að yfirvaldið hafi áður fengið eintök af þeim. Ef eitthvert þessara skjala var áður sent til lögbærra yfirvalda heimarríkis verðbréfasjóðs og er enn í gildi, er heimilt að geta þess í tilkynningunni.

Tilgreinið hvar hægt er að nálgast nýjustu rafrænu eintök fylgiskjalanna í framtíðinni:

_____

B-HLUTI

Eftirfarandi upplýsingar eru gefnar í samræmi við landslög og -reglur gistiríkis verðbréfasjóðsins í tengslum við markaðssetningu hlutdeildarskírteina verðbréfasjóðs í því aðildarríki.

Verðbréfasjóðurinn skal vísa til vefseturs lögbærra yfirvalda í hverju aðildarríki fyrir sig, vegna nánari upplýsinga um hvaða upplýsingar skal veita í þessum þætti. Skrá yfir viðkomandi vefföng er aðgengileg á www.cesr.eu

1. Fyrirkomulag við markaðssetningu á hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs

Hlutdeildarskírteini verðbréfasjóðs/fjárfestingadeilda verðbréfasjóðs verða markaðssett af:

☐ rekstrarfélaginu sem rekur verðbréfasjóðinn

☐ öllum öðrum rekstrarfélögum sem viðurkennd eru samkvæmt tilskipun 2009/65/EB

☐ lánastofnunum

☐ viðurkenndum fjárfestingarfyrirtækjum eða ráðgjöfum

☐ öðrum aðilum

1) _____

2) _____

3) _____

2. Fyrirkomulag við að veita eigendum hlutdeildarskírteina þjónustu í samræmi við 92. gr. tilskipunar 2009/65/EB:

Upplýsingar um greiðsluaðila (ef við á):

Heiti: _____

Rekstrarform að lögum: _____

Skráð skrifstofa: _____

Póstfang (ef annað): _____

Nánari upplýsingar um alla aðra einstaklinga sem fjárfestar geta fengið upplýsingar og gögn frá:

Nafn: _____

Heimilisfang: _____

Upplýsingar um það með hvaða hætti útgáfu-, sölu-, endurkaups- eða innlausnarverð á hlutdeildarskírteinum verða gerð opinber:

_____

_____

3. Aðrar upplýsingar sem lögbær yfirvöld gistiríkis fara fram á að fá í samræmi við 3. mgr. 91. gr. tilskipunar 2009/65/EB

Þ.m.t. (ef þess er krafist af gistiríki verðbréfasjóðs):

☐ nánari upplýsingar um viðbótarupplýsingar, sem birta á eigendum hlutdeildarskírteina eða fulltrúum þeirra,

☐ nánari upplýsingar um nýtingu undanþága, ef verðbréfasjóður nýtir sér undanþágur frá reglum eða kröfum, sem gilda í gistiríki verðbréfasjóðs í tengslum við markaðssetningarfyrirkomulag fyrir verðbréfasjóð, tiltekinn hlutabréfaflokk eða flokk fjárfesta

_____

_____

_____

_____

_____

Sé þess krafist af gistiríki verðbréfasjóðs, sönnun um greiðslu til lögbærra yfirvalda gistiríkisins:

_____

C-HLUTI

Staðfesting verðbréfasjóðs

Við staðfestum hér með að skjölin sem fylgja þessari tilkynningu innihalda allar viðkomandi upplýsingar, eins og kveðið er á um í tilskipun 2009/65/EB. Texti hvers skjals fyrir sig er sá sami og var áður lagður fram fyrir lögbær yfirvöld heimarríkisins, eða er þýðing sem endurspeglar þann texta nákvæmlega.

(Tilkynningin skal undirrituð af viðurkenndum undirritunaraðila verðbréfasjóðsins, eða þriðja einstaklingi sem hefur heimild, samkvæmt skriflegu umboði, til að koma fram fyrir hönd verðbréfasjóðs sem leggur fram tilkynninguna til vottunar skjala, á þann máta sem samþykktur er af lögbærum yfirvöldum heimarríkis verðbréfasjóðs. Undirritunaraðili skrifar fullt nafn og stöðu, og skal tryggja að staðfestingin sé dagsett.)

_____

VIÐAUKI II

STAÐFESTING VERÐBRÉFASJÓÐS

(Ákvæði 2. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 584/2010 frá 1. júlí 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB að því er varðar snið og inntak staðlaðrar tilkynningar og staðfestingar á verðbréfasjóði, notkun rafrænna samskipta milli lögbærra yfirvalda vegna tilkynninga og verklagsreglur vegna sannprófunar á staðnum og rannsókna sem og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda (Stjtíð. ESB L 176, 10.7.2010, bls. 16)

_____ er lögbæra yfirvaldið í:

(heiti lögbærra yfirvalda heimarríkis verðbréfasjóðs)

_____

(heimarríki verðbréfasjóðs)

Heimilisfang: _____

Símanúmer: _____

Tölvupóstfang: _____

Bréfasímanúmer: _____

sem innir skyldurnar af hendi, sem kveðið er á um í 1. mgr. 97. gr. tilskipunar 2009/65/EB.

Að því er varðar 3. mgr. 93. gr. tilskipunar 2009/65/EB vottar,

_____ að

(heiti lögbærs yfirvalds, eins og að ofan)

_____

(heiti verðbréfasjóðs, þ.e. heiti sameignarsjóðs, fjárhaldssjóðs eða fjárfestingarfélags)

hefur staðfestu í: (heiti heimarríkisins)

_____

var stofnaður: (dagsetning samþykkis á sjóðsreglum eða stofnsamningi verðbréfasjóðs)

_____

hefur skrásetningarnúmer (ef við á, skrásetningarnúmer verðbréfasjóðs í heimarríkinu)

_____

er skráður hjá (ef við á, heiti yfirvaldsins sem ber ábyrgð á skráningunni)

_____

hefur lögheimili í/á:

_____

_____

(einungis fyrir fjárfestingarfélög, heimilisfang höfuðstöðva verðbréfasjóðs)

er: (vinsamlegast merkið við í viðeigandi reit)

annaðhvort ☐ sameignarsjóður/fjárhaldssjóður

Skrá yfir allar deildir sem samþykktar eru í heimarríki, ef við á	
Raðnúmer	Heiti
1	
2	
3	
…	

stjórnað af rekstrarfélagi:

_____

_____

(heiti og heimilisfang rekstrarfélagsins)

eða ☐ fjárfestingarfélag:

Skrá yfir allar deildir sem samþykktar eru í heimarríki, ef við á	
Raðnúmer	Heiti
1	
2	
3	
…	

sem: (vinsamlegast merkið við í viðeigandi reit)

annaðhvort ☐ hafa tilnefnt rekstrarfélag

_____

(heiti og heimilisfang tilnefnda rekstrarfélagsins)

eða ☐ er undir eigin stjórn

og uppfyllir viðmiðanirnar sem eru settar fram í tilskipun 2009/65/EB

(Staðfestingin skal vera undirrituð og dagsett af fulltrúa lögbærs yfirvalds heimarríkis verðbréfasjóðsins á þann máta sem samþykktur er fyrir vottun þess yfirvalds. Undirritari skrifar fullt nafn og stöðu.)

_____

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2011/65/ESB 2013/EES/56/04

frá 8. júní 2011

um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (*)

(endurútgefin)

EVROPUÞINGIÐ OG RAÐ EVROPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Gera þarf umtalsverðar breytingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([4]). Fyrir skýrleika sakir skal endurútgefa þá tilskipun.

2) Misræmi í lögum eða stjórnsýsluákvæðum, sem aðildarríkin samþykkja að því er varðar takmarkanir á notkun hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði, gæti skapað viðskiptahindranir og valdið röskun á samkeppni innan Sambandsins og gæti þar með haft bein áhrif á stofnun og starfsemi innri markaðarins. Það virðist því nauðsynlegt að mæla fyrir um reglur á þessu sviði, efla heilsuvernd manna og stuðla að endurnýtingu og förgun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs á vistvænan hátt.

3) Í tilskipun 2002/95/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin endurskoði ákvæðin í þeirri tilskipun, einkum til þess að gildissvið hennar nái yfir búnað sem fellur innan tiltekinna flokka og rannsaka þörfina á því að aðlaga skrána yfir efni, sem sæta takmörkunum, á grundvelli vísindaþróunar, með tilliti til varúðarreglunnar, eins og samþykkt var með ályktun ráðsins frá 4. desember 2000.

4) I tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang ([5]) eru forvarnir settar fremst í forgangsröðina í löggjöf um úrgang. Forvarnir eru m.a. skilgreindar sem ráðstafanir til að draga úr innihaldi skaðlegra efna í efnum og framleiðsluvörum.

5) Í ályktun ráðsins frá 25. janúar 1988 um aðgerðaráætlun Bandalagsins til að verjast umhverfismengun af völdum kadmíums ([6]) var framkvæmdastjórnin hvött til að þróa án tafar sérstakar ráðstafanir fyrir slíka áætlun. Einnig þarf að vernda heilbrigði manna og því ber að hrinda í framkvæmd heildaráætlun um takmörkun á notkun kadmíums sem hvetur til rannsóknar á staðgönguefnum. Í ályktuninni er lögð áhersla á að takmarka beri notkun kadmíums við tilvik þar sem aðrir hentugir kostir eru ekki í boði.

6) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni ([7]) er minnt á að aðildarríkin geta ekki náð markmiðinu um að vernda umhverfið og heilbrigði manna gegn þrávirkum, lífrænum mengunarefnum svo fullnægjandi sé vegna áhrifa þessara mengunarvalda yfir landamæri og verður þeim því betur náð á vettvangi Sambandsins. Samkvæmt þeirri reglugerð ber að tilgreina losun þrávirkra, lífrænna mengunarefna, s.s. díoxína og fúrana, sem eru, án ásetnings, aukaafurðir iðnaðarvinnslu og draga úr losuninni sem fyrst með það að lokatakmarki að stöðva hana alveg ef það er gerlegt.

7) Fyrirliggjandi heimildir gefa til kynna að ráðstafanir um söfnun, meðhöndlun og förgun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, sem settar voru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang ([8]), eru nauðsynlegar til að draga úr vanda við úrgangsstjórnun, sem tengist umræddum þungmálmum og logavarnarefnum. Þrátt fyrir þessar ráðstafanir verður haldið áfram að farga verulegum hluta af raf- og rafeindabúnaðarúrgangi eftir núverandi förgunarleiðum innan og utan Sambandsins. Jafnvel þótt raf- og rafeindabúnaðarúrgangi væri safnað sérstaklega fyrir endurvinnslu myndi magn kvikasilfurs, kadmíums, blýs, sexgilds króms, fjölbrómaðra bífenýla og fjölbrómaðra dífelnýletra, sem hann inniheldur, líklega stofna heilbrigði manna og umhverfinu í hættu, einkum ef efnin eru ekki meðhöndluð við kjörskilyrði.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 306, 16.12.2009, bls. 36.

([2]) Stjtíð. ESB L 141, 29.5.2010, bls. 55.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 24. nóvember 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 27. maí 2011.

([4]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.

([5]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

([6]) Stjtíð. EB C 30, 4.2.1988, bls. 1.

([7]) Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.

([8]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24.

8) Að teknu tilliti til tæknilegrar og efnahagslegrar hagkvæmni, þ.m.t. fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, og í því skyni að draga verulega úr áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið er nauðsynlegt að skipta út þessum efnum í raf- og rafeindabúnaði og láta önnur örugg eða öruggari efni koma í stað þeirra til að unnt sé að ná því verndarstigi sem ákveðið hefur verið í Sambandinu. Líklegt er að takmörkun á notkun þessara efna auki möguleikana á því að raf- og rafeindabúnaðarúrgangur verði endurunninn, að endurvinnsla verði arðvænleg og að unnt verði að draga úr skaðlegum áhrifum á heilsu starfsmanna í endurvinnslustöðvum.

9) Efnin, sem fjallað er um í þessari tilskipun, hafa verið vel rannsökuð og metin á vísindalegan hátt og gerðar hafa verið ýmsar ráðstafanir vegna þeirra, bæði á vettvangi Sambandsins og á landsvísu.

10) Í ráðstöfunum, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, skal tekið tillit til núverandi, alþjóðlegra viðmiðunarreglna og tilmæla og skulu þær byggjast á mati á fyrirliggjandi vísinda- og tækniupplýsingum. Ráðstafanirnar eru nauðsynlegar til að ná því verndarstigi sem ákveðið hefur verið fyrir heilbrigði manna og umhverfið, að teknu tilliti til varúðarreglunnar og áhættunnar sem myndi líklega skapast í Sambandinu ef engar slíkar ráðstafanir væru fyrir hendi. Stöðugt ber að endurskoða ráðstafanirnar og, ef nauðsyn krefur, aðlaga þær með tilliti til fyrirliggjandi tækni- og vísindaupplýsinga. Endurskoða skal viðaukana við þessa tilskipun reglubundið til að taka tillit til, m.a., XIV. og XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), og um stofnun Efnastofnunar Evrópu ([9]). Hættan sem heilbrigði manna og umhverfisins stafar af notkun hexabrómsýklódódekans (HBCDD), bis(2-etýlhexýl)þalats (DEHP), bútýlbensýlþalats (BBP) og díbútýlþalats (DBP) skal hafa sérstakan forgang. Með það í huga að takmarka notkun þessara efna enn frekar skal framkvæmdastjórnin rannsaka aftur efnin, sem féllu undir fyrra mat, í samræmi við nýju viðmiðanirnar, sem settar eru í þessari tilskipun, sem hluta af fyrstu endurskoðun.

11) Þessi tilskipun er viðbót við almenna löggjöf Sambandsins um úrgangsstjórnun, s.s. tilskipun 2008/98/EB og reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

12) Taka skal nokkrar skilgreiningar upp í þessari tilskipun til að skýra gildissvið hennar. Enn fremur skal bæta við skilgreininguna á „raf- og rafeindabúnaði“ skilgreiningu á „háður“, til að ná yfir fjölnota eiginleika tiltekinna framleiðsluvara, þar sem fyrirhuguð virkni raf- og rafeindabúnaðarins er ákvörðuð á grundvelli hlutlægra eiginleika, s.s. hönnun framleiðsluvörunnar og markaðssetningu.

13) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi visthönnun að því er varðar orkutengdar vörur ([10]) gerir það mögulegt að setja sértækar kröfur varðandi visthönnun fyrir orkutengdar vörur, sem geta einnig fallið undir þessa tilskipun. Tilskipun 2009/125/EB og framkvæmdarráðstafanir sem samþykktar eru samkvæmt henni, eru með fyrirvara um löggjöf Sambandsins um úrgangsstjórnun.

14) Tilskipun þessi gildir með fyrirvara um löggjöf Sambandsins um öryggis- og heilbrigðiskröfur og sérstaka löggjöf Sambandsins um úrgangsstjórnun, einkum tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma ([11]) og reglugerð (EB) nr. 850/2004.

15) Taka ber tillit til tækniþróunar á sviði raf- og rafeindabúnaðar sem inniheldur ekki þungmálma, fjölbrómaðan dífenýletra og fjölbrómað bífenýl.

16) Um leið og vísindaleg gögn liggja fyrir og að teknu tilliti til varúðarreglunnar ber að rannsaka möguleikann á að takmarka önnur hættuleg efni, þ.m.t. efni sem eru afar lítil að stærð eða afar lítil að innri eða ytri gerð (nanóefni), sem geta verið hættuleg vegna eiginleika sem tengjast stærð þeirra eða gerð og skoða hvort að mögulegt sé að skipta þessum efnum út fyrir önnur umhverfisvænni efni sem tryggja a.m.k. sams konar vernd fyrir neytendur. Í þessu skyni skulu endurskoðun og breytingar á skránni í II. viðauka yfir efni sem sæta takmörkunum vera samræmdar, hámarka samvirkni með því starfi sem fram fer samkvæmt annarri löggjöf Sambandsins, einkum reglugerð (EB) nr. 1907/2006, og endurspegla hvernig það kemur til fyllingar, en tryggja um leið óháða beitingu þessarar tilskipunar og þeirrar reglugerðar. Hafa skal samráð við viðkomandi hagsmunaaðila og taka skal sérstakt tillit til hugsanlegra áhrifa á lítil og meðalstór fyrirtæki.

17) Þróun endurnýjanlegrar orku er eitt af lykilmarkmiðum Sambandsins og framlag endurnýjanlegra orkugjafa til markmiða í umhverfis- og loftslagsmálum skiptir gríðarlega miklu máli. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum ([12]) er minnt á að það skuli vera samræmi á milli þessara markmiða og annarrar umhverfislöggjafar Sambandsins. Af þessum sökum skal þessi tilskipun ekki koma í veg fyrir þróun tækni á sviði endurnýjanlegrar orku, sem hefur engin neikvæð áhrif á heilbrigði og umhverfi og sem er sjálfbær og fjárhagslega hagkvæm.

(9) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([10]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.
([11]) Stjtíð. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1.
([12]) Stjtíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

18) Heimila ber undanþágur frá kröfunni um útskiptingu efna ef hún er ekki möguleg út frá vísinda- og tæknilegu sjónarmiði, með sérstöku tilliti til stöðunnar hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum eða ef neikvæð áhrif sem útskipting hefur á umhverfi, heilbrigði og neytendavernd, er líkleg til að vega þyngra en ávinningur hennar fyrir umhverfið, heilbrigði og neytendavernd eða ef að áreiðanleiki staðgönguefna er ekki tryggður. Í ákvörðunum um undanþágur og tímalengd hugsanlegra undanþága skal taka tillit til tiltækileika staðgönguefna og félagslegra og hagrænna áhrifa útskiptingar. Hugsa skal um áhrif undanþáganna á allan vistferilinn, þar sem við á. Þegar hættulegum efnum er skipt út fyrir önnur í raf- og rafeindabúnaði skal það gert þannig að það samrýmist heilbrigði og öryggi notenda raf- og rafeindabúnaðar. Setning lækningatækja á markað krefst samræmismatsaðferðar samkvæmt tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki ([13]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/79/EB frá 27. október 1998 um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi ([14]), sem getur falið í sér kröfu um þátttöku tilkynnts aðila, sem er tilnefndur af lögbærum yfirvöldum aðildarríkja. Ef slíkur tilkynntur aðili vottar að ekki hafi verið sýnt fram á öryggi hugsanlegs staðgönguefnis vegna fyrirhugaðrar notkunar í lækningatækjum eða lækningabúnaði til sjúkdómsgreiningar í glasi, skal notkun þessa hugsanlega staðgönguefnis talin hafa skýr neikvæð félagsleg og hagræn áhrif og neikvæð áhrif á heilsu- og neytendavernd. Mögulegt skal vera að sækja um undanþágur fyrir búnað, frá þeim degi sem tilskipun þessi öðlast gildi, jafnvel áður en búnaðurinn fellur í raun undir gildissvið þessarar tilskipunar.

19) Undanþágur frá takmörkununum, að því er varðar tiltekinn, sérstakan efnivið eða íhluti, skulu hafa takmarkað gildissvið og tímalengd til að unnt sé að hætta smám saman notkun hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði, að því gefnu að hægt verði að komast hjá notkun þeirra í slíkum búnaði.

20) Þar sem hagkvæmt er að endurnota, endurnýja og framlengja endingartíma búnaðarins er nauðsynlegt að varahlutir séu fáanlegir.

21) Málsmeðferðarreglur til að meta samræmi raf- og rafeindabúnaðar, sem fellur undir þessa tilskipun, skulu vera í samræmi við viðeigandi löggjöf Sambandsins, einkum ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2009 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum ([15]). Samræmismatsaðferðir ættu að gefa framleiðendum réttarvissu að því er varðar það sem þeir þurfa að láta yfirvöldum í gervöllu Sambandinu í té sem sannanir á því að þeir uppfylli kröfur.

22) Viðeigandi samræmismerki fyrir framleiðsluvörur á vettvangi Sambandsins, CE-merkið, skal einnig gilda að því er varðar raf- og rafeindabúnað sem fellur undir þessa tilskipun.

23) Markaðseftirlitsaðferðirnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum ([16]), skulu fela í sér verndarráðstafanir til að ganga úr skugga um að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar.

24) Til að tryggja samræmd skilyrði til framkvæmdar þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar leiðbeiningar og snið umsókna um undanþágur, skal fela framkvæmdastjórninni framkvæmdavaldið. Þessum völdum skal beitt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu ([17]).

25) Til þess að ná markmiðum þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórninni falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar breytingar á II. viðauka, ítarlegar reglur um að hámarksstyrkur sé virtur og aðlögun III. og IV. viðauka að framförum á sviði tækni og vísinda. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.

26) Skyldan til að taka þessa tilskipun upp í landslög skal takmarkast við þau ákvæði þar sem gerð er efnisleg breyting í samanburði við fyrri tilskipun. Skyldan til að taka óbreyttu ákvæðin upp leiðir af fyrri tilskipuninni.

27) Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna varðandi fresti til að leiða í landslög og beita tilskipuninni sem er tilgreind í B-hluta VII. viðauka.

28) Þegar tilskipun þessi er endurskoðuð skal framkvæmdastjórnin gera greiningu á því hvort hún samræmist reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

29) Í samræmi við 34. mgr. samstarfssamningsins milli stofnana um betri lagasetningu ([18]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Sambandsins, að taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem kostur er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

([13]) Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1.
([14]) Stjtíð. EB L 331, 7.12.1998, bls. 1.
([15]) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82.
([16]) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.
([17]) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.
([18]) Stjtíð. ESB L 321, 31.3.2003, bls. 1.

30) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að setja takmarkanir um notkun hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs vandamálsins og afleiðinga þess að því er varðar aðra löggjöf Sambandsins um endurnýtingu og förgun úrgangs og svið sem varða sameiginlega hagsmuni, t.d. heilsuvernd manna, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Viðfangsefni

Í tilskipun þessari er mælt fyrir um reglur um takmarkanir á notkun hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði með það í huga að stuðla að heilsuvernd manna og verndun umhverfisins, þ.m.t. umhverfisvænni endurheimt og förgun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs.

2. gr.

Gildissvið

1. Tilskipun þessi gildir, með fyrirvara um 2. mgr., um raf- og rafeindabúnað sem fellur undir flokkana sem taldir eru upp í I. viðauka.

2. Með fyrirvara um 3. og 4. mgr. 4. gr. skulu aðildarríkin kveða á um að raf- og rafeindabúnað, sem féll utan gildissviðs tilskipunar 2002/95/EB, en sem mun ekki uppfylla skilyrði þessarar tilskipunar, megi samt sem áður bjóða fram á markaði til 22. júlí 2019.

3. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um kröfur í löggjöf Sambandsins um öryggi og heilbrigði og um íðefni, einkum reglugerð (EB) nr. 1907/2006, og kröfur í sértækri löggjöf Sambandsins um meðhöndlun úrgangs.

4. Þessi tilskipun gildir ekki um:

a) búnað sem er nauðsynlegur vegna verndar grundvallaröryggishagsmuna aðildarríkjanna, þ.m.t. vopn, skotfæri og hergögn, sem eru sérstaklega til nota í hernaðarlegum tilgangi,

b) búnað sem er ætlaður til sendingar út í geim,

c) búnað, sem er sérstaklega hannaður og setja á upp sem hluta af annars konar búnaði sem er undanskilinn eða fellur ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar, sem gegnir aðeins hlutverki sínu ef hann er hluti af þeim búnaði, og sem er aðeins hægt að skipta út með sama sérstaklega hannaða búnaðinum,

d) stór, föst iðnaðartæki,

e) stóran fastan búnað,

f) farartæki til farþega- eða vöruflutninga, að undanskildum rafknúnum ökutækjum á tveimur hjólum, sem eru ekki gerðarviðurkennd,

g) færanlegan vélbúnað til nota utan vega, sem er eingöngu fáanlegur til nota í atvinnuskyni,

h) virk, ígræðanleg lækningatæki,

i) ljósspennuplötur, sem ætlaðar eru til notkunar í kerfi sem er hannað, samsett og uppsett af sérfræðingum til varanlegrar notkunar á skilgreindum stöðum til að framleiða orku frá sólarljósi til notkunar fyrir almenning, í fyrirtækjum, í iðnaði og á heimilum,

j) búnað sem er sérstaklega hannaður fyrir rannsóknar- og þróunarstarfsemi og eingöngu fáanlegur í viðskiptum á milli fyrirtækja.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „raf- og rafeindabúnaður“: búnaður sem er háður rafstraumi eða rafsegulsviði til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið og hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1500 volt þegar um er að ræða jafnstraum,

2) „háður“: að því er varðar 1. lið, með tilliti til raf- og rafeindabúnaðar, að þurfa rafstraum eða rafsegulsvið til að uppfylla a.m.k. eitt af þeim hlutverkum sem búnaðinum er ætlað að sinna,

3) „stór föst iðnaðartæki“: stór samstæða véla, búnaðar og/eða íhluta, sem vinna saman til ákveðinna nota, sem eru sett upp varanlega og tekin niður af fagmönnum á tilteknum stað og sem er notuð og viðhaldið af fagmönnum í starfsstöð í framleiðsluiðnaði eða í rannsóknum og þróunarstarfsemi,

4) „stór fastur búnaður“: stór samsetning á mörgum gerðum tækja og, ef við á, öðrum búnaði sem er settur saman, komið fyrir af fagmönnum og ætlaður til varanlegrar notkunar á fyrirfram ákveðnum stað, og er tekinn niður af fagmönnum,

5) „kapall“: hvers kyns kaplar með málspennu, sem er minni en 250 volt og eru tenging eða framlenging til að tengja raf- og rafeindabúnað við rafmagnsúttak eða til að tengja saman raf- og rafeindabúnað,

6) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir raf- og rafeindabúnað eða lætur hanna eða framleiða slíkan búnað og markaðssetur hann undir eigin heiti eða eigin vörumerki,

7) „viðurkenndur fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem hefur skriflegt umboð frá framleiðandanum til að koma fram fyrir hans hönd í tengslum við tilgreind verkefni,

8) „dreifingaraðili“: einstaklingur eða lögaðili í aðfangakeðjunni, annar en framleiðandi eða innflytjandi, sem býður raf- og rafeindabúnað fram á markaði,

9) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu innan Sambandsins sem setur raf- og rafeindabúnað frá þriðja landi á markað í Sambandinu,

10) „rekstraraðilar“: framleiðandi, viðurkenndur fulltrúi, innflytjandi og dreifingaraðili,

11) „að bjóða fram á markaði“ öll afhending raf- og rafeindabúnaðar til dreifingar, neyslu eða til notkunar á markaði Sambandsins á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,

12) „setning á markað“: að bjóða raf- og rafeindabúnað fram í fyrsta sinn á markaði í Sambandinu,

13) „samhæfður staðall“: staðall sem ein af evrópsku staðlastofnununum, sem tilgreindar eru í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([19]), hefur tekið upp á grundvelli beiðni frá framkvæmdastjórninni í samræmi við 6. gr. tilskipunar 98/34/EB,

14) „tækniforskrift“: skjal þar sem mælt er fyrir um tæknikröfur sem vörur, vinnsla eða þjónusta þurfa að uppfylla,

15) „CE-merkið“: merki þar sem framleiðandinn tilgreinir að varan sé í samræmi við gildandi kröfur sem settar eru fram í samhæfingarlöggjöf Sambandsins, þar sem kveðið er á um áfestingu merkisins,

16) „samræmismat“: ferli sem sýnir fram á hvort að kröfur þessarar tilskipunar séu uppfylltar að því er varðar raf- og rafeindabúnað,

17) „markaðseftirlit“: sú starfsemi sem opinber yfirvöld annast og þær ráðstafanir sem þau gera til að tryggja að raf- og rafeindabúnaður uppfylli kröfurnar, sem settar eru fram í þessari tilskipun, og stofni ekki í hættu heilbrigði, öryggi eða öðrum þáttum er varða hagsmuni almennings,

18) „innköllun“: hver sú ráðstöfun sem miðar að því að vara, sem hefur þegar verið boðin endanlegum notenda, sé skilað til baka,

19) „vara tekin af markaði“: hvers konar ráðstöfun sem miðar að því að koma í veg fyrir að vara í aðfangakeðjunni sé boðin fram á markaði,

20) „ósamsett efni“: eitt efni með eins samsetningu eða efni sem er samsett úr efnum, sem ekki er hægt að taka í sundur eða aðskilja í önnur efni með kraftrænu álagi eins og t.d. með því að skrúfa í sundur, með afskurði, mulningi, mölun og slípun,

21) „lækningatæki“: lækningatæki í skilningi a-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/42/EBE og sem er einnig raf- og rafeindabúnaður,

22) „lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi“: lækningatæki til sjúkdómsgreiningar í glasi í skilningi b-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 98/79/EB,

23) „virkt, ígræðanlegt lækningatæki“: virkt, ígræðanlegt lækningatæki í skilningi c-liðar 2. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki ([20]),

24) „vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði“: tæki til vöktunar og eftirlits, sem eru eingöngu ætluð til notkunar í iðnaði eða til faglegrar notkunar,

25) „tiltækileiki staðgönguefnis“: möguleikinn að framleiða staðgönguefni og afhenda það innan hæfilegs tíma samanborið við þann tíma sem framleiðsla og afhending efnanna, sem talin eru upp í II. viðauka, tekur,

26) „áreiðanleiki staðgönguefnis“: líkurnar á því að raf- og rafeindabúnaður, sem notast við staðgönguefni, muni starfa eins og til er ætlast án þess að bila, við ákveðin skilyrði og í ákveðinn tíma,

27) „varahlutur“: aðgreindur hluti raf- og rafeindabúnaðar sem getur komið í staðinn fyrir hluta raf- og rafeindabúnaðar. Raf- og rafeindabúnaðurinn getur ekki starfað eins og til er ætlast án þessa hluta raf- og rafeindabúnaðarins. Virkni raf- og rafeindabúnaðarins er endurheimt eða uppfærð þegar varahluturinn er settur í staðinn fyrir hlutinn,

28) „færanlegur vélbúnaður til nota utan vega, sem eingöngu er fáanlegur til nota í atvinnuskyni“: vélbúnaður með innbyggðan aflgjafa, sem útheimtir annað hvort hreyfanleika eða samfelldan, eða því sem næst samfelldan, flutning milli nokkurra fastra vinnustöðva við vinnslu og er eingöngu fáanlegur til nota í atvinnuskyni.

4. gr.

Forvarnir

1. Aðildarríkin skulu tryggja að raf- og rafeindabúnaður sem er settur á markað, þ.m.t. kaplar og varahlutir til viðgerða á búnaðinum, endurnotkunar, uppfærslu á virkni hans eða endurbóta á afköstum hans, innihaldi ekki efnin sem talin eru upp í II. viðauka.

2. Að því er þessa tilskipun varðar er ekki leyfilegur hærri styrkur en hámarksstyrkur miðað við þyngd ósamsettra efna, eins og það er tilgreint í II. viðauka. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 20. gr. og með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 21. og 22. gr., ítarlegar reglur um að fylgja þessum gildum fyrir hámarksstyrk með tilliti til m.a. efna til yfirborðsmeðferðar.

([19]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

([20]) Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17.

3. Ákvæði 1. mgr. gilda um lækningatæki og tæki til vöktunar og eftirlits, sem eru sett á markað frá 22. júlí 2014, um lækningabúnað til sjúkdómsgreiningar í glasi, sem er settur á markað frá 22. júlí 2016 og um tæki til vöktunar og eftirlits í iðnaði, sem eru sett á markað frá 22. júlí 2017.

4. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um kapla eða varahluti vegna viðgerða, endurnotkunar, uppfærslu á virkni eða endurnýjun á afköstum á eftirfarandi:

a) raf- og rafeindabúnaði sem er settur á markað fyrir 1. júlí 2006,

b) lækningatækjum sem eru sett á markað fyrir 22. júlí 2014,

c) lækningabúnaði til sjúkdómsgreiningar í glasi sem er settur á markað fyrir 22. júlí 2016,

d) vöktunar- og eftirlitstækjum sem eru sett á markað fyrir 22. júlí 2014,

e) vöktunar- og eftirlitstækjum í iðnaði sem eru sett á markað fyrir 22. júlí 2017,

f) raf- og rafeindabúnaði, sem hefur fengið undanþágu og sem var settur á markað áður en sú undanþága féll úr gildi, að því er þessa tilteknu undanþágu varðar.

5. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um endurnýtta varahluti úr raf- og rafeindabúnaði, sem var settur á markað fyrir 1. júlí 2006, og er notaður í búnað sem er settur á markað fyrir 1. júlí 2016, að því tilskildu að sú endurnotkun fari fram í lokuðu skilakerfi fyrir viðskipti á milli fyrirtækja sem gera má úttekt á og að endurnýting hluta sé tilkynnt neytandanum.

6. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um þá notkun sem um getur í III. og IV. viðauka.

5. gr.

Aðlögun viðaukanna að framförum á sviði vísinda og tækni

1. Að því er varðar aðlögun III. og IV. viðauka að framförum á sviði vísinda og tækni og til þess að ná markmiðunum, sem sett eru fram í 1. gr., skal framkvæmdastjórnin samþykkja eftirfarandi ráðstafanir, með sérstökum framseldum gerðum í samræmi við 20. gr. og með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 21. og 22. gr.:

a) færslu efna og íhluta raf- og rafeindabúnaðar til sérstakrar notkunar á skrárnar í III. og IV. viðauka að því tilskildu að ekki sé dregið úr umhverfis- og heilsuvernd, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og þegar einhver af eftirfarandi skilyrðum eru uppfyllt:

   — ekki er tæknilega eða vísindalega mögulegt að taka þau út eða skipta þeim út með breytingum á hönnun eða með efnum og íhlutum, sem innihalda ekki einhver efnanna, sem eru talin upp í II. viðauka,

   — áreiðanleiki staðgönguefnanna er ekki tryggður,

   — samanlögð neikvæð áhrif á umhverfis-, heilsu- og neytendavernd af völdum útskiptingar munu líklega vega þyngra en samanlagður ávinningur hennar fyrir umhverfis-, heilsu- og neytendavernd.

   Í ákvörðunum um að bæta efnum eða íhlutum raf- og rafeindabúnaðar á skrárnar í III. og IV. viðauka og um tímalengd undanþága skal taka tillit til tiltækileika staðgönguefna og félagslegra og hagrænna áhrifa þess að skipta út efnum. Í ákvörðunum um tímalengd undanþága skal taka tillit til hugsanlegra skaðlegra áhrifa fyrir nýsköpun. Hugsun um áhrif undanþáganna á allan vistferilinn skal gilda, ef við á,

b) niðurfellingu efna og íhluta raf- og rafeindabúnaðar af skránum í III. og IV. viðauka þegar skilyrðin, sem sett eru í a-lið eiga ekki lengur við.

2. Ráðstafanir, sem samþykktar eru í samræmi við a-lið 1. mgr., skulu gilda í allt að fimm ár fyrir 1.–7. flokk og 10. og 11. flokk I. viðauka og í allt að sjö ár fyrir 8. og 9. flokk I. viðauka. Gildistími skal ákveðinn í hverju tilviki fyrir sig og heimilt er að endurnýja gildistímann.

Þegar um er að ræða undanþágurnar, sem taldar eru upp í III. viðauka 21. júlí 2011, skal hámarksgildistíminn, sem hægt er að endurnýja, fyrir 1.–7. flokk og 10. flokk í I. viðauka vera 5 ár frá 21. júlí 2011, og fyrir 8. og 9. flokk í I. viðauka 7 ár frá viðeigandi dagsetningum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr., nema að styttri tími sé tilgreindur.

Að því er varðar undanþágurnar sem taldar eru upp í IV. viðauka 21. júlí 2011 skal hámarksgildistíminn, sem hægt er að endurnýja, vera sjö ár frá viðeigandi dagsetningum sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr., nema að styttri tími sé tilgreindur.

3. Umsóknir um að veita, endurnýja eða afturkalla undanþágu skal senda framkvæmdastjórninni í samræmi við V. viðauka.

4. Framkvæmdastjórnin skal:

a) staðfesta viðtöku umsóknar skriflega innan 15 daga frá viðtöku hennar. Í staðfestingu um viðtöku skal tilgreina viðtökudag umsóknarinnar,

b) tilkynna aðildarríkjunum um umsóknina án tafar og veita þeim aðgang að henni ásamt öllum viðbótarupplýsingum sem umsækjandi leggur fram,

c) gera samantekt umsóknarinnar aðgengilega almenningi,

d) meta umsóknina og rökstuðning hennar.

5. Umsókn um endurnýjun undanþágu skal senda eigi síðar en 18 mánuðum áður en undanþágan fellur úr gildi.

Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um umsókn um endurnýjun undanþágu eigi síðar en 6 mánuðum áður en gildandi undanþága fellur úr gildi nema að sérstakar aðstæður séu fyrir hendi, sem réttlæta aðra fresti. Undanþágan sem er í gildi skal vera áfram í gildi þar til framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun um umsóknina um endurnýjun.

6. Ef umsókn um endurnýjun undanþágu er synjað eða sú undanþága er afturkölluð, skal undanþágan falla úr gildi í fyrsta lagi 12 mánuðum og í síðasta lagi 18 mánuðum eftir að ákvörðunin liggur fyrir.

7. Áður en viðaukunum er breytt skal framkvæmdastjórnin m.a. hafa samráð við rekstraraðila, endurvinnsluaðila, meðhöndlunaraðila, umhverfissamtök og starfsmanna- og neytendasamtök og gera athugasemdir, sem berast, aðgengilegar öllum.

8. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja samræmt snið fyrir umsóknirnar, sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, ásamt yfirgripsmiklum leiðbeiningum fyrir slíkar umsóknir, með tilliti til stöðu lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

6. gr.

Endurskoðun og breytingar á skránni yfir efni, sem sæta takmörkunum, í II. viðauka

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 22. júlí 2014, taka til athugunar endurskoðun á grundvelli ítarlegs mats, og breytingar á skránni yfir efni sem sæta takmörkunum í II. viðauka, með það fyrir augum að ná markmiðunum sem sett eru fram í 1. gr., og með tilliti til varúðarreglunnar og reglulega eftir það, að eigin frumkvæði eða í kjölfar tillögu aðildarríkis, sem felur í sér upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr.

Þessi endurskoðun og breytingar á skránni yfir efni sem sæta takmörkunum í II. viðauka skulu vera í samræmi við aðra löggjöf í tengslum við íðefni, einkum reglugerð (EB) nr. 1907/2006 og skal m.a. taka tillit til XIV. og XVII. viðauka við þá reglugerð. Í endurskoðuninni skal notast við þekkingu sem er aðgengileg öllum og verður til við beitingu slíkrar löggjafar.

Til þess að endurskoða og breyta II. viðauka skal framkvæmdastjórnin taka sérstakt tillit til þess hvort að efni, þ.m.t. efni sem eru afar lítil að stærð eða afar lítil að innri eða ytri gerð, eða flokkur sambærilegra efna:

a) geti haft neikvæð áhrif á meðan á meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs á sér stað, þ.m.t. á möguleikann á því að undirbúa endurnotkun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs eða endurvinnslu á efnum úr raf- og rafeindabúnaðarúrgangi,

b) geti valdið, í ljósi notkunar þess, stjórnlausri eða dreifðri losun efnisins út í umhverfið eða valdið því að hættulegar leifar verði til, eða ummynduð efni eða niðurbrotsefni við undirbúning fyrir endurnotkun, endurvinnslu eða aðra meðhöndlun efna frá raf- og rafeindabúnaðarúrgangi samkvæmt núverandi rekstrarskilyrðum,

c) geti leitt til óviðunandi váhrifa á starfsmenn sem starfa við sorphirðu eða meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs,

d) sé hægt að skipta út með staðgönguefnum eða annarri tækni, sem hafa minni neikvæð áhrif.

Á meðan þessi endurskoðun fer fram skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við hagsmunaaðila, þ.m.t. rekstraraðila, endurvinnsluaðila, meðhöndlunaraðila, umhverfissamtök og starfsmanna- og neytendasamtök.

2. Tillaga að endurskoðun og breytingu á skránni yfir efni, sem sæta takmörkunum, eða flokk sambærilegra efna, í II. viðauka skal innihalda a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) nákvæmt og skýrt orðalag yfir þær takmarkanir sem lagðar eru til,

b) tilvísanir og rannsóknaniðurstöður sem takmörkunin er byggð á,

c) upplýsingar um notkun efnisins eða flokks sambærilegra efna í raf- og rafeindabúnaði,

d) upplýsingar um skaðleg áhrif og váhrif, einkum við úrgangsstjórnun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs,

e) upplýsingar um hugsanleg staðgönguefni og önnur efni sem geta komið í staðinn, tiltækileika þeirra og áreiðanleika,

f) rökstuðning fyrir því að talið sé að takmörkun efnisins í öllu Sambandinu sé sú ráðstöfun sem er mest viðeigandi,

g) félagslegt og hagrænt mat.

3. Ráðstafanirnar, sem um getur í þessari grein, skulu samþykktar af framkvæmdastjórninni með framseldum gerðum í samræmi við 20. gr. og með fyrirvara um skilyrðin í 21. og 22. gr.

7. gr.

Skyldur framleiðenda

Aðildarríkin skulu sjá til þess að:

a) þegar raf- og rafeindabúnaður er settur á markað skuli framleiðendur tryggja að hann hafi verið hannaður og framleiddur í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 4. gr.,

b) framleiðendur útbúi tilskilin tæknigögn og framkvæmi, eða láti framkvæma, innra framleiðsluefirlit í samræmi við aðferðareiningu A í II. viðauka við ákvörðun 768/2008/EB,

c) þegar sýnt hefur verið fram á að raf- og rafeindabúnaður uppfylli viðeigandi kröfur með eftirlitsferlinu, sem um getur í b-lið, útbúi framleiðendur ESB-samræmisyfirlýsingu og festi CE-merkið á fullunna vöruna. Þegar önnur gildandi löggjöf Sambandsins kveður á um notkun samræmismatsaðferðar, sem er a.m.k. jafn ströng, er heimilt að sýnt sé fram á að kröfurnar í 1. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar séu uppfylltar í tengslum við þá aðferð. Útbúa má eitt skjal með tæknigögnum,

d) framleiðendur varðveiti tæknigögnin og ESB-samræmisyfirlýsinguna í tíu ár eftir að raf- og rafeindabúnaðurinn hefur verið settur á markað,

e) framleiðendur tryggi að aðferðir séu til staðar til að samræmi haldist í raðframleiðslu. Taka skal fullnægjandi tillit til breytinga á hönnun eða eiginleikum vöru og breytinga á samhæfðum stöðlum eða tækniforskriftum sem lýst er yfir að samræmi raf- og rafeindabúnaðar miðist við,

f) framleiðendur haldi skrá yfir raf- og rafeindabúnað, sem stenst ekki kröfur og yfir innköllun vöru og upplýsi dreifingaraðila um slíkt,

g) framleiðendur tryggi að á raf- og rafeindabúnaði þeirra sé gerðar-, framleiðslueiningar- eða raðnúmer eða annað sem gerir kleift að bera kennsl á búnaðinn eða, ef það er ekki hægt vegna stærðar eða eðlis raf- og rafeindabúnaðarins, að tilskildar upplýsingar séu veittar á umbúðunum eða í skjali sem fylgir raf- og rafeindabúnaðinum,

h) framleiðendur tilgreini nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við þá, á raf- og rafeindabúnaðinum eða, ef það er ekki mögulegt, á umbúðunum eða í skjali sem fylgir raf- og rafeindabúnaðinum. Heimilisfangið skal tilgreina einn stað þar sem hægt er að hafa samband við framleiðandann. Þegar önnur gildandi löggjöf Sambandsins kveður á um að festa skuli á nafn og heimilisfang framleiðandans og þau ákvæði eru a.m.k. jafn ströng skulu þau ákvæði gilda,

i) framleiðendur, sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að raf- og rafeindabúnaður, sem þeir hafa sett á markað, sé ekki í samræmi við þessa tilskipun, geri tafarlaust nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta til að færa þann raf- og rafeindabúnað til samræmis, taki búnaðinn af markaði eða innkalli hann, ef við á, og upplýsi þegar í stað lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna, þar sem búnaðurinn er fáanlegur, um það og gefi ítarlegar upplýsingar, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum og um allar ráðstafanir til úrbóta sem gerðar hafa verið,

j) framleiðendur, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhendi allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi raf- og rafeindabúnaðar við þessa tilskipun, á því tungumáli sem er auðskilið af því yfirvaldi og að þeir starfi með því yfirvaldi samkvæmt beiðni þess að hvers kyns aðgerðum sem gripið er til, til að tryggja samræmi raf- og rafeindabúnaðar sem þeir hafa sett á markað, við þessa tilskipun.

8. gr.

Skuldbindingar viðurkenndra fulltrúa

Aðildarríkin skulu sjá til þess að:

a) framleiðendur hafi möguleika á að tilnefna viðurkenndan fulltrúa með skriflegu umboði. Skuldbindingarnar, sem mælt er fyrir um í a-lið 7. gr., og gerð tæknigagna skulu ekki vera hluti af umboði viðurkennda fulltrúans.

b) viðurkenndi fulltrúinn inni af hendi þau verkefni sem tilgreind eru í umboðinu frá framleiðandanum. Umboðið skal a.m.k. gefa viðurkennda fulltrúanum heimild til:

— að varðveita ESB-samræmisyfirlýsinguna og tæknigögnin svo þau séu tiltæk fyrir landsbundin eftirlitsyfirvöld í tíu ár eftir að raf- og rafeindabúnaðurinn hefur verið settur á markað,

— að afhenda, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, því yfirvaldi allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á að raf- og rafeindabúnaðar sé í samræmi við þessa tilskipun,

— að hafa samvinnu við lögbær landsyfirvöld, að beiðni þeirra, að því er varðar allar aðgerðir sem er gripið til í því skyni að tryggja raf- og rafeindabúnaðar, sem fellur undir umboðið, sé í samræmi við þessa tilskipun.

9. gr.

Skyldur innflytjenda

Aðildarríkin skulu sjá til þess að:

a) innflytjendur setji aðeins á markað í Sambandinu raf- og rafeindabúnað sem er í samræmi við þessa tilskipun,

b) innflytjendur tryggi, áður en þeir setja raf- og rafeindabúnað á markað, að framleiðandinn hafi framkvæmt viðeigandi samræmismatsaðferðir og að þeir tryggi enn fremur að framleiðandinn hafi útbúið tæknigögnin, að raf- og rafeindabúnaðurinn hafi CE-merki og honum fylgi tilskilin gögn og að framleiðandinn hafi uppfyllt kröfurnar sem settar eru fram í g- og h-liðum 7. gr.,

c) ef innflytjandi telur eða hefur ástæðu til að ætla að raf- og rafeindabúnaður sé ekki í samræmi við 4. gr., að hann setji raf- og rafeindabúnaðinn ekki á markað fyrr en hann hefur verið færður til samræmis og að þessi innflytjandi upplýsi framleiðandann og markaðseftirlitsyfirvöld um það,

d) innflytjendur tilgreini nafn sitt, skráð viðskiptaheiti eða skráð vörumerki og heimilisfang, þar sem hafa má samband við þá, á raf- og rafeindabúnaðinum eða, ef það er ekki mögulegt, á umbúðunum eða í skjali sem fylgir raf- og rafeindabúnaðinum. Þegar önnur gildandi löggjöf Sambandsins kveður á um að festa skuli á nafn og heimilisfang innflytjandans og þau ákvæði eru a.m.k. jafn ströng, skulu þau ákvæði gilda,

e) innflytjendur haldi skrá yfir raf- og rafeindabúnað, þar sem samræmi er ekki til staðar og raf- og rafeindabúnað, sem hefur verið innkallaður, til að tryggja samræmi við þessa reglugerð, og upplýsi dreifingaraðila um það,

f) innflytjendur, sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að raf- og rafeindabúnaður, sem þeir hafa sett á markað, sé ekki í samræmi við þessa tilskipun, geri tafarlaust nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta til að færa þann raf- og rafeindabúnað til samræmis, taki búnaðinn af markaði eða innkalli hann, ef við á, og upplýsi þegar í stað lögbær landsyfirvöld

aðildarríkjanna, þar sem búnaðurinn er fáanlegur, um það og gefi ítarlegar upplýsingar, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum og um allar ráðstafanir til úrbóta sem gerðar hafa verið,

g) innflytjendur varðveiti afrit af ESB-samræmisyfirlýsingunni í tíu ár eftir að raf- og rafeindabúnaðurinn hefur verið settur á markað og hafi tiltæka fyrir markaðseftirlitsyfirvöld og tryggi að þessi yfirvöld geti haft aðgang að tæknigögnunum, sé þess óskað,

h) innflytjendur, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhendi allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi raf- og rafeindabúnaðar við þessa tilskipun, á því tungumáli sem er auðskilið af því yfirvaldi og að þeir starfi með því yfirvaldi samkvæmt beiðni þess að hvers kyns aðgerðum sem gripið er til, til að tryggja samræmi raf- og rafeindabúnaðar sem þeir hafa sett á markað, við þessa tilskipun.

10. gr.

Skyldur dreifingaraðila

Aðildarríkin skulu sjá til þess að:

a) dreifingaraðilar gæti þess á tilhlýðilegan hátt að raf- og rafeindabúnaður, sem þeir bjóða fram á markaði, sé í samræmi við gildandi kröfur, einkum með því að sannreyna að raf- og rafeindabúnaður beri CE-merki, honum fylgi tilskilin gögn á því tungumáli sem er auðskilið af neytendum og öðrum endanlegum notendum í aðildarríkinu þar sem bjóða á raf- og rafeindabúnaðinn fram á markaði, og að framleiðandinn og innflytjandinn hafi uppfyllt kröfurnar í g- og h-lið 7. gr. og d-lið 9. gr.,

b) ef dreifingaraðili telur eða hefur ástæðu til að ætla að raf- og rafeindabúnaður sé ekki í samræmi við 4. gr., að hann bjóði raf- og rafeindabúnaðinn ekki fram á markaði fyrr en hann hefur verið færður til samræmis og að þessi dreifingaraðili upplýsi framleiðandann eða innflytjandann og markaðseftirlitsyfirvöld um það,

c) dreifingaraðilar, sem telja eða hafa ástæðu til að ætla að raf- og rafeindabúnaður, sem þeir hafa boðið fram á markaði, sé ekki í samræmi við þessa tilskipun, geri nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta til að færa þann raf- og rafeindabúnað til samræmis, taki búnaðinn af markaði eða innkalli hann, ef við á, og upplýsi þegar í stað lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna, þar sem búnaðurinn er fáanlegur, um það og gefi ítarlegar upplýsingar, einkum um tilvik þar sem ekki er farið að tilskildum ákvæðum og um allar ráðstafanir til úrbóta sem gerðar hafa verið,

d) dreifingaraðilar, á grundvelli rökstuddrar beiðni frá lögbæru landsyfirvaldi, afhendi allar upplýsingar og skjöl sem nauðsynleg eru til að sýna fram á samræmi raf- og rafeindabúnaðar við þessa tilskipun, og að þeir starfi með því yfirvaldi, samkvæmt beiðni þess, að hvers kyns aðgerðum sem gripið er til í því skyni að tryggja að raf- og rafeindabúnaður, sem þeir hafa boðið fram á markaði, sé í samræmi við þessa tilskipun.

11. gr.

Tilvik þar sem skyldur framleiðenda gilda um innflytjendur og dreifendur

Aðildarríki skulu tryggja að innflytjandi eða dreifingaraðili sé talinn vera framleiðandi í skilningi þessarar tilskipunar og skal hann gegna sömu skyldum og framleiðandi skv. 7. gr. þegar hann setur raf- og rafeindabúnað á markað undir eigin nafni eða eigin vörumerki eða gerir breytingar á raf- og rafeindabúnaði, sem þegar hefur verið settur á markað, þannig að breytingarnar kunni að hafa áhrif á það hvort raf- og rafeindabúnaðinn uppfylli viðeigandi kröfur.

12. gr.

Rekstraraðilar tilgreindir

Aðildarríki skulu tryggja að rekstraraðilar gefi markaðseftirlitsyfirvöldum eftirfarandi upplýsingar, samkvæmt beiðni, í tíu ár eftir að raf- og rafeindabúnaður er settur á markað:

a) um alla rekstraraðila sem hafa afhent þeim raf- og rafeindabúnað,

b) um alla rekstraraðila sem þeir hafa afhent raf- og rafeindabúnað.

13. gr.

ESB-samræmisyfirlýsing

1. Í ESB-samræmisyfirlýsingu skal lýsa yfir að sýnt hafi verið fram á að kröfurnar sem tilgreindar eru í 4. gr. hafi verið uppfylltar.

2. ESB-samræmisyfirlýsingin skal byggð upp eins og fyrirmyndin, og innihalda þá þætti sem tilgreindir eru, í VI. viðauka og skal uppfærð. Hún skal vera þýdd á það eða þau tungumál sem aðildarríkið, þar sem varan er sett á markað eða boðin fram á markaði, gerir kröfu um.

Þegar önnur gildandi löggjöf Sambandsins kveður á um notkun samræmismatsaðferðar, sem er a.m.k. jafn ströng, er heimilt að sýnt sé fram á að kröfurnar í 1. mgr. 4. gr. þessarar tilskipunar séu uppfylltar í tengslum við þá aðferð. Útbúa má eitt skjal yfir tæknigögn.

3. Með samningu ESB-samræmisyfirlýsingar skal framleiðandinn taka á sig ábyrgð á að raf- og rafeindabúnaður sé í samræmi við þessa tilskipun.

14. gr.

Almennar meginreglur um CE-merkið

Um CE-merkið skulu gilda almennu meginreglurnar sem settar eru fram í 30. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

15. gr.

Reglur og skilyrði fyrir áfestingu CE-merkisins

1. Festa skal CE-merkið á fullunninn raf- og rafeindabúnað eða merkiplötu búnaðarins þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og óafmáanlegt. Ef því verður ekki komið við eða það er ástæðulaust vegna eðlis raf- og rafeindabúnaðarins skal festa merkið á umbúðir búnaðarins eða fylgiskjöl hans.

2. CE-merkið skal fest á áður en raf- og rafeindabúnaðurinn er settur á markað.

3. Aðildarríkin skulu byggja á fyrirliggjandi kerfum til að tryggja að reglunum um notkun CE-merkisins sé rétt framfylgt og grípa til viðeigandi ráðstafana ef um óviðeigandi notkun á CE-merkinu er að ræða. Aðildarríki skulu einnig kveða á um viðurlög við brotum, sem getur falið í sér viðurlög á sviði refsiréttar við alvarlegum brotum. Þessi viðurlög skulu vera í réttu hlutfalli við alvarleika brotsins og hafa fyrirbyggjandi áhrif gegn óviðeigandi notkun.

16. gr.

Gengið út frá samræmi

1. Ef ekki er sýnt fram á hið gagnstæða skulu aðildarríkin ganga út frá því að raf- og rafeindabúnaður, sem ber CE-merkið, sé í samræmi við þessa tilskipun.

2. Efni, íhlutir og raf- og rafeindabúnaður, sem hafa farið í gegnum prófanir og mælingar, sem sýna fram á að kröfur 4. gr. séu uppfylltar, eða sem hafa verið metin í samræmi við samhæfða staðla, og tilvísanir í þá hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, skulu talin uppfylla kröfur þessarar tilskipunar.

17. gr.

Formleg andmæli við samhæfðum staðli

1. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin telur að samhæfður staðall fullnægi ekki að öllu leyti kröfunum sem falla undir hann og sem settar eru fram í 4. gr. skal framkvæmdastjórnin eða hlutaðeigandi aðildarríki leggja málið fyrir nefndina sem komið var á fót með 5. gr. tilskipunar 98/34/EB og greina frá ástæðunum fyrir því. Nefndin skal, að höfðu samráði við viðkomandi evrópskar staðlastofnanir, skila áliti sínu án tafar.

2. Framkvæmdastjórnin ákveður, á grundvelli álits nefndarinnar, að birta, birta ekki, birta með takmörkunum, viðhalda, viðhalda með takmörkunum eða draga til baka tilvísanir í viðkomandi samhæfðan staðal í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. Framkvæmdastjórnin skal veita viðkomandi evrópskri staðlastofnun upplýsingar og, ef nauðsyn krefur, óska eftir endurskoðun á viðkomandi samhæfðum stöðlum.

18. gr.

Markaðseftirlit og -stýring raf- og rafeindabúnaðar sem kemur á markað í Sambandinu

Aðildarríki skulu framkvæma markaðseftirlit í samræmi við 15. til 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008.

19. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem komið er á fót með 39. gr. tilskipunar ráðsins 2008/98/EB. Þessi nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

20. gr.

Beiting framseldra gerða

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. , 1. mgr. 5. gr. og í 6. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 21. júlí 2011. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal sjálfkrafa framlengt um jafn langan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 21. gr.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

3. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 21. og 22. gr.

21. gr.

Afturköllun framsalsheimilda

1. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 2. mgr. 4. gr., 1. mgr. 5. gr. og í 6. gr.

2. Sú stofnun, sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds, skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina um það með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða vald, sem hefur verið framselt, gæti verið afturkallað og hugsanlegar ástæður fyrir því.

3. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal þeirra valdheimilda sem tilgreindar eru í ákvörðuninni. Skal hún öðlast gildi tafarlaust, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

22. gr.

Andmæli við framseldar gerðir

1. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi.

Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Hafi hvorki Evrópuþingið né ráðið andmælt framseldri gerð þegar tímabilið, sem um getur í 1. mgr., rennur út skal hún birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta framseldu gerðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún öðlast gildi ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Andmæli Evrópuþingið eða ráðið framseldri gerð innan þess tímabils sem um getur í 1. mgr. öðlast hún ekki gildi. Sú stofnun sem andmælir framseldu gerðinni skal tilgreina ástæðurnar fyrir því.

23. gr.

Viðurlög

Aðildarríki skulu setja reglur um viðurlög vegna brota á ákvæðum landslaga sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að slíkum viðurlögum sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í eðlilegu samræmi við brotin og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði, eigi síðar en 2. janúar 2013, og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

24. gr.

Endurskoðun

1. Eigi síðar en 22. júlí 2014 skal framkvæmdastjórnin rannsaka nauðsyn þess að breyta gildissviði þessarar tilskipunar að því er varðar raf- og rafeindabúnaðinn sem um getur í 2. gr. og skal leggja skýrslu þess efnis fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á, að því er tekur til hvers kyns frekari undanþága sem tengjast þeim raf- og rafeindabúnaði.

2. Eigi síðar en 22. júlí 2021 skal framkvæmdastjórnin framkvæma almenna endurskoðun á þessari tilskipun og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögu að nýrri löggjöf, ef við á.

25. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 2. janúar 2013. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

26. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 2002/95/EB, eins og henni var breytt með gerðunum sem eru tilgreindar í A-hluta VII. viðauka, er felld úr gildi frá og með 3. janúar 2013, með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til lögleiðingar og beitingar tilskipunarinnar, sem eru tilgreindir í B-hluta VII. viðauka.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu gerðirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í VIII. viðauka.

27. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

28. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 8. júní 2011.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
J. BUZEK	GYŐRI E.EN
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

Flokkar raf- og rafeindabúnaðar, sem falla undir þessa tilskipun

1. Stór heimilistæki.
2. Lítil heimilistæki.
3. Upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður.
4. Neytendabúnaður.
5. Ljósabúnaður.
6. Raf- og rafeindatæki.
7. Leikföng, tómstunda- og íþróttabúnaður.
8. Lækningatæki.
9. Vöktunar- og eftirlitstæki, þ.m.t. vöktunar- og eftirlitstæki í iðnaði.
10. Sjálfsalar.
11. Annar raf- og rafeindabúnaður, sem fellur ekki undir flokkana hér að framan.

II. VIÐAUKI

Efni, sem sæta takmörkunum, sem um getur í 1. mgr. 4. gr., og leyfilegur hámarksstyrkur miðað við þyngd í ósamsettum efnum

Blý (0,1%)

Kvikasilfur (0,1%)

Kadmíum (0,01%)

Sexgilt króm (0,1%)

Fjölbrómuð bífenýl (PBB) (0,1%)

Fjölbrómaðir dífenýleterar (PBDE) (0,1%)

III. VIÐAUKI

Notkun sem er undanþegin takmörkununum í 1. mgr. 4. gr.

Undanþága		Gildissvið og gildistími
1	Kvikasilfur í (sambyggðum) flúrperum með einum sökkli, ekki yfir (í hverri peruhöldu (e. burner)):	
1.a	Til almennrar lýsingar < 30 W: 5 mg	Fellur úr gildi 31. desember 2011. Nota má 3,5 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011 og til 31. desember 2012. Nota skal 2,5 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2012
1.b	Til almennrar lýsingar ≥ 30 W og < 50 W: 5 mg	Fellur úr gildi 31. desember 2011. Nota má 3,5 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011
1.c	Til almennrar lýsingar ≥ 50 W og < 150 W: 5 mg	
1.d	Til almennrar lýsingar ≥ 150 W: 15 mg	
1.e	Til almennrar lýsingar, með hringlaga eða ferhyrnda lögun og rörþvermál ≤ 17 mm	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 7 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011
1.f	Til sérstakra nota: 5 mg	
2.a	Kvikasilfur í ílöngum flúrperum með tveimur sökklum, til almennrar lýsingar, ekki yfir (í hverri peru):	
2.a.1	Þrífosfórperur með eðlilegan endingartíma og rörþvermál < 9 mm (t.d. T2): 5 mg	Fellur úr gildi 31. desember 2011. Nota má 4 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
2.a.2	Þrífosfórperur með eðlilegan endingartíma og rörþvermál ≥ 9 mm og ≤ 17 mm (t.d. T5): 5 mg	Fellur úr gildi 31. desember 2011. Nota má 3 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
2.a.3	Þrífosfórperur með eðlilegan endingartíma og rörþvermál > 17 mm og ≤ 28 mm (t.d. T8): 5 mg	Fellur úr gildi 31. desember 2011. Nota má 3,5 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
2.a.4	Þrífosfórperur með eðlilegan endingartíma og rörþvermál > 28 mm (t.d. T12): 5 mg	Fellur úr gildi 31. desember 2012. Nota má 3,5 mg í hverja peru eftir 31. desember 2012
2.a.5	Þrífosfórperur með langan endingartíma (≥ 25 000 klst.): 8 mg	Fellur úr gildi 31. desember 2011. Nota má 5 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
2.b	Kvikasilfur í öðrum flúrperum, ekki yfir (í hverri peru):	
2.b.1	Ílangar halófosfatperur með rörþvermál > 28 mm (t.d. T10 og T12): 10 mg	Fellur úr gildi 13. apríl 2012
2.b.2	Halófosfatperur sem ekki eru beinar (öll þvermál): 15 mg	Fellur úr gildi 13. apríl 2016
2.b.3	Þrífosfórperur sem ekki eru beinar, með rörþvermál > 17 mm (t.d. T9)	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 15 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
2.b.4	Perur til annarrar almennrar lýsingar og til sérstakra nota (t.d. spanperur)	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 15 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011

Undanþága		Gildissvið og gildistími
3.	Kvikasilfur í kaldskautsperum og flúrperum með utanáliggjandi rafskautum til sérstakra nota, ekki yfir (í hverri peru):	
3.a	Stuttar perur (≤ 500 mm)	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 3,5 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
3.b	Meðallangar perur (> 500 mm og ≤ 1500 mm)	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 5 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
3.c	Langar perur (> 1500 mm)	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 13 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
4.a	Kvikasilfur í öðrum lágþrýstum úrhleðsluperum (í hverri peru):	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 15 mg í hverja peru eftir 31. desember 2011
4.b	Kvikasilfur í háþrýstum natríumperum til almennrar lýsingar, ekki yfir (í hverri peruhöldu), í perum með bættan litendurgjafarstuðul Ra > 60:	
4.b.I	P ≤ 155 W	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 30 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011
4.b.II	155 W < P ≤ 405 W	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 40 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011
4.b.III	P > 405 W	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 40 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011
4.c	Kvikasilfur í öðrum háþrýstum natríumperum til almennrar lýsingar, ekki yfir (í hverri peruhöldu):	
4.c.I	P ≤ 155 W	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 25 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011
4.c.II	155 W < P ≤ 405 W	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 30 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011
4.c.III	P > 405 W	Engin takmörkun á notkun til 31. desember 2011. Nota má 40 mg í hverja peruhöldu eftir 31. desember 2011
4.d	Kvikasilfur í háþrýstum kvikasilfursperum	Fellur úr gildi 13. apríl 2015
4.e	Kvikasilfur í málmhalógenperum	
4.f	Kvikasilfur í öðrum úrhleðsluperum til sérstakra nota sem ekki er getið sérstaklega í þessum viðauka	
5.a	Blý í gleri í myndlömpum	
5.b	Blý í gleri í flúrperum, ekki yfir 0,2% miðað við þyngd	

Undanþága		Gildissvið og gildistími
6.a	Blý sem málmblendisþáttur í stáli sem er notað til vinnslu og í galvanhúðuðu stáli sem inniheldur allt að 0,35% af blýi miðað við þyngd	
6.b	Blý sem málmblendisþáttur í áli sem inniheldur allt að 0,4% af blýi miðað við þyngd	
6.c	Koparblendi sem inniheldur allt að 4% af blýi, miðað við þyngd	
7.a	Blý í lóðningarefni með háu bræðslumarki (þ.e. málmblendi sem eru að stofni til úr blýi og styrkur blýs í þeim er 85% eða meiri)	
7.b	Blý í lóðningarefni fyrir netþjóna, diska, sem geyma gögn, og gagnageymslur, netgrunnvirkisbúnað til að tengja, senda merki og senda út og netkerfisstjórnunarbúnað fyrir fjarskipti	
7.c.I	Raf- og rafeindaíhlutir sem innihalda blý í gleri eða keramík, annarri en rafefnakeramík (e. dielectric ceramic) í þéttum, t.d. þrýstiraftækjum eða í uppistöðuefnasamböndum glers eða keramíkur	
7.c.II	Blý í rafefnakeramík í þéttum fyrir málspennu sem er 125 V riðspenna eða 250 V jafnspenna eða hærri	
7.c.III	Blý í rafefnakeramík í þéttum fyrir málspennu sem er lægri en 125 V riðspenna eða 250 V jafnspenna	Fellur úr gildi 1. janúar 2013 og eftir þann dag má nota það í varahluti fyrir raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað fyrir 1. janúar 2013
8.a	Kadmíum og efnasambönd þess í perlubræðivörum	Fellur úr gildi 1. janúar 2012 og eftir þann dag má nota það í varahluti fyrir raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað fyrir 1. janúar 2012
8.b	Kadmíum og efnasambönd þess í rafsnertum	
9.	Sexgilt króm sem tæringarvarnarefni í kolstálskælikerfinu í ísogskælum, upp að 0,75%, miðað við þyngd, í kælilausninni	
9.b	Blý í legubökkum og fóðringum fyrir þjöppur, sem innihalda kælimiðil, til notkunar til hitunar, loftræstingar, loftjöfnunar og kælingar	
11.a	Blý sem er notað í C-press-tengikerfi með sveigjanlegum pinnum.	Má nota í varahluti fyrir raf- og rafeindabúnað sem settur var á markað fyrir 24. september 2010
11.b	Blý sem er notað í tengikerfi með sveigjanlegum pinnum, önnur en C-press-kerfi.	Fellur úr gildi 1. janúar 2013 og eftir þann dag má nota það í varahluti fyrir raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað fyrir 1. janúar 2013
12.	Blý sem er notað sem húðunarefni fyrir opna (c-laga) hringa í varmaleiðandi einingum	Má nota í varahluti fyrir raf- og rafeindabúnað sem settur var á markað fyrir 24. september 2010
13.a	Blý í hvítum glerjum sem eru notuð í ljósbúnaði (e. optical applications)	
13.b	Kadmíum og blý í glersíum og glerjum sem eru notuð í endurvarpsstöðlum	
14.	Blý í lóðningarefni, gerðu úr fleiri en tveimur frumefnum, sem er notað til tengingar pinna við örgjörvastaflann og hlutfall blýsins er yfir 80% og undir 85% miðað við þyngd	Fellur úr gildi 1. janúar 2011 og eftir þann dag má nota það í varahluti fyrir raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað fyrir 1. janúar 2011

Undanþága		Gildissvið og gildistími
15.	Blý í lóðningarefni til að koma á stöðugri raftengingu milli hálfleiðaraflögu og burðarefnis í samrásastöflum af viðsnúnum flögum	
16.	Blý í ílöngum glóðarperum með sílíkathúðuðum rörum	Fellur úr gildi 1. september 2013
17.	Blýhalíð sem er notað sem geislunarefni í hástyrksúrhleðsluperum sem fagmenn í eftirtökuljósmyndun nota	
18.a	Blý sem er örvari í flúrljómandi dufti (1% blý eða minna, miðað við þyngd) í úrhleðsluperum til sérstakra nota við afritun á bláörk (e. diazoprinting reprography), í steinprentun (litógrafíu), í skordýragildrum, ljósefnafræðilegum ferlum og verkunarferlum með fosfórinnihaldi, svo sem SMS ($(Sr,Ba)_2MgSi_2O_7$:Pb)	Féll úr gildi 1. janúar 2011
18.b	Blý sem er örvari í flúrljómandi dufti (1% blý eða minna, miðað við þyngd) í úrhleðsluperum þegar þær eru notaðar í sólarlömpum sem innihalda fosfór, s.s. BSP ($BaSi_2O_5$:Pb)	
19.	Blý með PbBiSn-Hg og PbInSn-Hg í sérstökum samsetningum sem aðalamalgam og með PbSn-Hg sem hjálparamalgam í mjög samþjöppuðum, orkusparandi perum.	Fellur úr gildi 1. júní 2011
20.	Blýoxíð í gleri sem er notað til að glerlóða fremra og aftara undirlag í flötum flúrperum sem eru notaðar í vökvakristalsskjái (LCD)	Fellur úr gildi 1. júní 2011
21.	Blý og kadmíum í prentlitum sem eru notaðir í smeltlökk á gler, s.s. bórsílíkatgler og natríumkalksílíkatgler	
23.	Blý í húðun finskrefa íhluta, annarra en tengja, með skrefstærð 0,65 mm eða minna	Má nota í varahluti fyrir raf- og rafeindabúnað sem settur var á markað fyrir 24. september 2010
24.	Blý í lóðningarefni til lóðunar á skífulaga og flötum, marglaga keramikþéttum með málmhúðuðum götum	
25.	Blýoxíð í flötum skjáum með mikilli sundurgreiningu (SED), notað í smíðaeiningum, einkum í þéttiglerinu og glerhringnum	
26.	Blýoxíð í glerhylki svartljóspera með bláu ljósi	Fellur úr gildi 1. júní 2011
27.	Blýmelmi til lóðunar fyrir breyta sem notaðir eru í kraftmiklum hátölurum (sem eru hannaðir til notkunar í margar klukkustundir við hljóðþrýstingsstig 125 dB og þar yfir)	Féll úr gildi 24. september 2010
29.	Blý, bundið í kristalgleri samkvæmt skilgreiningu í I. viðauka (1., 2., 3. og 4. flokki) við tilskipun ráðsins 69/493/EBE[1]	
30.	Kadmíumblendi sem eru lóðaðar rafvélrænar tengingar í rafleiðurum sem eru staðsettir beint á hljóðspólu á ferjöldum sem eru notuð í öflugum hátölurum með hljóðþrýstingsstigi 100 dB (A) og þar yfir	
31.	Blý í efni til lóðunar í kvikasilfurslausar, flatar flúrperur (sem eru t.d. notaðar í vökvakristalsskjái, lýsingu í tengslum við hönnun eða iðnaðarlýsingu)	
32.	Blýoxíð í þéttigleri sem er notað til að festa saman glerplötur í argon- og kryptongeislarörperum.	

Undanþága		Gildissvið og gildistími
33.	Blý í lóðningarefni til að lóða þunnan koparvír í aflspennum sem er með þvermál sem er 100 µm eða minna.	
34.	Blý í málmkeramíkeiningum fyrir stilliviðnám	
36.	Kvikasilfur sem er notað til að koma í veg fyrir að bakskaut snarki í jafnskautsplasmaskjáum með allt að 30 mg innihald á hvern skjá	Féll úr gildi 1. júlí 2010
37.	Blý í málmhúðunarlagi í háspennudíóðum á sökkli á peru úr sinkbóratgleri	
38.	Kadmíum og kadmíumoxíð í þykklagsmauki sem er notað á álbundið beryllíumoxíð	
39.	Kadmíum í II-VI ljóstvistum með breytilegum litum (< 10 µg Cd á hvern mm^2 lýsandi svæðisins) til notkunar í hálfleiðaralýsingu eða ljósaskjáum með ljóstvistum	Fellur úr gildi 1. júlí 2014

([1]) Stjtíð. EB L 326, 29.12.1969, bls. 36.

IV. VIÐAUKI

Notkun, sem er undanþegin frá takmörkuninni skv. 1. mgr. 4. gr., og á sérstaklega við um lækningatæki og tæki til vöktunar og eftirlits

Búnaður sem nýtir eða greinir jónandi geislun

1. Blý, kadmíum og kvikasilfur í nemum fyrir jónandi geislun.
2. Blýlegur í röntgenlömpum.
3. Blý í mögnurum með rafsegulgeislun: örrásaplata og háræðaplata.
4. Blý í glersíu í röntgenlömpum og myndskerpum og blý í bindiefni fyrir glersíu til samsetningar á gasleysigeisla og fyrir útvarpslampa sem breyta rafsegulgeislun í rafeindir.
5. Blý í hlífðarbúnaði fyrir jónandi geislun.
6. Blý í röntgenprófunarhlutum.
7. Blýsteratkristallar til röntgengreiningar.
8. Geislavirk kadmíumsamsæta fyrir færanlega litrófsmæla fyrir röntgenflúrljómun.

Nemar, skynjarar og rafskaut

1a. Blý og kadmíum í sérhæfðum jónanemum þ.m.t. gler í pH-rafskautum.

1b. Blýforskaut í rafefnafræðilegum súrefnisskynjurum.

1c. Blý, kadmíum og kvikasilfur í innrauðum ljósskynjurum.

1d. Kvikasilfur í viðmiðunarrafskautum: kvikasilfursklóríð með lágu klóríðinnihaldi, kvikasilfursúlfat og kvikasilfuroxíð.

Annað

9. Kadmíum í leysigeislum með helíumkadmíum.
10. Blý og kadmíum í lömpum til frumeindagleypnimælinga.
11. Blý í málmblendi sem ofurleiðari og varmaleiðari (*e. thermal conductor*) í segulómun.
12. Blý og kadmíum í málmi sem er bundinn við ofurleiðandi efni í skynjurum í segulómtækjum og SQUID-tækjum (*e. SQUID-detectors*).
13. Blý í mótvægi (*e. counterweights*).
14. Blý í þrýstiraftæknilegum efnum með einföldum kristöllum fyrir úthljóðsferjöld (*e. ultrasonic transducers*).
15. Blý í lóðpunktum úthljóðsferjalda (*e. ultrasonic transducers*).
16. Kvikasilfur í hárnákvæmum mælibrúm með háum rýmdar- og tapstuðlum og í fjarskiptatíðnirofum og -rafliðum með hárri tíðni í vöktunar- og eftirlitstækjum sem innihalda ekki meira en 20 mg af kvikasilfri í hverjum rofa eða rafliða.
17. Blý í lóðningarefni í færanlegum neyðarhjartastuðtækjum (*e. portable emergency defibrillators*).
18. Blý í lóðpunktum fyrir innrauðar hágæðamyndkerfiseiningar (e. *high performance infrared imaging modules*) til greiningar á sviðinu 8-14 µm.
19. Blý í myndskjám með fljótandi kristöllum á kísli (LCoS).
20. Kadmíum í mælisíum fyrir röntgengeisla (*e. X-ray measurement filters*).

V. VIÐAUKI

Umsóknir um undanþágur, endurnýjun og afturköllun undanþága eins og um getur í 5. gr.

Framleiðanda, viðurkenndum fulltrúa hans eða rekstraraðila í aðfangakeðjunni er heimilt að leggja fram umsókn um undanþágur, endurnýjun undanþága eða, að breyttu breytanda, um afturköllun undanþága og skal þá fylgja a.m.k. eftirfarandi:

a) nafn, heimilisfang og samskiptaupplýsingar umsækjandans,

b) upplýsingar um efni eða íhlut og tiltekna notkun innihaldsefna efnisins og íhlutarins, sem undanþágu, eða afturköllun hennar, er óskað eftir fyrir og sérstaka eiginleika þess,

c) rökstuðningur fyrir undanþágu, eða afturköllun hennar, sem unnt er að sannreyna og vísa til, í samræmi við skilyrðin sem sett eru í 5. gr.,

d) greining á hugsanlegum staðgönguefnum, -smíðaefnum eða -hönnun á grundvelli vistferils, þ.m.t., þegar slíkt er fyrir hendi, upplýsingar um sjálfstæðar rannsóknir, ritrýndar rannsóknir og þróunarstarf umsækjandans og greining á tiltækileika þessara staðgöngukosta,

e) upplýsingar um hugsanlegan undirbúning fyrir endurnotkun eða endurvinnslu efna frá raf- og rafeindabúnaðarúrgangi, og um ákvæði í tengslum við viðeigandi meðhöndlun úrgangs skv. II. viðauka við tilskipun 2002/96/EB,

f) aðrar upplýsingar sem skipta máli,

g) fyrirhugaðar aðgerðir til að þróa, óska eftir þróun og/eða nota mögulega aðra kosti, þ.m.t. tímaáætlun umsækjandans fyrir slíkar aðgerðir,

h) tilgreining, eftir því sem við á, á þeim upplýsingum sem telja má að njóti einkaleyfisverndar, ásamt rökstuðningi sem unnt er að sannreyna,

i) tillögu að nákvæmu og skýru orðalagi fyrir undanþáguna, þegar sótt er um undanþágu,

j) samantekt úr umsókninni.

VI. VIÐAUKI

ESB-SAMRÆMISYFIRLÝSING

1. Nr. ... (sérstakt auðkenni raf- og rafeindabúnaðar):
2. Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans:
3. Útgáfa þessarar samræmisyfirlýsingar er einungis á ábyrgð framleiðandans (eða uppsetningaraðila):
4. Hluturinn sem yfirlýsingin á við um (auðkenning raf- og rafeindabúnaðar sem gerir rekjanleika mögulegan. Þegar við á má láta ljósmynd fylgja með):
5. Efni yfirlýsingarinnar sem lýst er að framan er í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([21]):
6. Eftir atvikum, tilvísanir í viðkomandi samhæfða staðla sem eru notaðir eða tilvísanir í tækniforskriftir sem samræmisyfirlýsing miðast við:
7. Frekari upplýsingar:

Undirritað fyrir og fyrir hönd: .....

(útgáfustaður og dagsetning):

(nafn, stöðuheiti)(undirritun):

([21]) Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88.

VII. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelld tilskipun með síðari breytingum

(sem um getur í 26. gr.)

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB	(Stjtíð. EB L 37, 13.1.2003, bls. 19).
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/618/EB	(Stjtíð. ESB L 214, 19.8.2005, bls. 65).
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/717/EB	(Stjtíð. ESB L 271, 15.10.2005, bls. 48).
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2005/747/EB	(Stjtíð. ESB L 280, 25.10.2005, bls. 18).
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/310/EB	(Stjtíð. ESB L 115, 28.4.2006, bls. 38).
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/690/EB	(Stjtíð. ESB L 283, 14.10.2006, bls. 47).
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/691/EB	(Stjtíð. ESB L 283, 14.10.2006, bls. 48).
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/692/EB	(Stjtíð. ESB L 283, 14.10.2006, bls. 50).
Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/35/EB	(Stjtíð. ESB L 81, 20.3.2008, bls. 67).
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/385/EB	(Stjtíð. ESB L 136, 24.5.2008, bls. 9).
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/428/EB	(Stjtíð. ESB L 139, 5.6.2009, bls. 32).
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/443/EB	(Stjtíð. ESB L 148, 11.6.2009, bls. 27).
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/122/ESB	(Stjtíð. ESB L 49, 26.2.2010, bls. 32).
Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/571/ESB	(Stjtíð. ESB L 251, 25.9.2010, bls. 28).

B-HLUTI

Skrá yfir fresti til að taka upp í landslög

(sem um getur í 26. gr.)

Tilskipun	Lögleiðingarfrestur
2002/95/EB	12. ágúst 2004
2008/35/EB	—

VIII. VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Tilskipun 2002/95/EB	Þessi tilskipun
1. gr.	1. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr., 2. mgr. 2. gr., I. viðauki
2. mgr. 2. gr.	3. mgr. 2. gr.
3. mgr. 2. gr.	Inngangsorð 4. mgr. 2. gr.
—	4. mgr. 2. gr.
a-liður 3. gr.	1. og 2. mgr. 3. gr.
b-liður 3. gr.	—
—	6. til 28. mgr. 3. gr.
1. mgr. 4. gr.	1. mgr. 4. gr., II. viðauki
—	3. til 4. mgr. 4. gr.
2. mgr. 4. gr.	6. mgr. 4. gr.
3. mgr. 4. gr.	—
Inngangsorð 1. mgr. 5. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 5. gr.
a-liður 1. mgr. 5. gr.	2. mgr. 4. gr.
b-liður 1. mgr. 5. gr.	Fyrsti og þriðji undirliður a-liðar 1. mgr. 5. gr.
—	annar undirliður a-liðar 1. mgr. 5. gr.
	Lokagrein a-liðar 1. mgr. 5. gr.
c-liður 1. mgr. 5. gr.	b-liður 1. mgr. 5. gr.
—	2. mgr. 5. gr.
	3. til 6. mgr. 5. gr.
2. mgr. 5. gr.	7. mgr. 5. gr.
—	8. mgr. 5. gr.
6. gr.	6. gr.
—	7. til 18. gr.
7. gr.	19. til 22. gr.
8. gr.	23. gr.
9. gr.	25. gr.
—	26. gr.
10. gr.	27. gr.
11. gr.	28. gr.
—	I. og II. viðauki
1. til 39. liður í viðauka	1. til 39. liður í III. viðauka
—	IV., V., VI-VIII. viðauki

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 486/2012 **2013/EES/56/05**

frá 30. mars 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 809/2004 að því er varðar framsetningu og innihald lýsingar, grunnlýsingar, samantektar og endanlegra skilmála og að því er varðar upplýsingaskyldu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([1]), einkum 5. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 809/2004 frá 29. apríl 2004 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB að því er varðar upplýsingar í lýsingum, svo og framsetningu þeirra, upplýsingar felldar inn með tilvísun, og birtingu lýsinganna, svo og dreifingu auglýsinga ([2]) eru settar fram á ítarlegan hátt upplýsingar sem lýsing [áður: útboðs- og skráningarlýsing] verður að innihalda um mismunandi gerðir verðbréfa í því skyni að uppfylla kröfur 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB.

2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([3]) leiddi til þess að krafan um að útgefandi leggi árlega fram skjal sem inniheldur eða vísar til allra upplýsinga sem birtar hafa verið síðustu 12 mánuði fyrir birtingu lýsingarinnar, eins og mælt er fyrir um í 10. gr. tilskipunar 2003/71/EB, var afnumin með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/73/ESB frá 24. nóvember 2010 um breytingu á tilskipunum 2003/71/EB um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og 2004/109/EB um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað([4]). Þessar undanþágur skulu koma fram í reglugerð (EB) nr. 809/2004.

3) Viðmiðunarfjárhæð varðandi skylduna til að birta lýsingu, sem komið er á með 3. gr. tilskipunar 2003/71/EB, var hækkuð úr 50 000 evrum í 100 000 evrur með tilskipun 2010/73/EB. Þessa breytingu skal einnig taka upp í reglugerð (EB) nr. 809/2004.

4) Með tilskipun 2010/73/EB voru innleidd ný ákvæði til að auka vernd fjárfesta, draga úr skriffinnsku fyrirtækja við öflun fjármagns á verðbréfamörkuðum innan Sambandsins, og auka skilvirkni varðandi fyrirkomulag lýsinga, sem gerir það að verkum að samþykkja þarf breytingar á reglugerð (EB) nr. 809/2004 í tengslum við framsetningu endanlegra skilmála grunnlýsingar, samantektar á lýsingunni, og nákvæmt innihald og tiltekið snið lykilupplýsinga [áður: helstu upplýsinga] sem samantektin skal fela í sér.

5) Til að koma í veg fyrir að endanlegir skilmálar grunnlýsingar innihaldi upplýsingar sem lögbær yfirvöld þurfa að samþykkja skal grunnlýsingin innihalda allar upplýsingar sem útgefandi bjó yfir á þeim tíma sem lýsingin var gerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 150, 9.6.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

([2]) Stjtíð. ESB L 149, 30.4.2004, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38

([4]) Stjtíð. ESB L 327, 11.12.2010, bls. 1.

6) Kveðið skal á um að grunnlýsing megi innihalda valmöguleika í tengslum við allar upplýsingar sem farið er fram á að því er varðar viðkomandi grunn- og viðbótarskjöl verðbréfalýsingar. Í endanlegum skilmálum skal síðan tilgreina hverjir þessara valmöguleika eiga við um tiltekna útgáfu með því að vísa í viðeigandi þætti grunnlýsingarinnar eða með því að endurtaka slíkar upplýsingar. Heimilt er að gefa upp í endanlegu skilmálunum tilteknar viðbótarupplýsingar, sem tengjast ekki verðbréfalýsingunni, ef það telst gagnast fjárfestum. Þær viðbótarupplýsingar skulu tilgreindar í þessari reglugerð.

7) Endanlegu skilmálarnir skulu hvorki breyta né koma í stað upplýsinga sem eru í grunnlýsingunni þar eð nýjar upplýsingar, sem gætu haft áhrif á mat fjárfestis á útgefandanum og verðbréfunum, skulu vera í viðauka eða nýrri grunnlýsingu, sem er háð fyrirframsamþykki lögbærs yfirvalds. Þar af leiðandi skulu ekki vera í endanlegu skilmálunum neinar nýjar lýsingar á neinum nýjum greiðsluskilyrðum sem ekki var að finna í grunnlýsingunni.

8) Í samantektinni skal veita fjárfestunum lykilupplýsingar eins og krafist er í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB. Í því skyni skal í samantektinni, sem á sérstaklega við tilgreinda útgáfu, sameina þær upplýsingar í samantekt grunnlýsingarinnar, sem eiga aðeins við tilgreinda útgáfu, við viðeigandi hluta endanlegu skilmálanna. Samantekt hverrar útgáfu skal fylgja með í viðauka við endanlegu skilmálana.

9) Að því er varðar verðbréf sem tengjast eða eru tryggð með undirliggjandi eign skal birta í grunnlýsingunni allar upplýsingar um gerð undirliggjandi eignar sem þegar voru þekktar daginn sem hún er samþykkt. Því skal í endanlegu skilmálunum aðeins birta upplýsingar um þessa undirliggjandi eign er varða tiltekna útgáfu þar sem markaðsaðstæður geta haft áhrif á val á viðeigandi undirliggjandi eign.

10) Mæla skal fyrir um ákvæði um framsetningu og innihald samantektar lýsingar svo jafngildar upplýsingar birtist á sama stað í samantektunum og til að auðvelt sé að bera saman svipaðar vörur. Ef liður á ekki við lýsingu skal hann tilgreindur í samantektinni ásamt athugasemdinni „á ekki við“.

11) Samantekt skal vera sjálfstæður hluti lýsingarinnar. Ef útgefandi, tilboðsgjafi eða aðili sem sækir um töku verðbréfa til viðskipta [áður: skráningu] á skipulegum verðbréfamarkaði er ekki skyldugur til að hafa samantekt í lýsingu en óskar eftir því að gera yfirlitsþátt í lýsingunni skal sá þáttur ekki vera með fyrirsögninni „Samantekt“ nema yfirlitsþátturinn uppfylli allar kröfur um upplýsingagjöf að því er varðar samantektir. Samantektir skulu orðaðar á eðlilegu máli og upplýsingar í þeim settar fram á aðgengilegan hátt.

12) Til að bæta skilvirkni verðbréfamarkaða Sambandsins og draga úr stjórnsýslukostnaði útgefenda við öflun fjármagns skal innleiða hlutfallslega upplýsingagjöf, eins og krafist er í g-lið 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2003/71/EB, vegna útboða á hlutum til núverandi hluthafa sem geta annaðhvort skráð sig fyrir þeim hlutum eða selt réttinn til að skrá sig fyrir hlutunum.

13) Eins og krafist er í e-lið 2. mgr. 7. gr. tilskipunar 2003/71/EB skal hlutfallsleg upplýsingagjöf taka fullnægjandi tillit til umfangs útgefenda, einkum lánastofnana sem gefa út verðbréf, sem ekki eru hlutabréfatengd og um getur í j-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/71/EB, og völdu að nota fyrirkomulag tilskipunar 2003/71/EB, lítilla og meðalstórra fyrirtækja og fyrirtækja með lækkað markaðsverðmæti. Þó skal heimila slíkum útgefendum að velja á milli grunnskjala þar sem gerðar eru hlutfallslegar kröfur og fullrar upplýsingagjafar.

14) Með hlutfallslegri upplýsingagjöf skal tekið tillit til þarfarinnar á að bæta vernd fjárfesta og umfangs upplýsinga sem þegar hafa verið birtar á mörkuðunum.

15) Auglýsingar skulu upplýsa fjárfesta þegar lýsingar er ekki krafist í samræmi við tilskipun 2003/71/EB nema útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem óskar eftir töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði kjósi að birta lýsingu sem uppfyllir kröfurnar í tilskipun 2003/71/EB og þessari reglugerð.

16) Svo tekið sé tillit til þarfarinnar á að veita útgefendum umbreytingarfrest til að aðlagast nýjum skyldum sem teknar eru upp með þessari reglugerð skal þessi reglugerð aðeins gilda um lýsingar og grunnlýsingar sem lögbært yfirvald hefur samþykkt á gildistökudegi eða eftir gildistöku hennar.

17) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 809/2004 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 809/2004

Reglugerð (EB) nr. 809/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í 1. gr. falli 3. liður brott,

2) Eftirfarandi 13. liður bætist við í 2. gr.:

„13. „Útgáfa með forkaupsrétti“: sérhver útgáfa með lögboðnum forgangsrétti til áskriftar sem gerir áskrift að nýjum hlutum mögulega og eingöngu er beint til núverandi hluthafa. Útgáfa með forkaupsrétti felur einnig í sér útgáfu þar sem slíkur lögboðinn forgangsréttur til áskriftar er gerður óvirkur en í stað hans kemur gerningur eða ákvæði sem veitir núverandi hluthöfum nánast sömu réttindi, fullnægi þau réttindi eftirfarandi skilyrðum:

a) hluthöfum eru boðin réttindin án endurgjalds,

b) hluthafar eiga rétt á að skrá sig fyrir nýjum hlutum í hlutfalli við eignarhlutdeild sína eða, ef um er að ræða önnur verðbréf sem veita rétt til að taka þátt í útgáfu hlutanna, í hlutfalli við rétt sinn til undirliggjandi hluta,

c) rétturinn til áskriftar er framseljanlegur og yfirfæranlegur en sé það látið ógert eru hlutirnir sem af réttinum leiða seldir við lok tilboðstímabilsins til ávinnings þeirra hluthafa sem nýttu sér ekki þessi réttindi,

d) útgefandinn getur, að því er varðar réttindin sem um getur í b-lið, beitt takmörkunum, höftum eða útilokunum og gert ráðstafanir sem hann telur viðeigandi að því er varðar eigin hluti, hlutfallsleg réttindi og kröfur sem lög eða eftirlitsyfirvöld í öðru landi eða yfirráðasvæði mæla fyrir um,

e) lágmarkstímabilið til áskriftar að hlutum er það sama og tímabilið til að nýta lögboðinn forgangsrétt til áskriftar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 29. gr. tilskipunar ráðsins 77/91/EBE(*),

f) réttindin falla úr gildi við lok nýtingartímabilsins.“

(*) Stjtíð. EB L 31.1.1977, bls. 1.

3) Í I. kafla bætist við eftirfarandi 2. gr. a:

„2. gr. a

Upplýsingaflokkar í grunnlýsingunni og endanlegu skilmálunum

1. Flokkarnir sem settir eru fram í XX. viðauka skulu segja til um þann sveigjanleika sem veittur er að því er varðar upplýsingar í grunnlýsingunni eða endanlegu skilmálunum. Flokkana skal skilgreina sem hér segir:

a) „Flokkur A“: viðeigandi upplýsingar sem skulu vera í grunnlýsingunni. Ekki má undanskilja þessar upplýsingar með það fyrir augum að bæta þeim síðar inn í endanlegu skilmálana,

b) „Flokkur B“: grunnlýsingin skal innihalda öll meginatriði sem eru tengd þeim upplýsingum sem krafist er og aðeins má undanskilja upplýsingar um atriði (í þar til gerðum reit) sem ekki eru þekkt á þeim tíma sem grunnlýsingin er samþykkt, með það fyrir augum að bæta þeim síðar inn í endanlegu skilmálana,

c) „Flokkur C“: grunnlýsingin má innihalda reit þar sem síðar skal bæta við upplýsingum sem ekki voru þekktar á þeim tíma sem grunnlýsingin var samþykkt. Slíkar upplýsingar skal fella inn í endanlegu skilmálana.

2. Ef skilyrðin í 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 2003/71/EB gilda skal krefjast viðauka.

Ef þessi skilyrði gilda ekki skal útgefandinn, tilboðsgjafinn eða sá sem óskar eftir töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði birta tilkynningu um breytinguna.“

4) Í stað 3. gr. komi eftirfarandi:

„3. gr.

Lágmarkskröfur um upplýsingar í lýsingu

Semja skal lýsingu með því að nota eina eða fleiri samsetningar af grunn- og viðbótarskjölum sem sett eru fram í þessari reglugerð.

Í lýsingunni skulu koma fram upplýsingaliðir, sem krafist er í I.–XVII. viðauka og XX.–XXIX. viðauka, eftir því um hvers konar útgefendur eða útgáfur og verðbréf er að ræða. Með fyrirvara um 1. mgr. 4. gr. a skal lögbært yfirvald ekki fara fram á að í lýsingunni komi fram upplýsingaliðir sem ekki er að finna í I.– XVII. viðauka eða XX.– XXIX. viðauka.

Til að tryggja að samræmis sé gætt við kröfuna, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB, er lögbæru yfirvaldi heimaríkis heimilt að krefjast þess í hverju tilviki fyrir sig, hvenær sem það staðfestir lýsingu í samræmi við 13. gr. þeirrar tilskipunar, að útgefandinn, tilboðsgjafinn eða sá sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði láti í té ítarlegar upplýsingar um hvern upplýsingalið fyrir sig.

Ef þess er krafist að útgefandinn, tilboðsgjafinn eða sá aðili sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hafi samantekt í lýsingu, í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB, getur lögbært yfirvald heimaaðildarríkis í hverju tilviki fyrir sig, þegar það samþykkir lýsinguna í samræmi við 13. gr. þeirrar tilskipunar, krafist þess að tilteknar upplýsingar, sem koma fram í lýsingunni, séu hafðar með í samantektinni.“,

5) Ákvæðum 4. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað inngangshlutans í fyrstu undirgrein 2. mgr. komi eftirfarandi:

Lögbært yfirvald skal byggja allar óskir samkvæmt fyrstu undirgrein 1. mgr. á kröfunum sem eru settar fram í lið 20.1 í I. viðauka, lið 15.1 í XXIII. viðauka, lið 20.1 í XXV. viðauka, lið 11.1 í XXVII. viðauka og lið 20.1 í XXVIII. viðauka að því er varðar innihald fjárhagsupplýsinga og gildandi reikningsskila- og endurskoðunarmeginreglur, með fyrirvara um allar breytingar sem eru viðeigandi í ljósi einhvers eftirfarandi þátta:“,

b) Í stað a-liðar 4. mgr. komi eftirfarandi:

„a) eldri fjárhagsupplýsingar, sem gerð er krafa um að útgefandi veiti skv. lið 20.1 í I. viðauka, lið 15.1 í XXIII. viðauka, lið 20.1 í XXV. viðauka, lið 11.1 í XXVII. viðauka og lið 20.1 í XXVIII. viðauka, gefa ekki nákvæma mynd af viðskiptastarfsemi útgefandans í heild á þeim tíma þegar lýsingin er gerð,“,

c) Í stað 6. málsgreinar komi eftirfarandi:

„6. Að því er varðar 5. mgr. þessarar greinar og lið 20.2 í I. viðauka, lið 15.2 í XXIII. viðauka og lið 20.2 í XXV. viðauka merkir umtalsverð brúttóbreyting meira en 25% frávik í stöðu útgefanda, miðað við einn eða fleiri mælikvarða á umfang starfsemi útgefanda.“,

6) Í 7., 8., 12., 16. og 21. gr. og í IV., V., VII.–X., XII., XIII., XV. og XVIII. viðauka komi talan “100 000“ í stað tölunnar „50 000“,

7) Við 9. gr. bætist eftirfarandi önnur málsgrein:

„Liður 3 í VI. viðauka gildir ekki ef aðildarríki er ábyrgðaraðili.“

8) Eftirfarandi 3. málsgrein bætist við 21. gr.:

„3. Útgefandinn, tilboðsgjafinn og aðilinn sem sækir um töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði getur valið að gera lýsingu í samræmi við hlutfallsleg grunnskjöl sem sett er fram í XXIII.–XXIX. viðauka í stað fyrirkomulags sem sett er fram í I., III., IV., IX., X. og XI. viðauka, eins og lýst er í annarri undirgrein, að því tilskildu að viðeigandi skilyrði, sem sett eru fram í 26. gr. a, 26. gr. b og 26. gr. c, séu uppfyllt.

Ef útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem sækir um töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði velur þann kost:

a) skal túlka tilvísunina í I. viðauka, sem er að finna í XVIII. viðauka, sem tilvísun í XXIII. eða XXV. viðauka,

b) skal túlka tilvísunina í III. viðauka, sem er að finna í XVIII. viðauka, sem tilvísun í XXIV. viðauka,

c) skal túlka tilvísunina í IV. viðauka, sem er að finna í XVIII. viðauka, sem tilvísun í XXVI. viðauka,

d) skal túlka tilvísunina í IX. viðauka, sem er að finna í XVIII. viðauka, sem tilvísun í XXVII. viðauka,

e) skal túlka tilvísunina í X. viðauka, sem er að finna í XVIII. viðauka, sem tilvísun í XXVIII. viðauka,

f) skal túlka tilvísunina í XI. viðauka, sem er að finna í XVIII. viðauka, sem tilvísun í XXIX. viðauka.“,

9) Ákvæðum 22. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. málsgreinar komi eftirfarandi:

„1. Semja skal grunnlýsingu með því að nota eitt þeirra grunn- og viðbótarskjala sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eða samsetningu þeirra, í samræmi við samsetningar fyrir mismunandi tegundir verðbréfa í XVIII. viðauka.

Grunnlýsing skal hafa að geyma upplýsingaliði sem krafist er í I.–XVII. viðauka, XX. viðauka og XXIII.–XXIX. viðauka eftir því um hvers konar útgefendur og verðbréf, sem kveðið er á um í grunn- og viðbótarskjölum í þessari reglugerð, er að ræða. Lögbært yfirvald skal ekki krefjast þess að í grunnlýsingunni komi fram upplýsingaliðir sem ekki er að finna í I.– XVII. viðauka, XX. viðauka eða XXIII.–XXIX. viðauka.

Til að tryggja að samræmis sé gætt við þá skyldu sem lögð er á skv. 1. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB, er lögbæru yfirvaldi heimaríkis heimilt að krefjast þess í hverju tilviki fyrir sig, hvenær sem það staðfestir grunnlýsingu í samræmi við 13. gr. þeirrar tilskipunar, að útgefandinn, tilboðsgjafinn eða sá sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði láti í té ítarlegar upplýsingar um hvern upplýsingalið fyrir sig.

Ef þess er krafist að útgefandinn, tilboðsgjafinn eða sá sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði hafi samantekt í grunnlýsingu, í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB, getur lögbært yfirvald heimaaðildarríkis í hverju tilviki fyrir sig, þegar það samþykkir grunnlýsinguna í samræmi við 13. gr. þeirrar tilskipunar, krafist þess að tilteknar upplýsingar, sem koma fram í grunnlýsingunni, séu hafðar með í samantektinni.“,

b) Eftirfarandi málsgrein 1a bætist við:

„1a. Grunnlýsingin má innihalda valmöguleika í tengslum við upplýsingar, sem flokkast í flokk A, flokk B og flokk C, og krafist er í viðkomandi grunn- og viðbótarskjölum verðbréfalýsingar, og settar eru fram í XX. viðauka. Í endanlegu skilmálunum skal fastsetja hver þessara valmöguleika á við um tiltekna útgáfu með vísan í viðeigandi þátt grunnlýsingarinnar eða með því að endurtaka slíkar upplýsingar.“,

c) Í stað 4. málsgreinar komi eftirfarandi:

„4. Endanlegu skilmálarnir sem fylgja grunnlýsingu skulu einungis hafa að geyma eftirfarandi:

a) upplýsingaliði í flokkum B og C sem skráðir eru í XX. viðauka, í ýmsum grunnskjölum verðbréfalýsingar sem samning grunnlýsingarinnar byggist á. Ef liður á ekki við lýsingu skal sá liður koma fram í endanlegu skilmálunum ásamt athugasemdinni „á ekki við“,

b) allar „viðbótarupplýsingar“ sem mælt er fyrir um í XXI. viðauka, ef svo er kosið.

c) endurtekningu á, eða tilvísun í, valmöguleika sem þegar er kveðið á um í grunnlýsingunni og eiga við um tiltekna útgáfu.

Endanlegu skilmálarnir skulu hvorki breyta né koma í stað upplýsinga sem eru í grunnlýsingunni.“,

d) Eftirfarandi liður 1a bætist við í 5. málsgrein:

„1a. Þátt sem hefur að geyma mátið, „framsetning endanlegu skilmálanna“, sem fylla skal út fyrir hverja og eina útgáfu,“,

e) Eftirfarandi annar undirliður bætist við í 7. málsgrein:

„Ef útgefandi þarf að gera viðauka, vegna upplýsinganna í grunnlýsingunni, sem tengjast aðeins einu eða nokkrum tilteknum útgáfum, gildir réttur fjárfesta til að afturkalla samþykki sitt skv. 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2003/71/EB aðeins um viðkomandi útgáfur og ekki um aðrar verðbréfaútgáfur samkvæmt grunnlýsingunni.“,

10) Í stað 24. gr. komi eftirfarandi:

„24. gr.

Efni samantektar lýsingarinnar, grunnlýsingarinnar og einstakrar útgáfu

1. Útgefandinn, tilboðsgjafinn eða sá sem óskar eftir töku til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal ákveða ítarlegt efni samantektarinnar sem um getur í 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB í samræmi við þessa grein.

Samantektin skal innihalda lykilupplýsingar sem fram koma í XXII. viðauka.. Ef tiltekinn liður á ekki við lýsingu skal athugasemdin „á ekki við“ koma fram við þann lið. Lengd samantektarinnar skal miða við hversu flókin útgefandinn og boðnu verðbréfin eru en skal ekki vera umfram 7% af lengd lýsingar, eða 15 blaðsíður, hvort heldur sem lengra er. Í henni skulu ekki vera millivísanir í aðra hluta lýsingarinnar.

Röð þáttanna og liðanna í XXII. viðauka er ófrávíkjanleg. Samantektin skal orðuð á skýru máli og lykilupplýsingar í henni settar fram á aðgengilegan og auðskiljanlegan hátt. Ef útgefandi er ekki skuldbundinn til að láta samantekt fylgja lýsingu skv. 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB en gerir yfirlitsþátt í lýsingunni skal þessi þáttur ekki vera með fyrirsögninni „Samantekt“ nema útgefandinn fullnægi öllum kröfum um upplýsingagjöf að því er varðar samantektir sem mælt er fyrir um í þessari grein og XXII. viðauka.

2. Í samantekt grunnlýsingarinnar mega eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) upplýsingar sem koma fram í grunnlýsingunni,

b) valmöguleikar vegna upplýsinga sem krafist er í grunnskjali og viðbótarskjali eða -skjölum verðbréfalýsingarinnar,

c) upplýsingar sem krafist er í grunnskjali og viðbótarskjali eða -skjölum verðbréfalýsingarinnar sem undanskildar eru með það fyrir augum að bæta þeim síðar inn í endanlegu skilmálana.

3. Samantektin fyrir hverja einstaka útgáfu skal veita lykilupplýsingar samantektarinnar á grunnlýsingunni ásamt viðeigandi hlutum endanlegu skilmálanna. Í samantekt hverrar einstakrar útgáfu skal eftirfarandi koma fram:

a) upplýsingarnar í samantekt grunnlýsingar sem eingöngu eiga við þá einstöku útgáfu,

b) valmöguleikarnir sem koma fram í grunnlýsingunni og eiga aðeins við þá einstöku útgáfu eins og kveðið er á um í endanlegu skilmálunum,

c) viðeigandi upplýsingar sem veittar eru í endanlegu skilmálunum og áður voru undanskildar og komu ekki fram í grunnlýsingunni.

Ef endanlegu skilmálarnir tengjast mörgum verðbréfum sem eru einungis mismunandi að því er varðar nokkra mjög takmarkaða þætti, svo sem útgáfuverð eða gjalddaga, má láta eina samantekt um útgáfuna fylgja að því er varðar öll þau verðbréf, að því tilskildu að upplýsingarnar sem eiga við um mismunandi verðbréf séu skýrt aðgreindar.

Samantektin fyrir einstöku útgáfuna fellur undir sömu skilyrði og endanlegu skilmálarnir og skal fylgja með þeim í viðauka.“

11) Í 5. mgr. 25. gr. bætist eftirfarandi þriðja undirgrein við:

„Ekki skal krafist nýrrar innlagningar á endanlegum skilmálum og samantekt einstöku útgáfunnar, sem fylgir með í viðauka, vegna útboða sem áttu sér stað fyrir gerð nýrrar samantektar eða viðauka við samantektina.“,

12) Eftirfarandi komi í stað 5. mgr. 26. gr.:

„5. Endanlegu skilmálarnir skulu settir fram í sérstöku skjali eða felldir inn í grunnlýsinguna. Endanlegu skilmálarnir skulu settir fram á auðgreinanlegan og auðskilinn hátt.

Liðirnir í viðkomandi grunnskjali og viðbótarskjölum verðbréfalýsingar, sem má finna í grunnlýsingunni, skulu ekki endurteknir í endanlegu skilmálunum.

Útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem sækir um töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði getur látið hverjar þær viðbótarupplýsingar sem kveðið er á um í XXI. viðauka fylgja í endanlegu skilmálunum.

Setja skal skýra og áberandi yfirlýsingu í endanlegu skilmálana þar sem greint er frá því:

a) að endanlegu skilmálarnir hafi verið gerðir í samræmi við 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB og skuli túlkaðir í tengslum við grunnlýsinguna og viðauka við hana,

b) hvar grunnlýsingin og viðauki eða viðaukar við hana eru birt í samræmi við 14. gr. tilskipunar 2003/71/EB,

c) að til þess að fá allar upplýsingar skuli túlka grunnlýsinguna í samhengi við endanlegu skilmálana,

d) að samantekt einstöku útgáfunnar fylgi með í viðauka við endanlegu skilmálana.

Í endanlegu skilmálunum má vera undirskrift lagalegs fyrirsvarsmanns útgefanda eða aðilans sem ber ábyrgð á lýsingunni samkvæmt viðeigandi landslögum, eða undirskrift beggja.

5a. Gera skal endanlega skilmála og samantekt einstöku útgáfunnar á sama tungumáli og samþykkta útgáfu framsetningar endanlegra skilmála grunnlýsingarinnar og samantekt grunnlýsingarinnar, í þeirri röð.

Þegar endanlegu skilmálarnir eru sendir lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins eða, ef um fleiri en eitt gistiaðildarríki er að ræða, til lögbærra yfirvalda gistiaðildarríkjanna í samræmi við 4. mgr. 5. gr. tilskipunar 2003/71/EB, gilda eftirfarandi reglur um tungumál um endanlegu skilmálana og samantektina sem fylgir með í viðauka:

a) ef þýða skal samantekt grunnlýsingarinnar skv. 19. gr. tilskipunar 2003/71/EB fellur samantekt einstöku útgáfunnar, sem fylgir með í viðauka við endanlegu skilmálana, undir sömu kröfur um þýðingu og samantekt grunnlýsingarinnar,

b) ef þýða skal grunnlýsinguna skv. 19. gr. tilskipunar 2003/71/EB falla endanlegu skilmálarnir og samantekt einstöku útgáfunnar, sem fylgir með í viðauka við þá, undir sömu kröfur um þýðingu og grunnlýsingin.

Útgefandinn skal senda þessar þýðingar, ásamt endanlegu skilmálunum, til lögbærs yfirvalds í gistiaðildarríkinu eða, sé um fleiri en eitt gistiaðildarríki að ræða, til lögbærra yfirvalda gistiaðildaríkjanna.“,

13) Eftirfarandi III. kafli a er felldur inn:

„III. KAFLI A

HLUTFALLSLEG UPPLÝSINGAGJÖF

26. gr. a

Hlutfallslegt grunnskjal að því er varðar útgáfur með forkaupsrétti

1. Þau hlutfallslegu grunnskjöl, sem sett eru fram í XXIII. og XXIV. viðauka, gilda um útgáfur með forkaupsrétti, að því tilskildu að útgefandinn eigi hluti í sama flokki sem þegar hafa verið teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða markaðstorgi eins og það er skilgreint í 15. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/39/EB(*).

2. Útgefendur sem eiga hlutabréf í sama flokki og þegar hefur verið tekinn til viðskipta á markaðstorgi geta aðeins notfært sér grunnskjölin sem sett eru fram í um í XXIII. og XXIV. viðauka ef reglurnar um það markaðstorg fela í sér eftirfarandi:

a) ákvæði sem krefjast þess að útgefendur birti árleg reikningsskil og endurskoðunarskýrslu innan sex mánaða frá lokum hvers fjárhagsárs, hálfsársleg reikningsskil innan fjögurra mánaða frá lokum fyrstu sex mánaða hvers fjárhagsárs og birti opinberlega innherjaupplýsingar eins og þær eru skilgreindar í 1. lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/6/EB skv. 6. gr. þeirrar tilskipunar,

b) ákvæði sem krefjast þess að útgefendur geri skýrslurnar og upplýsingarnar, sem um getur í a-lið, aðgengilegar almenningi með því að birta þær á vefsetrum sínum,

c) ákvæði sem koma í veg fyrir innherjasvik og markaðsmisnotkun í samræmi við tilskipun 2003/6/EB.

3. Í yfirlýsingu í upphafi lýsingarinnar skal tilgreina skýrt að útgáfa með forkaupsrétti sé ætluð hluthöfum í útgefandanum og að umfang upplýsingagjafar í lýsingunni sé hóflegt fyrir þá tegund útgáfu.

26. gr. b

Hlutfallsleg grunnskjöl fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki með lækkað markaðsverðmæti

Þau hlutfallslegu grunnskjöl, sem sett eru fram í XXIII.–XXIV. viðauka, gilda þegar verðbréf sem gefin eru út af litlum og meðalstórum fyrirtækjum og fyrirtækjum með lækkað markaðsverðmæti eru boðin út á almennum markaði eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði sem er staðsettur í aðildarríki eða er starfræktur þar.

Lítil og meðalstór fyrirtæki og fyrirtæki með lækkað markaðsverðmæti mega þó í staðinn kjósa að gera lýsingu í samræmi við grunnskjölin sem mælt er fyrir um í I.–XVII. viðauka og XX.–XXIV. viðauka.

26. gr. c

Hlutfallslegar kröfur að því er varðar útgáfur lánastofnana sem um getur í j-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/71/EB

Lánastofnanir sem gefa út verðbréf sem um getur í j-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/71/EB og gera lýsingu í samræmi við 3. mgr. 1. gr. þeirrar tilskipunar, geta valið að hafa með í lýsingunni sögulegar fjárhagsupplýsingar sem ná aðeins yfir síðastliðið fjárhagsár, eða það tímabil sem útgefandi hefur verið starfræktur á ef það er skemmra, í samræmi við XXIX. viðauka við þessa reglugerð.“,

(*) Stjtíð. ESB L 145, 30.4.2004, bls. 1.

14) Ákvæði 27. gr. falli brott,

15) Við 34. gr. bætist eftirfarandi önnur málsgrein:

„Ef ekki er krafist lýsingar í samræmi við tilskipun 2003/71/EB skulu allar auglýsingar innihalda viðvörun þess efnis nema útgefandinn, tilboðsgjafinn eða aðilinn sem sækir um töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði kjósi að birta lýsingu sem uppfyllir kröfurnar í tilskipun 2003/71/EB og þessari reglugerð.“,

16) Í stað 5. mgr. a í 35. gr. komi eftirfarandi:

„5a. Útgefendur í þriðja landi falla ekki undir þá kvöð í lið 20.1 í I. viðauka, lið 13.1 í IV. viðauka, lið 8.2 í VII. viðauka, lið 20.1 í X. viðauka, lið 11.1 í XI. viðauka, lið 15.1 í XXIII. viðauka, lið 20.1 í XXV. viðauka, lið 13.1 í XXVI. viðauka, lið 20.1 í XXVIII. viðauka eða lið 11 í XXIX. viðauka að gefa aftur upp eldri fjárhagsupplýsingar sem eru í lýsingu og varða fyrri fjárhagsár en þau sem hefjast 1. janúar 2015 eða síðar, eða undir þá kvöð í lið 8.2a í VII. viðauka, lið 11.1 í IX. viðauka, lið 20.1a í X. viðauka, lið 11.1 í XXVIII. viðauka eða lið 20.1 í XXVIII. viðauka að leggja fram lýsingu í samfelldu máli á þeim mun sem er á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS-stöðlum), sem voru innleiddir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002, og reikningsskilareglum, sem notaðar eru þegar slíkar upplýsingar eru teknar saman vegna fyrri fjárhagsára en þeirra sem hefjast 1. janúar 2015 eða síðar, að því tilskildu að eldri fjárhagsupplýsingar séu gerðar í samræmi við góðar reikningsskilavenjur í Lýðveldinu Indlandi.“,

17) Í stað liðar 4.7. í V. viðauka komi eftirfarandi:

„4.7. Nafnvextirnir og ákvæði varðandi vaxtagjöld:

— upphafsdagur og gjalddagar vaxta,

— fyrningarfrestur á vaxtakröfum og kröfum til endurgreiðslu höfuðstóls,

Ef vextirnir eru ekki fastir, skal gefa yfirlýsingu þar sem fram kemur tegund undirliggjandi þáttar og lýsing á þeim undirliggjandi þætti og aðferðinni sem notuð er til að tengja undirliggjandi þáttinn og vextina, ásamt því hvar upplýsingar sé að finna um fyrri árangur og framtíðarárangur undirliggjandi þáttar og flökt hans.

— lýsing á hvers kyns röskun á markaði eða atburðum sem valda röskun á greiðsluuppgjöri sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti,

— leiðréttingarreglur sem tengjast atburðum sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti,

— nafn þess aðila sem sér um útreikninginn.

Ef vaxtagreiðslur af verðbréfinu byggjast á afleiðuþætti skal gefa skilmerkilega útskýringu til að hjálpa fjárfestum að skilja hvernig virði undirliggjandi gernings eða gerninga hefur áhrif á virði fjárfestinga þeirra, einkum við aðstæður þar sem áhættan er augljós.“,

18) Í stað liðar 4.8. í XIII. viðauka komi eftirfarandi:

„4.8. Nafnvextirnir og ákvæði varðandi vaxtagjöld:

— upphafsdagur og gjalddagar vaxta,

— fyrningarfrestur á vaxtakröfum og kröfum til endurgreiðslu höfuðstóls,

Ef vextirnir eru ekki fastir, skal gefa yfirlýsingu þar sem fram kemur tegund undirliggjandi þáttar og lýsing á þeim undirliggjandi þætti og aðferðinni sem notuð er til að tengja undirliggjandi þáttinn og vextina:

— lýsing á hvers kyns röskun á markaði eða atburðum sem valda röskun á greiðsluuppgjöri sem hafa áhrif á undirliggjandi þátt,

— leiðréttingarreglur sem tengjast atburðum sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti,

— nafn þess aðila sem sér um útreikninginn.“.

19) Textanum sem kemur fram í viðaukanum við þessa reglugerð er bætt við sem XX.–XXIX. viðauka.

2. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Ákvæði 3. liðar, a- til d-liðar 9. liðar og 10., 11. og 12. liðar 1. gr. gilda ekki um samþykki á viðauka við lýsingu eða grunnlýsingu ef lýsingin eða grunnlýsingin var samþykkt fyrir 1. júlí 2012.

2. Ef lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins tilkynnir lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins með vottorði um samþykki, í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2003/71/EB, um lýsingu eða grunnlýsingu, sem var samþykkt fyrir 1. júlí 2012, skal lögbæra yfirvaldið í heimaaðildarríkinu með skýrum og nákvæmum hætti upplýsa í vottorðinu að lýsingin eða grunnlýsingin hafi verið samþykkt fyrir 1. júlí 2012.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. júlí 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

XX. VIÐAUKI

Skrá yfir grunn- og viðbótarskjöl verðbréfalýsingar

	V. viðauki	Leiðbeiningar
1.	ÁBYRGIR AÐILAR	
1.1.	Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í lýsingunni og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.	Flokkur A
1.2.	Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir lýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing þeirra sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum lýsingarinnar um að samkvæmt þeirra bestu vitund sé það rétt sem fram kemur í þeim hluta lýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir og að þar vanti ekkert sem áhrif geti haft á áreiðanleika lýsingarinnar.	Flokkur A
2.	ÁHÆTTUÞÆTTIR	
2.1.	Upplýsingar um áhættuþætti, sem skipta máli fyrir verðbréfin sem eru boðin til kaups og/eða tekin til viðskipta svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim, skulu birtar á áberandi stað í þætti sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.	Flokkur A
3.	LYKILUPPLÝSINGAR	
3.1.	**Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem taka þátt í útgáfunni/útboðinu**	
	Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. ósamrýmanlegum hagsmunum, sem skipta máli fyrir útgáfu/útboð, ásamt ítarlegum upplýsingum um aðila sem hlut eiga að máli og eðli hagsmunanna.	Flokkur C
3.2.	**Ástæður fyrir útboðinu og ráðstöfun söluandvirðis útboðsins**	
	Ástæður fyrir útboðinu ef þær varða ekki myndun hagnaðar og/eða vörn gegn tilteknum áhættum. Upplýsingar um áætlaðan heildarkostnað við útgáfuna/útboðið og áætlað nettósöluandvirði, þar sem við á. Sundurliða skal þennan kostnað og söluandvirði miðað við fyrirhugaða ráðstöfun og forgangsraða eftir ráðstöfun. Komist útgefandinn að raun um að áætlað söluandvirði verði ekki fullnægjandi til að standa straum af fyrirhugaðri ráðstöfun skal tilgreina fjárhæðina sem upp á vantar og hvaðan sú fjármögnun kemur.	Flokkur C
4.	UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFIN SEM Á AÐ BJÓÐA/TAKA TIL VIÐSKIPTA	
4.1.	i. Lýsing á tegund og flokki verðbréfa sem eru boðin til kaups og/eða tekin til viðskipta,	Flokkur B
	ii. ISIN-númer (alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa (e. *International Security Identification Number*)) eða annað slíkt auðkennisnúmer verðbréfa.	Flokkur C
4.2.	Upplýsingar um löggjöfina sem verðbréfin eru búin til í samræmi við	Flokkur A
4.3.	i. Upplýsingar um hvort verðbréfin eru nafnbréf eða handhafabréf og hvort þau eru í skírteinisformi eða rafrænt skráð.	Flokkur A
	ii. Í síðastnefnda tilvikinu skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.	Flokkur C

	V. viðauki	Leiðbeiningar
4.4.	Upplýsingar um í hvaða gjaldmiðli verðbréfin eru gefin út.	Flokkur C
4.5.	Forgangsröðun verðbréfanna sem boðin eru til kaups og/eða tekin til viðskipta, þ.m.t. samantektir á hvers kyns ákvæðum sem eiga að ákvarða forgangsröðun verðbréfa eða gera þau víkjandi gagnvart skuldbindingum eða framtíðarskuldbindingum útgefandans.	Flokkur A
4.6.	Lýsing á réttindum sem fylgja verðbréfunum, þ.m.t. hvers kyns takmarkanir á þessum réttindum, og tilhögun við nýtingu þeirra.	Flokkur B
4.7.	i. Nafnvextir	Flokkur C
	ii. Ákvæði varðandi vaxtagjöld	Flokkur B
	iii. Upphafsdagur vaxta	Flokkur C
	iv. Gjalddagar vaxta	Flokkur C
	v. Fyrningarfrestur á vaxtakröfum og kröfum til endurgreiðslu höfuðstóls	Flokkur B
	Ef vextirnir eru ekki fastir,	
	vi. yfirlýsing um tegund undirliggjandi þáttar	Flokkur A
	vii. lýsing á þeim undirliggjandi þætti sem þeir eru reiknaðir út frá	Flokkur C
	viii. og aðferðinni sem notuð er til að tengja þessa tvo þætti	Flokkur B
	ix. upplýsingar um hvar hægt sé að fá upplýsingar um fyrri árangur og framtíðarárangur undirliggjandi þáttar og flökt hans	Flokkur C
	x. Lýsing á hvers kyns röskun á markaði eða atburðum sem valda röskun á greiðsluuppgjöri sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti	Flokkur B
	xi. Leiðréttingarreglur sem tengjast atburðum sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti	Flokkur B
	xii. Nafn þess aðila sem sér um útreikninginn	Flokkur C
	xiii. Ef vaxtagreiðslur af verðbréfinu byggjast á afleiðuþætti skal gefa skilmerkilega útskýringu til að hjálpa fjárfestum að skilja hvernig virði undirliggjandi gernings eða gerninga hefur áhrif á virði fjárfestinga þeirra, einkum við aðstæður þar sem áhættan er augljós.	Flokkur B
4.8.	i. gjalddagi	Flokkur C
	ii. fyrirkomulag á niðurgreiðslu lánsins, þ.m.t. hvernig endurgreiðslur fara fram. Ef fyrirhugað er að flýta niðurgreiðslu lánsins, að frumkvæði útgefanda eða handhafa verðbréfa, skal gera grein fyrir skilmálum og skilyrðum niðurgreiðslunnar	Flokkur B
4.9.	i. Upplýsingar um ávöxtun	Flokkur C
	ii. Lýsa skal í samantekt aðferð sem notuð er við útreikning ávöxtunar.	Flokkur B
4.10.	Fyrirsvar fyrir handhafa skuldabréfa, þ.m.t. upplýsingar um stofnunina sem er í fyrirsvari fyrir fjárfestana og ákvæði sem gilda um slíkt fyrirsvar. Upplýsingar um hvar almenningur getur haft aðgang að samningum sem gerðir hafa verið um fyrirsvarið.	Flokkur B

	V. viðauki	Leiðbeiningar
4.11.	Ef um er að ræða nýjar útgáfur skal gefa yfirlýsingu um ályktanir, heimildir og samþykktir sem hafa legið eða munu liggja til grundvallar við gerð og/eða útgáfu verðbréfa.	Flokkur C
4.12.	Ef um er að ræða nýjar útgáfur skal tilgreina væntanlegan útgáfudag verðbréfanna.	Flokkur C
4.13.	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á frjálsu framsali	Flokkur A
4.14.	Að því er varðar landið þar sem útgefandi hefur skráða skrifstofu og land eða lönd þar sem útboð verðbréfa fer fram eða þar sem óskað er eftir töku verðbréfa til viðskipta skal tilgreina eftirfarandi: — upplýsingar um skatt af tekjum af verðbréfunum sem haldið er eftir til staðgreiðslu — upplýsingar um hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir	Flokkur A
5.	SKILMÁLAR OG SKILYRÐI FYRIR ÚTBOÐINU	
5.1.	**Skilyrði, tölfræðilegar upplýsingar um útboð, fyrirhuguð tímaáætlun og nauðsynlegar aðgerðir varðandi þátttöku í útboðinu**	
5.1.1	Skilyrði sem gilda um útboðið	Flokkur C
5.1.2	Heildarfjárhæð útgáfunnar/útboðsins; ef fjárhæðin er ekki föst skal lýsa hvernig og hvenær endanleg fjárhæð útboðsins verður tilkynnt opinberlega.	Flokkur C
5.1.3	i. Upplýsingar um hversu lengi útboðið stendur, þ.m.t. hvers kyns mögulegar breytingar	Flokkur C
	ii. lýsing á áskriftarferlinu.	Flokkur C
5.1.4	Upplýsingar um mögulega skerðingu á áskriftum og með hvaða hætti endurgreiðsla umframfjárhæða sem umsækjendur hafa greitt fer fram.	Flokkur C
5.1.5	Ítarlegar upplýsingar um lágmarks- og/eða hámarksfjárhæð áskriftar (hvort sem um er að ræða fjölda verðbréfa eða samanlagða fjárfestingarfjárhæð)	Flokkur C
5.1.6	Skipulag og tímamörk fyrir greiðslu og afhendingu verðbréfa	Flokkur C
5.1.7	Ítarleg lýsing á því hvernig og hvenær niðurstöður útboðsins verða birtar opinberlega.	Flokkur C
5.1.8	Tilhögun við nýtingu forkaupsréttar, framsal áskriftarréttar og hvernig farið skal með áskriftarrétt sem ekki er nýttur	Flokkur C
5.2.	**Skipulag dreifingar og úthlutunar**	
5.2.1	i. Mismunandi flokkar mögulegra fjárfesta sem verðbréfin eru boðin til kaups	Flokkur A
	ii. Ef útboð fara fram samtímis á mörkuðum í tveimur eða fleiri löndum og ef ákveðinn hluti í lagskiptingu (e. *tranche*) hefur verið eða er tekinn frá fyrir suma þeirra, skulu allir slíkir hlutar tilgreindir.	Flokkur C
5.2.2	Aðferð við tilkynningu til umsækjenda um fjárhæðina sem þeim er úthlutuð, ásamt upplýsingum um hvort viðskipti megi hefjast áður en tilkynning berst þeim	Flokkur C

	V. viðauki	Leiðbeiningar
5.3.	**Verðlagning**	
5.3.1	i. Tilgreina skal verðið sem fyrirhugað er að verðbréfin verði boðin til kaups á eða	Flokkur C
	ii. aðferð sem er notuð til að ákvarða útboðsverð og ferlið við birtingu þess	Flokkur B
	iii. Upplýsa skal um fjárhæð allra útgjalda og skatta sem áskrifandi eða kaupandi verða sérstaklega krafðir um.	Flokkur C
5.4.	**Markaðssetning og sölutrygging**	
5.4.1	Nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem hafa umsjón með heildarútboðinu eða einstaka hlutum þess og, að því marki sem útgefanda eða tilboðsgjafa er kunnugt um, þeirra sem setja verðbréfin á markað í hinum ýmsu löndum þar sem útboðið fer fram.	Flokkur C
5.4.2	Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem annast greiðslur (e. *paying agents*) og vörsluaðila (e. *depository agents*) í hverju landi fyrir sig	Flokkur C
5.4.3	Nöfn og heimilisföng aðila sem hafa skuldbundið sig til að sölutryggja útgáfuna að fullu og nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt að setja útgáfuna á markað án bindandi skuldbindingar eða að hluta (e. *best efforts*), samkvæmt samningi. Upplýsingar um mikilvæg einkenni samninganna, þ.m.t. hversu mikinn hluta hver hefur til sölu. Sé útgáfan ekki öll sölutryggð skal tilgreina þann hluta sem sölutrygging nær ekki til. Upplýsa skal um heildarþóknanir vegna sölutryggingar og markaðssetningar.	Flokkur C
5.4.4	Upplýsingar um hvenær samningur um sölutryggingu hafi verið eða verði samþykktur.	Flokkur C
6.	TAKA VERÐBRÉFA TIL VIÐSKIPTA OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA	
6.1.	i. Upplýsingar um hvort sótt hafi verið eða sótt verði um töku til viðskipta á verðbréfunum, sem eru boðin til kaups, á skipulegum verðbréfamarkaði eða öðrum sambærilega mörkuðum ásamt upplýsingum um viðkomandi markaði. Nefna skal þessar aðstæður án þess að gefið sé í skyn að taka til viðskipta verði endilega samþykkt.	Flokkur B
	ii. Tilgreina skal þá daga þegar fyrst er hægt að taka verðbréfin til viðskipta, ef vitað er um þá.	Flokkur C
6.2.	Tilgreina skal alla skipulega verðbréfamarkaði eða sambærilega markaði, sem útgefanda er kunnugt um, þar sem verðbréf í sama flokki og verðbréfin sem á að bjóða eða taka til viðskipta, hafa þegar verið tekin til viðskipta.	Flokkur C
6.3.	Upplýsingar um aðila sem hafa skuldbundið sig til að starfa sem milligönguaðilar á eftirmarkaði og mynda seljanleika með kaup- og sölutilboðum ásamt lýsingu á helstu skilmálum skuldbindingarinnar.	Flokkur C
7.	VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR	
7.1.	Ef ráðgjafa í tengslum við útgáfu er getið í verðbréfalýsingunni skal birta yfirlýsingu þar sem fram kemur hvert hlutverk þeirra hefur verið.	Flokkur C
7.2.	Upplýsingar um aðrar upplýsingar í verðbréfalýsingunni sem löggiltir endurskoðendur hafa endurskoðað eða kannað og sem endurskoðendur hafa lagt fram skýrslu um. Endursögn skýrslunnar eða, með samþykki lögbærs yfirvalds, samantekt á henni.	Flokkur A
7.3.	Ef verðbréfalýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar, menntun hans og hæfi og hvort hann hafi verulegra hagsmuna að gæta gagnvart útgefandanum. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík greinargerð eða skýrsla fylgi, á því formi og í því samhengi sem hún er, ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta verðbréfalýsingarinnar.	Flokkur A

	V. viðauki	Leiðbeiningar
7.4.	Ef upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, láta í té staðfestingu þess efnis að upplýsingarnar séu réttar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Þar að auki skal tilgreina uppruna upplýsinganna.	Flokkur C
7.5.	i. Lánshæfismat útgefanda ef útgefandinn hefur farið fram á matið eða tekið þátt í matsferlinu og stutt skýring á því hvaða þýðingu lánshæfismatið hefur ef sá sem veitir matið hefur þegar birt það.	Flokkur A
	ii. Lánshæfismat skuldabréfa ef útgefandinn hefur farið fram á matið eða tekið þátt í matsferlinu og stutt skýring á því hvaða þýðingu lánshæfismatið hefur ef sá sem veitir matið hefur þegar birt það.	Flokkur C
	XII. viðauki	Leiðbeiningar
1.	ÁBYRGIR AÐILAR	
1.1.	Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í lýsingunni og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.	Flokkur A
1.2.	Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir lýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing frá þeim sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum lýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem er að finna í þeim hluta lýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem áhrif geti haft á áreiðanleika lýsingarinnar.	Flokkur A
2.	ÁHÆTTUÞÆTTIR	
2.1.	Upplýsingar um áhættuþætti sem skipta máli fyrir verðbréfin sem eru boðin til kaups og/eða tekin til viðskipta svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim skulu birtar á áberandi stað í þætti sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“. Þetta skal fela í sér áhættuviðvörun þess efnis að fjárfestar geti tapað verðmæti allra fjárfestinga sinna eða hluta þess, eftir atvikum, og/eða ef bótaábyrgð fjárfesta takmarkast ekki við verðmæti fjárfestinga hans skal taka það fram ásamt lýsingu á aðstæðum þar sem slík viðbótarbótaábyrgð á sér stað og mögulegum fjárhagslegum áhrifum	Flokkur A
3.	LYKILUPPLÝSINGAR	
3.1.	**Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni/útboðinu**	
	Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. ósamrýmanlegum hagsmunum, sem skipta máli fyrir útgáfu/útboð, ásamt ítarlegum upplýsingum um aðila sem hlut eiga að máli og eðli hagsmunanna	Flokkur C
3.2.	**Ástæður fyrir útboðinu og ráðstöfun söluandvirðis ef það varðar ekki myndun hagnaðar og/eða vörn gegn tilteknum áhættum**	
	Ef ástæður útboðsins og ráðstöfun söluandvirðis eru tilgreind skal gefa upp nettósöluandvirði og áætlaðan heildarkostnað vegna útgáfunnar/útboðsins.	Flokkur C

	XII. viðauki	Leiðbeiningar
4.	UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFIN SEM Á AÐ BJÓÐA OG TAKA TIL VIÐSKIPTA	
4.1.	**Upplýsingar um verðbréf**	
4.1.1	i. Lýsing á tegund og flokki verðbréfa sem eru boðin til kaups og/eða tekin til viðskipta,	Flokkur B
	ii. ISIN-númer (alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa) eða annað slíkt auðkennisnúmer verðbréfa.	Flokkur C
4.1.2	Skilmerkileg útskýring til að hjálpa fjárfestum að skilja hvernig virði undirliggjandi gernings eða gerninga hefur áhrif á virði fjárfestinga þeirra, einkum við þær aðstæður þegar áhættan er augljós nema þar sem nafnvirði hverrar einingar er a.m.k. 100 000 evrur eða þar sem einungis er hægt að kaupa verðbréf við útgáfu fyrir a.m.k. 100 000 evrur.	Flokkur B
4.1.3	Upplýsingar um löggjöfina sem verðbréfin eru búin til í samræmi við.	Flokkur A
4.1.4	i. Upplýsingar um hvort verðbréfin eru nafnbréf eða handhafabréf og hvort þau eru í skírteinisformi eða rafrænt skráð.	Flokkur A
	ii. Í síðastnefnda tilvikinu skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.	Flokkur C
4.1.5	Upplýsingar um í hvaða gjaldmiðli verðbréfin eru gefin út.	Flokkur C
4.1.6	Forgangsröðun verðbréfanna sem boðin eru til kaups og/eða tekin til viðskipta, þ.m.t. samantektir á hvers kyns ákvæðum sem eiga að ákvarða forgangsröðun verðbréfa eða gera þau víkjandi gagnvart skuldbindingum eða framtíðarskuldbindingum útgefandans.	Flokkur A
4.1.7	Lýsing á réttindum sem fylgja verðbréfunum, þ.m.t. hvers kyns takmarkanir á þessum réttindum, og tilhögun við nýtingu þeirra.	Flokkur B
4.1.8	Ef um er að ræða nýjar útgáfur skal gefa yfirlýsingu um ályktanir, heimildir og samþykktir sem hafa legið eða munu liggja til grundvallar við gerð og/eða útgáfu verðbréfa.	Flokkur C
4.1.9	Útgáfudagur verðbréfanna	Flokkur C
4.1.10.	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á frjálsu framsali verðbréfanna	Flokkur A
4.1.11.	i. Lokadagsetning afleiddu verðbréfanna	Flokkur C
	ii. Nýtingardagur eða síðasti viðmiðunardagur	Flokkur C
4.1.12.	Lýsing á uppgjörsaðferð afleiddu verðbréfanna	Flokkur B
4.1.13.	i. Lýsing á því hvernig hagnaður af afleiddum verðbréfum er greiddur út[1]	Flokkur B
	ii. greiðsludagur eða afhendingardagur	Flokkur C
	iii. aðferð við útreikning	Flokkur B
4.1.14.	Að því er varðar landið þar sem útgefandi hefur skráða skrifstofu og land eða lönd þar sem útboð verðbréfa fer fram eða þar sem óskað er eftir töku verðbréfa til viðskipta skal tilgreina eftirfarandi: — upplýsingar um skatt af tekjum af verðbréfunum sem haldið er eftir til staðgreiðslu — upplýsingar um hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir	Flokkur A

	XII. viðauki	Leiðbeiningar
4.2.	**Upplýsingar um undirliggjandi þætti**	
4.2.1	Nýtingarverð eða lokaviðmiðunarverð fyrir undirliggjandi þætti	Flokkur C
4.2.2	Yfirlýsing þar sem tilgreind er tegund undirliggjandi þáttar	Flokkur A
	upplýsingar um hvar hægt sé að fá upplýsingar um fyrri árangur og framtíðarárangur undirliggjandi þáttar og flökt hans	Flokkur C
	i. ef undirliggjandi þáttur er verðbréf	
	— heiti útgefanda verðbréfs	Flokkur C
	— ISIN-númer (alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa) eða annað slíkt auðkennisnúmer verðbréfa	Flokkur C
	ii. ef undirliggjandi þáttur er vísitala (e. *index*)	
	— heiti vísitölunnar	Flokkur C
	— lýsing á vísitölunni ef útgefandinn setti hana saman.	Flokkur A
	— Ef útgefandinn setur ekki vísitöluna saman skal geta þess hvar hægt sé að fá upplýsingar um hana	Flokkur C
	iii. ef undirliggjandi þáttur er vextir	
	— lýsingu á vöxtunum	Flokkur C
	iv. annað:	
	— Ef undirliggjandi þáttur tilheyrir engum framangreindra flokka skal verðbréfalýsingin hafa að geyma samsvarandi upplýsingar.	Flokkur C
	v. ef undirliggjandi þáttur er karfa af mismunandi undirliggjandi þáttum	
	— upplýsingar um viðkomandi vægi hvers þáttar í körfunni	Flokkur C
4.2.3	Lýsing á hvers kyns röskun á markaði eða atburðum sem valda röskun á greiðsluuppgjöri sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti	Flokkur B
4.2.4	Leiðréttingarreglur sem tengjast atburðum sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti.	Flokkur B
5.	SKILMÁLAR OG SKILYRÐI FYRIR ÚTBOÐINU	
5.1.	**Skilyrði, tölfræðilegar upplýsingar um útboð, fyrirhuguð tímaáætlun og nauðsynlegar aðgerðir varðandi þátttöku í útboðinu**	
5.1.1	Skilyrði sem gilda um útboðið	Flokkur C
5.1.2	Heildarfjárhæð útgáfunnar/útboðsins; ef fjárhæðin er ekki föst skal lýsa hvernig og hvenær endanleg fjárhæð útboðsins verður tilkynnt opinberlega.	Flokkur C
5.1.3	i. Upplýsingar um hversu lengi útboðið stendur, þ.m.t. hvers kyns mögulegar breytingar	Flokkur C
	ii. lýsing á áskriftarferlinu.	Flokkur C
5.1.4	Ítarlegar upplýsingar um lágmarks- og/eða hámarksfjárhæð áskriftar (hvort sem um er að ræða fjölda verðbréfa eða samanlagða fjárfestingarfjárhæð)	Flokkur C
5.1.5	Skipulag og tímamörk fyrir greiðslu og afhendingu verðbréfa	Flokkur C

	XII. viðauki	Leiðbeiningar
5.1.6	Ítarleg lýsing á því hvernig og hvenær niðurstöður útboðsins verða birtar opinberlega.	Flokkur C
5.2.	**Skipulag dreifingar og úthlutunar**	
5.2.1	i. Mismunandi flokkar mögulegra fjárfesta sem verðbréfin eru boðin til kaups	Flokkur A
	ii. Ef útboð fer fram samtímis á mörkuðum í tveimur eða fleiri löndum og ef ákveðinn hluti í lagskiptingu hefur verið tekinn eða er tekinn frá fyrir einhverja af þessum mörkuðum skulu allir slíkir hlutar tilgreindir.	Flokkur C
5.2.2	Aðferð við tilkynningu til umsækjenda um fjárhæðina sem þeim er úthlutuð, ásamt upplýsingum um hvort viðskipti megi hefjast áður en tilkynning berst þeim	Flokkur C
5.3.	**Verðlagning**	
5.3.1	i. Tilgreina skal verðið sem fyrirhugað er að verðbréfin verði boðin til kaups á eða	Flokkur C
	ii. aðferð sem er notuð til að ákvarða útboðsverð og ferlið við birtingu þess	Flokkur B
	iii. Upplýsa skal um fjárhæð allra útgjalda og skatta sem áskrifandi eða kaupandi verða sérstaklega krafðir um.	Flokkur C
5.4.	**Markaðssetning og sölutrygging**	
5.4.1	Nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem hafa umsjón með heildarútboðinu eða einstaka hlutum þess og, að því marki sem útgefanda eða tilboðsgjafa er kunnugt um, þeirra sem setja verðbréfin á markað í hinum ýmsu löndum þar sem útboðið fer fram.	Flokkur C
5.4.2	Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem annast greiðslur og vörsluaðila í hverju landi fyrir sig.	Flokkur C
5.4.3	Nöfn og heimilisföng aðila sem hafa skuldbundið sig til að sölutryggja útgáfuna að fullu og nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt að setja útgáfuna á markað án bindandi skuldbindingar eða að hluta (e. *best efforts*), samkvæmt samningi. Sé útgáfan ekki öll sölutryggð skal tilgreina þann hluta sem sölutrygging nær ekki til	Flokkur C
5.4.4	Upplýsingar um hvenær samningur um sölutryggingu hafi verið eða verði samþykktur.	Flokkur C
5.4.5	Nafn og heimilisfang þess aðila sem sér um útreikning.	Flokkur C
6.	TAKA VERÐBRÉFA TIL VIÐSKIPTA OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA	
6.1.	i. Upplýsingar um hvort sótt hafi verið eða sótt verði um töku til viðskipta á verðbréfunum, sem eru boðin til kaups, á skipulegum verðbréfamarkaði eða öðrum sambærilega mörkuðum ásamt upplýsingum um viðkomandi markaði. Nefna skal þessar aðstæður án þess að gefið sé í skyn að taka til viðskipta verði endilega samþykkt.	Flokkur B
	ii. Tilgreina skal þá daga þegar fyrst er hægt að taka verðbréfin til viðskipta, ef vitað er um þá.	Flokkur C
6.2.	Tilgreina skal alla skipulega verðbréfamarkaði eða sambærilega markaði, sem útgefanda er kunnugt um, þar sem verðbréf í sama flokki og verðbréfin sem á að bjóða eða tala til viðskipta, hafa þegar verið tekin til viðskipta.	Flokkur C
6.3.	Upplýsingar um aðila sem hafa skuldbundið sig til að starfa sem milligönguaðilar á eftirmarkaði og mynda seljanleika með kaup- og sölutilboðum ásamt lýsingu á helstu skilmálum skuldbindingarinnar.	Flokkur C

	XII. viðauki	Leiðbeiningar
7.	VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR	
7.1.	Ef ráðgjafa í tengslum við útgáfu er getið í verðbréfalýsingunni skal birta yfirlýsingu þar sem fram kemur hvert hlutverk þeirra hefur verið.	Flokkur C
7.2.	Upplýsingar um aðrar upplýsingar í verðbréfalýsingunni sem löggiltir endurskoðendur hafa endurskoðað eða kannað og sem endurskoðendur hafa lagt fram skýrslu um. Endursögn skýrslunnar eða, með samþykki lögbærs yfirvalds, samantekt á henni.	Flokkur A
7.3.	Ef verðbréfalýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar, menntun hans og hæfi og hvort hann hafi verulegra hagsmuna að gæta gagnvart útgefandanum. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík greinargerð eða skýrsla fylgi, á því formi og í því samhengi sem hún er, ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta verðbréfalýsingarinnar.	Flokkur A
7.4.	Ef upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, láta í té staðfestingu þess efnis að upplýsingarnar séu réttar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Þar að auki skal útgefandinn tilgreina uppruna upplýsinganna.	Flokkur C
7.5.	Gefa skal upplýsingar um það í lýsingunni hvort útgefandinn hyggist láta í té upplýsingar að útgáfu lokinni. Ef útgefandi hefur gefið til kynna að hann hyggist greina frá slíkum upplýsingum skal útgefandinn tilgreina í lýsingunni frá hvaða upplýsingum verður greint og hvar hægt sé að finna þær.	Flokkur C
	XIII. viðauki	Leiðbeiningar
1.	ÁBYRGIR AÐILAR	
1.1.	Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í lýsingunni og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.	Flokkur A
1.2.	Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir lýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir lýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar.	Flokkur A
2.	ÁHÆTTUÞÆTTIR	
	Upplýsingar um áhættuþætti sem skipta máli fyrir verðbréfin sem eru tekin til viðskipta svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim skulu birtar á áberandi stað í þætti sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.	Flokkur A
3.	LYKILUPPLÝSINGAR	
	Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem taka þátt í útgáfunni	
	Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. ósamrýmanlegum hagsmunum, sem skipta máli fyrir útgáfuna, ásamt ítarlegum upplýsingum um aðila sem hlut eiga að máli og eðli hagsmunanna.	Flokkur C

	XIII. viðauki	Leiðbeiningar
4.	UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFIN SEM Á AÐ SKRÁ Á MARKAÐ	
4.1.	Heildarfjárhæð verðbréfa sem á að taka til viðskipta.	Flokkur C
4.2.	i. Lýsing á tegund og flokki verðbréfa sem eru boðin til kaups og/eða tekin til viðskipta,	Flokkur B
	ii. ISIN-númer (alþjóðlegt auðkennisnúmer verðbréfa) eða annað slíkt auðkennisnúmer verðbréfa.	Flokkur C
4.3.	Upplýsingar um löggjöfina sem verðbréfin eru búin til í samræmi við	Flokkur A
4.4.	i. Upplýsingar um hvort verðbréfin eru nafnbréf eða handhafabréf og hvort þau eru í skírteinisformi eða rafrænt skráð.	Flokkur A
	ii. Í síðastnefnda tilvikinu skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.	Flokkur C
4.5.	Upplýsingar um í hvaða gjaldmiðli verðbréfin eru gefin út	Flokkur C
4.6.	Forgangsröðun verðbréfanna sem boðin eru til kaups og/eða tekin til viðskipta, þ.m.t. samantektir á hvers kyns ákvæðum sem eiga að ákvarða forgangsröðun verðbréfa eða gera þau víkjandi gagnvart skuldbindingum eða framtíðarskuldbindingum útgefandans.	Flokkur A
4.7.	Lýsing á réttindum sem fylgja verðbréfunum, þ.m.t. hvers kyns takmarkanir á þessum réttindum, og tilhögun við nýtingu þeirra.	Flokkur B
4.8.	i. Nafnvextir	Flokkur C
	ii. Ákvæði varðandi vaxtagjöld	Flokkur B
	iii. Upphafsdagur vaxta	Flokkur C
	iv. Gjalddagar vaxta	Flokkur C
	v. Fyrningarfrestur á vaxtakröfum og kröfum til endurgreiðslu höfuðstóls	Flokkur B
	Ef vextirnir eru ekki fastir	
	vi. Yfirlýsing um tegund undirliggjandi þáttar	Flokkur A
	vii. lýsing á þeim undirliggjandi þætti sem þeir eru reiknaðir út frá	Flokkur C
	viii. og aðferðinni sem notuð er til að tengja þessa tvo þætti	Flokkur B
	ix. Lýsing á hvers kyns röskun á markaði eða atburðum sem valda röskun á greiðsluuppgjöri sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti	Flokkur B
	x. Leiðréttingarreglur sem tengjast atburðum sem hafa áhrif á undirliggjandi þætti	Flokkur B
	xi. Nafn þess aðila sem sér um útreikninginn	Flokkur C
4.9.	i. gjalddagi	Flokkur C
	ii. fyrirkomulag á niðurgreiðslu lánsins, þ.m.t. hvernig endurgreiðslur fara fram. Ef fyrirhugað er að flýta niðurgreiðslu lánsins, að frumkvæði útgefanda eða handhafa verðbréfa, skal gera grein fyrir skilmálum og skilyrðum niðurgreiðslunnar	Flokkur B

	XIII. viðauki	Leiðbeiningar
4.10.	i. Upplýsingar um ávöxtun	Flokkur C
4.11.	Fyrirsvar fyrir handhafa skuldabréfa, þ.m.t. upplýsingar um stofnunina sem er í fyrirsvari fyrir fjárfestana og ákvæði sem gilda um slíkt fyrirsvar. Upplýsingar um hvar almenningur getur haft aðgang að samningum sem gerðir hafa verið um þessar aðferðir við fyrirsvarið.	Flokkur B
4.12.	Útskýring á þeim ályktunum, heimildum og samþykktum sem lágu til grundvallar við gerð og/eða útgáfu verðbréfa.	Flokkur C
4.13.	Útgáfudagur verðbréfanna	Flokkur C
4.14.	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á frjálsu framsali verðbréfanna	Flokkur A
5.	TAKA VERÐBRÉFA TIL VIÐSKIPTA OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA	
5.1.	i. Upplýsingar um markaðinn þar sem verslað verður með verðbréfin og sem lýsing hefur verið birt fyrir.	Flokkur B
	ii. Tilgreina skal þá daga þegar fyrst er hægt að taka verðbréfin til viðskipta, ef vitað er um þá.	Flokkur C
5.2.	Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem annast greiðslur og vörsluaðila í hverju landi fyrir sig.	Flokkur C
6.	KOSTNAÐUR VEGNA TÖKU TIL VIÐSKIPTA	
	Áætlaður heildarkostnaður vegna töku til viðskipta.	Flokkur C
7.	VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR	
7.1.	Ef ráðgjafa er getið í verðbréfalýsingunni skal birta yfirlýsingu þar sem fram kemur hvert hlutverk þeirra hefur verið.	Flokkur C
7.2.	Tiltaka skal aðrar upplýsingar í verðbréfalýsingunni sem endurskoðendur hafa endurskoðað eða kannað og sem endurskoðendur hafa lagt fram skýrslu um. Endursögn skýrslunnar eða, með samþykki lögbærs yfirvalds, samantekt á henni.	Flokkur A
7.3.	Ef verðbréfalýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar, menntun hans og hæfi og hvort hann hafi verulegra hagsmuna að gæta gagnvart útgefandanum. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík greinargerð eða skýrsla fylgi, á því formi og í því samhengi sem hún er, ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta verðbréfalýsingarinnar.	Flokkur A
7.4.	Ef upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, láta í té staðfestingu þess efnis að upplýsingarnar séu réttar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Þar að auki skal tilgreina uppruna upplýsinganna.	Flokkur C
7.5.	i. Lánshæfismat útgefanda ef útgefandinn hefur farið fram á matið eða tekið þátt í matsferlinu	Flokkur A
	ii. Lánshæfismat verðbréfa ef útgefandinn hefur farið fram á matið eða tekið þátt í matsferlinu	Flokkur C

	VIII. viðauki	Leiðbeiningar
1.	VERÐBRÉFIN	
1.1.	Lágmarksnafnverð útgáfu.	Flokkur C
1.2.	Ef tilgreindar eru upplýsingar um fyrirtæki/loforðsgjafa sem tengist ekki útgáfunni skal láta í té staðfestingu um að upplýsingarnar sem tengjast fyrirtækinu/loforðsgjafanum hafi verið nákvæmlega byggðar á upplýsingum sem fyrirtækið/loforðsgjafinn hefur gefið út. Að svo miklu leyti sem útgefanda er kunnugt um og honum er unnt skal hann staðfesta, út frá þeim upplýsingum sem fyrirtækið/loforðsgjafi hefur birt, að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar, sem hann hefur eftir, ónákvæmar eða misvísandi.	Flokkur C
	Þar að auki skal tilgreina hvaðan upplýsingar í verðbréfalýsingu, sem byggjast á upplýsingum sem fyrirtæki/loforðsgjafi hefur birt, eru fengnar.	Flokkur C
2.	UNDIRLIGGJANDI EIGNIR	
2.1.	Staðfesting þess efnis að verðbréfuðu eignirnar sem eru til tryggingar útgáfunni hafi getu til að mynda tekjur sem standa straum af gjaldföllnum afborgunum af verðbréfunum.	Flokkur A
2.2.	**Ef útgáfan er tryggð með safni stakra eigna (e. *pool of discrete assets*) skal tilgreina eftirfarandi:**	
2.2.1	Löggjöfina sem eignasafnið heyrir undir	Flokkur C
2.2.2	a) Ef um er að ræða fáa loforðsgjafa, sem auðvelt er að sanngreina, skal leggja fram almenna lýsingu á hverjum þeirra.	Flokkur A
	b) Í öllum öðrum tilvikum skal gefa upplýsingar um almenn einkenni loforðsgjafanna og efnahagslegt umhverfi	Flokkur B
	ásamt yfirgripsmiklum tölfræðilegum gögnum sem tengjast verðbréfuðu eignunum.	Flokkur C
2.2.3	lagalegt eðli eignanna	Flokkur C
2.2.4	lokadagsetning/-dagsetningar eða gjalddagi/gjalddagar eignanna	Flokkur C
2.2.5	fjárhæð eignanna	Flokkur C
2.2.6	lánshlutfall eða umfang tryggingar	Flokkur C
2.2.7	aðferðin sem er notuð í tengslum við tilurð eða myndun eigna og fyrir lán og lánasamninga, helstu lánaviðmiðanir og upplýsingar um lán sem uppfylla ekki þessar viðmiðanir og réttindi eða skyldur í tengslum við frekari greiðslur	Flokkur B
2.2.8	mikilvægar upplýsingar og tryggingar sem eru veittar útgefanda í tengslum við eignirnar	Flokkur C
2.2.9	hvers kyns réttindi til að skipta út eignum og lýsing á því hvernig það fer fram og tegund eigna sem hægt er að skipta út á þennan hátt; ef unnt er að skipta eignum út með eignum í öðrum flokki eða af öðrum gæðum skal gefa yfirlýsingu þess efnis auk lýsingar á áhrifum slíkra skipta	Flokkur B
2.2.10.	lýsing á viðeigandi vátryggingarsamningum sem tengjast eignunum. Skylt er að greina frá samþjöppun hjá einu vátryggingarfélagi ef það skiptir máli fyrir viðskiptin	Flokkur B

	VIII. viðauki	Leiðbeiningar
2.2.11.	Ef eignir fela í sér skuldbindingar fimm eða færri loforðsgjafa sem eru lögaðilar eða ef loforðsgjafi stendur fyrir 20% af eignunum eða meira eða ef loforðsgjafi stendur fyrir verulegan hluta eignanna, skal útgefandi, svo framarlega sem honum er kunnugt um og/eða honum er unnt að staðfesta út frá upplýsingum sem loforðsgjafi eða loforðsgjafar hafa birt, tilgreina annan eftirfarandi liða:	
	a) upplýsingar um hvern loforðsgjafa eins og um væri að ræða útgefanda sem semur útgefandalýsingu fyrir skuldabréf og afleidd verðbréf þar sem nafnvirði hvers bréfs er a.m.k. 100 000 evrur	Flokkur A
	b) ef loforðsgjafi eða ábyrgðaraðili á verðbréf sem þegar hafa verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkað eða sambærilegum markaði eða ef skuldbindingarnar eru tryggðar af aðila, sem tekinn hefur verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða sambærilegum markaði, skal veita upplýsingar um nafn, heimilisfang, landið þar sem aðilinn er skráður, eðli starfseminnar og heiti markaðarins þar sem viðskipti eru með verðbréfin.	Flokkur C
2.2.12.	Ef tengsl eru milli útgefanda, ábyrgðaraðila og loforðsgjafa sem skipta máli fyrir útgáfuna skal gefa ítarlegar upplýsingar um helstu skilmála sem gilda um þessi tengsl	Flokkur C
2.2.13.	Ef eignirnar fela í sér skuldbindingar sem ekki hafa verið teknar til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða sambærilegum markaði skal lýsa helstu skilmálum og skilyrðum skuldbindinganna	Flokkur B
2.2.14.	Ef eignir samanstanda af hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða sambærilegum markaði skal tilgreina eftirfarandi:	
	a) lýsingu á verðbréfunum	Flokkur C
	b) lýsingu á markaðnum þar sem viðskipti fara fram með verðbréfin, þ.m.t. stofndagur hans, hvernig verðupplýsingar eru birtar, upplýsingar um daglega viðskiptaveltu, upplýsingar um mikilvægi markaðarins í viðkomandi landi og heiti á eftirlitsyfirvaldi markaðarins	Flokkur C
	c) hversu oft verð viðkomandi verðbréfa eru birt.	Flokkur C
2.2.15.	Ef meira en 10% af eignunum samanstendur af hlutabréfum sem ekki eru höfð viðskipti með á skipulegum verðbréfamarkaði eða sambærilegum markaði skal fylgja lýsing á þessum hlutabréfum og upplýsingar, sem eru sambærilegar þeim sem er að finna í grunnskjali fyrir útgefandalýsingu fyrir hluti, að því er varðar hvern útgefanda þessara verðbréfa.	Flokkur A
2.2.16.	Ef verulegur hluti eignanna er tryggður með fasteign skal leggja fram matsskýrslu um fasteignina þar sem fram kemur bæði hvers virði hún er og sjóð- og tekjustreymi. Þessara upplýsinga er ekki krafist ef útgáfan er á verðbréfum sem eru tryggð með veðlánum í fasteign, þar sem ekki hefur farið fram neitt endurmat á fasteigninni vegna útgáfunnar og þar sem skýrt er tekið fram að matið, sem sett er fram, miðist við daginn þegar gengið var frá upprunalega veðláninu.	Flokkur A
2.3.	**Ef útgáfan er tryggð með safni eigna, sem stýrt er með virkum hætti, skal tilgreina eftirfarandi:**	
2.3.1	upplýsingar sem eru sambærilegar þeim sem er að finna í liðum 2.1. og 2.2 til að unnt sé að meta tegund, gæði, nægjanleika og seljanleika eignanna í eignasafninu sem er tryggingar útgáfunni	sjá lið 2.1 og 2.2
2.3.2	mælikvarðar sem eru notaðir við fjárfestingar, nafn og lýsing á aðila sem er ábyrgur fyrir slíkri stjórnun, þ.m.t. lýsing á sérfræðikunnáttu og reynslu hans, samantekt á ákvæðum varðandi hvernig eigi að ljúka samvinnu við slíkan aðila og stofna til sambands við annan aðila og lýsing á tengslum þess aðila við alla aðra sem eiga aðild að útgáfunni	Flokkur B

	VIII. viðauki	Leiðbeiningar
2.4.	Ef útgefandi fyrirhugar að gefa út fleiri verðbréf, tryggð með sömu eignum, skal greina frá því með skýrum hætti og lýsa því hvernig eigendum verðbréfa í þessum flokki verði tilkynnt um það, nema hægt sé að skipta nýju verðbréfunum út fyrir þá skuldabréfaflokka sem fyrir eru, eða þau séu víkjandi gagnvart þeim.	Flokkur C
3.	SKIPULAG OG SJÓÐSTREYMI	
3.1.	Lýsing á skipulagi viðskiptanna, þ.m.t. flæðirit, ef nauðsyn krefur	Flokkur A
3.2.	Lýsing á aðilum sem taka þátt í útgáfunni og þeim hlutverkum sem þeir eiga að gegna	Flokkur A
3.3.	Lýsing á því hvaða aðferð er notuð við sölu, yfirfærslu, kröfuhafaskipti eða framsal eigna eða hvers kyns réttinda og/eða skuldbindinga útgefanda í tengslum við eignirnar ásamt dagsetningum eða, eftir atvikum, hvernig og innan hvaða tímabils útgefandi mun ljúka við að fjárfesta fyrir söluandvirðið af útgáfunni	Flokkur B
3.4.	**Skýring á fjármagnsflæði, þ.m.t.:**	
3.4.1	hvernig sjóðsstreymi frá eignunum uppfylli skuldbindingar útgefanda gagnvart verðbréfaeigendum þ.m.t. tafla yfir fjármálaþjónustu og lýsing á forsendum sem notaðar eru við gerð töflunnar, ef nauðsyn krefur	Flokkur B
3.4.2	upplýsingar um alla þætti sem er ætlað að bæta lánshæfi og upplýsingar um það hvort veruleg hætta sé á lausafjárskorti, hvort unnt sé að fá lausafjáraðstoð, ásamt upplýsingum um ráðstafanir sem ætlað er að mæta hættunni á greiðslufalli vaxtagreiðslna eða greiðslna af höfuðstól	Flokkur B
3.4.3	með fyrirvara um lið 3.4.2 skal gefa ítarlegar upplýsingar um fjármögnun með víkjandi lánum	Flokkur C
3.4.4	upplýsingar um hvers kyns mælikvarða sem eru notaðir við fjárfestingu tímabundins umframlausafjár og lýsing á þeim aðilum sem eru ábyrgir fyrir slíkum fjárfestingum	Flokkur B
3.4.5	hvernig greiðslur vegna eignanna eru innheimtar	Flokkur B
3.4.6	forgangsröð greiðslna frá útgefanda til eigenda viðkomandi verðbréfaflokks	Flokkur A
3.4.7	ítarlegar upplýsingar um hvers kyns annað fyrirkomulag sem vaxtagreiðslur og greiðslur af höfuðstól til fjárfesta eru háðar	Flokkur A
3.5.	nafn, heimilisfang og mikilvæg viðskiptastarfsemi þeirra sem eru upphafsaðilar verðbréfuðu eignanna (e. *originators of the securitised assets*)	Flokkur C
3.6.	Ef arður af bréfunum og/eða endurgreiðsla þeirra tengist verðþróun eða verðgildi annarra eigna, sem eru ekki í eigu útgefandans, eru liðir 2.2 og 2.3 nauðsynlegir	Sjá liði 2.2 og 2.3
3.7.	nafn, heimilisfang og mikilvæg viðskiptastarfsemi umsjónaraðila, aðila sem sér um útreikning eða sambærilegra aðila, ásamt samantekt á ábyrgð þessara aðila, tengsl þeirra við upphafsaðila eignanna eða þess sem bjó þær til og samantekt á ákvæðum sem snerta uppsögn umsjónaraðila/aðila sem sér um útreikning og tilnefningu annars umsjónaraðila/aðila sem sér um útreikning	Flokkur C
3.8.	nöfn, heimilisföng og stutt lýsing á:	
	a) öðrum mótaðilum í skiptasamningi og aðilum sem veita annars konar mikilvæga möguleika til að bæta lánshæfi/lausafjárstöðu	Flokkur A
	b) bönkum þar sem er að finna helstu reikninga sem tengjast viðskiptunum.	Flokkur C

	VIII. viðauki	Leiðbeiningar
4.	UPPLÝSINGAGJÖF AÐ LOKINNI ÚTGÁFU	
4.1.	Greina skal frá því í lýsingunni hvort fyrirhugað sé að leggja fram upplýsingar um viðskipti að útgáfu lokinni, að því er varðar verðbréf sem verða tekin til viðskipta og verðþróun undirliggjandi trygginga. Ef útgefandi hefur gefið til kynna að hann hyggist greina frá slíkum upplýsingum skal tilgreina í lýsingunni frá hvaða upplýsingum verður greint, hvar þær sé að finna og hversu oft þær verða birtar	Flokkur C
	XIV. viðauki	Leiðbeiningar
1.	Lýsing á undirliggjandi hlut	
1.1.	Lýsing á tegund og flokk hlutanna	Flokkur A
1.2.	Upplýsingar um löggjöfina, sem hlutirnir hafa verið eða verða búnir til í samræmi við	Flokkur A
1.3.	Upplýsingar um hvort verðbréfin eru nafnbréf eða handhafabréf og hvort þau eru í skírteinisformi eða rafrænt skráð. Í síðastnefnda tilvikinu skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.	Flokkur A
1.4.	Upplýsingar um í hvaða gjaldmiðli hlutirnir eru gefnir út	Flokkur A
1.5.	Lýsing á réttindum tengdum verðbréfunum, þ.m.t. hvers kyns takmarkanir á þessum réttindum, og tilhögun við nýtingu þeirra: — Réttur til arðs: — sá dagur eða dagar sem réttur til arðs stofnast, — þau tímamörk þar sem réttur til arðgreiðslu fellur niður og upplýsingar um hver sá aðili er sem slíkur réttur flyst til eftir þau tímamörk, — takmarkanir á arði og verklagsreglur að því er varðar handhafa sem eru ekki búsettir í landinu, — fjárhæð arðs eða aðferð við að reikna hann út, tíðni arðgreiðslna og hvort þær séu uppsafnaðar eða ekki. — Atkvæðisréttur. — Forgangsréttur til áskriftar við útboð verðbréfa í sama flokki. — Réttur til hlutdeildar í hagnaði útgefanda. — Réttur til hlutdeildar í tekjum umfram gjöld ef til félagsslita kemur. — Innlausnarákvæði. — Breytingarákvæði.	Flokkur A
1.6.	Ef um er að ræða nýjar útgáfur skal gefa yfirlýsingu um ályktanir, heimildir og samþykktir sem hafa legið eða munu liggja til grundvallar við gerð og/eða útgáfu hluta og tilgreina útgáfudag.	Flokkur C
1.7.	Upplýsingar um hvar og hvenær hlutirnir verða eða hafa verið teknir til viðskipta.	Flokkur C
1.8.	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á frjálsu framsali hlutanna	Flokkur A
1.9.	Upplýsingar um hvort til staðar séu lögboðin yfirtökutilboð eða reglur um innlausnarrétt og innlausnarskyldu í tengslum við hlutina	Flokkur A
1.10.	Upplýsingar um opinber yfirtökutilboð af hálfu þriðju aðila í tengslum við hlutabréf útgefanda sem hafa átt sér stað á síðasta og yfirstandandi fjárhagsári. Tilgreina skal verð eða skiptakjör sem fylgja slíkum tilboðum og hver niðurstaðan hefur orðið.	Flokkur A

	XIV. viðauki	Leiðbeiningar
1.11.	Áhrif sem útgefandi verður fyrir af völdum undirliggjandi hlutar við nýtingu réttar og möguleg þynningaráhrif fyrir hluthafa.	Flokkur C
2.	Ef útgefandi undirliggjandi þáttar er aðili innan sömu samstæðu skulu upplýsingar um útgefanda vera þær sömu og krafist er í grunnskjali útgefandalýsingar fyrir hluti.	Flokkur A
	VI. viðauki	Leiðbeiningar
1.	EÐLI ÁBYRGÐARINNAR	
	Lýsing á hvers kyns fyrirkomulagi sem hefur það að markmiði að tryggja að mikilvægum skuldbindingum í tengslum við útgáfuna verði fullnægt hvort sem er í formi ábyrgðar, veðs, „Keep well-samnings“, sérstaks tryggingarsamnings (e. *Mono-line Insurance policy*) eða annarra sambærilegra skuldbindinga (hér á eftir nefndar „ábyrgðir“ og sá sem úthlutar þeim „ábyrgðaraðili“ til hagræðingar). Með fyrirvara um það hve almenn ofangreind atriði eru felur slíkt fyrirkomulag í sér skuldbindingar sem eiga að sjá til þess að skuldabréf séu endurgreidd og/eða vextir greiddir og í lýsingunni skal koma fram hvernig fyrirkomulaginu er ætlað að tryggja að greiðslur, sem tryggðar eru, berist á tilskildum tíma.	Flokkur B
2.	GILDISSVIÐ ÁBYRGÐARINNAR	
	Birta skal ítarlegar upplýsingar um skilmála, skilyrði og gildissvið ábyrgðarinnar. Með fyrirvara um það hve almenn ofangreind atriði eru skulu þessar ítarlegu upplýsingar taka til hvers kyns skilyrða um beitingu ábyrgðarinnar ef um er að ræða vanefndir samkvæmt skilmálum tryggingarinnar og mikilvægum skilmálum sérstakra tryggingasamninga (e. *Mono-line Insurance*) eða „Keep well-samninga“ milli útgefanda og ábyrgðaraðila. Einnig skal birta ítarlegar upplýsingar um neitunarvald ábyrgðaraðila í tengslum við breytingar á réttindum verðbréfaeigenda eins og oft er að finna í sérstökum tryggingarsamningi (e. *Mono-line Insurance*).	Flokkur B
3.	UPPLÝSINGAR SEM BIRTA SKAL UM ÁBYRGÐARAÐILA	
	Ábyrgðaraðili skal birta upplýsingar um sjálfan sig á sama hátt og hann væri útgefandi þeirrar tegundar verðbréfa sem eru andlag ábyrgðarinnar.	Flokkur A
4.	SKJÖL TIL SÝNIS	
	Upplýsingar um hvar almenningur hafi aðgang að mikilvægum samningum og öðrum skjölum sem tengjast ábyrgðinni.	Flokkur A

([1]) Ef þáttur í formúlunni er 0 eða 1 og viðkomandi þáttur er ekki notaður í tiltekinni útgáfu skal vera unnt að útfæra formúluna í endanlegu skilmálunum án þess þáttar sem ekki er notaður.

XXI. VIÐAUKI

Skrá yfir viðbótarupplýsingar í endanlegum skilmálum

VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

Dæmi um flókin afleidd verðbréf eins og um getur í 18. forsendu í reglugerðinni um lýsingar

Viðbótarákvæði, sem ekki er krafist í viðkomandi verðbréfalýsingu, varðandi undirliggjandi þátt

Land eða lönd þar sem útboðið eða útboðin fara fram

Land eða lönd þar sem sótt er um að taka verðbréf til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða -mörkuðum

Land eða lönd þar sem viðkomandi grunnlýsing hefur verið birt

Raðnúmer

Númer hluta í lagskiptingu

_____

XXII. VIÐAUKI

Upplýsingar í samantektum

LEIÐBEININGAR UM NOTKUN TAFLNANNA

1. Samantektir eru gerðar á grundvelli máts samkvæmt viðaukunum við þessa reglugerð sem lýsingin byggir á. Til dæmis myndi samantekt að því er varðar lýsingu fyrir hluti birta upplýsingarnar sem krafist er vegna liðanna í I. og III. viðauka.
2. Í hverri samantekt skulu vera fimm töflur eins og tilgreint er hér á eftir.
3. Röð þáttanna A-E er ófrávíkjanleg. Innan hvers þáttar eru liðir sem skal birta í þeirri röð sem þeir birtast í töflunum.
4. Ef liður á ekki við lýsingu skal sá liður, til samræmis við það, tilgreindur í samantektinni ásamt athugasemdinni „á ekki við“.
5. Efni samantektar skal vera hnitmiðað, en þó þannig að engu sé sleppt sem krafist er samkvæmt liðunum..
6. Í samantektum skulu ekki vera millivísanir í tiltekna hluta lýsingarinnar.
7. Ef lýsing varðar töku verðbréfa, sem ekki eru hlutabréfatengd og að lágmarki 100 000 evrur að nafnvirði í samræmi við IX. viðauka og/eða XIII. viðauka, til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, og aðildarríki krefst samantektar í samræmi við 2. mgr. 5. gr. og 4. mgr. 19. gr. tilskipunar 2003/71/EB eða ef samantekt er gerð af fúsum og frjálsum vilja, gilda kröfur um upplýsingagjöf í samantektum í tengslum við IX. og XIII. viðauka eins og kveðið er á um í töflunum. Ef útgefanda er ekki skylt að hafa samantekt í lýsingu en óskar eftir því að hafa yfirlitsþátt í lýsingunni skal hann tryggja að hann sé ekki með fyrirsögnina „samantekt“ nema yfirlitsþátturinn sé í samræmi við allar kröfur um upplýsingagjöf í samantektum.

A-þáttur —Inngangur og viðvaranir

Viðaukar	Liður	Upplýsingaskylda
Allir	**A.1**	Viðvörun um: — að [þessa] samantekt skuli túlka sem inngang að lýsingunni, — að ákvörðun fjárfestis um að fjárfesta í verðbréfunum skuli tekin á grundvelli lýsingarinnar í heild, — að ef farið er fyrir dómstóla með kröfu, sem varðar upplýsingar í lýsingu, gæti fjárfestirinn sem er stefnandi, samkvæmt landslöggjöf aðildarríkjanna, þurft að bera kostnað af þýðingu lýsingarinnar áður en málareksturinn hefst, og — að einkaréttarábyrgð fellur eingöngu á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina, þ.m.t. þýðingu hennar, einungis ef hún er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta lýsingarinnar, eða ef hún veitir ekki, í samhengi við aðra hluta lýsingarinnar, lykilupplýsingar til aðstoðar fjárfestum þegar þeir íhuga hvort fjárfesta skuli í slíkum verðbréfum.

B-þáttur —Útgefandi og allir ábyrgðaraðilar

Viðaukar	Liður	Upplýsingaskylda
1, 4, 7, 9, 11	**B.1.**	Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda.
1, 4, 7, 9, 11	**B.2.**	Lögheimili útgefandans og rekstrarform hans að lögum, löggjöfin sem útgefandinn starfar samkvæmt og heiti lands þar sem útgefandi er skráður.
1	**B.3**	Lýsing á og lykilatriði að því er varðar eðli núverandi reksturs útgefanda og helstu starfsemi hans þar sem tilgreindar eru helstu afurðir og vöruflokkar sem hann selur og/eða þjónusta sem hann veitir og lýsing á helstu mörkuðum þar sem útgefandinn tekur þátt í samkeppni.
1	**B.4a**	Upplýsingar um mikilvæga nýlega þróun sem hefur áhrif á útgefandann og atvinnugreinarnar sem hann starfar í.

Viðaukar	Liður	Upplýsingaskylda
4, 11	**B.4b**	Lýsing á allri þekktri þróun sem hefur áhrif á útgefandann og atvinnugreinarnar sem hann starfar í.
1, 4, 9, 11	**B.5**	Ef útgefandi er hluti af samstæðu skal gefa lýsingu á henni og stöðu útgefanda innan hennar.
1	**B.6**	Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá nöfnum allra þeirra aðila sem beint eða óbeint eiga hlutdeild, sem er tilkynningaskyld samkvæmt landslögum útgefanda, í hlutafé eða atkvæðisrétti útgefanda, ásamt fjárhæð hlutdeildar hvers aðila. Greina skal frá því hvort stærstu hluthafarnir hafi mismunandi atkvæðisrétt. Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila og hver sá aðili er og lýsa eðli slíkra yfirráða.
1	**B.7**	Valdar sögulegar fjárhagsupplýsingar um útgefanda, fyrir hvert fjárhagsár sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, ásamt öllum síðari fjárhagsupplýsingum fyrir árshlutatímabil ef einhver eru ásamt samanburðargögnum fyrir sama tímabil fyrra fjárhagsárs, að undanskildu því að krafan um samanburðarupplýsingar um efnahagsreikning telst uppfyllt ef lagðar eru fram árslokaupplýsingar úr efnahagsreikningi. Þessum upplýsingum skal fylgja lýsing í samfelldu máli á mikilvægum breytingum á fjárhagsstöðu útgefanda og rekstrarafkomu á því tímabili sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar fjalla um eða síðari tímabil.
1, 2	**B.8**	Valdar pro forma fjárhagsupplýsingar, auðkenndar sem slíkar. Pro forma fjárhagsupplýsingarnar skulu greina skilmerkilega frá því að þar sem pro forma fjárhagsupplýsingar taka til ímyndaðrar stöðu endurspegla þær ekki raunverulega fjárhagsstöðu eða afkomu fyrirtækisins.
1, 4, 9, 11	**B.9**	Ef afkomuspá eða -áætlun er unnin skal gefa upp töluna.
1, 4, 9, 11	**B.10**	Lýsing á eðli allra fyrirvara í endurskoðunarskýrslunni vegna sögulegra fjárhagsupplýsinga.
3	**B.11**	Ef veltufé útgefanda nægir ekki til að uppfylla núverandi þarfir hans skal láta útskýringu fylgja.
4, 9, 11	**B.12**	**Notið aðeins fyrstu málsgrein í B.7 auk:** — Yfirlýsingar þess efnis að ekki hafi orðið neinar verulegar óæskilegar breytingar á framtíðarhorfum útgefanda síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil hans voru birt eða lýsing á öllum verulegum óæskilegum breytingum. — Lýsingar á mikilvægum breytingum á fjárhags- eða viðskiptastöðu eftir tímabilið sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar eiga við um.
4, 9, 11	**B.13**	Lýsing á hvers kyns atburðum sem hafa nýlega átt sér stað og skipta verulegu máli við mat á greiðslugetu útgefanda.
4, 9, 11	**B.14**	**B.5 auk:** „Ef útgefandi er háður öðrum aðilum innan samstæðunnar skal taka það skýrt fram.“
4, 9, 11	**B.15**	Lýsing á helstu starfsemi útgefanda.
4, 7, 9, 11	**B.16**	*Notið aðeins síðustu málsgrein í B.6*
5, 13	**B.17**	Lánshæfismat útgefanda eða skuldabréfa hans ef útgefandinn hefur farið fram á matið eða tekið þátt í matsferlinu.
6	**B.18**	Lýsing á eðli og gildissviði ábyrgðarinnar.

Viðaukar	Liður	Upplýsingaskylda
6	**B.19**	B-þáttar upplýsingar um ábyrgðaraðilann skal birta á sama hátt og hann væri útgefandi sömu tegundar verðbréfa og eru andlag ábyrgðarinnar. Því skal sýna í viðkomandi viðauka slíkar upplýsingar sem krafist er að því er varðar samantekt.
7	**B.20**	Yfirlýsing þess efnis hvort útgefanda hefur verið komið á fót sem félagi með sérstakan tilgang eða rekstrareiningu um sérverkefni í þeim tilgangi að gefa út eignavarin verðbréf.
7	**B.21**	Lýsing á helstu starfsemi útgefanda, þ.m.t. heildaryfirlit yfir þá sem eru aðilar að verðbréfunaráætluninni, þ.m.t. upplýsingar um beint eða óbeint eignarhald eða yfirráð á milli þessara aðila.
7	**B.22**	Ef útgefandi hefur ekki hafið starfsemi frá skráningar- eða stofndegi sínum og engin reikningsskil hafa verið lögð fram miðað við dagsetningu útgefandalýsingar skal gera grein fyrir því í útgefandalýsingunni.
7	**B.23**	**Notið aðeins fyrstu málsgrein í B.7**
7	**B.24**	Lýsing á öllum verulegum óæskilegum breytingum á framtíðarhorfum útgefanda síðan síðustu endurskoðuðu reikningsskil hans voru birt.
8	**B.25**	Lýsing á undirliggjandi eignum, þ.m.t.: — staðfesting þess efnis að verðbréfuðu eignirnar sem eru til tryggingar útgáfunni hafi getu til að mynda tekjur sem standa straum af gjaldföllnum afborgunum af verðbréfunum — lýsing á almennum eiginleikum loforðsgjafanna og ef um er að ræða fáa loforðsgjafa, sem auðvelt er að tilgreina, skal leggja fram almenna lýsingu á hverjum þeirra — lýsing á lagalegu eðli eignanna — lánshlutfall eða umfang tryggingar — Ef matsskýrsla sem varðar fasteign er í lýsingunni skal gefa lýsingu á matinu.
8	**B.26**	Ef útgáfan er tryggð með safni eigna, sem stýrt er með virkum hætti, skal tilgreina stika sem eru notaðir við fjárfestingar, nafn og lýsingu á aðilanum, sem er ábyrgur fyrir slíkri stjórnun, þ.m.t. lýsingu á tengslum þess aðila við alla aðra aðila sem eiga aðild að útgáfunni.
8	**B.27**	Ef útgefandi fyrirhugar að gefa út fleiri verðbréf sem eru tryggð með sömu eignum skal greina frá því.
8	**B.28**	Lýsing á skipulagi viðskiptanna, þ.m.t. flæðirit, ef nauðsyn krefur.
8	**B.29**	Lýsing á fjármagnsflæði, þ.m.t. upplýsingar um mótaðila í skiptasamningum og alla aðra mikilvæga möguleika til að bæta lánshæfi/lausafjárstöðu og þeim sem veita þá.
8	**B.30**	Nafn og lýsing á upphafsaðilum verðbréfuðu eignanna.
10	**B.31**	Upplýsingar um útgefanda heimildarskírteinanna: — B.1 — B.2. — B.3 — B.4 — B.5 — B.6 — B.7 — B.9. — B.10. — D.4

Viðaukar	Liður	Upplýsingaskylda
10	**B.32**	Upplýsingar um útgefanda heimildarskírteinanna: — „Nafn og skráð skrifstofa útgefanda heimildarskírteinanna.“ — Löggjöf sem útgefandi heimildarskírteinanna starfar eftir og rekstrarform hans samkvæmt löggjöfinni.
15	**B.33**	Eftirfarandi upplýsingar úr I. viðauka: — B.1 — B.2. — B.5 — B.6 — B.7 — B.8. — B.9. — B.10. — C.3 — C.7 — D.2
15	**B.34**	Lýsing á fjárfestingarmarkmiðum og -stefnu, þ.m.t. fjárfestingartakmarkanir, sem sjóður um sameiginlega fjárfestingu mun fylgja og lýsing á gerningunum sem notaðir eru.
15	**B.35**	Takmarkanir á lántöku og/eða skuldsetningu sjóðs um sameiginlega fjárfestingu. Ef ekki er um að ræða neinar slíkar takmarkanir skal fylgja yfirlýsing þess efnis.
15	**B.36**	Lagaleg staða sjóðs um sameiginlega fjárfestingu, ásamt heiti eftirlitsyfirvalda í því landi þar sem hann er skráður.
15	**B.37**	Lýsing á dæmigerðum fjárfesti sem sjóður um sameiginlega fjárfestingu er ætlaður.
15	**B.38**	Ef í meginmáli lýsingarinnar kemur fram að heimilt sé að meira en 20% af bráttóeignum sjóðs um sameiginlega fjárfestingu megi: a) fjárfesta, beint eða óbeint, í einni undirliggjandi eign eða b) fjárfesta í einum eða fleiri sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem síðan er heimilt að fjárfesta fyrir meira en 20% af bráttóeignum sínum í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu eða c) vera háð lánshæfi eða greiðslugetu eins mótaðila skal birta upplýsingar um deili á aðilanum ásamt lýsingu á áhættunni (t.d. mótaðilaáhættu) auk upplýsinga um markaðinn þar sem verðbréf hans eru tekin til viðskipta.
15	**B.39**	Ef sjóður um sameiginlega fjárfestingu má fjárfesta meira en 40% af bráttóeignum sínum í öðrum sjóði um sameiginlega fjárfestingu skal samantektin stuttlega útskýra annaðhvort: a) áhættuna, deili á undirliggjandi sjóði um sameiginlega fjárfestingu, og veita upplýsingar sem þörf væri á í samantekt viðkomandi sjóðs um sameiginlega fjárfestingu eða b) deili á undirliggjandi sjóði um sameiginlega fjárfestingu, hafi verðbréf sem gefin eru út af undirliggjandi sjóði um sameiginlega fjárfestingu þegar verið tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða jafngildum markaði.
15	**B.40**	Lýsing á þjónustuaðilum umsækjanda, þ.m.t. hámark gjalda til greiðslu.
15	**B.41**	Deili á og reglur sem gilda um alla fjárfestingastjóra, fjárfestingaráðgjafa, vörsluaðila, fjárhaldsaðila eða fjárvörsluaðila (þ.m.t. allir vörslusamningar sem úthlutað hefur verið).
15	**B.42**	Lýsing á því hversu oft nettóvirði eigna sjóðs um sameiginlega fjárfestingu verður ákvarðað og hvernig fjárfestum verður tilkynnt um nettóvirði eigna.

Viðaukar	Liður	Upplýsingaskylda
15	**B.43**	Ef um er að ræða sjóða-sjóð um sameiginlega fjárfestingu skal skýra frá hvers kyns gagnkvæmum skuldbindingum sem kunna að verða á milli verðbréfaflokka eða fjárfestinga í öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.
15	**B.44**	B.7 auk: — „Ef sjóður um sameiginlega fjárfestingu hefur ekki hafið starfsemi og engin reikningsskil hafa verið gerð við dagsetningu útgefandalýsingar skal gera grein fyrir því.“
15	**B.45**	Lýsing á eignasafni sjóð um sameiginlega fjárfestingu.
15	**B.46**	Upplýsingar um nýlegasta nettóvirði hvers verðbréfs (ef við á).
16	**B.47**	Lýsingu á útgefandanum, þ.m.t.: — Lögheiti útgefanda og lýsing á stöðu hans innan stjórnsýsluramma viðkomandi ríkis. — Lagalegt form útgefandans. — Hvers kyns atburðir sem hafa nýlega átt sér stað og skipta máli við mat á greiðslugetu útgefanda. — Lýsing á efnahagsumhverfi útgefanda, þ.m.t. uppbygging hans ásamt ítarlegum upplýsingum um helstu atvinnuvegi.
16	**B.48**	Lýsing/helstu staðreyndir varðandi opinberar fjármála- og viðskiptaupplýsingar næstliðinna tveggja fjárhagsára miðað við dagsetningu lýsingar. Ásamt lýsingu á öllum mikilvægum breytingum á þeim upplýsingum eftir lok næstliðins fjárhagsárs.
17	**B.49**	Lýsingu á útgefandanum, þ.m.t.: — Lögheiti útgefanda og lýsing á réttarstöðu hans. — Lagalegt form útgefandans. — Lýsing á tilgangi og starfsemi útgefanda. — Upplýsingar um hvaðan fjármagnið er fengið, ábyrgðir og aðrar skuldbindingar sem aðilar að útgefanda hafa gagnvart honum. — Hvers kyns atburðir sem hafa nýlega átt sér stað og skipta máli við mat á greiðslugetu útgefandans.
17	**B.50**	Valdar sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til næstliðinna tveggja fjárhagsára. Þessum upplýsingum skal fylgja lýsing á mikilvægum breytingum á fjárhagsstöðu útgefandans síðan síðustu endurskoðuðu fjárhagsupplýsingar voru birtar.

C-þáttur —Verðbréf

Viðaukar	Liður	Upplýsingaskylda
3, 5, 12, 13	**C.1**	Lýsing á tegund og flokki verðbréfa sem eru boðin til kaups og/eða tekin til viðskipta, þ.m.t. öll auðkennisnúmer verðbréfa.
3, 5, 12, 13	**C.2**	Upplýsingar um í hvaða gjaldmiðli verðbréfin eru gefin út.
1	**C.3**	Fjöldi útgefinna hluta sem greiddir hafa verið að fullu og fjöldi útgefinna hluta, sem ekki hafa verið greiddir að fullu. Nafnverð á hlut, eða að hlutirnir hafi ekkert nafnverð.
3	**C.4**	Lýsing á réttindum sem fylgja verðbréfunum.
3, 5, 12, 13	**C.5**	Lýsing á hvers kyns takmörkunum á frjálsu framsali verðbréfanna.
3	**C.6**	Upplýsingar um hvort sótt hafi verið um eða sótt verði um að verðbréfin verði tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði og deili á öllum skipulegum mörkuðum þar sem viðskipti með verðbréfin fara fram eða munu fara fram.

Viðaukar	Liður	Upplýsingaskylda
1	**C.7**	Lýsing á arðgreiðslustefnu.
5, 12, 13	**C.8**	**C.4 auk:** — „þ.m.t. forgangsröðun“ — „þ.m.t. takmörkun á þessum réttindum“
5, 13	**C.9**	**C.8 auk:** — „nafnvextirnir“ — „upphafsdagur og gjalddagar vaxta“ — „ef vextirnir eru ekki fastir skal lýsa undirliggjandi þætti sem þeir eru reiknaðir út frá“ — „gjalddagi og fyrirkomulag á niðurgreiðslu lánsins, þ.m.t. hvernig endurgreiðslur fara fram“ — „upplýsingar um ávöxtun“ — „nafn fulltrúa eiganda skuldabréfa“
5	**C.10**	**C.9 auk:** — „ef vaxtagreiðslur af verðbréfinu byggjast á afleiðuþætti skal gefa skilmerkilega útskýringu til að hjálpa fjárfestum að skilja hvernig virði undirliggjandi gernings eða gerninga hefur áhrif á virði fjárfestinga þeirra, einkum við aðstæður þar sem áhættan er augljós“
5, 12	**C.11**	Upplýsingar um hvort sótt hafi verið eða sótt verði um töku til viðskipta á verðbréfunum, sem eru boðin til kaups, á skipulegum verðbréfamarkaði eða öðrum sambærilega mörkuðum ásamt upplýsingum um viðkomandi markaði.
8	**C.12**	Lágmarksnafnverð útgáfu.
10	**C.13**	Upplýsingar um undirliggjandi hluti: — C.1 — C.2 — C.3 — C.4 — C.5 — C.6 — C.7
10	**C.14**	Upplýsingar um heimildarskírteini: — C.1 — C.2 — C.4 — C.5 — „Lýsa nýtingu og ábata af réttindum sem fylgja undirliggjandi hlutum, einkum atkvæðisrétti, með hvaða skilyrðum útgefandi heimildarskírteinanna geti neytt þessa réttar, og fyrirhugaðar ráðstafanir til að fá fyrirmæli eigenda heimildarskírteina – og réttindi til hlutdeildar í hagnaði og umframfé við slit fyrirtækis sem ekki er flutt til handhafa heimildarskírteinisins.“ — „Lýsing á bankaábyrgðum eða öðrum ábyrgðum sem fylgja heimildarskírteininu og er ætlað að tryggja skuldbindingar útgefandans.“
12	**C.15**	Lýsing á því hvernig virði fjárfestingar verður fyrir áhrifum af verðmæti undirliggjandi gernings eða -gerninga, nema tilgreint verðgildi verðbréfanna sé að lágmarki 100 000 evrur.
12	**C.16**	Lokadagsetning eða gjalddagi afleiddu verðbréfanna – nýtingardagur eða síðasta viðmiðunardagsetning.
12	**C.17**	Lýsing á uppgjörsaðferð afleiddu verðbréfanna

Viðaukar	Liður	Upplýsingaskylda
12	**C.18**	Lýsing á því hvernig hagnaður af afleiddum verðbréfum er greiddur út.
12	**C.19**	Nýtingarverð eða lokaviðmiðunarverð undirliggjandi þáttar.
12	**C.20**	Lýsing á tegund undirliggjandi þátta og hvar má finna upplýsingar um undirliggjandi þætti.
13	**C.21**	Upplýsingar um markaðinn þar sem verslað verður með verðbréfin og sem lýsing hefur verið birt fyrir.
14	**C.22**	Upplýsingar um undirliggjandi hluti: — „Lýsing á undirliggjandi hlut.“ — C.2 — C.4 auk orðanna „… og tilhögun við nýtingu þessara réttinda“. — „Hvar og hvenær hlutirnir verða eða hafa verið teknir til viðskipta.“ — C.5 — „Ef útgefandi undirliggjandi þáttar er aðili innan sömu samstæðu skulu upplýsingar um útgefanda vera þær sömu og krafist er í útgefandalýsingu fyrir hluti. Því skal sýna í I. viðauka slíkar upplýsingar sem krafist er að því er varðar samantekt.“

D-þáttur —Áhættur

Viðaukar	Liður	Upplýsingaskylda
1	**D.1**	Lykilupplýsingar um helstu áhættur sem varða sérstaklega útgefandann eða atvinnugrein hans
4, 7, 9, 11, 16, 17	**D.2**	Lykilupplýsingar um helstu áhættur sem varða útgefandann sérstaklega.
3, 5, 13	**D.3**	Lykilupplýsingar um helstu áhættur sem varða verðbréfin sérstaklega.
10	**D.4**	Upplýsingar um útgefanda heimildarskírteinanna: — D.2
10	**D.5**	Upplýsingar um heimildarskírteini: — D.3
12	**D.6**	**D.3 auk:** — „Þetta skal fela í sér áhættuviðvörun þess efnis að fjárfestar geti tapað verðmæti allra fjárfestinga sinna eða hluta þess, eftir atvikum, og/eða ef bótaábyrgð fjárfesta takmarkast ekki við verðmæti fjárfestinga hans skal taka það fram ásamt lýsingu á aðstæðum þar sem slík viðbótarbótaábyrgð á sér stað og mögulegum fjárhagslegum áhrifum.“

E-þáttur —Tilboð

Viðaukar	Liður	Upplýsingaskylda
3, 10	**E.1**	Heildarfjárhæð nettósöluandvirðis og mat á heildarkostnaði við útgáfuna/útboðið, þ.m.t. áætlaður kostnaður sem útgefandi eða tilboðsgjafi krefur fjárfestinn um.
3, 10	**E.2a**	Ástæður fyrir útboðinu, notkun ágóðans, áætlað nettósöluandvirði.
5, 12	**E.2b**	Ástæður fyrir útboðinu og ráðstöfun söluandvirðis ef það varðar ekki myndun hagnaðar og/eða vörn gegn tilteknum áhættum.
3, 5, 10, 12	**E.3**	Lýsing á skilmálum og skilyrðum útboðsins.

Viðaukar	Liður	Upplýsingaskylda
3, 5, 10, 12, 13	**E.4**	Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. ósamrýmanlegum hagsmunum, sem skipta máli fyrir útgáfu/útboð.
3, 10	**E.5**	Nafn aðilans eða einingarinnar sem býður verðbréfið til sölu. Samningar um sölutakmarkanir: Aðilar sem hlut eiga að máli; upplýsingar um hversu lengi sölutakmarkanir vara.
3, 10	**E.6**	Fjárhæð og hlutfall tafarlausrar þynningar sem verður vegna útboðsins. Ef um er að ræða áskriftarútboð til núverandi hluthafa skal tilgreina fjárhæð og hlutfall tafarlausrar þynningar ef þeir taka ekki þátt í útboðinu.
Allar	**E.7**	Áætlaður kostnaður sem útgefandi eða tilboðsgjafi krefur fjárfestinn um.

XXIII. VIÐAUKI

Hlutfallslegt grunnskjal að því er varðar lágmarkskröfur um upplýsingar í útgefandalýsingu fyrir hluti vegna útgáfu með forkaupsrétti

1. ÁBYRGIR AÐILAR

1.1. Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í útgefandalýsingunni og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.

1.2. Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir útgefandalýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing frá þeim sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem er að finna í þeim hluta lýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem áhrif geti haft á áreiðanleika útgefandalýsingarinnar.

2. LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR

2.1. Nöfn og heimilisföng endurskoðenda útgefandans á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til (ásamt aðild þeirra að faglegum samtökum).

2.2. Ef endurskoðendur hafa sagt starfi sínu lausu, verið leystir frá störfum eða ekki verið endurkjörnir á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til, skal tilgreina allar upplýsingar sem máli skipta.

3. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Upplýsingar um áhættuþætti sem eiga sérstaklega við um útgefanda eða atvinnugrein hans skulu birtar á áberandi stað í þætti sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.

4. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

4.1. Lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda

4.2. **Fjárfestingar**

4.2.1 Lýsing (þ.m.t. fjárhæðir) á helstu fjárfestingum sem gerðar hafa verið frá lokum þess tímabils sem síðustu birtu endurskoðuðu reikningsskil taka til fram að dagsetningu útgefandalýsingar.

4.2.2 Lýsing á helstu yfirstandandi fjárfestingum útgefanda, þ.m.t. landfræðileg dreifing þessara fjárfestinga (heima og erlendis) og fjármögnunaraðferð (innri eða ytri)

4.2.3 Upplýsingar um helstu framtíðarfjárfestingar útgefanda sem stjórnendur hans hafa þegar gert bindandi samninga um.

5. YFIRLIT YFIR STARFSEMI

5.1. Helsta starfsemi

Stutt lýsing á rekstri útgefandans og helstu starfsemi og öllum mikilvægum breytingum sem hafa áhrif á þennan rekstur og starfsemi frá lokum þess tímabils sem síðustu birtu endurskoðuðu reikningsskil taka til, þ.m.t. upplýsingar um allar mikilvægar nýjar vörur og þjónustu sem hafa verið kynntar og, að því marki sem þróun nýrra vara og þjónustu hefur verið birt opinberlega, stöðu þróunar.

5.2. Helstu markaðir

Stutt lýsing á helstu mörkuðum þar sem útgefandinn tekur þátt í samkeppni og öllum mikilvægum breytingum sem hafa áhrif á þessa markaði frá lokum þess tímabils sem síðustu birtu endurskoðuðu reikningsskil taka til.

5.3. Hafi óvenjulegir þættir haft áhrif á upplýsingarnar, sem eru gefnar samkvæmt liðum 5.1 og 5.2, frá lokum þess tímabils sem síðustu birtu endurskoðuðu reikningsskil taka til skal þeirra getið.

5.4. Samantekt um að hvaða marki útgefandi er háður einkaleyfum eða leyfum, samningum á sviði iðnaðar, verslunar eða fjármála eða nýjum framleiðsluaðferðum ef slíkir þættir skipta máli fyrir rekstur eða arðsemi útgefanda.

5.5. Ef útgefandinn gefur yfirlýsingu um samkeppnisstöðu sína skal greina frá því á hvaða grunni hún er byggð.

6. SKIPULAG

6.1. Ef útgefandi er hluti af samstæðu skal gefa stutta lýsingu á henni og stöðu útgefanda innan samstæðunnar.

7. UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN

7.1. Upplýsingar um mikilvæga nýlega þróun í framleiðslu, sölu og birgðum ásamt kostnaðar- og söluverði frá lokum síðasta fjárhagsárs til dagsetningar útgefandalýsingar.

7.2. Upplýsingar um þekkta þróun, óvissuþætti, kröfur, skuldbindingar eða atburði sem búast má við að hafi veruleg áhrif á framtíðarhorfur útgefanda fyrir a.m.k. yfirstandandi fjárhagsár.

8. AFKOMUSPÁ EÐA ÁÆTLUÐ AFKOMA

Ef útgefandi kýs að fella afkomuspá eða áætlaða afkomu inn í útgefandalýsingu skal hún hafa að geyma upplýsingar sem settar eru fram í liðum 8.1 og 8.2.

8.1. Yfirlýsing þar sem tilgreindar eru helstu forsendur sem útgefandi byggir afkomuspá sína eða áætlaða afkomu á.

Gera verður skýran greinarmun á forsendum sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn geta haft áhrif á, og forsendum sem liggja alveg utan áhrifasviðs þessara aðila. Forsendurnar skulu vera auðskiljanlegar fjárfestum, vera sértækar og nákvæmar og mega ekki tengjast almennri nákvæmni áætlaðrar afkomu sem liggur til grundvallar afkomuspánni.

8.2. Skýrsla, sem óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur semja, skal fylgja með þar sem því er lýst yfir að að áliti þessara óháðu skoðunarmanna eða endurskoðenda sé afkomuspáin eða áætluð afkoma unnin á réttan hátt á þeim grundvelli sem tilgreindur er og að þær aðferðir, sem eru notaðar við gerð afkomuspár eða áætlaðrar afkomu, séu í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.

8.3. Vinna skal afkomuspá eða áætlaða afkomu á grunni sem er sambærilegur þeim sem er notaður fyrir sögulegar fjárhagsupplýsingar.

8.4. Ef útgefandi hefur birt afkomuspá í lýsingu sem er enn í gildi skal gefa yfirlýsingu þar sem fram kemur hvort þessi afkomuspá sé enn rétt miðað við dagsetningu útgefandalýsingar og útskýra hvers vegna afkomuspáin er ekki lengur gild ef það er reyndin.

9. STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN OG EFTIRLITSSTJÓRN OG ÆÐSTU STJÓRNENDUR

9.1. Nöfn, heimilisföng vinnustaða og hlutverk eftirfarandi einstaklinga hjá útgefanda og helstu störf þeirra utan útgefanda ef þau skipta máli gagnvart útgefandanum:

a) aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn,

b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð, ef um er að ræða samlagsfélag með hlutafé,

c) stofnfélaga, ef innan við fimm ár eru liðin síðan útgefandi var stofnaður og

d) allra æðstu stjórnenda, sem máli skipta til að sýna fram á að innan útgefanda sé viðeigandi sérþekking og reynsla að því er varðar stjórnun á rekstri útgefanda.

Greina skal frá því hvort einhver fjölskyldutengsl séu milli þessara aðila.

Að því er varðar hvern aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda og hvern einstakling, sem um getur í b- og d-lið fyrsta undirliðar, skal greina ítarlega frá viðeigandi sérfræðiþekkingu og reynslu í stjórnun ásamt eftirfarandi upplýsingum:

a) heiti allra fyrirtækja og félaga þar sem viðkomandi einstaklingur hefur síðustu fimm árin verið aðili að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, eða verið sameigandi, og hvort einstaklingurinn sé enn aðili að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða sameigandi. Ekki er nauðsynlegt að telja upp öll dótturfyrirtæki útgefanda þar sem einstaklingur á einnig sæti í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn.

b) upplýsingar um allar sakfellingar vegna svikamála a.m.k. næstliðin fimm ár.

c) ítarlegar upplýsingar um gjaldþrot, skiptameðferð eða félagsslit a.m.k. næstliðinna fimm ára sem einstaklingur, sem lýst er í a- og d-lið fyrsta undirliðar var aðili að vegna starfa sinna sem nefnd eru í a- og d-lið fyrsta undirliðar.

d) ítarlegar upplýsingar um opinberar kærur og/eða viðurlög gagnvart slíkum einstaklingum af hálfu lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsyfirvalda (þ.m.t. tilnefndir fagaðilar) og hvort dómstóll hafi nokkru sinni dæmt slíkan einstakling vanhæfan til að starfa sem aðili að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda eða til að stjórna eða stýra verkefnum hjá einhverjum útgefanda a.m.k. næstliðin fimm ár.

Ef engar slíkar upplýsingar eru til staðar skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

9.2. Hagsmunaárekstrar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar og æðstu stjórnenda.

Greina skal skilmerkilega frá hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá þeim einstaklingum sem vísað er til í lið 9.1 og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Ef ekki er um að ræða neina slíka árekstra skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

Greina skal frá hvers kyns fyrirkomulagi eða samkomulagi milli stærstu hluthafa, viðskiptavina, birgja eða annarra varðandi það hverjir þeirra einstaklinga, sem um getur í lið 9.1, voru valdir til að sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða valdir til að vera meðal æðstu stjórnenda.

Greina skal ítarlega frá öllum þeim takmörkunum sem einstaklingarnir, sem um getur í lið 9.1, hafa samþykkt varðandi ráðstöfun eignarhluta sinna í verðbréfum útgefanda innan tiltekins tímabils.

10. LAUN OG HLUNNINDI

Ef um er að ræða útgefendur sem ekki eru skráðir á skipulegan verðbréfamarkað og vegna síðasta heila fjárhagsárs að því er varðar einstaklinga sem um getur í a- og d-lið fyrsta undirliðar liðar 9.1.

10.1. Fjárhæð greiddra launa (þ.m.t. hvers kyns skilyrtar eða frestaðar greiðslur) og hlunninda sem útgefandi og dótturfyrirtæki hans hafa veitt þessum einstaklingum fyrir þjónustu af hvaða tagi sem er sem hver og einn þeirra hefur veitt útgefanda og dótturfyrirtækjum hans.

Tilgreina skal þessar upplýsingar fyrir hvern einstakling fyrir sig nema þess sé ekki krafist í heimalandi útgefanda eða þegar útgefandi hefur þegar birt upplýsingarnar opinberlega.

10.2. Upplýsingar um heildarfjárhæð sem útgefandi eða dótturfyrirtæki hans hafa lagt til hliðar eða safnað saman fyrir lífeyri, starfslok eða svipuð hlunnindi.

11. STJÓRNARHÆTTIR

Ef um er að ræða útgefendur sem ekki eru skráðir á skipulegan verðbréfamarkað og í tengslum við síðasta heila fjárhagsár útgefanda, nema annað sé tilgreint, að því er varðar þá einstaklinga sem um getur í a-lið fyrsta undirliðar liðar 9.1:

11.1. Lokadagur ráðningar- eða skipunartíma, ef við á, og tímabilið sem einstaklingurinn hefur gegnt þessu starfi.

11.2. Upplýsingar um aðila sem sæti eiga í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn og sem hafa gert þjónustusamninga við útgefanda eða eitthvert dótturfyrirtækja hans um að þau greiði hlunnindi við starfslok eða ef ekki er um slíka samninga að ræða skal birta yfirlýsingu þess efnis.

11.3. Upplýsingar um endurskoðunar- og launanefnd útgefanda, þ.m.t. nöfn nefndarmanna og samantekt um verksvið nefndarinnar.

11.4. Yfirlýsing þess efnis hvort útgefandi uppfylli reglur um stjórnarhætti fyrirtækja í því landi sem útgefandi er skráður. Ef útgefandi uppfyllir ekki þessar reglur skal fylgja yfirlýsing þess efnis ásamt skýringu á því hvers vegna hann uppfylli ekki reglurnar.

12. STARFSMENN

12.1. Að því er varðar hvern einstakling, sem um getur í a- og b-lið fyrsta undirliðar í lið 9.1, skal veita eins nýjar upplýsingar og mögulegt er um hlutafjáreign og valrétti á hlutum í útgefanda.

12.2. Lýsa skal hvers kyns fyrirkomulagi varðandi það hvernig starfsfólk fær hlutdeild í hlutafé útgefanda.

13. STÆRSTU HLUTHAFAR

13.1. Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá nöfnum allra þeirra aðila, að undanskildum þeim sem sæti eiga í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, sem beint eða óbeint eiga hlutdeild, sem er tilkynningaskyld samkvæmt landslögum útgefanda, í hlutafé eða atkvæðisrétti útgefanda, ásamt fjárhæð hlutdeildar hvers aðila, og ef ekki er um slíkt að ræða skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

13.2. Greina skal frá því hvort stærstu hluthafarnir hafi mismunandi atkvæðisrétt eða ef svo er ekki skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

13.3. Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila og hver sá aðili er og lýsa eðli slíkra yfirráða og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að slík yfirráð séu ekki misnotuð.

13.4. Lýsa skal hvers konar fyrirkomulagi, sem útgefanda er kunnugt um, sem getur seinna meir haft í för með sér breytingar á yfirráðum yfir útgefanda.

14. VIÐSKIPTI TENGDRA AÐILA

Ef alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem samþykktir eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 gilda ekki um útgefandann skal birta eftirfarandi upplýsingar að því er varðar tímabilið sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar taka til fram að dagsetningu útgefandalýsingarinnar:

a) Eðli og umfang hvers kyns viðskipta sem – stök eða í heild sinni – skipta máli fyrir útgefanda. Þegar slík viðskipti tengdra aðila eru ekki gerð eins og þegar um viðskipti milli ótengdra aðila er að ræða skal gefa skýringu á því hvers vegna sú var ekki reyndin. Þegar um er að ræða útistandandi lán, þ.m.t. hvers kyns ábyrgðir, skal gefa upp útistandandi fjárhæð.

b) Tilgreina skal fjárhæðina eða hundraðshluta sem viðskipti tengdra aðila nema af veltu útgefanda.

Ef alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem samþykktir eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 gilda um útgefandann skal aðeins birta ofangreindar upplýsingar fyrir viðskipti sem áttu sér stað eftir að síðasta fjárhagstímabili, sem endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar hafa verið birtar fyrir, lauk.

15. FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP

15.1. Sögulegar fjárhagsupplýsingar

Endurskoðaðar, sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til síðasta fjárhagsárs (eða eins lengi og útgefandinn hefur starfað ef tímabilið er styttra en eitt ár) ásamt skýrslu endurskoðanda. Ef útgefandinn hefur breytt viðmiðunardegi reikningsskila á tímabilinu, sem farið er fram á sögulegar fjárhagsupplýsingar um, skulu endurskoðaðar eldri upplýsingar ná til a.m.k. 12 mánaða eða alls tímabilsins sem útgefandinn hefur stundað rekstur, hvort heldur er styttra. Semja skal slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002 eða, ef hún á ekki við um aðildarríki, í samræmi við landsbundna reikningsskilastaðla fyrir útgefendur innan Evrópusambandsins.

Útgefendur frá þriðja landi skulu semja slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum. Ef slíkar fjárhagsupplýsingar eru ekki sambærilegar þessum stöðlum skal setja þær fram í formi endurgerðra reikningsskila.

Leggja skal fram og semja endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar á því formi sem notað verður við birtingu næstu árlegu reikningsskila útgefandans, með hliðsjón af reikningsskilastöðlum, stefnum og löggjöf sem gildir um slík árleg reikningsskil.

Ef útgefandinn hefur verið virkur í núverandi atvinnustarfsemi sinni í innan við eitt ár skal semja endurskoðuðu, sögulegu fjárhagsupplýsingarnar sem taka til þessa tímabils í samræmi við staðla sem gilda um árleg reikningsskil samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 eða, ef þeir gilda ekki um aðildarríki, í samræmi við landsbundna reikningsskilastaðla ef útgefandi er frá Evrópusambandinu. Útgefendur frá þriðja landi skulu semja sögulegar fjárhagsupplýsingar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt landsbundnum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum. Þessar sögulegu fjárhagsupplýsingar skulu vera endurskoðaðar.

Ef endurskoðuðu fjárhagsupplýsingarnar eru samdar í samræmi við landsbundna reikningsskilastaðla skulu fjárhagsupplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt þessum lið, a.m.k. fela í sér:

a) efnahagsreikning,

b) rekstrarreikning,

c) yfirlit um allar breytingar á eigin fé, eða breytingar á eigin fé aðrar en þær sem stafa af fjármagnshreyfingum (e. *capital transactions*) frá eigendum og til eigenda,

d) sjóðstreymisyfirlit,

e) reikningsskilaaðferðir og skýringar

Sögulegar, árlegar fjárhagsupplýsingar skulu vera endurskoðaðar sérstaklega eða þeim skal fylgja óháð skýrsla um hvort þær gefi glögga mynd af útgefanda í útgefandalýsingunni í samræmi við endurskoðunarstaðla, sem gilda í viðkomandi aðildarríki, eða sambærilegan staðal.

15.2. Pro forma fjárhagsupplýsingar

Ef um er að ræða verulega brúttóbreytingu skal lýsa því hvernig viðskiptin gætu hafa haft áhrif á eignir, skuldir og tekjur útgefanda svo fremi viðskiptin hafi átt sé stað við upphaf skýrslugjafartímabilsins eða á tilgreindum degi.

Þessi krafa er yfirleitt uppfyllt með því að fella inn pro forma fjárhagsupplýsingar.

Leggja skal þessar pro forma fjárhagsupplýsingar fram í samræmi við kröfu í II. viðauka og skulu þær fela í sér upplýsingar sem fram koma í viðaukanum.

Pro forma fjárhagsupplýsingum skal fylgja skýrsla sem samin er af óháðum skoðunarmönnum eða endurskoðendum.

15.3. Reikningsskil

Ef útgefandi semur bæði eigin árleg reikningsskil og samstæðureikningsskil skal a.m.k. fella árlegu samstæðureikningsskilin inn í útgefandalýsingu.

15.4 Endurskoðun sögulegra, árlegra fjárhagsupplýsinga

15.4.1 Yfirlýsing þess efnis að sögulegar fjárhagsupplýsingar hafi verið endurskoðaðar. Ef að fram hefur komið í endurskoðunarskýrslu vegna sögulegra fjárhagsupplýsinga að löggiltir endurskoðendur hafi hafnað að veita áritun eða ef áritun þeirra hefur að geyma fyrirvara eða afsal ábyrgðar skal birta slíka höfnun eða fyrirvara eða afsal í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.

15.4.2 Tilgreina skal aðrar upplýsingar í útgefandalýsingu sem endurskoðendur hafa endurskoðað.

15.4.3 Ef fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu eru ekki fengnar úr endurskoðuðum reikningsskilum útgefanda skal tilgreina hvaðan þær eru fengnar og skýra frá því að upplýsingarnar séu ekki endurskoðaðar.

15.5. Síðustu fjárhagsupplýsingar

15.5.1 Ekki má vera lengra um liðið frá síðasta fjárhagsári, sem endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar liggja fyrir um, en annaðhvort:

a) 18 mánuðir frá dagsetningu útgefandalýsingar ef útgefandinn fellir endurskoðuð árshlutareikningsskil inn í útgefandalýsingu eða

b) 15 mánuðir frá dagsetningu útgefandalýsingar ef útgefandinn fellir óendurskoðuð árshlutareikningsskil inn í útgefandalýsingu.

15.6. Fjárhagsupplýsingar árshluta og aðrar fjárhagsupplýsingar

15.6.1 Ef útgefandinn hefur birt ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar frá síðustu endurskoðuðu reikningsskilum skulu þær felldar inn í útgefandalýsingu. Ef ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar hafa verið kannaðar eða endurskoðaðar skal einnig fella endurskoðunar- eða könnunarskýrsluna þar inn í. Ef ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar eða kannaðar skal skýra frá því.

15.6.2 Ef útgefandalýsing er dagsett meira en níu mánuðum eftir lok síðasta endurskoðaða fjárhagsárs, skal hún hafa að geyma fjárhagsupplýsingar árshluta, sem mega vera óendurskoðaðar (í því tilviki skal skýra frá því að svo sé) sem taka a.m.k. til fyrstu sex mánaða fjárhagsársins.

Í fjárhagsupplýsingum árshluta skulu vera samanburðarupplýsingar fyrir sama tímabil fyrra fjárhagsárs, að undanskildu því að uppfylla má kröfu um samanburðarupplýsingar um efnahagsreikning með því að leggja fram árslokaupplýsingar úr efnahagsreikningi.

15.7. Arðgreiðslustefna

Lýsing á stefnu útgefanda um arðgreiðslur og hvers kyns takmörkunum á þeim.

15.7.1 Tilgreina skal fjárhæð arðgreiðslna á hlut að því er varðar tímabilið sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til og ef fjöldi hluta í útgefanda hefur breyst skal aðlaga fjárhæðina svo að tölurnar séu sambærilegar.

15.8. Dómsmál og gerðardómsmál

Upplýsingar um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem eru til meðferðar eða yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) a.m.k. síðustu tólf mánaða sem kunna að hafa haft eða hafa að undanförnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar eða ef slíkt er ekki fyrir hendi skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

15.9. Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda

Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils og annaðhvort endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar eða fjárhagsupplýsingar árshluta hafa verið birtar um eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.

16. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

16.1. Hlutafé

Tilgreina skal eftirfarandi upplýsingar, sem eru dagsettar sama dag og nýlegasti efnahagsreikningurinn sem er innifalinn í sögulegum fjárhagsupplýsingum:

16.1.1 Fjárhæð útgefins hlutafjár og að því er varðar hvern flokk hlutafjár:

a) fjöldi hluta, sem heimilt er að gefa út,

b) fjöldi útgefinna hluta sem greiddir hafa verið að fullu og fjöldi útgefinna hluta, sem ekki hafa verið greiddir að fullu,

c) nafnverð einstakra hluta, eða að hlutirnir hafi ekkert nafnverð og

d) afstemming fjölda útistandandi hluta í upphafi og lok ársins. Ef meira en 10% af hlutafé hefur verið greitt með eignum öðrum en reiðufé á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til skal taka það fram.

16.1.2 Ef um er að ræða hluti sem teljast ekki til hlutafjár skal tilgreina fjölda þeirra og helstu einkenni.

16.1.3 Fjárhæð breytanlegra og skiptanlegra verðbréfa eða verðbréfa með áskriftarréttindi (e. *warrants*), ásamt upplýsingum um skilyrði og aðferðir við breytingu, skiptingu eða áskrift.

16.1.4 Upplýsingar um og skilmálar kauprétta (e. *acquisition rights*) og/eða skuldbindinga varðandi heimilað en óútgefið hlutafé eða áform um að auka hlutafé.

16.1.5 Upplýsingar um hlutafé allra aðila að samstæðunni sem valréttur (e. *option*) liggur fyrir um eða sem samþykkt hefur verið með skilyrðum eða skilyrðislaust að valréttur muni gilda um og ítarlegar upplýsingar um slíka valrétti, þ.m.t. þá einstaklinga sem slíkum valréttum tengjast.

17. MIKILVÆGIR SAMNINGAR

Samantekt á öllum mikilvægum samningum, að undanskildum þeim sem eru gerðir í tengslum við hefðbundinn rekstur, sem útgefandi eða aðrir aðilar í samstæðunni eru aðilar að síðastliðið eitt ár fyrir birtingu útgefandalýsingar.

Samantekt á öllum öðrum samningum (sem ekki eru gerðir í tengslum við hefðbundinn rekstur) sem einhver aðili í samstæðunni hefur gert og innihalda ákvæði um skyldur eða tiltekin réttindi einhvers aðila í samstæðunni sem skipta máli fyrir samstæðuna miðað við dagsetningu útgefandalýsingar.

18. UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA, SÉRFRÆÐIÁLIT OG HAGSMUNAYFIRLÝSINGAR

18.1. Ef útgefandalýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar, menntun hans, hæfi og hvort hann hafi verulegra hagsmuna að gæta gagnvart útgefandanum. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík greinargerð eða skýrsla fylgi, á því formi og í því samhengi sem hún er, ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta útgefandalýsingarinnar.

18.2. Ef upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, láta í té staðfestingu þess efnis að upplýsingarnar séu réttar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Þar að auki skal tilgreina uppruna upplýsinganna.

19. SKJÖL TIL SÝNIS

Yfirlýsing þess efnis að á meðan útgefandalýsing er í gildi sé heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl (eða afrit þeirra):

a) stofnsamning og samþykktir útgefanda,

b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, sögulegar fjárhagsupplýsingar, mats- og greinargerðir samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda sem að öllu leyti eða að hluta til eru felldar inn í eða vísað til í útgefandalýsingu.

Veita skal upplýsingar um hvar unnt sé að skoða skjölin, sem eru til sýnis, á pappírsformi eða rafrænu formi.

XXIV. VIÐAUKI

Hlutfallslegt grunnskjal að því er varðar lágmarkskröfur um upplýsingar í verðbréfalýsingu fyrir hluti vegna útgáfu með forkaupsrétti

1. ÁBYRGIR AÐILAR

1.1. Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í lýsingunni og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.

1.2. Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir lýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem lýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing frá þeim sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum lýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem er að finna í þeim hluta lýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem áhrif geti haft á áreiðanleika lýsingarinnar.

2. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Upplýsingar um áhættuþætti, sem skipta máli fyrir verðbréfin sem eru boðin til kaups og/eða tekin til viðskipta svo meta megi markaðsáhættuna sem tengist þeim, skulu birtar á áberandi stað í þætti sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.

3. LYKILUPPLÝSINGAR

3.1. Yfirlýsing um veltufé

Yfirlýsing frá útgefanda þess efnis að hann telji að veltufé nægi til að uppfylla núverandi skuldbindingar hans eða ef sú er ekki reyndin skal hann gera grein fyrir því hvernig hann hyggist útvega nauðsynlegt viðbótarveltufé.

3.2. Fjármögnun og skuldastaða

Yfirlýsing um fjármögnun og skuldastöðu (þar sem gerður er greinarmunur á milli skulda sem eru með eða án ábyrgðar og skulda sem eru tryggðar eða ekki) eigi síðar en 90 dögum fyrir dagsetningu skjalsins. Skuldastaða felur einnig í sér óbeinar og óvissar skuldir.

3.3. Hagsmunir einstaklinga og lögaðila sem tengjast útgáfunni/útboðinu

Lýsing á hvers kyns hagsmunum, þ.m.t. ósamrýmanlegum hagsmunum, sem skipta máli fyrir útgáfu/útboð, ásamt ítarlegum upplýsingum um aðila sem hlut eiga að máli og eðli hagsmunanna.

3.4. Ástæður fyrir útboðinu og notkun ágóðans

Ástæður fyrir útboðinu og, eftir atvikum, áætlað nettósöluandvirði sem er sundurliðað og forgangsraðað miðað við fyrirhugaða ráðstöfun þess. Komist útgefandinn að raun um að fyrirhugað söluandvirði verði ekki fullnægjandi til að standa straum af fyrirhugaðri ráðstöfun skal tilgreina fjárhæðina sem upp á vantar og hvaðan sú fjármögnun kemur. Gefa skal ítarlegar upplýsingar um ráðstöfun söluandvirðisins, einkum þegar það er notað til að kaupa eignir, sem tengjast ekki hefðbundnum rekstri, til að fjármagna tilkynntar yfirtökur á öðrum fyrirtækjum eða til að losa, lækka eða greiða upp skuldir.

4. UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFIN SEM Á AÐ BJÓÐA/TAKA TIL VIÐSKIPTA

4.1. Lýsing á tegund og flokki verðbréfa sem eru boðin til kaups og/eða tekin til viðskipta, þ.m.t. ISIN-númer eða annað slíkt auðkennisnúmer verðbréfa.

4.2. Upplýsingar um löggjöfina sem verðbréfin eru búin til í samræmi við.

4.3. Upplýsingar um hvort verðbréfin eru nafnbréf eða handhafabréf og hvort þau eru í skírteinisformi eða rafrænt skráð. Í síðastnefnda tilvikinu skal tilgreina nafn og heimilisfang aðilans sem sér um skráninguna.

4.4. Upplýsingar um í hvaða gjaldmiðli verðbréfin eru gefin út.

4.5. Lýsing á réttindum sem fylgja verðbréfunum, þ.m.t. hvers kyns takmarkanir á þessum réttindum, og tilhögun við nýtingu þeirra.

Réttur til arðs:

— Sá dagur eða dagar sem réttur til arðs stofnast,

— Þau tímamörk þar sem réttur til arðgreiðslu fellur niður og upplýsingar um hver sá aðili er sem slíkur réttur flyst til eftir þau tímamörk,

— Takmarkanir á arði og málsmeðferð fyrir handhafa verðbréfa sem eru ekki búsettir í landinu,

— Fjárhæð arðs eða aðferð við að reikna hann út, tíðni arðgreiðslna og hvort þær séu uppsafnaðar eða ekki.

Atkvæðisréttur.

Forgangsréttur til áskriftar við útboð verðbréfa í sama flokki.

Réttur til hlutdeildar í hagnaði útgefanda.

Réttur til hlutdeildar í tekjum umfram gjöld ef til félagsslita kemur.

Innlausnarákvæði.

Breytingarákvæði.

4.6. Yfirlýsing um ályktanir, heimildir og samþykktir sem hafa legið eða munu liggja til grundvallar við gerð og/eða útgáfu verðbréfanna.

4.7. Fyrirhugaður útgáfudagur verðbréfanna.

4.8. Lýsing á hvers kyns takmörkunum á frjálsu framsali verðbréfanna

4.9. Að því er varðar landið þar sem útgefandi hefur skráða skrifstofu og land eða lönd þar sem útboð verðbréfa fer fram eða þar sem óskað er eftir töku verðbréfa til viðskipta skal tilgreina eftirfarandi:

Upplýsingar um skatt af tekjum af verðbréfunum sem haldið er eftir til staðgreiðslu,

upplýsingar um hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.

5. SKILMÁLAR OG SKILYRÐI FYRIR ÚTBOÐINU

5.1 Skilyrði, tölfræðilegar upplýsingar um útboð, fyrirhuguð tímaáætlun og nauðsynlegar aðgerðir varðandi þátttöku í útboðinu

5.1.1 Skilyrði sem gilda um útboðið.

5.1.2 Heildarfjárhæð útgáfunnar/útboðsins.

5.1.3 Upplýsingar um hversu lengi útboðið stendur, þ.m.t. hvers kyns mögulegar breytingar, og lýsing á áskriftarferlinu.

5.1.4 Upplýsingar um hvenær og við hvaða aðstæður er hægt að afturkalla eða fresta útboði og hvort afturköllun geti átt sér stað eftir að viðskipti hefjast.

5.1.5 Upplýsingar um mögulegar skerðingar á áskriftum og með hvaða hætti endurgreiðsla umframfjárhæða sem umsækjendur hafa greitt fer fram.

5.1.6 Ítarlegar upplýsingar um lágmarks- og/eða hámarksfjárhæð áskriftar (hvort sem um er að ræða fjölda verðbréfa eða samanlagða fjárfestingarfjárhæð).

5.1.7 Ef fjárfestum er heimilt að draga áskrift sína til baka skal tilgreina tímabilið sem það er leyfilegt.

5.1.8 Skipulag og tímamörk fyrir greiðslu og afhendingu verðbréfa.

5.1.9 Ítarleg lýsing á því hvernig og hvenær niðurstöður útboðsins verða birtar opinberlega.

5.1.10. Tilhögun við nýtingu forkaupsréttar, framsal áskriftarréttar og hvernig farið skuli með áskriftarrétt sem ekki er nýttur.

5.2. Úthlutun

5.2.1 Ef útgefandi hefur vitneskju um hvort stærstu hluthafarnir, aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans hafa í hyggju að skrá sig fyrir verðbréfum sem boðin eru til kaups eða hvort einhverjir aðilar hafi í hyggju að skrá sig fyrir meira en 5% af útboðinu, skal hann skýra frá því.

5.2.2 Aðferð við tilkynningu til umsækjenda um fjárhæðina sem þeim er úthlutuð, ásamt upplýsingum um hvort viðskipti megi hefjast áður en tilkynning berst þeim.

5.3. Verðlagning

5.3.1 Tilgreina skal verðið sem verðbréfin verða boðin á. Ef ekki er vitað um verðið og ef ekki er um að ræða viðurkenndan og/eða virkan markað fyrir verðbréfin skal tilgreina þá aðferð sem er notuð til að ákvarða útboðsverð, þ.m.t. yfirlýsing um hver hafi ákveðið forsendurnar eða hver sé formlega ábyrgur fyrir ákvörðuninni. Upplýsa skal um fjárhæð allra útgjalda og skatta sem áskrifandi eða kaupandi verða sérstaklega krafðir um.

5.3.2 Aðferð við birtingu útboðsverðs.

5.3.3 Ef eigendur hlutafjár hjá útgefanda hafa forgangsrétt og þessi réttur er háður takmörkunum eða er afturkallaður skal greina frá því á hverju útgáfuverðið byggist þegar selt er gegn staðgreiðslu og forsendum fyrir takmörkunum og afturköllun á slíkum rétti, ásamt ástæðum slíkra takmarkana og afturkallana og hverjir njóta góðs af þeim.

5.4. Markaðssetning og sölutrygging

5.4.1 Nafn og heimilisfang þess eða þeirra sem hafa umsjón með heildarútboðinu eða einstaka hlutum þess og, að því marki sem útgefanda eða tilboðsgjafa er kunnugt um, þeirra sem markaðssetja verðbréfin í hinum ýmsu löndum þar sem útboðið fer fram.

5.4.2 Nafn og heimilisfang þeirra aðila sem annast greiðslur og vörsluaðila í hverju landi fyrir sig.

5.4.3 Nöfn og heimilisföng aðila sem hafa skuldbundið sig til að sölutryggja útgáfuna að fullu og nöfn og heimilisföng aðila sem hafa samþykkt að setja útgáfuna á markað án bindandi skuldbindingar eða að hluta (e. *best efforts*), samkvæmt samningi. Upplýsingar um mikilvæg einkenni samninganna, þ.m.t. hversu mikinn hluta hver hefur til sölu. Sé útgáfan ekki öll sölutryggð skal tilgreina þann hluta sem sölutrygging nær ekki til. Upplýsa skal um heildarþóknanir vegna sölutryggingar og markaðssetningar.

5.4.4 Upplýsingar um hvenær samningur um sölutryggingu hafi verið eða verði samþykktur.

6. TAKA VERÐBRÉFA TIL VIÐSKIPTA OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA

6.1. Upplýsingar um hvort sótt hafi verið eða sótt verði um töku til viðskipta á verðbréfunum, sem eru boðin til kaups, á skipulegum verðbréfamarkaði eða öðrum sambærilega mörkuðum ásamt upplýsingum um viðkomandi markaði. Nefna skal þessar aðstæður án þess að gefið sé í skyn að taka til viðskipta verði endilega samþykkt. Tilgreina skal þá daga þegar fyrst er hægt að taka verðbréfin til viðskipta, ef vitað er um þá.

6.2. Tilgreina skal alla skipulega verðbréfamarkaði eða sambærilega markaði, sem útgefanda er kunnugt um, þar sem verðbréf í sama flokki og verðbréfin sem á að bjóða eða taka til viðskipta, hafa þegar verið tekin til viðskipta.

6.3. Ef gerð verðbréfa, sem sótt er um að tekið verði til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkað, á sér stað samtímis eða nánast samtímis og verðbréf í sama flokki eru seld í áskrift eða útboði með lokuðu fyrirkomulagi eða ef búin eru til verðbréf í öðrum flokkum fyrir almennt eða lokað útboð skal gera nákvæma grein fyrir eðli þeirra aðgerða og fjölda og einkennum þeirra verðbréfa sem um er að ræða.

6.4. Upplýsingar um aðila sem hafa skuldbundið sig til að starfa sem milligönguaðilar á eftirmarkaði og mynda seljanleika með kaup- og sölutilboðum ásamt lýsingu á helstu skilmálum skuldbindingarinnar.

7. SAMNINGAR UM SÖLUHÖMLUR

7.1. Samningar um söluhömlur (e. *lock-up agreements*)

Aðilar sem hlut eiga að máli.

Efni samningsins og undantekningar frá honum.

Upplýsingar um hversu lengi söluhömlur vara.

8. KOSTNAÐUR VEGNA ÚTGÁFU/ÚTBOÐS

8.1. Nettósöluandvirði og áætlaður heildarkostnaður vegna útgáfunnar/útboðsins.

9. ÞYNNING

9.1. Fjárhæð og hlutfall tafarlausrar þynningar sem verður vegna útgáfunnar/útboðsins.

9.2. Fjárhæð og hlutfall tafarlausrar þynningar ef þeir taka ekki þátt í útboðinu.

10. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

10.1. Ef ráðgjafa í tengslum við útgáfu er getið í verðbréfalýsingunni skal birta yfirlýsingu þar sem fram kemur hvert hlutverk þeirra hefur verið.

10.2. Upplýsingar um aðrar upplýsingar í verðbréfalýsingunni sem löggiltir endurskoðendur hafa endurskoðað eða kannað og sem endurskoðendur hafa lagt fram skýrslu um. Endursögn skýrslunnar eða, með samþykki lögbærs yfirvalds, samantekt á henni.

10.3. Ef verðbréfalýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar, menntun hans og hæfi og hvort hann hafi verulegra hagsmuna að gæta gagnvart útgefandanum. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík greinargerð eða skýrsla fylgi, á því formi og í því samhengi sem hún er, ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta verðbréfalýsingarinnar.

10.4. Ef upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, láta í té staðfestingu þess efnis að upplýsingarnar séu réttar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Þar að auki skal tilgreina uppruna upplýsinganna.

XXV. VIÐAUKI

Hlutfallslegt grunnskjal að því er varðar lágmarkskröfur um upplýsingar í útgefandalýsingu fyrir hluti vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja og fyrirtækja með lækkað markaðsverðmæti

1. ÁBYRGIR AÐILAR

1.1. Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í útgefandalýsingunni og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.

1.2. Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir útgefandalýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing frá þeim sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem er að finna í þeim hluta lýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem áhrif geti haft á áreiðanleika útgefandalýsingarinnar.

2. LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR

2.1. Nöfn og heimilisföng endurskoðenda útgefandans á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til (ásamt aðild þeirra að faglegum samtökum).

2.2. Ef endurskoðendur hafa sagt starfi sínu lausu, verið leystir frá störfum eða ekki verið endurkjörnir á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til, skal tilgreina allar upplýsingar sem máli skipta.

3. VALDAR FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

3.1. Valdar sögulegar fjárhagsupplýsingar um útgefanda, fyrir hvert fjárhagsár sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, ásamt öllum síðari fjárhagsupplýsingum fyrir árshlutatímabil ef einhver eru, í sama gjaldmiðli og fjárhagsupplýsingarnar.

Valdar sögulegar fjárhagsupplýsingar skulu hafa að geyma lykiltölur sem gefa yfirlit yfir fjárhagsstöðu útgefanda.

3.2. Ef valdar fjárhagsupplýsingar fyrir árshluta eru lagðar fram verður einnig að leggja fram samanburðargögn fyrir sama tímabil fyrra fjárhagsárs, að undanskildu því að krafan um samanburðarupplýsingar um efnahagsreikning telst uppfyllt ef lagðar eru fram árslokaupplýsingar úr efnahagsreikningi.

4. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Upplýsingar um áhættuþætti sem eiga sérstaklega við um útgefanda eða atvinnugrein hans skulu birtar á áberandi stað í þætti sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.

5. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

5.1. Saga og þróun útgefandans

5.1.1 lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda,

5.1.2 skráningarstaður útgefanda og skráningarnúmer hans,

5.1.3 stofndagur og rekstrartími útgefanda, sé hann ekki ótiltekinn,

5.1.4 lögheimili útgefandans og rekstrarform hans að lögum, löggjöfin sem útgefandinn starfar samkvæmt, heiti lands þar sem útgefandi er skráður, ásamt heimilisfangi og símanúmeri skráðrar skrifstofu hans (eða höfuðstöðvar útgefandans ef þær eru aðrar en heimilisfang skráðrar skrifstofu hans),

5.1.5 mikilvægir atburðir í þróun starfsemi útgefanda.

5.2. Fjárfestingar

5.2.1 Lýsing (þ.m.t. fjárhæðir) á helstu fjárfestingum útgefanda fyrir hvert fjárhagsár á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til fram að dagsetningu útgefandalýsingar.

5.2.2 Lýsing á helstu yfirstandandi fjárfestingum útgefanda, þ.m.t. landfræðileg dreifing þessara fjárfestinga (heima og erlendis) og fjármögnunaraðferð (innri eða ytri).

5.2.3 Upplýsingar um helstu framtíðarfjárfestingar útgefanda sem stjórnendur hans hafa þegar gert bindandi samninga um og áætlaðar fjármögnunarleiðir sem krafist er til að uppfylla þessar skuldbindingarnar.

6. YFIRLIT YFIR STARFSEMI

6.1. Helsta starfsemi

Stutt lýsing á rekstri útgefandans og helstu starfsemi og öllum mikilvægum breytingum sem hafa áhrif á þennan rekstur og starfsemi eftir tímabilin sem síðustu tvö birtu endurskoðuðu reikningsskilin taka til, þ.m.t. upplýsingar um allar mikilvægar nýjar vörur og þjónustu sem hafa verið kynntar og, að því marki sem þróun nýrra vara og þjónustu hefur verið birt opinberlega, stöðu þróunar.

6.2. Helstu markaðir

Stutt lýsing á helstu mörkuðum þar sem útgefandinn tekur þátt í samkeppni og öllum mikilvægum breytingum sem hafa haft áhrif á þessa markaði frá þeim tíma sem síðustu tvö birtu endurskoðuðu reikningsskilin taka til.

6.3. Hafi óreglulegir þættir haft áhrif á upplýsingarnar, sem eru gefnar samkvæmt liðum 6.1 og 6.2., skal þeirra getið.

6.4. Samantekt um að hvaða marki útgefandi er háður einkaleyfum eða leyfum, samningum á sviði iðnaðar, verslunar eða fjármála eða nýjum framleiðsluaðferðum ef slíkir þættir skipta máli fyrir rekstur eða arðsemi útgefanda.

6.5. Ef útgefandinn gefur yfirlýsingu um samkeppnisstöðu sína skal greina frá því á hvaða grunni hún er byggð.

7. SKIPULAG

7.1. Ef útgefandi er hluti af samstæðu skal gefa stutta lýsingu á henni og stöðu útgefanda innan samstæðunnar.

7.2. Skrá yfir mikilvæg dótturfyrirtæki útgefanda, þ.m.t. nafn, heiti lands þar sem fyrirtækið er skráð eða hefur aðsetur, hlutfall eignarhluta og hlutfall atkvæðisréttar ef það er annað en hlutfall eignarhlutar, sé slíka skrá ekki að finna í reikningsskilunum.

8. VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

8.1. Lýsing á öllum umhverfisþáttum sem kunna að hafa áhrif á möguleika útgefanda til að nota fastafjármunina.

9. YFIRLIT YFIR REKSTUR OG FJÁRHAG

Útgefandinn skal birta eftirfarandi upplýsingar ef ársskýrslurnar, sem eru settar fram og gerðar í samræmi við 46. gr. tilskipunar 78/660/EBE og 36. gr. tilskipunar 83/349/EBE, fyrir tímabilin sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar taka til eru ekki í lýsingunni eða fylgja með í viðauka:

9.1. Fjárhagsstaða

Ef ekki er fjallað um það annars staðar í útgefandalýsingu skal lýsa fjárhagsstöðu útgefanda, breytingum á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrir hvert fjárhagsár og árshluta þar sem sögulegra fjárhagsupplýsinga er krafist, þ.m.t. ástæður fyrir verulegum breytingum á fjárhagsupplýsingum frá einu ári til annars að því marki sem nauðsynlegt er til að fá heildarmynd af starfsemi útgefanda.

9.2. Rekstrarafkoma

9.2.1 Upplýsingar um mikilvæga þætti, þ.m.t. óvenjulegir eða fátíðir atburðir eða ný þróun, sem hafa veruleg áhrif á rekstrartekjur útgefanda þar sem tilgreint er að hvaða marki þessir atburðir höfðu áhrif á tekjurnar.

9.2.2 Ef fram koma verulegar breytingar á nettósölu eða nettótekjum í reikningsskilum skal fjalla um ástæður þessara breytinga.

9.2.3 Upplýsingar um hvers kyns opinbera, efnahagslega, skattalega, peningalega eða stjórnmálalega stefnu eða þætti sem hafa eða gætu haft mikilvæg bein eða óbein áhrif á rekstur útgefanda.

10. FJÁRMÖGNUN

10.1. Skýring á uppruna og fjárhæðum í sjóðsstreymi útgefanda ásamt lýsingu á sjóðstreyminu.

10.2. Upplýsingar um takmarkanir á notkun fjármagns sem hafa haft eða gætu haft með beinum eða óbeinum hætti veruleg áhrif á rekstur útgefanda.

11. RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN, EINKALEYFI OG LEYFI

Ef máli skiptir skal lýsa stefnu útgefanda á sviði rannsókna og þróunar fyrir hvert fjárhagsár að því er varðar tímabilið sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, þ.m.t. þá fjárhæð sem útgefandinn hefur notað til að styðja starfsemi á sviði rannsókna og þróunar.

12. UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN

12.1. Upplýsingar um mikilvæga nýlega þróun í framleiðslu, sölu og birgðum ásamt kostnaðar- og söluverði frá lokum síðasta fjárhagsárs til dagsetningar útgefandalýsingar.

12.2. Upplýsingar um þekkta þróun, óvissuþætti, kröfur, skuldbindingar eða atburði sem búast má við að hafi veruleg áhrif á framtíðarhorfur útgefanda fyrir a.m.k. yfirstandandi fjárhagsár.

13. AFKOMUSPÁ EÐA ÁÆTLUÐ AFKOMA

Ef útgefandi kýs að fella afkomuspá eða áætlaða afkomu inn í útgefandalýsingu skal hún hafa að geyma upplýsingar sem settar eru fram í liðum 13.1 og 13.2.

13.1. Yfirlýsing þar sem tilgreindar eru helstu forsendur sem útgefandi byggir afkomuspá sína eða áætlaða afkomu á.

Gera verður skýran greinarmun á forsendum sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn geta haft áhrif á, og forsendum sem liggja alveg utan áhrifasviðs þessara aðila. Forsendurnar skulu vera auðskiljanlegar fjárfestum, vera sértækar og nákvæmar og mega ekki tengjast almennri nákvæmni áætlaðrar afkomu sem liggur til grundvallar afkomuspánni.

13.2. Skýrsla, sem óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur semja, skal fylgja með þar sem því er lýst yfir að að áliti þessara óháðu skoðunarmanna eða endurskoðenda sé afkomuspáin eða áætluð afkoma unnin á réttan hátt á þeim grundvelli sem tilgreindur er og að þær aðferðir, sem eru notaðar við gerð afkomuspár eða áætlaðrar afkomu, séu í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.

13.3. Vinna skal afkomuspá eða áætlaða afkomu á grunni sem er sambærilegur þeim sem er notaður fyrir sögulegar fjárhagsupplýsingar.

13.4. Ef útgefandi hefur birt afkomuspá í lýsingu sem er enn í gildi skal gefa yfirlýsingu þar sem fram kemur hvort þessi afkomuspá sé enn rétt miðað við dagsetningu útgefandalýsingar og útskýra hvers vegna afkomuspáin er ekki lengur gild ef það er reyndin.

14. STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN OG EFTIRLITSSTJÓRN OG ÆÐSTU STJÓRNENDUR

14.1. Nöfn, heimilisföng vinnustaða og hlutverk eftirfarandi einstaklinga hjá útgefanda og helstu störf þeirra utan útgefanda ef þau skipta máli gagnvart útgefandanum:

a) aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn,

b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð, ef um er að ræða samlagsfélag með hlutafé,

c) stofnfélaga, ef innan við fimm ár eru liðin síðan útgefandi var stofnaður og

d) allra æðstu stjórnenda, sem máli skipta, til að sýna fram á að innan útgefanda sé viðeigandi sérþekking og reynsla fyrir stjórnun á rekstri útgefanda.

Greina skal frá því hvort einhver fjölskyldutengsl séu milli þessara aðila.

Að því er varðar hvern aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda og hvern einstakling, sem um getur í b- og d-lið fyrsta undirliðar, skal greina ítarlega frá viðeigandi sérfræðiþekkingu og reynslu í stjórnun ásamt eftirfarandi upplýsingum:

a) heiti allra fyrirtækja og félaga þar sem viðkomandi einstaklingur hefur síðustu fimm árin verið aðili að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, eða verið sameigandi, og hvort einstaklingurinn sé enn aðili að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða sameigandi. Ekki er nauðsynlegt að telja upp öll dótturfyrirtæki útgefanda þar sem einstaklingur á einnig sæti í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn.

b) upplýsingar um allar sakfellingar vegna svikamála a.m.k. síðastliðin fimm ár,

c) ítarlegar upplýsingar um gjaldþrot, skiptameðferð eða félagsslit a.m.k. næstliðinna fimm ára sem einstaklingur, sem lýst er í a- og d-lið fyrsta undirliðar var aðili að vegna starfa sinna sem nefnd eru í a- og d-lið fyrsta undirliðar,

d) ítarlegar upplýsingar um opinberar kærur og/eða viðurlög gagnvart slíkum einstaklingum af hálfu lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsyfirvalda (þ.m.t. tilnefndir fagaðilar) og hvort dómstóll hafi nokkru sinni dæmt slíkan einstakling vanhæfan til að starfa sem aðili að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda eða til að stjórna eða stýra verkefnum hjá einhverjum útgefanda a.m.k. næstliðin fimm ár.

Ef engar slíkar upplýsingar eru til staðar skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

14.2. Hagsmunaárekstrar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar og æðstu stjórnenda.

Greina skal skilmerkilega frá hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá þeim einstaklingum sem vísað er til í lið 14.1 og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Ef ekki er um að ræða neina slíka árekstra skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

Greina skal frá hvers kyns fyrirkomulagi eða samkomulagi milli stærstu hluthafa, viðskiptavina, birgja eða annarra varðandi það hverjir þeirra einstaklinga, sem um getur í lið 14.1, voru valdir til að sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða valdir til að vera meðal æðstu stjórnenda.

Greina skal ítarlega frá öllum þeim takmörkunum sem einstaklingarnir, sem um getur í lið 14.1, hafa samþykkt varðandi ráðstöfun eignarhluta sinna í verðbréfum útgefanda innan tiltekins tímabils.

15. LAUN OG HLUNNINDI

Að því er varðar þá einstaklinga sem um getur í a- og d-lið fyrsta undirliðar liðar 14.1 skal tilgreina eftirfarandi fyrir síðasta heila fjárhagsár.

15.1. Fjárhæð greiddra launa (þ.m.t. hvers kyns skilyrtar eða frestaðar greiðslur) og hlunninda sem útgefandi og dótturfyrirtæki hans hafa veitt þessum einstaklingum fyrir þjónustu af hvaða tagi sem er sem hver og einn þeirra hefur veitt útgefanda og dótturfyrirtækjum hans.

Tilgreina skal þessar upplýsingar fyrir hvern einstakling fyrir sig nema þess sé ekki krafist í heimalandi útgefanda eða þegar útgefandi hefur þegar birt upplýsingarnar opinberlega.

15.2. Upplýsingar um heildarfjárhæð sem útgefandi eða dótturfyrirtæki hans hafa lagt til hliðar eða safnað saman fyrir lífeyri, starfslok eða svipuð hlunnindi.

16. STJÓRNARHÆTTIR

Tilgreina skal eftirfarandi upplýsingar í tengslum við síðasta heila fjárhagsár útgefanda, nema annað sé tilgreint, að því er varðar þá einstaklinga sem um getur í a-lið fyrsta undirliðar liðar 14.1.

16.1. Lokadagur ráðningar- eða skipunartíma, ef við á, og tímabilið sem einstaklingurinn hefur gegnt þessu starfi.

16.2. Upplýsingar um aðila sem sæti eiga í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn og sem hafa gert þjónustusamninga við útgefanda eða eitthvert dótturfyrirtækja hans um að þau greiði hlunnindi við starfslok eða ef ekki er um slíka samninga að ræða skal birta yfirlýsingu þess efnis.

16.3. Upplýsingar um endurskoðunar- og launanefnd útgefanda, þ.m.t. nöfn nefndarmanna og samantekt um verksvið nefndarinnar.

16.4. Yfirlýsing þess efnis hvort útgefandi uppfylli reglur um stjórnarhætti fyrirtækja í því landi sem útgefandi er skráður. Ef útgefandi uppfyllir ekki þessar reglur skal fylgja yfirlýsing þess efnis ásamt skýringu á því hvers vegna hann uppfylli ekki reglurnar.

17. STARFSMENN

17.1. Tilgreina skal annað hvort fjölda starfsmanna við lok tímabilsins eða meðalfjölda þeirra fyrir hvert fjárhagsár, að því er varðar tímabilið sem sögulegar upplýsingar taka til, fram til dagsetningar útgefandalýsingar (og breytingar á slíkum fjölda ef máli skiptir) og, ef mögulegt er og máli skiptir, sundurliðun starfsmanna eftir meginstarfssviðum og landfræðilegri staðsetningu. Ef útgefandi ræður verulegan fjölda af afleysingafólki skal birta meðalfjölda afleysingafólks fyrir síðasta fjárhagsár.

17.2. Að því er varðar hvern einstakling, sem um getur í a- og b-lið fyrsta undirliðar í lið 14.1, skal veita eins nýjar upplýsingar og mögulegt er um hlutafjáreign og valrétti á hlutum í útgefanda.

17.3. Lýsa skal hvers kyns fyrirkomulagi varðandi það hvernig starfsfólk fær hlutdeild í hlutafé útgefanda.

18. STÆRSTU HLUTHAFAR

18.1. Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá nöfnum allra þeirra aðila, að undanskildum þeim sem sæti eiga í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, sem beint eða óbeint eiga hlutdeild, sem er tilkynningaskyld samkvæmt landslögum útgefanda, í hlutafé eða atkvæðisrétti útgefanda, ásamt fjárhæð hlutdeildar hvers aðila, og ef ekki er um slíkt að ræða skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

18.2. Greina skal frá því hvort stærstu hluthafarnir hafi mismunandi atkvæðisrétt eða ef svo er ekki skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

18.3. Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila og hver sá aðili er og lýsa eðli slíkra yfirráða og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að slík yfirráð séu ekki misnotuð.

18.4. Lýsa skal hvers konar fyrirkomulagi, sem útgefanda er kunnugt um, sem getur seinna meir haft í för með sér breytingar á yfirráðum yfir útgefanda.

19. VIÐSKIPTI TENGDRA AÐILA

Ef alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem samþykktir eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 gilda ekki um útgefandann skal birta eftirfarandi upplýsingar að því er varðar tímabilið sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar taka til fram að dagsetningu útgefandalýsingarinnar:

a) Eðli og umfang hvers kyns viðskipta sem – stök eða í heild sinni – skipta máli fyrir útgefanda. Þegar slík viðskipti tengdra aðila eru ekki gerð eins og þegar um viðskipti milli ótengdra aðila er að ræða skal gefa skýringu á því hvers vegna sú var ekki reyndin. Þegar um er að ræða útistandandi lán, þ.m.t. hvers kyns ábyrgðir, skal gefa upp útistandandi fjárhæð.

b) Tilgreina skal fjárhæðina eða hundraðshluta sem viðskipti tengdra aðila nema af veltu útgefanda.

Ef alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem samþykktir eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 gilda um útgefandann skal aðeins birta ofangreindar upplýsingar fyrir viðskipti sem áttu sér stað eftir að síðasta fjárhagstímabili, sem endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar hafa verið birtar fyrir, lauk.

20. FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP

20.1. Sögulegar fjárhagsupplýsingar

Yfirlýsing þess efnis að endurskoðaðar, sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til tveggja næstliðinna fjárhagsára (eða eins lengi og útgefandinn hefur starfað ef tímabilið er styttra en tvö ár) hafi verið samdar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eða ef það á ekki við, í samræmi við landsbundna reikningsskilastaðla aðildarríkis fyrir útgefendur innan Evrópusambandsins, og hvar megi nálgast eigin reikningsskil og samstæðureikningsskil eftir því sem við á.

Endurskoðunarskýrsla fyrir hvert ár skal fylgja.

Að því er varðar útgefendur frá þriðja landi, yfirlýsing þess efnis að slíkar fjárhagsupplýsingar hafi verið samdar og endurskoðaðar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt landsbundnum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum, og hvar er unnt að nálgast þær. Ef slíkar fjárhagsupplýsingar eru ekki sambærilegar þessum stöðlum skal fylgja yfirlýsing þess efnis að þær hafi verið samdar í formi endurgerðra reikningsskila og gefa upp hvar unnt er að nálgast þær.

20.2. Pro forma fjárhagsupplýsingar

Ef um er að ræða verulega bráttóbreytingu skal lýsa því hvernig viðskiptin gætu hafa haft áhrif á eignir, skuldir og tekjur útgefanda svo fremi viðskiptin hafi átt sé stað við upphaf skýrslugjafartímabilsins eða á tilgreindum degi.

Þessi krafa er yfirleitt uppfyllt með því að fella inn pro forma fjárhagsupplýsingar.

Leggja skal þessar pro forma fjárhagsupplýsingar fram í samræmi við kröfu í II. viðauka og skulu þær fela í sér upplýsingar sem fram koma í viðaukanum.

Pro forma fjárhagsupplýsingum skal fylgja skýrsla sem samin er af óháðum skoðunarmönnum eða endurskoðendum.

20.3. Endurskoðun sögulegra, árlegra fjárhagsupplýsinga

20.3.1 Yfirlýsing þess efnis að sögulegar fjárhagsupplýsingar hafi verið endurskoðaðar. Ef að fram hefur komið í endurskoðunarskýrslu vegna sögulegra fjárhagsupplýsinga að löggiltir endurskoðendur hafi hafnað að veita áritun eða ef áritun þeirra hefur að geyma fyrirvara eða afsal ábyrgðar skal birta slíka höfnun eða fyrirvara eða afsal í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.

20.3.2 Tilgreina skal aðrar upplýsingar í útgefandalýsingu sem endurskoðendur hafa endurskoðað.

20.3.3 Ef fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu eru ekki fengnar úr endurskoðuðum reikningsskilum útgefanda skal tilgreina hvaðan þær eru fengnar og skýra frá því að upplýsingarnar séu ekki endurskoðaðar.

20.4. Síðustu fjárhagsupplýsingar

20.4.1 Ekki má vera lengra um liðið frá síðasta fjárhagsári, sem endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar liggja fyrir um, en annaðhvort:

a) 18 mánuðir frá dagsetningu útgefandalýsingar ef útgefandinn fellir endurskoðuð árshlutareikningsskil inn í útgefandalýsingu eða

b) 15 mánuðir frá dagsetningu útgefandalýsingar ef útgefandinn fellir óendurskoðuð árshlutareikningsskil inn í útgefandalýsingu.

20.5. Fjárhagsupplýsingar árshluta og aðrar fjárhagsupplýsingar

20.5.1 Hafi útgefandinn birt ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar frá síðustu endurskoðuðu reikningsskilum skal fella yfirlýsingu þess efnis inn í útgefandalýsingu og gefa upp hvar megi nálgast þær. Ef ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar hafa verið kannaðar eða endurskoðaðar skal fella endurskoðunar- eða könnunarskýrsluna þar inn í. Ef ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar eða kannaðar skal skýra frá því.

20.6. Arðgreiðslustefna

Lýsing á stefnu útgefanda um arðgreiðslur og hvers kyns takmörkunum á þeim.

20.6.1 Tilgreina skal fjárhæð arðgreiðslna á hlut fyrir hvert fjárhagsár að því er varðar tímabilið sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til og ef fjöldi hluta í útgefanda hefur breyst skal aðlaga fjárhæðina svo að tölurnar séu sambærilegar.

20.7. Dómsmál og gerðardómsmál

Upplýsingar um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem eru til meðferðar eða yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) a.m.k. síðustu tólf mánaða sem kunna að hafa haft eða hafa að undanförnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar eða ef slíkt er ekki fyrir hendi skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

20.8. Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda

Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils og annaðhvort endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar eða fjárhagsupplýsingar árshluta hafa verið birtar um eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.

21. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

21.1. Hlutafé

Tilgreina skal eftirfarandi upplýsingar, sem eru dagsettar sama dag og nýlegasti efnahagsreikningurinn sem er innifalinn í sögulegum fjárhagsupplýsingum:

21.1.1 Fjárhæð útgefins hlutafjár, og fyrir hvern flokk hlutafjár:

a) fjöldi hluta, sem heimilt er að gefa út,

b) fjöldi útgefinna hluta sem greiddir hafa verið að fullu og fjöldi útgefinna hluta, sem ekki hafa verið greiddir að fullu,

c) nafnverð einstakra hluta, eða að hlutirnir hafi ekkert nafnverð og

d) afstemming fjölda útistandandi hluta í upphafi og lok ársins. Ef meira en 10% af hlutafé hefur verið greitt með eignum öðrum en reiðufé á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til skal taka það fram.

21.1.2 Ef um er að ræða hluti sem teljast ekki til hlutafjár skal tilgreina fjölda þeirra og helstu einkenni.

21.1.3 Fjöldi, bókfært virði og nafnvirði hluta í útgefanda sem hann á sjálfur eða einhver fyrir hans hönd eða eru í eigu dótturfyrirtækja hans.

21.1.4 Fjárhæð breytanlegra og skiptanlegra verðbréfa eða verðbréfa með áskriftarréttindi (e. *warrants*), ásamt upplýsingum um skilyrði og aðferðir við breytingu, skiptingu eða áskrift.

21.1.5 Upplýsingar um og skilmálar um kauprétti (e. *acquisition rights*) og/eða skuldbindingar varðandi heimilað en óútgefið hlutafé eða áform um að auka hlutafé.

21.1.6 Upplýsingar um hlutafé allra aðila að samstæðunni sem valréttur (e. *option*) liggur fyrir um eða sem samþykkt hefur verið með skilyrðum eða skilyrðislaust að valréttur muni gilda um og ítarlegar upplýsingar um slíka valrétti, þ.m.t. þá einstaklinga sem slíkum valréttum tengjast.

21.1.7 Yfirlit yfir þróun hlutafjár, yfir það tímabil sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, með áherslu á þær breytingar sem hafa átt sér stað á tímabilinu.

21.2. Stofnsamningur og samþykktir

21.2.1 Lýsing á tilgangi og markmiðum útgefanda og hvar þær upplýsingar sé að finna í stofnsamningi og samþykktum.

21.2.2 Samantekt á öllum ákvæðum í stofnsamningi, samþykktum eða öðrum reglum útgefanda sem varða aðila sem eiga sæti í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn.

21.2.3 Lýsing á réttindum, forgangsrétti og takmörkunum varðandi hvern flokk núverandi hluta.

21.2.4 Lýsing á þeim ráðstöfunum sem nauðsynlegt er að grípa til í því skyni að breyta réttindum eigenda hluta þar sem greint er frá því hvort skilyrðin eru strangari en krafist er í lögum.

21.2.5 Lýsing á þeim skilyrðum sem gilda um boðun aðalfunda og hluthafafunda, þ.m.t. skilyrði fyrir aðgangi að fundunum.

21.2.6 Stutt lýsing á hvers kyns ákvæðum í stofnsamningi, samþykktum eða öðrum reglum útgefanda sem gætu haft þau áhrif að seinka, fresta eða koma í veg fyrir breytingar á yfirráðum yfir útgefanda.

21.2.7 Upplýsingar um ákvæði í stofnsamningi, samþykktum eða öðrum reglum útgefanda, ef þær eru fyrir hendi, sem fela í sér viðmiðunarmörk varðandi birtingu upplýsinga um eignarhald hluthafa.

21.2.8 Lýsing á skilyrðum í stofnsamningi, samþykktum eða öðrum reglum um breytingar á hlutafé þar sem slík skilyrði eru strangari en krafist er í lögum.

22. MIKILVÆGIR SAMNINGAR

Samantekt á öllum mikilvægum samningum, að undanskildum þeim sem eru gerðir í tengslum við hefðbundinn rekstur, sem útgefandi eða aðrir aðilar í samstæðunni eru aðilar að síðastliðin tvö ár fyrir birtingu útgefandalýsingar.

Samantekt á öllum öðrum samningum (sem ekki eru gerðir í tengslum við hefðbundinn rekstur) sem einhver aðili í samstæðunni hefur gert og innihalda ákvæði um skyldur eða tiltekin réttindi einhvers aðila í samstæðunni sem skipta máli fyrir samstæðuna miðað við dagsetningu útgefandalýsingar.

23. UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA, SÉRFRÆÐIÁLIT OG HAGSMUNAYFIRLÝSINGAR

23.1. Ef útgefandalýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar, menntun hans, hæfi og hvort hann hafi verulegra hagsmuna að gæta gagnvart útgefandanum. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík greinargerð eða skýrsla fylgi, á því formi og í því samhengi sem hún er, ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta útgefandalýsingarinnar.

23.2. Ef upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, láta í té staðfestingu þess efnis að upplýsingarnar séu réttar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Þar að auki skal tilgreina uppruna upplýsinganna.

24. SKJÖL TIL SÝNIS

Yfirlýsing þess efnis að á meðan útgefandalýsing er í gildi er heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl (eða afrit þeirra):

a) stofnsamning og samþykktir útgefanda,

b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, sögulegar fjárhagsupplýsingar, mats- og greinargerðir samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda sem að öllu leyti eða að hluta til eru felldar inn í eða vísað til í útgefandalýsingu,

c) sögulegar fjárhagsupplýsingar útgefanda eða, ef um er að ræða samstæðu, sögulegar fjárhagsupplýsingar útgefanda og dótturfyrirtækja hans fyrir hvort hinna tveggja síðustu fjárhagsára fyrir birtingu útgefandalýsingarinnar.

Veita skal upplýsingar um hvar unnt sé að skoða skjölin, sem eru til sýnis, á pappírsformi eða rafrænu formi.

25. UPPLÝSINGAR UM EIGNARHLUTDEILD

Upplýsingar um fyrirtæki sem útgefandi á í það stóran hluta hlutafjár að líklegt er að það hafi veruleg áhrif á mat á eignum og skuldum útgefanda, fjárhagsstöðu eða hagnað og tap.

XXVI. VIÐAUKI

Hlutfallslegt grunnskjal að því er varðar lágmarkskröfur um upplýsingar í útgefandalýsingu fyrir skuldabréf og afleidd verðbréf (< 100 000 evrur) vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja og fyrirtækja með lækkað markaðsverðmæti ([5])

1. ÁBYRGIR AÐILAR

2. LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR

3. VALDAR FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

4. ÁHÆTTUÞÆTTIR

5. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

6. YFIRLIT YFIR STARFSEMI

7. SKIPULAG

8. UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN

9. AFKOMUSPÁ EÐA ÁÆTLUÐ AFKOMA

10. STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN EÐA EFTIRLITSSTJÓRN

11. STJÓRNARHÆTTIR

12. STÆRSTU HLUTHAFAR

13. FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP

13.1. Sögulegar fjárhagsupplýsingar

Yfirlýsing þess efnis að endurskoðaðar, sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til síðasta fjárhagsárs (eða eins lengi og útgefandinn hefur starfað ef tímabilið er styttra en eitt ár) hafi verið samdar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eða ef það á ekki við, í samræmi við landsbundna reikningsskilastaðla aðildarríkis fyrir útgefendur innan Evrópusambandsins, og hvar megi nálgast eigin reikningsskil og samstæðureikningsskil eftir því sem við á.

Endurskoðunarskýrslan skal felld þar inn í.

Að því er varðar útgefendur frá þriðja landi, yfirlýsing þess efnis að slíkar fjárhagsupplýsingar hafi verið samdar og endurskoðaðar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt landsbundnum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum, og hvar er unnt að nálgast þær. Ef slíkar fjárhagsupplýsingar eru ekki sambærilegar þessum stöðlum skal fylgja yfirlýsing þess efnis að þær hafi verið samdar í formi endurgerðra reikningsskila og gefa upp hvar unnt er að nálgast þær.

13.2. Endurskoðun sögulegra, árlegra fjárhagsupplýsinga

13.2.1 Yfirlýsing þess efnis að sögulegar fjárhagsupplýsingar hafi verið endurskoðaðar. Ef að fram hefur komið í endurskoðunarskýrslu vegna sögulegra fjárhagsupplýsinga að löggiltir endurskoðendur hafi hafnað að veita áritun eða ef áritun þeirra hefur að geyma fyrirvara eða afsal ábyrgðar skal birta slíka höfnun eða fyrirvara eða afsal í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.

13.2.2 Tilgreina skal aðrar upplýsingar í útgefandalýsingu sem endurskoðendur hafa endurskoðað.

13.2.3 Ef fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu eru ekki fengnar úr endurskoðuðum reikningsskilum útgefanda skal tilgreina hvaðan þær eru fengnar og skýra frá því að upplýsingarnar séu ekki endurskoðaðar.

13.3. Fjárhagsupplýsingar árshluta og aðrar fjárhagsupplýsingar

Hafi útgefandinn birt ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar frá síðustu endurskoðuðu reikningsskilum skal fella yfirlýsingu þess efnis inn í útgefandalýsingu og gefa upp hvar megi nálgast þær. Ef ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar hafa verið kannaðar eða endurskoðaðar skal fella endurskoðunar- eða könnunarskýrsluna þar inn í. Ef ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar eða kannaðar skal skýra frá því.

([5]) Undirliðir eins og í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 809/2004 að undanþeginni breytingunni á 13. lið (Fjárhagsupplýsingar).

13.4. Dómsmál og gerðardómsmál

Upplýsingar um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem eru til meðferðar eða yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) a.m.k. síðustu tólf mánaða sem kunna að hafa haft eða hafa að undanförnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar eða ef slíkt er ekki fyrir hendi skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

13.5. Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda

Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils og annaðhvort endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar eða fjárhagsupplýsingar árshluta hafa verið birtar um eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.

14. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

15. MIKILVÆGIR SAMNINGAR

16. UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA, SÉRFRÆÐIÁLIT OG HAGSMUNAYFIRLÝSINGAR

17. SKJÖL TIL SÝNIS

XXVII. VIÐAUKI

Hlutfallslegt grunnskjal að því er varðar lágmarkskröfur um upplýsingagjöf í útgefandalýsingu fyrir skuldabréf og afleidd verðbréf (≥ 100 000 evrur) vegna lítilla og meðalstórra fyrirtækja og fyrirtækja með lækkað markaðsverðmæti (grunnskjal)([6])

1. ÁBYRGIR AÐILAR

2. LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR

3. ÁHÆTTUÞÆTTIR

4. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

5. YFIRLIT YFIR STARFSEMI

6. SKIPULAG

7. UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN

8. AFKOMUSPÁ EÐA ÁÆTLUÐ AFKOMA

9. STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN EÐA EFTIRLITSSTJÓRN

10. STÆRSTU HLUTHAFAR

11. FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP

11.1. Sögulegar fjárhagsupplýsingar

Yfirlýsing þess efnis að endurskoðaðar, sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til síðasta fjárhagsárs (eða eins lengi og útgefandinn hefur starfað ef tímabilið er styttra en eitt ár) hafi verið samdar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eða ef það á ekki við, í samræmi við landsbundna reikningsskilastaðla aðildarríkis fyrir útgefendur innan Evrópusambandsins, og hvar megi nálgast eigin reikningsskil og samstæðureikningsskil eftir því sem við á.

Endurskoðunarskýrslan skal felld þar inn í.

Að því er varðar útgefendur frá þriðja landi, yfirlýsing þess efnis að slíkar fjárhagsupplýsingar hafi verið samdar og endurskoðaðar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt landsbundnum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum, og hvar er unnt að nálgast þær. Ef slíkar fjárhagsupplýsingar eru ekki sambærilegar þessum stöðlum skal fylgja yfirlýsing þess efnis að þær hafi verið samdar í formi endurgerðra reikningsskila og gefa upp hvar unnt er að nálgast þær.

11.2. Endurskoðun sögulegra, árlegra fjárhagsupplýsinga

11.2.1 Yfirlýsing þess efnis að sögulegar fjárhagsupplýsingar hafi verið endurskoðaðar. Ef að fram hefur komið í endurskoðunarskýrslu vegna sögulegra fjárhagsupplýsinga að löggiltir endurskoðendur hafi hafnað að veita áritun eða ef áritun þeirra hefur að geyma fyrirvara eða afsal ábyrgðar skal birta slíka höfnun eða fyrirvara eða afsal í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.

11.2.2 Tilgreina skal aðrar upplýsingar í útgefandalýsingu sem endurskoðendur hafa endurskoðað.

11.2.3 Ef fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu eru ekki fengnar úr endurskoðuðum reikningsskilum útgefanda skal tilgreina hvaðan þær eru fengnar og skýra frá því að upplýsingarnar séu ekki endurskoðaðar.

11.3. Fjárhagsupplýsingar árshluta og aðrar fjárhagsupplýsingar

Hafi útgefandinn birt ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar frá síðustu endurskoðuðu reikningsskilum skal fella yfirlýsingu þess efnis inn í útgefandalýsingu og gefa upp hvar megi nálgast þær. Ef ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar hafa verið kannaðar eða endurskoðaðar skal fella endurskoðunar- eða könnunarskýrsluna þar inn í. Ef ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar eða kannaðar skal skýra frá því.

([6]) Undirliðir eins og í IX. viðauka við reglugerð (EB) nr. 809/2004 að undanþeginni breytingunni á 11. lið (Fjárhagsupplýsingar).

11.4. Dómsmál og gerðardómsmál

Upplýsingar um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem eru til meðferðar eða yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) a.m.k. síðustu tólf mánaða sem kunna að hafa haft eða hafa að undanförnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar eða ef slíkt er ekki fyrir hendi skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

11.5. Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda

Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils og annaðhvort endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar eða fjárhagsupplýsingar árshluta hafa verið birtar um eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.

12. MIKILVÆGIR SAMNINGAR

13. UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA, SÉRFRÆÐIÁLIT OG HAGSMUNAYFIRLÝSINGAR

14. SKJÖL TIL SÝNIS

XXVIII. VIÐAUKI

Hlutfallslegt grunnskjal að því er varðar lágmarkskröfur um upplýsingar í heimildarskírteinum sem gefin er út vegna hluta í litlum og meðalstórum fyrirtækjum og fyrirtækjum með lækkað markaðsverðmæti([7])

1. ÁBYRGIR AÐILAR

1.1. Tilgreina skal alla aðila sem eru ábyrgir fyrir upplýsingum í útgefandalýsingunni og, eftir atvikum, fyrir tilteknum hlutum hennar og í því tilviki skal tilgreina þá hluta sem þeir eru ábyrgir fyrir. Ef um er að ræða einstaklinga, þ.m.t. aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefandans, skulu þeir tilgreindir með nafni og stöðuheiti. Ef um er að ræða lögaðila skal tilgreina nafn þeirra og skráða skrifstofu.

1.2. Yfirlýsing frá þeim sem eru ábyrgir fyrir útgefandalýsingunni þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem útgefandalýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hennar. Eftir atvikum, yfirlýsing frá þeim sem bera ábyrgð á tilteknum hlutum útgefandalýsingarinnar þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem er að finna í þeim hluta lýsingarinnar sem þeir eru ábyrgir fyrir, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum sé sleppt sem áhrif geti haft á áreiðanleika útgefandalýsingarinnar.

2. LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR

2.1. Nöfn og heimilisföng endurskoðenda útgefandans á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til (ásamt aðild þeirra að faglegum samtökum).

2.2. Ef endurskoðendur hafa sagt starfi sínu lausu, verið leystir frá störfum eða ekki verið endurkjörnir á því tímabili sem sögulegar fjárhagslegar upplýsingar taka til, skal tilgreina allar upplýsingar sem máli skipta.

3. VALDAR FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR

3.1. Valdar sögulegar fjárhagsupplýsingar um útgefanda, fyrir hvert fjárhagsár sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, ásamt öllum síðari fjárhagsupplýsingum fyrir árshlutatímabil ef einhver eru, í sama gjaldmiðli og fjárhagsupplýsingarnar.

Valdar sögulegar fjárhagsupplýsingar skulu hafa að geyma lykiltölur sem gefa yfirlit yfir fjárhagsstöðu útgefanda.

3.2. Ef valdar fjárhagsupplýsingar fyrir árshluta eru lagðar fram verður einnig að leggja fram samanburðarupplýsingar fyrir sama tímabil fyrra fjárhagsárs, að undanskildu því að krafan um samanburðarupplýsingar um efnahagsreikning telst uppfyllt ef lagðar eru fram árslokaupplýsingar úr efnahagsreikningi.

4. ÁHÆTTUÞÆTTIR

Upplýsingar um áhættuþætti sem eiga sérstaklega við um útgefanda eða atvinnugrein hans skulu birtar á áberandi stað í þætti sem ber yfirskriftina „Áhættuþættir“.

5. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN

5.1. Saga og þróun útgefandans

5.1.1 lögheiti og viðskiptaheiti útgefanda,

5.1.2 skráningarstaður útgefanda og skráningarnúmer hans,

5.1.3 stofndagur og rekstrartími útgefanda, sé hann ekki ótiltekinn,

5.1.4 lögheimili útgefandans og rekstrarform hans að lögum, löggjöfin sem útgefandinn starfar samkvæmt, heiti lands þar sem útgefandi er skráður, ásamt heimilisfangi og símanúmeri skráðrar skrifstofu hans (eða höfuðstöðvar útgefandans ef þær eru aðrar en heimilisfang skráðrar skrifstofu hans),

5.1.5 mikilvægir atburðir í þróun starfsemi útgefanda.

([7]) Vegna liða 26-32, undirliðir eins og í X. viðauka við reglugerð (EB) nr. 809/2004.

5.2. Fjárfestingar

5.2.1 Lýsing (þ.m.t. fjárhæðir) á helstu fjárfestingum útgefanda fyrir hvert fjárhagsár að því er varðar tímabilið sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, fram að dagsetningu lýsingarinnar.

5.2.2 Lýsing á helstu yfirstandandi fjárfestingum útgefanda, þ.m.t. landfræðileg dreifing þessara fjárfestinga (heima og erlendis) og fjármögnunaraðferð (innri eða ytri).

5.2.3 „Upplýsingar um helstu framtíðarfjárfestingar útgefanda sem stjórnendur hans hafa þegar gert bindandi samninga um og áætlaðar fjármögnunarleiðir sem krafist er til að uppfylla þessar skuldbindingarnar.“

6. YFIRLIT YFIR STARFSEMI

6.1. Helsta starfsemi

6.1.1 Stutt lýsing á rekstri útgefandans og helstu starfsemi og öllum verulegum breytingum sem hafa áhrif á þennan rekstur og starfsemi eftir tímabilin sem síðustu tvö birtu endurskoðuðu reikningsskilin taka til, þ.m.t. upplýsingar um allar mikilvægar nýjar vörur og þjónustu sem hafa verið kynntar og, að því marki sem þróun nýrra vara og þjónustu hefur verið birt opinberlega, stöðu þróunar.

6.2. Helstu markaðir

Stutt lýsing á helstu mörkuðum þar sem útgefandinn tekur þátt í samkeppni og öllum mikilvægum breytingum sem hafa haft áhrif á þessa markaði frá þeim tíma sem síðustu tvö birtu endurskoðuðu reikningsskilin taka til.

6.3. Hafi óreglulegir þættir haft áhrif á upplýsingarnar, sem eru gefnar samkvæmt liðum 6.1 og 6.2., skal þeirra getið.

6.4. Samantekt um að hvaða marki útgefandi er háður einkaleyfum eða leyfum, samningum á sviði iðnaðar, verslunar eða fjármála eða nýjum framleiðsluaðferðum ef slíkir þættir skipta máli fyrir rekstur eða arðsemi útgefanda.

6.5. Ef útgefandinn gefur yfirlýsingu um samkeppnisstöðu sína skal greina frá því á hvaða grunni hún er byggð.

7. SKIPULAG

7.1. Ef útgefandi er hluti af samstæðu skal gefa stutta lýsingu á henni og stöðu útgefanda innan samstæðunnar.

8. VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR

8.1. Lýsing á öllum umhverfisþáttum sem kunna að hafa áhrif á möguleika útgefanda til að nota fastafjármunina.

9. YFIRLIT YFIR REKSTUR OG FJÁRHAG

Útgefandinn skal birta eftirfarandi upplýsingar ef ársskýrslurnar, sem eru settar fram og gerðar í samræmi við 46. gr. tilskipunar 78/660/EBE og 36. gr. tilskipunar 83/349/EBE, fyrir tímabilin sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar taka til eru ekki í lýsingunni eða fylgja með í viðauka:

9.1. Fjárhagsstaða

Ef ekki er fjallað um það annars staðar í útgefandalýsingu skal lýsa fjárhagsstöðu útgefanda, breytingum á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrir hvert fjárhagsár og árshluta þar sem sögulegra fjárhagsupplýsinga er krafist, þ.m.t. ástæður fyrir verulegum breytingum á fjárhagsupplýsingum frá einu ári til annars að því marki sem nauðsynlegt er til að fá heildarmynd af starfsemi útgefanda.

9.2. Rekstrarafkoma

9.2.1 Upplýsingar um mikilvæga þætti, þ.m.t. óvenjulegir eða fátíðir atburðir eða ný þróun, sem hafa veruleg áhrif á rekstrartekjur útgefanda þar sem tilgreint er að hvaða marki þessir atburðir höfðu áhrif á tekjurnar.

9.2.2 Ef fram koma verulegar breytingar á nettósölu eða nettótekjum í reikningsskilum skal fjalla um ástæður þessara breytinga.

9.2.3 Upplýsingar um hvers kyns opinbera, efnahagslega, skattalega, peningalega eða stjórnmálalega stefnu eða þætti sem hafa eða gætu haft mikilvæg bein eða óbein áhrif á rekstur útgefanda.

10. FJÁRMÖGNUN

10.1. Skýring á uppruna og fjárhæðum í sjóðsstreymi útgefanda ásamt lýsingu á sjóðstreyminu.

10.2. Upplýsingar um takmarkanir á notkun fjármagns sem hafa haft eða gætu haft með beinum eða óbeinum hætti veruleg áhrif á rekstur útgefanda.

11. RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN, EINKALEYFI OG LEYFI

Ef máli skiptir skal lýsa stefnu útgefanda á sviði rannsókna og þróunar fyrir hvert fjárhagsár að því er varðar tímabilið sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, þ.m.t. þá fjárhæð sem útgefandinn hefur notað til að styðja starfsemi á sviði rannsókna og þróunar.

12. UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN

12.1. Upplýsingar um mikilvæga nýlega þróun í framleiðslu, sölu og birgðum ásamt kostnaðar- og söluverði frá lokum síðasta fjárhagsárs til dagsetningar útgefandalýsingar.

12.2. Upplýsingar um þekkta þróun, óvissuþætti, kröfur, skuldbindingar eða atburði sem búast má við að hafi veruleg áhrif á framtíðarhorfur útgefanda fyrir a.m.k. yfirstandandi fjárhagsár.

13. AFKOMUSPÁ EÐA ÁÆTLUÐ AFKOMA

Ef útgefandi kýs að fella afkomuspá eða áætlaða afkomu inn í útgefandalýsingu skal hún hafa að geyma upplýsingar sem settar eru fram í liðum 13.1 og 13.2.

13.1. Yfirlýsing þar sem tilgreindar eru helstu forsendur sem útgefandi byggir afkomuspá sína eða áætlaða afkomu á.

Gera verður skýran greinarmun á forsendum sem aðilar að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn geta haft áhrif á, og forsendum sem liggja alveg utan áhrifasviðs þessara aðila. Forsendurnar skulu vera auðskiljanlegar fjárfestum, vera sértækar og nákvæmar og mega ekki tengjast almennri nákvæmni áætlaðrar afkomu sem liggur til grundvallar afkomuspánni.

13.2. Skýrsla, sem óháðir skoðunarmenn eða endurskoðendur semja, skal fylgja með þar sem því er lýst yfir að að áliti þessara óháðu skoðunarmanna eða endurskoðenda sé afkomuspáin eða áætluð afkoma unnin á réttan hátt á þeim grundvelli sem tilgreindur er og að þær aðferðir, sem eru notaðar við gerð afkomuspár eða áætlaðrar afkomu, séu í samræmi við reikningsskilastefnu útgefanda.

13.3. Vinna skal afkomuspá eða áætlaða afkomu á grunni sem er sambærilegur þeim sem er notaður fyrir sögulegar fjárhagsupplýsingar.

13.4. Ef útgefandi hefur birt afkomuspá í lýsingu sem er enn í gildi skal gefa yfirlýsingu þar sem fram kemur hvort þessi afkomuspá sé enn rétt miðað við dagsetningu útgefandalýsingar og útskýra hvers vegna afkomuspáin er ekki lengur gild ef það er reyndin.

14. STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN OG EFTIRLITSSTJÓRN OG ÆÐSTU STJÓRNENDUR

14.1. Nöfn, heimilisföng vinnustaða og hlutverk eftirfarandi einstaklinga hjá útgefanda og helstu störf þeirra utan útgefanda ef þau skipta máli gagnvart útgefandanum:

a) aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn,

b) sameigenda með ótakmarkaða ábyrgð, ef um er að ræða samlagsfélag með hlutafé,

c) stofnfélaga, ef innan við fimm ár eru liðin síðan útgefandi var stofnaður og

d) allra æðstu stjórnenda, sem máli skipta, til að sýna fram á að innan útgefanda sé viðeigandi sérþekking og reynsla fyrir stjórnun á rekstri útgefanda.

Greina skal frá því hvort einhver fjölskyldutengsl séu milli þessara aðila.

Að því er varðar hvern aðila að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda og hvern einstakling, sem um getur í b- og d-lið fyrsta undirliðar, skal greina ítarlega frá viðeigandi sérfræðiþekkingu og reynslu í stjórnun ásamt eftirfarandi upplýsingum:

a) heiti allra fyrirtækja og félaga þar sem viðkomandi einstaklingur hefur síðustu fimm árin verið aðili að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, eða verið sameigandi, og hvort einstaklingurinn sé enn aðili að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða sameigandi. Ekki er nauðsynlegt að telja upp öll dótturfyrirtæki útgefanda þar sem einstaklingur á einnig sæti í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn.

b) upplýsingar um allar sakfellingar vegna svikamála a.m.k. síðastliðin fimm ár.

c) ítarlegar upplýsingar um gjaldþrot, skiptameðferð eða félagsslit a.m.k. næstliðinna fimm ára sem einstaklingur, sem lýst er í a- og d-lið fyrsta undirliðar var aðili að vegna starfa sinna sem nefnd eru í a- og d-lið fyrsta undirliðar,

d) ítarlegar upplýsingar um opinberar kærur og/eða viðurlög gagnvart slíkum einstaklingum af hálfu lögboðinna yfirvalda eða eftirlitsyfirvalda (þ.m.t. tilnefndir fagaðilar) og hvort dómstóll hafi nokkru sinni dæmt slíkan einstakling vanhæfan til að starfa sem aðili að stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn útgefanda eða til að stjórna eða stýra verkefnum hjá einhverjum útgefanda a.m.k. næstliðin fimm ár.

Ef engar slíkar upplýsingar eru til staðar skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

14.2. Hagsmunaárekstrar stjórnar, framkvæmdastjórnar og eftirlitsstjórnar og æðstu stjórnenda.

Greina skal skilmerkilega frá hugsanlegum hagsmunaárekstrum milli skyldustarfa fyrir útgefanda hjá þeim einstaklingum sem vísað er til í lið 14.1 og persónulegra hagsmuna þeirra og/eða annarra skyldustarfa þeirra. Ef ekki er um að ræða neina slíka árekstra skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

Greina skal frá hvers kyns fyrirkomulagi eða samkomulagi milli stærstu hluthafa, viðskiptavina, birgja eða annarra varðandi það hverjir þeirra einstaklinga, sem um getur í lið 14.1, voru valdir til að sitja í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn eða valdir til að vera meðal æðstu stjórnenda.

15. LAUN OG HLUNNINDI

Að því er varðar þá einstaklinga sem um getur í a- og d-lið fyrsta undirliðar liðar 14.1 skal tilgreina eftirfarandi fyrir síðasta heila fjárhagsár.

15.1. Fjárhæð greiddra launa (þ.m.t. hvers kyns skilyrtar eða frestaðar greiðslur) og hlunninda sem útgefandi og dótturfyrirtæki hans hafa veitt þessum einstaklingum fyrir þjónustu af hvaða tagi sem er sem hver og einn þeirra hefur veitt útgefanda og dótturfyrirtækjum hans.

Tilgreina skal þessar upplýsingar fyrir hvern einstakling fyrir sig nema þess sé ekki krafist í heimalandi útgefanda eða þegar útgefandi hefur þegar birt upplýsingarnar opinberlega.

15.2. Upplýsingar um heildarfjárhæð sem útgefandi eða dótturfyrirtæki hans hafa lagt til hliðar eða safnað saman fyrir lífeyri, starfslok eða svipuð hlunnindi.

16. STJÓRNARHÆTTIR

Tilgreina skal eftirfarandi upplýsingar í tengslum við síðasta heila fjárhagsár útgefanda, nema annað sé tilgreint, að því er varðar þá einstaklinga sem um getur í a-lið fyrsta undirliðar liðar 14.1.

16.1. Lokadagur ráðningar- eða skipunartíma, ef við á, og tímabilið sem einstaklingurinn hefur gegnt þessu starfi.

16.2. Upplýsingar um aðila sem sæti eiga í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn og sem hafa gert þjónustusamninga við útgefanda eða eitthvert dótturfyrirtækja hans um að þau greiði hlunnindi við starfslok eða ef ekki er um slíka samninga að ræða skal birta yfirlýsingu þess efnis.

16.3. Upplýsingar um endurskoðunar- og launanefnd útgefanda, þ.m.t. nöfn nefndarmanna og samantekt um verksvið nefndarinnar.

16.4. Yfirlýsing þess efnis hvort útgefandi uppfylli reglur um stjórnarhætti fyrirtækja í því landi sem útgefandi er skráður. Ef útgefandi uppfyllir ekki þessar reglur skal fylgja yfirlýsing þess efnis ásamt skýringu á því hvers vegna hann uppfylli ekki reglurnar.

17. STARFSMENN

17.1. Tilgreina skal annað hvort fjölda starfsmanna við lok tímabilsins eða meðalfjölda þeirra fyrir hvert fjárhagsár, að því er varðar tímabilið sem sögulegar upplýsingar taka til, fram til dagsetningar útgefandalýsingar (og breytingar á slíkum fjölda ef máli skiptir) og, ef mögulegt er og máli skiptir, sundurliðun starfsmanna eftir meginstarfssviðum og landfræðilegri staðsetningu. Ef útgefandi ræður verulegan fjölda af afleysingafólki skal birta meðalfjölda afleysingafólks fyrir síðasta fjárhagsár.

17.2. Að því er varðar hvern einstakling, sem um getur í a- og b-lið fyrsta undirliðar í lið 14.1, skal veita eins nýjar upplýsingar og mögulegt er um hlutafjáreign og valrétti á hlutum í útgefanda.

17.3. Lýsa skal hvers kyns fyrirkomulagi varðandi það hvernig starfsfólk fær hlutdeild í hlutafé útgefanda.

18. STÆRSTU HLUTHAFAR

18.1. Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá nöfnum allra þeirra aðila, að undanskildum þeim sem sæti eiga í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn, sem beint eða óbeint eiga hlutdeild, sem er tilkynningaskyld samkvæmt landslögum útgefanda, í hlutafé eða atkvæðisrétti útgefanda, ásamt fjárhæð hlutdeildar hvers aðila, og ef ekki er um slíkt að ræða skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

18.2. Greina skal frá því hvort stærstu hluthafarnir hafi mismunandi atkvæðisrétt eða ef svo er ekki skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

18.3. Að því marki sem útgefanda er kunnugt um skal greina frá því hvort útgefandi sé beint eða óbeint í eigu eða undir yfirráðum einhvers aðila og hver sá aðili er og lýsa eðli slíkra yfirráða og þeim ráðstöfunum sem gerðar eru til að tryggja að slík yfirráð séu ekki misnotuð.

18.4. Lýsa skal hvers konar fyrirkomulagi, sem útgefanda er kunnugt um, sem getur seinna meir haft í för með sér breytingar á yfirráðum yfir útgefanda.

19. VIÐSKIPTI TENGDRA AÐILA

„Ef alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem samþykktir eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 gilda ekki um útgefandann skal birta eftirfarandi upplýsingar að því er varðar tímabilið sem sögulegu fjárhagsupplýsingarnar taka til fram að dagsetningu útgefandalýsingarinnar:

a) Eðli og umfang hvers kyns viðskipta sem – stök eða í heild sinni – skipta máli fyrir útgefanda. Þegar slík viðskipti tengdra aðila eru ekki gerð eins og þegar um viðskipti milli ótengdra aðila er að ræða skal gefa skýringu á því hvers vegna sú var ekki reyndin. Þegar um er að ræða útistandandi lán, þ.m.t. hvers kyns ábyrgðir, skal gefa upp útistandandi fjárhæð.

b) Tilgreina skal fjárhæðina eða hundraðshluta sem viðskipti tengdra aðila nema af veltu útgefanda.“

Ef alþjóðlegir reikningsskilastaðlar sem samþykktir eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002 gilda um útgefandann skal aðeins birta ofangreindar upplýsingar fyrir viðskipti sem áttu sér stað eftir að síðasta fjárhagstímabili, sem endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar hafa verið birtar fyrir, lauk.

20. FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP

20.1. Sögulegar fjárhagsupplýsingar

Yfirlýsing þess efnis að endurskoðaðar, sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til tveggja næstliðinna fjárhagsára (eða eins lengi og útgefandinn hefur starfað ef tímabilið er styttra en tvö ár) hafi verið samdar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002, eða ef það á ekki við, í samræmi við landsbundna reikningsskilastaðla aðildarríkis fyrir útgefendur innan Evrópusambandsins, og hvar megi nálgast eigin reikningsskil og samstæðureikningsskil eftir því sem við á.

Endurskoðunarskýrsla fyrir hvert ár skal fylgja.

Að því er varðar útgefendur frá þriðja landi, yfirlýsing þess efnis að slíkar fjárhagsupplýsingar hafi verið samdar og endurskoðaðar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru samþykktir samkvæmt málsmeðferðinni í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002 eða samkvæmt landsbundnum reikningsskilastöðlum í þriðja landi sem eru sambærilegir þessum stöðlum, og hvar er unnt að nálgast þær. Ef slíkar fjárhagsupplýsingar eru ekki sambærilegar þessum stöðlum skal fylgja yfirlýsing þess efnis að þær hafi verið samdar í formi endurgerðra reikningsskila og gefa upp hvar unnt er að nálgast þær.

20.2 Endurskoðun sögulegra, árlegra fjárhagsupplýsinga

20.2.1 Yfirlýsing þess efnis að sögulegar fjárhagsupplýsingar hafi verið endurskoðaðar. Ef að fram hefur komið í endurskoðunarskýrslu vegna sögulegra fjárhagsupplýsinga að löggiltir endurskoðendur hafi hafnað að veita áritun eða ef áritun þeirra hefur að geyma fyrirvara eða afsal ábyrgðar skal birta slíka höfnun eða fyrirvara eða afsal í heild sinni og tilgreina ástæður þeirra.

20.2.2 Tilgreina skal aðrar upplýsingar í útgefandalýsingu sem endurskoðendur hafa endurskoðað.

20.2.3 Ef fjárhagsupplýsingar í útgefandalýsingu eru ekki fengnar úr endurskoðuðum reikningsskilum útgefanda skal tilgreina hvaðan þær eru fengnar og skýra frá því að upplýsingarnar séu ekki endurskoðaðar.

20.3. Síðustu fjárhagsupplýsingar

20.3.1 Ekki má vera lengra um liðið frá síðasta fjárhagsári, sem endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar liggja fyrir um, en annaðhvort:

a) 18 mánuðir frá dagsetningu útgefandalýsingar ef útgefandinn fellir endurskoðuð árshlutareikningsskil inn í útgefandalýsingu eða

b) 15 mánuðir frá dagsetningu útgefandalýsingar ef útgefandinn fellir óendurskoðuð árshlutareikningsskil inn í útgefandalýsingu.

20.4. Fjárhagsupplýsingar árshluta og aðrar fjárhagsupplýsingar

20.4.1 Hafi útgefandinn birt ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar frá síðustu endurskoðuðu reikningsskilum skal fella yfirlýsingu þess efnis inn í útgefandalýsingu og gefa upp hvar megi nálgast þær. Ef ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar hafa verið kannaðar eða endurskoðaðar skal fella endurskoðunar- eða könnunarskýrsluna þar inn í. Ef ársfjórðungslegar eða hálfsárs fjárhagsupplýsingar hafa ekki verið endurskoðaðar eða kannaðar skal skýra frá því.

20.5. Arðgreiðslustefna

Lýsing á stefnu útgefanda um arðgreiðslur og hvers kyns takmörkunum á þeim.

20.5.1 Tilgreina skal fjárhæð arðgreiðslna á hlut fyrir hvert fjárhagsár að því er varðar tímabilið sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til og ef fjöldi hluta í útgefanda hefur breyst skal aðlaga fjárhæðina svo að tölurnar séu sambærilegar.

20.6. Dómsmál og gerðardómsmál

Upplýsingar um stjórnsýslu-, dóms- eða gerðardómsmál (þ.m.t. þau mál sem eru til meðferðar eða yfirvofandi og útgefanda er kunnugt um) a.m.k. síðustu tólf mánaða sem kunna að hafa haft eða hafa að undanförnu haft veruleg áhrif á fjárhagsstöðu eða arðsemi útgefanda og/eða samstæðunnar eða ef slíkt er ekki fyrir hendi skal gefa yfirlýsingu þess efnis.

20.7. Mikilvægar breytingar á fjárhags- eða viðskiptastöðu útgefanda

Lýsing á hvers kyns mikilvægum breytingum á fjárhags- eða viðskiptastöðu samstæðunnar sem hafa átt sér stað frá lokum síðasta fjárhagstímabils og annaðhvort endurskoðaðar fjárhagsupplýsingar eða fjárhagsupplýsingar árshluta hafa verið birtar um eða yfirlýsing um að slíkar breytingar hafi ekki átt sér stað.

21. VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

21.1. Hlutafé

Tilgreina skal eftirfarandi upplýsingar, sem eru dagsettar sama dag og nýlegasti efnahagsreikningurinn sem er innifalinn í sögulegum fjárhagsupplýsingum:

21.1.1 Fjárhæð útgefins hlutafjár, og fyrir hvern flokk hlutafjár:

a) fjöldi hluta, sem heimilt er að gefa út,

b) fjöldi útgefinna hluta sem greiddir hafa verið að fullu og fjöldi útgefinna hluta, sem ekki hafa verið greiddir að fullu,

c) nafnverð einstakra hluta, eða að hlutirnir hafi ekkert nafnverð og

d) afstemming fjölda útistandandi hluta í upphafi og lok ársins. Ef meira en 10% af hlutafé hefur verið greitt með eignum öðrum en reiðufé á því tímabili sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til skal taka það fram.

21.1.2 Ef um er að ræða hluti sem teljast ekki til hlutafjár skal tilgreina fjölda þeirra og helstu einkenni.

21.1.3 Fjöldi, bókfært virði og nafnvirði hluta í útgefanda sem hann á sjálfur eða einhver fyrir hans hönd eða eru í eigu dótturfyrirtækja hans.

21.1.4 Fjárhæð breytanlegra og skiptanlegra verðbréfa eða verðbréfa með áskriftarréttindi (e. *warrants*), ásamt upplýsingum um skilyrði og aðferðir við breytingu, skiptingu eða áskrift.

21.1.5 Upplýsingar um og skilmálar um kauprétti (e. *acquisition rights*) og/eða skuldbindingar varðandi heimilað en óútgefið hlutafé eða áform um að auka hlutafé.

21.1.6 Upplýsingar um hlutafé allra aðila að samstæðunni sem valréttur (e. *option*) liggur fyrir um eða sem samþykkt hefur verið með skilyrðum eða skilyrðislaust að valréttur muni gilda um og ítarlegar upplýsingar um slíka valrétti, þ.m.t. þá einstaklinga sem slíkum valréttum tengjast.

21.1.7 Yfirlit yfir þróun hlutafjár, yfir það tímabil sem sögulegar fjárhagsupplýsingar taka til, með áherslu á þær breytingar sem hafa átt sér stað á tímabilinu.

21.2. Stofnsamningur og samþykktir

21.2.1 Lýsing á tilgangi og markmiðum útgefanda og hvar þær upplýsingar sé að finna í stofnsamningi og samþykktum.

21.2.2 Samantekt á öllum ákvæðum í stofnsamningi, samþykktum eða öðrum reglum útgefanda sem varða aðila sem eiga sæti í stjórn, framkvæmdastjórn og eftirlitsstjórn.

21.2.3 Lýsing á réttindum, forgangsrétti og takmörkunum varðandi hvern flokk núverandi hluta.

21.2.4 Lýsing á þeim ráðstöfunum sem nauðsynlegt er að grípa til í því skyni að breyta réttindum eigenda hluta þar sem greint er frá því hvort skilyrðin eru strangari en krafist er í lögum.

21.2.5 Lýsing á þeim skilyrðum sem gilda um boðun aðalfunda og hluthafafunda, þ.m.t. skilyrði fyrir aðgangi að fundunum.

21.2.6 Stutt lýsing á hvers kyns ákvæðum í stofnsamningi, samþykktum eða öðrum reglum útgefanda sem gætu haft þau áhrif að seinka, fresta eða koma í veg fyrir breytingar á yfirráðum yfir útgefanda.

21.2.7 Upplýsingar um ákvæði í stofnsamningi, samþykktum eða öðrum reglum útgefanda, ef þær eru fyrir hendi, sem fela í sér viðmiðunarmörk varðandi birtingu upplýsinga um eignarhald hluthafa.

21.2.8 Lýsing á skilyrðum í stofnsamningi, samþykktum eða öðrum reglum um breytingar á hlutafé þar sem slík skilyrði eru strangari en krafist er í lögum.

22. MIKILVÆGIR SAMNINGAR

Samantekt á öllum mikilvægum samningum, að undanskildum þeim sem eru gerðir í tengslum við hefðbundinn rekstur, sem útgefandi eða aðrir aðilar í samstæðunni eru aðilar að síðastliðin tvö ár fyrir birtingu útgefandalýsingar.

Samantekt á öllum öðrum samningum (sem ekki eru gerðir í tengslum við hefðbundinn rekstur) sem einhver aðili í samstæðunni hefur gert og innihalda ákvæði um skyldur eða tiltekin réttindi einhvers aðila í samstæðunni sem skipta máli fyrir samstæðuna miðað við dagsetningu útgefandalýsingar.

23. UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA, SÉRFRÆÐIÁLIT OG HAGSMUNAYFIRLÝSINGAR

23.1. Ef útgefandalýsing hefur að geyma greinargerð eða skýrslu frá sérfræðingi skal tilgreina nafn þessa einstaklings, heimilisfang vinnustaðar, menntun hans, hæfi og hvort hann hafi verulegra hagsmuna að gæta gagnvart útgefandanum. Ef skýrslan er samin að beiðni útgefanda skal gefa yfirlýsingu um að slík greinargerð eða skýrsla fylgi, á því formi og í því samhengi sem hún er, ásamt samþykki þess einstaklings sem hefur heimilað efni þessa hluta útgefandalýsingarinnar.

23.2. Ef upplýsingar eru fengnar frá þriðja aðila skal útgefandi, að svo miklu leyti sem honum er kunnugt um og honum er unnt, út frá þeim upplýsingum sem þriðji aðilinn hefur birt, láta í té staðfestingu þess efnis að upplýsingarnar séu réttar og að engum staðreyndum sé sleppt sem geri upplýsingarnar ónákvæmar eða misvísandi. Þar að auki skal tilgreina uppruna upplýsinganna.

24. SKJÖL TIL SÝNIS

Yfirlýsing þess efnis að á meðan útgefandalýsing er í gildi er heimilt, eftir atvikum, að skoða eftirfarandi skjöl (eða afrit þeirra):

a) stofnsamning og samþykktir útgefanda,

b) allar skýrslur, bréf og önnur skjöl, sögulegar fjárhagsupplýsingar, mats- og greinargerðir samdar af sérfræðingum að beiðni útgefanda sem að öllu leyti eða að hluta til eru felldar inn í eða vísað til í útgefandalýsingu,

c) sögulegar fjárhagsupplýsingar útgefanda eða, ef um er að ræða samstæðu, sögulegar fjárhagsupplýsingar útgefanda og dótturfyrirtækja hans fyrir hvort hinna tveggja síðustu fjárhagsára fyrir birtingu útgefandalýsingarinnar.

Veita skal upplýsingar um hvar unnt sé að skoða skjölin, sem eru til sýnis, á pappírsformi eða rafrænu formi.

25. UPPLÝSINGAR UM EIGNARHLUTDEILD

Upplýsingar um fyrirtæki sem útgefandi á í það stóran hluta hlutafjár að líklegt er að það hafi veruleg áhrif á mat á eignum og skuldum útgefanda, fjárhagsstöðu eða hagnað og tap.

26. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA HEIMILDARSKÍRTEINA

27. UPPLÝSINGAR UM UNDIRLIGGJANDI HLUTI

28. UPPLÝSINGAR UM HEIMILDARSKÍRTEINI

29. UPPLÝSINGAR UM SKILMÁLA OG SKILYRÐI FYRIR ÚTBOÐI HEIMILDARSKÍRTEINA

30. TAKA TIL VIÐSKIPTA OG FYRIRKOMULAG VIÐSKIPTA MEÐ HEIMILDARSKÍRTEINI

31. LYKILUPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDA HEIMILDARSKÍRTEINA

32. KOSTNAÐUR VEGNA ÚTGÁFU/ÚTBOÐS HEIMILDARSKÍRTEINA

XXIX. VIÐAUKI

Hlutfallslegt grunnskjal að því er varðar lágmarkskröfur um upplýsingar vegna útgáfu lánastofnana sem um getur í j-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/71/EB

Lágmarkskröfur um upplýsingar varðandi útgáfur lánastofnana sem um getur í j-lið 2. mgr. 1. gr. tilskipunar 2003/71/EB([8])

1. ÁBYRGIR AÐILAR
2. LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR
3. ÁHÆTTUÞÆTTIR
4. UPPLÝSINGAR UM ÚTGEFANDANN
5. YFIRLIT YFIR STARFSEMI
6. SKIPULAG
7. UPPLÝSINGAR UM ÞRÓUN
8. AFKOMUSPÁ EÐA ÁÆTLUÐ AFKOMA
9. STJÓRN, FRAMKVÆMDASTJÓRN EÐA EFTIRLITSSTJÓRN
10. STÆRSTU HLUTHAFAR
11. FJÁRHAGSUPPLÝSINGAR AÐ ÞVÍ ER VARÐAR EIGNIR OG SKULDIR ÚTGEFANDA, FJÁRHAGSSTÖÐU HANS OG HAGNAÐ OG TAP

    Endurskoðaðar, sögulegar fjárhagsupplýsingar sem taka til síðasta fjárhagsárs (eða eins lengi og útgefandinn hefur starfað ef tímabilið er styttra en eitt ár) ásamt skýrslu endurskoðanda. Ef útgefandinn hefur breytt viðmiðunardegi reikningsskila á tímabilinu, sem farið er fram á sögulegar fjárhagsupplýsingar um, skulu endurskoðaðar eldri upplýsingar ná til a.m.k. 12 mánaða eða alls tímabilsins sem útgefandinn hefur stundað rekstur, hvort heldur er styttra. Semja skal slíkar fjárhagsupplýsingar í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1606/2002 eða, ef það á ekki við, í samræmi við landsbundna reikningsskilastaðla tiltekins aðildarríkis fyrir útgefendur innan Evrópusambandsins.

12. MIKILVÆGIR SAMNINGAR
13. UPPLÝSINGAR FRÁ ÞRIÐJA AÐILA, SÉRFRÆÐIÁLIT OG HAGSMUNAYFIRLÝSINGAR
14. SKJÖL TIL SÝNIS

([8]) Undirliðir eins og í XI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 809/2004 að undanþeginni breytingunni á lið 11.1 (Sögulegar fjárhagsupplýsingar).

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 924/2009

2013/EES/56/06

frá 16. september 2009

um greiðslur yfir landamæri í Bandalaginu og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 2560/2001 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að starfsemi innri markaðarins sé með eðlilegum hætti og til að greiða fyrir viðskiptum yfir landamæri innan Bandalagsins er mikilvægt að gjöld vegna greiðslna yfir landamæri í evrum séu þau sömu og fyrir samsvarandi greiðslur innan aðildarríkis. Þessari meginreglu um jöfn gjöld var komið á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2560/2001 frá 19. desember 2001 um greiðslur yfir landamæri í evrum ([4]) sem gildir um greiðslur yfir landamæri í evrum og sænskum krónum, allt að 50 000 evrur, eða jafngildi þeirra.

2) Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar frá 11. febrúar 2008 um beitingu reglugerðar (EB) nr. 2560/2001 um greiðslur yfir landamæri í evrum er staðfest að beiting þeirrar reglugerðar hafi í raun lækkað gjöld af greiðslum yfir landamæri í evrum til jafns við landsbundin gjöld og verið evrópskri greiðslumiðlunarstarfsemi hvatning til að gera nauðsynlegt átak til að koma upp greiðslugrunnvirkjum alls staðar í Bandalaginu.

3) Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar voru rannsökuð vandamál við framkvæmd sem verða í tengslum við beitingu reglugerðar (EB) nr. 2560/2001. Niðurstaðan var að gerðar voru tillögur að nokkrum breytingum á reglugerðinni til að takast á við þau vandamál sem rannsóknin leiddi í ljós. Þessi vandamál varða röskun á innri greiðslumarkaði sem stafar af mismunandi kvöðum um hagskýrslur, framkvæmdar á reglugerð (EB) nr. 2560/2001 vegna skorts á skilgreindum, lögbærum landsyfirvöldum, vöntunar á aðilum til að leysa úr ágreiningi í tengslum við þá reglugerð utan dómstóla og vegna þess að reglugerðin nær ekki yfir beingreiðslur.

4) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum ([5]) er lagður nútímalegur lagagrunnur fyrir myndun innri greiðslumarkaðar alls staðar í Bandalaginu. Til að tryggja lagalegt samræmi milli beggja lagagerninganna er ráðlegt að breyta viðeigandi ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 2560/2001, einkum skilgreiningunum.

5) Reglugerð (EB) nr. 2560/2001 tekur til færslu fjármuna yfir landamæri og rafrænnar greiðslumiðlunar yfir landamæri. Í samræmi við markmið tilskipunar 2007/64/EB, sem er að gera beingreiðslur yfir landamæri mögulegar, er ráðlegt að rýmka gildissvið reglugerðar (EB) nr. 2560/2001. Ekki er ráðlegt að beita meginreglunni um jöfn gjöld að því er varðar greiðslumiðla sem eru aðallega eða eingöngu á pappírsformi, svo sem ávísanir, þar sem þeir eru, eðli málsins samkvæmt, ekki eins skilvirkir og rafrænar greiðslur.

6) Meginreglan um jöfn gjöld á við um greiðslur sem hefjast eða er lokið á pappír eða í reiðufé og sem framkvæmdar eru í rafrænu greiðsluferli, þó ekki ávísanir, og um öll gjöld sem tengjast með beinum eða óbeinum hætti greiðslumiðlun, þ.m.t. gjöld í tengslum við samning en að undanskildum gjöldum vegna umreiknings gjaldmiðils. Óbein gjöld taka til gjalda fyrir uppsetningu varanlegra greiðslufyrirmæla eða gjalda fyrir notkun greiðslukorts eða debet- eða kreditkorts sem skulu vera þau sömu fyrir greiðslumiðlun innanlands og yfir landamæri innan Bandalagsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 266, 9.10.2009, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Álit frá 24. mars 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB).

([2]) Stjtíð. ESB C 21, 28.1.2009, bls. 1.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 24. apríl 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 27. júlí 2009.

([4]) Stjtíð. EB L 344, 28.12.2001, bls. 13.

([5]) Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1.

7) Til að koma í veg fyrir skiptingu greiðslumarkaða, þykir rétt að beita reglunni um jöfn gjöld. Í þeim tilgangi skal, fyrir hvern flokk greiðslu yfir landamæri, skilgreina greiðslu innanlands, með sömu eða mjög lík einkenni og greiðsla yfir landamæri. Það ætti m.a. að vera unnt að nota eftirfarandi viðmiðanir til að skilgreina greiðsluna innanlands sem samsvarar greiðslu yfir landamæri: leiðin sem notuð er til að hefja, framkvæma og ljúka greiðslu, stig sjálfvirkni, hvort um er að ræða greiðsluábyrgð, staða viðskiptavinar og tengsl hans við greiðslumiðlunina, eða greiðslumiðilinn, sem notaður er, eins og skilgreint er í 23. mgr. 4. gr. í tilskipun 2007/64/EB. Þessar viðmiðanir skulu ekki teljast tæmandi.

8) Lögbær yfirvöld skulu gefa út leiðbeiningar um auðkenningu á samsvarandi greiðslum ef þau telja það nauðsynlegt. Framkvæmdastjórnin skal, með aðstoð greiðslunefndar ef við á, veita fullnægjandi leiðbeiningar og aðstoða lögbær yfirvöld.

9) Mikilvægt er að greiða fyrir framkvæmd greiðslumiðlana á greiðslum yfir landamæri. Í tengslum við þetta skal efla stöðlun, einkum að því er varðar notkun alþjóðlegs bankareikningsnúmers (IBAN) og auðkenniskóða banka (BIC). Því er rétt að greiðslumiðlanir láti notefndum greiðsluþjónustu í té alþjóðlegt bankareikningsnúmer og auðkenniskóða banka viðkomandi reiknings.

10) Mismunandi kvaðir um skil hagskýrslna um greiðslujöfnuð, sem eiga eingöngu við um greiðslur yfir landamæri, koma í veg fyrir þróun samþætts greiðslumarkaðar, einkum innan vébanda sameiginlegs evrugreiðslusvæðis (SEPA). Ráðlegt er, að því er varðar sameiginlegt evru_ greiðslusvæði, að endurmeta, eigi síðar en 31. október 2011, hvort viðeigandi sé að afnema þessar kvaðir um skýrslugjöf á grundvelli bankauppgjöra. Til að tryggja að lagðar séu fram samfelldar, tímanlegar og skilvirkar hagskýrslur um greiðslujöfnuð er æskilegt að sjá til þess að áfram verði unnt að safna aðgengilegum gögnum um greiðslur, s.s. alþjóðlegu bankareikningsnúmeri, auðkennisnúmeri banka og fjárhæð greiðslu eða samanteknum grunngögnum um mismunandi greiðslumiðla, ef gagnasöfnunin truflar ekki sjálfvirka vinnslu greiðslnanna og hún getur verið algerlega sjálfvirk. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á kvöð um skýrslugjöf í öðrum tilgangi, s.s. til að koma í veg fyrir peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverkastarfsemi, eða vegna skattamála.

11) Eins og sakir standa eru mismunandi viðskiptalíkön notuð fyrir núverandi beingreiðslukerfi. Til að greiða fyrir því að beingreiðslukerfi innan sameiginlegs evrugreiðslusvæðis sé komið á fót er nauðsynlegt að koma upp sameiginlegu viðskiptalíkani og auka skýrleika laga að því er varðar marghliða millibankagjöld. Varðandi beingreiðslur yfir landamæri er hægt að ná þessu fram, í sérstökum undantekningartilvikum, með því ákvarða hámarksfjárhæð marghliða millibankagjalda fyrir hverja færslu á aðlögunartímabili. Aðilum að marghliða samkomulagi skal þó frjálst að ákvarða lægri fjárhæð eða enga í marghliða millibankagjaldi. Að því er varðar beingreiðslur innan sameiginlegs evrugreiðslusvæðis er heimilt að nota sama millibankagjaldið innanlands eða annað millibankagjald, sem samið er um, milli greiðslumiðlana viðtakanda greiðslu og greiðanda og var notuð fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar. Ef þess háttar marghliða millibankagjald innanlands eða annað millibankagjald, sem samið er um, er lækkað eða fellur niður á aðlögunartímabilinu, t.d. vegna beitingar á samkeppnislögum, á endurskoðað fyrirkomulag við um innlendar beingreiðslur innan sameiginlegs evrugreiðslusvæðis á aðlögunartímabilinu. Ef beingreiðsla fellur undir tvíhliða samning, skulu skilmálar þess háttar tvíhliða samnings þó vera rétthærri en marghliða millibankagjöld eða önnur millibankagjöld. Atvinnugrein getur nýtt sér réttarvissu, sem veitt er á aðlögunartímabilinu, til að þróa og ná samkomulagi um sameiginlegt, langtíma viðskiptalíkan fyrir rekstur beingreiðslna innan sameiginlegs evrugreiðslusvæðis. Við lok aðlögunartímabilsins skal langtímalausn vegna viðskiptalíkans beingreiðslna innan sameiginlegs evrugreiðslusvæðis vera tilbúið í samræmi við samkeppnislög og regluramma Bandalagsins. Framkvæmdastjórnin hyggst eins fljótt og auðið er, innan ramma viðvarandi skoðanaskipta við bankakerfið og á grundvelli framlags viðkomandi markaðsaðila, leggja fram leiðbeiningar um hlutlægar og mælanlegar viðmiðanir fyrir samhæfi þess háttar marghliða millibankagjalda, sem gætu falið í sér marghliða millibankagjöld, við samkeppnislög og regluramma Bandalagsins.

12) Eigi að vera unnt að framkvæma beingreiðslu verður reikningur greiðanda vera aðgengilegur. Til að hvetja til árangursríkrar upptöku á beingreiðslum innan sameiginlegs evrugreiðslusvæðis er því mikilvægt að allir reikningar greiðenda séu aðgengilegir, ef það er þegar reyndin að því er varðar núverandi beingreiðslur í evrum innanlands, annars njóta greiðandi og viðtakandi greiðslu ekki ávinnings af samsöfnun beingreiðslna yfir landamæri. Ef reikningur greiðanda er ekki aðgengilegur samkvæmt beingreiðsluáætlun innan sameiginlegs evrugreiðslusvæðis njóta greiðandi (skuldari) og viðtakandi greiðslu (skuldareigandi) ekki ávinnings af nýjum möguleikum í tengslum við beingreiðslu. Þetta skiptir einkum máli ef viðtakandi greiðslu safnar

beingreiðslum saman í bunkaskrá, t.d. mánaðarlega eða ársfjórðungslega vegna rafmagnsreikninga eða annarra reikninga frá veitustofnunum, en ekki sérstaklega fyrir hvern viðskiptavin. Ef skuldareigendur geta ekki náð sambandi við alla skuldara sína í einni aðgerð, er auk þess þörf á handvirkum inngripum, sem mun líklega auka kostnað. Ef ekki er gerð krafa um að greiðslumiðlun greiðanda tryggi aðgang að reikningi hans er skilvirkni samsöfnunar á beingreiðslum þar af leiðandi ekki fullkomin og samkeppni á samevrópskum grundvelli verður áfram takmörkuð. Vegna sérkenna beingreiðslna milli fyrirtækja, skal þetta þó aðeins eiga við um kjarna beingreiðsluáætlunar innan sameiginlegs evrugreiðslusvæðis en ekki um áætlun innan sameiginlegs evrugreiðslusvæðis um beingreiðslur milli fyrirtækja. Aðgengisskyldan felur í sér rétt greiðslumiðlunar til að framkvæma ekki beingreiðslu í samræmi við áætlunina um beina skuldfærslu, t.d. varðandi höfnun, synjun eða endurgreiðslu á færslu. Aðgengiskyldan skal ekki heldur eiga við greiðslumiðlanir sem hafa heimild til að veita og framkvæma beingreiðslufærslur en stunda ekki atvinnustarfsemi af því tagi.

13) Vegna tæknilegra krafna, sem nauðsynlegar eru til að tryggja aðgengi, er enn fremur mikilvægt að greiðslumiðlun greiðanda hafi nægan tíma til að undirbúa að fylgja ákvæðum um aðgengisskyldu. Greiðslumiðlun skal því fá aðlögunartímabil sem að hámarki er eitt ár frá gildistökudagi þessarar reglugerðar í því skyni að fara að þeirri skyldu. Þar sem greiðslumiðlanir aðildarríkja utan evrusvæðisins þyrftu að inna af hendi meiri undirbúningsvinnu skal heimila þeim greiðslumiðlunum að fresta beitingu skyldu um aðgengi í 5 ár að hámarki frá gildistökudagi þessarar reglugerðar. Þó er gerð sú krafa að greiðslumiðlanir, sem eru í aðildarríki sem hefur innleitt evruna sem gjaldmiðil innan fjögurra ára frá gildistökudegi þessarar reglugerðar, fylgi aðgengisskyldunni innan eins árs frá þeim degi sem hlutaðeigandi aðildarríki sameinaðist evrusvæðinu.

14) Lögbærum yfirvöldum skal veitt vald til að uppfylla eftirlitsskyldur sínar með skilvirkum hætti og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að greiðslumiðlanir fari að þessari reglugerð.

15) Til að gera úrlausn mögulega, ef þessari reglugerð hefur verið beitt með röngum hætti, skulu aðildarríki koma á fullnægjandi og skilvirkri kæru- og úrlausnarmeðferð til að leysa úr hvers konar ágreiningi milli notenda greiðsluþjónustu og greiðslumiðlunar. Einnig er mikilvægt að lögbær yfirvöld og stofnanir, sem leysa úr ágreiningi utan dómstóla, séu tilnefnd, annaðhvort með því að tilnefna starfandi stofnanir eða, eftir því sem við á, með því að koma á fót nýjum stofnunum.

16) Mikilvægt að lögbær yfirvöld og stofnanir, sem leysa úr ágreiningi utan dómstóla, innan Bandalagsins starfi ötullega saman að snurðulausri og tímanlegri úrlausn deilumála yfir landamæri samkvæmt þessari reglugerð. Þess háttar samstarf skal geta verið í formi skipta á upplýsingum um lög eða réttarvenjur innan lögsögu þeirra eða yfirfærslu eða yfirtöku kæru- og úrlausnarmeðferðar ef við á.

17) Nauðsynlegt er að aðildarríki mæli fyrir um viðurlög, sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi, í landslögum vegna brota á þessari reglugerð.

18) Augljós ávinningur er af rýmkun á beitingu þessarar reglugerðar með þeim hætti að hún nái yfir aðra gjaldmiðla en evru, einkum með tilliti til fjölda greiðslna sem hún næði yfir. Til að heimila aðildarríkjum, sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil, að rýmka beitingu þessarar reglugerðar þannig að hún taki til greiðslna yfir landamæri í gjaldmiðlum þeirra, skal koma á fót málsmeðferð um tilkynningar. Þó skal sjá til þess að aðildarríki, sem þegar uppfylla þá málsmeðferð um tilkynningar, þurfi ekki að leggja fram nýja tilkynningu.

19) Æskilegt er að framkvæmdastjórnin leggi fram skýrslu um hvort viðeigandi er að fella niður kvaðir um landsbundna skýrslu á grundvelli uppgjörs. Einnig er rétt að framkvæmdastjórnin leggi fram skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar þar sem einkum er metin notkun alþjóðlegra bankareikningsnúmera og auðkenniskóða banka til að auðvelda greiðslur innan Bandalagsins og markaðsþróun í tengslum við beitingu ákvæða um beingreiðslufærslur. Í tengslum við þróun sameiginlegs evrugreiðslusvæðis er einnig æskilegt að í þess háttar skýrslu sé lagt mat á hvort rétt sé að hafa hámarksfjárhæð greiðslu 50 000 evrur, eins og nú á við samkvæmt reglunni um jöfn gjöld.

20) Í þágu réttarvissu og skýrleika laga ber að fella niður reglugerð (EB) nr. 2560/2001.

21) Til að tryggja lagalega samfellu milli reglugerðar þessarar og tilskipunar 2007/64/EB, einkum að því er varðar gagnsæi skilyrða og kröfur um upplýsingar til greiðsluþjónustu og að því er varðar réttindi og skyldur greiðslumiðlana og notenda greiðsluþjónustu, þykir rétt að þessari reglugerð sé beitt frá 1. nóvember 2009. Rétt þykir að gefa aðildarríkjum frest til 1. júní 2010 til að samþykkja ráðstafanir um viðurlög vegna brota á þessari reglugerð.

22) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar og þeim verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna þess hve aðgerðirnar eru umfangsmiklar eða hafa víðtæk áhrif, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, ganga ákvæði þessarar reglugerðar ekki lengra en nauðsynlegt er til að þessum markmiðum verði náð.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um greiðslur yfir landamæri í Bandalaginu, til að tryggja að gjöld fyrir greiðslur yfir landamæri í Bandalaginu séu þau sömu og fyrir greiðslur í sama gjaldmiðli innan aðildarríkis.

2. Reglugerð þessi skal gilda um greiðslur yfir landamæri, í samræmi við ákvæði tilskipunar 2007/64/EB, sem eru tilgreindar í evrum eða gjaldmiðli þess aðildarríkis sem tilkynnti um ákvörðun sína um að rýmka beitingu þessarar reglugerðar þannig að hún taki til innlends gjaldmiðils, í samræmi við 14. gr.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um greiðslur sem greiðslumiðlun framkvæmir fyrir eigin reikning eða fyrir hönd annarra greiðslumiðlana.

4. Í 6., 7. og 8. gr. er mælt fyrir um reglur um beingreiðslufærslur, tilgreindar í evrum, milli greiðslumiðlana viðtakanda greiðslu og greiðanda.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „greiðslur yfir landamæri“: rafræn greiðsla, sem stofnað er til af greiðanda eða af eða fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu ef greiðslumiðlun greiðanda og greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu eru ekki í sama aðildarríki,

2. „landsbundin greiðsla“: rafræn greiðsla, sem stofnað er til af greiðanda eða af eða fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu ef greiðslumiðlun greiðanda og greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu eru í sama aðildarríki,

3. „greiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem á greiðslureikning og heimilar greiðslufyrirmæli af þeim greiðslureikningi eða, ef ekki er um greiðslureikning að ræða, einstaklingur eða lögaðili sem gefur greiðslufyrirmæli,

4. „viðtakandi greiðslu“: einstaklingur eða lögaðili sem er fyrirhugaður viðtakandi fjármuna sem hafa verið viðfang greiðslu,

5. „greiðsluþjónustuveitandi“: allir þeir lögaðilar sem um getur í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2007/64/EB og einstaklingar eða lögaðilar, sem um getur í 26. gr. þeirrar tilskipunar, að undanskildum þeim stofnunum sem taldar eru upp í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana ([6]) og hafa fengið undanþágu hjá aðildarríki í krafti 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2007/64/EB,

6. „notandi greiðsluþjónustu“: einstaklingur eða lögaðili sem nýtir sér greiðsluþjónustu, annaðhvort sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu, eða hvort tveggja,

7. „greiðsla“: aðgerð sem stofnað er til að frumkvæði greiðanda eða viðtakanda greiðslu, eða með milligöngu viðtakanda greiðslu, með því að leggja inn, millifæra eða taka út fjármuni, án tillits til þess hvort einhverjar skuldbindingar milli greiðanda og viðtakanda greiðslu liggja til grundvallar,

8. „greiðslufyrirmæli“: hvers kyns fyrirmæli greiðanda eða viðtakanda greiðslu til greiðslumiðlunar um framkvæmd greiðslu,

9. „gjald“: gjald sem greiðslumiðlun leggur á notendur greiðsluþjónustu beint eða óbeint í tengslum við greiðslu,

10. „fjármunir“: peningaseðlar og mynt, inneign á reikningum og rafeyrir samkvæmt skilgreiningu í b-lið 3. mgr. 1. gr. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/46/EB frá 18. september 2000 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og eftirlit með þeim ([7]),

([6]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.
([7]) Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 39.

11. „neytandi“: einstaklingur sem kemur fram í öðrum tilgangi en vegna atvinnugreinar sinnar, viðskipta eða starfs,

12. „örfyrirtæki“: fyrirtæki sem við gerð greiðsluþjónustusamnings er fyrirtæki eins og það sem skilgreint er í 1. gr. og 1. og 3. mgr. 2. gr. viðauka við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB frá 6. maí 2003 um skilgreininguna á örfyrirtækjum, litlum og meðalstórum fyrirtækjum ([8]),

13. „millibankagjald“: gjald sem greitt er milli greiðslumiðlunar greiðanda og greiðslumiðlunar viðtakanda greiðslu vegna hverrar beingreiðslufærslu,

14. „beingreiðsla“: greiðsluþjónusta við skuldfærslu á greiðslureikning greiðanda ef viðtakandi greiðslu á frumkvæði að greiðslu á grundvelli samþykkis greiðanda, sem hann veitir viðtakanda greiðslu, til greiðslumiðlunar viðtakanda greiðslu eða til eigin greiðslumiðlunar greiðanda,

15. „beingreiðslukerfi“: sameiginlegar reglur, aðferðir og staðlar samþykktar af greiðslumiðlunum varðandi framkvæmd beingreiðslufærslna.

3. gr.

Gjöld fyrir greiðslur yfir landamæri og samsvarandi greiðslur innanlands

1. Gjöld sem greiðslumiðlun leggur á notanda greiðsluþjónustu fyrir greiðslur yfir landamæri að fjárhæð allt að 50 000 evrur, skulu vera þau sömu og gjöld sem sú greiðslumiðlun leggur á notendur greiðsluþjónustu vegna samsvarandi greiðslna innanlands að sömu fjárhæð og í sama gjaldmiðli.

2. Við mat á gjaldtöku fyrir greiðslu yfir landamæri skal greiðslumiðlun, í þeim tilgangi að fylgja 1. mgr., tilgreina samsvarandi greiðslu innanlands.

Lögbær yfirvöld skulu gefa út leiðbeiningar um tilgreiningu á samsvarandi greiðslum innanlands ef þau telja það nauðsynlegt. Lögbær yfirvöld skulu eiga virkt samstarf innan greiðslunefndar, sem komið er á fót í samræmi við 1. mgr. 85. gr. tilskipunar 2007/64/EB, til að tryggja samræmi í leiðbeiningum að því er varðar samsvarandi greiðslur innanlands.

3. Hafi aðildarríki tilkynnt þá ákvörðun sína að rýmka beitingu þessarar reglugerðar svo að hún taki til innlends gjaldmiðils í samræmi við 14. gr. má telja að greiðsla innanlands, sem tilgreind er í gjaldmiðli þess aðildarríkis, samsvari greiðslu yfir landamæri sem tilgreind er í evrum.

4. Þessi reglugerð gildir ekki um gjöld vegna umreiknings gjaldmiðils.

4. gr.

Ráðstafanir til að auðvelda sjálfvirkni greiðslna

1. Greiðslumiðlun skal, eftir atvikum, tilkynna notanda greiðsluþjónustu um alþjóðlegt bankareikningsnúmer notandans (IBAN) og auðkenniskóða banka greiðslumiðlunarinnar (BIC).

Auk þess skal greiðslumiðlun, eftir atvikum, tilgreina alþjóðlegt bankareikningsnúmer notanda greiðsluþjónustu og auðkenniskóða banka greiðslumiðlunar á reikningsyfirlitum, eða í viðauka þess.

Greiðslumiðlun skal leggja fram þær upplýsingar til handa notanda greiðsluþjónustu, sem krafist er samkvæmt þessari málsgrein, án endurgjalds.

2. Eftir því sem við á, með tilliti til eðlis viðkomandi greiðslu:

a) skal greiðandi, að því er varðar greiðslur sem greiðandi hefur frumkvæði að, samkvæmt beiðni, upplýsa greiðslumiðlun um alþjóðlegt bankareikningsnúmer viðtakanda greiðslu og auðkenniskóða banka greiðslumiðlunar viðtakandans.

b) skal viðtakandi greiðslu, að því er varðar greiðslur sem viðtakandi greiðslu hefur frumkvæði að, samkvæmt beiðni, upplýsa greiðslumiðlun um alþjóðlegt bankareikningsnúmer greiðanda og auðkenniskóða banka greiðsluþjónustu greiðanda.

3. Greiðslumiðlun getur lagt á önnur gjöld til viðbótar við þau sem lögð eru á notanda greiðsluþjónustu í samræmi við 1. mgr. 3. gr. ef notandi óskar eftir því að greiðslumiðlun framkvæmi greiðslu án þess að upplýsa um alþjóðlegt bankareikningsnúmer og auðkenniskóða banka í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar. Þessi gjöld skulu vera viðeigandi og í samræmi við kostnað. Þau skulu samþykkt af greiðslumiðlun og notanda greiðsluþjónustu. Greiðslumiðlun skal upplýsa notanda greiðsluþjónustu um fjárhæð viðbótargjalda með góðum fyrirvara áður en notandi greiðsluþjónustu er skuldbundinn af samkomulaginu.

([8]) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

4. Þegar við á vegna eðlis viðkomandi greiðslna að því er varðar gerð allra vöru- og þjónustureikninga í Bandalaginu skal aðili, sem býður vöru og þjónustu og tekur við greiðslum, sem falla undir þessa reglugerð, upplýsa viðskiptavini sína um alþjóðlegt bankareikningsnúmer sitt og auðkenniskóða banka greiðslumiðlunar sinnar.

5. gr.

Kvaðir um skýrslugjöf um greiðslujöfnuð

1. Frá og með 1. janúar 2010 skulu aðildarríki afnema kvaðir sem lagðar eru á greiðslumiðlanir um skýrslugjöf á grundvelli uppgjörs vegna hagskýrslna um greiðslujöfnuð í tengslum við greiðslur viðskiptavina þeirra að fjárhæð allt að 50 000 evrur.

2. Án þess að það hafi áhrif á 1. mgr. getur aðildarríki haldið áfram að safna samanteknum gögnum eða öðrum fyrirliggjandi upplýsingum sem máli skipta, að því tilskildu að söfnunin hafi ekki áhrif á alsamþætta og samfellda vinnslu (STP) greiðslna og að greiðslumiðlun geti framkvæmt hana algerlega sjálfvirkt.

6. gr.

Millibankagjald fyrir beingreiðslufærslur yfir landamæri

Ef tvíhliða samningur milli greiðslumiðlunar viðtakanda greiðslu og greiðslumiðlunar greiðanda er ekki fyrir hendi skal leggja á 0,088 evru marghliða millibankagjald á hverja beingreiðslufærslu yfir landamæri sem framkvæmd er fyrir 1. nóvember 2012 sem greiðslumiðlun viðtakanda greiðslu skal greiða greiðslumiðlun greiðanda, nema viðkomandi greiðslumiðlanir hafi samið sín á milli um lægri marghliða millibankagjald.

7. gr.

Millibankagjald fyrir beingreiðslufærslur innanlands

1. Ef marghliða millibankagjald eða annað umsamið endurgjald fyrir beingreiðslufærslu innanlands, sem framkvæmd er fyrir 1. nóvember 2009, gildir milli greiðslumiðlunar viðtakanda greiðslu og greiðslumiðlunar greiðanda skal þess háttar marghliða millibankagjald eða annað umsamið endurgjald gilda um allar innlendar beingreiðslufærslur sem framkvæmdar eru fyrir 1. nóvember 2012, án þess að það hafi áhrif á 2. og 3. mgr.

2. Ef þess konar marghliða millibankagjald eða annað umsamið endurgjald er lækkað eða afnumið fyrir 1. nóvember 2012 skal sú lækkun þess eða afnám eiga við um allar beingreiðslufærslur innanlands sem framkvæmdar eru fyrir þann dag.

3. Ef um er að ræða tvíhliða samning milli greiðslumiðlunar viðtakanda greiðslu og greiðslumiðlunar greiðanda vegna beingreiðslufærslu innanlands gilda ákvæði 1. og 2. mgr. ekki ef viðkomandi beingreiðslufærsla innanlands var framkvæmd fyrir 1. nóvember 2012.

8. gr.

Aðgengi að beingreiðslufærslum

1. Ef greiðslumiðlun greiðanda veitir aðgang að beingreiðslufærslu innanlands, sem tilgreind er í evrum á reikningi viðkomandi greiðanda, skal einnig, í samræmi við beingreiðsluáætlunina, veita aðgang að beingreiðslufærslum sem tilgreindar eru í evrum sem viðtakandi greiðslu hefur frumkvæði að fyrir milligöngu greiðslumiðlunar í einhverju aðildarríki.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda aðeins um beingreiðslufærslur sem eru aðgengilegar neytendum samkvæmt beingreiðsluáætluninni.

3. Greiðslumiðlanir skulu uppfylla kröfur 1. og 2. mgr. eigi síðar en 1. nóvember 2010.

4. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. skulu greiðslumiðlanir í aðildarríkjum, sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil, uppfylla skilyrði 1. og 2. mgr. að því er varðar beingreiðslufærslur, sem tilgreindar eru í evrum, eigi síðar en 1. nóvember 2014. Ef evra er þrátt fyrir það innleidd sem gjaldmiðill þess háttar aðildarríkis fyrir 1. nóvember 2013 skal greiðslumiðlun í því aðildarríki uppfylla skilyrði 1. og 2. mgr. innan eins árs frá þeim degi sem hlutaðeigandi aðildarríki sameinaðist evrusvæðinu.

9. gr.

Lögbær yfirvöld

Aðildarríki skulu tilnefna þau lögbæru yfirvöld sem bera ábyrgð á að þessari reglugerð sé fylgt.

Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau lögbæru yfirvöld eigi síðar en 29. apríl 2010. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, án tafar, um hvers konar síðari breytingar varðandi þessi yfirvöld.

Aðildarríkjum er heimilt að tilnefna starfandi stofnanir til að gegna hlutverki lögbærra yfirvalda.

Aðildarríki skulu skylda lögbær yfirvöld til að hafa eftirlit með því að farið sé með virkum hætti eftir þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að ákvæðum hennar.

10. gr.

Meðferð kærumála vegna meintra brota á þessari reglugerð

1. Aðildarríki skulu koma á málsmeðferð sem gerir notendum greiðsluþjónustu og öðrum hagsmunaaðilum kleift að leggja fram kærur til lögbærra yfirvalda að því er varðar meint brot greiðslumiðlana á þessari reglugerð.

Aðildarríkjum er heimilt að nota eða rýmka gildandi málsmeðferð í þeim tilgangi.

2. Ef við á og með fyrirvara um réttinn til að hefja málsókn fyrir rétti í samræmi við landslög sem gilda um málsmeðferð í einstökum ríkjum skal í svari lögbærra yfirvalda upplýsa kæranda um meðferð og lausn kæru- og úrlausnarmála án atbeina dómstóla í samræmi við 11. gr.

11. gr.

Kæru- og úrlausnarmeðferð án atbeina dómstóla

1. Aðildarríkin skulu koma á fullnægjandi og skilvirkri kæru- og úrlausnarmeðferð án atbeina dómstóla til að leysa ágreiningsmál um réttindi og skyldur sem kunna að rísa af þessari reglugerð milli notenda greiðsluþjónustu og þeirra sem veita þeim hana. Í þeim tilgangi skulu aðildarríki tilnefna starfandi stofnanir, eftir því sem við á, eða koma á fót nýjum stofnunum.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessar stofnanir eigi síðar en 29. apríl 2010. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um hvers konar síðari breytingar varðandi þessar stofnanir.

3. Aðildarríki geta kveðið á um að þessi grein gildi aðeins um notendur greiðsluþjónustu sem eru neytendur eða örfyrirtæki. Í þeim tilvikum skulu aðildarríki upplýsa framkvæmdastjórnina um það.

12. gr.

Samstarf yfir landamæri

Lögbær yfirvöld og þær stofnanir sem bera ábyrgð á kæru- og úrlausnarmeðferð án atbeina dómstóla í aðildarríkjunum, sem um getur í 9. og 11. gr., skulu með virkum og skjótum hætti vinna saman að lausn deilumála yfir landamæri. Aðildarríki skulu sjá til þess að þess háttar samstarf eigi sér stað.

13. gr.

Viðurlög

Án þess að hafa áhrif á 17. gr. skulu aðildarríkin eigi síðar en 1. júní 2010 mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum á þessari reglugerð og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til sjá til þess að þeim sé beitt. Slík viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði fyrir 29. október 2010 og skulu tilkynna henni, án tafar, um hvers konar breytingar sem síðar verða á þeim.

14. gr.

Beiting vegna annarra gjaldmiðla en evru

1. Aðildarríki, sem notar ekki evru sem gjaldmiðil og ákveður að rýmka beitingu þessarar reglugerðar, að undanskildum 6., 7. og 8. gr., svo að hún taki til innlends gjaldmiðils þess, skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Birta skal þá tilkynningu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Rýmkuð beiting þessarar reglugerðar skal koma til framkvæmda 14 dögum eftir þá birtingu.

2. Aðildarríki, sem notar ekki evru sem gjaldmiðil og ákveður að rýmka beitingu 6., 7. eða 8. gr., eða einhverja samsetningu þeirra, svo að þær taki til innlends gjaldmiðils þess, skal tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Birta skal þá tilkynningu í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Rýmkuð beiting 6., 7. eða 8. gr. skal koma til framkvæmda 14 dögum eftir þá birtingu.

3. Aðildarríkjum, sem fylgdu þegar þann 29. október 2009, málsmeðferð um tilkynningar skv. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 2560/2001, skal ekki gert að leggja fram tilkynningu eins og um getur í 1. mgr. þessarar greinar.

15. gr.

Endurskoðun.

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. október 2011, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og Evrópska seðlabankann um það hvort viðeigandi sé að afnema kvaðir um skýrslugjöf á grundvelli innlends uppgjörs. Skýrslunni skal fylgja tillaga, ef við á.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. október 2012, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna og Evrópska seðlabankann um beitingu þessarar reglugerðar ásamt tillögu, ef við á. Í skýrslunni skal einkum fjalla um:

a) notkun alþjóðlegra bankareikningsnúmera (IBAN) og auðkenniskóða banka (BIC) í tengslum við sjálfvirkni greiðslna,

b) það hvort hámarkið, sem kveðið er á um í 1. mgr. 3. gr., sé viðeigandi og

c) markaðsþróun í tengslum við beitingu 6., 7. og 8. gr.

16. gr.

Niðurfelling

Reglugerð (EB) nr. 2560/2001 er felld úr gildi frá og með 1. nóvember 2009.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

17. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. nóvember 2009.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 16. september 2009.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	C. MALMSTRÖM

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 260/2012

2013/EES/56/07

frá 14. mars 2012

um að koma á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum fyrir millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 924/2009 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nauðsynlegt er að koma á fót samþættum markaði fyrir rafrænar greiðslur í evrum, þar sem enginn greinarmunur er gerður á greiðslum innanlands og yfir landamæri, til að innri markaðurinn geti starfað eðlilega. Markmiðið með verkefninu um sameiginlegt evrugreiðslusvæði (e. *SEPA*) er að þróa greiðsluþjónustu í þessu skyni á vettvangi Sambandsins sem kemur í stað núverandi landsbundinnar greiðsluþjónustu. Með innleiðingu á opnum, sameiginlegum stöðlum, reglum og aðferðum varðandi greiðslu og með samþættri vinnslu greiðslna mun sameiginlegt evrugreiðslusvæði veita borgurum og fyrirtækjum Sambandsins örugga, notendavæna og áreiðanlega greiðsluþjónustu í evrum, á samkeppnishæfu verði. Þetta gildir um greiðslur sameiginlegs evrugreiðslusvæðis innan landamæra ríkja og yfir landamæri ríkja, samkvæmt sömu grundvallarskilyrðum og með sömu réttindum og skyldum, án tillits til staðsetningar innan Sambandsins. Sameiginlegu evrugreiðslusvæði skal hrint í framkvæmd á þann hátt að það auðveldi aðgengi fyrir nýja aðila á markaðnum og þróun nýrra afurða og skapi hagstæð skilyrði fyrir aukna samkeppni í greiðsluþjónustu og fyrir óhindraða þróun og skjóta framkvæmd nýjunga á vettvangi Sambandsins að því er varðar greiðslur. Af þessum sökum ætti bætt stærðarhagkvæmni, aukin skilvirkni rekstrar og meiri samkeppni að valda þrýstingi til verðlækkunar á rafrænni greiðsluþjónustu í evrum, á grundvelli þess hver býður bestu þjónustuna. Áhrifin af þessu ættu að vera umtalsverð, einkum í aðildarríkjum þar sem greiðslur eru hlutfallslega dýrar í samanburði við önnur aðildarríki. Umbreytingin yfir í sameiginlegt evrugreiðslusvæði ætti því hvorki að leiða til heildarverðhækkana fyrir notendur greiðsluþjónustu almennt né neytendur sérstaklega. Þess í stað skal hvetja til þess að meginreglunni um að leggja ekki á hærri gjöld sé beitt ef notandi greiðsluþjónustu er neytandi. Framkvæmdastjórnin mun halda áfram að fylgjast með verðþróun í greiðslugeiranum og er hvött til að leggja fram árlega greiningu um málefnið.

2) Góður árangur sameiginlegs evrugreiðslusvæðis er mjög mikilvægur bæði í efnahagslegu og stjórnmálalegu tilliti. Sameiginlegt evrugreiðslusvæði er algjörlega í samræmi við stefnumörkunina fyrir Evrópu 2020 sem miðar að betra hagkerfi þar sem hagsæld leiðir af nýsköpun og skilvirkari notkun tiltækra tekjulinda. Bæði Evrópuþingið, með ályktunum sínum frá 12. mars 2009 ([4]) og 10. mars 2010 ([5]) um framkvæmd sameiginlegs evrugreiðslusvæðis, og ráðið, í niðurstöðum sínum sem samþykktar voru 2. desember 2009, hafa undirstrikað mikilvægi þess að tryggja skjót umskipti yfir í sameiginlegt evrugreiðslusvæði.

3) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/64/EB frá 13. nóvember 2007 um greiðsluþjónustu á innri markaðnum ([6]) er lagður nútímalegur lagagrunnur fyrir myndun innri greiðslumarkaðar, þar sem sameiginlegt evrugreiðslusvæði myndar grundvallarþátt.

4) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 924/2009 frá 16. september 2009 um greiðslur yfir landamæri í Bandalaginu ([7]) kveður einnig á um fjölda ráðstafana til að stuðla að góðum árangri sameiginlegs evrugreiðslusvæðis, s.s. rýmkun meginreglunnar um sömu gjöld að því er varðar beingreiðslur yfir landamæri og aðgengi að beingreiðslum.

5) Sjálfseftirlit evrópska bankageirans fyrir milligöngu framtaksverkefnisins sameiginlegt evrugreiðslusvæði hefur ekki reynst fullnægjandi til að knýja áfram samstillt umskipti yfir í fyrirkomulag á vettvangi Sambandsins varðandi millifærslu fjármuna og beingreiðslur á bæði framboðs- og eftirspurnarhliðinni. Einkum hefur ekki verið tekið tillit til hagsmuna neytenda og annarra notenda á fullnægjandi og gagnsæjan hátt. Raddir allra viðkomandi hagsmunaaðila skulu fá áheyrn. Enn fremur hefur sjálfseftirlitsferlið ekki fallið undir

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2013 frá 3. maí 2013 um breytingu á XII. viðauka (Frjálsir fjármagnsflutningar) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 155, 25.5.2011, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB C 218, 23.7.2011, bls. 74.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. febrúar 2012 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 28. febrúar 2012.

([4]) Stjtíð. ESB C 87 E, 1.4.2010, bls. 166.

([5]) Stjtíð. ESB C 349 E, 22.12.2010, bls. 43.

([6]) Stjtíð. ESB L 319, 5.12.2007, bls. 1.

([7]) Stjtíð. ESB L 266, 9.10.2009, bls. 11.

viðeigandi stjórnfyrirkomulag, sem gæti að hluta til skýrt hvers vegna hægt hefur gengið að taka það upp á eftirspurnarhliðinni. Þótt nýleg stofnsetning ráðs sameiginlega evrugreiðslusvæðisins sé umtalsverð bót á stjórnunarháttum verkefnisins um sameiginlegt evrugreiðslusvæði, er stjórnunin í grundvallaratriðum og formlega enn í höndum Evrópska greiðslumiðlunarráðsins (e. *European Payments Council (EPC)*). Framkvæmdastjórnin skal því endurskoða stjórnunarfyrirkomulag verkefnisins um sameiginlegt evrugreiðslusvæði í heild sinni fyrir lok ársins 2012 og, ef nauðsyn krefur, leggja fram tillögu. Við þá endurskoðun skal m.a. athuga samsetningu Evrópska greiðslumiðlunarráðsins, samspil Evrópska greiðslumiðlunarráðsins og æðra eftirlits- og stjórnunarkerfis, s.s. ráðsins um sameiginlegt evrugreiðslusvæði, og hlutverk þeirrar æðri stofnunar.

6) Aðeins með skjótum og alhliða umskiptum yfir í millifærslur fjármuna og beingreiðslur á vettvangi Sambandsins næst fullur ávinningur af samþættum greiðslumarkaði, þannig að hægt verði að losna við mikinn kostnað vegna samhliða rekstrar á bæði „hefðbundnum“ afurðum og afurðum sameiginlega evrugreiðslusvæðisins. Þess vegna skal mæla fyrir um reglur sem ná yfir framkvæmd allra millifærslna fjármuna og beingreiðslufærslna, sem tilgreindar eru í evrum, innan Evrópusambandsins. Þær skulu þó ekki ná yfir kortafærslur á þessu stigi, þar sem sameiginlegir staðlar um kortagreiðslur innan Sambandsins eru enn í þróun. Peningasendingar, greiðslur sem meðhöndlaðar eru innanhúss, greiðslur hárra fjárhæða, greiðslur milli greiðsluþjónustuveitenda (e. *payment service providers (PSPs)*) fyrir þeirra eigin reikning og greiðslur fyrir milligöngu farsíma eða annars konar fjarskiptabúnaðar, stafræns búnaðar eða upplýsingatæknibúnaðar skulu ekki falla undir gildissvið þessara reglna þar sem viðkomandi greiðsluþjónusta er ekki sambærileg millifærslu fjármuna eða beingreiðslum. Ef greiðslukort á greiðslustað eða annars konar búnaður, s.s. farsími, er notaður til að stofna til greiðslu, annaðhvort á greiðslustaðnum eða úr fjarlægð, sem leiðir beint til millifærslu fjármuna eða beingreiðslu til og af greiðslureikningi, sem auðkenndur er með gildandi grunnbankareikningsnúmeri ríkis (BBAN-númeri) eða alþjóðlegu bankareikningsnúmeri (IBAN-númeri) skal viðkomandi greiðsla þó teljast með. Auk þess er ekki viðeigandi að greiðslur sem unnar eru í greiðslukerfi fyrir háar fjárhæðir falli undir þessa reglugerð, vegna sérstakra eiginleika þeirra, þ.e. vegna þess að þær njóta forgangs, eru áríðandi, og nema aðallega háum fjárhæðum. Ekki skal undanskilja beingreiðslur nema greiðandinn hafi sérstaklega óskað eftir því að greiðslan sé send fyrir milligöngu greiðslukerfis fyrir háar fjárhæðir.

7) Nokkrar greiðsluþjónustur eru nú starfandi, aðallega fyrir greiðslur um Netið, sem einnig nota alþjóðlegt bankareikningsnúmer og auðkenniskóða banka (BIC-kóða) og byggja á millifærslum fjármuna eða beingreiðslum en hafa einnig viðbótareiginleika. Þess er vænst að viðkomandi þjónusta muni ná yfir núverandi landamæri og geti uppfyllt eftirspurn neytenda eftir nýstárlegri, öruggri og ódýrri greiðsluþjónustu. Til að útiloka ekki slíka þjónustu frá markaðnum gilda reglurnar um lokadagsetningar fyrir millifærslur fjármuna og beingreiðslur sem kveðið er á um í þessari reglugerð aðeins um millifærslu fjármuna eða beingreiðslu sem liggur til grundvallar þeim færslum.

8) Í miklum meirihluta greiðslna innan Sambandsins er mögulegt að tilgreina einkvæman greiðslureikning með notkun alþjóðlegs bankareikningsnúmers eingöngu, án þess að tilgreina þar að auki auðkenniskóða banka. Til að endurspegla þennan veruleika hafa bankar í allmörgum aðildarríkjum nú þegar komið á fót skrá, gagnagrunni eða öðrum tæknilegum aðferðum til að greina þann auðkenniskóða banka sem samsvarar tilteknu alþjóðlegu bankareikningsnúmeri. Auðkenniskóða banka er aðeins krafist í mjög fáum tilvikum sem útaf standa. Það virðist ástæðulaust og óþarflega íþyngjandi að skylda alla greiðendur og viðtakendur greiðslna um gervallt Sambandið til að gefa ávallt upp auðkenniskóða banka til viðbótar við alþjóðlegt bankareikningsnúmer fyrir þau fáu tilvik þar sem þetta er nú nauðsynlegt. Mun einfaldara væri fyrir greiðsluþjónustuveitendur og aðra aðila að leysa úr og koma í veg fyrir tilvik þar sem ekki er unnt að sanngreina greiðslureikning með ótvíræðum hætti með því að gefa upp alþjóðlegt bankareikningsnúmer. Því er nauðsynlegt að þróa tæknilegar aðferðir sem gera öllum notendum kleift að sanngreina greiðslureikning fyrir tilstuðlan alþjóðlegs bankareikningsnúmers eingöngu.

9) Eigi að vera unnt að framkvæma millifærslu fjármuna verður greiðslureikningur viðtakanda greiðslu að vera aðgengilegur. Til að hvetja til árangursríkrar upptöku á þjónustu á sviði millifærslu fjármuna og beingreiðslna á vettvangi Sambandsins skal því koma á aðgengisskyldu í gervöllu Sambandinu. Til að auka gagnsæi er auk þess viðeigandi að steypa saman, í eina gerð, þeirri skyldu og aðgengisskyldunni að því er varðar beingreiðslur sem þegar hefur verið komið á með reglugerð (EB) nr. 924/2009. Allir greiðslureikningar viðtakanda greiðslu sem eru aðgengilegir að því er varðar landsbundna millifærslu fjármuna skulu einnig vera aðgengilegir fyrir milligöngu fyrirkomulags fyrir millifærslu fjármuna í öllu Sambandinu. Allir greiðslureikningar greiðanda sem eru aðgengilegir að því er varðar landsbundna beingreiðslu skulu einnig vera aðgengilegir fyrir milligöngu beingreiðslukerfis í öllu Sambandinu. Þetta gildir hvort sem greiðsluþjónustuveitandi ákveður að taka þátt í tilteknu kerfi um millifærslu fjármuna eða beingreiðslukerfi, eða ekki.

10) Tæknilegt rekstrarsamhæfi er forsenda samkeppni. Til að koma á fót samþættum markaði fyrir rafræn greiðslukerfi í evrum er nauðsynlegt að vinnsla á millifærslum fjármuna og beingreiðslum sé ekki hindruð með viðskiptareglum eða tæknilegum hindrunum, s.s. með skyldubundinni þátttöku í fleiri en einu kerfi til að gera upp greiðslur yfir landamæri. Millifærslur fjármuna og beingreiðslur skal framkvæma samkvæmt

fyrirkomulagi þar sem greiðsluþjónustuveitendur, sem mynda meirihluta greiðsluþjónustuveitenda í meirihluta aðildarríkjanna og mynda meirihluta greiðsluþjónustuveitenda innan Evrópusambandsins, fylgja grundvallarreglum fyrirkomulagsins, sem eru þær sömu bæði að því er varðar millifærslur fjármuna og beingreiðslur hvort sem er yfir landamæri eða innan ríkis. Ef fleiri en eitt greiðslukerfi eru til staðar fyrir vinnslu slíkra greiðslna skulu viðkomandi greiðslukerfi vera rekstrarsamhæfð með notkun alþjóðlegra staðla sem gilda í öllu Sambandinu þannig að allir notendur greiðsluþjónustu og allir greiðsluþjónustuveitendur njóti ávinningsins af hnökralausum smásölugreiðslum í evrum, í öllu Sambandinu.

11) Með tilliti til sérstakra eiginleika fyrirtækjamarkaðarins og þrátt fyrir að fyrirkomulag við millifærslu fjármuna eða beingreiðslukerfi, milli fyrirtækja, skuli hlíta öllum öðrum ákvæðum þessarar reglugerðar, þ.m.t. að hafa sömu reglur um viðskipti yfir landamæri og viðskipti innan ríkis, skulu kröfurnar um að þátttakendurnir myndi meirihluta greiðsluþjónustuveitenda í meirihluta aðildarríkjanna einungis gilda að því marki sem greiðsluþjónustuveitendur sem veita þjónustu vegna millifærslu fjármuna eða beingreiðslna milli fyrirtækja mynda meirihluta greiðsluþjónustuveitenda í meirihluta aðildarríkja þar sem slík þjónusta er aðgengileg og mynda meirihluta greiðsluþjónustuveitenda sem veita slíka þjónustu innan Evrópusambandsins.

12) Mikilvægt er að tilgreina tæknilegar kröfur, sem ótvírætt ákvarða eiginleikana sem greiðslufyrirkomulag á vettvangi Sambandsins, sem þróa skal í samræmi við viðeigandi stjórnunarfyrirkomulag, verður að uppfylla til að tryggja rekstrarsamhæfi greiðslukerfa. Slíkar tæknilegar kröfur skulu ekki hamla sveigjanleika og nýsköpun heldur skulu þær vera opnar fyrir og hlutlausar gagnvart mögulegum nýjungum og úrbótum á greiðslumarkaðnum. Drög skulu gerð að tæknilegum kröfum með tilliti til sérstakra eiginleika millifærslna fjármuna og beingreiðslna, einkum að því er varðar gagnastök sem felast í skilaboðum um greiðslu.

13) Mikilvægt er að gera ráðstafanir til að auka tiltrú notenda greiðsluþjónustu á notkun slíkrar þjónustu, einkum að því er varðar beingreiðslur. Slíkar ráðstafanir skulu gera greiðendum kleift að gefa greiðsluþjónustuveitendum sínum fyrirmæli um að takmarka beingreiðsluinnheimtu við tiltekna fjárhæð eða tiltekna tíðni og að koma á sértækum jákvæðum eða neikvæðum skrám yfir viðtakendur greiðslna. Í tengslum við að koma á fót beingreiðslukerfi á vettvangi Sambandsins þykir rétt að neytendur geti haft gagn af slíku eftirliti. Svo raunhæft sé að framkvæma eftirlit með viðtakendum greiðslna er þó mikilvægt að greiðsluþjónustuveitendum sé gert kleift að gera athugun á grundvelli alþjóðlegs bankareikningsnúmers og, á umbreytingartímabili en aðeins ef nauðsyn krefur, á grundvelli auðkenniskóða banka eða annars einkvæms skuldareigandaauðkennis tiltekinna viðtakenda greiðslna. Öðrum viðeigandi réttindum notenda hefur þegar verið komið á með tilskipun 2007/64/EB og skulu tryggð að fullu.

14) Tæknileg stöðlun er hornsteinn samþættingar netkerfa, s.s. greiðslumarkaðar Evrópusambandsins. Notkun staðla sem þróaðir eru af alþjóðlegum eða evrópskum staðlastofnunum skal vera lögboðin frá og með uppgefinni dagsetningu að því er varðar öll viðeigandi viðskipti. Í tengslum við greiðslu eru slíkir bindandi staðlar alþjóðlegt bankareikningsnúmer, auðkenniskóði banka og skeytastaðallinn „ISO 20022 XML“ að því er varðar fjármálaþjónustu. Notkun allra greiðsluþjónustuveitenda á þessum stöðlum er því skilyrði fyrir fullu rekstrarsamhæfi um gervallt Evrópusambandið. Einkum skal stuðla að lögboðinni notkun alþjóðlegs bankareikningsnúmers og auðkenniskóða banka, ef nauðsyn krefur, með umfangsmikilli umfjöllun og ráðstöfunum, sem auðvelda þá notkun, í aðildarríkjum til að umskipti yfir í millifærslur fjármuna og beingreiðslur á vettvangi Sambandsins gangi auðveldlega og snurðulaust fyrir sig. Greiðsluþjónustuveitendur skulu geta samþykkt, tvíhliða eða marghliða, rýmkun á grunngerð latneska stafamengisins til að styðja við svæðisbundinn breytileika staðlaðra boða sameiginlega evrugreiðslusvæðisins.

15) Miklu máli skiptir að allir þátttakendur, einkum borgarar Sambandsins, fái fullnægjandi upplýsingar á réttum tíma svo þeir séu fyllilega undirbúnir undir breytingarnar sem sameiginlegt evrugreiðslusvæði hefur í för með sér. Helstu hagsmunaaðilar s.s. greiðsluþjónustuveitendur, opinber stjórnsýsla og seðlabankar aðildarríkjanna auk annarra stórnotenda reglulegra greiðslna skulu því annast sértækar og umfangsmiklar upplýsingaherferðir, í samræmi við þörfina og sniðnar að áheyrendunum eins og þörf krefur, til að auka almenningsvitund og undirbúa ríkisborgara undir umskiptin yfir í sameiginlegt evrugreiðslusvæði. Einkum er þörf á að kynna fyrir ríkisborgurum umskiptin úr notkun grunnbankareikningsnúmers í notkun alþjóðlegs bankareikningsnúmers. Landsbundnar samræmingarnefndir sameiginlegs evrugreiðslusvæðis eru best til þess fallnar að samræma slíkar upplýsingaherferðir.

16) Til að gera samstillt umbreytingarferli mögulegt, til glöggvunar og einföldunar fyrir neytendur, þykir rétt að allar millifærslur fjármuna og beingreiðslufærslur uppfylli þessar tæknilegu kröfur fyrir einn settan lokafrest fyrir umskiptin, en halda markaðinum opnum fyrir frekari þróun og nýsköpun.

17) Aðildarríki skulu á umbreytingartímabili geta heimilað greiðsluþjónustuveitendum að leyfa neytendum að halda áfram að nota grunnbankareikningsnúmer fyrir landsbundnar greiðslur með því skilyrði að rekstrarsamhæfi sé tryggt með því að viðkomandi greiðsluþjónustuveitandi breyti grunnbankareikningsnúmeri með tæknilegum og öruggum hætti í einkvæmt auðkenni viðeigandi greiðslureiknings. Greiðsluþjónustuveitandinn skal ekki leggja á neinn beinan eða óbeinan kostnað eða önnur gjöld í tengslum við þá þjónustu.

18) Þrátt fyrir að þróunarstig þjónustu á sviði millifærslu fjármuna og beingreiðslna sé mismunandi milli aðildarríkja myndu samræmd tímamörk í lok framkvæmdatímabils, sem nægir til að unnt sé að framkvæma nauðsyn-

leg vinnsluferli, stuðla að samræmdum, samtengdum og samþættum umskiptum yfir í sameiginlegt evrugreiðslusvæði og auðvelda að komið sé í veg fyrir að sameiginlegt evrugreiðslusvæði hafi tvo hraða og valdi þar með enn frekari ruglingi meðal neytenda.

19) Greiðsluþjónustuveitendur og notendur greiðsluþjónustu skulu fá nægan tíma til að aðlagast tæknilegu kröfunum. Þó skal aðlögunartíminn hvorki tefja ávinning neytenda að ástæðulausu né refsa framtakssömum rekstraraðilum sem hafa þegar hafið umskiptin yfir í sameiginlegt evrugreiðslusvæði. Að því er varðar landsbundnar greiðslur og greiðslur yfir landamæri skulu greiðsluþjónustuveitendur veita almennum viðskiptavinum sínum nauðsynlega tækniþjónustu til að tryggja snurðulausa og örugga umbreytingu yfir í tæknilegu kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

20) Mikilvægt er að skapa réttarvissu fyrir greiðsluiðnaðinn um viðskiptalíkön fyrir beingreiðslur. Reglusetning um marghliða millibankagjöld (e. *multilateral interchange fees*) vegna beingreiðslna er nauðsynleg til að skapa jöfn samkeppnisskilyrði meðal greiðsluþjónustuveitenda og gera mögulegt að þróa innri markað fyrir beingreiðslur. Slík gjöld vegna viðskipta sem er hafnað, synjað, endursend eða bakfærð vegna þess að ekki er unnt að framkvæma þau á tilhlýðilegan hátt eða valda því að gera þurfi undantekningar við vinnslu (svokölluð „R-viðskipti“ þar sem „R“ getur merkt „höfnun“ (e. *reject*), „synjun“ (e. *refusal*), „endursending“ (e. *return*), „bakfærsla“ (e. *reversal*), „afturköllun“ (e. *revocation*) eða „ósk um ógildingu“ (e. *request for cancellation*)) gætu auðveldað skilvirka úthlutun kostnaðar á innri markaðnum. Það virðist því vera í þágu myndunar skilvirks evrópsks markaðar fyrir beingreiðslur að banna marghliða millibankagjald á hver viðskipti. Þó skulu gjöld vegna R-viðskipta leyfð, að því tilskildu að þau samræmist tilteknum skilyrðum. Greiðsluþjónustuveitendur skulu, í þágu gagnsæis og neytendaverndar, veita neytendum skýrar og skiljanlegar upplýsingar um gjöld vegna R-viðskipta. Reglurnar um R-viðskipti hafa þó ekki áhrif á beitingu 101. og 102. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (e. *TFEU*). Auk þess ber að taka fram að almennt er munur á eiginleikum beingreiðslna og kortagreiðslna, einkum með tilliti til þess að viðtakendur greiðslna hafa meiri möguleika á að hvetja til þess, með samningi sem gerður er fyrirfram milli viðtakanda greiðslu og greiðanda, að greiðandi noti beingreiðslu, á meðan enginn slíkur samningur er fyrir hendi að því er varðar kortagreiðslur og slík greiðsla er gjarnan einstakur og óreglulegur atburður. Því hafa ákvæði um marghliða millibankagjöld vegna beingreiðslna ekki áhrif á greininguna samkvæmt samkeppnisreglum Evrópusambandsins á marghliða millibankagjöldum vegna greiðslukortaviðskipta. Valkvæð viðbótarþjónusta fellur ekki undir bannið samkvæmt þessari reglugerð ef hún er augljóslega og ótvírætt frábrugðin grunnbeingreiðsluþjónustunni og ef greiðsluþjónustuveitendum og notendum greiðsluþjónustu er algjörlega frjálst að bjóða upp á eða nota slíka þjónustu. Hún fellur þó áfram undir samkeppnisreglur Evrópusambandsins og landsbundnar samkeppnisreglur.

21) Þess vegna skal takmarka í tíma möguleikann á að leggja marghliða millibankagjald á hver viðskipti, að því er varðar landsbundnar beingreiðslur og beingreiðslur yfir landamæri, og mæla fyrir um almenn skilyrði um álagningu millibankagjalda á R-viðskipti.

22) Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með álagningu gjalda á R-viðskipti innan Sambandsins. Gjöld á R-viðskipti á innri markaðnum skulu verða samleitin með tímanum svo ekki sé svo mikill munur á þeim milli aðildarríkja að jöfnum samkeppnisskilyrðum sé ógnað.

23) Í sumum aðildarríkjum er til staðar tiltekin hefðbundin greiðsluþjónusta sem er millifærsla fjármuna eða beingreiðslur en hefur mjög sértæka virkni, oft af sögulegum eða lagalegum ástæðum. Viðskiptavelta slíkrar þjónustu er yfirleitt óveruleg. Því mætti flokka slíka þjónustu sem sérvöru. Umbreytingartímabil fyrir slíkar sérvörur, sem er nægilega langt til að lágmarka áhrif umskipta á notendur greiðsluþjónustu, gæti hjálpað báðum hliðum markaðarins að einbeita sér fyrst að umskiptum meirihluta millifærslna fjármuna og beingreiðslna og gera þeim þar með kleift að njóta fyrr meirihluta hugsanlegs ávinnings af samþættum greiðslumarkaði innan Sambandsins. Í sumum aðildarríkjum eru til sértækar beingreiðsluaðferðir sem virðast vera svipaðar greiðslukortaviðskiptum að því leyti að greiðandi notar kort á greiðslustaðnum til að setja af stað greiðslu en undirliggjandi greiðsla er beingreiðsla. Við slíka greiðslu er kortið eingöngu notað til álesturs upplýsinga svo unnt sé að búa til rafrænt umboð, sem greiðandinn þarf að undirrita á greiðslustað. Þrátt fyrir að slíka greiðsluþjónustu megi ekki flokka sem sérvöru er þörf fyrir umbreytingartímabil í tengslum við slíka greiðsluþjónustu vegna þeirrar miklu viðskiptaveltu sem um er að ræða. Umbreytingartímabilið skal vera nægilega langt til að gera hagsmunaaðilunum kleift að framkvæma viðeigandi þjónustu í stað sameiginlegs evrugreiðslusvæðis.

24) Til að innri greiðslumarkaðurinn geti starfað eðlilega er nauðsynlegt að tryggja að greiðendur s.s. neytendur, fyrirtæki eða opinber yfirvöld geti sent millifærslur fjármuna á greiðslureikninga sem viðtakendur greiðslna eiga hjá greiðsluþjónustuveitendum sem eru staðsettar í öðrum aðildarríkjum og aðgengilegar í samræmi við þessa reglugerð.

25) Til að tryggja snurðulausa umbreytingu yfir í sameiginlegt evrugreiðslusvæði skal gilt leyfi viðtakanda greiðslu til að innheimta endurteknar beingreiðslur í hefðbundnu kerfi gilda áfram eftir umskiptafrestinn sem komið er á með þessari reglugerð. Slíkt leyfi telst vera samþykki þess efnis að greiðsluþjónustuveitandi greiðanda framkvæmi endurteknar beingreiðslur sem viðtakandi greiðslu innheimtir í samræmi við þessa reglugerð, ef ekki er um að ræða landslög sem tengjast áframhaldandi gildi umboðs eða neytendasamninga sem breyta beingreiðsluumboðum til að þau geti gilt áfram. Þó skal vernda réttindi neytenda

og ef gildandi beingreiðsluumboði fylgir óskilyrtur réttur til endurgreiðslu skal viðhalda slíkum réttindum.

26) Lögbærum yfirvöldum skal veitt heimild til að uppfylla eftirlitsskyldur sínar með skilvirkum hætti og gera allar viðeigandi ráðstafanir, þ.m.t. að taka kærur til umfjöllunar, til að tryggja að greiðsluþjónustuveitendur fari að þessari reglugerð. Einnig skulu aðildarríki tryggja að leggja megi fram kærur þess efnis að notendur greiðsluþjónustu fari ekki að þessari reglugerð og að framfylgja megi þessari reglugerð á árangursríkan og skilvirkan hátt með úrræðum á sviði stjórnsýslu eða dómstóla. Til að stuðla að því að farið sé að þessari reglugerð skulu lögbær yfirvöld mismunandi aðildarríkja vinna hvert með öðru og, eftir því sem við á, með Seðlabanka Evrópu og seðlabönkum aðildarríkjanna og öðrum viðeigandi lögbærum yfirvöldum, s.s. Evrópsku fjármálaeftirlitsstofnuninni (e. *European Supervisory Authority*) (Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni (e. *European Banking Authority - EBA*)) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ([8]), sem tilnefnd eru samkvæmt löggjöf Evrópusambandsins eða landslöggjöf sem gildir um greiðsluþjónustuveitendur.

27) Aðildarríki skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög sem gilda um brot á þessari reglugerð og skulu tryggja að þessi viðurlög séu skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi og að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu ekki gilda um neytendur.

28) Til að tryggja að úrlausn sé möguleg þegar þessari reglugerð hefur verið beitt með röngum hætti, eða ef ágreiningur rís á milli notenda greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitenda varðandi réttindi og skyldur samkvæmt þessari reglugerð, skulu aðildarríki koma á fullnægjandi og árangursríku úrræði kæru- og úrlausnarmeðferðar utan réttar. Aðildarríki skulu því geta ákveðið að slíkar málsmeðferðarreglur gildi aðeins um neytendur eða aðeins um neytendur og örfyrirtæki.

29) Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins, Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina og Seðlabanka Evrópu skýrslu um framkvæmd þessarar reglugerðar. Ef þörf krefur skal tillaga að breytingu á reglugerðinni fylgja skýrslunni.

30) Til að tryggja að tæknilegar kröfur um millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum séu uppfærðar til dagsins í dag skal fela framkvæmdastjórninni valdið til að samþykkja gerðir að því er varðar þessar tæknilegu kröfur í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Í yfirlýsingu nr. 39 um 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem fylgir með í viðauka við lokagerð ríkjaráðstefnunnar sem samþykkti Lissabon-sáttmálann, hafði ráðstefnan hliðsjón af þeirri fyrirætlan framkvæmdastjórnarinnar að halda áfram að hafa samráð við sérfræðinga sem tilnefndir eru af aðildarríkjunum við undirbúning að drögum að framseldum gerðum á sviði fjármálaþjónustu, í samræmi við viðteknar venjur. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi og gagnsætt samráð, m.a. við Seðlabanka Evrópu og alla viðkomandi hagsmunaaðila, á meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur. Framkvæmdastjórnin skal við undirbúning og samningu framseldra gerða tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi sendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

31) Þar eð greiðsluþjónustuveitendur í aðildarríkjum sem hafa ekki evru sem gjaldmiðil þyrftu að inna af hendi sérstaka undirbúningsvinnu fyrir utan greiðslumarkaðinn vegna gjaldmiðils síns ríkis skal heimila slíkum greiðsluþjónustuveitendum að fresta beitingu tæknilegu krafnanna um tiltekinn tíma. Aðildarríki sem hafa ekki evru sem gjaldmiðil skulu þó fara að tæknilegu kröfunum til að koma á raunverulegu evrópsku greiðslusvæði, sem mun efla innri markaðinn.

32) Til að tryggja víðtækan almennan stuðning við sameiginlegt evrugreiðslusvæði er nauðsynlegt að greiðendum sé tryggt hátt verndarstig, einkum í tengslum við beingreiðslufærslur. Núverandi og eina samevrópska beingreiðslukerfið fyrir neytendur, þróað af Evrópska greiðslumiðlunarráðinu, kveður á um sjálfsagðan og skilyrðislausan rétt til endurgreiðslu á heimiluðum greiðslum innan átta vikna tímabils frá þeim degi þegar fjármunirnir voru skuldfærðir, en viðkomandi endurgreiðsluréttindi falla undir ýmis skilyrði í 62. og 63. gr. tilskipunar 2007/64/EB. Í ljósi núverandi markaðsaðstæðna og þess að nauðsynlegt er að tryggja öfluga neytendavernd skal meta áhrifin af þessum ákvæðum í skýrslunni sem framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við 87. gr. tilskipunar 2007/64/EB og eigi síðar en 1. nóvember 2012, leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópusambandsins og Seðlabanka Evrópu ásamt, eftir því sem við á, tillögu að endurskoðun.

33) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([9]) gildir um vinnslu á persónuupplýsingum við beitingu þessarar reglugerðar. Umskiptin yfir í sameiginlegt evrugreiðslusvæði og innleiðing sameiginlegra staðla og reglna um greiðslur skal vera í samræmi við landslög og vernd viðkvæmra persónuupplýsinga í aðildarríkjum og ætti að vernda hagsmuni borgara Sambandsins.

34) Fjármálaskilaboð í tengslum við greiðslur og millifærslur innan sameiginlega evrugreiðslusvæðisins eru utan gildissviðs samnings Evrópusambandsins og Bandaríkjanna frá 28. júní 2010 um vinnslu greiðslukerfisgagna og sendingu þeirra frá Evrópusambandinu til Bandaríkjanna vegna áætlunarinnar um að rekja slóð fjármögnunar hryðjuverka ([10]).

([8]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12.

([9]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

([10]) Stjtíð. ESB L 195, 27.7.2010, bls. 5.

35) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að koma á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum um millifærslur fjármuna og beingreiðslur í evrum, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðanna er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná megi því markmiði.

36) Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 924/2009 skulu aðildarríki afnema kvaðir sem lagðar eru á greiðsluþjónustuveitendur um skýrslugjöf á grundvelli uppgjörs vegna hagskýrslna um greiðslujöfnuð í tengslum við greiðslur viðskiptavina þeirra sem nema allt að 50 000 evrum. Söfnun gagna um greiðslujöfnuð á grundvelli uppgjörs hófst eftir að eftirliti með gjaldeyrisviðskiptum lauk og er mikilvæg gagnalind ásamt öðru, s.s. beinum könnunum, og eykur gæði tölfræðilegra upplýsinga. Frá upphafi tíunda áratugarins hafa sum aðildarríki kosið að treysta í auknum mæli á upplýsingar sem koma beint frá fyrirtækjum og heimilum frekar en á gögn sem bankar birta fyrir hönd viðskiptavina sinna. Þótt skýrslugjöf á grundvelli uppgjörs sé lausn sem dregur úr kostnaði við samantekt upplýsinga um greiðslujöfnuð á sama tíma og hún tryggir gæði tölfræðilegra upplýsinga, að því er varðar samfélagið í heild sinni, gæti hún, að því er varðar greiðslur yfir landamæri, dregið úr skilvirkni og haft aukinn kostnað í för með sér. Þar eð eitt af markmiðum sameiginlegs evrugreiðslusvæðis er að draga úr kostnaði við greiðslur yfir landamæri skal afnema að fullu skýrslugjöf um greiðslujöfnuð á grundvelli uppgjörs.

37) Til að auka réttarvissu þykir rétt að samræma frestina fyrir millibankagjöld sem settir eru fram í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 924/2009 ákvæðunum sem sett eru fram í þessari reglugerð.

38) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 924/2009 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um reglur um millifærslur og beingreiðslufærslur fjármuna tilgreindum í evrum innan Sambandsins þegar bæði greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu eru innan Sambandsins eða þegar eini greiðsluþjónustuveitandinn sem tekur þátt í greiðslunni er staðsettur innan Sambandsins.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um eftirfarandi:

a) greiðslur sem fara fram á milli og innan greiðsluþjónustuveitenda, þ.m.t. umboðsaðila þeirra eða útibúa, fyrir þeirra eigin reikning,

b) greiðslur sem eru unnar og gerðar upp í greiðslukerfi fyrir háar fjárhæðir, að undanskildum beingreiðslufærslum sem greiðandinn hefur ekki óskað sérstaklega eftir að verði sendar fyrir milligöngu greiðslukerfis fyrir háar fjárhæðir,

c) greiðslur með greiðslukorti eða sambærilegu tæki, þ.m.t. úttekt reiðufjár, nema greiðslukortið eða sambærilegur útbúnaður sé aðeins notaður í þeim tilgangi að afla þeirra upplýsinga sem krafist er til að geta framkvæmt millifærslu fjármuna eða beingreiðslu með beinum hætti á eða af greiðslureikningi sem auðkenndur er með grunnbankareikningsnúmeri eða alþjóðlegu bankareikningsnúmeri,

d) greiðslur fyrir milligöngu hvers konar fjarskiptabúnaðar, stafræns búnaðar eða upplýsingatæknibúnaðar, ef slík greiðsla leiðir ekki til millifærslu fjármuna eða beingreiðslu á og af greiðslureikningi sem auðkenndur er með grunnbankareikningsnúmeri eða alþjóðlegu bankareikningsnúmeri,

e) peningasendingar eins og þær eru skilgreindar í 13. lið 4. gr. tilskipunar 2007/64/EB,

f) greiðslur sem millifæra rafeyri, eins og hann er skilgreindur í 2. lið 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og varfærniseftirlit með þeim ([11]), nema slík viðskipti leiði til millifærslu fjármuna eða beingreiðslu á eða af greiðslureikningi sem auðkenndur er með grunnbankareikningsnúmeri eða alþjóðlegu bankareikningsnúmeri.

3. Byggi greiðslufyrirkomulag á greiðslum með millifærslu fjármuna eða beingreiðslum, en hafi það valkvæða viðbótareiginleika eða -þjónustu, gildir þessi reglugerð aðeins um undirliggjandi millifærslur fjármuna eða beingreiðslur.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „millifærsla fjármuna“: greiðsluþjónusta, innan ríkis eða yfir landamæri, við tekjufærslu á reikning viðtakanda greiðslu, með greiðslu eða röð greiðslna af greiðslureikningi greiðanda, framkvæmd af greiðsluþjónustuveitandanum sem geymir reikning greiðanda, á grundvelli fyrirmæla hans,

2) „beingreiðsla“: greiðsluþjónusta, innan ríkis eða yfir landamæri, við skuldfærslu á greiðslureikning greiðanda ef viðtakandi greiðslu á frumkvæði að greiðslu á grundvelli samþykkis greiðanda,

3) „greiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem á greiðslureikning og heimilar greiðslufyrirmæli af þeim greiðslureikningi eða, ef ekki er um greiðslureikning greiðanda að ræða, einstaklingur eða lögaðili sem gefur fyrirmæli um greiðslu á greiðslureikning viðtakanda greiðslu,

4) „viðtakandi greiðslu“: einstaklingur eða lögaðili sem á greiðslureikning og er fyrirhugaður viðtakandi fjármuna sem hafa verið viðfang greiðslu,

([11]) Stjtíð. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7.

5) „greiðslureikningur“: reikningur á nafni eins eða fleiri notenda greiðsluþjónustu sem er notaður við framkvæmd greiðslu,

6) „greiðslukerfi“: kerfi til að yfirfæra fjármuni með formlegu og stöðluðu fyrirkomulagi og sameiginlegum reglum um meðferð, greiðslujöfnun eða uppgjör greiðslna,

7) „greiðslufyrirkomulag“: sameiginlegar reglur, aðferðir, staðlar og/eða viðmiðunarreglur um framkvæmd sem greiðsluþjónustuveitendur hafa náð samkomulagi um varðandi framkvæmd greiðslna á vettvangi Sambandsins og innan aðildarríkja, sem er aðgreint frá grunnvirki eða greiðslukerfi sem er grundvöllur starfsemi þess,

8) „greiðsluþjónustuveitandi“: greiðsluþjónustuveitandi sem fellur undir einhvern þeirra flokka sem um getur í 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2007/64/EB og lögaðilar og einstaklingar, sem um getur í 26. gr. tilskipunar 2007/64/EB, að undanskildum þeim stofnunum sem taldar eru upp í 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/48/EB frá 14. júní 2006 um stofnun og rekstur lánastofnana ([12]) og hafa fengið undanþágu í krafti 3. mgr. 2. gr. tilskipunar 2007/64/EB,

9) „notandi greiðsluþjónustu“: einstaklingur eða lögaðili sem nýtir sér greiðsluþjónustu sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu,

10) „greiðsla“: aðgerð, sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu á frumkvæði að, til að millifæra fjármuni milli greiðslureikninga innan Sambandsins, án tillits til hugsanlegra undirliggjandi skuldbindinga milli greiðanda og viðtakanda greiðslu,

11) „greiðslufyrirmæli“: hvers kyns fyrirmæli greiðanda eða viðtakanda greiðslu til greiðsluþjónustuveitanda síns um framkvæmd greiðslu,

12) „millibankagjald“: gjald, sem greitt er milli greiðsluþjónustuveitanda greiðanda og greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu, fyrir beingreiðslufærslur,

13) „marghliða millibankagjald“: marghliða millibankagjald sem fellur undir samning fleiri en tveggja greiðsluþjónustuveitenda,

14) „Grunnbankareikningsnúmer“: númer, til að auðkenna greiðslureikning, sem ótvírætt auðkennir einstakan greiðslureikning hjá greiðsluþjónustuveitanda í aðildarríki og sem einungis má nota vegna landsbundinna greiðslna, en sami greiðslureikningur er auðkenndur með alþjóðlegu bankareikningsnúmeri að því er varðar greiðslur yfir landamæri.

15) „Alþjóðlegt bankareikningsnúmer“: alþjóðlegt númer til að auðkenna greiðslureikninga, sem ótvírætt auðkennir einstakan greiðslureikning í aðildarríki og eru þættir greiðslureikningsins ákvarðaðir af Alþjóðlegu staðlasamtökunum,

16) „Auðkenniskóði banka“: auðkenniskóði fyrirtækis sem ótvírætt auðkennir greiðsluþjónustuveitanda og eru þættir greiðsluþjónustuveitandans ákvarðaðir af Alþjóðlegu staðlasamtökunum,

17) „ISO 20022 XML-staðall“: staðall um þróun rafrænna boða um fjármál í skilningi Alþjóðlegu staðlasamtakanna, sem nær yfir sýnilega framsetningu greiðslna með XML-málskipan, í samræmi við viðskiptareglur og viðmiðunarreglur um framkvæmd greiðslukerfa á vettvangi Sambandsins, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar,

18) „greiðslukerfi fyrir háar fjárhæðir“: greiðslukerfi sem hefur þann megintilgang að vinna, greiðslujafna eða gera upp stakar greiðslur sem njóta forgangs og eru áríðandi, einkum ef um háa fjárhæð er að ræða,

19) „uppgjörsdagur“: sá dagur þegar greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu uppfyllir skuldbindingar að því er tekur til yfirfærslu fjármuna,

20) „innheimta“: sá hluti beingreiðslufærslu sem hefst þegar viðtakandi greiðslu hefur frumkvæði að henni þar til henni er lokið með venjulegri skuldfærslu af greiðslureikningi greiðanda,

21) „umboð“: yfirlýsing greiðanda um samþykki og leyfi handa viðtakanda greiðslu og (beint eða óbeint fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu) handa greiðsluþjónustuveitanda greiðanda til að heimila viðtakanda greiðslu að hefja innheimtu með skuldfærslu af tilteknum greiðslureikningi greiðanda og heimila greiðsluþjónustuveitanda greiðanda að fara að slíkum fyrirmælum,

22) „smásölugreiðslukerfi“: greiðslukerfi, sem hefur þann megintilgang að vinna, greiðslujafna eða gera upp millifærslur fjármuna eða beingreiðslur, sem venjulega er safnað saman í pakka til sendingar, mynda aðallega lágar fjárhæðir og njóta lítils forgangs, og er ekki greiðslukerfi fyrir háar fjárhæðir,

23) „örfyrirtæki“: fyrirtæki sem við gerð greiðsluþjónustusamnings er fyrirtæki eins og það sem skilgreint er í 1. gr. og 1. og 3. mgr. 2. gr. viðauka við tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/361/EB ([13]),

24) „neytandi“: einstaklingur sem á aðild að samningi um greiðsluþjónustu í öðrum tilgangi en vegna atvinnugreinar sinnar, viðskipta eða starfsgreinar,

25) „R-viðskipti“: greiðsla sem greiðsluþjónustuveitandi getur ekki framkvæmt á tilhlýðilegan hátt eða sem veldur því að gera þarf undanþágu við vinnslu, m.a. vegna fjármagnsskorts, afturköllunar, rangrar fjárhæðar eða dagsetningar, umboðsskorts eða lokaðs reiknings,

26) „greiðsla yfir landamæri“: greiðsla, sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu stofnar til, ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu eru ekki í sama aðildarríki,

27) „landsbundin greiðsla“: greiðsla, sem greiðandi eða viðtakandi greiðslu stofna til, ef greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu eru í sama aðildarríki,

([12]) Stjtíð. ESB L 177, 30.6.2006, bls. 1.

([13]) Stjtíð. ESB L 124, 20.5.2003, bls. 36.

28) „tilvísunaraðili“: einstaklingur eða lögaðili sem greiðandi greiðir fyrir eða viðtakandi greiðslu tekur við greiðslu fyrir.

3. gr.

Aðgengi

1. Greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu sem aðgengi er að vegna landsbundinnar millifærslu fjármuna samkvæmt greiðslufyrirkomulagi skal vera aðgengilegur, í samræmi við reglur greiðslufyrirkomulags á vettvangi Sambandsins, vegna millifærslna fjármuna sem greiðandi stofnar til fyrir milligöngu greiðsluþjónustuveitanda sem staðsettur er í hvaða aðildarríki sem er.

2. Greiðsluþjónustuveitandi greiðanda sem aðgengi er að vegna landsbundinnar beingreiðslu samkvæmt greiðslufyrirkomulagi skal vera aðgengilegur, í samræmi við reglur greiðslufyrirkomulags á vettvangi Sambandsins, vegna beingreiðslna sem viðtakandi greiðslu stofnar til fyrir milligöngu greiðsluþjónustuveitanda sem staðsettur er í hvaða aðildarríki sem er.

3. Ákvæði 2. mgr. gilda aðeins um beingreiðslur sem eru aðgengilegar neytendum samkvæmt greiðslufyrirkomulaginu.

4. gr.

Rekstrarsamhæfi

1. Greiðslufyrirkomulag sem greiðsluþjónustuveitendum er ætlað að nota í þeim tilgangi að framkvæma millifærslur fjármuna og beingreiðslur skal uppfylla eftirfarandi skilyrði:

a) sömu reglur gilda um landsbundnar millifærslur fjármuna og millifærslur fjármuna yfir landamæri innan Evrópusambandsins og á sama hátt um landsbundnar beingreiðslufærslur og beingreiðslufærslur yfir landamæri innan Sambandsins, og

b) þátttakendurnir í greiðslufyrirkomulaginu mynda meirihluta greiðsluþjónustuveitenda í meirihluta aðildarríkjanna og mynda meirihluta greiðsluþjónustuveitenda innan Sambandsins, eingöngu að teknu tilliti til greiðsluþjónustuveitenda sem veita millifærslur fjármuna eða beingreiðslur, eftir því sem við á.

Ef hvorki greiðandinn né viðtakandi greiðslu er neytandi skal, að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar, aðeins taka tillit til aðildarríkja þar sem greiðsluþjónustuveitendur bjóða slíka þjónustu og til greiðsluþjónustuveitenda sem bjóða slíka þjónustu.

2. Rekstraraðilinn, eða þátttakendur í smásölugreiðslukerfi innan Evrópusambandsins, ef ekki er um formlegan rekstraraðila að ræða, skal tryggja, með notkun staðla sem þróaðir eru af alþjóðlegum eða evrópskum staðlastofnunum, að greiðslukerfi þeirra sé tæknilega rekstrarsamhæft öðrum greiðslukerfum innan Sambandsins. Auk þess skal hann ekki samþykkja viðskiptareglur sem takmarka rekstrarsamhæfi við önnur smásölugreiðslukerfi innan Sambandsins. Greiðslukerfi sem tilgreind eru í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/26/EB frá 19. maí 1998 um endanlegt uppgjör í greiðsluuppgjörskerfum og uppgjörskerfum fyrir verðbréf ([14]) skulu aðeins skyldug að tryggja tæknilegt rekstrarsamhæfi við önnur greiðslukerfi sem tiltekin eru í sömu tilskipun.

3. Tæknilegar hindranir mega ekki koma í veg fyrir vinnslu á millifærslum fjármuna og beingreiðslum.

4. Eigandi greiðslufyrirkomulags, eða helsti þátttakandinn í nýju smásölugreiðslufyrirkomulagi þar sem þátttakendur eru frá minnst átta aðildarríkjum ef ekki er um neinn formlegan eiganda greiðslufyrirkomulags að ræða, getur beðið lögbær yfirvöld í aðildarríkinu þar sem eigandi greiðslufyrirkomulags eða helsti þátttakandinn er staðsettur um tímabundna undanþágu frá kröfunum sem settar eru fram í b-lið fyrstu undirgreinar 1. málsgreinar. Viðkomandi lögbær yfirvöld geta, að höfðu samráði við lögbær yfirvöld í hinum aðildarríkjunum þaðan sem þátttakandi í nýju greiðslufyrirkomulagi kemur, veitt framkvæmdastjórninni og Seðlabanka Evrópu slíka undanþágu í að hámarki þrjú ár. Þessi lögbæru yfirvöld skulu taka ákvörðun á grundvelli möguleika nýja greiðslufyrirkomulagsins til að þróast og verða fullbært samevrópskt greiðslufyrirkomulag og framlagi þess til að auka samkeppni eða hvetja til nýsköpunar.

5. Að undanskilinni greiðsluþjónustu sem hefur ávinning af undanþágu samkvæmt 4. mgr. 16. gr. tekur þessi grein gildi 1. febrúar 2014.

5. gr.

Kröfur varðandi millifærslu fjármuna og beingreiðslufærslur

1. Greiðsluþjónustuveitendur skulu framkvæma millifærslur fjármuna og beingreiðslufærslur í samræmi við eftirfarandi kröfur:

a) þeir skulu nota auðkenni greiðslureiknings sem tilgreint er í a-lið 1. liðar viðaukans til auðkenningar á greiðslureikningum án tillits til staðsetningar viðkomandi greiðsluþjónustuveitanda,

b) þeir skulu nota skilaboðasniðið sem tilgreint er í b-lið 1. liðar viðaukans þegar greiðslur eru sendar til annars greiðsluþjónustuveitanda eða fyrir milligöngu smásölugreiðslukerfis,

c) þeir skulu tryggja að notendur greiðsluþjónustu noti auðkenni greiðslureiknings sem tilgreint er í a-lið 1. mgr. viðaukans til að auðkenna greiðslureikninga, hvort sem greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu eða eini greiðsluþjónustuveitandinn sem tekur þátt í greiðslunni er í sama aðildarríkinu eða ekki,

d) þær skulu tryggja að skilaboðasniðið sem tilgreint er í b-lið 1. liðar viðaukans sé notað ef notandi greiðsluþjónustu, sem ekki er neytandi eða örfyrirtæki, stofnar til eða tekur við stökum millifærslum fjármuna eða stökum beingreiðslum sem ekki eru sendar einar sér heldur safnað saman í pakka til sendingar.

([14]) Stjtíð. EB L 166, 11.63. 1998, bls. 45.

Án þess að hafa áhrif á b-lið fyrstu undirgreinar skulu greiðsluþjónustuveitendur, fari notandi greiðsluþjónustu sérstaklega fram á það, nota skilaboðasniðið sem tilgreint er í b-lið 1. liðar viðaukans í tengslum við þann notanda greiðsluþjónustu.

2. Greiðsluþjónustuveitendur skulu framkvæma millifærslur fjármuna í samræmi við eftirfarandi kröfur, með fyrirvara um skuldbindingar sem mælt er fyrir um í landslögum um framkvæmd tilskipunar 95/46/EB:

a) greiðsluþjónustuveitandi greiðanda skal sjá til þess að greiðandinn láti í té þau gagnastök sem tilgreind eru í a-lið 2. liðar í viðaukanum,

b) greiðsluþjónustuveitandi greiðanda skal láta greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu í té gagnastökin sem tilgreind eru í b-lið 2. liðar í viðaukanum,

c) greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu skal láta viðtakanda greiðslu í té eða gera honum aðgengileg þau gagnastök sem tilgreind eru í d-lið 2. liðar í viðaukanum.

3. Greiðsluþjónustuveitendur skulu framkvæma beingreiðslur í samræmi við eftirfarandi kröfur, með fyrirvara um skuldbindingar sem mælt er fyrir um í landslögum um framkvæmd tilskipunar 95/46/EB:

a) greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu skal sjá til þess:

   i. að viðtakandi greiðslu láti í té gagnastökin sem tilgreind eru í a-lið 3. liðar í viðaukanum með fyrstu beingreiðslunni og stökum beingreiðslum og með hverri greiðslu þaðan í frá,

   ii. að greiðandinn veiti bæði viðtakanda greiðslu og greiðsluþjónustuveitanda sínum (beint eða óbeint fyrir milligöngu viðtakanda greiðslu) samþykki þess efnis að viðtakandi greiðslu eða þriðji aðili, fyrir hönd viðtakanda greiðslu, geymi umboðin, ásamt síðari breytingum eða ógildingu, og að greiðsluþjónustuveitandi skuli upplýsa viðtakanda greiðslu um þessa skuldbindingu í samræmi við 41. og 42. gr. tilskipunar 2007/64/EB,

b) greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu skal láta greiðsluþjónustuveitanda greiðanda í té þau gagnastök sem tilgreind eru í b-lið 3. liðar í viðaukanum,

c) greiðsluþjónustuveitandi greiðanda skal láta greiðanda í té eða gera honum aðgengileg þau gagnastök sem tilgreind eru í c-lið 3. liðar í viðaukanum,

d) greiðandinn skal hafa heimild til að gefa greiðsluþjónustuveitanda sínum fyrirmæli:

   i. um að takmarka beingreiðsluinnheimtu við ákveðna fjárhæð, tíðni eða hvort tveggja,

   ii. um að sannprófa hverja beingreiðslufærslu, ef umboð samkvæmt greiðslufyrirkomulagi kveður ekki á um rétt til endurgreiðslu, og að athuga hvort fjárhæð og tíðni framlagðrar beingreiðslufærslu jafngildi þeirri fjárhæð og tíðni sem samþykkt var í umboðinu, áður en greiðslureikningur þeirra er skuldfærður á grundvelli upplýsinga í tengslum við umboðið,

   iii. um að stöðva beingreiðslu af greiðslureikningi greiðanda eða stöðva beingreiðslur sem einn eða fleiri tilgreindir viðtakendur greiðslu hafa haft frumkvæði að eða heimila einungis beingreiðslur sem einn eða fleiri tilgreindir viðtakendur greiðslu hafa frumkvæði að.

Ef hvorki greiðandinn né viðtakandi greiðslu er neytandi skal þess ekki krafist að greiðsluþjónustuveitendur fari að i-, ii- eða iii-lið d-liðar.

Greiðsluþjónustuveitandi greiðanda skal upplýsa greiðandann um réttindin sem um getur í d-lið í samræmi við 41. og 42. gr. tilskipunar 2007/64/EB.

Í tengslum við fyrstu beingreiðslufærsluna eða staka beingreiðslufærslu og í tengslum við hverja beingreiðslufærslu þaðan í frá skal viðtakandi greiðslu senda upplýsingarnar í tengslum við umboð til greiðsluþjónustuveitanda sínum og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu skal senda þær upplýsingar til greiðsluþjónustuveitanda greiðanda með hverri beingreiðslufærslu.

4. Til viðbótar við kröfurnar sem um getur í 1. mgr. skal viðtakandi greiðslu, sem samþykkir millifærslur fjármuna, senda greiðendum sínum auðkenni greiðslureiknings síns, sem tilgreindur er í a-lið 1. liðar viðaukans, og auðkenniskóða banka greiðsluþjónustuveitanda síns, til 1. febrúar 2014 að því er varðar landsbundnar greiðslur og 1. febrúar 2016 að því er varðar greiðslur yfir landamæri, en aðeins ef nauðsyn krefur, þegar farið er fram á millifærslu fjármuna.

5. Áður en fyrsta beingreiðslufærsla fer fram skal greiðandi tilkynna um auðkenni greiðslureiknings síns sem tilgreindur er í a-lið 1. liðar í viðaukanum. Greiðandi skal tilkynna auðkenniskóða banka greiðsluþjónustuveitanda síns til 1. febrúar 2014 að því er varðar landsbundnar greiðslur og til 1. febrúar 2016 að því er varðar greiðslur yfir landamæri, en aðeins ef nauðsyn krefur.

6. Ef ekki er kveðið á um rétt á endurgreiðslu í rammasamningnum á milli greiðanda og greiðsluþjónustuveitanda hans skal greiðsluþjónustuveitandi greiðanda, með fyrirvara um ii-lið a-liðar 3. liðar, sannprófa hverja beingreiðslufærslu til að athuga hvort fjárhæð framlagðrar beingreiðslufærslu jafngildi þeirri fjárhæð og tíðni sem samþykkt var í umboðinu áður en greiðslureikningur greiðanda er skuldfærður, á grundvelli upplýsinganna í tengslum við umboðið.

7. Frá 1. febrúar 2014, að því er varðar landsbundnar greiðslur og frá 1. febrúar 2016 að því er varðar greiðslur yfir landamæri, skulu greiðsluþjónustuveitendur ekki krefjast þess að notendur greiðsluþjónustu gefi upp auðkenniskóða banka greiðsluþjónustuveitanda greiðanda eða greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu.

8. Greiðsluþjónustuveitandi greiðanda og greiðsluþjónustuveitandi viðtakanda greiðslu skulu ekki leggja neinn viðbótarkostnað eða önnur gjöld á, vegna þess álestursferlis þegar umboð er búið til með sjálfvirkum hætti vegna þessara greiðslna sem stofnað er til með greiðslukorti á greiðslustað, sem leiða til beingreiðslu.

6. gr.

Lokadagsetningar

1. Eigi síðar en 1. febrúar 2014 skulu millifærslur fjármuna framkvæmdar í samræmi við tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í 1., 2. og 4. mgr. 5. gr. og 1. og 2. lið viðaukans.

2. Eigi síðar en 1. febrúar 2014 skulu beingreiðslur framkvæmdar í samræmi við 2. og 3. mgr. 8. gr. og tæknilegu kröfurnar sem settar eru fram í 1., 3., 5., 6. og 8. mgr. 5. gr. og 1. og 3. lið viðaukans.

3. Með fyrirvara um 3. gr. skal framkvæma beingreiðslur í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í 1. mgr. 8. gr. eigi síðar en 1. febrúar 2017 að því er varðar landsbundnar greiðslur og eigi síðar en 1. nóvember 2012 að því er varðar greiðslur yfir landamæri.

4. Að því er varðar landsbundnar greiðslur getur aðildarríki, eða greiðsluþjónustuveitandi aðildarríkis með samþykki hlutaðeigandi aðildarríkis, ákveðið fyrri dagsetningar en þær sem um getur í 1. og 2. mgr., eftir að hafa tekið tillit til og metið hve undirbúnir og fúsir ríkisborgarar þeirra eru.

7. gr.

Gildistími umboða og réttur til endurgreiðslu

1. Gilt leyfi viðtakanda greiðslu til að innheimta endurteknar beingreiðslur í hefðbundnu kerfi fyrir 1. febrúar 2014 skal gilda áfram eftir þá dagsetningu og teljast sem samþykki veitt greiðsluþjónustuveitanda greiðanda um að framkvæma endurteknar beingreiðslur sem viðkomandi viðtakandi greiðslu innheimtir í samræmi við þessa reglugerð, ef ekki er um að ræða landslög eða neytendasamninga um áframhaldandi gildi umboða til beingreiðslu.

2. Umboð eins og um getur í 1. mgr. skulu veita skilyrðislausa endurgreiðslu og afturvirkar endurgreiðslur til dagsetningar endurgreiddu greiðslunnar, ef kveðið hefur verið á um slíkar endurgreiðslur innan ramma gildandi umboðs.

8. gr.

Millibankagjöld fyrir beingreiðslufærslur

1. Með fyrirvara um 2. mgr. má ekki leggja marghliða millibankagjöld á hverja beingreiðslufærslu, eða annað umsamið endurgjald í sama tilgangi eða sem hefur sömu áhrif, að því er varðar beingreiðslufærslur.

2. Að því er varðar R-viðskipti má leggja á marghliða millibankagjöld að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) fyrirkomulagið miðar að skilvirkri úthlutun kostnaðar til greiðsluþjónustuveitanda eða notanda hennar, eins og við á, sem olli R-viðskiptunum, að teknu tilliti til tilvistar viðskiptakostnaðar og tryggir að greiðandinn sé ekki látinn greiða sjálfkrafa og að greiðsluþjónustuveitandanum sé bannað að krefja notanda greiðsluþjónustu um greiðslu tiltekinnar tegundar R-viðskiptagjalda sem nemur meiru en þeim kostnaði sem greiðsluþjónustuveitandinn ber vegna slíkra viðskipta,

b) gjöldin eru alfarið á kostnaðargrunni,

c) fjárhæð gjaldanna er ekki umfram raunverulegan kostnað við R-viðskipti, afgreiddum af kostnaðarhagkvæmasta sambærilega greiðsluþjónustuveitanda, sem er dæmigerður þátttakandi í fyrirkomulaginu að því er varðar umfang viðskipta og tegund þjónustu,

d) álagning gjaldanna í samræmi við a-, b- og c-lið kemur í veg fyrir að greiðsluþjónustuveitandinn leggi viðbótargjöld á viðkomandi notendur greiðsluþjónustu í tengslum við kostnaðinn sem fellur undir þessi millibankagjöld,

e) ekki er fyrir hendi hagnýtur eða fjárhagslega hagkvæmur valkostur við fyrirkomulagið, sem myndi leiða til jafn skilvirkrar eða skilvirkari meðhöndlunar á R-viðskiptum og kostar það sama eða minna fyrir neytanda.

Að því er varðar fyrstu undirgrein skal við útreikning á gjöldum vegna R-viðskipta aðeins taka til greina kostnaðarflokka sem beint og ótvírætt tengjast meðhöndlun R-viðskipta. Ákvarða skal þennan kostnað af nákvæmni. Sundurliðun kostnaðar, þ.m.t. aðgreind auðkenning á hverjum kostnaðarþætti, skal vera hluti af fyrirkomulaginu til að auðvelda sannprófun og eftirlit.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda að breyttu breytanda um einhliða fyrirkomulag af hálfu greiðsluþjónustuveitanda og um tvíhliða fyrirkomulag milli greiðsluþjónustuveitenda sem hafa sama tilgang eða áhrif og marghliða fyrirkomulag.

9. gr.

Aðgengi að greiðslum

1. Greiðandi sem millifærir fjármuni til viðtakanda greiðslu sem á greiðslureikning í Sambandinu má ekki tilgreina í hvaða aðildarríki sá greiðslureikningur skal vera, að því tilskildu að greiðslureikningurinn sé aðgengilegur í samræmi við 3. gr.

2. Viðtakandi greiðslu sem tekur við millifærðum fjármunum eða beitir beingreiðslu til að innheimta fjármuni frá greiðanda sem á greiðslureikning í Sambandinu má ekki tilgreina í hvaða aðildarríki sá greiðslureikningur skal vera, að því tilskildu að greiðslureikningurinn sé aðgengilegur í samræmi við 3. gr.

10. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Aðildarríki skulu tilnefna opinber yfirvöld, aðila sem eru viðurkenndir samkvæmt landslögum eða opinber yfirvöld sem til þess hafa sérstakar heimildir í landslögum, þ.m.t. seðlabanka aðildarríkjanna, sem þau lögbæru yfirvöld sem bera ábyrgð á því að tryggja að farið sé að þessari reglugerð. Aðildarríkjum er heimilt að tilnefna starfandi stofnanir til að gegna hlutverki lögbærra yfirvalda.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þau lögbæru yfirvöld sem tilnefnd eru skv. 1. mgr. eigi síðar en 1. febrúar 2013. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og evrópsku eftirlitsstofnuninni (Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni) (e. *EBA*) án tafar um allar síðari breytingar varðandi viðkomandi yfirvöld.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbær yfirvöld, sem um getur í 1. mgr., hafi allar þær heimildir sem nauðsynlegar eru til að sinna skyldum sínum. Ef um er að ræða fleiri en eitt lögbært yfirvald á yfirráðasvæði aðildarríkja að því er varðar mál, sem fjallað er um í þessari reglugerð, skulu aðildarríkin sjá til þess að þau yfirvöld starfi náið saman svo að þau geti leyst skyldur sínar af hendi með skilvirkum hætti.

4. Lögbæru yfirvöldin skulu hafa skilvirkt eftirlit með því að greiðsluþjónustuveitendur fari að þessari reglugerð og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja slíka reglufylgni. Þeir skulu starfa saman í samræmi við 24. gr. tilskipunar 2007/64/EB og 31. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1093/2010.

11. gr.

Viðurlög

1. Aðildarríkin skulu, eigi síðar en 1. febrúar 2013, setja reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Slík viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um umræddar reglur og ráðstafanir eigi síðar en 1. ágúst 2013 og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar á þeim.

2. Viðurlögunum er um getur í 1. mgr. skal ekki beita á neytendur.

12. gr.

Kæru- og úrlausnarmeðferð utan réttar

1. Aðildarríkin skulu koma á fullnægjandi og skilvirkri kæru- og úrlausnarmeðferð utan réttar til að leysa ágreiningsmál milli notenda greiðsluþjónustu og greiðsluþjónustuveitenda þeirra varðandi réttindi og skyldur sem stafa af þessari reglugerð. Í þeim tilgangi skulu aðildarríki tilnefna starfandi stofnanir eða koma á fót nýjum stofnunum, eftir því sem við á.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þær stofnanir sem um getur í 1. mgr. eigi síðar en 1. febrúar 2013. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um allar síðari breytingar varðandi þessar stofnanir.

3. Aðildarríki mega kveða á um að þessi grein gildi aðeins um notendur greiðsluþjónustu sem eru neytendur eða aðeins um þá sem eru neytendur og örfyrirtæki. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um öll slík ákvæði eigi síðar en 1. ágúst 2013.

13. gr.

Framsal valds

Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 14. gr. viðaukans til að taka til greina tækniframfarir og markaðsþróun.

14. gr.

Beiting framseldra gerða

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 13. gr., í fimm ár á tímabili sem hefst 31. mars 2012. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma, nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 13. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Hún öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framselda gerð skal hún tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um það samtímis.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 13. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

15. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. febrúar 2017, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, efnahags- og félagsmálanefnd Evrópubandalaganna, Evrópska seðlabankann og Evrópsku bankaeftirlitsstofnunina um beitingu þessarar reglugerðar ásamt tillögu, ef við á.

16. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 6. gr. geta aðildarríki, til 1. febrúar 2016, heimilað greiðsluþjónustuveitendum að veita notendum greiðsluþjónustu breytingaþjónustu

vegna landsbundinna greiðslna sem gerir notendum greiðsluþjónustu, sem eru neytendur, kleift að halda áfram að nota grunnbankareikningsnúmer í stað auðkennis greiðslureiknings sem tilgreint er í a-lið 1. liðar í viðaukanum með því skilyrði að rekstrarsamhæfi sé tryggt með því að breyta grunnbankareikningsnúmerum greiðanda og viðtakanda greiðslu tæknilega og á öruggan hátt í viðeigandi auðkenni greiðslureiknings sem tilgreint er í a-lið 1. liðar í viðaukanum. Það auðkenni greiðslureiknings skal afhenda notanda greiðsluþjónustu sem stofnar til greiðslunnar, eftir því sem við á, áður en greiðslan er framkvæmd. Í slíkum tilvikum skulu greiðsluþjónustuveitendur ekki leggja neinn kostnað eða önnur gjöld á notendur greiðsluþjónustu sem tengjast þessari breytingaþjónustu beint eða óbeint.

2. Greiðsluþjónustuveitendur sem veita greiðsluþjónustu í evrum og eru staðsettir í aðildarríki sem ekki hefur evru sem gjaldmiðil skulu uppfylla 3. gr. þegar þær bjóða greiðsluþjónustu í evrum eigi síðar en 31. október 2016. Ef evra er þrátt fyrir það innleidd sem gjaldmiðill þess háttar aðildarríkis fyrir 31. október 2015 skal greiðsluþjónustuveitandi í því aðildarríki uppfylla 3. gr. innan eins árs frá þeim degi þegar hlutaðeigandi aðildarríki sameinaðist evrusvæðinu.

3. Aðildarríki mega heimila lögbærum yfirvöldum sínum að fella niður allar eða einhverjar þeirra krafna sem um getur í 1. og 2. mgr. 6. gr. að því er varðar þær millifærslur fjármuna eða beingreiðslufærslur með uppsafnaða markaðshlutdeild, samkvæmt opinberum hagtölum um greiðslur sem Seðlabanki Evrópu birtir árlega, sem er minni en 10% af heildarfjölda millifærslna fjármuna eða beingreiðslufærslna, eftir því sem við á, í því aðildarríki til 1. febrúar 2016.

4. Aðildarríki mega heimila lögbærum yfirvöldum sínum að fella niður allar eða einhverjar þeirra krafna sem um getur í 1. og 2. mgr. 6. gr. að því er varðar þær greiðslur sem komið er af stað með greiðslukorti á greiðslustað sem leiða til beingreiðslu á og af greiðslureikningi sem tilgreindur er með grunnbankareikningsnúmeri eða alþjóðlegu bankareikningsnúmeri til 1. febrúar 2016.

5. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 6. gr. mega aðildarríki heimila lögbærum yfirvöldum sínum, til 1. febrúar 2016, að fella niður sértæku kröfuna um að nota skilaboðasniðin sem tilgreind eru í b-lið 1. liðar viðaukans, sem sett eru fram í d-lið 1. liðar 5. gr. að því er varðar notendur greiðsluþjónustu sem stofna til eða taka við stökum millifærslum fjármuna eða beingreiðslum sem safnað er saman í pakka til sendingar. Þrátt fyrir mögulega niðurfellingu skulu greiðsluþjónustuveitendur uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í d-lið 1. mgr. 5. gr. ef notandi greiðsluþjónustu óskar eftir slíkri þjónustu.

6. Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 6. gr. mega aðildarríki fresta kröfunum um að gefa upp auðkenniskóða banka vegna landsbundinna greiðslna, sem gerðar eru í 4., 5. og 7. mgr. 5. gr., til 1. febrúar 2016.

7. Ef aðildarríki hyggst beita undanþágu eins og kveðið er á um í 1., 3., 4., 5. eða 6. mgr. skal viðkomandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um það eigi síðar en 1. febrúar 2013 og síðan heimila lögbærum yfirvöldum sínum að fella niður, eftir því sem við á, sumar eða allar kröfurnar sem settar eru fram í 5. gr., 1. eða 2. mgr. 6. gr. og viðaukanum, að því er varðar viðeigandi greiðslur eins og um getur í þeim málsgreinum eða undirgreinum sem við eiga og á tímabili sem er ekki umfram tímabil undanþágunnar. Aðildarríki skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um greiðslurnar sem falla undir undanþáguna og allar síðari breytingar.

8. Greiðsluþjónustuveitendur í aðildarríki og notendur greiðsluþjónustu sem nýta sér greiðsluþjónustu í aðildarríki, sem ekki hefur evru sem gjaldmiðil, skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 4. og 5. gr. eigi síðar en 31. október 2016. Rekstraraðilar smásölugreiðslukerfa í aðildarríki sem ekki hefur evru sem gjaldmiðil skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 2. mgr. 4. gr. eigi síðar en 31. október 2016.

Ef evra er þrátt fyrir það innleidd sem gjaldmiðill þess háttar aðildarríkis fyrir 31. október 2015 skulu greiðsluþjónustuveitendur eða, þar sem við á, rekstraraðilar smásölugreiðslukerfa í því aðildarríki og notendur greiðsluþjónustu sem nýta sér greiðsluþjónustu í því aðildarríki uppfylla viðkomandi ákvæði innan eins árs frá þeim degi þegar hlutaðeigandi aðildarríki sameinaðist evrusvæðinu, en þó ekki fyrr en á þeim dögum sem tilgreindir eru fyrir þau aðildarríki sem hafa evru sem sinn gjaldmiðil þann 31. mars 2012.

17. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 924/2009

Reglugerð (EB) nr. 924/2009 er hér með breytt sem hér segir:

1) Í stað 10. liðar 2. gr. komi eftirfarandi:

„10. „fjármunir“: peningaseðlar og mynt, inneign á reikningum og rafeyrir eins og skilgreint er í 2. mgr. 2. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/110/EB frá 16. september 2009 um stofnun og rekstur rafeyrisstofnana og varfærniseftirlit með þeim ([15]).“

(*) Stjtíð. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7.

2) Í stað 1. mgr. 3. gr. komi eftirfarandi:

„1. Gjöld sem greiðsluþjónustuveitandi leggur á notanda greiðsluþjónustu fyrir greiðslur yfir landamæri skulu vera þau sömu og gjöld sem sá greiðsluþjónustuveitandi leggur á notendur greiðsluþjónustu vegna samsvarandi landsbundinna greiðslna að sömu fjárhæð og í sama gjaldmiðli.“

3) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæði 2. mgr. falli brott.

([15]) Stjtíð. ESB L 267, 10.10.2009, bls. 7.

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Greiðsluþjónustuveitandi getur lagt á önnur gjöld til viðbótar við þau sem lögð eru á notanda greiðsluþjónustu í samræmi við 1. mgr. 3. gr. ef notandi óskar eftir því að greiðsluþjónustuveitandi framkvæmi greiðslu yfir landamæri án þess að gefa upp alþjóðlegt bankareikningsnúmer og, eftir því sem við á og í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 260/2012 um að koma á tæknilegum og viðskiptalegum kröfum varðandi millifærslu fjármuna og beingreiðslur í evrum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 924/2009 ([16]), tengdan auðkenniskóða banka fyrir greiðslureikninginn í hinu aðildarríkinu. Þessi gjöld skulu vera viðeigandi og í samræmi við kostnað. Þau skulu samþykkt af greiðsluþjónustuveitanda og notanda greiðsluþjónustu. Greiðsluþjónustuveitandi skal upplýsa notanda greiðsluþjónustu um fjárhæð viðbótargjalda með góðum fyrirvara áður en notandi greiðsluþjónustu er skuldbundinn af samkomulaginu.“

(*) Stjtíð. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 22.

4) Í stað 1. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

„1. Frá og með 1. febrúar 2016 skulu aðildarríki afnema kvaðir sem lagðar eru á greiðsluþjónustuveitendur um skýrslugjöf á grundvelli uppgjörs vegna hagskýrslna um greiðslujöfnuð í tengslum við greiðslur viðskiptavina þeirra.“

5) Ákvæðum 7. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í 1. mgr. komi dagsetningin „1. febrúar 2017“ í stað „1. nóvember 2012“.

b) Í 2. mgr. komi dagsetningin „1. febrúar 2017“ í stað „1. nóvember 2012“.

c) Í 3. mgr. komi dagsetningin „1. febrúar 2017“ í stað „1. nóvember 2012“.

6) Ákvæði 8. gr. falli brott.

18. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 14. mars 2012.

Fyrir Evrópuþingið,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	N. WAMMEN

([16]) Stjtíð. ESB L 94, 30.3.2012, bls. 22.

VIÐAUKI

TÆKNILEGAR KRÖFUR (5. GR.)

1) Til viðbótar við grunnkröfurnar sem settar eru fram í 5. gr. gilda eftirfarandi tæknilegar kröfur um millifærslur fjármuna og beingreiðslufærslur:

   a) Auðkenni greiðslureiknings sem um getur í a- og c-lið 1. mgr. 5. gr. skal vera alþjóðlegt bankareikningsnúmer.

   b) Staðallinn fyrir skilaboðasnið sem um getur í b- og d-lið 1. mgr. 5. gr. skal vera ISO 20022 XML-staðallinn.

   c) Í upplýsingareitnum fyrir peningasendingar skal vera pláss fyrir 140 rittákn. Greiðslufyrirkomulag má gera ráð fyrir fleiri rittáknum, en ef búnaðurinn sem notaður er til að senda upplýsingar hefur tæknilegar takmarkanir að því er varðar fjölda rittákna þá gildir tæknilegt hámarkið búnaðarins.

   d) Upplýsingar varðandi peningasendingar og öll önnur gagnastök sem lögð eru fram í samræmi við 2. og 3. lið þessa viðauka skulu sendar í heild sinni og óbreytt milli greiðsluþjónustuveitenda í greiðslukeðjunni.

   e) Þegar gögnin sem krafist er eru aðgengileg á rafrænu formi skulu greiðslufærslur gera alsjálfvirka, rafræna vinnslu mögulega á öllum vinnslustigum í greiðslukeðjunni (samfelld vinnsla frá upphafi til enda), þannig að unnt sé að stýra öllu greiðsluferlinu rafrænt án þess að þörf sé á að endurskrá gögn eða grípa handvirkt inn í. Þetta gildir einnig um sérstaka meðhöndlun á millifærslum fjármuna og beingreiðslufærslum, hvenær sem mögulegt er.

   f) Í greiðslufyrirkomulagi skal ekki kveða á um lágmarksfjárhæð greiðslu að því er varðar millifærslur fjármuna eða beingreiðslur, en þó ber ekki skylda til að hefja greiðsluferli ef fjárhæð greiðslunnar er núll.

   g) Ekki er skylt að framkvæma í greiðslufyrirkomulagi greiðslur og beingreiðslur sem nema hærri fjárhæð en 999 999 999,99 evrum.

2) Auk krafnanna sem um getur í 1. lið gilda eftirfarandi kröfur um millifærslur fjármuna:

   a) Gagnastökin sem um getur í a-lið 2. mgr. 5. gr. eru eftirfarandi:

      i. nafn greiðanda og/eða alþjóðlegt bankareikningsnúmer á greiðslureikningi greiðanda,

      ii. fjárhæð millifærslu fjármuna,

      iii. alþjóðlegt bankareikningsnúmer greiðslureiknings viðtakanda greiðslu,

      iv. nafn viðtakanda greiðslu, ef það er fáanlegt,

      v. allar upplýsingar um peningasendingu.

   b) Gagnastökin sem um getur í b-lið 2. mgr. 5. gr. eru eftirfarandi:

      i. nafn greiðanda,

      ii. alþjóðlegt bankareikningsnúmer greiðslureiknings greiðanda,

      iii. fjárhæð millifærslu fjármuna,

      iv. alþjóðlegt bankareikningsnúmer greiðslureiknings viðtakanda greiðslu,

      v. allar upplýsingar um peningasendingu,

      vi. hvers konar auðkenniskóði viðtakanda greiðslu,

      vii. nafn allra tilvísunaraðila viðtakanda greiðslu,

      viii. tilgangur með millifærslu fjármuna,

      ix. flokkur tilgangs með millifærslu fjármuna.

   c) Auk þess er greiðsluþjónustuveitanda greiðanda skylt að leggja fram eftirfarandi gagnastök til greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu:

      i. auðkenniskóða banka greiðsluþjónustuveitanda greiðanda (ef ekki er um annað samið á milli greiðsluþjónustuveitendanna sem taka þátt í greiðslunni),

ii. auðkenniskóða banka greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu (ef ekki er um annað samið á milli greiðsluþjónustuveitendanna sem taka þátt í greiðslunni),

iii. auðkenniskóða greiðslufyrirkomulagsins,

iv. uppgjörsdag millifærslu fjármuna,

v. tilvísunarnúmer skilaboða greiðsluþjónustuveitanda greiðanda um millifærslu fjármuna.

d) Gagnastökin sem um getur í c-lið 2. mgr. 5. gr. eru eftirfarandi:

i. nafn greiðanda,

ii. fjárhæð millifærslu fjármuna,

iii. allar upplýsingar um peningasendingu.

3) Auk krafnanna sem um getur í 1. lið gilda eftirfarandi kröfur um beingreiðslufærslur:

a) Gagnastökin sem um getur í i-lið a-liðar 3. mgr. 5. gr. eru eftirfarandi:

i. tegund beingreiðslu (endurtekin, stök, fyrsta, síðasta eða bakfærsla),

ii. nafn viðtakanda greiðslu,

iii. alþjóðlegt bankareikningsnúmer á greiðslureikningi viðtakanda greiðslu sem tekjufæra skal innheimtuna á,

iv. nafn greiðanda, ef það er fáanlegt,

v. alþjóðlegt bankareikningsnúmer á greiðslureikningi greiðanda sem á að skuldfæra vegna innheimtunnar,

vi. einkvæm umboðstilvísun,

vii. dagsetning undirritunar umboðs greiðanda, ef það er gefið út eftir 31. mars 2012,

viii. fjárhæð innheimtu,

ix. einkvæm umboðstilvísun frá upphaflegum viðtakanda greiðslu sem gaf umboðið út, ef annar viðtakandi greiðslu en sá sem gaf umboðið út hefur tekið við því,

x. auðkenni viðtakanda greiðslu,

xi. auðkenni upphaflegs viðtakanda greiðslu sem gaf umboðið út, ef annar viðtakandi greiðslu en sá sem gaf umboðið út hefur tekið við því,

xii. allar upplýsingar um peningasendingar frá viðtakanda greiðslu til greiðanda,

xiii. tilgangur með innheimtu,

xiv. flokkur tilgangs með innheimtu.

b) Gagnastökin sem um getur í b-lið 3. mgr. 5. gr. eru eftirfarandi:

i. auðkenniskóði banka greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda greiðslu (ef ekki er um annað samið á milli greiðsluþjónustuveitendanna sem taka þátt í greiðslunni),

ii. auðkenniskóði banka greiðsluþjónustuveitanda greiðanda (ef ekki er um annað samið á milli greiðsluþjónustuveitendanna sem taka þátt í greiðslunni),

iii. nafn tilvísunaraðila greiðanda (ef það er til staðar í rafræna umboðinu),

iv. auðkenniskóði tilvísunaraðila greiðanda (ef það er til staðar í rafræna umboðinu),

v. nafn tilvísunaraðila viðtakanda greiðslu (ef það er til staðar í rafræna umboðinu),

vi. auðkenniskóði tilvísunaraðila viðtakanda greiðslu (ef það er til staðar í rafræna umboðinu),

vii. auðkenniskóði greiðslufyrirkomulagsins,

viii. uppgjörsdagur innheimtu,

ix. tilvísun greiðsluþjónustuveitenda viðtakanda greiðslu vegna innheimtunnar,

x. tegund umboðs,

xi. tegund beingreiðslu (endurtekin, stök, fyrsta, síðasta eða bakfærsla),

xii. nafn viðtakanda greiðslu,

xiii. alþjóðlegt bankareikningsnúmer á greiðslureikningi viðtakanda greiðslu sem tekjufæra skal innheimtuna á,

xiv. nafn greiðanda, ef það er fáanlegt,

xv. alþjóðlegt bankareikningsnúmer greiðslureiknings greiðanda sem á að skuldfæra vegna innheimtunnar,

xvi. einkvæm umboðstilvísun,

xvii. dagsetning undirritunar umboðsins ef greiðandi veitti umboðið eftir 31. mars 2012,

xviii. fjárhæð innheimtu,

xix. einkvæm umboðstilvísun frá upphaflegum viðtakanda greiðslu sem gaf umboðið út (ef annar viðtakandi greiðslu en sá sem gaf umboðið út hefur tekið við því),

xx. auðkenni viðtakanda greiðslu,

xxi. auðkenni upphaflegs viðtakanda greiðslu sem gaf umboðið út (ef annar viðtakandi greiðslu en sá sem gaf umboðið út hefur tekið við því),

xxii. allar upplýsingar um peningasendingar frá viðtakanda greiðslu til greiðanda.

c) Gagnastökin sem um getur í c-lið 3. mgr. 5. gr. eru eftirfarandi:

i. einkvæm umboðstilvísun,

ii. auðkenni viðtakanda greiðslu,

iii. nafn viðtakanda greiðslu,

iv. fjárhæð innheimtu,

v. allar upplýsingar um peningasendingu,

vi. auðkenniskóði greiðslufyrirkomulagsins.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/56/08**

frá 20. september 2011

um breytingu á viðauka D við tilskipun ráðsins 88/407/EBE að því er varðar viðskipti innan Sambandsins með sæði húsdýra af nautgripakyni sem er sent frá sæðissöfnunarstöðvum og sæðisgeymslustöðvum (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 6425)

(2011/629/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 88/407/EBE frá 14. júní 1988 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á djúpfrystu sæði húsdýra af nautgripakyni ([1]), einkum annarri málsgrein 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 88/407/EBE er mælt fyrir um heilbrigðisskilyrði fyrir dýr, sem gilda m.a. um viðskipti innan Sambandsins með sæði húsdýra af nautgripakyni, og settar fram fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum fyrir slík viðskipti með þessa verslunarvöru.

2) Með tilskipun 88/407/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun ráðsins 2008/73/EB ([2]), var innleidd einfölduð málsmeðferð við skráningar sæðissöfnunarstöðva og sæðisgeymslustöðva í aðildarríkjunum.

3) Í tilskipun 88/407/EBE er þar að auki kveðið á um að aðildarríkin skuli skilyrða viðtöku sæðis með því að binda hana við framlagningu dýraheilbrigðisvottorðs sem opinber dýralæknir í aðildarríkinu þar sem sæðinu er safnað hefur fyllt út í samræmi við viðauka D. Í þeim viðauka eru settar fram þrjár mismunandi fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, D1, D2 og D3, vegna viðskipta innan Sambandsins með sæði húsdýra af nautgripakyni.

4) Því skal breyta viðauka D við tilskipun 88/407/EBE með hliðsjón af einfölduðu málsmeðferðinni við skráningu á sæðissöfnunarstöðvum og sæðisgeymslustöðvum í aðildarríkjunum.

5) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/470/ESB ([3]) er mælt fyrir um fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum fyrir viðskipti innan Sambandsins með sæði, egg og fósturvísa úr dýrum af hestaætt, sauðfé og geitum, og með egg og fósturvísa úr svínum. Þeirri ákvörðun var ætlað að tryggja fullan rekjanleika viðkomandi verslunarvöru sem safnað var í sæðissöfnunarstöð og send frá sæðisgeymslustöð, hvort sem hin síðarnefnda er hluti af sæðissöfnunarstöð sem er samþykkt með öðru samþykkisnúmeri eða ekki.

6) Til að tryggja samræmi í löggjöf Sambandsins skal taka mið af uppsetningu fyrirmynda að heilbrigðisvottorðum sem settar eru fram í ákvörðun 2010/470/ESB í fyrirmyndunum að dýraheilbrigðisvottorðunum vegna viðskipta innan Sambandsins með sæði húsdýra af nautgripakyni.

7) Einkum varðar fyrirmyndin að dýraheilbrigðisvottorðinu í viðauka D3 viðskipti innan Sambandsins með sæði og birgðir af sæði húsdýra af nautgripakyni sem sent er frá sæðissöfnunarstöðvum og sæðisgeymslustöðvum.

8) Til að tryggja fullan rekjanleika sæðisins skal bæta viðbótarvottunarkröfum við fyrirmyndina að dýraheilbrigðisvottorðinu í viðauka D3 og einungis nota það fyrir viðskipti með sæði sem safnað hefur verið á sæðissöfnunarstöð og sent frá sæðisgeymslustöð, hvort sem hin síðarnefnda er hluti af sæðissöfnunarstöð sem er samþykkt með öðru samþykkisnúmeri eða ekki.

9) Einnig er nauðsynlegt að aðlaga dagsetningarnar í titlum vottorðanna í viðauka D2 og D3 sem tengjast birgðum af sæði sem var safnað, meðhöndlað og geymt fyrir 31. desember 2004, til að endurspegla ákvæði 1. og 2. mgr. 2. gr. tilskipunar ráðsins 2003/43/EB frá 26. maí 2003 um breytingu á tilskipun 88/407/EBE um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem eiga við um viðskipti innan Bandalagsins og innflutning á sæði húsdýra af nautgripakyni ([4]).

10) Því til viðbótar skal aðlaga fyrirmyndirnar að dýraheilbrigðisvottorðunum í viðauka D1 og D2 að uppbyggingu fyrirmynda að heilbrigðisvottorðum sem settar eru fram í ákvörðun 2010/470/ESB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 247, 24.9.2011, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 103/2012 frá 15. júní 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 56, 4.10.2012, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB L 194, 22.7.1988, bls. 10.

([2]) Stjtíð. ESB L 219, 14.8.2008, bls. 40.

([3]) Stjtíð. ESB L 228, 31.8.2010, bls. 15.

([4]) Stjtíð. ESB L 143, 11.6.2003, bls. 23.

11) Því ber að breyta viðauka D við tilskipun 88/407/EBE til samræmis við það.

12) Til að komast hjá röskun á viðskiptum skal heimila notkun á dýraheilbrigðisvottorðum, sem gefin eru út í samræmi við viðauka D í tilskipun 88/407/EBE og gilda til 31. október 2011, á umbreytingartímabili með tilteknum skilyrðum.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðauka D við tilskipun 88/407/EBE komi textinn í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Á umbreytingartímabili sem lýkur 31. desember 2011 geta aðildarríkin heimilað viðskipti með sæði og birgðir af sæði húsdýra af nautgripakyni sem hafa meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð sem er gefið út eigi síðar en 31. október 2011, í samræmi við fyrirmyndirnar sem settar eru fram í viðauka D við tilskipun 88/407/EBE, og gildir til 31. október 2011.

3. gr.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. nóvember 2011.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. september 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI D

FYRIRMYNDIR AÐ DÝRAHEILBRIGÐISVOTTORÐUM VEGNA VIÐSKIPTA INNAN SAMBANDSINS

VIÐAUKI D1

Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði sem gildir fyrir viðskipti innan Sambandsins með sæði húsdýra af nautgripakyni sem var safnað, meðhöndlað og geymt í samræmi við tilskipun ráðsins 88/407/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 2003/43/EB, sem sent er frá sæðissöfnunarstöð þar sem sæðinu var safnað

EVRÓPUSAMBANDIÐ **Vottorð vegna viðskipta innan Sambandsins**

I. hluti: Upplýsingar um sendingu

I.1. Sendandi Nafn Heimilisfang Símanúmer				I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a Tilvísunarnúmer staðar	
				I.3. Lögbært stjórnvald			
				I.4. Lögbært staðaryfirvald			
I.5. Viðtakandi Nafn Heimilisfang Póstnúmer				I.6.			
				I.7.			
I.8. Upprunaland	ISO-kóði	I.9. Upprunasvæði	Kóði	I.10. Viðtökuland	ISO-kóði	I.11. Viðtökusvæði	Kóði
I.12. Upprunastaður Sæðisstöð □ Nafn Heimilisfang Póstnúmer		Samþykkisnúmer		I.13. Viðtökustaður Sæðisstöð □ Nafn Heimilisfang Póstnúmer		Bújörð □ Samþykkisnúmer	
I.14.				1.15.			
I.16. Flutningatæki Flugvél □ Skip □ Járnbrautarvagn □ Ökutæki □ Annað □ Auðkenning:				I.17.			
I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (ST-númer) **05 11 10**			
						I.20. Magn	
I.21. Hitastig afurðar Umhverfishiti □ Kæld □ Fryst □						I.22. Fjöldi pakkninga	
I.23. Nr. innsiglis/gáms						I.24. Tegund umbúða	
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til tæknifrjóvgunar □							
I.26. Umflutningur gegnum þriðja land □ Þriðja land Brottfararstaður Komustaður	ISO-kóði Kóði Nr. skoðunarstöðvar á landamærum			I.27. Umflutningur um aðildarríki □ Aðildarríki Aðildarríki Aðildarríki	ISO-kóði ISO-kóði ISO-kóði		
I.28. Útflutningur □ Þriðja land Brottfararstaður	ISO-kóði Kóði			I.29.			
I.30.							

I.31. Auðkenning varanna					
Tegund (vísindaheiti)	Kyn	Auðkenni gjafa	Dagsetning söfnunar	Samþykkisnúmer stöðvarinnar	Magn

EVRÓPUSAMBANDIÐ **Nautgripasæði — D1**

II. hluti: Vottorð

II. Heilsufarsupplýsingar | II.a Tilvísunarnúmer vottorðs | II.b

II.1 **Dýraheilbrigðisvottun**

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að:

II.1. Framangreindu sæði:

II.1.1. var safnað, meðhöndlað og geymt á sæðissöfnunarstöð (2) sem er samþykkt af lögbæru yfirvaldi og undir eftirliti þess í samræmi við 1. lið I. kafla og 1. lið II. kafla í viðauka A við tilskipun 88/407/EBE,

II.1.2. var safnað úr nautum sem:

II.1.2.1. uppfylla skilyrðin í I. og II. kafla viðauka B við tilskipun 88/407/EBE,

([1]) *annaðhvort* II.1.2.2. [hafa ekki verið bólusett gegn gin- og klaufaveiki næstliðna 12 mánuði fyrir söfnun,]

([1]) *eða* II.1.2.2. [voru bólusett gegn gin- og klaufaveiki fyrir minna en 12 mánuðum síðan og meira en 30 dögum fyrir söfnun og 5% sæðisskammta úr hverri söfnun, a.m.k. fimm strá, voru sett í veirueinangrunarpróf á rannsóknarstofu fyrir gin- og klaufaveiki með neikvæðum niðurstöðum, (...) (3) sem er staðsett í eða tilnefnd af viðtökuaðildarríkinu,]

II.1.3. var safnað, meðhöndlað, geymt og sent við skilyrði sem eru í samræmi við staðlana sem mælt er fyrir um í viðauka C við tilskipun 88/407/EBE,

II.1.4. var geymt við samþykkt skilyrði í a.m.k. 30 daga strax eftir söfnun (4).

Athugasemdir

I. hluti:

Reitur I.12: upprunastaður skal vera sæðissöfnunarstöðin (eins og skilgreint er í 1. undirlið b-liðar 2. mgr. í tilskipun 88/407/EBE) þar sem sæðinu var safnað.

Reitur I.13.: viðtökustaður skal vera sæðissöfnunarstöðin eða sæðisgeymslustöðin (eins og skilgreint er í b-lið 2. gr. tilskipunar 88/407/EBE) eða bújörðin sem er áfangastaður sæðisins.

Reitur I.23. tilgreina skal auðkenningu umbúðanna og innsiglisnúmer þeirra.

Reitur I.31.: auðkenni gjafans skal vera hið sama og opinber auðkenning dýrsins.

söfnunardagur skal tilgreindur á eftirfarandi formi: dd/mm/áááá.

samþykkisnúmer stöðvarinnar skal vera hið sama og samþykkisnúmer sæðissöfnunarstöðvarinnar, sem tilgreint er í reit I.12, þar sem sæðinu var safnað.

II. hluti:

([1]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([2]) Einungis sæðissöfnunarstöðvar sem skráðar eru í samræmi við 2. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 88/407/EBE á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar:

http://ec.europa.eu/food/animal/approved_establishments/establishments_vet_field_en.htm

([3]) Heiti rannsóknarstofunnar.

([4]) Má strika yfir þegar um ferskt sæði er að ræða.

– Stimpill og undirskrift skulu ekki vera í sama lit og aðrar upplýsingar í vottorðinu.

Opinber dýralæknir

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Staðbundin dýralæknaeining: Númer dýralæknaeiningar:

Dagsetning: Undirskrift:

Stimpill:

VIÐAUKI D2

Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði sem gildir frá 1. janúar 2005 í viðskiptum innan Sambandsins með birgðir af sæði sem var safnað, meðhöndlað og geymt fyrir 31. desember 2004 í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 88/407/EBE, sem voru í gildi til 1. júlí 2004, og stunduð voru viðskipti með eftir þá dagsetningu í samræmi við 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2003/43/EB, sem sent var frá sæðissöfnunarstöð þar sem sæðinu var safnað

EVRÓPUSAMBANDIÐ **Vottorð vegna viðskipta innan Sambandsins**

I. hluti: Upplýsingar um sendingu

I.1. Sendandi Nafn Heimilisfang Símanúmer			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a Tilvísunarnúmer staðar
			I.3. Lögbært stjórnvald	
			I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Nafn Heimilisfang Póstnúmer			I.6.	
			I.7.	
I.8. Upprunaland	ISO-kóði	I.9. Upprunasvæði Kóði	I.10. Viðtökuland ISO-kóði	I.11. Viðtökusvæði Kóði
I.12. Upprunastaður Sæðisstöð □ Nafn Samþykkisnúmer Heimilisfang Póstnúmer			I.13. Viðtökustaður Sæðisstöð □ Bújörð □ Nafn Samþykkisnúmer Heimilisfang Póstnúmer	
I.14.			1.15.	
I.16. Flutningatæki Flugvél □ Skip □ Járnbrautarvagn □ Ökutæki □ Annað □ Auðkenning:			I.17.	
I.18. Lýsing á vöru			I.19. Vörunúmer (ST-númer) **05 11 10**	
				I.20. Magn
I.21. Hitastig afurðar Umhverfishiti □ Kæld □ Fryst □				I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Nr. innsiglis/gáms				I.24. Tegund umbúða
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til tæknifrjóvgunar □				
I.26. Umflutningur gegnum þriðja land □ Þriðja land ISO-kóði Brottfararstaður Kóði Komustaður Nr. skoðunarstöðvar á landamærum			I.27. Umflutningur um aðildarríki □ Aðildarríki ISO-kóði Aðildarríki ISO-kóði Aðildarríki ISO-kóði	
I.28. Útflutningur □ Þriðja land ISO-kóði Brottfararstaður Kóði			I.29.	
I.30.				

I.31. Auðkenning varanna					
Tegund (vísindaheiti)	Kyn	Auðkenni gjafa	Dagsetning söfnunar	Samþykkisnúmer stöðvarinnar	Magn

EVRÓPUSAMBANDIÐ **Nautgripasæði — D2**

II. hluti: Vottun

II. Heilsufarsupplýsingar	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b

II.1 **Dýraheilbrigðisvottun**

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að:

II.1.1 Framangreindu sæði var safnað fyrir 31. desember 2004 á sæðissöfnunarstöð sem:

a) var samþykkt samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í I. kafla viðauka A við tilskipun 88/407/EBE,

b) var rekin og höfð undir eftirliti samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í II. kafla viðauka A við tilskipun 88/407/EBE.

II.1.2 Þegar framangreindu sæði var safnað átti eftirfarandi við um alla nautgripi á sæðissöfnunarstöðinni:

a) þeir komu úr hjörðum og/eða voru komnir af kvendýrum sem uppfylla skilyrðin í b- og c-lið 1. liðar I. kafla í viðauka B við tilskipun 88/407/EBE,

b) á þeim voru gerð(ar), með neikvæðum niðurstöðum, innan 30 daga fyrir einangrunartímabilið í sóttkvínni:

– prófanirnar sem um getur í i., ii. og iii. lið d-liðar 1. liðar í I. kafla viðauka B við tilskipun 88/407/EBE og

– hlutleysandi mótefnapróf (e. serum neutralisation test) eða ELISA-prófun fyrir smitandi nef- og barkabólgu/smitandi skeiðarútbrotum og

– veirueinangrunarprófun (flúrskinsmótefnaprófun eða ónæmisprófun með peroxídasa) fyrir smitandi slímhúðarpest, sem, ef um er að ræða dýr yngra en 6 mánaða, var frestað þar til þeim aldri var náð,

c) þeir voru í einangrunarsóttkví í 30 daga og gerðar voru á þeim eftirfarandi heilsufarsprófanir, með neikvæðum niðurstöðum:

– sermiprófun fyrir öldusótt, sem er gerð í samræmi við aðferðina sem lýst er í viðauka C við tilskipun 64/432/EBE,

– annað hvort flúrskímumótefnapróf eða ræktunarprófun fyrir sýkingu af völdum Campylobacter fetus á sýni úr forhúð eða úr skolvatni frá gerviskeiðum eða, ef um kvendýr er að ræða, kekkjunarpróf á leggangaslími,

– smásjárrannsókn og ræktunarprófun fyrir Trichomonas foetus á sýni úr forhúð eða úr skolvatni frá gerviskeiðum eða, ef um kvendýr er að ræða, kekkjunarpróf á leggangaslími,

d) hafa verið settir í, a.m.k. einu sinni á ári og með neikvæðum niðurstöðum, venjubundnar prófanir sem um getur í a, b, og c-lið 1. liðar í II. kafla viðauka B við tilskipun 88/407/EBE.

II.1.3 Þegar framangreindu sæði var safnað:

a) hafði verið gerð prófun á öllum kvendýrum á stöðinni, a.m.k. einu sinni á ári og með neikvæðum niðurstöðum, fyrir sýkingu af völdum Campylobacter fetus með kekkjunarpróf á leggangaslími og

b) hafði verið gerð, með neikvæðum niðurstöðum, á öllum nautum sem notuð eru til sæðisframleiðslu, annaðhvort flúrskímu-mótefnapróf eða ræktunarprófun fyrir sýkingu af völdum Campylobacter fetus á sýni úr forhúð eða úr skolvatni frá gerviskeiðum, innan 12 mánaða fyrir söfnun.

II.1.4 Framangreindu sæði var safnað úr nautum á sæðissöfnunarstöð þar sem:

([1]) *annaðhvort* [nautgripirnir hafa ekki verið bólusettir gegn smitandi nef- og barkabólgu og gerð hefur verið á þeim, a.m.k. einu sinni á ári og með neikvæðum niðurstöðum, hlutleysandi mótefnapróf eða ELISA-prófun fyrir smitandi nef- og barkabólgu/smitandi skeiðarútbrotum,]

([1]) *eða* [gerð hefur verið, á nautgripum sem eru ekki bólusettir gegn smitandi nef- og barkabólgu, a.m.k. einu sinni á ári og með neikvæðum niðurstöðum, hlutleysandi mótefnapróf eða ELISA-prófun fyrir smitandi nef- og barkabólgu/smitandi skeiðarútbrotum og prófun fyrir smitandi nef- og barkabólgu er ekki gerð á nautum sem fengið hafa frumbólusetningu gegn smitandi nef- og barkabólgu í sæðingarstöðinni eftir að þau hafa verið prófuð, með neikvæðum niðurstöðum, með hlutleysandi mótefnaprófi eða ELISA-prófun fyrir smitandi nef- og barkabólgu/smitandi skeiðarútbrotum og þau hafa, frá frumbólusetningunni, verið reglulega endurbólusett með innan við 6 mánaða millibili,]

EVRÓPUSAMBANDIÐ **Nautgripasæði — D2**

II.1.5. Framangreint sæði var fengið úr nautum sem:

II.1.5.1.

1) *annaðhvort* [hafa ekki verið bólusett gegn gin- og klaufaveiki næstliðna 12 mánuði fyrir söfnun,]

1) *eða* [voru bólusett gegn gin- og klaufaveiki fyrir minna en 12 mánuðum síðan og meira en 30 dögum fyrir söfnun og 5% sæðisskammta úr hverri söfnun, a.m.k. fimm strá, voru sett í veirueinangrunarpróf á rannsóknarstofu fyrir gin- og klaufaveiki með neikvæðum niðurstöðum (...) (2) sem er staðsett í eða tilnefnd af viðtökuaðildarríkinu,]

II.1.5.2.

([1]) *annaðhvort* [hafa ekki verið bólusett gegn smitandi nef- og barkabólgu,]

([1]) *eða* [voru bólusett gegn smitandi nef- og barkabólgu í samræmi við lið II.1.4,].

II.1.6. Framangreint sæði var geymt við samþykkt skilyrði í a.m.k. 30 daga strax eftir söfnun ([3]).

II.1.7. Framangreint sæði var sent á fermingarstað í innsigluðum umbúðum og bar númerið sem tilgreint er í reit I.23.

Athugasemdir

I. hluti:

Reitur I.12: upprunastaður skal vera sæðissöfnunarstöðin (eins og skilgreint er í 1. undirlið b-liðar 2. mgr. í tilskipun 88/407/EBE) þar sem sæðinu var safnað.

Reitur I.13.: viðtökustaður skal vera sæðissöfnunarstöðin eða sæðisgeymslustöðin (eins og skilgreint er í b-lið 2. gr. tilskipunar 88/407/EBE) eða bújörðin sem er áfangastaður sæðisins.

Reitur I.23. tilgreina skal auðkenningu umbúðanna og innsiglisnúmer þeirra.

Reitur I.31.: auðkenni gjafans skal vera hið sama og opinber auðkenning dýrsins.

söfnunardagur skal tilgreindur á eftirfarandi formi: dd/mm/áááá, og skal vera fyrir 31. desember 2004.

samþykkisnúmer stöðvarinnar skal vera hið sama og samþykkisnúmer sæðissöfnunarstöðvarinnar, sem tilgreint er í reit I.12, þar sem sæðinu var safnað.

II. hluti:

([1]) Strikið yfir það sem á ekki við.

([2]) Heiti rannsóknarstofunnar.

([3]) Má strika yfir þegar um ferskt sæði er að ræða.

– Stimpill og undirskrift skulu ekki vera í sama lit og aðrar upplýsingar í vottorðinu.

Opinber dýralæknir

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Staðbundin dýralæknaeining: Númer dýralæknaeiningar:

Stimpill:

VIÐAUKI D3

Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði sem gildir í viðskiptum innan Sambandsins með sæði húsdýra af nautgripakyni sem var safnað, meðhöndlað og geymt í samræmi við tilskipun ráðsins 88/407/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 2003/43/EB, og birgðir af sæði sem var safnað, meðhöndlað og geymt fyrir 31. desember 2004 í samræmi við ákvæði tilskipunar ráðsins 88/407/EBE, sem voru í gildi til 1. júlí 2004, og stunduð voru viðskipti með eftir þá dagsetningu í samræmi við 2. mgr. 2. gr. tilskipunar 2003/43/EB, sem sent var frá sæðisgeymslustöð

EVRÓPUSAMBANDIÐ **Vottorð vegna viðskipta innan Sambandsins**

I. hluti: Upplýsingar um sendingu

I.1. Sendandi Nafn Heimilisfang Póstnúmer			I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs		I.2.a Tilvísunarnúmer staðar	
			I.3. Lögbært stjórnvald			
			I.4. Lögbært staðaryfirvald			
I.5. Viðtakandi Nafn Heimilisfang Póstnúmer			I.6. Númer tilheyrandi, upprunalegra vottorða		Númer fylgiskjala	
			I.7.			
I.8. Upprunaland	ISO-kóði	I.9. Upprunasvæði	Kóði	I.10. Viðtökuland	ISO-kóði	I.11. Viðtökusvæði	Kóði
I.12. Upprunastaður Sæðisstöð □ Nafn Heimilisfang Póstnúmer Samþykkisnúmer				I.13. Viðtökustaður Sæðisstöð □ Nafn Heimilisfang Póstnúmer Bújörð □ Samþykkisnúmer			
I.14.				1.15.			
I.16. Flutningatæki Flugvél □ Skip □ Járnbrautarvagn □ Ökutæki □ Annað □ Auðkenning:				I.17.			
I.18. Lýsing á vöru				I.19. Vörunúmer (ST-númer) **05 11 10**			
				I.20. Magn			
I.21. Hitastig afurðar Umhverfishiti □ Kæld □ Fryst □				I.22. Fjöldi pakkninga			
I.23. Nr. innsiglis/gáms				I.24. Tegund umbúða			
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til tæknifrjóvgunar □							
I.26. Umflutningur gegnum þriðja land □ Þriðja land Brottfararstaður Komustaður	ISO-kóði Kóði Nr. skoðunarstöðvar á landamærum			I.27. Umflutningur um aðildarríki □ Aðildarríki Aðildarríki Aðildarríki	ISO-kóði ISO-kóði ISO-kóði		
I.28. Útflutningur □ Þriðja land Brottfararstaður	ISO-kóði Kóði			I.29.			
I.30.							

I.31. Auðkenning varanna					
Tegund (vísindaheiti)	Kyn	Auðkenni gjafa	Dagsetning söfnunar	Samþykkisnúmer stöðvarinnar	Magn

EVRÓPUSAMBANDIÐ **Nautgripasæði — D3**

II. hluti: Vottun

II.	Heilsufarsupplýsingar	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b

II.1 **Dýraheilbrigðisvottun**

Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, votta hér með að:

([1]) *annaðhvort* (II.1. var safnað, meðhöndlað og geymt í a.m.k. 30 daga strax eftir söfnun á sæðissöfnunarstöð (2) sem er staðsett í upprunaaðildarríki sæðisins og er rekin og undir eftirliti í samræmi við 1. lið I. kafla og 1. lið II. kafla í viðauka A við tilskipun 88/407/EBE, þaðan sem tekið var við sæðinu inn á sæðisgeymslustöðina sem tilgreind er í reit I.12. og er staðsett í sama upprunaaðildarríki sæðisins og fylgir skilyrðum varðandi heilbrigði dýra og útgáfu heilbrigðisvottorðs fyrir dýr og dýraafurðir sem eru a.m.k. jafn strangar og þær sem kveðið er á um í:

([1]) *annaðhvort* [viðauka D1 við tilskipun 88/407/EBE ([3]),]]

([1]) *og/eða* [viðauka D2 við tilskipun 88/407/EBE ([4]),]]

([1]) *og/eða* [viðauka D3 við tilskipun 88/407/EBE ([3]) ([4]),]]

([1]) *og/eða* [til 31. október 2011: viðauka D3 við tilskipun 88/407/EBE ([3]) ([4]) ([5]),]]

([1]) *og/eða* (II.1. var safnað, meðhöndlað og geymt í a.m.k. 30 daga strax eftir söfnun á sæðissöfnunarstöð (2) sem er staðsett í Evrópusambandinu og er rekin og undir eftirliti í samræmi við 1. lið I. kafla og 1. lið II. kafla í viðauka A við tilskipun 88/407/EBE og tekið var við því inn á sæðisgeymslustöðina sem tilgreind er í reit I.12 í samræmi við:

([1]) *annaðhvort* [viðauka D1 við tilskipun 88/407/EBE ([3]),]]

([1]) *og/eða* [viðauka D2 við tilskipun 88/407/EBE ([4]),]]

([1]) *og/eða* [viðauka D3 við tilskipun 88/407/EBE ([3]) ([4]),]]

([1]) *og/eða* [til 31. október 2011: viðauka D3 við tilskipun 88/407/EBE ([3]) ([4]) ([5]),]]

([1]) *og/eða* (II.1. var safnað, meðhöndlað og geymt í a.m.k. 30 daga strax eftir söfnun á sæðissöfnunarstöð, ([2]) sem er staðsett í þriðja landi eða -landshluta eða -hlutum sem skráðir eru í I. viðauka við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/630/ESB, sem er rekin og undir eftirliti í samræmi við 1. lið I. kafla og 1. lið II. kafla í viðauka A við tilskipun 88/407/EBE, og það var flutt inn til Evrópusambandsins samkvæmt skilyrðunum í 8. til 12. gr. tilskipunar 88/407/EBE í samræmi við:

([1]) *annaðhvort* [ákvæði A. þáttar 2. hluta II. viðauka við ákvörðun 2011/630/ESB ([3]),]]

([1]) *og/eða* [til 31. október 2011: 1. hluta II. viðauka við ákvörðun 2004/639/EB ([3]),]]

([1]) *og/eða* [ákvæði B. þáttar 2. hluta II. viðauka við ákvörðun 2011/630/ESB ([4]),]]

([1]) *og/eða* [til 31. október 2011: 2. hluta II. viðauka við ákvörðun 2004/639/EB ([4]),]]

([1]) *og/eða* [ákvæði C. þáttar 2. hluta II. viðauka við ákvörðun 2011/630/ESB ([4]),]]

([1]) *og/eða* [til 31. október 2011: 3. hluta II. viðauka við ákvörðun 2004/639/EB ([3]),]]

II.2. var safnað, meðhöndlað og geymt á sæðissöfnunarstöð ([2]), sem er tilgreind í reit I.12., sem er rekin og undir eftirliti í samræmi við 2. lið I. kafla og 2. lið II. kafla í viðauka A við tilskipun 88/407/EBE.

Athugasemdir

I. hluti:

Reitur I.6.: Númer tilheyrandi upprunalegra vottorða skulu vera þau sömu og raðnúmer þeirra einstöku opinberu landsbundnu skjala, INTRA-heilbrigðisvottorða eða samræmdra dýraheilbrigðis- og innflutningsvottorða sem fylgdu framangreindu sæði frá sæðissöfnunarstöðinni þar sem það er upprunnið, til framangreindrar sæðisgeymslustöðvar.

Reitur I.12: upprunastaður skal vera sæðisgeymslustöðin (eins og skilgreint er í b-lið 2. gr. tilskipunar 88/407/EBE) þaðan sem sæðið var sent.

Reitur I.13: viðtökustaður skal vera sæðissöfnunarstöðin eða sæðisgeymslustöðin (eins og skilgreint er í b-lið 2. gr. tilskipunar 88/407/EBE) eða bújörðin sem er áfangastaður sæðisins.

Reitur I.23. tilgreina skal auðkenningu umbúðanna og innsiglisnúmer þeirra.

Reitur I.31.: auðkenni gjafans skal vera hið sama og opinber auðkenning dýrsins.

söfnunardagur skal tilgreindur á eftirfarandi formi: dd/mm/áááá.

samþykkisnúmer stöðvarinnar skal vera hið sama og samþykkisnúmer sæðissöfnunarstöðvarinnar þar sem sæðinu var safnað.

EVRÓPUSAMBANDIÐ **Nautgripasæði — D3**

II. hluti:

([1]) Strikið yfir það sem á ekki við

([2]) Einungis sæðissöfnunarstöðvar eða sæðisgeymslustöðvar sem skráðar eru í samræmi við 2. mgr. 5. gr. eða 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 88/407/EBE á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar:

http://ec.europa.eu/food/animal/approved_establishments/establishments_vet_field_en.htm,

http://ec.europa.eu/food/animal/semen_ova/bovine/index_en.htm

([3]) Að því er varðar sæði sem var safnað, meðhöndlað og geymt í samræmi við ákvæði tilskipunar 88/407/EBE, eins og henni var breytt með tilskipun 2003/43/EB.

([4]) Að því er varðar sæði sem var safnað, meðhöndlað og geymt fyrir 31. desember 2004 í samræmi við ákvæði tilskipunar 88/407/EBE sem giltu til 1. júlí 2004.

([5]) Viðauki D3 við tilskipun 88/407/EBE eins og hann var innleiddur með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/120/EB.

– Stimpill og undirskrift skulu ekki vera í sama lit og aðrar upplýsingar í vottorðinu.– Stimpill og undirskrift skulu ekki vera í sama lit og aðrar upplýsingar í vottorðinu.

Opinber dýralæknir

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Staðbundin dýralæknaeining: Númer dýralæknaeiningar:

Stimpill:

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2012/36/ESB **2013/EES/56/09**

frá 19. nóvember 2012

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini ([1]), einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Uppfæra þarf tákntölurnar og undirtákntölurnar sem settar eru fram í I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB með hliðsjón af nýju ökutækjaflokkunum, sem teknir voru upp með tilskipun 2006/126/EB, sem hafa aðra tæknilega eiginleika en þá sem eru í gildi samkvæmt tilskipun ráðsins 91/439/EBE frá 29. júlí 1991 um ökuskírteini ([2]). Í þessu samhengi skulu ökuréttindi sem fengin voru fyrir gildistöku tilskipunar 2006/126/EB þann 19. janúar 2013 gilda áfram.

2) Aðlaga skal innihald ökuprófs fyrir ökutæki í flokki C1 að mismunandi eiginleikum þeirra ökutækja sem falla undir þennan flokk. Öfugt við ökutæki í flokki C, sem eru sérstaklega ætluð fyrir vöruflutninga í atvinnuskyni, er flokkur C1 misleitur og tekur til margs konar ökutækja, t.d. ökutæki fyrir frístunda- eða einkanot, ökutæki sem notuð eru í neyðarþjónustu eða við slökkvistarf, eða ökutæki til sérstakra nota í atvinnuskyni, þar sem akstur er ekki meginstarfssvið ökumannsins. Ökumenn slíkra ökutækja ættu ekki að þurfa að sýna fram á í ökuprófi að þeir hafi þekkingu á reglum eða búnaði sem aðeins á við um ökumenn sem falla undir löggjöf varðandi flutningastarfsemi í atvinnuskyni, svo sem reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum ([3]) og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ([4]). Slík aðlögun gildandi reglna myndi draga úr áhættunni á að ökumenn aki með ofhlaðin ökutæki í flokki B, í því skyni að komast hjá kostnaði vegna þjálfunar og prófs á ökutæki í flokki C eða C1, og myndi þannig bæta umferðaröryggi. Það myndi einnig lágmarka stjórnsýsluálag og rekstrarlegt álag á lítil og meðalstór fyrirtæki og örfyrirtæki sem þurfa að nota slík ökutæki til sérstakra nota í atvinnurekstri sínum.

3) Endurskoða þarf kröfur varðandi bifhjól í flokkum A1, A2 og A, sem notuð skulu sem prófökutæki við prófun á leikni og færni, í ljósi tækniframfara, einkum þróunar og aukinnar notkunar á rafbifhjólum. Einnig skal aðlaga tækniforskriftir fyrir prófökutækin til að tryggja að umsækjendur séu prófaðir á ökutækjum sem eru dæmigerð fyrir flokkinn sem ökuskírteinið yrði gefið út fyrir.

4) Breyta skal lágmarkskröfum að því er varðar prófökutækin og innihald verklega prófsins fyrir ökutæki í C- og D-flokki í ljósi tækniframfara, einkum með tilliti til aukinnar þróunar og notkunar á nútímalegri og öruggari ökutækjum í flutningastarfsemi, sem menga minna og eru útbúin margs konar hálfsjálfvirkum eða blönduðum aflyfirfærslukerfum. Prófa skal hæfni ökumanna að því er varðar getu þeirra til að nota aflyfirfærslukerfi ökutækis með öruggum, hagkvæmum og umhverfisvænum hætti. Einföldun á gildandi takmörkunum á akstri sjálfskiptra ökutækja myndi einnig draga úr stjórnsýsluálagi og rekstrarlegu álagi á lítil og meðalstór fyrirtæki og örfyrirtæki sem starfa við flutninga á vegum.

5) Þar sem tilskipun 2006/126/EB gildir að fullu þann 19. janúar 2013 skal tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 321, 20.11.2012, bls. 54. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2013 frá 15. júlí 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18.

([2]) Stjtíð. EB L 237, 24.8.1991, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.

6) Því ber að breyta tilskipun 2006/126/EB til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um ökuskírteini.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og II. viðauka við tilskipun 2006/126/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2013. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 19. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

I. Þriðju málsgrein I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB, varðandi 12. lið a-liðar á bakhlið ökuskírteinisins, er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi tákntala 46 bætist við:

„46. Eingöngu bifhjól með þremur hjólum“,

2) tákntala 72 falli brott,

3) í stað tákntölu 73 komi eftirfarandi:

„73. Takmarkast við ökutæki í flokki B sem eru vélknúin fjórhjól (B1)“,

4) tákntölur 74 til 77 falli brott,

5) í stað tákntölu 79 komi eftirfarandi:

„79. (...) Takmarkast við ökutæki sem eru í samræmi við forskriftirnar sem eru tilgreindar í svigum við beitingu 13. gr. þessarar tilskipunar.

79.01. Takmarkast við ökutæki á tveimur hjólum með eða án hliðarvagns

79.02. Takmarkast við ökutæki í flokki AM sem eru þríhjól eða létt fjórhjól

79.03. Takmarkast við bifhjól með þremur hjólum

79.04. Takmarkast við bifhjól með þremur hjólum með eftirvagn þar sem leyfilegur hámarksmassi er ekki yfir 750 kg

79.05. Bifhjól í flokki A1 með afl/þyngdarhlutfall yfir 0,1 kW/kg

79.06. Ökutæki í flokki BE þar sem leyfilegur hámarksmassi eftirvagns er yfir 3500 kg“,

6) eftirfarandi tákntölur 80 og 81 bætist við:

„80. Takmarkast við handhafa ökuskírteinis fyrir ökutæki í flokki A sem eru vélknúin þríhjól, sem eru ekki orðnir 24 ára

81. Takmarkast við handhafa ökuskírteinis fyrir ökutæki í flokki A sem eru bifhjól á tveimur hjólum, sem eru ekki orðnir 21 ára“,

7) eftirfarandi tákntala 90 bætist við:

„90. Tákntölur sem notaðar eru með tákntölum sem skilgreina breytingar á ökutækinu“,

8) í stað tákntölu 96 komi eftirfarandi:

„96. Ökutæki í flokki B með eftirvagn þar sem leyfilegur hámarksmassi eftirvagns er yfir 750 kg, þar sem leyfilegur hámarksmassi þessa samtengda ökutækis er yfir 3500 kg en fer ekki yfir 4250 kg.“,

9) eftirfarandi tákntala 97 bætist við:

„97. Ekki heimilt að aka ökutæki í flokki C1 sem fellur undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum (*).

(*) Stjtíð. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.

II. Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2006/126/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 4.1.1 komi eftirfarandi:

„4.1.1. reglum um aksturstíma og hvíldartíma samkvæmt skilgreiningu í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum ([5]), notkun skráningarbúnaðar samkvæmt skilgreiningu í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum.“

([5]) Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1.,

2) Eftirfarandi liður 4.1a bætist við:

„4.1a. Aðildarríkjum er heimilt að undanþiggja umsækjendur um skírteini fyrir ökutæki í flokki C1 eða C1E, sem falla utan gildissviðs reglugerðar (EBE) nr. 3821/85, frá því að þurfa að sýna fram á þekkingu sína á atriðunum sem talin eru upp í liðum 4.1.1 til 4.1.3.“,

3) Í stað liðar 5.1 komi eftirfarandi:

„5.1. Aflyfirfærsla ökutækis

5.1.1. Leyfi til aksturs ökutækis með handskiptingu er háð því að ökumaður hafi staðist verklegt próf sem tekið er á ökutæki með handskiptingu.

„Ökutæki með handskiptingu“ merkir ökutæki með tengslisfetil (eða handfang í flokkum A, A2 og A1) sem ökumaðurinn verður að nota þegar ökutækið er gangsett eða stöðvað og þegar skipt er um gír.

5.1.2. Ökutæki sem uppfylla ekki viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í lið 5.1.1 teljast vera með sjálfskiptingu.

Með fyrirvara um lið 5.1.3 skal það skráð í ökuskírteini sem eru gefin út á grundvelli slíks prófs ef verklega prófið er tekið á ökutæki með sjálfskiptingu. Skírteini með þessum upplýsingum gilda aðeins við akstur ökutækja með sjálfskiptingu.

5.1.3. Sértæk ákvæði varðandi ökutæki í flokkum C, CE, D og DE

Aðildarríkjum er heimilt að ákveða að ekki skuli skrá neinar takmarkanir varðandi sjálfskipt ökutæki á ökuskírteini fyrir ökutæki í flokki C, CE, D eða DE, sem um getur í lið 5.1.2, ef umsækjandinn er þegar með ökuskírteini sem fengið er á ökutæki með handskiptingu í a.m.k. einum af eftirfarandi flokkum: B, BE, C, CE, C1, C1E, D, D1 eða D1E, og hefur gert það sem lýst er í lið 8.4 í verklega prófinu.“,

4) Ákvæðum liðar 5.2 er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„5.2. Ökutæki, sem eru notuð í verklega prófinu, skulu vera í samræmi við lágmarksviðmiðanirnar sem eru gefnar hér á eftir. Aðildarríkin geta hert viðmiðunarákvæði eða bætt við nýjum. Aðildarríkin geta notað vikmörk sem eru 5 cm^3 minni en tilskilin lágmarksstærð slagrýmis fyrir ökutæki í flokkum A1, A2 og A, sem notuð eru í verklega prófinu.“,

b) Í stað textans varðandi flokk A1, A2 og A komi eftirfarandi:

„Flokkur A1

Bifhjól í flokki A1 án hliðarvagns, með afl sem er ekki yfir 11 kW og afl/þyngdarhlutfall sem er ekki yfir 0,1 kW/kg, og sem nær a.m.k. hraðanum 90 km/klst.

Ef bifhjólið er knúið brunahreyfli skal slagrými hreyfilsins vera a.m.k. 120 cm^3.

Ef bifhjólið er knúið rafmagnshreyfli skal afl/þyngdarhlutfall ökutækisins vera a.m.k. 0,08 kW/kg,

Flokkur A2

Bifhjól án hliðarvagns, með afl sem er a.m.k. 20 kW en ekki meira en 35 kW og afl/þyngdarhlutfall sem er ekki yfir 0,2 kW/kg.

Ef bifhjólið er knúið brunahreyfli skal slagrými hreyfilsins vera a.m.k. 400 cm^3.

Ef bifhjólið er knúið rafmagnshreyfli skal afl/þyngdarhlutfall ökutækisins vera a.m.k. 0,15 kW/kg,

Flokkur A

Bifhjól án hliðarvagns þar sem massi án hleðslu er meiri en 180 kg, með afl sem er a.m.k. 50 kW. Aðildarríki getur ákveðið vikmörk sem eru 5 kg undir tilskildum lágmarksmassa.

Ef bifhjólið er knúið brunahreyfli skal slagrými hreyfilsins vera a.m.k. 600 cm^3.

Ef bifhjólið er knúið rafmagnshreyfli skal afl/þyngdarhlutfall ökutækisins vera a.m.k. 0,25 kW/kg,“,

c) í stað textans varðandi flokk C og CE komi eftirfarandi:

„Flokkur C

Ökutæki í flokki C sem hafa a.m.k. 12 000 kg leyfilegan hámarksmassa, eru a.m.k. 8 m á lengd og 2,40 m á breidd og ná a.m.k. hraðanum 80 km/klst., búin læsivörðum hemlum, aflyfirfærslukerfi sem gerir ökumanninum kleift að velja gír handvirkt og skráningarbúnaði í skilningi reglugerðar (EBE) nr. 3821/85, farmrými eftirvagnsins skal vera lokaður kassi sem er a.m.k. jafnbreiður og -hár og stýrishúsið, heildarraunmassi ökutækisins skal vera a.m.k. 10 000 kg,

Flokkur CE

Annað hvort liðskipt ökutæki eða samtengt prófökutæki úr flokki C og eftirvagn sem er a.m.k. 7,5 m langur, bæði liðskipta ökutækið og samtengda ökutækið skulu hafa leyfilegan hámarksmassa sem er a.m.k. 20 000 kg, eru a.m.k. 14 m á lengd og 2,40 m á breidd og ná a.m.k. hraðanum 80 km/klst., búin læsivörðum hemlum, aflyfirfærslukerfi sem gerir ökumanninum kleift að velja gír handvirkt og skráningarbúnaði í skilningi reglugerðar (EBE) nr. 3821/85, farmrýmið skal vera lokaður kassi sem er a.m.k. jafnbreiður og -hár og stýrishúsið, bæði liðskipta ökutækið og samtengda ökutækið skulu hafa heildarraunmassa sem er a.m.k. 15 000 kg,“,

5) Í stað liðar 8.1.4 komi eftirfarandi:

„8.1.4. Athuga aflhemla og aflstýri, athuga ástand hjóla, felgurær, aurbretti, framrúðu, rúður og rúðuþurrkur, vökva (t.d. vélarolíu, kælivökva, rúðuvökva), athuga og kunna að nota mælaborð, þar á meðal skráningarbúnað samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 3821/85. Seinni krafan gildir ekki fyrir umsækjendur um ökuskírteini fyrir ökutæki í flokki C1 eða C1E, sem falla ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar,“,

6) Eftirfarandi liður 8.4 bætist við:

„8.4. Öruggur og orkunýtinn akstur

8.4.1. ekur þannig að það tryggir öryggi og dregur úr eldsneytisnotkun og útblæstri við hröðun, hraðaminnkun og við akstur upp og niður brekkur, með því að skipta handvirkt um gír þegar þess gerist þörf.“,

7) Í stað liðar 9.3.2 komi eftirfarandi:

„9.3.2. ekur á hagkvæman, öruggan og orkunýtin hátt, með hliðsjón af snúningshraða hreyfils, skiptingum milli gíra, hemlun og eldsneytisinngjöf (eingöngu flokkar B, BE, C, CE, C1, C1E, D, DE, D1 og D1E).

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 383/2012 2013/EES/56/10

frá 4. maí 2012

um tæknilegar kröfur að því er varðar ökuskírteini með geymslumiðli (örflögu) (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini ([1]), einkum 2. mgr. 1 gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2006/126/EB er kveðið á um sameiginlega fyrirmynd að ökuskírteinum sem aðildarríkin gefa út sem eru með valkvæðan geymslumiðil (örflögu).

2) Upptaka slíkrar örflögu í ökuskírteini ætti að gera aðildarríkjunum kleift að efla enn frekar vernd gegn svikum. Slík vinnsla persónuupplýsinga þarf að vera í samræmi við reglur Sambandsins, eins og settar eru fram m.a. í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([2]).

3) Til að tryggja rekstrarsamhæfi og fullnægjandi mótstöðu gegn svikum skal tæknileg framkvæmd varðandi örflöguna uppfylla tilteknar kröfur og staðla, ef aðildarríkin velja að taka hana upp í ökuskírteini.

4) Ökuskírteini sem eru með örflögu skulu falla undir viðeigandi ESB-gerðarviðurkenningaraðferð til að staðfesta að þau uppfylli kröfur. ESB-gerðarviðurkenningaraðferðin skal ekki gilda um ökuskírteini sem eru ekki með örflögu.

5) Tæknilegu kröfurnar varðandi ökuskírteini með örflögu skulu byggðar á alþjóðlega samþykktum tæknistöðlum, einkum staðli Alþjóðlegu staðlasamtakanna/Alþjóðaraftæknineftndarinnar (ISO/IEC) 18013, sem setur ramma um hönnunarsnið og gagnainnihald ökuskírteinis sem samræmist ISO-staðlinum.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um ökuskírteini.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð gildir um ökuskírteini með örflögu sem eru gefin út í samræmi við tilskipun 2006/126/EB.

2. gr.

Almennar kröfur

1. Örflagan og gögnin sem geymd eru á örflögunni, þ.m.t. valkvæðar upplýsingar eða viðbótarupplýsingar, skulu vera í samræmi við ákvæði I. viðauka við þessa reglugerð.

2. Örflagan skal geyma þau samræmdu ökuskírteinisgögn sem um getur í lið I.2.1 í I. viðauka.

3. Aðildarríkin skulu hafa samráð við framkvæmdastjórnina áður en þau geyma viðbótarupplýsingar, sem um getur í lið I.2.2 í I. viðauka, á örflögu ökuskírteinis.

3. gr.

Gildandi staðlar

Skráin með gildandi stöðlum fyrir ökuskírteini sem eru með örflögu er sett fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 120, 5.5.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2013 frá 15. júlí 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18.

([2]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

4. gr.

Aðferð við veitingu ESB-gerðarviðurkenningar

Ökuskírteini með örflögu skulu falla undir ESB-gerðarviðurkenningaraðferð í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í III. viðauka við þessa reglugerð.

5. gr.

ESB-gerðarviðurkenningarvottorð

1. Þegar öll viðeigandi ákvæði ESB-gerðarviðurkenningarinnar hafa verið uppfyllt að því er varðar ökuskírteini sem er með örflögu í samræmi við 2., 3. og 4. gr. þessarar reglugerðar skulu aðildarríkin gefa út ESB-gerðarviðurkenningarvottorð handa framleiðandanum eða fulltrúa hans.

2. Ef nauðsyn krefur getur aðildarríki afturkallað ESB-gerðarviðurkenningu sem það hefur gefið út, einkum til að tryggja að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar.

3. ESB-gerðarviðurkenningarvottorð og tilkynningar um afturköllun þeirra skulu vera í samræmi við fyrirmyndina sem sett er fram í IV. viðauka við þessa reglugerð.

4. Upplýsa skal framkvæmdastjórnina um öll ESB-gerðarviðurkenningarvottorð sem eru gefin út eða afturkölluð. Ef um er að ræða afturköllun skal veita ítarlegan rökstuðning.

Framkvæmdastjórnin skal upplýsa aðildarríkin um hverja afturköllun ESB-gerðarviðurkenningar.

5. ESB-gerðarviðurkenningarvottorð sem gefin eru út af aðildarríkjum skulu njóta gagnkvæmrar viðurkenningar.

6. gr.

Einn tengiliður

1. Hvert aðildarríki tilnefnir eitt yfirvald eða stofnun sem tengilið varðandi upplýsingar í tengslum við ökuskírteini sem eru með örflögu. Þessi eini tengiliður skal gera viðeigandi ráðstafanir að því er varðar gagnavernd.

2. Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni upplýsingar innan þriggja mánaða frá því að þessi reglugerð öðlast gildi um nafn og samskiptaupplýsingar þessa eina tengiliðar, sem tilnefndur er skv. 1. mgr. Aðildarríkin skulu án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina um allar breytingar þar að lútandi.

3. Framkvæmdastjórnin skal láta aðildarríkjunum í té skrá yfir tilnefnda tengiliði og viðhalda skránni.

7. gr.

Verndarákvæði

1. Ef aðildarríki kemst að raun um að umtalsverður fjöldi ökuskírteina með örflögu reynist ítrekað ekki vera í samræmi við þessa reglugerð skal það tilkynna öllum tengiliðum um það, ásamt eftirlitsyfirvaldinu sem um getur í tilskipun 95/46/EB og framkvæmdastjórninni. Tilgreina skal númer viðkomandi ESB-gerðarviðurkenningarvottorðs sem tengist þeim ökuskírteinum ásamt lýsingu á því með hvaða hætti ekki er farið að tilskildum ákvæðum.

2. Aðildarríkið sem gaf út þessi ökuskírteini skal rannsaka málið án tafar og gera viðeigandi ráðstafanir til úrbóta, þ.m.t. afturkalla ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið ef nauðsyn krefur.

8. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. maí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Almennar kröfur varðandi ökuskírteini sem eru með örflögu

Almennu kröfurnar varðandi ökuskírteini sem eru með örflögu sem lýst er í þessum viðauka eru byggðar á alþjóðlegum stöðlum, einkum ISO/IEC 18013-staðlaröðinni. Þeir ná yfir:

– nákvæmar skilgreiningar fyrir örflöguna og gagnaskipan á örflögunni,

– nákvæmar skilgreiningar fyrir samræmd gögn og viðbótarupplýsingar sem geyma á og

– nákvæmar skilgreiningar að því er varðar tilhögun gagnaverndar fyrir gögn sem geymd eru stafrænt á örflögunni.

I.1 SKAMMSTAFANIR

Skammstöfun	Merking
AID	Kennimerki notkunarforrits (e. *Application Identifier*)
BAP	Grunnaðgangsvernd (e. *Basic Access Protection*)
DG	Gagnaflokkur (*e. Data Group*)
EAL 4+	Aukin 4. stigs úttektarvottun (e. *Evaluation Assurance Level 4 Augmented*)
EF	Frumskrá (e. *Elementary File*)
EFID	Kennimerki frumskrár (e. *Elementary File Identifier*)
eMRTD	Ferðaskilríki á tölvulesanlegu formi (e. *Machine Readable Travel Documents*)
ICC	Samrásarkort (e. *Integrated Circuit Card)*
ISO	Alþjóðlegu staðlasamtökin (e. *International Standard Organisation*)
LDS	Gagnaskipan (e. *Logical Data Structure*)
PICC	Nándarsamrásarkort (e. *Proximity Integrated Circuit Card*)
PIX	Eigin nafnauki kennimerkis notkunarforrits (e. *Proprietary Application Identifier Extension*)
RID	Skráð kennimerki notkunarforrits (e. *Registered Application Identifier*)
SOd	Skjalaöryggishlutur (e. *Document Security Object*)

I.2 GÖGN SEM GEYMD ERU Á ÖRFLÖGUNNI

I.2.1 **Samræmd, skyldubundin og valkvæð ökuskírteinisgögn**

Örflagan skal geyma samræmd ökuskírteinisgögn sem tilgreind eru í 3. lið I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB. Ef aðildarríki ákveður að bæta við ökuskírteinisgögnin þeim atriðum sem tilgreind eru sem valkvæð í 3. lið I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB skulu þessi atriði geymd á örflögunni.

I.2.2 **Viðbótargögn**

Að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina er aðildarríkjunum heimilt að geyma viðbótargögn, svo fremi að það trufli ekki framkvæmd tilskipunar 2006/126/EB.

Aðildarríki sem hafa í hyggju að taka upp viðbótargögn skulu veita framkvæmdastjórninni ítarlegar upplýsingar um tegund viðbótargagnanna og ástæður fyrir því að geyma slík gögn á örflögunni. Framkvæmdastjórnin skal taka þessar upplýsingar til athugunar og, eftir því sem við á, skila áliti með hliðsjón af kröfunum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka og að höfðu samráði við starfshópinn sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar 95/46/EB. Framkvæmdastjórnin skal einnig tilgreina í áliti sínu, eftir því sem við á, hvort viðbótargögnin skuli geymd í ESB-ökuskírteinisforritinu eða í öðru notkunarforriti.

I.3 ÖRFLAGA

I.3.1 **Tegund geymslumiðils**

Geymslumiðillinn fyrir ökuskírteinisgögnin skal vera örflaga með snertu, án snertu eða með samsettum skilfleti með og án snertu, eins og tilgreint er í 1. lið II. viðauka við þessa reglugerð.

I.3.2 **Notkunarforrit**

Öll gögn á örflögunni skulu geymd í notkunarforritum. Öll notkunarforrit á örflögunni skulu auðkennd með einkvæmum kóða sem nefnist kennimerki notkunarforrits, eins og tilgreint er í 2. lið II. viðauka.

I.3.2.1 *ESB-ökuskírteinisforrit*

Skyldubundin og valkvæð ökuskírteinisgögn skulu geymd í þar til gerðu ESB-ökuskírteinisforriti. Kennimerki notkunarforrits fyrir ESB-ökuskírteinisforritið skal vera:

„A0 00 00 04 56 45 44 4C 2D 30 31“,

sem samanstendur af:

– skráðu kennimerki notkunarforrits fyrir framkvæmdastjórn Evrópusambandsins: **„A0 00 00 04 56“**,

– eigin nafnauka kennimerkis notkunarforrits fyrir ESB-ökuskírteinisforritið: **„45 44 4C 2D 30 31“** (EDL-01).

Gögnin skulu flokkuð í gagnaflokka sem hluti af gagnaskipan.

Gagnaflokka skal geyma sem frumskrár í ESB-ökuskírteinisforritinu og verja í samræmi við 3. lið II. viðauka.

I.3.2.2 *Önnur notkunarforrit*

Önnur viðbótargögn skulu geymd í einu eða fleirum þar til gerðum notkunarforritum, öðrum en ESB-ökuskírteinisforritinu. Hvert slíkt notkunarforrit skal auðkennt með einkvæmu kennimerki notkunarforrits.

I.4 GAGNASKIPAN ESB-ÖKUSKÍRTEINISFORRITSINS

I.4.1 **Gagnaskipan**

Ökuskírteinisgögn skulu geymd á örflögunni með gagnaskipan sem tilgreind er í 4. lið II. viðauka. Í þessari málsgrein eru tilgreindar viðbótarkröfur fyrir gagnaflokka sem eru skyldubundnir, valkvæðir og til viðbótar.

Hver gagnaflokkur skal geymdur í einni frumskrá. Frumskrár sem eru notaðar fyrir ESB-ökuskírteinisforritið skal auðkenna með kennimerki frumskrár og stuttu kennimerki frumskrár (e. *Short EF identifier*) eins og tilgreint er í 5. lið II. viðauka.

I.4.2 **Skyldubundnir gagnaflokkar**

Skyldubundin og valkvæð gagnastök skal geyma í eftirfarandi gagnaflokkum:

– DG1: öll skyldubundin og valkvæð gagnastök eins og prentuð eru á skjalið, nema andlitsmynd og mynd af undirritun,

– DG5: mynd af undirritun handhafa skírteinisins,

– DG 6: mynd af andliti handhafa skírteinisins.

Högun gagna í DG 1 skal vera eins og tilgreint er í lið I.6 í þessum viðauka og 6. lið II. viðauka. Gögn sem geymd eru í öðrum gagnaflokkum skal geyma samkvæmt skilgreiningunum í II. viðauka, eins og tilgreint er í 7. lið II. viðauka.

I.4.3 **Viðbótargagnaflokkar**

Viðbótargagnastök skal geyma í eftirfarandi gagnaflokkum:

– DG 2: upplýsingar um handhafa skírteinisins, að undanskildum lífkenniupplýsingum,

– DG 3: upplýsingar um útgáfuyfirvald,

– DG 4: andlitsmynd,

– DG 7: lífkenniupplýsingar varðandi fingrafar handhafa skírteinisins,

– DG 8: lífkenniupplýsingar varðandi lithimnu handhafa skírteinisins,

– DG 11: aðrar upplýsingar, s.s. fullt nafn handhafans með landsbundnum rittáknum.

Gögn sem geymd eru í þessum gagnaflokkum skal geyma samkvæmt skilgreiningunum í 8. lið II. viðauka.

I.5 FYRIRKOMULAG GAGNAVERNDAR

Nota skal viðeigandi fyrirkomulag til að sannreyna áreiðanleika og heilleika örflögunnar og þeirra gagna sem á henni eru og til að takmarka aðgang að ökuskírteinisgögnum.

Verja skal gögn á örflögunni í samræmi við skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í 3. lið II. viðauka. Í þessari málsgrein eru tilgreindar viðbótarkröfur sem þarf að uppfylla.

I.5.1 **Sannprófun áreiðanleika**

I.5.1.1 *Skyldubundin hlutlaus sannvottun*

Verja skal alla gagnaflokka sem geymdir eru í ESB-ökuskírteinisforritinu með hlutlausri (e. *passive*) sannvottun.

Gögn sem tengjast hlutlausri sannvottun skulu vera í samræmi við kröfurnar sem tilgreindar eru í 9. lið II. viðauka.

I.5.1.2 *Valkvæð virk sannvottun*

Nota skal valkvæðar virkar sannvottunaraðferðir til að tryggja að upprunalegu örflögunni hafi ekki verið skipt út.

I.5.2 **Aðgangstakmarkanir**

I.5.2.1 *Skyldubundin grunnaðgangsvernd*

Nota skal grunnaðgangsvernd fyrir öll gögn í ESB-ökuskírteinisforritinu. Til að stuðla að rekstrarsamhæfi við fyrirliggjandi kerfi, eins og t.d. þau sem nota ferðaskilríki á tölvulesanlegu formi, er skylt að nota einnar línu tölvulesanlegt svæði (e. *Machine Readable Zone, MRZ*), eins og tilgreint er í 10. lið II. viðauka.

Skjalalykillinn K_{doc} sem notaður er til að fá aðgang að örflögunni er myndaður úr einnar línu tölvulesanlega svæðinu, sem hægt er að slá inn handvirkt eða lesa inn með því að nota ljóskennsl stafa (e. *Optical Character Recognition, OCR*). Nota skal BAP 1-samskipanina sem skilgreind er fyrir einnar línu tölvulesanlegt svæði, eins og skilgreint er í 10. lið II. viðauka.

I.5.2.2 *Skilyrt aukin aðgangsstýring*

Þegar viðkvæmari gögn eru geymd á örflögunni skal takmarka aðgang að slíkum gögnum með frekari ráðstöfunum.

Fyrirkomulagið fyrir aukna aðgangsstýringu skal uppfylla forskriftirnar í 11. lið II. viðauka

I.5.3 **Dreifilyklaskipulag (e. Public Key Infrastructure, PKI) fyrir ökuskírteini með örflögu**

Tengiliðurinn sem skilgreindur er í 6. gr. skal koma á nauðsynlegri landsbundinni tilhögun fyrir stjórnun dreifilykla, í samræmi við viðauka A við ISO-staðal 18013-3.

I.6 FRAMSETNING GAGNA

I.6.1 **Snið gagna í gagnaflokki 1**

Merki	L	Gildi					Kóðun	Skyldub./ Valkv.
61	V	DG1 gagnastök (földuð)						
		Merki	L	Gildi				
		5F 01	V	Gerðarviðurkenningarnúmer			ans	Skyldub.
		5F 02	V	Samsettur gagnahlutur með lýðfræðilegum gagnastökum				Skyldub.
				Merki	L	Gildi		
				5F 03	3	Útgáfuaðildarríki	a3	Skyldub.
				5F 04	V	Kenninafn/-nöfn handhafa skírteinis	as	Skyldub.
				5F 05	V	Annað nafn/nöfn handhafa skírteinis	as	Skyldub.
				5F 06	4	Fæðingardagur og -ár (ddmmáááá)	n8	Skyldub.
				5F 07	V	Fæðingarstaður	ans	Skyldub.
				5F 08	3	Þjóðerni	a3	Valkv.
				5F 09	1	Kyn	M/F/U	Valkv.
				5F 0A	4	Útgáfudagur skírteinisins (ddmmáááá)	n8	Skyldub.
				5F 0B	4	Hvaða dag fellur skírteinið úr gildi (ddmmáááá)	n8	Skyldub.
				5F 0C	V	Útgáfuyfirvald	ans	Skyldub.
				5F 0D	V	Stjórnsýslunúmer (annað en númer skilríkis)	ans	Valkv.
				5F 0E	V	Númer skilríkis	an	Skyldub.
				5F 0F	V	Fastur búsetustaður eða póstfang	ans	Valkv.
		7F 63	V	Samsettur gagnahlutur með flokkum ökutækja/ takmarkana/skilyrða				Skyldub.
				Merki	L	Gildi (táknað eins og er skilgreint hér að neðan)		
				02	1	Fjöldi flokka/takmarkana/ skilyrða	N	Skyldub.
				87	V	Flokkur/takmörkun/skilyrði	ans	Skyldub.
				87	V	Flokkur/takmörkun/skilyrði	ans	Valkv.
				…	…	…	…	…
				87	V	Flokkur/takmörkun/skilyrði	ans	Valkv.

I.6.2 **Röklegt færslusnið**

Flokka ökutækja, takmarkana eða skilyrða skal taka saman í gagnahlut samkvæmt gagnaskipaninni sem tilgreind er í eftirfarandi töflu:

Kóði ökutækjaflokks	Útgáfudagur	Síðasti gildisdagur	Kóði	Tákn	Gildi

þar sem:

– kóðar ökutækjaflokka skulu settir fram eins og skilgreint er í 4. gr. tilskipunar 2006/126/EB (t.d. AM, A1, A2, A, B1, B, o.s.frv.),

– útgáfudagur skal vera með sniðinu DDMMÁÁÁÁ (tveir tölustafir fyrir dag, þar næst tveir tölustafir fyrir mánuð og svo fjórir tölustafir fyrir ár) fyrir ökutækjaflokkinn,

– lok gildistíma skal vera með sniðinu DDMMÁÁÁÁ (tveir tölustafir fyrir dag, þar næst tveir tölustafir fyrir mánuð og svo fjórir tölustafir fyrir ár) fyrir ökutækjaflokkinn,

– kóði, tákn og gildi vísa til viðbótarupplýsinga eða takmarkana sem varða ökutækjaflokkinn eða ökumanninn.

II. VIÐAUKI

Skrá yfir staðla sem gilda fyrir ökuskírteini sem eru með geymslumiðil

Liður	Viðfangsefni	Krafa	Gildir um
1	Skilflötur geymslumiðils, skipulagning og skipanir	ISO/IEC 7816-röðin (með snertum), ISO/IEC 14443-röðin (snertulaus) eins og um getur í ISO/IEC 18013-2:2008, viðauka C	lið I.3.1 í I. viðauka
2	Kennimerki notkunarforrits	ISO/IEC 7816-5:2004	lið I.3.2 í I. viðauka
3	Fyrirkomulag gagnaverndar	ISO/IEC 18013-3:2009	lið I.3.2.1 í I. viðauka lið I.5 í I. viðauka
4	Gagnaskipan	ISO/IEC 18013-2:2008	lið I.4.1 í I. viðauka
5	Kennimerki frumskrár	ISO/IEC 18013-2:2008, tafla C.2	lið I.4.1 í I. viðauka
6	Framsetning gagna í DG 1	ISO 18013-2:2008, viðauki C.3.8	lið I.4.2 í I. viðauka lið I.6.1 í I. viðauka
7	Skyldubundin framsetning gagna í DG 5 og DG 6	ISO/IEC 18013-2:2008, viðauki C.6.6 and viðauki C.6.7, mynd af andliti og undirritun skal geymd með sniðinu JPEG eða JPEG2000	lið I.4.2 í I. viðauka
8	Valkvæð og skyldubundin framsetning gagna	ISO/IEC 18013-2:2008, viðauki C	lið I.4.3 í I. viðauka
9	Hlutlaus sannvottun	ISO/IEC 18013-3:2009, liður 8.1, gögn skulu geymd í EF.SOd (skjalaöryggishlut) í gagnaskipaninni	lið I.5.1.1 í I. viðauka
10	Grunnaðgangsvernd	ISO/IEC 18013-3:2009 og 1. viðauki staðalsins	lið I.5.2.1 í I. viðauka
	Tilhögun grunnaðgangsverndar	ISO/IEC 18013-3:2009, viðauki B.8	
11	Aukin aðgangsvernd	Tæknilegar viðmiðunarreglur TR-03110, Advanced Security Mechanisms for Machine Readable Travel Documents – Extended Access Control (EAC), útgáfa 1.11	lið I.5.2.2 í I. viðauka
12	Prófunaraðferðir	ISO 18013-4:2011	lið III.1 í III. viðauka
13	Öryggisvottorð	Aukin 4. stigs úttektarvottun (EAL 4+) eða samvarandi	lið III.2 í III. viðauka
14	Virknivottorð	Snjallkortaprófun samkvæmt ISO 10373-staðlaröðinni	lið III.3 í III. viðauka

III. VIÐAUKI

Aðferð við veitingu ESB-gerðarviðurkenningar ökuskírteina sem eru með örflögu

III.1 ALMENN ÁKVÆÐI

Framleiðendur sem sækja um ESB-gerðarviðurkenningu ökuskírteina með örflögu skulu leggja fram öryggisvottorð og virknivottorð.

Tilkynna skal allar fyrirhugaðar breytingar á framleiðsluferlinu, þ.m.t. á hugbúnaði, til yfirvaldsins sem veitir gerðarviðurkenninguna. Yfirvaldið getur óskað eftir frekari upplýsingum og prófunum áður en það samþykkir breytinguna.

Við prófanir skal nota þær aðferðir sem mælt er fyrir um í 12. lið II. viðauka við þessa reglugerð.

III.2 ÖRYGGISVOTTORÐ

Við öryggisúttekt á örflögum ökuskírteina skulu þau metin samkvæmt viðmiðunum sem tilgreind eru í 13. lið II. viðauka.

Öryggisvottorð skal aðeins afhent ef úttekt sýnir fram á að örflagan geti staðist tilraunir til að eiga við eða breyta gögnum.

III.3 VIRKNIVOTTORÐ

Úttekt á virkni ökuskírteina með örflögu skal fara fram með prófun á rannsóknarstofu í samræmi við viðmiðunina sem tilgreind er í 14. lið II. viðauka.

Aðildarríki sem innleiða örflögur á ökuskírteini skulu tryggja að viðkomandi staðlar varðandi virkni og kröfurnar í I. viðauka séu uppfylltir.

Virknivottorð skal afhent framleiðandanum þegar:

– til er gilt öryggisvottorð fyrir örflöguna,

– sýnt hefur verið fram á að kröfurnar í II. viðauka hafi verið uppfylltar og

– virkniprófunum er lokið með tilskildum árangri.

Viðkomandi yfirvald aðildarríkis er ábyrgt fyrir útgáfu virknivottorðsins. Virknivottorðið skal tilgreina hvert útgáfuyfirvaldið sé, auðkenni umsækjandans, auðkenni örflögunnar og ítarlegan lista yfir prófanirnar og niðurstöður þeirra.

III.4 ESB-GERÐARVIÐURKENNINGARVOTTORÐ

III.4.1 **Fyrirmynd að vottorði**

Aðildarríki skulu afhenda ESB-gerðarviðurkenningarvottorðið þegar öryggis- og virknivottorð hafa verið lögð fram eins og kveðið er á um í þessum viðauka. ESB-gerðarviðurkenningarvottorð skulu vera í samræmi við fyrirmyndina í IV. viðauka.

III.4.2 **Númerakerfi**

ESB-gerðarviðurkenningarnúmerið skal samanstanda af:

a) Bókstafnum „e“, þar á eftir komi auðkennandi númer aðildarríkisins sem veitir ESB-gerðarviðurkenninguna

— 1 fyrir Þýskaland

— 2 fyrir Frakkland

— 3 fyrir Ítalíu

— 4 fyrir Holland

— 5 fyrir Svíþjóð

— 6 fyrir Belgíu

— 7 fyrir Ungverjaland

— 8 fyrir Tékkland

— 9 fyrir Spán

— 11 fyrir Bretland

— 12 fyrir Austurríki

— 13 fyrir Lúxemborg

— 17 fyrir Finnland

— 18 fyrir Danmörku

— 19 fyrir Rúmeníu

— 20 fyrir Pólland

— 21 fyrir Portúgal

— 23 fyrir Grikkland

— 24 fyrir Írland

— 26 fyrir Slóveníu

— 27 fyrir Slóvakíu

— 29 fyrir Eistland

— 32 fyrir Lettland

— 34 fyrir Búlgaríu

— 36 fyrir Litháen

— 49 fyrir Kýpur

— 50 fyrir Möltu.

b) Bókstöfunum DL, á undan þeim skal vera skal vera bandstrik en á eftir þeim skulu vera tveir tölustafir sem tilgreina raðnúmer, sem úthlutað er þessari reglugerð eða nýjustu tæknilegum breytingum við þessa reglugerð. Raðnúmerið fyrir þessa reglugerð er 00.

c) Einkvæmu auðkennisnúmeri ESB-gerðarviðurkenningarinnar sem útgáfuaðildarríkið úthlutar.

Dæmi um númerakerfi ESB-gerðarviðurkenningar: e50-DL00 12345

Viðurkenningarnúmerið skal geymt á örflögunni í DG 1 fyrir hvert ökuskírteini sem er með slíka örflögu.

_____

IV. VIÐAUKI

Fyrirmynd að ESB-gerðarviðurkenningarvottorði varðandi ökuskírteini með örflögu

Heiti lögbæra yfirvaldsins: .....

Tilkynning um ([3]):

– viðurkenningu ☐

– afturköllun viðurkenningar ☐

ESB-ökuskírteinis með örflögu

Viðurkenning nr. .....

1. Framleiðslumerki eða vörumerki: .....

2. Heiti tegundar: .....

3. Nafn framleiðanda eða fulltrúa hans, eftir atvikum: .....

.....

4. Heimilisfang framleiðanda eða fulltrúa hans, eftir atvikum: .....

.....

5. Prófunarskýrslur rannsóknarstofu:

5.1 Öryggisvottorð nr. ..... Dagsetning: .....

Útgefandi: .....

5.2 Virknivottorð nr. ..... Dagsetning: .....

Útgefandi: .....

6. Dagsetning viðurkenningar: .....

7. Dagsetning afturköllunar á viðurkenningu: .....

8. Staður: .....

9. Dagsetning: .....

10. Skýringargögn í viðauka: .....

11. Undirritun: .....

([3]) Merkið í viðeigandi reit.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1178/2011 **2013/EES/56/11**

frá 3. nóvember 2011

um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 frá 20. febrúar 2008 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópu og niðurfellingu tilskipunar ráðsins 91/670/EBE, reglugerðar (EB) nr. 1592/2002 og tilskipunar 2004/36/EB ([1]), einkum 7. gr. (6. mgr.), 8.gr. (5. mgr.) og 10. gr. (5. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 216/2008 er stefnt að því að koma á og viðhalda samræmdu öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Evrópu. Í þeirri reglugerð er kveðið á um leiðir til að ná því markmiði sem og öðrum markmiðum á sviði öryggis í almenningsflugi.

2) Flugmenn, sem taka þátt í starfrækslu tiltekinna loftfara, sem og flughermisþjálfar (FSTD), einstaklingar og aðilar, sem koma að þjálfun, prófun eða mati á hæfni hjá þessum flugmönnum, skulu uppfylla viðeigandi grunnkröfur sem settar eru fram í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Samkvæmt þeirri reglugerð skulu flugmenn sem og einstaklingar og fyrirtæki, sem taka þátt í þjálfun þeirra, fá vottun þegar staðfest hefur verið að þau uppfylla grunnkröfur.

3) Á sama hátt skal gefa út heilbrigðisvottorð fyrir flugmenn og votta skal fluglækna, sem bera ábyrgð á að meta heilbrigði flugmanna, þegar staðfest hefur verið að þeir uppfylla viðeigandi grunnkröfur. Í reglugerð (EB) nr. 216/2008 er þó gert ráð fyrir möguleikanum á því að heimilislæknar geti gegnt hlutverki fluglæknis við sérstök skilyrði og ef landslög leyfa það.

4) Öryggis- og þjónustuliðar, sem taka þátt í starfrækslu tiltekinna loftfara, verða að uppfylla viðeigandi grunnkröfur sem settar eru fram í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 216/2008. Samkvæmt þeirri reglugerð skulu öryggis- og þjónustuliðar reglulega gangast reglulega undir mat á því hvort heilbrigði þeirra gerir þeim kleift að gegna störfum sem þeim eru falin með öruggum hætti. Sýna verður fram á að kröfur séu uppfylltar með viðeigandi mati sem byggist á bestu starfsvenjum í fluglæknisfræði.

5) Í reglugerð (EB) nr. 216/2008 er kveðið á um að framkvæmdastjórnin samþykki nauðsynlegar framkvæmdarreglur til að ákveða skilyrðin fyrir vottun flugmanna sem og einstaklinga, sem koma að þjálfun þeirra, prófunum eða mati á hæfni, fyrir staðfestingu öryggis- og þjónustuliða og fyrir mat á heilbrigði þeirra.

6) Mæla skal fyrir um kröfur og málsmeðferð vegna breytingar á þjóðarskírteinum flugmanna og flugvélstjóra í flugmannsskírteini til að tryggja að þeir geti sinni þeirri starfsemi við samræmd skilyrði, einnig skal réttindum til reynsluflugs breytt í samræmi við þessa reglugerð.

7) Aðildarríki ættu að geta samþykkt skírteini sem gefin eru út af þriðja landi þar sem hægt er að tryggja öryggisstig sem jafngildir því sem tilgreint er í reglugerð (EB) nr. 216/2008. Mæla skal fyrir um skilyrðin fyrir samþykki skírteina sem gefin eru út af þriðja landi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2013 frá 15. júlí 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

8) Til að tryggja að tekið verði tillit til þjálfunar, sem var hafin áður en þessari reglugerð var hrint í framkvæmd, í því skyni að fá flugmannsskírteini skal mæla fyrir um skilyrðin fyrir viðurkenningu á þjálfun sem hefur þegar verið lokið sem og skilyrðin fyrir viðurkenningu á herþjónustuskírteinum.

9) Nauðsynlegt er að veita flugiðnaðinum og yfirvöldum aðildarríkja nægan tíma til að laga sig að þessum nýja regluramma, að veita aðildarríkjum tíma til að gefa út sérstök flugmannsskírteini og heilbrigðisvottorð, sem ekki falla undir JAR-kröfurnar, og til að viðurkenna gildi útgefinna skírteina og vottorða, undir tilteknum skilyrðum, sem og mat á flugheilbrigði sem framkvæmt er áður en reglugerð þessi tekur gildi.

10) Tilskipun ráðsins 91/670/EBE frá 16. desember 1991 um gagnkvæma viðurkenningu á flugstarfaskírteinum ([2]) er felld úr gildi í samræmi við 2. mgr. 69. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008. Ráðstafanir sem samþykktar eru í þessari reglugerð skulu teljast samsvarandi ráðstafanir.

11) Til að tryggja snurðulaus umskipti og samræmt öryggi á háu stigi í almenningsflugi í Sambandinu skulu framkvæmdarráðstafanir endurspegla fullkomnustu tækni sem völ er á, þ.m.t. bestu starfsvenjur og vísinda- og tækniframfarir á sviði flugþjálfunar og flugheilbrigði áhafnar. Því skal tillit tekið til tæknilegra krafna og stjórnsýslumeðferða, sem samþykkt eru af Alþjóðaflugmálastofnuninni (ICAO) og Flugöryggissamtökum Evrópu (JAA) til 30. júní 2009, og núverandi löggjafar, sem varðar tiltekið landsvæði.

12) Stofnunin útbjó drög að framkvæmdarreglum og lagði þau fram sem álit til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 65. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í reglugerð þessari er mælt fyrir um nákvæmar reglur fyrir:

1) mismunandi áritanir sem eru skráðar í flugmannsskírteini, skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla skírteinin, réttindi og skyldur handhafa skírteina, skilyrðin fyrir því að breyta núverandi þjóðarskírteinum flugmanna og flugvélstjóra í flugmannaskírteini sem og skilyrðin fyrir samþykki skírteina frá þriðju löndum,

2) vottun einstaklinga, sem bera ábyrgð á að veita flugþjálfun eða þjálfun í flughermi og á að meta færni flugmanns,

3) mismunandi heilbrigðisvottorð fyrir flugmenn, skilyrðin fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla heilbrigðisvottorðin, réttindi og skyldur handhafa heilbrigðisvottorða sem og skilyrðin fyrir því að breyta þjóðarheilbrigðisvottorðum í almennt viðurkennd heilbrigðisvottorð,

4) vottun fluglækna sem og skilyrðin fyrir því að heimilislæknar geti gegnt hlutverki fluglækna,

5) reglulegt mat á flugheilbrigði öryggis- og þjónustuliða, sem og réttindi og færni einstaklinga sem bera ábyrgð á þessu mati.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „Skírteini samkvæmt FCL-hluta“: flugliðaskírteini sem uppfyllir kröfur I. viðauka,

2) „JAR-kröfur“: kröfur Flugöryggissamtaka Evrópu sem samþykktar eru af Flugöryggissamtökum Evrópu (JAA) sem voru í gildi 30. júní 2009,

3) „Flugmannsskírteini fyrir létt loftför (LAPL)“: flugmannsskírteini til tómstundaflugs sem um getur í 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008,

4) „Skírteini sem uppfyllir JAR-kröfur“: flugmannsskírteini og tengdar áritanir, vottorð, heimildir og/eða hæfni, sem gefin eru út eða viðurkennd, í samræmi við landslöggjöf, sem endurspeglar JAR-kröfur, og verklagsreglur aðildarríkis sem hefur hrint viðeigandi JAR-kröfum í framkvæmd og sem hefur verið mælt með til gagnkvæmrar viðurkenningar innan kerfi Flugöryggissamtaka Evrópu hvað slíkar JAR-kröfur varðar.

5) „Skírteini sem ekki uppfyllir JAR-kröfur“: flugmannsskírteini sem gefið er út eða viðurkennt af aðildarríki í samræmi við landslöggjöf en hefur ekki verið mælt með til gagnkvæmrar viðurkenningar hvað viðeigandi JAR-kröfur varðar,

([2]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 21.

6) „Viðurkenning“: viðurkenning á fyrri reynslu eða hæfni,

7) „Viðurkenningarskýrsla“: skýrsla sem lögð er til grundvallar viðurkenningu á fyrri reynslu eða hæfni,

8) „Umbreytingarskýrsla“: skýrsla sem lögð er til grundvallar umbreytingar á skírteini í skírteini samkvæmt FCL-hluta,

9) „Heilbrigðisvottorð flugmanna og vottorð fluglækna, sem uppfylla JAR-kröfur“: vottorð sem gefin eru út eða viðurkennd í samræmi við landslöggjöf, sem endurspeglar JAR-kröfur, og verklagsreglur aðildarríkis sem hefur hrint viðeigandi JAR-kröfur í framkvæmd og sem hefur verið mælt með til gagnkvæmrar viðurkenningar innan kerfi Flugöryggissamtaka Evrópu hvað slíkar JAR-kröfur varðar,

10) „Heilbrigðisvottorð flugmanna og vottorð fluglækna, sem ekki uppfylla JAR-kröfur“: vottorð sem gefin eru út eða viðurkennd af aðildarríki í samræmi við landslöggjöf en hefur ekki verið mælt með til gagnkvæmrar viðurkenningar hvað viðeigandi JAR-kröfur varðar.

3. gr.

Veiting flugmannsskírteina og útgáfa heilbrigðisvottorða

Flugmenn loftfara, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. og 5. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, skulu uppfylla tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir sem mælt er fyrir um í I. og IV. viðauka við þessa reglugerð, sbr. þó 7. gr.

4. gr.

Núverandi þjóðarskírteini flugmanna

1. Skírteini sem uppfylla JAR-kröfur, sem eru gefin út eða viðurkennd af aðildarríki fyrir 8. apríl 2012, skulu teljast hafa verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð. Aðildarríki skulu skipta þessum skírteinum út fyrir skírteini sem eru í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í ARA-hluta eigi síðar en 8. apríl 2017.

2. Aðildarríkið, sem gaf út eða viðurkenndi skírteini sem ekki uppfylla JAR-kröfur, þ.m.t. allar tengdar áritanir, vottorð, heimildir og/eða réttindi, áður en reglugerð þessi tók gildi, skal breyta þeim í skírteini samkvæmt FCL-hluta.

3. Skírteinum sem ekki uppfylla JAR-kröfurnar skal breytt í skírteini samkvæmt FCL-hluta og tengdar áritanir eða vottorð í samræmi við:

a) ákvæði II. viðauka eða

b) þættina sem mælt er fyrir um í umbreytingarskýrslu.

4. Umbreytingarskýrslan skal:

a) gerð af aðildarríkinu sem gaf út flugmannsskírteinið að höfðu samráði við Flugöryggisstofnun Evrópu (stofnunina),

b) lýsa landsbundnum kröfum sem voru til grundvallar útgáfu flugmannsskírteinanna,

c) lýsa umfangi þeirra réttinda sem flugmönnum voru veitt,

d) tilgreina fyrir hvaða kröfur í I. viðauka er verið að veita viðurkenningu,

e) tilgreina allar takmarkanir sem þurfa að koma fram á skírteini samkvæmt FCL-hluta og allar kröfur sem flugmaðurinn þarf að uppfylla til að aflétta þessum takmörkunum.

5. Umbreytingarskýrslan skal innihalda afrit af öllum skjölum sem nauðsynleg eru til að sýna fram á þættina sem settir eru fram í a- til e-lið 4. mgr., þ.m.t. afrit af viðeigandi kröfum og málsmeðferð hvers ríkis. Við samningu umbreytingarskýrslunnar skulu aðildarríki leitast við að tryggja, eins og unnt er, að flugmenn haldi núverandi umfangi starfsemi sinnar.

6. Þrátt fyrir 1. og 3. mgr. skulu handhafar vottorða sem flokkskennarar eða flokksprófdómarar, sem hafa réttindi fyrir afkastamikil flókin einstjórnarloftför, breyta þessum réttindum í vottorð sem tegundarkennarar eða tegundaprófdómarar fyrir einstjórnarloftför.

7. Aðildarríki getur heimilað flugnema að neyta takmarkaðra réttinda án eftirlits áður en hann/hún uppfyllir allar nauðsynlegar kröfur fyrir útgáfu flugmannsskírteinis fyrir létt loftför með eftirfarandi skilyrðum:

a) réttindin skulu takmarkast við yfirráðasvæði aðildarríkisins eða hluta þess,

b) réttindin skulu takmarkast við afmarkað landsvæði og við eins hreyfils flugvél með bulluhreyfli með hámarks-flugtaksmassa sem fer ekki yfir 2000 kg og taka ekki til farþegaflutninga,

c) þessar heimildir skulu veittar á grundvelli einstaks öryggisáhættumats, sem kennari framkvæmir í kjölfar heildar áhættumats sem aðildarríki framkvæmir,

d) aðildarríkið skal leggja reglubundna skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina og stofnunina á þriggja ára fresti.

5. gr.

Núverandi þjóðarheilbrigðisvottorð flugmanna og vottorð fluglækna í aðildarríkjunum

1. Heilbrigðisvottorð flugmanna og vottorð fluglækna sem uppfylla JAR-kröfurnar og gefin eru út eða viðurkennd af aðildarríkjum áður en þessi reglugerð tekur gildi skulu teljast hafa verið gefin út í samræmi við þessa reglugerð.

2. Aðildarríkin skulu skipta heilbrigðisvottorðum flugmanna og vottorðum fluglækna út fyrir vottorð sem eru í samræmi við eyðublaðið sem mælt er fyrir um í ARA-hlutanum eigi síðar en 8. apríl 2017.

3. Heilbrigðisvottorð flugmanna og vottorð fluglækna sem ekki uppfylla JAR-kröfur, sem gefin eru út af aðildarríkjum áður en þessi reglugerð tekur gildi, skulu halda gildi sínu fram að dagsetningu næstu framlengingar á gildistíma eða til 8. apríl 2017, eftir því hvort er á undan.

4. Framlengingin á gildistíma vottorðana sem um getur í 1. og 2. mgr. skal vera í samræmi við ákvæði IV. viðauka.

6. gr.

Umbreyting á réttindum til reynsluflugs

1. Flugmenn sem framkvæmdu reynsluflug í 1. og 2. flokki, eins og skilgreint er í viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1702/2003 ([3]), áður en reglugerð þessi tók gildi, eða sem kenndu reynsluflugmönnum, skulu fá reynsluflugsréttindum sínum breytt í reynsluflugsáritanir í samræmi við I. viðauka þessarar reglugerðar og, þar sem við á, vottorð sem kennari reynsluflugmanna frá því aðildarríki sem gaf út reynsluflugsréttindin.

2. Þessi breyting skal fara fram í samræmi við umbreytingarskýrslu sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 4. og 5. mgr. 4.gr.

7. gr.

Núverandi þjóðarskírteini flugvélstjóra í aðildarríkjunum

1. Til að breyta skírteini flugvélstjóra, sem gefin eru út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn, í skírteini samkvæmt FCL-hluta skal handhafi þess sækja um það hjá aðildarríkinu sem gaf út skírteinið.

2. Skírteini flugvélstjóra skal breytt í skírteini samkvæmt FCL-hluta í samræmi við umbreytingarskýrslu sem uppfyllir kröfurnar sem settar eru fram í 4. og 5. mgr. 4.gr.

3. Þegar sótt er um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks (ATPL) fyrir flugvélar skulu ákvæðin um viðurkenningu í 2. mgr. c-liðar FCL.510.A í I. viðauka uppfyllt.

8. gr.

Skilyrði fyrir viðurkenningu á skírteinum frá þriðju löndum

1. Með fyrirvara um 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008 og að því tilskildu að Sambandið og þriðja land hafi ekki gert samning sín á milli varðandi leyfisveitingar flugmanna er aðildarríkjum heimilt að taka gilt skírteini frá þriðja landi sem og tengd heilbrigðisvottorð, sem gefin eru út eða fyrir hönd þriðja lands, í samræmi við ákvæði III. viðauka þessarar reglugerðar.

2. Umsækjendur um skírteini samkvæmt FCL-hluta sem fyrir hafa a.m.k. jafngilt skírteini, áritun eða vottorð, sem gefið var út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins af þriðja landi, skulu uppfylla allar kröfur I. viðauka þessarar reglugerðar nema draga má úr kröfum um lengd námskeiðs, fjölda kennslustunda og tímafjölda sérstakrar þjálfunar.

3. Viðurkenningar þær sem veittar eru umsækjandanum skulu ákvarðast af því aðildarríki sem flugmaðurinn sækir um hjá á grundvelli meðmæla frá samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

4. Handhöfum atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks, sem gefið er út af þriðja landi eða fyrir hönd þess í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, sem uppfylla kröfurnar um reynslu sem þarf fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks fyrir viðeigandi gerð loftfara, eins og sett er fram í F-kafla I. viðauka við þessa reglugerð, má veita fulla viðurkenningu hvað varðar kröfurnar um að sitja eigi þjálfunarnámskeið áður en próf er tekið í bóklegri þekkingu og færniprófi, að því tilskildu að skírteini þriðja lands innihaldi gilda tegundaráritun fyrir loftfarið sem nota á við færniprófið til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks.

5. Gefa má út tegundaráritun fyrir flugvélar eða þyrlur til handhafa skírteina samkvæmt FCL-hluta sem uppfylla kröfur fyrir útgáfu þessara áritana sem þriðja land hefur fastsett. Slíkar áritanir verða einskorðaðar við loftför sem skráð eru í því þriðja landi. Aflétta má þessum hömlum þegar flugmaðurinn uppfyllir kröfurnar í lið C.1 í III. viðauka.

9. gr.

Viðurkenning á þjálfun sem hófst áður en reglugerð þessi tók gildi

1. Að því er varðar útgáfu skírteina samkvæmt FCL-hluta í samræmi við I. viðauka skal viðurkenna að fullu þjálfun sem hófst áður en þessi reglugerð tók gildi í samræmi við kröfur og málsmeðferðarreglur Flugöryggissamtaka Evrópu, undir lögboðnu eftirliti aðildarríkis sem mælt hefur verið með til gagnkvæmrar viðurkenningar innan kerfis Flugöryggissamtaka Evrópu í tengslum við viðeigandi JAR-kröfur, að því tilskildu að þjálfun og prófun sé lokið eigi síðar en 8. apríl 2016.

([3]) Stjtíð. ESB L 243, 27.9.2003, bls. 6.

2. Þjálfun sem hófst áður en þessi reglugerð tók gildi, í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, skal viðurkennd vegna útgáfu skírteinis samkvæmt FCL-hluta á grundvelli viðurkenningarskýrslu sem unnin er af aðildarríki í samráði við stofnunina.

3. Viðurkenningarskýrslan skal lýsa umfangi þjálfunarinnar, tilgreina fyrir hvaða kröfur skírteini samkvæmt FCL-hluta hljóta viðurkenningu og, ef við á, hvaða kröfur umsækjendur þurfa að uppfylla til að fá útgefið skírteini samkvæmt FCL-hluta. Hún skal innihalda afrit af öllum skjölum sem nauðsynleg eru til að sýna fram á umfang þjálfunarinnar og af þeim landsbundnu reglugerðum og málsmeðferðarreglum sem þjálfunin hófst í samræmi við.

10. gr.

Viðurkenning á flugmannsskírteinum sem fengin eru við herþjónustu

1. Til að handhafar skírteina sem herflugliðar geti fengið skírteini samkvæmt FCL-hluta skulu þeir sækja um það til þess aðildarríkis þar sem þeir gegndu herþjónustu.

2. Sú þekking, reynsla og hæfni sem aflað hefur verið við herþjónustu verður viðurkennd með tilliti til viðeigandi krafna í I. viðauka í samræmi við þá þætti viðurkenningarskýrslu sem unnin var af aðildarríkinu í samráði við stofnunina.

3. Viðurkenningarskýrslan skal:

a) lýsa þeim landskröfum sem voru til grundvallar útgáfu á herþjónustuskírteinum, áritunum, vottorðum, heimildum og/eða réttindum.

b) lýsa umfangi þeirra réttinda sem flugmönnum voru veitt,

c) tilgreina fyrir hvaða kröfur í I. viðauka er verið að veita viðurkenningu,

d) tilgreina allar takmarkanir sem þurfa að koma fram á skírteinum samkvæmt FCL-hluta og tilgreina allar kröfur flugmenn þurfa að uppfylla til að aflétta þessum takmörkunum,

e) innihalda afrit af öllum skjölum sem nauðsynleg eru til að sýna fram á ofangreinda þætti, ásamt afritum af viðeigandi landskröfum og málsmeðferðarreglum.

11. gr.

Heilbrigði öryggis- og þjónustuliða

1. Öryggis- og þjónustuliðar sem taka þátt í starfrækslu loftfara, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, skulu fara að tæknilegum kröfum og stjórnsýslumeðferðinni sem mælt er fyrir um í IV. viðauka.

2. Heilbrigðisskoðanir eða heilbrigðismat öryggis- og þjónustuliða sem framkvæmt var í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ([4]) og sem enn eru í gildi þegar reglugerð þessi tekur gildi skulu teljast í gildi samkvæmt þessari reglugerð fram að þeirri dagsetningu sem ber upp fyrst:

a) við lok þess gildistíma sem lögbær yfirvöld ákveða í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 3922/91 eða

b) við lok gildistíma sem kveðið er á um í liðnum MED.C.005 í IV. viðauka.

Gildistími skal teljast frá dagsetningu síðustu heilbrigðisskoðunar eða heilbrigðismats.

Eftir að gildistími rennur út skal allt endurmat á flugheilbrigði framkvæmt í samræmi við IV. viðauka.

12. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 8. apríl 2012.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki eftirfarandi ákvæðum I. viðauka fyrr en 8. apríl 2015:

a) ákvæðum sem tengjast flugmannsskírteinum fyrir vænghnitur, loftskip, loftbelgi og svifflugu,

b) ákvæði B-kafla,

c) ákvæði liða FCL.800, FCL.805, FCL.815 og FCL.820,

d) ef um er að ræða þyrlur, ákvæði 8. liðar í J-kafla,

e) ákvæði 10. og 11. liðar í J-kafla.

3. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að umbreyta ekki skírteinum vegna loftfara og þyrla sem þau hafa gefið út og ekki uppfylla JAR-kröfurnar sem þau gefa út fyrr en 8. apríl 2014.

([4]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

4. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki ákvæðum þessarar reglugerðar á flugmenn með skírteini og tengd heilbrigðisvottorð, sem gefin eru út af þriðja landi sem tekur þátt í starfrækslu, sem ekki er í ábataskyni, á loftförum sem tilgreind eru í b- eða c-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 216/2008, fyrr en 8. apríl 2014.

5. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki ákvæðum 3. liðar í B-kafla IV. viðauka fyrr en 8. apríl 2015.

6. Þrátt fyrir 1. mgr. geta aðildarríki ákveðið að beita ekki ákvæðum C-kafla í IV. viðauka fyrr en 8. apríl 2014.

7. Þegar aðildarríki nýtir sér ákvæði 2. til 6. mgr. skal það tilkynna framkvæmdastjórninni og Flugöryggisstofnuninni um það. Í þessari tilkynningu skal lýsa ástæðunum fyrir slíkum undanþágum sem og áætluninni um framkvæmd, sem inniheldur fyrirhugaðar aðgerðir og tengdar tímasetningar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. nóvember 2011.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

[FCL-HLUTI]

A-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

FCL.001 Lögbært yfirvald

Að því er varðar þennan hluta skal lögbært yfirvald vera yfirvald sem aðildarríki tilnefnir til að taka við umsóknum einstaklinga um flugmannsskírteini eða tengdar áritanir eða vottorð.

FCL.005 Gildissvið

Í þessum hluta eru tilgreindar þær kröfur sem gilda vegna útgáfu flugmannsskírteina og tengdra áritana og vottorða og skilyrðin fyrir gildi þeirra og notkun.

FCL.010 Skilgreiningar

Í þessum hluta er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

„Listflug“: flugbragð sem framkvæmt er af ásetningi sem felur í sér skyndilega breytingu á stöðu loftfars, afbrigðilega stöðu eða afbrigðilega hröðun, sem ekki er nauðsynleg fyrir hefðbundið flug eða vegna kennslu fyrir skírteini eða áritun aðra en listflugsáritun.

„Flugvél“: vélknúið, vængjað loftfar sem er þyngra en loft og helst á lofti vegna verkana loftsins á vængi þess.

„Flugvél þar sem krafist er aðstoðarflugmanns“: tegund flugvélar sem krafist er að sé starfrækt með aðstoðarflugmanni eins og tilgreint er í flughandbókinni eða í flugrekandaskírteininu.

„Loftfar“: sérhvert tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins, annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

„Flugmennska“: sýna stöðugt góða dómgreind og vel þróaða þekkingu, færni og viðhorf til að uppfylla flugmarkmiðin.

„Loftskip“: aflknúið loftfar sem er léttara en loft, að undanskildum loftskipum fyrir heitt loft, sem í þessum hluta falla undir skilgreiningu á loftbelg.

„Loftbelgur“: loftfar sem er léttara en loft sem er ekki vélknúið og heldur flugi annaðhvort með gasi eða hitara sem er um borð. Í þessum hluta er litið á hitaloftskip sem loftbelg, óháð því hvort það er vélknúið.

„Grunnþjálfunartæki fyrir blindflug (BITD)“: þjálfunartæki á jörðu niðri sem líkir eftir starfsstöð flugnemans í tilteknum flokki flugvéla. Það getur verið útbúið mælaborðum í formi skjáa og fjaðurspenntum stýrisbúnaði og er þjálfunarvettvangur fyrir a.m.k. verklag við blindflug.

„Gerð loftfars“: flokkun loftfara samkvæmt tilteknum grundvallareiginleikum, t.d. flugvél, vænghnita, þyrla, loftskip, sviffluga, laus loftbelgur.

„Flokkur flugvélar“: flokkun á einstjórnarflugvélum sem krefjast ekki tegundaráritunar.

„Flokkur loftbelgs“: flokkun á loftbelgjum sem tekur tillit til þeirra aðferða sem notaðar eru til að halda flugi.

„Flutningaflug“: flutningar á farþegum, farmi eða pósti gegn greiðslu eða leigugjaldi.

„Hæfni“: samsetning færni, þekkingar og viðhorfs sem krafist er til þess að vinna verk eftir tilskildum stöðlum.

„Hæfnisþáttur“: aðgerð, sem er hluti af verki, sem á sér upphafsatburð og endaatburð sem skilgreina mörk þess á skýran hátt, og sem hefur sjáanlega niðurstöðu.

„Hæfniseining“: stök aðgerð sem samanstendur af mörgum hæfnisþáttum.

„Aðstoðarflugmaður“: flugmaður sem er ekki flugstjóri í loftfari þar sem krafist er fleiri en eins flugmanns, en ekki flugmaður sem er um borð í loftfarinu einungis í þeim tilgangi að fá flugkennslu til skírteinis eða áritunar.

„Landflug“: flug milli brottfararstaðar og komustaðar í samræmi við fyrirfram ákveðna flugleið þar sem notað er staðlað verklag við flugleiðsögu.

„Aðstoðarflugmaður sem leysir af í farflugi“: flugmaður sem leysir aðstoðarflugmann af við stjórntækin í farflugi yfir fluglagi 200 í fjölstjórnarumhverfi.

„Fartími með kennara“: fartími eða blindflugsæfingatími á jörðu þar sem viðkomandi fær flugkennslu frá kennara með tilskilin réttindi.

„Mistök“: aðgerð eða aðgerðaleysi flugliða sem leiðir til frávika frá væntu skipulagi varðandi framgang flugsins.

„Mistakastjórnun“: ferlið við að greina mistök og bregðast við þeim með mótaðgerðum sem draga úr afleiðingum mistaka eða útrýma þeim og draga úr líkindum á mistökum eða óæskilegu ástandi loftfara.

„Flughermir með fullri hreyfingu“: eftirlíking í fullri stærð af stjórnklefa í loftfari af tiltekinni tegund eða gerð, árgerð og raðframleiðslu, þ.m.t. samsetning allra tækja og hugbúnaðar sem nauðsynleg eru til að samsvara stjórnun loftfarsins í aðgerðum á jörðu niðri og á flugi, sjónrænt kerfi, sem hermir eftir útsýni frá stjórnklefanum, ásamt aflhreyfikerfi.

„Fartími“:

fyrir flugvélar, ferðavélsvifflugur (e. *touring motor gliders)* og vænghnitur, er fartími sá heildartími sem líður frá því að loftfar hreyfist fyrst í því skyni að hefja flugtak þar til það stöðvast að fullu að afloknu flugi,

fyrir þyrlur, er fartími sá heildartími frá því að þyrilblöð þyrlunnar byrja að snúast þar til þyrlan stöðvast að afloknu flugi og þyrilblöðin stöðvast.

fyrir loftskip, er fartími sá heildartími frá því að loftskip er losað frá mastrinu í þeim tilgangi að hefja það á loft þar til að loftskipið stöðvast að afloknu flugi og hefur verið bundið við mastrið,

fyrir svifflugur, er fartími sá heildartími frá því að svifflugan hefur keyrslu sína á jörðu niðri í því skyni að hefja sig á loft þar til að svifflugan stöðvast að afloknu flugi,

fyrir loftbelgi, er fartími sá heildartími frá því að karfan lyftist frá jörðu í því skyni að hefja sig á loft þar til að hún stöðvast að afloknu flugi.

„Fartími í samræmi við blindflugsreglur“: allur sá fartími þar sem loftfarinu er stjórnað í samræmi við blindflugsreglur.

„Flugþjálfunartæki“ (FTD): eftirlíkingar í fullri stærð af tækjum, búnaði, mælaborðum og stjórntækjum tiltekinnar tegundar loftfars í opnum eða lokuðum stjórnklefa, þ.m.t. samsetning búnaðar og hugbúnaðar sem nauðsynleg eru til að sýna dæmigerðar aðstæður í loftfarinu á jörðu niðri og í flugi að því marki sem uppsetning kerfanna í tækinu leyfir. Ekki er þörf á aflhreyfikerfi eða sjónrænu kerfi, nema að því er varðar þyrluflugþjálfunartæki 2 og 3 þar sem sjónrænna kerfa er krafist.

„Flugleiðsöguþjálfi“ (FNPT): þjálfunarbúnaður sem samsvarar umhverfi stjórnklefa, þar á meðal samsetning búnaðar og hugbúnaðar sem nauðsynlegur er til að líkja eftir tegund eða flokki loftfars í starfrækslu að því marki sem kerfin virðast starfa eins og í loftfari.

„Hópur loftbelgja“: flokkun á loftbelgjum þar tekið er tillit til stærðar eða rúmmáls belgsins.

„Þyrla“: loftfar, sem er þyngra en loft, sem helst á flugi aðallega vegna verkana loftsins á einn eða fleiri aflknúna þyrla sem snúast á ásum sem eru að verulegu leyti lóðréttir.

„Blindflugstími“: sá tími sem flugmaðurinn stjórnar loftfari á flugi eingöngu út frá mælitækjum.

„Blindflugsæfingatími á jörðu“: sá tími sem flugmaður æfir blindflug á jörðu niðri í flughermisþjálfum (FSTD).

„Blindflugsæfingatími“: blindflugstími eða blindflugsæfingatími á jörðu.

„Starfræksla í fjölstjórnarumhverfi“:

fyrir flugvélar vísar það til starfrækslu sem krefst minnst tveggja flugmanna í áhafnarsamstarfi í annaðhvort fjölstjórnar- eða einstjórnarflugvélum,

fyrir þyrlur vísar það til starfrækslu sem krefst minnst tveggja flugmanna í áhafnarsamstarfi í fjölstjórnarþyrlum.

„Áhafnarsamstarf“: samstarf flugáhafnar undir stjórn flugstjórans.

„Fjölstjórnarloftför“:

fyrir flugvélar vísar það til flugvéla sem eru vottaðar til starfrækslu með minnst tveimur flugmönnum í áhöfn,

fyrir þyrlur, loftskip og vænghnitur, vísar það til þeirra tegunda loftfara sem krafist er að séu starfræktar með aðstoðarflugmanni, eins og tilgreint er í flughandbókinni eða á flugrekandaskírteininu eða í samsvarandi skjali.

„Nótt “: tímabilið á milli loka ljósaskipta að kvöldi og að upphafi ljósaskipta að morgni eða annað slíkt tímabil milli sólseturs og sólarupprásar sem er mælt fyrir af viðkomandi yfirvöldum, eins og það er skilgreint af aðildarríkinu.

„Annar þjálfunarbúnaður“: þjálfunarbúnaður annar en flughermar, flugþjálfunartæki eða flugleiðsöguþjálfar þar sem unnt er að veita þjálfun þegar fullbúið stjórnklefaumhverfi er ekki nauðsynlegt.

„Frammistöðuviðmiðun“: einföld matsskýrsla um niðurstöðuna sem krafist er hvað varðar hæfnisþáttinn og lýsing á þeim viðmiðunum sem eru notaðar til að meta hvort það stig frammistöðu sem krafist er hafi náðst.

„Flugstjóri“: flugmaður sem er tilnefndur sem flugstjóri og sem hefur það hlutverk að tryggja öruggt flug.

„Flugstjóri undir umsjón flugstjóra“: aðstoðarflugmaður sem gegnir skyldum og hlutverki flugstjóra undir umsjón flugstjórans.

„Vænghnita“: hver sú flugvél sem fær lóðrétta lyftingu og afl/lyftingu á flugi frá þyrlum í mismunandi stærðum eða frá hreyflum/knúningsbúnaði sem festur er á eða er innan í bolnum eða á vængjunum.

„Vélsviffluga“: loftfar sem útbúið er með einum eða fleiri hreyflum og hefur einkenni sviffflugu þegar hreyflar þess eru óstarfhæfir.

„Einkaflugmaður“: flugmaður sem er handhafi skírteinis sem heimilar ekki stjórnun loftfars í starfrækslu gegn gjaldi, að kennslu eða prófum undanskildum, eins og kveðið er á um í þessum hluta.

„Hæfnipróf“: sýnt fram á hæfni til að framlengja eða endurnýja áritun, svo og þau munnlegu próf sem prófdómari kann að krefjast.

„Endurnýjun (t.d. áritunar eða vottorðs)“: stjórnvaldsaðgerð sem gerð er eftir að áritun eða skírteini eru útrunnin og sem endurnýjar réttindi áritunarinnar eða skírteinisins um nánar tiltekinn tíma að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

„Framlenging (t.d. áritunar eða vottorðs)“: stjórnvaldsaðgerð sem gerð er á gildistímabili áritunar eða skírteinis og leyfir handhafa að halda áfram að neyta réttinda áritunar eða skírteinis um nánar tiltekinn tíma að uppfylltum tilteknum kröfum.

„Flug“: flug sem í er flugtak, brottför, farflug ekki skemmra en 15 mínútur, koma, aðflug og lending.

„Sviffluga“: loftfar sem er þyngra en loft og haldist getur á flugi vegna verkana loftkrafta á fleti sem eru óhreyfanlegir og sem krefst ekki hreyfils meðan á frjálsu flugi stendur.

„Einstjórnarloftfar“: loftfar með vottun fyrir starfrækslu með einn flugmann.

„Færniprófˮ: sönnun á færni vegna útgáfu skírteinis eða áritunar, svo og þau munnlegu próf sem prófdómari kann að krefjast.

„Einflugstímiˮ: sá fartími sem flugnemi er einn í loftfarinu.

„Flugstjóri með kennaraˮ (SPIC): flugnemi sem starfar sem flugstjóri með kennara þar sem sá síðarnefndi fylgist einungis með flugnemanum fljúga en á ekki að hafa áhrif á eða stjórna flugi loftfarsins.

„Hættirˮ: atburðir eða mistök sem eiga sér stað án þess að flugliðar fái við það ráðið, sem flækja starfrækslu og sem nauðsynlegt er að bregðast við til að viðhalda öryggismörkunum.

„Hættustjórnunˮ: ferlið við að greina hættur og bregðast við þeim með mótaðgerðum sem draga úr afleiðingum hætta eða útrýma þeim og draga úr líkum á mistökum eða óæskilegu ástandi loftfara.

„Ferðavélsvifflugaˮ: sérstakur flokkur vélsvifflugu sem hefur sambyggðan, óinndrægan hreyfil og óinndræga skrúfu. Hún skal geta hafið sig á loft og klifrað fyrir eigin afli í samræmi við flughandbók viðkomandi svifflugu.

„Tegund loftfarsˮ: flokkun loftfara þar sem krafist er tegundaráritunar, eins og ákvarðað hefur verið í gögnum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í 21. hluta, og sem inniheldur öll loftför af sömu grunnhönnun, þ.m.t. allar breytingar þar á, að undanskildum breytingum sem hafa áhrif á stjórnunar- eða flugeiginleika.

FCL.015 Umsókn og útgáfa skírteina, áritana og vottorða

a) Umsókn um útgáfu, framlengingu eða endurnýjun á flugmannsskírteinum og tengdum áritunum og vottorðum skal lögð inn hjá lögbæra yfirvaldinu á því formi og á þann hátt sem það yfirvald ákveður. Umsókninni skulu fylgja gögn sem staðfesta að umsækjandinn standist viðeigandi kröfur fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun skírteinisins eða vottorðsins, sem og tengdar áritanir eða viðbótaráritanir, eins og kveðið er á um í þessum hluta og MED-hlutanum.

b) Allar takmarkanir eða viðbætur við þau réttindi sem skírteini, áritun eða vottorð veita skulu tilgreindar á skírteininu eða vottorðinu af lögbæru yfirvaldi.

c) Einstaklingur má ekki vera handhafi fleiri en eins skírteinis fyrir hverja gerð loftfars sem gefið er út í samræmi við þennan hluta.

d) Umsókn um útgáfu skírteinis fyrir aðra gerð loftfars, eða um útgáfu frekari áritana eða vottorða, sem og breytingu, framlengingu eða endurnýjun á þessum skírteinum, áritunum eða vottorðum, skal lögð fyrir það lögbæra yfirvald sem upphaflega gaf út flugmannsskírteinið, nema þegar flugmaðurinn hefur óskað eftir því að skipta um lögbært yfirvald og að skrár um skírteini hans og heilbrigði verði fluttar til þess yfirvalds.

FCL.020 Flugnemi

Flugnemi skal ekki fljúga einn nema að hann hafi til þess heimild og sé undir umsjón flugkennara.

Áður en fyrsta einflug hans/hennar fer fram skal flugnemi a.m.k. hafa náð:

hvað varðar flugvélar, þyrlur og loftskip: 16 ára aldri.

hvað varðar svifflugur og loftbelgi: 14 ára aldri.

FCL.025 Próf í bóklegri þekkingu vegna útgáfu skírteina

a) *Ábyrgð umsækjandans*

1) Umsækjendur skulu taka öll próf vegna sérstaks skírteinis eða áritunar undir ábyrgð eins aðildarríkis.

2) Samþykkt þjálfunarfyrirtæki, sem ber ábyrgð á þjálfun umsækjanda, skal mæla með umsækjanda til prófs þegar umsækjandi hefur lokið viðkomandi hlutum námskeiðs í bóklegri kennslu með fullnægjandi árangri.

3) Meðmælin frá samþykktu þjálfunarfyrirtæki skulu gilda í 12 mánuði. Ef umsækjandinn hefur ekki þreytt próf í bóklegri þekkingu í a.m.k. einni námsgrein innan þessa gildistíma skal samþykkta þjálfunarfyrirtækið ákvarða þörf á frekari þjálfun, byggt á þörfum umsækjandans.

b) *Prófkröfur*

1) Umsækjandi telst hafa staðist próf í einni námsgrein ef hann hefur nær minnst 75% af þeim einingum sem gefnar eru fyrir verkefnið. Engar refsieiningar eru gefnar.

2) Umsækjandi hefur, nema kveðið sé á um annað í þessum hluta, lokið prófi á bóklegri þekkingu til viðeigandi flugmannsskírteinis eða áritunar á fullnægjandi hátt þegar hann/hún hefur staðist próf í öllum þeim námsgreina sem krafist er innan 18 mánaða tímabils talið frá lokum þess almanaksmánaðar sem umsækjandinn þreytti fyrst próf.

3) Ef umsækjandi hefur ekki staðist próf í einu verkefni eftir fjórar tilraunir, eða hefur ekki staðist öll próf eftir annaðhvort sex prófsetur eða innan þess tímabils sem nefnt er í 2. lið, skal hann/hún þreyta öll prófin á ný.

Áður en umsækjandinn tekur prófin aftur skal hann gangast undir frekari þjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Umfang þeirrar þjálfunar sem þörf er á skal ákvarðast af þjálfunarfyrirtækinu, og skal sú ákvörðun byggjast á þörfum umsækjandans.

c) *Gildistími*

1) Þegar umsækjandi hefur staðist próf í bóklegri þekkingu mun það vera í gildi:

i. í 24 mánuði vegna útgáfu á flugmannsskírteini fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteini, skírteini svifflugmanns eða flugmannsskírteini fyrir loftbelg,

ii. í 36 mánuði vegna útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis eða blindflugsáritunar,

iii. tímabilin í i. og ii. lið gilda frá þeim degi sem flugmaður stenst próf í bóklegri þekkingu í samræmi við 2. lið b-liðar.

2) Lúkning prófs í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL) skal vera í gildi vegna útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks í 7 ár frá síðasta gildisdegi:

i. blindflugsáritunar sem tiltekin er í skírteininu eða

ii. hvað varðar þyrlur, tegundaráritunar á þyrlu sem tiltekin er í því skírteini.

FCL.030 Færnipróf

a) Áður en tekið er færnipróf vegna útgáfu skírteinis, áritunar eða vottorðs skal umsækjandi hafa staðist viðeigandi bóklegt próf nema hvað varðar þá umsækjendur sem eru í samtvinnuðu flugnámi.

Kennslu undir viðeigandi bóklegt próf skal alltaf vera lokið áður en færnipróf eru tekin.

b) Umsækjandi um færnipróf skal hafa meðmæli skólans eða einstaklingsins sem bar ábyrgð á þjálfun hans, nema þegar atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks er gefið út. Prófdómarinn skal hafa aðgang að þjálfunarskránum.

FCL.035 Viðurkenning á fartíma og bóklegri þekkingu

a) *Viðurkenning á fartíma*

1) Ef ekki er kveðið á um annað í þessum hluta skal fartími sem viðurkenna á vegna skírteinis, áritunar eða vottorðs hafa verið floginn í loftfari af sömu gerð og það sem sótt er um skírteini eða áritun fyrir.

2) Flogið sem flugstjóri eða með kennara.

i. Umsækjandi um skírteini, áritun eða vottorð fær fulla viðurkenningu á öllum einflugstímum, fartímum með kennara eða sem flugstjóri sem hluta af þeim heildarfartíma sem krafist er vegna skírteinisins, áritunarinnar eða vottorðsins.

ii. Aðili sem er útskrifaður úr samtvinnuðu flugnámi fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks á rétt til að fá viðurkennda allt að 50 fartíma sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) í blindflugsnámi sem hluta af þeim flugstjóratímum sem krafist er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks, atvinnuflugmannsskírteinis og tegundar- eða flokksáritunar fyrir fjölhreyfla loftfar.

iii. Aðili sem er útskrifaður af samtvinnuðu atvinnuflugmanns-/blindflugsnámskeiði (CPL/IR) á rétt til að fá viðurkennda allt að 50 fartíma sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) í blindflugsnámi sem hluta af þeim flugstjóratímum sem krafist er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis eða tegundar- eða flokksáritunar fyrir fjölhreyfla loftfar.

3) Fartími sem aðstoðarflugmaður. Þegar handhafi flugmannsskírteinis er aðstoðarflugmaður eða flugstjóri undir umsjón flugstjóra á hann rétt á að fá viðurkennda alla fartíma sína sem aðstoðarflugmaður sem hluta af þeim heildarfartíma sem krafist er til útgáfu hærra stigs flugmannsskírteinis, ef ekki er kveðið á um annað í þessum hluta

b) *Viðurkenning á bóklegri þekkingu*

1) Umsækjandi sem staðist hefur bóklegt próf til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks telst uppfylla kröfur um bóklega þekkingu til flugmannsskírteinis fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteinis, atvinnuflugmannsskírteinis og, nema hvað varðar þyrlur, blindflugsáritunar fyrir sömu gerð loftfars.

2) Umsækjandi sem staðist hefur bóklegt próf til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis telst uppfylla kröfur um bóklega þekkingu til flugmannsskírteinis fyrir létt loftför eða einkaflugmannsskírteinis á sömu gerð loftfars.

3) Handhafi blindflugsáritunar, eða umsækjandi sem hefur staðist bóklegt blindflugspróf fyrir gerð loftfars, telst uppfylla að fullu kröfur um kennslu í bóklegum greinum og bókleg próf til blindflugsáritunar fyrir aðra gerð loftfars.

4) Handhafi flugmannsskírteinis hlýtur viðurkenningu upp í kröfur um kennslu í bóklegri þekkingu og bókleg próf fyrir skírteini á annarri gerð loftfars í samræmi við 1. viðbæti við þennan hluta.

Þessi viðurkenning á einnig við um umsækjendur um flugmannsskírteini sem hafa þegar staðist bóklegt próf vegna útgáfu þess skírteinis á annarri gerð loftfars, að því tilskildu að það sé innan þess gildistíma sem tilgreindur er í c-lið í hluta FCL.025.

FCL.040 Neyting réttinda skírteina

Neyting þeirra réttinda sem skírteinið veitir ákvarðast af gildi þeirra áritana sem í því er að finna, ef við á, og heilbrigðisvottorðinu.

FCL.045 Skylda til að bera og framvísa skjölum

a) Flugmaður skal ávallt hafa gilt skírteini og gilt heilbrigðisvottorð meðferðis þegar réttinda skírteinisins er neytt.

b) Flugmaðurinn skal einnig hafa meðferðis persónuskilríki með mynd af honum/henni.

c) Flugmaður eða flugnemi skal tafarlaust framvísa flugdagbók sinni til skoðunar þegar um það er beðið af viðurkenndum fulltrúa lögbærs yfirvalds.

d) Á öllum einflugum í landflugi skal flugnemi hafa meðferðis leyfið sem gerð er krafa um í a-lið í hluta FCL.020.

FCL.050 Skráning á fartíma

Flugmaðurinn skal geyma upplýsingar um öll flug flogin í áreiðanlegri skrá með dagbókarsniði sem lögbæra yfirvaldið getur fallist á.

FCL.055 Tungumálakunnátta

a) Almennt. Flugmenn í flugvélum, þyrlum, vænghnitum og loftskipum, sem krafa er um að noti talstöðvar, skulu ekki neyta réttinda skírteina sinna og áritana nema að þeir hafi áritun um tungumálakunnáttu í skírteini sínu á annaðhvort ensku eða því tungumáli sem notað er í talstöðvasamskiptum í viðkomandi flugi. Áritunin skal tilgreina tungumálið, kunnáttustigið og gildisdagsetningu.

b) Umsækjandi um áritun um tungumálakunnáttu skal sýna fram á að hann hafi tungumálakunnáttu sem svarar a.m.k. til starfrækslustigs, bæði hvað varðar orðfæri og venjulegt málfar, í samræmi við 2. viðbæti þessa hluta. Til að gera það skal umsækjandi geta:

1) átt virk talsamskipti í síma/talstöð og samskipti augliti til auglitis,

2) haft samskipti um almenn og starfstengd málefni af nákvæmni og skýrleika,

3) notað viðeigandi aðferðir til að boðskipta og til að koma auga á og leiðrétta misskilning í almennu eða starfstengdu samhengi,

4) leyst á fullnægjandi hátt þann tungumálavanda sem upp kemur við erfiðar eða óvæntar aðstæður í tengslum við venjubundnar starfsaðstæður eða samskiptaverkefni sem viðkomandi er að öðru leyti kunnugur og

5) notað mállýsku eða hreim sem skilst meðal þeirra sem starfa við flug.

c) Að undanskildum þeim flugmönnum sem hafa sýnt fram á tungumálakunnáttu á sérfræðistigi í samræmi við 2. viðbæti þessa hluta skal áritunin um tungumálakunnáttu endurmetin:

1) á fjögurra ára fresti hvað varðar starfrækslustig eða

2) á sex ára fresti hvað varðar framhaldsstig.

d) Sérstakar kröfur fyrir handhafa blindflugsáritunar. Án þess að hafa áhrif á liðina að ofan, skulu handhafar blindflugsáritunar hafa sýnt fram á færni til þess að nota ensku á því stigi sem gerir þeim kleift:

1) að skilja allar upplýsingar sem tengjast því að ljúka öllum stigum flugs, þ.m.t. undirbúningur flugs,

2) að nota talstöðvar á öllum stigum flugs, þ.m.t. þegar um neyðarástand er að ræða,

3) að hafa samskipti við aðra áhafnarmeðlimi á öllum stigum flugs, þ.m.t. við undirbúning flugs.

e) Handhafar blindflugsáritunar skulu sýna skal fram á tungumálakunnáttu sína og notkun enskrar tungu með þeirri matsaðferð sem lögbært yfirvald ákveður.

FCL.060 Nýleg reynsla

a) Loftbelgir. Flugmaður skal ekki starfrækja loftbelg í flutningaflugi eða til að flytja farþega nema hann/hún hafi á síðustu 180 dögum lokið við:

1) a.m.k. þrjú flug sem flugmaður á loftbelg og a.m.k. eitt þeirra hafi verið í loftbelg í viðeigandi flokki eða hóp eða

2) eitt flug í viðeigandi flokki eða hóp loftbelgja undir umsjón leiðbeinanda sem hefur réttindi í samræmi við J-kafla.

b) Flugvélar, þyrlur, vænghnitur, loftskip og svifflugur. Flugmaður skal ekki starfrækja loftfar í flutningaflugi eða til að flytja farþega:

1) sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður nema hann/hún hafi framkvæmt a.m.k. þrjú flugtök, aðflug og lendingar á síðustu 90 dögum á loftfari af sömu tegund eða flokki eða í flughermi með fullri hreyfingu, sem líkir eftir þeirri tegund eða flokki sem nota skal. Þessi þrjú flugtök og lendingar skal framkvæma við starfrækslu í annaðhvort fjölstjórnar- eða einstjórnarumhverfi, eftir því hvaða réttindi flugmaðurinn hefur og

2) sem flugstjóri að nóttu nema hann/hún:

i. hafi á síðustu 90 dögum framkvæmt a.m.k. eitt flugtak, aðflug og lendingu að nóttu til sem flugmaður á loftfari af sömu tegund eða flokki eða í flughermi með fullri hreyfingu, sem líkir eftir þeirri tegund eða flokki sem nota skal, eða

ii. hafi blindflugsáritun,

3) sem aðstoðarflugmaður sem leysir af í farflugi nema hann/hún:

i. hafi farið að kröfunum í 1. lið b-liðar eða

ii. hafi á síðustu 90 dögum framkvæmt a.m.k. þrjú flug sem flugmaður, sem leysir af í farflugi, á sömu tegund eða flokk loftfars, eða

iii. hafi lokið æfingu í flughermi með fullri hreyfingu til að uppfylla skilyrði um nýlega reynslu og flugþjálfun til upprifjunar á minnst 90 daga fresti. Þessa upprifjunarþjálfun má sameina þeirri upprifjunarþjálfun fyrir flugrekstraraðila sem mælt er fyrir um í OR.OPS-hlutanum.

4) Þegar flugmaður hefur réttindi til að starfrækja fleiri en eina tegund flugvéla með svipaða eiginleika hvað varðar stjórnun og starfrækslu, má framkvæma öll þrjú flugtökin, aðflugin og lendingarnar, sem krafist er í 1. lið, í samræmi við það sem fram kemur í gögnunum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta.

5) Þegar flugmaður hefur réttindi til að starfa á fleiri en einni tegund einfaldra þyrla með svipaða eiginleika hvað varðar stjórnun og starfrækslu, eins og skilgreint er í gögnum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta, má framkvæma öll þrjú flugtökin, aðflugin og lendingarnar, sem krafist er í 1. lið, í aðeins einni tegundanna að því tilskildu að flugmaðurinn hafi flogið a.m.k. tvo fartíma sem flugmaður á hverri tegund þyrlnanna á næstliðnum sex mánuðum.

c) Sérstakar kröfur fyrir flutningaflug:

1) Hvað varðar flutningaflug má lengja 90 daga tímabilið sem kveðið er á um í 1. og 2. lið b-liðar hér að ofan í allt að 120 daga ef flugmaðurinn flýgur leiðarflug undir umsjón tegundarkennara eða tegundarprófdómara.

2) Þegar flugmaðurinn uppfyllir ekki kröfu 1. lið skal hann/hún ljúka þjálfunarflugi í loftfarinu eða í flughermi með fullri hreyfingu af sama tagi og það loftfar sem nota á, sem skal fela í sér a.m.k. kröfurnar sem lýst er í 1. og 2. lið b-liðar áður en hann/hún getur neytt réttinda sinna.

FCL.065 Réttindamissir skírteinishafa sem náð hafa 60 ára aldri eða meira í flutningaflugi

a) Frá 60-64 ára aldri. Flugvélar og þyrlur. Handhafi flugmannsskírteinis sem hefur náð 60 ára aldri skal ekki starfa sem flugmaður á loftfari í flutningaflugi nema:

1) sem hluti af fjölstjórnaráhöfn, og

2) að því tilskildu að þessi handhafi sé eini flugmaðurinn í flugáhöfninni sem hefur náð 60 ára aldri.

b) Við 65 ára aldur. Handhafi flugmannsskírteinis sem hefur náð 65 ára aldri skal ekki starfa sem flugmaður á loftfari í flutningaflugi.

FCL.070 Afturköllun, tímabundin ógilding og takmörkun skírteina, áritana og vottorða

a) Skírteini, áritanir og vottorð sem gefin eru út í samræmi við þennan hluta má takmarka, ógilda tímabundið eða afturkalla af lögbæru yfirvaldi þegar flugmaðurinn stenst ekki kröfurnar í þessum hluta, MED-hlutanum eða viðeigandi flugrekstrarkröfur, í samræmi við skilyrðin og málsmeðferðarreglurnar sem mælt er fyrir um í ARA-hlutanum.

b) Þegar skírteini flugmanns hefur verið afturkallað eða það ógilt tímabundið skal hann/hún tafarlaust skila skírteininu eða vottorðinu til lögbæra yfirvaldsins.

B-KAFLI

FLUGMANNSSKÍRTEINI FYRIR LÉTT LOFTFÖR — LAPL

1. ÞÁTTUR

Almennar kröfur

FCL.100 Flugmannsskírteini fyrir létt loftför — Lágmarksaldur

Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir létt loftför skulu hafa náð:

a) minnst 17 ára aldri hvað varðar flugvélar og þyrlur,

b) minnst 16 ára aldri hvað varðar svifflugur og loftbelgi.

FCL.105 Flugmannsskírteini fyrir létt loftför — Réttindi og skilyrði

a) Almennt. Réttindi handhafa flugmannsskírteinis fyrir létt loftför heimila honum að starfa án þóknunar sem flugstjóri í flugi sem ekki er í ábataskyni á viðeigandi gerð loftfars.

b) Skilyrði. Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir létt loftför skulu hafa uppfyllt kröfurnar fyrir viðeigandi gerð loftfars og, þegar við á, fyrir þann flokk eða tegund loftfars sem notað er í færniprófinu.

FCL.110 Flugmannsskírteini fyrir létt loftför — Viðurkenning á sömu gerð loftfars

a) Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir létt loftför sem hafa haft annað skírteini fyrir sömu gerð loftfars skulu fá fulla viðurkenningu í tengslum við kröfur fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför af þeirri gerð loftfars.

b) Ef skírteinið er útrunnið þarf umsækjandinn að standast færniprófið í samræmi við hluta FCL.125 til að fá útgefið flugmannsskírteini fyrir létt loftför á viðeigandi gerð loftfars, sbr. þó liðinn að ofan.

FCL.115 Flugmannsskírteini fyrir létt loftför — Þjálfunarnámskeið

Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir létt loftför skulu ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðið skal fela í sér bóklega- og verklega flugkennslu sem samsvarar veittum réttindum.

FCL.120 Flugmannsskírteini fyrir létt loftför — Próf í bóklegri þekkingu

Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir létt loftför skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegrar þekkingar sem samsvarar veittum réttindum með prófum í eftirfarandi:

a) almennar námsgreinar:

– Lög og reglur um loftferðir,

– Mannleg geta,

– Veðurfræði og

– Fjarskipti,

b) sérstakar námsgreinar er lúta að mismunandi gerðum loftfara:

– Flugfræði,

– Verklagsreglur í flugi,

– Afkastageta og áætlanagerð,

– Almenn þekking á loftförum, og

– Flugleiðsaga.

FCL.125 Flugmannsskírteini fyrir létt loftför — Færnipróf

a) Með því að ljúka færniprófi skulu umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir létt loftför sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri á viðeigandi gerð loftfars og fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar veittum réttindum.

b) Umsækjendur um færniprófið skulu hafa fengið flugkennslu í sama flokki eða tegund loftfars og nota á í færniprófinu. Réttindin takmarkast við þann flokk eða tegund loftfars sem notað er í færniprófinu þar til viðbótarréttindi hafa verið veitt í skírteinið, í samræmi við þennan kafla.

c) *Prófkröfur*

1) Færniprófinu skal skipt upp í mismunandi hluta sem líkja eftir öllum mismunandi stigum flugs sem eiga við um þá gerð loftfars sem flogið er.

2) Falli umsækjandi í einu atriði tiltekins hluta er hann fallinn í öllum hlutanum. Ef umsækjandi fellur aðeins í einum hluta skal hann/hún aðeins taka þann hluta aftur. Falli umsækjandinn í fleiri en einum hluta fellur hann á prófinu í heild sinni.

3) Þegar endurtaka þarf prófið í samræmi við 2. lið og umsækjandi fellur í einhverjum hlutanna, þ.m.t. hlutar sem hann stóðst í fyrri tilraun, fellur hann á prófinu í heild sinni.

4) Hafi umsækjandi ekki staðist alla hluta prófsins eftir tvær tilraunir skal hann gangast undir frekari verklega þjálfun.

2. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar — LAPL(A)

FCL.105.A Flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar — Réttindi og skilyrði

a) Réttindi handhafa flugmannsskírteina fyrir léttar flugvélar heimila honum að starfa sem flugstjóri á einhreyfils landflugvél með bulluhreyfli eða ferðavélsvifflugu með skráðum hámarksflugtaksmassa, sem er 2000 kg eða minni, með að hámarki þrjá farþega, þannig að aldrei séu fleiri en fjórar manneskjur um borð í loftfarinu.

b) Handhafar flugmannsskírteina fyrir léttar flugvélar skulu aðeins fljúga með farþega eftir að hafa lokið við 10 klst. fartíma sem flugstjóri á flugvélum eða ferðavélsvifflugum eftir að skírteinið er gefið út.

FCL.110.A Flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar — Reynslukröfur og viðurkenningar

a) Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar skulu hafa lokið a.m.k. 30 fartímum á flugvélum eða ferðavélsvifflugum, þ.m.t. a.m.k.:

1) 15 fartíma með kennara, í þeim flokki sem taka á færniprófi,

2) 6 einflugstíma undir umsjón, þ.m.t. a.m.k. 3 einflugstímar í landflugi, þar af a.m.k. eitt landflug sem er a.m.k. 150 km langt (80 sjómílur) með stöðvunarlendingu á öðrum flugvelli en brottfararflugvelli.

b) Sértækar kröfur vegna umsækjenda með skírteini svifflugmanns fyrir léttar sviffflugur með viðbótarréttindum fyrir ferðavélsvifflugu. Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar, sem hafa skírteini svifflugmanns fyrir léttar sviffflugur með viðbótarréttindum fyrir ferðavélsvifflugu, skulu hafa lokið við a.m.k. 21 klst. fartíma í ferðavélsvifflugu eftir að viðbótarréttindi fyrir ferðavélsvifflugu voru veitt og farið að kröfum a-liðar í hluta FCL.135.A um flugvélar.

c) Viðurkenningar. Umsækjendum með fyrri reynslu sem flugstjórar má veita viðurkenningu til móts við kröfurnar í a-lið.

Umfang viðurkenningar skal ákvarðast af samþykkta þjálfunarfyrirtækinu þar sem flugmaðurinn gengst undir þjálfunarnámskeið á grundvelli inntökuflugprófs en má ekki undir nokkrum kringumstæðum:

1) vera umfram heildarfartíma sem flugstjóri,

2) vera umfram 50% af þeim tímafjölda sem gerð er krafa um í a-lið,

3) taka til krafna 2.liðar a-liðar.

FCL.135.A Flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar —viðbótarréttindi fyrir annan flokk eða afbrigði flugvélar

a) Réttindi flugmannsskírteina fyrir léttar flugvélar skulu takmarkast við þann flokk og það afbrigði flugvéla eða ferðavélsvifflugna sem færniprófið var þreytt í. Þessari takmörkun má aflétta þegar flugmaðurinn hefur lokið eftirfarandi í öðrum flokki:

1) flugkennslu í 3 tíma, þ.m.t.:

i. 10 flugtök og lendingar með kennara, og

ii. 10 flugtök og lendingar í einflugi undir umsjón.

2) færniprófi sem sýnir fram á fullnægjandi verklega færni í hinum nýja flokki. Á meðan á þessu færniprófi stendur skal umsækjandi einnig sýna prófdómara fram á að hann búi yfir nægilegri bóklegri þekkingu á hinum flokknum í eftirfarandi námsgreinum:

i. Verklagsreglur í flugi,

ii. Afkastageta og áætlanagerð,

iii. Almenn þekking á loftförum.

b) Áður en handhafi flugmannsskírteinis fyrir létt loftför getur neytt réttinda skírteinisins á öðru afbrigði flugvélar en því sem notað er í færniprófinu skal flugmaðurinn gangast undir mismunar- og kynningarþjálfun. Skrá skal mismunarþjálfunina í flugdagbók flugmannsins, eða í sambærilegu skjali, og hún undirrituð af kennara.

FCL.140.A Flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar — kröfur um nýlega reynslu

a) Handhafar flugmannsskírteina fyrir léttar flugvélar skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna þegar þeir hafa lokið eftirfarandi á síðustu 24 mánuðum sem flugmenn flugvéla eða ferðavélsvifflugna:

1) a.m.k. 12 klst. í fartíma sem flugstjórar, þ.m.t. 12 flugtök og lendingar, og

2) upprifjunarþjálfun í a.m.k. einn klukkutíma af heildarfartíma með kennara.

b) Handhafar flugmannsskírteina fyrir léttar flugvélar sem ekki uppfylla kröfur a-liðar skulu:

1) taka hæfnipróf með prófdómara áður en þeir neyta réttinda skírteina sinna á ný, eða

2) ljúka við fleiri fartíma eða flugtök og lendingar þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara til að uppfylla kröfurnar í a-lið.

3. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur — LAPL(H)

FCL.105.H Flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur — Réttindi

Réttindi handhafa flugmannsskírteinis fyrir léttar þyrlur heimila honum að starfa sem flugstjóri á einhreyfilsþyrlum með skráðum hámarksflugtaksmassa sem nemur 2000 kg eða minna, með að hámarki þrjá farþega, þannig að aldrei séu fleiri en fjórar manneskjur um borð.

FCL.110.H Flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur — Reynslukröfur og viðurkenningar

a) Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur skulu hafa lokið 40 tíma flugkennslu á þyrlu. Þar af skal a.m.k.35 tímum vera flogið á þeirri tegund þyrlu sem nota á við færniprófið. Flugkennslan skal a.m.k. ná yfir eftirfarandi:

1) 20 fartíma með kennara, og

2) 10 einflugstíma undir umsjón, þ.m.t. a.m.k. 5 einflugstímar í landflugi, þar af a.m.k. eitt landflug sem er a.m.k. 150 km langt (80 sjómílur) með stöðvunarlendingu á flugvelli öðrum en brottfararflugvelli.

b) Viðurkenningar. Umsækjendum með fyrri reynslu sem flugstjórar má veita viðurkenningu til móts við kröfurnar í a-lið.

Umfang viðurkenningar skal ákvarðast af samþykkta þjálfunarfyrirtækinu þar sem flugmaðurinn gengst undir þjálfunarnámskeið á grundvelli inntökuflugprófs en má ekki undir nokkrum kringumstæðum:

1) vera umfram heildar fartíma sem flugstjóri,

2) vera umfram 50% af tímafjölda sem gerð er krafa um í a-lið,

3) taka til krafna 2. liðar í a-lið.

FCL.135.H Flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur — viðbótarréttindi fyrir aðra tegund eða afbrigði þyrlna

a) Réttindi flugmannsskírteina fyrir léttar þyrlur skulu takmarkast við þá tegund og það afbrigði þyrlu sem færniprófið var þreytt í. Þessari takmörkun má aflétta þegar flugmaðurinn hefur lokið:

1) 5 tímum af flugkennslu, þ.m.t.:

i. 15 flugtök, aðflug og lendingar með kennara,

ii. 15 flugtök, aðflug og lendingar í einflugi undir umsjón,

2) færniprófi sem sýnir fram á fullnægjandi verklega færni í hinni nýju tegund. Á meðan á þessu færniprófi stendur skal umsækjandi einnig sýna prófdómara fram á að hann búi yfir nægilegri bóklegri þekkingu á hinni tegundinni í eftirfarandi námsgreinum:

– Verklagsreglur í flugi,

– Afkastageta og áætlanagerð,

– Almenn þekking á loftförum.

b) Áður en handhafi flugmannsskírteinis fyrir léttar þyrlur getur neytt réttinda skírteinisins í öðru afbrigði þyrlu en því sem notað er í færniprófinu skal flugmaðurinn gangast undir mismununar- og kynningarþjálfun, eins og kveðið er á um í gögnum um örugga starfrækslu sem komið var á fót í samræmi við 21. hluta. Skrá skal mismunarþjálfunina í flugdagbók flugmannsins, eða í sambærilegu skjali, og hún undirrituð af kennara.

FCL.140.H Flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur — kröfur um nýlega reynslu

a) Handhafar flugmannsskírteina fyrir léttar þyrlur skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna á tiltekna tegund þegar þeir hafa á síðustu 12 mánuðum á þeirri tegund þyrlna lokið:

1) a.m.k. 6 klst. fartíma sem flugstjóri, þ.m.t. 6 flugtök, aðflug og lendingar, og

2) upprifjunarþjálfun í a.m.k. einn klukkutíma af heildarfartíma með kennara.

b) Handhafar flugmannsskírteina fyrir léttar þyrlur sem ekki uppfylla kröfur a-liðar skulu:

1) standast hæfnipróf með prófdómara á tiltekna tegund áður en þeir neyta réttinda skírteina sinna á ný, eða

2) ljúka við fleiri fartíma eða flugtök og lendingar þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara til að uppfylla kröfurnar í a-lið.

4. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur — LAPL(S)

FCL.105.S Skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur — Réttindi og skilyrði

a) Réttindi handhafa flugmannsskírteinis fyrir léttar svifflugur eru að starfa sem flugstjórar svif- og vélsvifflugna. Til þess að nýta réttindin á ferðavélsvifflugu skal handhafinn uppfylla kröfurnar í hluta FCL.135.S.

b) Handhafar skírteina svifflugmanns fyrir léttar svifflugur skulu aðeins fljúga með farþega eftir að hafa lokið við 10 klst. fartíma eða 30 flugtök sem flugstjóri á svif- eða vélsvifflugum eftir útgáfu skírteinisins.

FCL.110.S Skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur — Reynslukröfur og viðurkenningar

a) Umsækjendur um skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur skulu hafa lokið a.m.k. 15 tímum í flugkennslu á svif- eða vélsvifflugum þ.m.t. a.m.k.:

1) 10 fartímar með kennara,

2) 2 einflugstímar undir umsjón,

3) 45 flugtök og lendingar,

4) eitt einflug í landflugi sem er a.m.k. 50 km langt (27 sjómílur) eða eitt landflug með kennara sem er a.m.k. 100 km langt (55 sjómílur).

b) Af þeim 15 tímum sem gerð er krafa um í a-lið má að hámarki fljúga 7 tíma í ferðavélsvifflugu.

c) Viðurkenningar. Umsækjendum með fyrri reynslu sem flugstjórar má veita viðurkenningu til móts við kröfurnar í a-lið.

Umfang viðurkenningar skal ákvarðast af samþykkta þjálfunarfyrirtækinu þar sem flugmaðurinn gengst undir þjálfunarnámskeið á grundvelli inntökuflugprófs en má ekki undir nokkrum kringumstæðum:

1) vera umfram heildarfartíma sem flugstjóri,

2) vera umfram 50% af þeim tímafjölda sem gerð er krafa um í a-lið,

3) taka til krafna 2.–4. liðar í a-lið.

FCL.130.S Skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur — Flugtaksaðferðir

a) Réttindi flugmannsskírteinis fyrir léttar svifflugur skulu takmarkast við þá flugtaksaðferð sem færniprófið felur í sér. Þessari takmörkun má aflétta þegar flugmaðurinn hefur lokið:

1) þegar um er að ræða flugtak með dráttarspili og með bíl, að lágmarki 10 flugtökum í fartíma með kennara og 5 flugtökum í einflugi undir umsjón,

2) þegar um er að ræða flugtog eða flugtak fyrir eigin afli, að lágmarki 5 flugtökum í fartíma með kennara og 5 flugtökum í einflugi undir umsjón. Þegar um er að ræða flugtak fyrir eigin afli má fartími með kennara fara fram í ferðavélsvifflugu,

3) þegar um er að ræða flugtak með teygju, að lágmarki 3 flugtökum sem framkvæmd eru í fartíma með kennara eða í einflugi undir umsjón.

b) Þessi viðbótarþjálfun í flugtökum skal skráð í flugdagbókina og færslan undirrituð af kennaranum.

c) Til að viðhalda réttindum sínum í hverri flugtaksaðferð skulu flugmenn hafa lokið a.m.k. 5 flugtökum á síðustu 24 mánuðum, nema hvað varðar flugtak með teygju en þar skulu flugmenn aðeins hafa lokið 2 flugtökum.

d) Þegar flugmaður uppfyllir ekki kröfuna í c-lið skal hann/hún framkvæma viðbótarfjölda flugtaka þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara til að endurnýja réttindin.

FCL.135.S Skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur — viðbótarréttindi fyrir ferðavélsvifflugu

Réttindi flugmannsskírteinis fyrir léttar svifflugur skulu hljóta viðbótarréttindi fyrir ferðavélsvifflugu þegar flugmaðurinn hefur lokið a.m.k. eftirfarandi hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki:

a) 6 tíma flugkennslu á ferðavélsvifflugu, þ.m.t.:

1) 4 fartímar með kennara,

2) eitt einflug í landflugi sem er a.m.k. 150 km langt (80 sjómílur) þar sem stöðvunarlending á sér stað á flugvelli öðrum en brottfararflugvelli.

b) færniprófi sem sýnir fram á fullnægjandi verklega færni á ferðavélsvifflugu. Á meðan á þessu færniprófi stendur skal umsækjandi einnig sýna prófdómara fram á að hann búi yfir nægilegri bóklegri þekkingu á ferðavélsvifflugu í eftirfarandi námsgreinum:

– Flugfræði,

– Verklagsreglur í flugi,

– Afkastageta og áætlanagerð,

– Almenn þekking á loftförum,

– Flugleiðsögu.

FCL.140.S Skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur — kröfur um nýlega reynslu

a) Svifflugur og vélsvifflugur. Handhafar flugmannsskírteina fyrir léttar svifflugur skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna á svif- eða vélsvifflugum þegar þeir hafa á síðustu 24 mánuðum lokið eftirfarandi á svif- eða vélsvifflugum, þó ekki á ferðavélsvifflugum:

1) 5 klst. fartíma sem flugstjóri, þ.m.t. 15 flugtök,

2) tveimur þjálfunarflugum með kennara.

b) FERÐAVÉLSVIFFLUGA. Handhafar flugmannsskírteina fyrir léttar sviffflugur skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna á ferðavélsviffflugu þegar þeir hafa:

1) lokið eftirfarandi á ferðavélsviffflugu á síðustu 24 mánuðum:

i. a.m.k. 12 klst. fartíma sem flugstjóri, þ.m.t. 12 flugtök og lendingar, og

ii. upprifjunarþjálfun í a.m.k. einn tíma af heildarfartíma með kennara.

2) Þegar handhafi flugmannsskírteinis fyrir léttar sviffflugur hefur einnig réttindi til þess að fljúga flugvélum má uppfylla kröfur í 1. lið á flugvélum.

c) Áður en handhafar flugmannsskírteina fyrir léttar sviffflugur, sem ekki uppfylla kröfur a- og b-liðar, neyta réttinda sinna á ný skulu þeir:

1) standast hæfnipróf með prófdómara á sviffflugu eða ferðavélsviffflugu, eins og við á, eða

2) ljúka við fleiri fartíma eða flugtök og lendingar þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara til að uppfylla kröfurnar í a- eða b-lið.

5. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi — LAPL(B)

FCL.105.B Flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi — Réttindi

Réttindi handhafa flugmannsskírteina fyrir létta loftbelgi heimila honum að starfa sem flugstjóri á hitaloftbelgjum eða -loftskipum með hámarksrúmmáli belgs sem nemur 3400 m^3eða gasbelgjum með hámarksrúmmáli belgs sem nemur 1200 m^3, sem bera að hámarki 3 farþega þannig að aldrei séu fleiri en 4 einstaklingar um borð í loftfarinu.

FCL.110.B Flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi — Reynslukröfur

a) Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi skulu hafa lokið 16 klst. af flugkennslu á loftbelgjum af sama flokki, þ.m.t. a.m.k.:

1) 12 fartímar með kennara,

2) blása belg upp 10 sinnum og framkvæma 20 flugtök og lendingar með kennara, og

3) eitt einflug undir umsjón með lágmarksfartíma sem nemur a.m.k. 30 mínútum.

b) Viðurkenningar. Umsækjendum með fyrri reynslu sem flugstjórar má veita viðurkenningu til móts við kröfurnar í a-lið.

Umfang viðurkenningar skal ákvarðast af samþykkta þjálfunarfyrirtækinu þar sem flugmaðurinn gengst undir þjálfunarnámskeið á grundvelli inntökuflugprófs en má ekki undir nokkrum kringumstæðum:

1) vera umfram heildarfartíma sem flugstjóri á loftbelgjum,

2) vera umfram 50% af þeim tímafjölda sem gerð er krafa um í a-lið,

3) taka til krafna 2.–3. liðar í a-lið.

FCL.130.B Flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi — viðbótarréttindi fyrir tjóðraða loftbelgi

a) Réttindin í flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi skulu takmarkast við loftbelgi sem ekki eru tjóðraðir. Þessari takmörkun má aflétta þegar flugmaðurinn hefur lokið a.m.k. þrem kennsluflugum í tjóðruðum loftbelg.

b) Þegar viðbótarþjálfun er lokið skal það skráð í flugdagbókina og færslan undirrituð af kennaranum.

c) Til að viðhalda réttindum sínum þurfa flugmenn að hafa flogið a.m.k. tvisvar í tjóðruðum loftbelg á síðustu 24 mánuðum.

d) Þegar flugmaður stenst ekki kröfuna í c-lið skal hann/hún framkvæma viðbótarfjölda tjóðraðs flugs þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara til að endurnýja réttindin.

FCL.135.B Flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi —viðbótarréttindi fyrir annan flokk loftbelgja

Réttindi flugmannsskírteina fyrir létta loftbelgi skírteinis skulu takmarkast við þann flokk loftbelgja sem notaður var við færniprófið. Þessari takmörkun má aflétta þegar flugmaðurinn hefur lokið a.m.k. eftirfarandi í hinum flokkunum hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki:

a) 5 fartíma með kennara, eða

b) þegar um er að ræða flugmannsskírteini fyrir létta hitaloftbelgi og umsækjandi óskar eftir því að fá viðbótarréttindi fyrir hitaloftskip, 5 fartíma með kennara, og

c) færniprófi þar sem umsækjandinn skal sýna prófdómara fram á að hann búi yfir fullnægjandi bóklegri þekkingu á hinum flokkunum í eftirfarandi námsgreinum:

– Flugfræði,

– Verklagsreglur í flugi,

– Afkastageta og áætlanagerð, og

– Almenn þekking á loftförum.

FCL.140.B Flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi — kröfur um nýlega reynslu

a) Handhafar flugmannsskírteina fyrir létta loftbelgi skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna þegar þeir hafa lokið a.m.k. eftirfarandi í einum flokki loftbelgja á síðustu 24 mánuðum:

1) 6 klst. fartíma sem flugstjórar, þ.m.t. 10 flugtök og lendingar, og

2) eitt þjálfunarflug með kennara,

3) að auki, ef flugmaðurinn er hæfur til þess að fljúga fleiri flokkum loftbelgja en einum, skulu þeir, til að geta neytt réttinda sinna í hinum flokkunum, hafa lokið a.m.k. 3 klst. fartíma í þeim flokki á síðustu 24 mánuðum, þ.m.t. 3 flugtök og lendingar.

b) Handhafar flugmannsskírteina fyrir létta loftbelgi sem ekki uppfylla kröfur a-liðar skulu, áður en þeir neyta réttinda sinna á ný:

1) standast hæfnipróf með prófdómara í viðeigandi flokki, eða

2) ljúka við fleiri fartíma eða flugtök og lendingar þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara til að uppfylla kröfurnar í a-lið.

C-KAFLI

EINKAFLUGMANNSSKÍRTEINI (PPL), SKÍRTEINI SVIFFLUGMANNS (SPL) OG FLUGMANNSSKÍRTEINI FYRIR LOFTBELGI (BPL)

1. ÞÁTTUR

Almennar kröfur

FCL.200 Lágmarksaldur

a) Umsækjandi um einkaflugmannsskírteini skal vera a.m.k. 17 ára,

b) Umsækjandi um flugmannsskírteini fyrir loftbelgi eða skírteini svifflugmanns skal vera a.m.k. 16 ára.

FCL.205 Skilyrði

Umsækjendur um útgáfu einkaflugmannsskírteinis skulu hafa uppfyllt kröfurnar fyrir flokks- eða tegundaráritun þess loftfars sem notað var í færniprófinu, eins og kveðið er á um í H-kafla.

FCL.210 Þjálfunarnámskeið

Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir loftbelgi, skírteini svifflugmanns eða einkaflugmannsskírteini skulu ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðið skal fela í sér bóklega og verklega flugkennslu sem samsvarar veittum réttindum.

FCL.215 Próf í bóklegri þekkingu

Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir loftbelgi, skírteini svifflugmanns eða einkaflugmannsskírteini skulu sýna fram á viðeigandi stig bóklegrar þekkingar sem samsvarar veittum réttindum, með prófum í eftirfarandi námsgreinum:

a) almennar námsgreinar:

– Lög og reglur um loftferðir,

– Mannleg geta,

– Veðurfræði, og

– Fjarskipti,

b) sérstakar námsgreinar er lúta að mismunandi gerðum loftfara:

– Flugfræði,

– Verklagsreglur í flugi,

– Afkastageta og áætlanagerð,

– Almenn þekking á loftförum, og

– Flugleiðsaga.

FCL.235 Færnipróf

a) Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir loftbelgi, skírteini svifflugmanns eða einkaflugmannsskírteini skulu, með því að ljúka færniprófi, sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri á viðeigandi gerð loftfars og fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar veittum réttindum.

b) Umsækjandi um færniprófið skal hafa fengið flugkennslu á sama flokk eða tegund loftfars eða hópi loftbelgja sem nota á við færniprófið.

c) Prófkröfur

1) Færniprófinu skal skipt upp í mismunandi hluta sem líkja eftir öllum mismunandi stigum flugs sem eiga við um þá gerð loftfars sem flogið er.

2) Falli umsækjandi í einu atriði tiltekins hluta er hann fallinn í öllum hlutanum. Falli umsækjandinn í fleiri en einum hluta fellur hann á prófinu í heild sinni. Ef umsækjandi fellur aðeins í einum hluta skal hann/hún aðeins taka þann hluta aftur.

3) Þegar endurtaka þarf prófið í samræmi við 2. lið og umsækjandi fellur í einhverjum hlutanna, þ.m.t. hlutar sem hann stóðst í fyrri tilraun, fellur hann á prófinu í heild sinni.

4) Standist umsækjandi ekki alla hluta prófsins í tveimur tilraunum, skal hann gangast undir frekari þjálfun.

2. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar — PPL(A)

FCL.205.A Einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar — Réttindi

a) Réttindi handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar heimila honum að starfa án þóknunar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður í flugi sem ekki er í ábataskyni á flugvélum eða ferðavélsvifflugum.

b) Þrátt fyrir liðinn að ofan er handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, sem hefur réttindi til að starfa sem kennari eða prófdómari, heimilt að þiggja þóknun fyrir:

1) að veita flugkennslu vegna flugmannsskírteina fyrir léttar flugvélar eða einkaflugmannsskírteina fyrir flugvélar,

2) að framkvæma færni- og hæfnipróf fyrir þessi skírteini,

3) áritanir og vottanir sem fylgja þessum skírteinum.

FCL.210.A Einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar — Reynslukröfur og viðurkenningar

a) Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar skulu hafa lokið a.m.k. 45 tímum í flugkennslu í flugvélum, þar af mega fimm tímar hafa farið fram í flughermisþjálfa, þ.m.t. a.m.k.:

1) 25 fartímar með kennara, og

2) 10 einflugsímar undir umsjón, þ.m.t. a.m.k. fimm einflugstímar í landflugi, þar af a.m.k. eitt landflug sem er a.m.k. 270 km langt (150 sjómílur), þar sem tvær stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.

b) Sértækar kröfur fyrir umsækjendur sem hafa flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar. Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar, sem hafa flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar, skulu hafa lokið a.m.k. 15 klst. fartíma í flugvélum eftir útgáfu flugmannsskírteinis fyrir léttar flugvélar, þar sem a.m.k. 10 klst. skulu samanstanda af flugkennslu sem fór fram á þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Þetta þjálfunarnámskeið skal fela í sér a.m.k. 4 einflugstíma undir umsjón, þ.m.t. a.m.k. 2 einflugstímar í landflugi, þar af a.m.k. eitt landflug sem er a.m.k. 270 km langt (150 sjómílur), þar sem stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.

c) Sértækar kröfur vegna umsækjenda með skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur með viðbótarréttindi vegna ferðavélsvifflugu. Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar, sem hafa skírteini svifflugmanns fyrir léttar svifflugur með viðbótarréttindi fyrir ferðavélasvifflugu, skulu hafa lokið:

1) a.m.k. 24 klst. fartíma í ferðavélsvifflugu eftir áritun viðbótarréttinda fyrir ferðavélasvifflugu, og

2) 15 tímum í flugkennslu í flugvélum á þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t. a.m.k. kröfurnar í 2. lið a-liðar.

d) Viðurkenningar. Umsækjendur sem hafa flugmannsskírteini fyrir aðra gerð loftfara, að loftbelgjum undanskildum, skulu hljóta viðurkenningu fyrir 10% af heildarfartíma sínum sem flugstjórar á slíkum loftförum, þó ekki meira en 10 tíma. Umfang viðurkenninga sem veittar eru skulu ekki undir nokkrum kringumstæðum taka til krafna 2. liðar í a-lið.

3. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur — PPL(H)

FCL.205.H Einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur — Réttindi

a) Réttindi handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlur heimila honum að starfa án þóknunar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður í flugi sem ekki er í ábataskyni á þyrlum.

b) Þrátt fyrir liðinn að ofan er handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlur sem hefur réttindi til að starfa sem kennari eða prófdómari, heimilt að þiggja þóknun fyrir:

1) að veita flugkennslu vegna flugmannsskírteina fyrir léttar þyrlur eða einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur.

2) að framkvæma færni- og hæfnipróf fyrir þessi skírteini,

3) áritanir og vottanir sem fylgja þessum skírteinum.

FCL.210.H Einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur — Reynslukröfur og viðurkenningar

a) Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur skulu hafa lokið a.m.k. 45 tímum í flugkennslu á þyrlum, þar af mega fimm hafa farið fram í flugleiðsöguþjálfa eða flughermi með fullri hreyfingu, þ.m.t. a.m.k.:

1) 25 fartímar með kennara og

2) 10 einflugstímar undir umsjón, þ.m.t. a.m.k. 5 einflugstímar í landflugi, þar af a.m.k. eitt landflug sem er a.m.k. 185 km langt (100 sjómílur), þar sem stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.

3) Af þessum 45 tímum í flugkennslu skulu 35 tímar vera í þyrlu af sömu gerð og notuð var í færniprófinu.

b) Sértækar kröfur fyrir umsækjanda sem hefur flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur. Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur, sem hafa flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur, skulu ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Þetta þjálfunarnámskeið skal fela í sér a.m.k. 5 fartíma með kennara og a.m.k. eitt einflug í landflugi undir umsjón sem er a.m.k. 185 km langt (100 sjómílur), þar sem stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.

c) Umsækjendur sem hafa flugmannsskírteini fyrir aðra gerð loftfara, að loftbelgjum undanskildum, skulu hljóta viðurkenningu fyrir 10% af heildarfartíma sínum sem flugstjórar á slíkum loftförum, þó ekki meira en sex tíma. Umfang viðurkenninga sem veittar eru skulu ekki undir nokkrum kringumstæðum taka til krafna 2. liðar í a-lið.

4. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir einkaflugmannsskírteini fyrir loftskip — PPL(As)

FCL.205.As Einkaflugmannsskírteini fyrir loftskip — Réttindi

a) Réttindin handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir loftskip heimila honum að starfa án þóknunar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður í flugi sem ekki er í ábataskyni á loftskipum.

b) Þrátt fyrir liðinn að ofan er handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir loftskip með réttindi til að starfa sem kennari eða prófdómari, heimilt að þiggja þóknun fyrir:

1) að veita flugkennslu vegna einkaflugmannsskírteinis fyrir loftskip,

2) að framkvæma færni- og hæfnipróf fyrir þetta skírteini,

3) áritanir eða vottanir sem fylgja þessu skírteini.

FCL.210.As Einkaflugmannsskírteini fyrir loftskip — Reynslukröfur og viðurkenningar

a) Umsækjendur um einkaflugmannsskírteini fyrir loftskip skulu hafa lokið a.m.k. 35 tímum af flugkennslu á loftskipum, þar af mega fimm tímar hafa farið fram í flughermisþjálfa, þ.m.t. a.m.k.:

1) 25 fartímar með kennara, þ.m.t.:

i. 3 tíma þjálfun í landflugi, þ.m.t. eitt landflug sem er a.m.k. 65 km langt (35 sjómílur),

ii. 3 tímar í blindflugskennslu,

2) 8 flugtök og lendingar á flugvelli, þ.m.t. festingu við og losun frá mastri,

3) 8 einflugstímar undir umsjón.

b) Umsækjendur sem hafa flugmannsskírteini fyrir loftbelgi og eru hæfir til að fljúga hitaloftskipum, skulu hljóta viðurkenningu fyrir 10% af heildarfartíma sínum sem flugstjórar á slíkum loftskipum, þó ekki meira en fimm tíma.

5. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir skírteini svifflugmanns

FCL.205.S Skírteini svifflugmanns — Réttindi og skilyrði

a) Réttindi handhafa skírteinis svifflugmanns eru að starfa sem flugstjóri á svif- og vélsvifflugum. Til þess að neyta réttindanna á ferðavélsvifflugu skal handhafinn uppfylla skilyrðin í FCL.135.S.

b) Handhafar skírteina svifflugmanns skulu:

1) aðeins fljúga með farþega eftir að hafa lokið við a.m.k. 10 klst. fartíma eða 30 flugtök sem flugstjóri á svif- eða vélsvifflugum eftir útgáfu skírteinisins,

2) aðeins starfa án þóknunar í flugi sem ekki er í ábataskyni þar til þeir hafa:

i. náð 18 ára aldri,

ii. lokið 75 klst. fartíma eða 200 flugtökum sem flugstjóri á svif- eða vélsvifflugum eftir útgáfu skírteinisins,

iii. staðist hæfnipróf með prófdómara.

c) Þrátt fyrir 2. lið b-liðar er handhafa skírteinis svifflugmanns, sem hefur réttindi til að starfa sem kennari eða prófdómari, heimilt að þiggja þóknun fyrir:

að veita flugkennslu vegna skírteina svifflugmanns fyrir léttar svifflugur eða skírteini svifflugmanns,

að framkvæma færni- og hæfnipróf fyrir þessi skírteini,

áritanir og vottanir sem fylgja þessum skírteinum.

FCL.210.S Skírteini svifflugmanns— Reynslukröfur og viðurkenningar

a) Umsækjendur um skírteini svifflugmanns skulu hafa lokið a.m.k. 15 tíma flugkennslu á svif- eða vélsvifflugum þ.m.t. a.m.k. kröfurnar sem tilgreindar eru í FCL.110.S.

b) Umsækjendur um skírteini svifflugmanns, sem hafa flugmannsskírteini fyrir léttar svifflugur, skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfur fyrir útgáfu skírteinis svifflugmanns.

Umsækjendur um skírteini svifflugmanns, sem höfðu flugmannsskírteini fyrir léttar svifflugur innan tveggja ára tímabils fyrir umsóknina, skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar sem lúta að bóklegri þekkingu og flugkennslu.

Viðurkenningar. Umsækjendur sem hafa flugmannsskírteini fyrir aðra gerð loftfara, að loftbelgjum undanskildum, skulu hljóta viðurkenningu fyrir 10% af heildarfartíma sínum sem flugstjórar á slíkum loftförum, þó ekki meira en sjö tíma. Umfang viðurkenninga sem veittar eru skulu ekki undir neinum kringumstæðum taka til krafna 2.-4. liðar í a-lið í FCL.110.S.

FCL.220.S Skírteini svifflugmanns — Flugtaksaðferðir

Réttindi skírteina svifflugmanns skulu takmarkast við þá flugtaksaðferð sem notuð var við færniprófið. Þessari takmörkun má aflétta og neyta má nýju réttindanna þegar flugmaðurinn uppfyllir kröfurnar í FCL.130.S.

FCL.230.S Skírteini svifflugmanns — kröfur um nýlega reynslu

Handhafar skírteina svifflugmanns skulu aðeins geta neytt réttinda skírteina sinna þegar þeir uppfylla kröfur um nýlega reynslu í FCL.140.S.

6. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir flugmannsskírteini fyrir loftbelgi

FCL.205.B Flugmannsskírteini fyrir loftbelgi — Réttindi og skilyrði

a) Réttindi handhafa flugmannsskírteina fyrir loftbelgi eru að starfa sem flugstjóri á loftbelgjum og hitaloftskipum.

b) Handhafar flugmannsskírteina fyrir loftbelgi skulu aðeins starfa án þóknunar í flugi sem ekki er í ábataskyni þar til þeir hafa:

1) náð 18 ára aldri,

2) lokið 50 klst. fartíma og 50 flugtökum og lendingum sem flugstjórar á loftbelgjum,

3) staðist hæfnipróf með prófdómara á loftbelg í viðeigandi flokki.

c) Þrátt fyrir b-lið er handhafa flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi sem hefur réttindi til að starfa sem kennari eða prófdómari, heimilt að þiggja þóknun fyrir:

1) að veita flugkennslu vegna flugmannsskírteina fyrir létta loftbelgi eða flugmannsskírteina fyrir loftbelgi,

2) að framkvæma færni- og hæfnipróf fyrir þessi skírteini,

3) áritanir og vottanir sem fylgja þessum skírteinum,

FCL.210.B Flugmannsskírteini fyrir loftbelgi— Reynslukröfur og viðurkenningar

a) Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir loftbelgi skulu hafa lokið a.m.k. 16 klst. af flugkennslu á loftbelgjum af sama flokki og í sama hópi, þ.m.t. a.m.k.:

1) 12 fartímar með kennara,

2) blása belg upp 10 sinnum og framkvæma 20 flugtök og lendingar með kennara, og

3) eitt einflug undir umsjón með lágmarksfartíma sem nemur a.m.k. 30 mínútum.

b) Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir loftbelgi, sem hafa flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi, skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfur fyrir útgáfu flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi.

Umsækjendur um flugmannsskírteini fyrir loftbelgi, sem höfðu flugmannsskírteini fyrir létta loftbelgi innan tveggja ára tímabils fyrir umsóknina, skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar sem lúta að bóklegri þekkingu og flugkennslu.

FCL.220.B Flugmannsskírteini fyrir loftbelgi— viðbótarréttindi fyrir tjóðrað flug

Réttindi flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi skulu takmarkast við flug sem ekki er tjóðrað. Þessari takmörkun má aflétta þegar flugmaðurinn uppfyllir kröfurnar Í FCL.130.B.

FCL.225.B Flugmannsskírteini fyrir loftbelgi — viðbótarréttindi fyrir annan flokk eða hóp loftbelgja

Réttindi flugmannsskírteina fyrir loftbelgi skulu takmarkast við þann flokk og hóp loftbelgja sem notað var við færniprófið. Þessari takmörkun má aflétta þegar flugmaður hefur:

a) hvað varðar viðbótarréttindi fyrir annan flokk innan sama hóps, staðist kröfurnar í FCL.135.B,

b) hvað varðar viðbótarréttindi fyrir annan hóp innan sama flokks loftbelgja, lokið við a.m.k.:

1) 2 kennsluflug í loftbelg í viðeigandi hópi, og

2) eftirfarandi fjölda fartíma sem flugstjóri í loftbelgjum:

i. fyrir loftbelgi með rúmmál belgs á milli 3401 m^3 og 6000 m^3: a.m.k. 100 tímar,

ii. fyrir loftbelgi með rúmmál belgs á milli 6001 m^3 og 10 500 m^3: a.m.k. 200 tímar,

iii. fyrir loftbelgi þar sem rúmmál belgs er meira en 10500 m^3: a.m.k. 300 tímar,

iv. fyrir gasloftbelgi þar sem rúmmál belgs er meira en 1260 m^3: a.m.k. 50 tímar.

FCL.230.B Flugmannsskírteini fyrir loftbelgi— kröfur um nýlega reynslu

a) Handhafar flugmannsskírteina fyrir loftbelgi skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna þegar þeir hafa í einum flokki loftbelgja lokið við a.m.k. eftirfarandi á síðustu 24 mánuðum:

1) 6 klst. fartíma sem flugstjóri, þ.m.t. 10 flugtök og lendingar, og

2) Eitt þjálfunarflug með kennara í loftbelg í viðeigandi flokki og með því hámarksrúmmáli belgs sem réttindi þeirra gera ráð fyrir,

3) ef flugmaðurinn er hæfur til þess að fljúga fleiri flokkum loftbelgja en einum, skal hann þar að auki, til að geta neytt réttinda sinna í hinum flokkunum, hafa lokið a.m.k. 3 klst. fartíma í þeim flokki innan síðustu 24 mánaða, þ.m.t. 3 flugtök og lendingar.

b) Handhafar flugmannsskírteina fyrir loftbelgi sem ekki uppfylla kröfur a-liðar skulu, áður en þeir neyta réttinda sinna:

1) standast hæfnipróf með kennara í loftbelg í viðeigandi flokki og með því hámarksrúmmáli belgs sem réttindi þeirra gera ráð fyrir,

2) ljúka við fleiri fartíma eða flugtök og lendingar þar sem flogið er með kennara eða í einflugi undir umsjón kennara til að uppfylla kröfurnar í a-lið.

D-KAFLI

ATVINNUFLUGMANNSSKÍRTEINI — CPL

1. ÞÁTTUR

Almennar kröfur

FCL.300 Atvinnuflugmannsskírteini — Lágmarksaldur

Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini skal vera a.m.k. 18 ára gamall.

FCL.305 Atvinnuflugmannsskírteini — Réttindi og skilyrði

a) Réttindi. Réttindi handhafa atvinnuflugmannsskírteinis eru eftirfarandi innan viðeigandi gerðar loftfara:

1) að neyta allra réttinda handhafa flugmannsskírteinis fyrir létt loftför og einkaflugmannsskírteinis,

2) að starfa sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á hverju því loftfari sem starfrækt er í öðrum tilgangi en flutningaflugi,

3) að starfa sem flugstjóri í flutningaflugi á hverju því einstjórnarloftfari sem heyrir undir takmarkanirnar sem tilgreindar eru í FCL.060 og í þessum kafla,

4) að starfa sem aðstoðarflugmaður í flutningaflugi sem heyrir undir takmarkanir sem tilgreindar eru í FCL.060.

b) Skilyrði. Umsækjandi um útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis skal hafa uppfyllt kröfurnar fyrir flokks- eða tegundaráritun þess loftfars sem notað var við færniprófið.

FCL.310 Atvinnuflugmannsskírteini — Próf á bóklegri þekkingu

Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini skal sýna fram á stig þekkingar sem hæfir réttindum sem veitt eru í eftirfarandi námsgreinum:

– Lög og reglur um loftferðir,

– Almenn þekking á loftförum — Skrokkar/kerfi/hreyflar,

– Almenn þekking á loftförum — Mælitæki,

– Massi og jafnvægi,

– Afkastageta,

– Áætlanagerð,

– Mannleg geta,

– Veðurfræði,

– Almenn flugleiðsaga,

– Flugleiðsögutækni,

– Verklagsreglur í flugi,

– Flugfræði,

– Fjarskipti í sjónflugi.

FCL.315 Atvinnuflugmannsskírteini — Þjálfunarnámskeið

Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini skal hafa lokið bóklegri kennslu og flugkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, í samræmi við 3. viðbæti við þennan hluta.

FCL.320 Atvinnuflugmannsskírteini — Færnipróf

Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini skal standast færnipróf í samræmi við 4. viðbæti við þennan hluta til að sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri á viðeigandi gerð loftfars og fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar veittum réttindum.

2. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir flugvélar — atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar (CPL(A))

FCL.325.A Atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar — Sérstök skilyrði fyrir handhafa fjölstjórnarskírteina

Áður en handhafi fjölstjórnarskírteinis neytir réttinda atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar skal hann hafa lokið eftirfarandi á flugvélum:

a) 70 klst. fartíma:

1) sem flugstjóri, eða

2) a.m.k. 10 fartímum sem flugstjóri og viðbótarfartíma sem flugstjóri undir umsjón flugstjóra.

Af þessum 70 tímum skulu 20 tímar vera í landflugi samkvæmt sjónflugsreglum sem flugstjóri, eða í landflugi sem samanstendur af a.m.k. 10 tímum sem flugstjóri og 10 tímum sem flugstjóri undir umsjón flugstjóra. Þetta skal fela í sér landflug samkvæmt sjónflugsreglum sem flogið er sem flugstjóri og er a.m.k. 540 km langt (300 sjómílur) og skal meðan á því stendur framkvæma stöðvunarlendingar á tveimur mismunandi flugvöllum,

b) þeim atriðum áfangaskipta námskeiðsins vegna atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar sem tilgreind eru í a-lið 10. liðar og í 11. lið í E-hluta 3. viðbætis við þennan hluta, og

c) færniprófinu vegna atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar í samræmi við FCL.320.

E-KAFLI

FJÖLSTJÓRNARSKÍRTEINI — MPL

FCL.400.A Fjölstjórnarskírteini — Lágmarksaldur

Umsækjandi um fjölstjórnarskírteini skal vera a.m.k. 18 ára gamall.

FCL.405.A Fjölstjórnarskírteini — Réttindi

a) Réttindi handhafa fjölstjórnarskírteinis heimila honum að starfa sem aðstoðarflugmaður í flugvél sem krafist er að sé starfrækt með aðstoðarflugmanni.

b) Handhafi fjölstjórnarskírteinis getur neytt sömu réttinda og:

1) handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar (PPL(A)), að því tilskildu að kröfurnar fyrir einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar, sem tilgreindar eru í C-kafla, séu uppfylltar,

2) handhafi atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, að því tilskildu að kröfurnar sem tilgreindar eru í FCL.325.A séu uppfylltar.

c) Blindflugsáritun (flugvélar) handhafa fjölstjórnarskírteinis skal takmarkast við flugvélar sem krafist er að séu starfræktar með aðstoðarflugmanni. Veita má viðbótarréttindi við blindflugsáritun fyrir flugvélar þannig að þau taki til starfrækslu á einstjórnarflugvélum að því tilskildu að handhafi skírteinisins hafi lokið þeirri þjálfun sem nauðsynleg er svo hann geti starfað sem flugstjóri í einstjórnarumhverfi í blindflugi og hafi staðist færniprófið vegna blindflugáritunar (flugvélar) fyrir einstjórnarflugvélar.

FCL.410.A Fjölstjórnarskírteini — Þjálfunarnámskeið og próf á bóklegri þekkingu

a) Námskeið. Umsækjandi um fjölstjórnarskírteini skal hafa lokið þjálfunarnámskeiði í bóklegri þekkingu og flugkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, í samræmi við 5. viðbæti við þennan hluta.

b) Próf. Umsækjandi um fjölstjórnarskírteini skal hafa sýnt fram á stig þekkingar sem hæfir handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks, (ATPL(A)) í samræmi við FCL.515, og tegundaráritun fyrir fjölstjórnarflugvélar.

FCL.415.A Fjölstjórnarskírteini —Verkleg færni

a) Umsækjandi um fjölstjórnarskírteini skal með stöðugu mati sýna fram á þá færni sem krafist er til að uppfylla allar hæfniseiningarnar sem tilgreindar eru í 5. viðbæti við þennan hluta, sem flugmaður við stjórn eða flugmaður sem ekki er við stjórn, í fjölhreyfla flugvél fyrir fleiri en einn flugmann samkvæmt sjónflugs- eða blindflugsreglum.

b) Þegar umsækjandi hefur lokið þjálfunarnámskeiðinu skal hann standast færnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta til að sýna fram á færni sína til að fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar veittum réttindum. Taka skal færniprófið á þeirri tegund flugvélar sem notuð er á framhaldsstigi samtvinnaða þjálfunarnámskeiðsins fyrir fjölstjórnarskírteini, eða á flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir sömu tegund.

F-KAFLI

ATVINNUFLUGMANNSSKÍRTEINI 1. FLOKKS — ATPL

1. ÞÁTTUR

Almennar kröfur

FCL.500 atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks — Lágmarksaldur

Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks skulu vera a.m.k. 21 árs gamlir.

FCL.505 atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks — Réttindi

a) Réttindi handhafa atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks eru eftirfarandi innan viðeigandi gerðar loftfara:

1) að neyta allra réttinda handhafa flugmannsskírteina fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteina og atvinnuflugmannsskírteina,

2) að starfa sem flugstjóri í loftfari sem starfrækt er í flutningaflugi.

b) Umsækjendur um útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks skulu hafa uppfyllt kröfurnar fyrir tegundaráritun fyrir það loftfar sem notað var við færniprófið.

FCL.515 atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks — Þjálfunarnámskeið og próf á bóklegri þekkingu

a) Námskeið. Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks skulu hafa lokið þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðið skal vera annaðhvort samtvinnað þjálfunarnámskeið eða áfangaskipt námskeið í samræmi við 3. viðbæti við þennan hluta.

b) Próf. Umsækjendur atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks skulu sýna fram á stig þekkingar sem hæfir réttindum sem veitt eru í eftirfarandi námsgreinum:

– Lög og reglur um loftferðir,

– Almenn þekking á loftförum — Skrokkar/kerfi/hreyflar,

– Almenn þekking á loftförum — Mælitæki,

– Massi og jafnvægi

– Afkastageta,

– Áætlanagerð,

– Mannleg geta,

– Veðurfræði,

– Almenn flugleiðsaga,

– Flugleiðsögutækni,

– Verklagsreglur í flugi,

– Flugfræði,

– Fjarskipti í sjónflugi

– Fjarskipti í blindflugi.

2. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir flugvélar — atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks

FCL.505.A Atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks — Takmörkum réttinda fyrir flugmenn sem hafa áður haft fjölstjórnarskírteini

Þegar handhafi atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks hefur áður eingöngu haft fjölstjórnarskírteini skulu réttindi skírteinisins takmarkast við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi nema að handhafi hafi uppfyllt kröfur í 2. lið b-liðar og c-lið í FCL.405.A fyrir starfrækslu í einstjórnarumhverfi.

FCL.510.A Atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks — Forsendur, reynsla og viðurkenningar

a) Forsendur. Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks skulu hafa:

1) fjölstjórnarskírteini, eða

2) atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar og blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar. Í þessu tilfelli skal umsækjandi einnig hafa fengið kennslu í áhafnarsamstarfi.

b) Reynsla. Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, skulu hafa lokið a.m.k. 1500 klst. fartíma í flugvélum, þ.m.t. a.m.k.:

1) 500 tíma starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi á flugvélum,

2) i. 500 tímum sem flugstjóri undir umsjón, eða

ii. 250 tímum sem flugstjóri, eða

iii. 250 tímum sem samanstanda af a.m.k. 70 tímum sem flugstjóri og sem flugstjóri undir umsjón þá flugtíma sem eftir eru,

3) 200 klst. fartíma í landflugi en a.m.k. 100 þeirra skulu hafa verið sem flugstjóri eða flugstjóri undir umsjón,

4) 75 tímum í blindflugi en þar af má að hámarki verja 30 klst. í blindflugsæfingatíma á jörðu, og

5) 100 tímum í næturflugi sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður.

Af þessum 1500 klst. fartíma er heimilt að ljúka allt að 100 klst. fartíma í flughermi með fullri hreyfingu og flugleiðsöguþjálfa. Af þessum 100 tímum mega að hámarki 25 tímar fara fram í flugleiðsöguþjálfa.

c) Viðurkenningar.

1) Handhafar flugmannsskírteinis fyrir aðrar gerðir af loftförum skulu hljóta viðurkenningu fyrir fartíma að hámarki:

i. 30 klst. sem flugstjóri fyrir ferðavélsvifflugur eða svifflugur,

ii. 50% af öllum flugtímunum sem krafist er í b-lið fyrir þyrlur.

2) Handhafar flugvélstjóraskírteina, sem gefin eru út í samræmi við viðeigandi landsreglur, skulu hljóta viðurkenningu fyrir 50% af þeim tímum sem þeir hafa varið sem flugvélstjórar, að hámarki 250 tímar. Veita má viðurkenningu fyrir þessa 250 tíma upp í kröfuna um 1500 tíma í a-lið og kröfuna um 500 tíma í 1. lið b-liðar, að því tilskildu að heildarviðurkenningar sem veittar eru í samræmi við þessa liði fari ekki yfir 250 tíma.

d) Kröfurnar um reynslu samkvæmt b-lið skulu uppfylltar áður en færniprófið fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, er þreytt.

FCL.520.A atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks — Færnipróf

Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, skulu standast færnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta til að sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri í fjölstjórnarflugvél samkvæmt blindflugsreglum og fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar veittum réttindum.

Við færniprófið skal nota flugvél eða viðurkenndan flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir sömu tegund.

3. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir þyrlur — atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks

FCL.510.H atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks — Forsendur, reynsla og viðurkenningar

Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks skulu:

a) hafa atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur (CPL(H)) og tegundaráritun fyrir fjölstjórnarþyrlur og hafa fengið kennslu í áhafnarsamstarfi,

b) hafa lokið að lágmarki 1000 klst. fartíma sem þyrluflugmaður, þ.m.t. a.m.k.:

1) 350 tímum á fjölstjórnarþyrlum,

2) i. 250 tímum sem flugstjóri, eða

ii. 100 tímum sem flugstjóri og 150 tímum sem flugstjóri undir umsjón, eða

iii. 250 tímum sem flugstjóri undir umsjón í fjölstjórnarþyrlum. Í þessu tilfelli eru réttindi atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, takmörkuð við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi þar til 100 tímum sem flugstjóri hefur verið lokið,

3) 200 klst. í fartíma í landflugi en a.m.k. 100 þeirra skulu hafa verið sem flugstjóri eða flugstjóri undir umsjón,

4) 30 tímum í blindflugi en þar af má að hámarki verja 10 klst. í blindflugsæfingatíma á jörðu, og

5) 100 tímum í næturflugi sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður.

Af þessum 1000 tímum mega í mesta lagi 100 hafa farið fram í flughermisþjálfa, þar af ekki meira en 25 tímar í flugleiðsöguþjálfa.

c) Veita skal allt að 50% viðurkenningu fyrir fartíma í flugvélum upp í kröfurnar um fartíma í b-lið.

d) Kröfurnar um reynslu samkvæmt b-lið skulu uppfylltar áður en færniprófið fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, er þreytt.

FCL.520.H atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks — Færnipróf

Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, skulu standast færnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta til að sýna fram á færni sína til að starfa sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlu og fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar veittum réttindum.

Við færniprófið skal nota þyrlu eða viðurkenndan flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir sömu tegund.

G-KAFLI

BLINDFLUGSÁRITUN — IR

1. ÞÁTTUR

Almennar kröfur

FCL.600 Blindflugsáritun — Almennt

Starfræksla samkvæmt blindflugsreglum á flugvél, þyrlu, loftskipi eða vænghnitum skulu aðeins framkvæmdar af handhöfum einkaflugmannsskírteina, atvinnuflugmannsskírteina, fjölstjórnarskírteina og atvinnuflugmannsskírteina 1. flokks með blindflugsáritun sem er viðeigandi fyrir gerð loftfars eða þegar færniþróf eða fartími með kennara fer fram.

FCL.605 Blindflugsáritun — Réttindi

a) Réttindi handhafa blindflugsáritunar heimila honum að fljúga loftfari samkvæmt blindflugsreglum með lágmarks ákvörðunarhæð sem nemur 200 fetum (60 m).

b) Þegar um er að ræða fjölhreyfla blindflugsáritun má veita viðbótarréttindi við þessi réttindi í ákvörðunarhæð undir 200 fetum (60 m) þegar umsækjandinn hefur gengist undir sérstaka þjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki og hefur staðist 6. hluta í færniprófinu sem mælt er fyrir um í 9. viðbæti við þennan lið, á fjölstjórnarloftfari.

c) Handhafar blindflugsáritunar skulu nýta réttindi sín í samræmi við skilyrðin sem kveðið er á um í 8. viðbæti við þennan lið.

d) Þyrlur eingöngu. Til að neyta réttinda sinna sem flugstjóri í blindflugi á fjölstjórnarþyrlum skal handhafi blindflugsáritunar fyrir þyrlur (IR(H)) hafa a.m.k. 70 blindflugstíma en þar af mega allt að 30 tímar vera blindflugstímar á jörðu niðri.

FCL.610 Blindflugsáritun — Forsendur og viðurkenningar

Umsækjendur um blindflugsáritun fyrir þyrlur skulu:

a) hafa:

1) a.m.k. einkaflugmannsskírteini á viðeigandi gerð loftfars, og:

i. réttindi til að fljúga að nóttu til í samræmi við FCL.810, eða

ii. atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks á aðra gerð loftfars, eða

2) atvinnuflugmannsskírteini á viðeigandi gerð loftfars,

b) hafa lokið a.m.k. 50 landflugsfartímum sem flugstjóri á flugvélum, þyrlum eða loftskipum en af þeim skulu a.m.k. 10 tímar, eða hvað loftskip varðar 20, vera á viðeigandi gerð loftfars.

c) Þyrlur eingöngu. Umsækjendur sem lokið hafa samtvinnuðu þjálfunarnámskeiði fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks fyrir þyrlur með eða án blindflugsáritunar eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur með eða án blindflugsáritunar, skulu hljóta undanþágu frá kröfunni í b-lið.

FCL.615 Blindflugsáritun — Bókleg þekking og flugkennsla

a) Námskeið. Umsækjendur um blindflugsáritun skulu hafa fengið kennslu í bóklegri þekkingu og flugkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðið skal vera:

1) samtvinnað þjálfunarnámskeið sem felur í sér þjálfun fyrir blindflugsáritun, í samræmi við 3. viðbæti við þennan hluta, eða

2) áfangaskipt námskeið í samræmi við 6. viðbæti við þennan hluta.

b) Próf. Umsækjendur skulu sýna fram á stig bóklegrar þekkingar, sem hæfir réttindum sem veitt eru, í eftirfarandi námsgreinum:

– Lög og reglur um loftferðir,

– Almenn þekking á loftförum — Mælitæki,

– Afkastageta og áætlanagerð,

– Mannleg geta,

– Veðurfræði,

– Flugleiðsögutækni,

– Fjarskipti í blindflugi.

FCL.620 Blindflugsáritun — Færnipróf

a) Umsækjendur um blindflugsáritun skulu standast færnipróf í samræmi við 7. viðbæti við þennan hluta til að sýna fram á færni sína til að fara eftir viðeigandi verklagi og flugbrögðum með þeirri hæfni sem samsvarar veittum réttindum.

b) Fyrir blindflugsáritun vegna fjölhreyfla loftfara skal nota fjölhreyfla loftfar við færniprófið. Fyrir blindflugsáritun vegna eins hreyfils loftfara skal nota eins hreyfils loftfar við færniprófið. Fjölhreyfla flugvél með báða hreyfla á langás flugvélarinnar skal teljast eins hreyfils flugvél í skilningi þessa liðar.

FCL.625 Blindflugsáritun — Gildistími, framlenging og endurnýjun

a) Gildistími. Blindflugsáritun skal gilda í eitt ár.

b) Framlenging.

1) Blindflugsáritun skal framlengd innan næstliðinna þriggja mánaða áður en áritunin rennur út.

2) Umsækjendur sem ekki standast viðeigandi hluta hæfniprófs vegna blindflugsáritunar áður en gildistími blindflugsáritunarinnar rennur út skulu ekki neyta réttinda sinna fyrr en þeir hafa staðist hæfniprófið.

c) Endurnýjun. Ef blindflugsáritun er útrunnin verða umsækjendur að gera eftirfarandi til að endurnýja réttindi sín:

1) fá upprifjunarþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki til að ná því hæfnisstigi sem krafist er til að standast blindflugshluta færniprófsins í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta, og

2) ljúka hæfniprófi í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta, á viðeigandi gerð loftfars.

d) Ef blindflugsáritun hefur ekki verið framlengd eða endurnýjuð á undanförnum sjö árum er handhafanum skylt að standast aftur prófið í bóklegri þekkingu og færniprófið fyrir blindflugsáritun.

2. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir flugvélaflokkinn

FCL.625.A Blindflugsáritun fyrir flugvélar — Framlenging

a) Framlenging. Umsækjendur um framlengingu blindflugsáritunar fyrir flugvélar:

1) skulu standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta þegar framlengingin tengist einnig flokks- eða tegundaráritun,

2) þegar hún tengist ekki framlengingu flokks- eða tegundaráritunar skulu þeir:

i. hafa lokið 3. hluta B og þeim liðum í 1. hluta, sem eiga við fyrirhugað flug, í hæfniprófinu sem lýst er í 9. viðbæti við þennan hluta, að því er varðar einstjórnarflugvélar,

ii. ljúka 6. hluta hæfniprófsins fyrir einstjórnarflugvélar, í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta, út frá mælitækjum eingöngu, að því er varðar fjölhreyfla flugvélar.

3) Nota má flugleiðsöguþjálfa II eða flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir viðeigandi flokki eða tegund flugvélar í tengslum við 2. lið en í þessu sambandi skal a.m.k. annað hvert hæfnipróf fyrir framlengingu blindflugsáritunar fara fram í flugvél.

b) Veita skal viðurkenningu í samræmi við 8. viðbæti við þennan hluta.

3. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir þyrluflokkinn

FCL.625.H Blindflugsáritun fyrir þyrlur — Framlenging

a) Umsækjendur um framlengingu blindflugsáritunar fyrir þyrlur:

1) skulu standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta, fyrir viðeigandi þyrlutegund, þegar framlengingin tengist einnig tegundaráritun,

2) þegar það tengist ekki framlengingu tegundaráritunar skulu þeir aðeins ljúka 5. hluta og viðeigandi hlutum í 1. hluta hæfniprófsins sem kveðið er á um í 9. viðbæti við þennan hluta fyrir viðeigandi þyrlutegund. Í þessu tilfelli má nota flugþjálfunartæki II/III eða flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir viðeigandi þyrlutegund, en a.m.k. annað hvert hæfnipróf fyrir framlengingu blindflugsáritunar við þessar kringumstæður skal fara fram í þyrlu.

b) Viðurkenningu skal veita í samræmi við 8. viðbæti við þennan lið.

FCL.630.H Blindflugsáritun fyrir þyrlur — viðbótarréttindi fyrir fjölhreyfla þyrlur við réttindi fyrir eins hreyfils þyrlur

Handhafar blindflugsáritunar fyrir eins hreyfils þyrlur sem vilja í fyrsta sinn fá útgefin viðbótarréttindi við blindflugsáritun sína fyrir fjölhreyfla þyrlur skulu ljúka:

a) þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki sem samanstendur af a.m.k. 5 tíma blindflugskennslu með kennara, en þar af mega 3 tímar vera í flughermi með fullri hreyfingu eða í flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II/III, og

b) 5. hluta færniprófsins í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta á fjölhreyfla þyrlum.

4. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir loftskipaflokkinn

FCL.625.As Blindflugsáritun fyrir loftskip — Framlenging

Umsækjendur um framlengingu blindflugsáritunar fyrir loftskip:

a) skulu standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta, fyrir viðeigandi tegund loftskips, þegar framlengingin tengist einnig tegundaráritun,

b) þegar það tengist ekki framlengingu tegundaráritunar skulu þeir ljúka 5. hluta, og þeim liðum í 1. hluta, sem eiga við um fyrirhugað flug, í hæfniprófinu fyrir loftskip í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta. Í þessu tilfelli má nota flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir viðeigandi tegund loftskips, en a.m.k. annað hvert hæfnipróf fyrir framlengingu blindflugsáritunar við þessar kringumstæður skal fara fram í loftskipi.

H-KAFLI

FLOKKS- OG TEGUNDARÁRITANIR

1. ÞÁTTUR

Almennar kröfur

FCL.700 Aðstæður þar sem flokks- eða tegundaráritana er krafist

a) Að undanskildum flugmannsskírteinum fyrir létt loftför, skírteinum svifflugmanna og flugmannsskírteinum fyrir loftbelgi skulu handhafar flugmannsskírteinis ekki starfa með neinum hætti sem flugmenn loftfars nema þeir hafi gilda og viðeigandi flokks- eða tegundaráritun, nema er þeir taka færnipróf eða hæfnipróf vegna endurnýjunar flokks- eða tegundaráritana eða við flugkennslu.

b) Þegar um er að ræða flug sem tengjast því að verið er að taka í notkun nýjar eða gera breytingu á tegundum loftfara, geta flugmenn þrátt fyrir a-lið, haft undir höndum sérstakt vottorð, sem gefið er út af lögbæru yfirvaldi, sem veitir þeim heimild til að framkvæma flugin. Þessi heimild gildir einungis fyrir þessi tilteknu flug.

c) Þegar um er að ræða flug sem tengjast því að verið er að taka í notkun nýjar eða gera breytingu á tegundum loftfara sem hönnunar- eða framleiðslufyrirtæki framkvæma innan réttinda sinna, sem og kennsluflug vegna útgáfu reynsluflugsáritunar, og þegar mögulega er ekki hægt að fara að kröfum þessa kafla, geta flugmenn haft undir höndum reynsluflugsáritun sem gefin er út í samræmi við FCL.820, sbr. þó a- og b-lið.

FCL.705 Réttindi handhafa flokks- eða tegundaráritunar

Réttindi handhafa flokks- eða tegundaráritunar heimila honum að starfa sem flugmaður í þeim flokki eða tegund loftfars sem kveðið er á um í árituninni.

FCL.710 Flokks- og tegundaráritanir — Afbrigði

a) Vilji flugmaður fá viðbótarréttindi fyrir annað afbrigði loftfars innan sömu flokks- eða tegundaráritunar er þess krafist að hann/hún fái mismunar- eða kynningarþjálfun. Hvað varðar afbrigði innan tegundaráritunar skal mismunar- eða kynningarþjálfunin fela í sér viðeigandi þætti, sem skilgreindir eru í gögnunum um örugga starfrækslu, í samræmi við 21. hluta.

b) Hafi afbrigðinu ekki verið flogið á næstliðnum tveim árum eftir mismunarþjálfunina er krafist frekari mismunarþjálfunar eða hæfniprófs á því afbrigði til að viðhalda réttindunum að undanskildum tegundum eða afbrigðum sem falla undir flokksáritun fyrir eins hreyfils flugvélar með bulluhreyfli og fyrir ferðavélsvifflugur.

c) Skrá skal mismunarþjálfunina í flugdagbók flugmannsins, eða í sambærilegu skjali, og hún undirrituð af kennara, eins og við á.

FCL.725 Kröfur vegna útgáfu flokks- og tegundaráritana

a) Þjálfunarnámskeið. Umsækjandi um flokks- eða tegundaráritun skal ljúka þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Þjálfunarnámskeiðið fyrir tegundaráritun skal fela í sér hinar skyldubundnu þjálfunarþætti fyrir viðeigandi tegund eins og það er skilgreint í gögnum um örugga starfrækslu í samræmi við 21. hluta.

b) Próf í bóklegri þekkingu. Umsækjandi um flokks- eða tegundaráritun skal standast próf í bóklegri þekkingu sem skipulagt er af samþykktu þjálfunarfyrirtæki til að sýna fram á að hann hafi bóklega þekkingu á því stigi sem krafist er fyrir örugga starfrækslu á viðeigandi flokk eða tegund loftfars.

1) Hvað varðar fjölstjórnarloftför skal prófið í bóklegri þekkingu vera skriflegt og samanstanda af a.m.k. 100 fjölvalsspurningum sem dreifast jafnt yfir öll meginatriði námskrárinnar.

2) Fyrir fjölhreyfla- einstjórnarloftför skal prófið í bóklegri þekkingu vera skriflegt og fjöldi fjölvalsspurninga skal byggjast á því hversu flókið loftfarið er.

3) Fyrir eins hreyfils loftfar skal prófdómari hafa munnlegt próf í bóklegri þekkingu á meðan á færniprófinu stendur til að ákveða hvort nægilegri kunnáttu hefur verið náð eða ekki.

4) Fyrir einstjórnarflugvélar, sem eru flokkaðar sem flugvélar með mikla afkastagetu, skal prófið vera skriflegt og samanstanda af a.m.k. 60 fjölvalsspurningum sem dreifast jafnt yfir allar meginnámsgreinar námskráarinnar.

c) Færnipróf. Umsækjandi um flokks- eða tegundaráritun skal standast færnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta til að sýna fram á þá færni sem krafist er fyrir örugga starfrækslu viðeigandi flokks eða tegundar loftfars.

Umsækjandinn skal standast færniprófið innan 6 mánaða eftir upphaf þjálfunarnámskeiðsins fyrir flokks- eða tegundaráritun og innan 6 mánaða fyrir umsóknina um útgáfu flokks- eða tegundaráritunarinnar.

d) Umsækjandi sem hefur þegar tegundaráritun fyrir tegund loftfars með réttindi til starfrækslu í annaðhvort einstjórnar- eða fjölstjórnarumhverfi telst þegar hafa uppfyllt kröfur um bóklega þekkingu þegar hann/hún sækir um að réttindum fyrir hitt stjórnumhverfið verði bætt við réttindi hans á sömu tegund loftfars.

e) Flugmenn sem hafa reynsluflugsáritun, sem gefin er út í samræmi við FCL.820, og tóku þátt í reynsluflugi á þróunar-, vottunar- eða framleiðslustigi fyrir loftfarstegund, og hafa lokið annaðhvort 50 klst. heildarfartíma eða 10 klst. fartíma sem flugstjórar í reynsluflugi á þeirri tegund, hafa rétt til þess að sækja um útgáfu viðeigandi tegundaráritunar að því tilskildu að þeir uppfylli reynslukröfur og forsendur fyrir útgáfu þeirrar tegundaráritunar, eins og kveðið er á um í þessum kafla fyrir viðeigandi gerð loftfars, sbr. þó liðina hér að ofan.

FCL.740 Gildi og endurnýjun flokks- og tegundaráritana

a) Gildistími flokks- og tegundaráritana skal vera eitt ár, nema hvað varðar flokksáritun fyrir eins hreyfils einstjórnarloftfar, en gildistími þeirra skal vera tvö ár, nema annað sé ákveðið í gögnum um örugga starfrækslu, sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta.

b) Endurnýjun. Ef flokks- eða tegundaráritun hefur runnið út, skal umsækjandi:

1) fá upprifjunarþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki þegar það er nauðsynlegt til að öðlast þá hæfni sem nauðsynleg er til að starfrækja örugglega viðeigandi flokk eða tegund loftfars, og

2) standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta.

2. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir flugvélar

FCL.720.A Reynslukröfur og forsendur fyrir útgáfu flokks- eða tegundaráritana — flugvélar

Nema annað sé ákveðið í gögnum um örugga starfrækslu, sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta, skal umsækjandi um flokks- eða tegundaráritun uppfylla eftirfarandi reynslukröfur og forsendur fyrir útgáfu viðeigandi áritunar:

a) Fjölhreyfla einstjórnarflugvélar. Umsækjandi um fyrstu útgáfu flokks- eða tegundaráritunar á fjölhreyfla einstjórnarflugvélum skal hafa lokið a.m.k. 70 tímum sem flugstjóri á flugvélum.

b) Einfaldar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu. Áður en umsækjendur um útgáfu fyrstu flokks- eða tegundaráritunar á einstjórnarflugvél, sem flokkuð er með mikla afkastagetu, hefja flugþjálfun skulu þeir:

1) hafa a.m.k. 200 fartíma flugreynslu í heildina, þar af 70 tímar sem flugstjóri á flugvélum, og

2) i. hafa undir höndum vottorð um að hafa lokið viðbótarnámskeiði í bóklegum fræðum með fullnægjandi árangri hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, eða

ii. hafa staðist próf í bóklegri þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar,1. flokks, í samræmi við þennan hluta, eða

iii. hafa undir höndum, til viðbótar við skírteini sem gefið er út í samræmi við þennan hluta, atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar með blindflugsáritun (CPL(A)/IR), með viðurkenningu á bóklegri þekkingu vegna atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,

3) enn fremur skulu flugmenn sem leitast eftir réttindum til að starfrækja flugvél í fjölstjórnarumhverfi uppfylla kröfurnar í 4. lið d-liðar.

c) Flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu. Umsækjendur um útgáfu fyrstu tegundaráritunar fyrir flóknar einstjórnarflugvélar, sem eru flokkaðar með mikla afkastagetu, skulu, til viðbótar við að uppfylla kröfurnar í b-lið, hafa uppfyllt kröfurnar vegna blindflugsáritunar á fjölhreyfla flugvélar í samræmi við G-kafla.

d) Fjölstjórnarflugvélar. Umsækjandi um námskeið fyrir fyrstu tegundaráritun fyrir fjölstjórnarflugvél skal vera flugnemi sem á sama tíma gengst undir þjálfun á námskeiði fyrir fjölstjórnarskírteini eða uppfyllir eftirfarandi kröfur:

1) hefur a.m.k. 70 fartíma flugreynslu sem flugstjóri á flugvélum,

2) hefur blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar,

3) hefur staðist próf í bóklegri þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar,1. flokks, í samræmi við þennan hluta, og

4) nema þegar námskeið til tegundarréttinda er samtvinnar við námskeið í áhafnarsamstarfi:

i. hefur vottorð um að námskeiði í áhafnarsamstarfi á flugvélum hafi verið lokið með fullnægjandi árangri, eða

ii. hefur vottorð um að námskeiði í áhafnarsamstarfi á þyrlum hafi verið lokið með fullnægjandi árangri og hafa meira en 100 fartíma flugreynslu sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum, eða

iii. hefur a.m.k. 500 fartíma sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum, eða

iv. hefur a.m.k. 500 fartíma sem flugmaður sem starfar í fjölstjórnarumhverfi á fjölhreyfla einstjórnarflugvélum í flutningaflugi í samræmi við viðeigandi kröfur um flugrekstur.

e) Þrátt fyrir d-lið, getur aðildarríki gefið út tegundaráritun með takmörkuðum réttindum vegna fjölstjórnarflugvéla sem heimilar handhafa slíkrar áritunar að starfa sem aðstoðarflugmaður sem leysir af í farflugi yfir fluglagi 200, að því tilskildu að tveir aðrir áhafnarmeðlimir hafi tegundaráritun í samræmi við d-lið.

f) Viðbótartegundaráritanir fyrir flóknar fjöl- og einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu. Umsækjandi um útgáfu viðbótartegundaráritana fyrir fjölstjórnarflugvélar og fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu skal hafa undir höndum blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar.

g) Þegar það er ákveðið í gögnum um örugga starfrækslu, sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta, má í upphafi takmarka réttindi tegundaráritunar við flug undir umsjón kennara. Skrá skal fartíma undir umsjón í flugdagbók flugmannsins, eða í sambærilegu skjali, og hún undirrituð af kennara. Aflétta skal takmörkunina þegar flugmaðurinn sýnir fram á að hann hafi lokið þeim fartímum undir umsjón sem krafist er í gögnum um örugga starfrækslu.

FCL.725. A Bókleg þekking og flugkennsla fyrir útgáfu flokks- og tegundaráritana — flugvélar

Nema annað sé ákveðið í gögnum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta:

a) Fjölhreyfla einstjórnarflugvélar.

1) Námskeið í bóklegri þekkingu fyrir fjölhreyfla einstjórnarflokksáritun skal fela í sér a.m.k. 7 tíma kennslu í starfrækslu fjölhreyfla flugvélar.

2) Flugþjálfunarnámskeið fyrir flokks- eða tegundaráritun á fjölhreyfla einstjórnarloftför skal fela í sér a.m.k. 2 tíma og 30 mínútur af fartíma með kennara undir venjulegum kringumstæðum á fjölhreyfla flugvélum og a.m.k. 3 tíma og 30 mínútur af fartíma með kennara í verklagi og flugaðferðum vegna hreyfilbilunar.

b) Einstjórnarsjóflugvélar. Þjálfunarnámskeiðið fyrir áritanir á einstjórnarsjóflugvélar skal fela í sér bóklega og verklega flugkennslu. Flugþjálfunin fyrir flokks- eða tegundaráritun á einstjórnarsjóflugvélar skal fela í sér a.m.k. 8 fartíma með kennara ef umsækjandinn er handhafi viðeigandi flokks- eða tegundaráritunar fyrir landflugvélar, eða 10 fartíma ef umsækjandinn er ekki handhafi slíkrar áritunar.

FCL.730.A Sértækar kröfur fyrir flugmenn á námskeiði til tegundarréttinda sem fer fram eingöngu í flughermi (ZFTT) — flugvélar

a) Flugmaður sem fer á tegundarnámskeið eingöngu í flughermi skal hafa lokið, í fjölstjórnarþotu, sem er vottuð samkvæmt CS-25 eða í samræmi við sambærilegar lofthæfireglur eða í fjölstjórnarskrúfuþotu með skráðan hámarksflugtaksmassa, sem er a.m.k. 10 tonn, eða með vottun fyrir farþegasæti í sætafyrirkomulagi fyrir fleiri en 19 farþega, a.m.k.:

1) 1500 fartímum eða 250 flugum ef flughermirinn með fullri hreyfingu, sem notaður er á námskeiðinu, er í flokki CG, flokki C eða bráðabirgðaflokki C,

2) 500 fartímum eða 100 flugum ef flughermirinn með fullri hreyfingu, sem notaður er á námskeiðinu, er í flokki DG eða flokki D.

b) Þegar flugmaður er að fara af skrúfuþotu á þotu eða af þotu á skrúfuþotu er krafist viðbótarþjálfunar í flughermi.

FCL.735.A Námskeið í áhafnarsamstarfi — flugvélar

a) Námskeið í áhafnarsamstarfi skal samanstanda af a.m.k.:

1) 25 klst. bóklegri kennslu og æfingum og

2) 20 tíma af verklegri þjálfun í áhafnarsamstarfi eða 15 tíma hvað varðar flugnema sem sækja samtvinnað námskeið til atvinnuflugmanns 1. flokks.

Nota skal flugleiðsöguþjálfa II (MCC) eða flughermi með fullri hreyfingu. Þegar þjálfun í áhafnarsamstarfi er samtvinnuð við námskeið til fyrstu tegundaráritunar má stytta þjálfun í áhafnarsamstarfi í ekki minna en 10 tíma ef sami flughermir, með fullri hreyfingu, er notaður bæði við þjálfun í áhafnarsamstarfi og til tegundaráritunar.

b) Námskeiði í áhafnarsamstarfi skal lokið innan 6 mánaða hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

c) Ef námskeið í áhafnarsamstarfi hefur ekki verið samtvinnað við námskeið til tegundaráritunar skal umsækjandi fá vottorð um að hann hafi lokið námskeiði í áhafnarsamstarfi.

d) Umsækjandi sem hefur lokið þjálfun í áhafnarsamstarfi fyrir einhverja aðra gerð loftfars skal hljóta undanþágu frá kröfunni í 1. lið a-liðar.

FCL.740.A Framlenging flokks- og tegundaráritana — flugvélar

a) Framlenging flokks- og tegundaráritana fyrir fjölhreyfla loftför. Til að framlengja flokks- og tegundaráritanir fyrir fjölhreyfla loftför skal umsækjandi:

1) standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta á flugvél í viðeigandi flokki eða tegund eða í flughermisþjálfa sem líkir eftir þeim flokki eða tegund, innan þriggja mánaða áður en gildistími áritunarinnar rennur út, og

2) á meðan á gildistíma áritunarinnar stendur, ljúka a.m.k.:

i. 10 flugum sem flugmaður á viðeigandi flokki eða tegund flugvélar, eða

ii. einu flugi sem flugmaður á viðeigandi flokki eða tegund flugvélar eða í flughermi með fullri hreyfingu sem flogið er með prófdómara. Þetta flug má fara fram á meðan á hæfniprófinu stendur.

3) Flugmaður, sem vinnur fyrir flugrekanda í flutningaflugi, sem samþykktur er í samræmi við gildandi kröfur um flugrekstur og sem hefur staðist hæfnipróf flugrekanda ásamt hæfniprófi fyrir framlengingu flokks- eða tegundaráritunarinnar skal undanþeginn kröfunni í 2. lið.

4) Framlengingu vegna blindflugsáritunar fyrir flugvélar, ef hún er til staðar, má framkvæma samtímis hæfniprófi til framlengingar flokks- eða tegundaráritunar.

b) Framlenging flokksáritana fyrir eins hreyfils einstjórnarflugvélar.

1) Flokksáritanir fyrir eins hreyfils flugvélar með bulluhreyfli og áritanir fyrir ferðavélsvifflugur. Vegna framlengingar flokksáritana fyrir eins hreyfils einstjórnarflugvélar með bullhreyfli eða flokksáritana fyrir ferðavélsvifflugur, skal umsækjandinn:

i. innan þriggja mánaða áður en áritunin rennur út, standast hæfnipróf í viðeigandi flokki í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta með prófdómara, eða

ii. innan 12 mánaða áður en áritunin rennur út, ljúka 12 klst. fartíma í viðeigandi flokki, þ.m.t.:

– 6 tímar sem flugstjóri, eða

– 12 flugtök og 12 lendingar, og

– þjálfunarflug sem er a.m.k. ein klst. með flugkennara (FI) eða flokkskennara (CRI). Umsækjendur eru undanþegnir þessu flugi ef þeir hafa staðist færnipróf eða hæfnipróf til flokks- eða tegundaráritunar í öðrum flokki eða tegund flugvélar.

2) Þegar umsækjendur eru handhafar bæði flokksáritunar fyrir eins hreyfils landflugvél með bulluhreyfli og áritunar fyrir ferðavélsvifflugu geta þeir uppfyllt kröfurnar í 1. lið í hvorum flokknum sem er og fengið framlengingu beggja áritana.

3) Eins hreyfils einstjórnarflugvélar með skrúfuþotuhreyflum. Fyrir framlengingu flokksáritana eins hreyfils skrúfuþotu skulu umsækjendur standast hæfnipróf í viðeigandi flokki í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta með prófdómara innan þriggja mánaða áður en áritunin rennur út.

c) Umsækjendur sem ekki hafa náð öllum hlutum hæfniprófs áður en tegundar- eða flokksáritun rennur út skulu ekki neyta réttinda þeirrar áritunar fyrr en þeir hafa lokið við og staðist hæfniprófið.

3. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir þyrlur

FCL.720.H Reynslukröfur og forsendur fyrir útgáfu flokks- eða tegundaráritana — þyrlur

Nema annað sé ákveðið í gögnum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta skal umsækjandi um fyrstu tegundaráritun fyrir þyrlu uppfylla eftirfarandi reynslukröfur og forsendur fyrir útgáfu viðkomandi áritunar:

a) Fjölstjórnarþyrlur. Umsækjandi um námskeið fyrir fyrstu tegundaráritun fyrir fjölstjórnarþyrlur skal:

1) hafa að baki a.m.k. 70 tíma sem flugstjóri á þyrlum,

2) nema þegar námskeið til tegundarréttinda er samtvinnað við námskeið í áhafnarsamstarfi:

i. hafa vottorð um að námskeiði í áhafnarsamstarfi á þyrlum hafi verið lokið með fullnægjandi árangri eða

ii. hafa að baki a.m.k. 500 tíma sem flugmaður á fjölstjórnarflugvélum eða

iii. hafa að baki a.m.k. 500 tíma sem flugmaður sem starfar í fjölstjórnarumhverfi á fjölhreyfla þyrlum,

3) hafa staðist próf í bóklegri þekkingu vegna atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks.

b) Umsækjandi um námskeið fyrir fyrstu tegundaráritun fyrir fjölstjórnarþyrlu, sem er útskrifaður af samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmanns 1. flokks/þyrla, með eða án blindflugsáritunar, eða atvinnuflugmanns/þyrla, með eða án blindflugsáritunar, og sem uppfyllir ekki kröfu 1. liðar a-liðar, skal fá tegundaráritunina útgefna með réttindi sem takmarkast við störf aðstoðarflugmanns. Takmörkunin verður afnumin þegar flugmaður hefur:

1) lokið 70 fartímum sem flugstjóri eða flugstjóri undir umsjón á þyrlu,

2) staðist færniprófið fyrir fjölstjórnarþyrlu sem flugstjóri á viðeigandi þyrlutegund.

c) Fjölhreyfla einstjórnarþyrlur. Umsækjandi um útgáfu fyrstu tegundaráritunar fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlu skal:

1) áður en hann hefur flugþjálfun:

i. hafa staðist bóklegt próf vegna atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, eða

ii. hafa vottorð sem staðfestir að hann hafi lokið inntökuunámskeiði sem haldið er af samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðið skal ná yfir eftirfarandi greinar úr bóklega námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks:

– Almenn þekking á loftförum — Skrokkar/kerfi/hreyflar og mælitæki/rafeindakerfi,

– Afkastageta og áætlanagerð: massi og jafnvægi, afkastageta,

2) hafa að baki 70 fartíma sem flugstjóri á þyrlu hvað varðar umsækjendur sem hafa ekki lokið samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmanns fyrir þyrlur, 1. flokks, með eða án blindflugsáritunar, eða atvinnuflugmanns fyrir þyrlur með blindflugsáritun.

FCL.735.H Þjálfunarnámskeið í áhafnarsamstarfi — þyrlur

a) Námskeið í áhafnarsamstarfi skal a.m.k. samanstanda af:

1) fyrir áhafnarsamstarf í blindflugi:

i. 25 klst. bóklegri kennslu og æfingum og

ii. 20 tíma þjálfun í áhafnarsamstarfi, eða 15 tíma, hvað varðar flugnema sem sækja samtvinnað námskeið til atvinnuflugmanns fyrir þyrlur, 1. flokks, með blindflugsáritun. Þegar þjálfun í áhafnarsamstarfi er samtvinnuð við námskeið til fyrstu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlur má stytta þjálfun í áhafnarsamstarfi í ekki minna en 10 tíma ef sami flughermisþjálfinn er notaður fyrir bæði áhafnarsamstarfið og tegundaráritunina,

2) fyrir áhafnarsamstarf í sjónflugi:

i. 25 klst. bóklegri kennslu og æfingum og

ii. 15 tíma þjálfun í áhafnarsamstarfi, eða 10 tíma, hvað varðar flugnema sem sækja samtvinnað námskeið vegna réttinda atvinnuflugmanna á þyrlu, með blindflugsáritun. Þegar þjálfun í áhafnarsamstarfi er samtvinnuð við námskeið til fyrstu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlur má stytta þjálfun í áhafnarsamstarfi í ekki minna en 7 tíma ef sami flughermisþjálfinn er notaður fyrir bæði áhafnarsamstarfið og tegundaráritunina,

b) Námskeiði í áhafnarsamstarfi skal lokið innan 6 mánaða hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

Nota skal flugleiðsöguþjálfa II eða III sem er viðurkenndur fyrir áhafnarsamstarf, flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu.

c) Ef námskeið í áhafnarsamstarfi hefur ekki verið samtvinnað við námskeið til tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarloftfar skal umsækjandi fá vottorð um að hann hafi lokið námskeiði í áhafnarsamstarfi.

d) Umsækjandi sem hefur lokið þjálfun í áhafnarsamstarfi fyrir einhverja aðra gerð loftfars skal hljóta undanþágu frá kröfu i. liðar í 1. lið a-liðar. eða i. liðar í 2. lið a-liðar, eftir því sem við á.

e) Umsækjandi um þjálfun í áhafnarsamstarfi í blindflugi, sem hefur lokið þjálfun í áhafnarsamstarfi í sjónflugi, skal hljóta undanþágu frá kröfu i. liðar í 1. lið a-liðar og skal ljúka 5 tímum af verklegri þjálfun í áhafnarsamstarfi í blindflugi.

FCL.740.H Framlenging tegundaráritana — þyrlur

a) Framlenging. Fyrir framlengingu tegundaráritana fyrir þyrlur, skal umsækjandinn:

1) standast hæfniprófí samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta á viðeigandi tegund þyrlu eða í flughermisþjálfa sem líkir eftir þeirri tegund, innan þriggja mánaða áður en gildistími áritunarinnar rennur út, og

2) ljúka a.m.k. 2 tímum sem flugmaður viðeigandi tegundar þyrlu innan gildistíma áritunarinnar. Telja má tímalengd hæfniprófsins með upp í þessa 2 tíma.

3) Þegar umsækjendur hafa fleiri en eina tegundaráritun fyrir eins hreyfils þyrlur með bulluhreyfli geta þeir áunnið sér framlengingu fyrir allar viðeigandi tegundaráritanir með því að ljúka hæfniprófinu í aðeins einni af viðeigandi tegundum sem þeir eru handhafar af, að því tilskildu að þeir hafi lokið a.m.k. 2 tímum sem flugstjórar á hinum tegundunum á meðan á gildistíma stendur.

Hæfniprófið skal fara fram á mismunandi tegund í hvert sinn.

4) Þegar umsækjendur hafa fleiri en eina tegundaráritun fyrir eins hreyfils þyrlu með hverfihreyfli með allt að 3175 kg skráðan hámarksflugtaksmassa geta þeir fengið framlengingu fyrir allar viðeigandi tegundaráritanir með því að ljúka hæfniprófinu á aðeins einni af viðeigandi tegundum að því tilskildu að þeir hafi lokið:

i. 300 fartímum sem flugstjórar á þyrlum,

ii. 15 fartímum á hverri tegund og

iii. a.m.k. 2 tímum sem flugstjóri á öllum hinum tegundunum á meðan á gildistíma stendur.

Hæfniprófið skal fara fram á mismunandi tegund í hvert sinn.

5) Flugmaður sem hefur lokið færniprófi með fullnægjandi hætti fyrir útgáfu viðbótartegundaráritunar skal fá framlengingu á viðeigandi tegundaráritunum í einum af flokkunum sem tilgreindir eru í 3. og 4. lið

6) Framlengingu blindflugsáritunar fyrir þyrlur, ef hún er til staðar, má framkvæma samtímis hæfniprófi fyrir tegundaráritun.

b) Umsækjendur sem standast ekki alla hluta hæfniprófs áður en flokks- eða tegundaráritun rennur út skulu ekki neyta réttinda þeirrar áritunar þar til þeir hafa staðist hæfniprófið. Í tengslum við 3. og 4. lið a-liðar skal umsækjandinn ekki neyta réttinda sinna á neinni tegundanna.

4. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir vænghnitur

FCL.720.PLReynslukröfur og forsendur fyrir útgáfu flokks- eða tegundaráritana — vænghnitur

Nema annað sé ákveðið í gögnum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta skal umsækjandi um fyrstu tegundaráritun fyrir vænghnitur uppfylla eftirfarandi reynslukröfur og forsendur:

a) fyrir flugmenn flugvéla:

1) hafa atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar með blindflugsáritun (CPL/IR(A)) ásamt bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks, eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks,

2) hafa vottorð um að námskeiði í áhafnarsamstarfi hafi verið lokið,

3) hafa lokið meira en 100 fartímum sem flugmenn á fjölstjórnarflugvélum.

4) hafa lokið 40 klst. af flugkennslu á þyrlum,

b) fyrir flugmenn þyrlna:

1) hafa atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur með blindflugsáritun (CPL/IR(H)) ásamt bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks, eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, með blindflugsáritun,

2) hafa vottorð um að námskeiði í áhafnarsamstarfi hafi verið lokið,

3) hafa lokið meira en 100 fartímum sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum,

4) hafa lokið 40 tíma flugkennslu á flugvélum,

c) fyrir flugmenn með réttindi til að fljúga bæði flugvélum og þyrlum:

1) hafa a.m.k. atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur,

2) hafa blindflugsáritun og bóklega þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks eða til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks fyrir annaðhvort flugvélar eða þyrlur,

3) hafa vottorð um að námskeiði í áhafnarsamstarfi á þyrlum eða flugvélum hafi verið lokið,

4) hafa lokið a.m.k. 100 fartímum sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum eða -flugvélum,

5) hafa lokið 40 tíma flugkennslu á flugvélum eða þyrlum, eftir því sem við á, ef flugmaðurinn hefur ekki starfað sem flugmaður með atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks eða á fjölstjórnarloftfari.

FCL.725.PLFlugkennsla vegna útgáfu tegundaráritana — vænghnitur

Verklegi hluti þjálfunarnámskeiðsins til tegundaráritunar fyrir vænghnitur skal fara fram bæði á loftfarinu og í flughermisþjálfa, sem líkir eftir viðkomandi loftfari og er viðurkennt fyrir þennan tilgang.

FCL.740.PLFramlenging tegundaráritana — vænghnitur

a) Framlenging. Fyrir framlengingu tegundaráritana á vænghnitur, skal umsækjandinn:

1) standast hæfnipróf í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta í viðeigandi vænghnitu, innan þriggja mánaða áður en gildistími áritunarinnar rennur út,

2) á meðan á gildistíma áritunarinnar stendur, ljúka a.m.k.:

i. 10 flugum sem flugmaður á viðeigandi tegund vænghnitu, eða

ii. 1 flugi sem flugmaður á viðeigandi tegund vænghnitu eða í flughermi með fullri hreyfingu sem flogið hefur verið með prófdómara. Þetta flug má fara fram á meðan á hæfniprófi stendur.

3) Flugmaður sem vinnur fyrir flugrekanda í flutningaflugi, sem samþykktur er í samræmi við gildandi kröfur um flugrekstur og sem hefur staðist hæfnipróf flugrekandans ásamt hæfniprófi fyrir framlengingu tegundaráritunarinnar skal hljóta undanþágu frá kröfunum í 2. lið.

b) Umsækjandi sem stenst ekki alla hluta hæfniprófs áður en tegundaráritun rennur út skal ekki neyta réttinda þeirrar áritunar þar til þeir hafa staðist hæfniprófið.

5. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir loftskip

FCL.720.As Forsendur fyrir útgáfu tegundaráritana — loftskip

Nema annað sé ákveðið í gögnum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta skal umsækjandi um fyrstu tegundaráritun fyrir loftskip, uppfylla eftirfarandi reynslukröfur og forsendur:

a) fyrir fjölstjórnarloftskip:

1) hafa lokið 70 fartímum sem flugstjóri á loftskipi,

2) hafa vottorð um að námskeiði í áhafnarsamstarfi á loftskipum hafi verið lokið með fullnægjandi hætti.

3) Umsækjandi sem uppfyllir ekki kröfuna í 2. lið skal fá tegundaráritun útgefna með réttindum sem takmörkuð eru við störf aðstoðarflugmanns eingöngu. Takmörkunin skal afnumin þegar flugmaðurinn hefur lokið 100 fartímum sem flugstjóri eða flugstjóri undir umsjón á loftskipi.

FCL.735.As Þjálfunarnámskeið í áhafnarsamstarfi — loftskip

a) Námskeið í áhafnarsamstarfi skal a.m.k. samanstanda af:

1) 12 klst. bóklegri kennslu og æfingum og

2) 5 klst. af verklegri þjálfun í áhafnarsamstarfi,

3) Nota skal flugleiðsöguþjálfa II eða III sem er viðurkenndur fyrir áhafnarsamstarf, flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu.

b) Námskeiði í áhafnarsamstarfi skal lokið innan 6 mánaða hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

c) Ef námskeið í áhafnarsamstarfi hefur ekki verið samtvinnað við námskeið til tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarloftfar skal umsækjandi fá vottorð um að hann hafi lokið námskeiði í áhafnarsamstarfi.

d) Umsækjandi sem hefur lokið þjálfun í áhafnarsamstarfi fyrir einhverja aðra gerð loftfars skal hljóta undanþágu frá kröfum a-liðar.

FCL.740.As Framlenging tegundaráritana — loftskip

a) Framlenging. Fyrir framlengingu tegundaráritana fyrir loftskip, skal umsækjandinn:

1) standast hæfniprófí samræmi við 9. viðbæti við þennan lið í viðeigandi tegund loftskips, innan þriggja mánaða áður en gildistími áritunarinnar rennur út, og

2) ljúka a.m.k. 2 tímum sem flugmaður í viðeigandi tegund loftskips innan gildistíma áritunarinnar. Telja má tímalengd hæfniprófsins með upp í þessa 2 tíma.

3) Framlengingu blindflugsáritunar fyrir loftskip, ef hún er fyrir hendi, má framkvæma samtímis hæfniprófi fyrir framlengingu flokks- eða tegundaráritunar.

b) Umsækjendur sem standast ekki alla hluta hæfniprófs áður en flokks- eða tegundaráritun rennur út skulu ekki neyta réttinda þeirrar áritunar þar til þeir hafa staðist hæfniprófið.

I-KAFLI

VIÐBÓTARÁRITANIR

FCL.800 Áritun fyrir listflug

a) Handhafar flugmannsskírteinis fyrir flugvélar, ferðavélsvifflugur eða svifflugur skulu einungis fljúga listflug þegar þeir hafa viðeigandi áritun.

b) Umsækjendur um áritun fyrir listflug skulu hafa lokið:

1) a.m.k. 40 fartímum eða, hvað varðar svifflugur, 120 flugtökum sem flugstjórar á viðeigandi gerð loftfara, sem framkvæmd hafa verið eftir útgáfu skírteinisins,

2) þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:

i. kennsla í bóklegri þekkingu sem á við áritunina,

ii. a.m.k. 5 fartímum eða 20 kennsluflugum í listflugi á viðeigandi gerð loftfara.

c) Réttindi áritunarinnar fyrir listflug skal takmarkast við þá gerð loftfars sem flugkennslan fór fram á. Veita skal viðbótarréttindi fyrir aðrar gerðir loftfara ef flugmaðurinn er handhafi skírteinis fyrir þá gerð loftfars og hefur lokið a.m.k. 3 þjálfunarflugum með kennara sem ná yfir alla námsskrá fyrir listflugsþjálfun á þeirri gerð loftfars.

FCL.805 Áritanir fyrir flugtog á svifflugum og flugtog á borðum

a) Handhafi flugmannsskírteinis með réttindi til að fljúga flugvélum eða ferðavélsvifflugum skal aðeins flugtoga svifflugur eða borða þegar hann hefur viðeigandi áritun fyrir flugtog á svifflugum eða flugtog á borðum.

b) Umsækjendur um áritun fyrir flugtog á svifflugum skulu hafa lokið:

1) a.m.k. 30 fartímum sem flugstjórar og 60 flugtökum og lendingum á flugvélum, ef starfsemi á að fara fram á flugvélum, eða á ferðavélsvifflugum ef starfsemin á að fara fram á ferðavélsvifflugum, sem eru framkvæmd eftir útgáfu skírteinisins,

2) þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:

i. bókleg kennsla í starfrækslu og verklagi við flugtog,

ii. a.m.k. 10 kennsluflug í að flugtoga svifflugu, þ.m.t. a.m.k. 5 kennsluflug með kennara, og

iii. nema hvað varðar handhafa flugmannsskírteinis fyrir léttar svifflugur eða skírteinis svifflugmanns, 5 kynningarflug á svifflugu sem komið er á loft af loftfari.

c) Umsækjendur um áritun fyrir flugtog á borðum skulu hafa lokið:

1) a.m.k. 100 fartímum og 200 flugtökum og lendingum sem flugstjórar á flugvélum eða ferðavélsvifflugum, eftir útgáfu skírteinisins. Þar af skulu a.m.k. 30 tímar vera á flugvélum, ef starfsemin á að fara fram á flugvélum, eða á ferðavélsvifflugu, ef starfsemin á að fara fram á ferðavélsvifflugum,

2) þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, þ.m.t.:

i. bókleg kennsla í starfrækslu og verklagi við flugtog,

ii. a.m.k. 10 kennsluflug í flugtogi á borða, þ.m.t. a.m.k. 5 fartímar með kennara.

d) Réttindi áritana fyrir flugtog á svifflugum og flugtog á borðum skulu takmarkast við flugvélar eða ferðavélsvifflugur, eftir því á hvoru loftfarinu flugkennslan fór fram. Veita skal viðbótarréttindi ef flugmaðurinn er handhafi skírteinis fyrir flugvélar eða ferðavélsvifflugur og hefur lokið a.m.k. 3 æfingarflugum með kennara þar sem farið er yfir allt efni námskrár flugtogsþjálfunar á öðru hvoru loftfarinu, eftir því sem við á.

e) Svo að handhafi áritunar fyrir flugtog á svifflugum eða flugtog á borðum geti neytt réttinda sinna skal hann hafa lokið a.m.k. 5 flugtogum á síðustu 24 mánuðum.

f) Þegar flugmaðurinn uppfyllir ekki kröfuna í e-lið skal hann, áður en hann heldur áfram að neyta réttinda sinna, ljúka þeim flugtogum sem vantar upp á með kennara eða undir umsjón hans.

FCL.810 Næturflugsáritun

a) Flugvélar, ferðavélsvifflugur, loftskip.

1) Ef neyta á réttinda flugmannsskírteinis fyrir létt loftför eða einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, ferðavélsvifflugur eða loftskip við sjónflugsskilyrði að nóttu til skulu umsækjendur hafa lokið þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðið skal samanstanda af:

i. bóklegri kennslu,

ii. a.m.k. 5 fartímum á viðeigandi gerð loftfars að nóttu til, þ.m.t. a.m.k. 3 fartímar með kennara, þar af minnst. 1 tími í landflugsleiðsögu með a.m.k. einu landflugi með kennara sem er að lágmarki 50 km, og 5 flugtök í einflugi og 5 stöðvunarlendingar í einflugi.

2) Áður en næturþjálfuninni er lokið, skulu handhafar flugmannsskírteina fyrir létt loftför hafa lokið grunnþjálfun í blindflugi sem krafist er fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteina.

3) Þegar umsækjendur eru handhafar bæði flokksáritunar fyrir eins hreyfils landflugvélar, með bulluhreyfli, og áritunar fyrir ferðavélsvifflugur geta þeir uppfyllt kröfurnar í 1. lið í hvorum flokknum sem er og fengið framlengingu beggja áritana.

b) Þyrlur. Ef neyta á réttinda einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlur við sjónflugsskilyrði að nóttu til skal umsækjandinn hafa:

1) lokið a.m.k. 100 fartímum sem flugmaður á þyrlu eftir útgáfu skírteinisins, þ.m.t. a.m.k. 60 fartímar sem flugstjóri á þyrlum og 20 fartímar í landflugi,

2) lokið þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Námskeiðinu skal ljúka á innan við 6 mánuðum og það samanstanda af:

i. 5 klst. bóklegri kennslu,

ii. 10 fartímum í blindflugi í þyrlu, og

iii. 5 fartímum að nóttu til, þ.m.t. 3 fartímar með kennara, þar af a.m.k. 1 tími í landflugsleiðsögu og 5 umferðarhringir í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending.

3) Umsækjandi sem hefur eða hefur haft blindflugsáritun á flugvél eða ferðavélsvifflugu skal hljóta viðurkenningu fyrir 5 tíma til móts við kröfuna í ii. lið 2. liðar hér að ofan.

c) Loftbelgir. Ef neyta á réttinda flugmannsskírteinis fyrir létt loftför eða fyrir loftbelgi við sjónflugsskilyrði að nóttu til skulu umsækjendur ljúka a.m.k. 2 kennsluflugum að nóttu til sem eru hvor um sig a.m.k. 1 klst. að lengd.

FCL.815 Fjallaflugsáritun

a) Réttindi. Réttindi handhafa fjallaflugsáritunar heimila honum að fljúga flugvél eða ferðavélsvifflugu til og frá yfirborði sem talið er að krefjist slíkrar áritunar af því lögbæra yfirvaldi sem skipað er af aðildarríkjunum.

Fyrstu fjallaflugsáritunina er hægt að fá annaðhvort fyrir:

1) hjól, sem veitir réttindi til að fljúga til og frá slíku yfirborði þegar það er ekki hulið snjó, eða

2) skíði, sem veitir réttindi til að fljúga til og frá slíku yfirborði þegar það er hulið snjó.

3) Veita má viðbótarréttindi við áritunina fyrir annaðhvort hjóla- eða skíðaréttindi þegar flugmaðurinn hefur gengist undir viðeigandi kynningarþjálfun á námskeiði, þ.m.t. kennsla í bóklegri þekkingu og flugkennsla með kennara í fjallaflugi.

b) Þjálfunarnámskeið. Umsækjendur um fjallaflugsáritun skulu hafa lokið, innan 24 mánaða tímabils, námskeiði í bóklegri þekkingu og flugþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Efni námskeiðsins skal vera í samræmi við þau réttindi sem sótt er um.

c) Færnipróf. Eftir að þjálfuninni hefur verið lokið skal umsækjandinn standast færnipróf með flugprófdómara með þar til bær réttindi. Færniprófið skal fela í sér:

1) munnlegt próf í bóklegri þekkingu,

2) 6 lendingar á a.m.k. tvenns konar yfirborði sem talið er að krefjist fjallaflugsáritunar og sem er ekki sama yfirborð og við brottför.

d) Gildistími. Gildistími fjallaflugsáritunar skal vera 24 mánuðir.

e) Framlenging. Fyrir framlengingu fjallaflugsáritunar skal umsækjandinn:

1) hafa lokið a.m.k. 6 fjallalendingum á síðustu 24 mánuðum, eða

2) hafa staðist hæfnipróf. Hæfnipróf skal vera í samræmi við kröfurnar í c-lið.

f) Endurnýjun. Ef áritunin hefur runnið út skal umsækjandinn standast kröfur 2. liðar í e-lið.

FCL.820 Reynsluflugsáritun

a) Handhafar flugmannsskírteinis fyrir flugvélar eða þyrlur skulu aðeins starfa sem flugstjórar í reynsluflugum í flokki 1 eða 2, eins og þau eru skilgreind í 21. hluta, þegar þeir hafa reynsluflugsáritun.

b) Skylda, til að hafa reynsluflugsáritun, sem kveðið er á um í a-lið, á aðeins við um reynsluflug sem fer fram:

1) á þyrlum sem eru vottaðar, eða sem á að votta samkvæmt CS-27 eða CS-29 eða jafngildum lofthæfisreglum, eða

2) á flugvélum sem eru vottaðar eða á að votta samkvæmt:

i. CS-25 eða jafngildum lofthæfireglum, eða

ii. CS-23 eða jafngildum lofthæfireglum, nema hvað varðar flugvélar með minna en 2000 kg hámarks-flugtaksmassa.

c) Handhafi reynsluflugsáritunar hefur réttindi, innan viðeigandi gerðar loftfara, til að framkvæma eftirfarandi:

1) reynsluflugsáritun úr flokki 1: framkvæma alla flokka reynsluflugs, eins og þau eru skilgreind í 21. hluta, annaðhvort sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður,

2) reynsluflugsáritun úr flokki 2:

i. framkvæma reynsluflug úr flokki 1 eins og þau eru skilgreind í 21. hluta:

– sem aðstoðarflugmaður, eða

– sem flugstjóri, að því er varðar flugvélar sem vísað er til í ii. lið 2. liðar í b-lið, nema hvað varðar flugvélar í mjötluflokki (e. *commuter category*) eða með hönnunarhraða fyrir bratta lækkun sem er meiri en Mach 0,6 eða hámarksflughæð yfir 25 000 fetum,

ii. framkvæma alla aðra flokka reynsluflugs, eins og þau eru skilgreind í21. hluta, annaðhvort sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður,

3) til viðbótar fyrir reynsluflugsáritanir bæði í flokki 1 eða 2: framkvæma flug sem tengjast starfsemi hönnunar- og framleiðslufyrirtækja sérstaklega, innan gildissviðs réttinda þeirra, þegar ekki er hægt að uppfylla kröfur H-kafla.

d) Umsækjendur um fyrstu útgáfu reynsluflugsáritunar skulu:

1) hafa a.m.k. atvinnuflugmannsskírteini og blindflugsáritun á viðeigandi gerð loftfars,

2) hafa lokið a.m.k. 1000 fartímum á viðeigandi gerð loftfars, þar af a.m.k. 400 sem flugstjóri,

3) hafa lokið þjálfunarnámskeiði hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki sem hæfir viðkomandi gerð loftfars og flugflokki. Þjálfunin skal ná yfir a.m.k. eftirfarandi námsgreinar:

– Afkastageta,

– Stöðugleiki og stjórn/stjórneiginleikar,

– Kerfi,

– Stjórnun prófana,

– Áhættu-/öryggisstjórnun.

e) Veita má viðbótarréttindi fyrir handhafa reynsluflugsáritunar fyrir annan flokk reynsluflugs og aðra gerð loftfara þegar þeir hafa lokið viðbótarþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki.

J-KAFLI

KENNARAR

1. ÞÁTTUR

Almennar kröfur

FCL.900 Kennaravottorð

a) Almennt. Einstaklingur má einungis veita:

1) flugkennslu á loftfari þegar hann/hún hefur:

i. flugmannsskírteini, sem gefið er út eða samþykkt í samræmi við þessa reglugerð,

ii. kennaravottorð sem hæfir þeirri flugkennslu sem veita á og gefið er út í samræmi við þennan kafla,

2) flugkennslu í flugþjálfa eða þjálfun í áhafnarsamstarfi þegar hann/hún hefur kennaravottorð, sem hæfir þeirri kennslu sem er veitt, sem gefið er út í samræmi við þennan kafla.

b) Sérstök skilyrði:

1) Ef ný loftför eru tekin í notkun í aðildarríkjunum eða í flota flugrekanda þannig að ekki er hægt að uppfylla kröfur þessa kafla getur lögbært yfirvald gefið út sérstakt vottorð sem gefur réttindi til að veita flugkennslu. Slíkt vottorð takmarkast við þau kennsluflug sem nauðsynleg eru þegar ný tegund loftfars er tekið í notkun og gildistími þess skal ekki undir neinum kringumstæðum vera lengri en eitt ár.

2) Handhafar vottorðs, sem gefið er út í samræmi við 1. lið b-liðar, sem vilja sækja um útgáfu kennaravottorðs, skulu uppfylla forsendurnar og framlengingarkröfurnar sem kveðið er á um fyrir þann flokk kennara. Þrátt fyrir ákvæði b-liðar í FCL.905.TRI mun vottorð tegundarkennara, sem gefið er út í samræmi við þennan undirlið, fela í sér réttindi til að kenna í til útgáfu vottorðs tegundakennara (TRI) eða flugþjálfakennara (SFI) fyrir viðkomandi tegund.

c) Kennsla utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna:

1) Þrátt fyrir ákvæði a-liðar getur lögbært yfirvald gefið út kennaravottorð til umsækjanda sem er handhafi flugmannsskírteinis, sem gefið er út af þriðja landi í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins þegar um er að ræða flugkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna, að því tilskildu að umsækjandinn:

i. hafi skírteini, áritun eða vottorð, sem er a.m.k. jafngilt því sem hann hefur heimild til að veita flugkennslu fyrir, og í öllum tilfellum a.m.k. atvinnuflugmannsskírteini,

ii. uppfylli kröfurnar, sem kveðið er á um í þessum kafla, fyrir útgáfu viðeigandi kennaravottorðs,

iii. sýni lögbæru yfirvaldi fram á viðunandi þekkingu á evrópskum flugöryggisreglum svo hann geti neytt réttinda sinna í samræmi við þennan kafla.

2) Vottorðið skal takmarka við flugkennslu:

i. hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna,

ii. til handa flugnemum sem hafa nægilega kunnáttu á því tungumáli sem flugkennslan fer fram á.

FCL.915 Almennar forsendur og kröfur fyrir kennara

a) Almennt. Umsækjandi um kennaravottorð skal vera a.m.k. 18 ára.

b) Viðbótarkröfur fyrir kennara sem veita flugkennslu á loftfari. Umsækjandi um, eða handhafi, kennaravottorðs með réttindi til að veita flugkennslu á loftfari skal:

1) hafa a.m.k. það skírteini, og þar sem við á, þá áritun sem kennt er til,

2) nema hvað varðar reynsluflugskennara, hafa:

i. lokið a.m.k. 15 klst. sem flugmaður á þeim flokki eða tegund loftfars sem kennt er á, þar af mega að hámarki vera sjö tímar í flughermisþjálfa sem líkir eftir viðkomandi flokki eða tegund loftfars, ef við á, eða

ii. staðist hæfnismat fyrir viðkomandi flokk kennara á þeim flokki eða tegund loftfars,

3) hafa rétt til að gegna hlutverki flugstjóra loftfarsins á meðan á slíkri flugkennslu stendur.

c) Viðurkenning til frekari áritana og í tengslum við framlengingar:

1) Veita má umsækjendum um frekari kennaravottorð viðurkenningu fyrir færni náms- og kennslufræði sem þeir hafa þegar sýnt fram á varðandi það kennaravottorð sem þeir hafa.

2) Þeir tímar sem þeir hafa flogið, sem prófdómarar í færni- og hæfniprófum, má telja með þeim tímum sem krafa er um til framlengingar allra kennaravottorða sem þeir hafa.

FCL.920 Hæfni kennara og mat

Allir kennarar skulu hljóta þjálfun með það að markmiði að ná eftirfarandi hæfni:

– undirbúa aðstöðu og hjálpargögn,

– skapa andrúmsloft sem stuðlar að námi,

– miðla þekkingu,

– samtvinna hættu- og mistakastjórnun (TEM) og stjórnun áhafnarsamvinnu,

– skipuleggja tímann í því skyni að ná þjálfunarmarkmiðum,

– greiða fyrir námi,

– meta frammistöðu nemans,

– vakta og endurskoða framvindu,

– meta þjálfunarsetu,

– skýra frá niðurstöðum.

FCL.925 Viðbótarkröfur fyrir kennara vegna fjölstjórnarskírteina

a) Kennarar við þjálfun til fjölstjórnarskírteinis skulu:

1) hafa lokið námskeiði fyrir fjölstjórnarskírteiniskennara með fullnægjandi árangri hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, og

2) fyrir grunn-, milli- og framhaldsstig samtvinnaða þjálfunarnámskeiðsins til fjölstjórnarskírteinis, einnig:

i. hafa reynslu af starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi, og

ii. hafa lokið grunnþjálfun í stjórnun áhafnarsamvinnu hjá flugrekanda í flutningaflugi sem samþykktur er í samræmi við gildandi flugrekstrarkröfur.

b) Námskeið fyrir fjölstjórnarskírteiniskennara

1) Námskeiðið fyrir fjölstjórnarskírteiniskennara skal samanstanda af a.m.k. 14 tíma þjálfun.

Eftir að námskeiðinu er lokið skal umsækjandinn undirgangast mat á hæfni sinni sem kennari og þekkingu hans á hæfnimiðaðri þjálfun.

2) Matið skal samanstanda af verklegri sýnikennslu á viðeigandi stigi námskeiðsins fyrir fjölstjórnarskírteini. Þetta mat skal vera í höndum prófdómara sem hefur réttindi í samræmi við K-kafla.

3) Eftir að námskeiði fyrir fjölstjórnarskírteini er lokið með fullnægjandi árangri skal samþykkt þjálfunarfyrirtæki gefa út kennaravottorð til handa umsækjandanum um hæfi hans til kennslu til fjölstjórnarskírteinis.

c) Til að viðhalda réttindunum skal kennari á næstliðnum 12 mánuðum hafa stýrt á námskeiði fyrir fjölstjórnarskírteini:

1) einni flughermissetu sem er a.m.k. 3 klst. eða

2) einni flugæfingu sem er a.m.k. ein klst. að lengd og samanstendur af a.m.k. 2 flugtökum og lendingum.

d) Ef kennari hefur ekki uppfyllt kröfurnar í c-lið, áður en hann/hún neytir réttinda sinna til að annast flugkennslu til fjölstjórnarskírteinis skal hann/hún:

1) fá upprifjunarþjálfun hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki til að ná því hæfnistigi sem er nauðsynlegt til þess að standast mat á hæfni kennara, og

2) standast mat á hæfni kennara sem lýst er í 2. lið b-liðar.

FCL.930 Þjálfunarnámskeið

Umsækjendur um kennaravottorð skulu hafa lokið námskeiði í bóklegri þekkingu og flugkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Til viðbótar við hina tilteknu þætti sem lýst er í þessum hluta fyrir hvern flokk kennara skal námskeiðið fela í sér þættina sem krafist er í FCL.920.

FCL.935 Hæfnismat

a) Að undanskildum kennurum í áhafnarsamstarfi (MCCI), flugþjálfakennurum á einstjórnarloftför (STI), fjallaflugskennurum (MI) og reynsluflugskennurum (FTI) skal umsækjandi um kennaravottorð standast hæfnismat á viðeigandi gerð loftfars til að sýna prófdómara, sem hefur réttindi í samræmi við K-kafla, fram á færni til að veita flugnema þá kennslu sem krafist er fyrir útgáfu viðkomandi skírteinis, áritunar eða vottorðs.

b) Þetta mat skal fela í sér:

1) sönnun á þeirri hæfni sem lýst er í FCL.920 við kennslu í aðgerðum fyrir og eftir flug og kennslu í bóklegri þekkingu,

2) munnleg próf í bóklegum greinum á jörðu niðri, fyrirflugskynningu og eftirflugsgreiningu og sýnikennslu flugkennara á viðeigandi flokki eða tegund loftfars eða flughermisþjálfa,

3) viðeigandi æfingar til þess að meta hæfni kennarans.

c) Matið skal fara fram á sama flokki eða tegund loftfars eða sama flughermisþjálfa sem notaður var í flugkennslunni.

d) Þegar hæfnismats er krafist fyrir framlengingu kennaravottorðs skal umsækjandinn, sem stenst ekki matið áður en kennaravottorð rennur út, ekki neyta réttinda þess vottorðs þar til matinu hefur verið lokið á fullnægjandi hátt.

FCL.940 Gildistími kennaravottorða

Að undanskildum fjallaflugskennara og án þess að hafa áhrif á 1. lið í b-lið FCL.900 skulu kennaravottorð gilda í þrjú ár.

2. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir flugkennara

FCL.905.FI Flugkennari — Réttindi og skilyrði

Réttindi flugkennara eru að stjórna flugkennslu vegna útgáfu, framlengingu eða endurnýjun á:

a) einkaflugmannsskírteini, skírteini svifflugmanns, flugmannsskírteini fyrir loftbelg og flugmannsskírteini fyrir létt loftför á viðeigandi gerð loftfars,

b) flokks- og tegundaráritunum fyrir eins hreyfils einstjórnarloftfar, að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu, og á viðbótarréttindum fyrir flokk og hóp loftbelgja og viðbótarréttindum fyrir flokk sviffluga,

c) tegundaráritunum fyrir einstjórnar- eða fjölstjórnarloftskip,

d) atvinnuflugmannsskírteini á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að flugkennarinn hafi lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður á þeirri gerð loftfars, þ.m.t. a.m.k. 200 tímum í flugkennslu,

e) næturflugsáritun, að því tilskildu að flugkennarinn:

1) sé hæfur til að fljúga að næturlagi á viðeigandi gerð loftfars,

2) hafi sýnt flugkennara, sem hefur starfsréttindi í samræmi við i. lið hér að neðan, fram á hæfni til að kenna að nóttu til, og

3) uppfylli kröfurnar í 2. lið b-liðar FCL.060 um reynslu í næturflugi,

f) áritun fyrir flugtog eða listflug, að því tilskildu að slík réttindi séu til staðar og að flugkennarinn hafi sýnt flugkennara, sem hefur réttindi í samræmi við i. lið hér að neðan, fram á hæfni til að veita kennslu fyrir þá áritun,

g) blindflugsáritun á viðeigandi gerð loftfars að því tilskildu að flugkennarinn hafi:

1) a.m.k. 200 klst. samkvæmt blindflugsreglum, en þar af mega allt að 50 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II,

2) lokið blindflugskennaranámskeiði sem flugnemi og hafi staðist hæfnismatið fyrir blindflugskennaravottorðið, og

3) að auki:

i. hvað varðar fjölhreyfla flugvélar, uppfyllt kröfurnar fyrir útgáfu flokkskennaravottorðs,

ii. hvað varðar fjölhreyfla þyrlur, uppfyllt kröfurnar fyrir útgáfu vottorðs tegundarkennara,

h) flokks- eða tegundaráritunum fyrir fjölhreyfla einstjórnarloftför að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu, að því tilskildu að flugkennarinn uppfylli:

1) hvað varðar flugvélar, forsendurnar fyrir flokkskennaranámskeiðið, sem kveðið er á um í a-lið FCL.915.CRI og kröfurnar í FCL.930.CRI og FCL.935,

2) hvað varðar þyrlur, kröfurnar sem kveðið er á um í 1. lið í c-lið FCL.910.TRI og forsendurnar fyrir tegundarkennaranámskeiðið á þyrlu (TRI(H)), sem kveðið er á um í 2. lið í b-lið FCL.915.TRI,

i) vottorði flugkennara, blindflugskennara, flokkskennara, flugþjálfakennara fyrir einstjórnarloftför og fjallaflugskennara að því tilskildu að flugkennarinn hafi:

1) lokið a.m.k.:

i. hvað varðar flugkennara á svifflugu, a.m.k. 50 tímum eða 150 flugtökum í flugkennslu á svifflugum,

ii. hvað varðar flugkennara á loftbelgi, a.m.k. 50 tímum eða 50 flugtökum í flugkennslu á loftbelgjum,

iii. í öllum öðrum tilvikum, 500 tímum í flugkennslu á viðeigandi gerð loftfars,

2) staðist hæfnismat í samræmi við FCL.935 á viðeigandi gerð loftfars til að sýna flugkennaraprófdómara (FIE) fram á hæfni til þess að veita kennslu með tilliti til vottorðs flugkennara,

j) fjölstjórnarskírteinum að því tilskildu að flugkennarinn hafi:

1) fyrir það stig þjálfunarinnar sem lýtur að grunnþjálfun í flugfærni, lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður á flugvélum, þar á meðal a.m.k. 200 tímum í flugkennslu,

2) fyrir grunnstig þjálfunarinnar:

i. blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar og réttindi til þess að veita kennslu fyrir blindflugsáritun, og

ii. a.m.k. 1500 fartíma í fjölstjórnarumhverfi,

3) Þegar um er að ræða flugkennara með réttindi til að kenna á samtvinnuðum námskeiðum til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks á flugvélar eða atvinnuflugmannsskírteinis á flugvélar með blindflugsáritun má í stað kröfunnar í ii. lið 2. liðar, ljúka sérstaklega útfærðu námskeiði sem samanstendur af:

i. kennslu í áhafnarsamstarfi,

ii. fylgjast með, sem áhorfandi, fimm setum í flugkennslu í 3. áfanga námskeiðs fyrir fjölstjórnarskírteini,

iii. fylgjast með, sem áhorfandi, fimm setum í flugkennslu í 4. áfanga námskeiðs fyrir fjölstjórnarskírteini,

iv. fylgjast með, sem áhorfandi, fimm setum í reglubundinni leiðarflugsþjálfun (LOFT) hjá flugrekanda,

v. efnisskrá kennaranámskeiðs fyrir kennara í áhafnarsamstarfi.

Í þessu tilfelli skal flugkennari stjórna fyrstu fimm kennslulotunum sínum undir umsjón tegundarkennara á flugvélar (TRI(A)), kennara í áhafnarsamstarfi á flugvélar (MCCI(A)) eða flugþjálfakennara á flugvélar (SFI(A)), sem hafa réttindi til að veita kennslu til fjölstjórnarskírteinis.

FCL.910.FI Flugkennari — takmörkuð réttindi

a) Réttindi flugkennara skulu takmarkast við það að veita flugkennslu undir umsjón flugkennara fyrir sömu gerð loftfars, sem útnefndur er af samþykktu þjálfunarfyrirtæki í þessum tilgangi, í eftirfarandi tilvikum:

1) fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis, skírteinis svifflugmanns, flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi og flugmannsskírteinis fyrir létt loftför,

2) á öllum samtvinnuðum námskeiðum á einkaflugmannsstigi, hvað varðar flugvélar og þyrlur,

3) fyrir flokks- og tegundaráritanir fyrir eins hreyfils einstjórnarloftför, viðbótarréttindi fyrir flokk og hóp loftbelgja og viðbótarréttindi fyrir flokk sviffluga,

4) fyrir áritanir fyrir næturflug, flugtog eða listflug.

b) Við þjálfun undir umsjón, í samræmi við a-lið, hefur flugkennari ekki réttindi til þess að veita flugnemum heimild til að fljúga sitt fyrsta einflug og sitt fyrsta einflug í landflugi.

c) Takmörkununum í a- og b-lið skal aflétta úr flugkennaravottorði þegar flugkennarinn hefur að minnsta kosti lokið:

1) fyrir flugkennara á flugvél, 100 tímum í flugkennslu á flugvélum eða ferðavélsvifflugum og hefur enn fremur haft umsjón með a.m.k. 25 einflugum flugnema,

2) fyrir flugkennara á þyrlu, 100 tímum í flugnámi á þyrlum og hefur enn fremur haft umsjón með a.m.k. 25 flugæfingum í einflugi flugnema,

3) fyrir flugkennara á loftskip, svifflugu eða loftbelg, 15 tímum eða 50 flugtökum í flugkennslu sem nær yfir alla þjálfunarnámskrána fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis fyrir loftskip (PPL(As)), skírteinis svifflugmanns eða flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi á viðeigandi gerð loftfars.

FCL.915.FI Flugkennari — forsendur

Umsækjandi um vottorð flugkennara skal:

a) hvað varðar flugkennara á flugvélar og flugkennara á þyrlur:

1) hafa fengið minnst 10 tíma blindflugskennslu á viðeigandi gerð loftfars en af þeim mega ekki fleiri en fimm tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flughermisþjálfa,

2) hafa lokið 20 tímum í landflugi samkvæmt sjónflugsreglum sem flugstjóri á viðeigandi gerð loftfars og

b) að auki fyrir flugkennara á flugvél:

1) hafa a.m.k. atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, eða

2) hafa a.m.k. einkaflugmannsréttindi á flugvélar og hafa:

i. uppfyllt kröfurnar um bóklega þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini, nema fyrir flugkennara á flugvélar sem veita aðeins þjálfun fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför, og

ii. hafa lokið a.m.k. 200 fartímum á flugvélum eða ferðavélsvifflugum, þar af 150 tímum sem flugstjóri,

3) hafa lokið a.m.k. 30 tímum á eins hreyfils flugvélum með bulluhreyfli, en þar af skal a.m.k. 5 tímum hafa verið lokið á 6 næstliðnu mánuðum fyrir inntökuflugprófið sem tilgreint er í a-lið FCL.930.FI,

4) hafa lokið landflugi samkvæmt sjónflugsreglum sem flugstjóri, þ.m.t. flug sem er að minnsta kosti 540 km (300 sjómílur) langt þar sem framkvæma skal tvær stöðvunarlendingar á tveimur mismunandi flugvöllum,

c) fyrir flugkennara á þyrlu, hafa auk þess lokið 250 fartímum sem flugmaður á þyrlum, þar af:

1) a.m.k. 100 tímum sem flugstjóri, ef umsækjandinn hefur a.m.k. atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, eða

2) a.m.k. 200 tímum sem flugstjóri, ef umsækjandinn hefur a.m.k. einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur (PPL(H)) og hefur uppfyllt kröfurnar um bóklega þekkingu vegna atvinnuflugmannsskírteinis,

d) fyrir flugkennara á loftskipi, hafa lokið 500 fartímum á loftskipum sem flugstjóri, þar af 400 tímum sem flugstjóri með atvinnuflugmannsskírteini fyrir loftskip,

e) fyrir flugkennara á svifflugu, hafa lokið 100 fartímum og 200 flugtökum sem flugstjóri á svifflugu. Þegar umsækjandinn óskar eftir því að veita flugkennslu á ferðavélsvifflugu skal hann/hún þar að auki hafa lokið 30 fartímum sem flugstjóri á ferðavélsvifflugu og viðbótarhæfnimati á ferðavélsvifflugu í samræmi við FCL.935 með flugkennara sem hefur réttindi í samræmi við j-lið FCL.905.FI.

f) fyrir flugkennara á loftbelg, hafa lokið 75 fartímum á loftbelgi sem flugstjóri, þar af a.m.k. 15 tímum í þeim flokki sem veita á flugkennslu fyrir.

FCL.930.FI Flugkennari — Þjálfunarnámskeið

a) Umsækjendur um vottorð flugkennara skulu hafa staðist sérstakt inntökuflugpróf með flugkennara sem hefur réttindi í samræmi við i. lið FCL.905.FI á næstliðnum sex mánuðum áður en námskeiðið hefst til að meta getu þeirra til að sækja námskeiðið. Þetta inntökuflugpróf skal byggt á hæfniprófinu fyrir flokks- og tegundaráritanir eins og tilgreint er í 9. viðbæti við þennan hluta.

b) Flugkennaranámskeiðið skal fela í sér:

1) 25 tíma í náms- og kennslufræði,

2) i. hvað varðar flugkennara á flugvélar (FI(A)), þyrlur (FI(H)) og loftskip (FI(As)), a.m.k. 100 kennslutíma í bóklegri þekkingu, þ.m.t. framvindupróf (e. *progress tests*),

ii. hvað varðar flugkennara á loftbelgi eða svifflugur, a.m.k. 30 kennslutíma í bóklegri þekkingu, þ.m.t. framvindupróf,

3) i. hvað varðar flugkennara á flugvélar og þyrlur, a.m.k. 30 klst. flugkennslu, þar af skulu 25 klst. vera í formi fartíma með kennara, þar af mega 5 klst. fara fram í flughermi með fullri hreyfingu, flugleiðsöguþjálfa I eða II eða flugþjálfunartæki 2/3,

ii. hvað varðar flugkennara á loftskip, a.m.k. 20 klst. flugkennslu, þar af skulu 15 klst. vera í formi fartíma með kennara,

iii. hvað varðar flugkennara á svifflugur, a.m.k. 6 tíma og 20 flugtök í flugkennslu,

iv. hvað varðar flugkennara á svifflugu sem veitir þjálfun á ferðavélsvifflugu, a.m.k. 6 fartíma með kennara á ferðavélsvifflugu,

v. hvað varðar flugkennara á loftbelg, a.m.k. 3 tíma, þ.m.t. 3 flugtök í flugkennslu.

Þegar sótt er um vottorð flugkennara á aðra gerð loftfars skulu flugmenn, sem hafa eða hafa haft:

1) vottorð flugkennara á flugvélar, þyrlur eða loftskip, hljóta viðurkenningu fyrir 55 tíma upp í kröfurnar í i. lið 2. liðar í b-lið eða fyrir 18 tíma upp í kröfurnar í ii. lið 2. liðar í b-lið.

FCL.940.FI Flugkennari — framlenging og endurnýjun

a) Fyrir framlengingu vottorðs flugkennara skal handhafinn uppfylla tvær af eftirfarandi þremur kröfum:

1) hann skal ljúka:

i. hvað varðar flugkennara á flugvélar og þyrlur: a.m.k. 50 klst. flugkennslu á viðeigandi gerð loftfara innan gildistíma vottorðsins sem flugkennari, tegundarkennari, flokkskennari, blindflugskennari, fjallaflugskennari eða prófdómari. Ef framlengja á réttindin til kennslu fyrir útgáfu blindflugsáritunar skulu 10 þessara tíma vera í formi flugkennslu fyrir blindflugsáritun og þeim skal hafa verið lokið á síðustu 12 mánuðum áður en vottorð flugkennara rennur úr gildi,

ii. hvað varðar flugkennara á loftskip: a.m.k. 20 klst. flugkennslu á loftskipum sem flugkennari, blindflugskennari eða prófdómari innan gildistíma vottorðsins. Ef framlengja á réttindin til kennslu fyrir útgáfu blindflugsáritunar skulu 10 þessara tíma vera í formi flugkennslu fyrir blindflugsáritun og þeim skal hafa verið lokið á síðustu 12 mánuðum áður en vottorð flugkennara rennur úr gildi,

iii. hvað varðar flugkennara á svifflugum: a.m.k. 30 tímum eða 60 flugtökum í flugkennslu á svifflugum, vélsvifflugum eða ferðavélsvifflugum sem flugkennari eða prófdómari innan gildistíma vottorðsins,

iv. hvað varðar flugkennara á loftbelgi:, a.m.k. 6 klst. flugkennslu í loftbelgjum sem flugkennari eða prófdómari innan gildistíma vottorðsins,

2) sækja upprifjunarnámskeið fyrir kennara innan gildistíma vottorðs flugkennara,

3) standast hæfnismat í samræmi við FCL.935 á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorð flugkennara fellur úr gildi.

b) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu sem á eftir kemur, hvað varðar flugkennara á flugvélar eða þyrlur, eða þriðju hverja framlengingu, hvað varðar flugkennara á loftskip, svifflugu eða loftbelg, skal handhafanum vera skylt að standast hæfnismat í samræmi við FCL.935.

c) Endurnýjun. Ef vottorð flugkennara hefur fallið úr gildi skal umsækjandinn, innan 12 næstliðnum mánuðum fyrir endurnýjun:

1) sækja upprifjunarnámskeið fyrir kennara,

2) standast hæfnismat í samræmi við FCL.935.

4. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir tegundarkennara — TRI

FCL.905.TRI Tegundarkennari — Réttindi og skilyrði

Réttindi tegundarkennara eru að veita kennslu fyrir:

a) framlengingu og endurnýjun blindflugsáritana, að því tilskildu að tegundarkennari hafi gilda blindflugsáritun,

b) útgáfu vottorða tegundarkennara eða flugþjálfakennara, að því tilskildu að handhafinn hafi þriggja ára reynslu sem tegundarkennari, og

c) hvað varðar tegundarkennara fyrir einstjórnarflugvélar:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu þegar umsækjandinn sækir um réttindi til starfrækslu í einstjórnarumhverfi.

Veita má viðbótarréttindi fyrir tegundarkennara fyrir einstjórnarflugvélar (TRI(SPA)) þannig að þau taki til flugkennslu fyrir tegundaráritanir fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu í starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi, að því gefnu að tegundarkennarinn:

i. hafi vottorð kennara í áhafnarsamstarfi, eða

ii. hafi eða hafi haft vottorð tegundarkennara á fjölstjórnarflugvélar,

2) grunnstig námskeiðs fyrir fjölstjórnarskírteini, að því tilskildu að hann/hún hafi viðbótarréttindi sem taka til starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi og hafi eða hafi haft vottorð flugkennara eða blindflugskennara á flugvélar (IRI(A)),

d) hvað varðar tegundarkennara fyrir fjölstjórnarflugvélar:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir:

i. fjölstjórnarflugvélar,

ii. flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu þegar umsækjandinn sækist eftir réttindum til þess að starfrækja flug í fjölstjórnarumhverfi,

2) þjálfun í áhafnarsamstarfi,

3) grunn-, milli- og framhaldsstig námskeiðs fyrir fjölstjórnarskírteini, að því tilskildu, hvað varðar grunnstigið, að þeir hafi eða hafi haft vottorð flugkennara eða blindflugskennara á flugvélar,

e) hvað varðar tegundarkennara á þyrlur:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir þyrlur,

2) þjálfun í áhafnarsamstarfi, að því tilskildu að hann/hún hafi tegundaráritun fyrir fjölstjórnarþyrlur,

3) viðbótarréttindi eins hreyfils blindflugsáritunar fyrir þyrlur þannig að þau taki til fjölhreyfla blindflugsáritunar fyrir þyrlur,

f) hvað varðar tegundarkennara á vænghnitur:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir vænghnitur,

2) þjálfun í áhafnarsamstarfi.

FCL.910.TRI Tegundarkennari — takmörkuð réttindi

a) Almennt. Ef tegundarkennaraþjálfunin fer eingöngu fram í flughermi með fullri hreyfingu skulu réttindi tegundarkennara takmarkast við þjálfun í slíkum flughermi.

Í því tilviki er tegundarkennara heimilt að stýra leiðarflugi undir umsjón, að því tilskildu að tegundarkennaranámskeiðið hafi falið í sér viðbótarþjálfun þar að lútandi.

b) Tegundarkennari á flugvélar og á vænghnitur (TRI(PL)). Réttindi tegundarkennara takmarkast við þá tegund vænghnitu sem þjálfunin og hæfnismatið fór fram á. Veita skal viðbótarréttindi fyrir tegundarkennara þannig að þau taki til annarra tegunda þegar tegundarkennarinn hefur:

1) lokið, á 12 næstliðnum mánuðum fyrir umsóknina, a.m.k. 15 flugum, þ.m.t. flugtök og lendingar á viðeigandi loftfarstegund, þar af má ljúka 7 flugum í flughermi með fullri hreyfingu,

2) lokið við tækniþjálfun og flugkennslu á viðeigandi tegundarkennaranámskeiði,

3) staðist viðkomandi hluta hæfnismatsins í samræmi við FCL.935 í þeim tilgangi að sýna flugkennaraprófdómara eða tegundarprófdómara, sem hafa réttindi í samræmi við K-kafla, fram á getu sína til að veita flugmanni kennslu á því stigi sem krafist er fyrir útgáfu tegundaráritunar, þar á meðal kennsla í aðgerðum fyrir og eftir flug og kennslu í bóklegri þekkingu.

c) Tegundarkennari á þyrlur — TRI(H).

1) Réttindi tegundarkennara á þyrlur takmarkast við þá tegund þyrlu sem færniprófið var tekið á fyrir útgáfu vottorðs tegundarkennara. Veita skal viðbótarréttindi fyrir tegundarkennara þannig að þau taki til annarra tegunda þegar tegundarkennari hefur:

i. lokið tæknilega hlutanum af tegundarkennaranámskeiðinu á viðeigandi tegund þyrlu eða í flughermisþjálfa sem líkir eftir þeirri tegund,

ii. veitt flugkennslu í a.m.k. 2 tíma á viðeigandi tegund, undir umsjón tegundarkennara á þyrlur sem hefur fullnægjandi réttindi, og

iii. staðist viðkomandi hluta hæfnismatsins í samræmi við FCL.935 í þeim tilgangi að sýna flugkennaraprófdómara eða tegundarprófdómara, sem eru með réttindi í samræmi við K-kafla, fram á getu sína til að veita flugmanni kennslu á því stigi sem krafist er fyrir útgáfu tegundaráritunar, þar á meðal kennsla í aðgerðum fyrir og eftir flug og kennslu í bóklegri þekkingu.

2) Áður en veitt eru viðbótarréttindi fyrir tegundarkennara á þyrlu í einstjórnarumhverfi þannig að þau taki til starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi á sömu tegund þyrlna, skal handhafinn hafa starfrækt flug í fjölstjórnarumhverfi á þeirri tegund í a.m.k. 100 klst.

d) Þrátt fyrir liðina hér að ofan skulu handhafar vottorðs tegundarkennara, sem hafa fengið tegundaráritun útgefna í samræmi við e-lið FCL.725, eiga rétt á því að fá viðbótarréttindi fyrir tegundarkennara þannig að þau taki til þeirrar nýju tegundar loftfars.

FCL.915.TRI Tegundarkennari — forsendur

Umsækjandi um vottorð tegundarkennara skal:

a) hafa atvinnuflugmannsskírteini, fjölstjórnarskírteini eða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks á viðeigandi gerð loftfars,

b) fyrir vottorð tegundarkennara á fjölstjórnarflugvélar (TRI(MPA)):

1) hafa lokið 1500 fartímum sem flugmaður á fjölstjórnarflugvélum, og

2) innan 12 næstliðnum mánuðum fyrir dagsetningu umsóknarinnar, hafa lokið 30 flugum, þar á meðal flugtökum og lendingum sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á viðeigandi tegund flugvélar, þar af má ljúka 15 flugum í flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir þeirri tegund,

c) fyrir vottorð tegundarkennara á einstjórnarflugvélar (TRI(SPA)):

1) innan 12 næstliðnum mánuðum fyrir dagsetningu umsóknarinnar, hafa lokið 30 flugum, þar á meðal flugtökum og lendingum sem flugstjóri á viðeigandi tegund flugvélar, þar af má ljúka 15 flugum í flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir þeirri tegund, og

2) i. hafa lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður á flugvélum, þar á meðal 30 tímum sem flugstjóri á viðeigandi tegund flugvélar, eða

ii. hafa eða hafa haft vottorð flugkennara á fjölhreyfla flugvélar með blindflugsáritun,

d) fyrir tegundarkennara á þyrlu:

1) fyrir vottorð tegundarkennara á eins hreyfils einstjórnarþyrlur, hafa lokið 250 tímum sem flugmaður á þyrlum,

2) fyrir vottorð tegundarkennara á fjölhreyfla einstjórnarþyrlur, hafa lokið 500 tímum sem flugmaður á þyrlum, þar á meðal 100 tímum sem flugstjóri á fjölhreyfla einstjórnarþyrlum,

3) fyrir vottorð tegundarkennara á fjölstjórnarþyrlur, hafa lokið 1000 tímum sem flugmaður á þyrlum, þ.m.t.:

i. 350 tímum sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum, eða

ii. fyrir umsækjendur sem þegar hafa vottorð tegundarkennara á fjölhreyfla einstjórnarþyrlur, 100 tímum sem flugmaður á þeirri tegund í flugi sem starfrækt er í fjölstjórnarumhverfi.

4) Handhafar vottorðs flugkennara á þyrlu skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í 1. og 2. lið er lúta að viðkomandi einstjórnarþyrlu,

e) fyrir tegundarkennara á vænghnitu:

1) hafa lokið 1500 fartímum sem flugmaður á fjölstjórnarflugvélum, vænghnitum eða fjölstjórnarþyrlum, og

2) lokið, á 12 næstliðnum mánuðum fyrir umsóknina, 30 flugum, þar á meðal flugtökum og lendingum sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á viðeigandi tegund vænghnitu, þar af má ljúka 15 flugum í flughermi með fullri hreyfingu sem líkir eftir þeirri tegund.

FCL.930.TRI Tegundarkennari — Þjálfunarnámskeið

a) Tegundarkennaranámskeiðið skal samanstanda af, a.m.k.:

1) 25 tíma í náms- og kennslufræði,

2) 10 tímum af tæknilegri þjálfun, þar á meðal athugun á tækniþekkingu, undirbúningi kennsluáætlana og þróun kennslutækni í kennslustofu/flughermi.

3) 5 tímum í flugkennslu á viðeigandi loftfari eða flughermi, sem líkir eftir því loftfari, fyrir einstjórnarloftfar og 10 tímum fyrir fjölstjórnarloftfar eða flughermi, sem líkir eftir því loftfari.

b) Umsækjendur sem hafa eða hafa haft kennaravottorð skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í 1. lið í a-lið.

c) Umsækjandi um vottorð tegundarkennara, sem hefur vottorð flugþjálfakennara (SFI) fyrir viðeigandi tegund, skal hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í þessum lið fyrir útgáfu vottorðs tegundarkennara sem takmarkast við flugkennslu í flughermum.

FCL.935.TRI Tegundarkennari — Hæfnismat

Ef hæfnismat tegundarkennara fer fram í flughermi með fullri hreyfingu skal vottorð tegundarkennara takmarkast við flugkennslu í slíkum flughermi.

Þessari takmörkun má aflétta þegar tegundarkennari hefur staðist hæfnismatið í loftfari.

FCL.940.TRI Tegundarkennari — Framlenging og endurnýjun

a) *Framlenging*

1) Flugvélar. Fyrir framlengingu vottorðs tegundarkennara á flugvélar skal umsækjandinn, á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorðið rennur úr gildi, uppfylla eina af eftirfarandi þremur kröfum:

i. stjórna á heildstæðu tegundarnámskeiði einum af eftirfarandi hlutum: flughermissetu í a.m.k. 3 tíma eða einni flugæfingu sem er a.m.k. 1 klst. og samanstendur af a.m.k. 2 flugtökum og lendingum,

ii. fá upprifjunarþjálfun sem tegundarkennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

iii. standast hæfnismatið í samræmi við FCL.935.

2) Þyrlur og vænghnitur. Fyrir framlengingu vottorða fyrir tegundarkennara á þyrlur eða á vænghnitur, skal umsækjandinn, áður en vottorðið fyrir tegundarkennara fellur úr gildi, uppfylla tvær af eftirfarandi þrem kröfum:

i. ljúka 50 tímum í flugkennslu á öllum þeim loftfarstegundum sem hann hefur kennsluréttindi fyrir, eða í flughermisþjálfa sem líkir eftir þessum tegundum, þar af skulu a.m.k. 15 tímar vera á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorðið fyrir tegundarkennara fellur úr gildi.

Hvað varðar tegundarkennara á vænghnitur skulu þessir flugkennslutímar flognir sem tegundarkennari eða tegundarprófdómari eða sem flugþjálfakennari eða flugþjálfaprófdómari. Hvað varðar tegundarkennara á þyrlur skal sá fartími sem floginn er sem flugkennari, blindflugskennari (IRI), flugþjálfakennari fyrir einstjórnarloftför eða sem hvers kyns prófdómari, einnig eiga við í þessu tilliti,

ii. fá upprifjunarþjálfun sem tegundarkennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

iii. standast hæfnismatið í samræmi við FCL.935.

3) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu á vottorði tegundarkennara skal umsækjandinn standast hæfnismat í samræmi við FCL.935.

4) Ef aðili hefur vottorð tegundarkennara á fleiri en einni tegund loftfars innan sömu gerðar skal hæfnismatið sem fram fer er á einni þessara tegunda fela í sér framlengingu á vottorði tegundarkennara fyrir hinar tegundirnar sem aðilinn hefur innan sömu gerðar loftfars.

5) Sértækar kröfur framlengingar tegundarkennara á þyrlur. Tegundarkennari á þyrlur, sem hefur vottorð flugkennara á þyrlur á viðeigandi tegund, skal hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfur a-liðar hér að framan. Í þessu tilviki er vottorð tegundarkennara á þyrlur í gildi þar til vottorð flugkennara á þyrlur fellur úr gildi.

b) *Endurnýjun*

1) Flugvélar. Sé vottorð tegundarkennara á flugvélar fallið úr gildi skal umsækjandinn hafa:

i. lokið, á næstliðnum 12 mánuðum fyrir umsókn, a.m.k. 30 flugum sem fela í sér flugtök og lendingar á viðeigandi tegund flugvélar, þar af má ekki ljúka fleiri en 15 flugum á flughermi,

ii. lokið viðeigandi hlutum tegundarkennaranámskeiðs hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

iii. stjórnað, á heildstæðu tegundarnámskeiði, flugkennslu sem stendur í minnst þrjá tíma á viðeigandi tegund flugvélar undir umsjón tegundarkennara á flugvélar.

2) Þyrlur og vænghnitur. Ef vottorð flugkennara á þyrlur eða vænghnitur hefur fallið úr gildi skal umsækjandinn, innan 12 mánaða fyrir endurnýjun:

i. fá upprifjunarþjálfun sem tegundarkennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, sem skal ná yfir viðeigandi þætti tegundarkennaranámskeiðsins, og

ii. standast hæfnismatið í samræmi við FCL.935 á hverri tegund loftfars sem sótt er um endurnýjun kennsluréttinda fyrir.

5. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir flokkskennara — CRI

FCL.905.CRI Flokkskennari — Réttindi og skilyrði

a) Réttindi flokkskennara eru þau að veita kennslu fyrir:

1) útgáfu, framlengingu eða endurnýjun flokks- eða tegundaráritunar fyrir einfaldar einstjórnarflugvélar án mikillar afkastagetu, þegar réttindin, sem umsækjandinn sækist eftir, eru þau að fljúga í einstjórnarumhverfi,

2) áritun fyrir flugtog eða listflug, að því tilskildu að flokkskennarinn hafi viðeigandi áritun og hafi sýnt flugkennara, sem hefur réttindi í samræmi við i. lið FCL.905.FI, fram á hæfni til að veita kennslu fyrir þá áritun.

b) Réttindi flokkskennara eru takmörkuð við þann flokk eða tegund flugvélar þar sem hæfnismat kennara fór fram. Veita skal viðbótarréttindi fyrir flokkskennara þannig að þau taki til fleiri flokka eða tegunda þegar flokkskennari hefur lokið, á næstliðnum 12 mánuðum:

1) 15 fartímum sem flugstjóri í flugvélum í viðkomandi flokki eða tegund flugvélar,

2) einu æfingarflugi í hægra sætinu undir umsjón annars flokkskennara eða flugkennara, sem hefur réttindi fyrir þann flokk eða tegund og situr í hinu flugmannssætinu.

FCL.915.CRI Flokkskennari — Forsendur

Umsækjandi um vottorð flokkskennara skal a.m.k. hafa lokið:

a) fyrir fjölhreyfla flugvélar:

1) 500 fartímum sem flugmaður á flugvélum,

2) 30 fartímum sem flugstjóri í viðeigandi flokki eða tegund flugvéla,

b) fyrir eins hreyfils flugvélar:

1) 300 fartímum sem flugmaður á flugvélum,

2) 30 fartímum sem flugstjóri í viðeigandi flokki eða tegund flugvéla.

FCL.930.CRI Flokkskennari — Þjálfunarnámskeið

a) Flokkskennaranámskeiðið skal a.m.k. fela í sér:

1) 25 tíma í náms- og kennslufræði,

2) 10 tíma af tæknilegri þjálfun, þar á meðal athugun á tækniþekkingu, undirbúningur kennsluáætlunar og þróun kennslutækni í kennslustofu/flughermi,

3) 5 klst. flugkennslu á fjölhreyfla flugvélum, eða 3 klst. flugkennslu á eins hreyfils flugvélum, en flugkennsla skal vera í höndum flugkennara á flugvél, sem hefur réttindi í samræmi við i. lið FCL.905.FI.

b) Umsækjendur sem hafa eða hafa haft vottorð kennara skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í 1. lið í a-lið.

FCL.940.CRI Flokkskennari — Framlenging og endurnýjun

a) Fyrir framlengingu á vottorði flokkskennara skal umsækjandinn, á 12 næstliðnum mánuðum áður en vottorð flokkskennara fellur úr gildi:

1) veita a.m.k. 10 klst. flugkennslu í hlutverki flokkskennara. Ef umsækjandinn hefur réttindi flokkskennara á bæði eins hreyfils og fjölhreyfla flugvélum skulu þessum 10 klst. af flugkennslu skipt jafnt á milli eins hreyfils og fjölhreyfla flugvéla, eða

2) fá upprifjunarþjálfun sem flokkskennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki, eða

3) standast hæfnismatið í samræmi við FCL.935 fyrir fjölhreyfla eða eins hreyfils flugvélar, eins og við á.

b) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu á vottorði flokkskennara skal handhafinn uppfylla kröfuna í 3. lið í a-lið.

c) Endurnýjun. Ef vottorð flokkskennara hefur fallið úr gildi skal umsækjandinn, á 12 næstliðnum mánuðum fyrir endurnýjun:

1) fá upprifjunarþjálfun sem flokkskennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

2) standast hæfnismatið sem kveðið er á um í FCL.935.

6. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir blindflugskennara — IRI

FCL.905.IRI Blindflugkennari — Réttindi og skilyrði

a) Réttindi blindflugskennara eru þau að veita kennslu til útgáfu, framlengingu og endurnýjunar blindflugsáritunar fyrir viðkomandi gerð loftfars.

b) Sértækar kröfur vegna námskeiðs fyrir fjölstjórnarskírteini. Til að kenna á grunnnámskeiði fyrir fjölstjórnarskírteini skal blindflugskennarinn fyrir flugvélar:

1) hafa blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar, og

2) hafa lokið a.m.k. 1500 fartímum í fjölstjórnarumhverfi.

3) Þegar um er að ræða blindflugskennara með réttindi til að kenna á samtvinnuðum námskeiðum til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks á flugvélar eða atvinnuflugmannsskírteinis á flugvélar með blindflugsáritun má í stað kröfunnar í 2. lið b-liðar ljúka námskeiði sem kveðið er á um í 3. lið j-liðar í FCL. 905.FI.

FCL.915.IRI Blindflugskennari — Forsendur

Umsækjandi um vottorð blindflugskennara kal:

a) fyrir blindflugskennara á flugvélar:

1) hafa lokið a.m.k. 800 fartímum samkvæmt blindflugsreglum, þar af skulu a.m.k. 400 tímum vera í flugvélum, og

2) hvað varðar umsækjendur um blindflugskennararéttindi á fjölhreyfla flugvélar, uppfylla kröfurnar í a-lið FCL.915.CRI,

b) fyrir blindflugskennara á þyrlur:

1) hafa lokið a.m.k. 500 fartímum samkvæmt blindflugsreglum, þar af skulu vera a.m.k. 250 blindflugstímar í þyrlum, og

2) hvað varðar umsækjendur um blindflugsáritun fyrir fjölstjórnarþyrlur, uppfylla kröfurnar í ii. lið 3. liðar í g-lið FCL.905.FI.

c) fyrir blindflugskennararéttindi á loftskip, hafa lokið a.m.k. 300 fartímum samkvæmt blindflugsreglum, þar af skulu vera a.m.k. 100 blindflugstímar í loftskipum.

FCL.930.IRI Blindflugskennari — Þjálfunarnámskeið

a) Þjálfunarnámskeiðið fyrir blindflugskennara skal a.m.k. fela í sér:

1) 25 tíma í náms- og kennslufræði,

2) 10 tíma af tæknilegri þjálfun, þar á meðal athugun á tækniþekkingu, undirbúningur kennsluáætlunar og þróun kennslutækni í kennslustofu,

3) i. fyrir blindflugskennararéttindi á flugvélar, a.m.k. 10 klst. af flugkennslu á flugvél, flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II. Ef um er að ræða umsækjendur með vottorð flugkennara á flugvélar fer þessi tímafjöldi niður í fimm,

ii. fyrir blindflugskennararéttindi á þyrlur, a.m.k. 10 klst. af flugkennslu á þyrlu, flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II/III.

iii. fyrir blindflugskennararéttindi á loftskip, a.m.k. 10 klst. af flugkennslu á loftskipi, flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II.

b) Flugkennsla skal veitt af flugkennara sem hefur réttindi í samræmi við i. lið FCL.905.FI.

c) Umsækjendur sem hafa eða hafa haft kennaravottorð skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfuna í 1. lið í a-lið.

FCL.940.IRI Blindflugskennari — Framlenging og endurnýjun

Fyrir framlengingu og endurnýjun á vottorði blindflugskennara skal handhafinn uppfylla kröfurnar fyrir framlengingu og endurnýjun vottorðs flugkennara í samræmi við FCL.940.FI.

7. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir flugþjálfakennara — SFI

FCL.905.SFI Flugþjálfakennari — Réttindi og skilyrði

Réttindi flugþjálfakennara eru að veita kennslu í flugþjálfa innan viðeigandi gerðar loftfars fyrir:

a) útgáfu, framlengingu og endurnýjun blindflugsáritunar, að því tilskildu að hann/hún hafi eða hafi haft blindflugsáritun á viðeigandi gerð loftfars og hafi lokið blindflugskennaranámskeiði, og

b) hvað varðar flugþjálfakennara fyrir einstjórnarflugvélar:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu þegar umsækjandinn sækist eftir réttindum til þess að fljúga í einstjórnarumhverfi.

Veita skal viðbótarréttindi fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar (SFI(SPA)) þannig að þau taki til flugkennslu í tengslum við tegundaráritanir fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu í starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi, að því tilskildu að hann/hún:

i. hafi vottorð kennara í áhafnarsamstarfi, eða

ii. hafi eða hafi haft vottorð tegundarkennara á fjölstjórnarflugvélar, og

2) að því tilskildu að veitt hafi verið viðbótaráritun við réttindi flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar þannig að þau taki til starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi í samræmi við 1. lið:

i. áhafnarsamstarf,

ii. grunnstig námskeiðs fyrir fjölstjórnarskírteini,

c) hvað varðar flugþjálfakennara fyrir fjölstjórnarflugvélar:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana fyrir:

i. fjölstjórnarflugvélar,

ii. flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu þegar umsækjandinn sækist eftir réttindum til þess að starfrækja flug í fjölstjórnarumhverfi,

2) áhafnarsamstarf,

3) grunn-, milli- og framhaldsstig námskeiðs fyrir fjölstjórnarskírteini, að því tilskildu , hvað varðar kennsluna á grunnstigi, að hann/hún hafi eða hafi haft vottorð flugkennara eða blindflugskennara,

d) hvað varðar flugþjálfakennara á þyrlur:

1) útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana þyrlna,

2) þjálfun í áhafnarsamstarfi þegar tegundarkennari hefur réttindi til að kenna á fjölstjórnarþyrlur.

FCL.910.SFI Flugþjálfakennari— Takmörkuð réttindi

Takmarka skal réttindi flugþjálfakennara við flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi, með fullri hreyfingu af sama tagi og það loftfar sem notað var á flugþjálfakennaranámskeiðinu.

Veita má viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra flughermisþjálfa, sem líkja eftir öðrum tegundum innan sömu gerðar loftfars, þegar handhafinn hefur:

a) lokið þeim hluta tegundarnámskeiðsins sem snýr að flughermum með fullnægjandi árangri, og

b) stjórnað, á heildstæðu tegundarnámskeiði, flugkennslu sem stendur í minnst þrjá tíma sem tengist störfum flugþjálfakennara á viðeigandi tegund undir umsjón og með fullnægjandi árangri að mati tegundarprófdómara, sem hefur réttindi þar að lútandi.

FCL.915.SFI Flugþjálfakennari — Forsendur

Umsækjandi um vottorð flugþjálfakennara skal:

a) hafa eða hafa haft atvinnuflugmannsskírteini, fjölstjórnarskírteini eða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks á viðeigandi gerð loftfars,

b) hafa lokið hæfniprófi vegna útgáfu tiltekinnar tegundaráritunar fyrir loftför í flughermi með fullri hreyfingu, sem líkir eftir viðkomandi tegund, á næstliðnum 12 mánuðum fyrir umsóknina, og

c) fyrir flugþjálfakennara fyrir fjölstjórnarflugvélar eða vænghnitur auk þess hafa:

1) a.m.k. 1500 fartíma sem flugmaður á fjölstjórnarflugvélum eða vænghnitu, eftir því sem við á,

2) lokið við, sem flugmaður eða sem áhorfandi, á næstliðnum 12 mánuðum fyrir umsóknina, a.m.k.:

i. 3 flugum í stjórnklefanum í viðeigandi tegund loftfars, eða

ii. 2 flughermissetum í leiðarflugsþjálfun með flugliðum með full réttindi í stjórnklefa á viðkomandi tegund. Í þessum flughermissetum skulu vera tvö flug milli tveggja mismunandi flugvalla sem eru a.m.k. 2 klst. hvort um sig og viðkomandi fyrirflugs- og eftirflugsgreining,

d) að auki, fyrir flugþjálfakennara fyrir flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu:

1) hafa lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum,

2) hafa eða hafa haft blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvélar, og

3) hafa uppfyllt kröfurnar í 2. lið í c-lið,

e) fyrir flugþjálfakennara á þyrlur (SFI(H)), hafa auk þess:

1) sem flugmaður eða sem áhorfandi, lokið a.m.k. einum fartíma í stjórnklefa í viðkomandi tegund, á næstliðnum 12 mánuðum fyrir umsóknina, og

2) hvað varðar fjölstjórnarþyrlur, a.m.k. 1000 tíma flugreynslu að baki sem þyrluflugmaður, þar á meðal a.m.k. 350 tíma sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum,

3) hvað varðar fjölhreyfla einstjórnarþyrlur, lokið 500 tímum sem flugmaður á þyrlum, þar á meðal 100 tímum sem flugstjóri á fjölhreyfla einstjórnarþyrlum,

4) hvað varðar eins hreyfils einstjórnarþyrlu, hafa lokið 250 tímum sem flugmaður á þyrlum.

FCL.930.SFI Flugþjálfakennari— Þjálfunarnámskeið

a) Námskeiðið fyrir flugþjálfakennara skal fela í sér:

1) flughermisþjálfahlutann á viðeigandi tegundarnámskeiði,

2) innihald tegundarkennaranámskeiðsins.

b) Umsækjandi um vottorð flugþjálfakennara, sem hefur vottorð tegundarkennara fyrir viðkomandi tegund, skal hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í þessum lið.

FCL.940.SFI Flugþjálfakennari — Framlenging og endurnýjun

a) Framlenging. Fyrir framlengingu vottorða fyrir flugþjálfakennara skal umsækjandinn, meðan vottorðið fyrir flugþjálfakennara er enn í gildi, uppfylla tvær af eftirfarandi þremur kröfum:

1) hafa lokið 50 tímum sem kennari eða prófdómari í flughermisþjálfum, þar af skulu a.m.k. 15 tímar vera á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorðið fyrir flugþjálfakennara fellur úr gildi,

2) fá upprifjunarþjálfun sem flugþjálfakennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

3) standast viðeigandi þætti hæfnismatsins í samræmi við FCL.935.

b) Umsækjandinn skal enn fremur hafa lokið hæfniprófum fyrir útgáfu þessara tilteknu tegundaráritana fyrir loftför, í flughermi með fullri hreyfingu, sem líkir eftir þeim tegundum sem hann hefur réttindi fyrir.

c) Fyrir a.m.k. aðra hverja framlengingu á vottorði flugþjálfakennara skal handhafinn uppfylla kröfuna í 3. lið a-liðar.

d) Endurnýjun. Ef vottorð flugþjálfakennara er fallið úr gildi skal umsækjandinn, á næstliðnum 12 mánuðum fyrir umsóknina:

1) hafa lokið flughermishluta flugþjálfakennaranámskeiðsins,

2) uppfylla kröfurnar sem tilgreindar eru í 2. og 3. lið a-liðar.

8. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir kennara í áhafnarsamstarfi — MCCI

FCL.905.MCCI Kennari í áhafnarsamstarfi — Réttindi og skilyrði

a) Réttindi kennara í áhafnarsamstarfi eru að veita flugkennslu:

1) við verklega hluta námskeiða í áhafnarsamstarfi þegar þau eru ekki samræmd við þjálfun til tegundarréttinda, og

2) hvað varðar kennara í áhafnarsamstarfi á flugvélum, við grunnstig samtvinnaða þjálfunarnámskeiðsins fyrir fjölstjórnarskírteini, að því tilskildu að hann/hún hafi eða hafi haft vottorð flugkennara eða blindflugskennara á flugvél.

FCL.910.MCCI Kennari í áhafnarsamstarfi — Takmörkuð réttindi

Réttindi handhafa vottorðs kennara í áhafnarsamstarfi skulu takmarkast við þann flugleiðsöguþjálfa II/III MCC, flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu sem notaður var á þjálfunarnámskeiðinu fyrir kennara í áhafnarsamstarfi.

Veita viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra flughermisþjálfa, sem líkja eftir öðrum tegundum loftfara, þegar handhafinn hefur lokið við verklega þjálfun námskeiðsins fyrir kennara í áhafnarsamstarfi á þeirri tegund flugleiðsöguþjálfa II/III MCC, flugþjálfunartækis 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu.

FCL.915.MCCI Kennari í áhafnarsamstarfi — Forsendur

Umsækjandi um vottorð kennara í áhafnarsamstarfi skal:

a) hafa eða hafa haft atvinnuflugmannsskírteini, fjölstjórnarskírteini eða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks á viðeigandi gerð loftfars,

b) hafa a.m.k.:

1) hvað varðar flugvélar, loftskip og vænghnitur, 1500 tíma flugreynslu að baki sem flugmaður sem starfar í fjölstjórnarumhverfi,

2) hvað varðar þyrlur, 1000 fartíma flugreynslu sem flugmaður í fjölstjórnarumhverfi, þar af a.m.k. 350 tíma á fjölstjórnarþyrlum.

FCL.930.MCCI Kennari í áhafnarsamstarfi — Þjálfunarnámskeið

a) Þjálfunarnámskeiðið fyrir kennara í áhafnarsamstarfi skal a.m.k. fela í sér:

1) 25 tíma í náms- og kennslufræði,

2) tækniþjálfun sem tengist þeirri gerð flughermisþjálfa sem umsækjandinn óskar eftir að kenna á,

3) 3 tíma af verklegri kennslu, sem getur verið flugkennsla eða kennsla í áhafnarsamstarfi á viðeigandi flugleiðsöguþjálfa II/III MCC, flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu undir umsjón tegundarkennara, flugþjálfakennara eða kennara í áhafnarsamstarfi, sem tilnefndir eru í þessu skyni af samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Mat á hæfni umsækjandans, eins og lýst er í FCL.920, fellur undir þessa tíma í flugkennslu undir umsjón.

b) Umsækjendur sem hafa eða hafa haft vottorð flugkennara, tegundarkennara, flokkskennara, blindflugskennara eða flugþjálfakennara skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfuna í 1. lið a-liðar.

FCL.940.MCCI Kennari í áhafnarsamstarfi — Framlenging og endurnýjun

a) Fyrir framlengingu vottorðs kennara í áhafnarsamstarfi skal umsækjandinn hafa uppfyllt kröfur 3. liðar í a-lið í FCL.930.MCCI á viðeigandi tegund flugleiðsöguþjálfa II/III, flugþjálfunartækis 2/3 eða flughermis með fullri hreyfingu, á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorð kennara í áhafnarsamstarfi fellur úr gildi.

b) Endurnýjun. Ef vottorð kennara í áhafnarsamstarfi hefur fallið úr gildi skal umsækjandinn uppfylla kröfur 2. og 3. liðar a-liðar í FCL.930.MCCI á viðeigandi tegund flugleiðsöguþjálfa II/III MCC, flugþjálfunartækis 2/3 eða flughermis með fullri hreyfingu.

9. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarloftför — STI

FCL.905.STI Flugþjálfakennari á einstjórnarloftför — Réttindi og skilyrði

a) Réttindi flugþjálfakennara á einstjórnarloftför eru þau að veita kennslu í flugþjálfa á viðeigandi gerð loftfars, fyrir:

1) útgáfu skírteinis,

2) útgáfu, framlengingu eða endurnýjun blindflugsáritunar og flokks- eða tegundaráritunar fyrir einstjórnarloftför, nema hvað varðar flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu.

b) Viðbótarréttindi fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarloftför (STI(A)). Réttindi flugþjálfa fyrir einstjórnarflugvélar skulu fela í sér kennslu í flugþjálfa við grunnþjálfun í flugfærni á samtvinnaða þjálfunarnámskeiðinu fyrir fjölstjórnarskírteini.

FCL.910.STI Flugþjálfakennari fyrir einstjórnarloftför — Takmörkuð réttindi

Réttindi flugþjálfakennara á einstjórnarloftför skulu takmarkast við þann flugleiðsöguþjálfa II/III, flugþjálfunartæki 2/3 eða flughermi með fullri hreyfingu, sem notaður var á flugþjálfakennaranámskeiðinu fyrir einstjórnarloftför.

Veita má viðbótarréttindi þannig að þau taki til annarra flughermisþjálfa, sem líkja eftir öðrum tegundum loftfara þegar handhafinn hefur:

a) lokið við þann hluta tegundarkennaranámskeiðsins sem snýr að flughermi með fullri hreyfingu á viðeigandi tegund,

b) staðist hæfniprófið fyrir tiltekna tegundaráritun fyrir loftfar í flughermi með fullri hreyfingu af viðeigandi tegund, á næstliðnum 12 mánuðum fyrir umsókn,

c) stjórnað, á tegundarnámskeiði, a.m.k. einni kennslustund í flughermisþjálfa sem tengist störfum flugþjálfakennara á einstjórnarloftför og er minnst þrír tímar á viðeigandi loftfarstegund undir umsjón flugkennaraprófdómara.

FCL.915.STI Flugþjálfakennari á einstjórnarloftför — Forsendur

Umsækjandi um vottorð flugþjálfakennara á einstjórnarloftför skal:

a) hafa eða hafa haft, innan þriggja ára fyrir umsóknina, flugmannsskírteini og kennsluréttindi sem hæfa námskeiðunum sem kennslan er ætluð fyrir,

b) hafa lokið viðeigandi hæfniprófi á flugleiðsöguþjálfa fyrir flokks- eða tegundaráritunina, á næstliðnum 12 mánuðum fyrir umsóknina.

Umsækjandi um vottorð fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar, sem óskar eftir því að kenna eingöngu á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug (BITD), skal aðeins ljúka æfingunum sem eiga við um færnipróf fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar,

c) fyrir flugþjálfa á einstjórnarþyrlur auk þess hafa lokið a.m.k. einum fartíma sem áhorfandi í stjórnklefa í viðkomandi þyrlutegund, á næstliðnum 12 mánuðum fyrir umsóknina.

FCL.930.STI Flugþjálfakennari á einstjórnarloftför — Þjálfunarnámskeið

a) Þjálfunarnámskeiðið fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarloftför skal samanstanda af a.m.k. 3 tímum í flugkennslu sem tengist störfum flugþjálfakennara á einstjórnarloftför í flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II/III, undir umsjón flugkennaraprófdómara. Mat á hæfni umsækjandans, eins og lýst er í FCL.920, fellur undir þessa tíma í flugkennslu undir umsjón.

Umsækjendur um vottorð fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarflugvélar, sem óska eftir því að kenna eingöngu á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug, skulu ljúka flugkennslunni á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug.

b) Fyrir umsækjendur um vottorð flugþjálfakennara fyrir einstjórnarþyrlur (STI(H)) skal námskeiðið einnig fela í sér þann hluta tegundarkennaranámskeiðsins sem snýr að flughermi með fullri hreyfingu.

FCL.940.STI Framlenging og endurnýjun vottorða flugþjálfakennara fyrir einstjórnarloftför

a) Framlenging. Fyrir framlengingu vottorðs flugþjálfakennara fyrir einstjórnarloftför skal umsækjandinn hafa, á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorð flugþjálfakennara á einstjórnarloftför fellur úr gildi:

1) stjórnað a.m.k. 3 tímum í flugkennslu í flughermi með fullri hreyfingu, flugleiðsöguþjálfa II/III eða grunnþjálfunartæki fyrir blindflug sem hluta af heildstæðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis, blindflugsáritunar, einkaflugmannsskírteinis eða flokks- eða tegundarnámskeiði, og

2) staðist viðeigandi hluta hæfniprófs, í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta fyrir viðkomandi flokk eða tegund loftfars, í þeim flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II/III þar sem flugkennsla fer yfirleitt fram.

Fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarloftför sem kennir eingöngu á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug skal hæfniprófið aðeins fela í sér æfingar sem eiga við færnipróf fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar.

b) Endurnýjun. Sé vottorð flugþjálfakennara á einstjórnarloftför fallið úr gildi skal umsækjandinn:

1) fá upprifjunarþjálfun sem flugþjálfakennari á einstjórnarloftför hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki,

2) standast viðeigandi hluta hæfniprófs, í samræmi við 9. viðbæti við þennan hluta fyrir viðkomandi flokk eða tegund loftfars, í þeim flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II/III þar sem flugkennsla fer yfirleitt fram.

Fyrir flugþjálfakennara á einstjórnarloftför sem kennir eingöngu á grunnþjálfunartæki fyrir blindflug skal hæfniprófið aðeins fela í sér æfingar sem eiga við færnipróf fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar.

3) stjórna, á heildstæðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis, blindflugsáritunar, einkaflugmannsskírteinis eða flokks- eða tegundarnámskeiði, a.m.k. 3 tímum í flugkennslu undir umsjón flugkennara, flokkskennara á flugvél (CRI(A)), blindflugskennara eða tegundarkennara á þyrlu, sem tilnefndir eru í þessu skyni af samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Flugkennaraprófdómari fyrir flugvélar skal hafa eftirlit með a.m.k. einum kennslutíma.

10. ÞÁTTUR

Fjallaflugskennari

FCL.905.MI Fjallaflugskennari — Réttindi og skilyrði

Réttindi fjallaflugskennara felast í því að annast flugkennslu fyrir útgáfu fjallaflugsáritunar.

FCL.915.MI Fjallaflugskennari — Forsendur

Umsækjandi um vottorð fjallaflugskennara skal:

a) hafa vottorð flugkennara, flokkskennara eða tegundarkennara með réttindi fyrir einstjórnarflugvélar,

b) hafa fjallaflugsáritun.

FCL.930.MI Fjallaflugskennari — Þjálfunarnámskeið

a) Þjálfunarnámskeið fyrir fjallaflugskennara skal fela í sér mat á hæfni umsækjandans eins og lýst er í FCL.920.

b) Áður en umsækjandi fær aðgang að námskeiðinu skal hann hafa staðist inntökuflugpróf með fjallaflugskennara, sem hefur vottorð flugkennara, til að meta reynslu þeirra og getu til þess að takast á við námskeiðið.

FCL.940.MI — Gildistími vottorðs fjallaflugskennara

Vottorð fjallaflugkennara er í gildi svo lengi sem vottorð flugkennara, tegundarkennara eða flokkskennara er í gildi.

11. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir reynsluflugskennara

FCL.905.FTI Reynsluflugskennari — Réttindi og skilyrði

a) Reynsluflugskennari hefur réttindi til að kenna, innan viðeigandi gerðar loftfars, vegna:

1) útgáfu reynsluflugsáritunar í 1. eða 2. flokki, að því gefnu að hann/hún hafi reynsluflugsáritun í viðeigandi flokki,

2) útgáfu vottorðs reynsluflugskennara innan viðeigandi flokks reynsluflugsáritunar, að því gefnu að kennarinn hafi a.m.k. tveggja ára reynslu af kennslu fyrir útgáfu reynsluflugsáritana.

b) Reynsluflugskennari sem er handhafi reynsluflugsáritunar í 1. flokki hefur einnig réttindi til að veita flugkennslu í tengslum við reynsluflugsáritanir í 2. flokki.

FCL.915.FTI Reynsluflugskennari — Forsendur

Umsækjandi um vottorð reynsluflugskennara skal:

a) hafa reynsluflugsáritun sem gefin er út í samræmi við FCL.820,

b) hafa lokið a.m.k. 200 tímum í reynsluflugi í 1. eða 2. flokki.

FCL.930.FTI Reynsluflugskennari — Þjálfunarnámskeið

a) Þjálfunarnámskeiðið fyrir reynsluflugskennara skal a.m.k. fela í sér:

1) 25 tíma í náms- og kennslufræði,

2) 10 tíma af tæknilegri þjálfun, þar á meðal athugun á tækniþekkingu, undirbúningur kennsluáætlunar og þróun kennslutækni í kennslustofu/flughermi,

3) 5 tíma í verklegri flugkennslu undir umsjón reynsluflugskennara, sem hefur réttindi í samræmi við b-lið FCL.905.FTI. Þessir tímar í flugkennslu skulu fela í sér mat á hæfni umsækjandans eins og lýst er í FCL.920.

b) Viðurkenningar:

1) Umsækjendur sem hafa eða hafa haft kennaravottorð skulu hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfuna í 1. lið í a-lið.

2) Umsækjendur sem hafa eða hafa haft vottorð flugkennara eða tegundarkennara á viðeigandi gerð loftfars skulu enn fremur hljóta fulla viðurkenningu upp í kröfurnar í 2. lið a-liðar.

FCL.940.FTI Reynsluflugskennari — Framlenging og endurnýjun

a) Framlenging. Fyrir framlengingu vottorðs reynsluflugskennara skal umsækjandinn, á gildistíma vottorðsins, uppfylla tvær af eftirfarandi þremur kröfum:

1) hafa lokið a.m.k.:

i. 50 tímum í reynsluflugi, þar af skulu a.m.k. 15 tímar vera á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorð reynsluflugskennara fellur úr gildi, og

ii. 5 klst. flugkennslu í reynsluflugi á næstliðnum 12 mánuðum áður en vottorð reynsluflugskennara fellur úr gildi, eða

2) fá upprifjunarþjálfun sem reynsluflugskennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Upprifjunarþjálfunin skal byggjast á þeim þætti reynsluflugskennaranámskeiðsins sem snýr að verklegri flugkennslu, í samræmi við 3. lið a-liðar í FCL.930.FTI, og fela í sér a.m.k. eitt kennsluflug undir umsjón reynsluflugskennara, sem hefur réttindi í samræmi við b-lið FCL.905.FTI.

b) Endurnýjun. Ef vottorð reynsluflugskennara hefur fallið úr gildi skal umsækjandinn fá upprifjunarþjálfun sem reynsluflugskennari hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki. Upprifjunarþjálfunin skal a.m.k. uppfylla kröfurnar í 3. lið a-liðar í FCL.930.FTI.

K-KAFLI

PRÓFDÓMARAR

1. ÞÁTTUR

Almennar kröfur

FCL.1000 Prófdómaravottorð

a) Almennt. Handhafar prófdómaravottorða skulu:

1) hafa skírteini, áritun eða vottorð, sem er jafngilt því sem þeir hafa leyfi til að prófa fyrir í færniprófum, hæfniprófum eða hæfnismati, og með réttindi til að veita kennslu þar að lútandi,

2) hafa réttindi til að starfa sem flugstjóri á loftfarinu við færnipróf, hæfnipróf eða hæfnismati þegar slíkt fer fram á loftfarinu.

b) Sérstök skilyrði:

1) Í þeim tilvikum þegar ný tegund loftfars er tekið í notkun í aðildarríkjunum eða í flota flugrekanda, þegar ekki er mögulegt að fara að kröfunum í þessum kafla, getur lögbært yfirvald gefið út sérstakt vottorð sem veitir réttindi til að framkvæma færni- og hæfnipróf. Slíkt vottorð takmarkast við færni- og hæfnipróf sem nauðsynleg eru þegar ný tegund loftfars er tekin í notkun og gildistími þess skal ekki undir neinum kringumstæðum vera lengri en 1 ár.

2) Handhafar vottorðs, sem gefið er út í samræmi við 1. lið b-liðar, sem vilja sækja um prófdómaravottorð skulu uppfylla forsendurnar og framlengingarkröfurnar sem gilda fyrir prófdómara í þeim flokki.

c) Próf utan yfirráðasvæði aðildarríkjanna:

1) Þrátt fyrir a-lið getur lögbært yfirvald aðildarríkis gefið út prófdómaravottorð til umsækjanda sem er handhafi flugmannsskírteinis, sem gefið var út af þriðja landi samkvæmt 1. viðauka Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, að því er varðar færni- og hæfnipróf sem boðið er upp á hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki sem staðsettur er utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna, að því tilskildu að umsækjandinn:

i. hafi a.m.k. skírteini, áritun eða vottorð, sem er jafngilt því sem þeir hafa leyfi til að prófa fyrir í færniprófum, hæfniprófum eða hæfnismati og, í öllum tilfellum a.m.k. atvinnuflugmannsskírteini,

ii. uppfylli kröfurnar sem kveðið er á um í þessum kafla fyrir útgáfu viðeigandi prófdómaravottorðs og

iii. sýni lögbæra yfirvaldinu fram á viðunandi þekkingu á evrópskum flugöryggisreglum svo hann geti neytt réttinda sinna sem prófdómari í samræmi við þennan hluta.

2) Vottorðið sem vísað er til í 1. lið skal takmarkast við það að veita færni- og hæfnipróf:

i. utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna, og

ii. til handa flugmönnum sem hafa nægilega kunnátta á því tungumáli sem færni-/hæfniprófið fer fram á.

FCL.1005 Réttindi takmörkuð í tengslum við eiginhagsmuni

Prófdómarar skulu ekki framkvæma:

a) færnipróf eða hæfnismat umsækjenda, vegna útgáfu skírteinis, áritunar eða vottorðs:

1) hjá þeim sem þeir hafa sjálfir veitt flugkennslu fyrir það skírteini, áritun eða vottorð sem færniprófið eða hæfnismatið er þreytt fyrir, eða

2) þegar meðmæli með umsækjanda um færniþróf, í samræmi við b-lið FCL.030, eru frá þeim komin,

b) færni- og hæfniþróf eða hæfnismat ef þeir eru ekki vissir um að þeir geti verið hlutlausir.

FCL.1010 Forsendur fyrir prófdómara

Umsækjendur um prófdómaravottorð skulu sýna fram á:

a) viðeigandi þekkingu, bakgrunn og reynslu með tilliti til réttinda prófdómara,

b) að þeir hafi ekki verið beittir neinum viðurlögum, þar á meðal sviptingu, takmörkunum eða afturköllun skírteina, áritana eða vottorða sem gefin eru út í samræmi við þennan hluta, fyrir að fylgja ekki grunnreglugerðinni og framkvæmdareglum hennar síðastliðin 3 ár.

FCL.1015 Samræmingarfyrirkomulag prófdómara

a) Umsækjendur um prófdómaravottorð skulu fara á samræmingarnámskeið sem lögbært yfirvald eða samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur og samþykkt af lögbæra yfirvaldinu.

b) Samræmingarnámskeiðið skal samanstanda af bóklegri og verklegri kennslu og skal a.m.k. fela í sér:

1) framkvæmd færniþrófs, hæfniþrófs eða hæfnismats í tvígang fyrir þau skírteini, áritanir eða vottorð sem umsækjandinn sækir um réttindi til að framkvæma færni- og hæfniþróf fyrir,

2) kennslu á viðeigandi kröfum í þessum hluta og viðeigandi kröfum um flugrekstur, framkvæmd færni- og hæfniþrófs og hæfnismats ásamt tilheyrandi skjalfestingu og skýrslugjöf þar um,

3) kynningu á landsbundinni stjórnsýslumeðferð, kröfum um vernd persónuupplýsinga, bótaábyrgð, slysatryggingum og gjöldum.

c) Handhafar prófdómaravottorðs skulu ekki framkvæma færni- eða hæfniþróf eða hæfnismat á umsækjanda þegar lögbæra yfirvaldið er ekki það sama og gaf út prófdómaravottorðið, að því undanskildu:

1) að þeir hafi tilkynnt lögbæru yfirvaldi umsækjandans um ætlun sína til þess að framkvæma færni- eða hæfniþrófið eða hæfnismatið og um umfang réttinda þeirra sem prófdómarar,

2) að þeir hafi hlotið kynningu frá lögbæru yfirvaldi umsækjandans á þeim atriðum sem nefnd eru í 3. lið b-liðar.

FCL.1020 Mat á hæfni prófdómara

Umsækjendur um prófdómaravottorð skulu sýna eftirlitsmanni frá lögbæru yfirvaldi eða yfirprófdómara, sem hefur sérstakt leyfi frá því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á prófdómaravottorðinu, fram á hæfni sína með framkvæmd færni- eða hæfniþrófs eða hæfnismats í því prófdómarahlutverki sem sótt er um vottorð fyrir, þ.m.t. kynning og framkvæmd færni- og hæfniþrófsins og hæfnismatsins, auk mats á umsækjanda sem tekur færni- eða hæfniþrófið eða matið og eftirflugsgreining og skráningu gagna.

FCL.1025 Gildistími, framlenging og endurnýjun prófdómaravottorða

a) Gildistími. Prófdómaravottorðið skal gilda í 3 ár.

b) Framlenging. Prófdómaravottorð skal framlengjast þegar handhafinn hefur, á gildistíma vottorðsins:

1) stjórnað færni- eða hæfniþrófi eða hæfnismati a.m.k. tvisvar á hverju ári,

2) sótt upprifjunarnámskeið sem lögbæra yfirvaldið eða samþykkt þjálfunarfyrirtæki stendur fyrir og það samþykkt af lögbæra yfirvaldinu, á síðasta ári gildistímans.

3) Eftirlitsmaður frá lögbæra yfirvaldinu eða yfirprófdómari, sem hefur til þess sérstakt leyfi frá því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á prófdómaravottorðinu, skal meta eitt af þeim færni- eða hæfniprófum sem lokið var við á síðasta ári gildistímans, í samræmi við 1. lið.

4) Þegar umsækjandinn um framlenginguna er handhafi prófdómararéttinda í fleiri en einum flokki er hægt að samræma framlengingu allra prófdómararéttinda þegar umsækjandi uppfyllir kröfurnar í 1. og 2. lið b-liðar og FCL.1020 fyrir einn þeirra flokka sem prófdómaravottorð hans tekur til, með samþykki lögbæra yfirvaldsins.

c) Endurnýjun. Ef vottorðið hefur runnið út skulu umsækjendur uppfylla kröfurnar í 2. lið b-liðar og FCL.1020 áður en þeir geta haldið áfram að neyta réttinda sinna.

d) Prófdómaravottorðið skal aðeins framlengja eða endurnýja ef umsækjandinn sýnir fram á að hann fari enn að kröfunum í FCL.1010 og FCL.1030.

FCL.1030 Framkvæmd færni- og hæfniprófs og hæfnismats

a) Við framkvæmd færni- og hæfniprófs og hæfnismats skulu prófdómarar:

1) tryggja að samskiptin við umsækjandann geti farið fram án tungumálaerfiðleika,

2) staðfesta að umsækjandinn uppfylli allar kröfurnar í þessum hluta um hæfni, þjálfun og reynslu fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun skírteinisins, áritunarinnar eða vottorðsins sem verið er að þreyta færni- eða hæfniprófið eða hæfnismatið fyrir,

3) gera umsækjandanum það ljóst hverjar afleiðingarnar eru af því að veita ófullnægjandi, ónákvæmar eða rangar upplýsingar um þjálfun þeirra og flugreynslu.

b) Eftir að færni- eða hæfniprófinu hefur verið lokið skal prófdómarinn:

1) tilkynna umsækjandanum um útkomu prófsins. Ef umsækjandinn hefur staðist einhvern hluta prófsins eða hefur fallið á prófinu skal prófdómarinn tilkynna honum að hann/hún geti ekki neytt réttinda áritunarinnar þar til hann/hún hefur staðist prófið. Prófdómarinn skal upplýsa umsækjanda um mögulegar kröfur um viðbótarþjálfun og útskýra fyrir honum rétt hans til áfrýjunar,

2) ef umsækjandi hefur staðist hæfniprófið eða hæfnismatið fyrir framlengingu eða endurnýjun, árita skírteini eða vottorð umsækjandans með nýjum gildislokadegi fyrir áritunina eða vottorðið, ef prófdómarinn hefur sérstakt leyfi þar að lútandi frá lögbæra yfirvaldinu sem ber ábyrgð á skírteini umsækjandans,

3) veita umsækjandanum undirritaða skýrslu um færni- eða hæfniprófið og tafarlaust afhenda afrit af henni til handa því lögbæra yfirvaldi sem ber ábyrgð á skírteini umsækjandans og því lögbæra yfirvaldi sem gaf út prófdómaravottorðið. Í skýrslunni skal vera:

i. yfirlýsing þess efnis að prófdómarinn hafi tekið við upplýsingum frá umsækjandanum varðandi reynslu hans/hennar og nám, og komist að þeirri niðurstöðu að hvort tveggja uppfylli viðkomandi kröfur í þessum lið,

ii. staðfesting þess efnis að öllum flugbrögðum og æfingum sem krafist er hafi verið lokið, sem og upplýsingar um munnlegt próf í bóklegri þekkingu, þegar við á. Ef umsækjandi hefur fallið á einhverju atriði skal prófdómarinn skrá ástæður þess í matinu sínu,

iii. útkoma færni- eða hæfniprófsins eða hæfnismatsins.

c) Prófdómarar skulu geyma skrár í fimm ár með upplýsingum um öll færni- og hæfnipróf og hæfnismöt og útkomu þeirra.

d) Að beiðni lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á prófdómaravottorðinu eða lögbæra yfirvaldsins sem ber ábyrgð á skírteini umsækjandans skulu prófdómarar leggja fram öll gögn og skýrslur, ásamt öðrum upplýsingum, sem krafist er vegna eftirlitsstarfsemi.

2. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir flugprófdómara — FE

FCL.1005.FE Flugprófdómari — Réttindi og skilyrði

a) Flugprófdómari fyrir flugvélar. Réttindi flugprófdómara fyrir flugvélar eru að framkvæma:

1) færnipróf fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis á flugvélar og færni- og hæfnipróf fyrir tengdar flokks- og tegundaráritanir fyrir einstjórnarflugvélar, að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikilli afkastagetu, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið a.m.k. 1000 fartímum sem flugmaður á flugvélum eða ferðavélsvifflugum þar af a.m.k. 250 tímum í flugkennslu,

2) færnipróf fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis, ásamt færni- og hæfniprófum fyrir tengdar flokks- og tegundaráritanir fyrir einstjórnarflugvélar, að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikilli afkastagetu, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið a.m.k. 2000 fartímum sem flugmaður á flugvélum eða ferðavélsvifflugum þar af a.m.k. 250 tímum í flugkennslu,

3) færni- og hæfnipróf fyrir flugmannsskírteini fyrir léttar flugvélar, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður á flugvélum eða ferðavélsvifflugum þar af a.m.k. 100 tímum í flugkennslu,

4) færnipróf fyrir útgáfu fjallaflugsáritunar, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður á flugvélum eða ferðavélsvifflugum, þar af a.m.k. 500 flugtökum og lendingum í flugkennslu fyrir fjallaflugsáritun.

b) Flugprófdómari fyrir þyrlur. Réttindi flugprófdómara fyrir þyrlur eru að framkvæma:

1) færnipróf fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis á þyrlur, ásamt færni- og hæfniprófum fyrir tegundaráritanir fyrir eins hreyfils einstjórnarþyrlur sem eru skráðar í einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið a.m.k. 1000 fartímum sem flugmaður á þyrlum, þar af a.m.k. 250 tímum í flugkennslu,

2) færnipróf fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlur, ásamt færni- og hæfniprófum fyrir tegundaráritanir fyrir eins hreyfils einstjórnarþyrlur sem eru skráðar í atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið a.m.k. 2000 fartímum sem flugmaður á þyrlum, þar af a.m.k. 250 tímum í flugkennslu,

3) færni- og hæfnipróf fyrir tegundaráritanir fyrir fjölhreyfla einstjórnarþyrlur sem eru skráðar í einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið kröfunum í 1. eða 2. lið, eftir því sem við á, og hafi atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur eða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks fyrir þyrlur (ATPL(H)) og, þegar það á við, blindflugsáritun fyrir þyrlur,

4) færni- og hæfnipróf fyrir flugmannsskírteini fyrir léttar þyrlur, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið a.m.k. 500 fartímum sem flugmaður á þyrlum, þar af a.m.k. 150 tímum í flugkennslu.

c) Flugprófdómari fyrir loftskip. Réttindi flugprófdómara fyrir loftskip eru þau að framkvæma færnipróf fyrir útgáfu einkaflugmanns- eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir loftskip og færni- og hæfnipróf fyrir tengdar tegundaráritanir fyrir loftskip, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið 500 fartímum sem flugmaður á loftskipum, þar af 100 tímum í flugkennslu.

d) Flugprófdómari fyrir svifflugu. Réttindi flugprófdómara fyrir svifflugur eru að framkvæma:

1) færni- og hæfnipróf fyrir skírteini svifflugmanns og flugmannsskírteini fyrir léttar svifflugur, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið 300 fartímum sem svifflugmaður eða flugmaður á vélsvifflugum, þar af 150 tímum eða 300 flugtökum í flugkennslu,

2) hæfnipróf fyrir viðbótarréttindi fyrir skírteini svifflugmanns þannig að þau taki til flutningaflugs, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið 300 fartímum sem svifflugmaður eða flugmaður á vélsvifflugum, þar af 90 tímum í flugkennslu,

3) færnipróf fyrir viðbótarréttindi fyrir skírteini svifflugmanns eða flugmannsskírteini fyrir léttar svifflugur þannig að þau taki til ferðavélsvifflugu, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið 300 fartímum sem svifflugmaður eða flugmaður á vélsvifflugum, þar af 50 tímum í flugkennslu á ferðavélsvifflugu.

e) Flugprófdómari fyrir loftbelgi. Réttindi flugprófdómara fyrir loftbelgi eru að framkvæma:

1) færnipróf fyrir útgáfu flugmannsskírteina fyrir loftbelgi og flugmannsskírteina fyrir létta loftbelgi og færni- og hæfniprófum fyrir viðbótarréttindi fyrir annan flokk eða hóp loftbelgja, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið 250 fartímum sem flugmaður á loftbelgjum, þar á meðal 50 tímum í flugkennslu,

2) hæfnipróf fyrir viðbótarréttindi fyrir réttindi flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi þannig að þau taki til flutningaflugs, að því tilskildu að prófdómarinn hafi lokið 300 fartímum sem flugmaður á loftbelgjum, þar af 50 tímum í sama hópi loftbelgja og verið er að sækjast eftir viðbótarréttindum fyrir. Af þessum 300 fartímum skulu vera 50 klst. af flugkennslu.

FCL.1010.FE Flugprófdómari — Forsendur

Umsækjandi um vottorð sem flugprófdómari skal hafa:

vottorð flugkennara á viðeigandi gerð loftfars.

3. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir tegundarprófdómara — TRE

FCL.1005.TRE Tegundarprófdómari — Réttindi og skilyrði

a) Tegundarprófdómari fyrir flugvélar og vænghnitur. Réttindi tegundarprófdómara fyrir flugvélar eða vænghnitur eru þau að framkvæma:

1) færnipróf fyrir fyrstu útgáfu tegundaráritana fyrir flugvélar eða vænghnitur, eins og við á,

2) hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun tegundar og blindflugsáritunar,

3) færnipróf fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks,

4) færnipróf fyrir útgáfu fjölstjórnarskírteinis, að því tilskildu að prófdómarinn hafi uppfyllt kröfurnar í FCL.925,

5) hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun vottorða fyrir tegundarkennara eða flugþjálfakennara á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að prófdómarinn hafi a.m.k. 3 ár að baki sem tegundarprófdómari.

b) Tegundarprófdómari fyrir þyrlur. Réttindi tegundarprófdómari fyrir þyrlur eru að framkvæma:

1) færni- eða hæfnipróf fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun tegundaráritana þyrlna,

2) hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun blindflugsáritunar, eða fyrir viðbótarréttindi við blindflugsáritun fyrir þyrlur úr eins hreyfils þyrlum í fjölhreyfla þyrlur, að því tilskildu að hann hafi gilda blindflugsáritun fyrir þyrlur,

3) færnipróf fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks,

4) hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun vottorða fyrir tegundarkennara eða flugþjálfakennara á þyrlur, að því tilskildu að prófdómarinn hafi a.m.k. 3 ár að baki sem tegundarprófdómari.

FCL.1010.TRE Tegundarprófdómari — Forsendur

a) Tegundarprófdómari fyrir flugvélar og vænghnitur. Umsækjendur um tegundarprófdómaravottorð fyrir flugvélar og vænghnitur skulu:

1) hvað varðar fjölstjórnarflugvélar eða vænghnitur, hafa lokið 1500 fartímum sem flugmenn á fjölstjórnarflugvélum eða vænghnitum, eftir því sem við á, þar af a.m.k. 500 fartímum sem flugstjóri,

2) hvað varðar flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu, hafa lokið 500 fartímum sem flugmenn á einstjórnarflugvélum, þar af a.m.k. 200 tímum sem flugstjóri,

3) hafa atvinnuflugmannsskírteini eða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks og vottorð tegundarkennara fyrir viðeigandi tegund,

4) fyrir fyrstu útgáfu tegundarprófdómaravottorðs, hafa lokið a.m.k. 50 fartímum sem tegundarkennari, flugkennari eða flugþjálfakennari á viðeigandi tegund eða flughermisþjálfa sem líkir eftir þeirri tegund.

b) Tegundarprófdómari fyrir þyrlur. Umsækjendur um tegundarprófdómaravottorð fyrir þyrlur skulu:

1) hafa vottorð tegundarkennara á þyrlur eða, hvað varðar eins hreyfils einstjórnarþyrlur, gilt vottorð flugkennara á þyrlur fyrir viðkomandi tegund,

2) fyrir fyrstu útgáfu tegundarprófdómaravottorðs, hafa lokið 50 fartímum sem tegundarkennari, flugkennari eða flugþjálfakennari á viðeigandi tegund eða flughermisþjálfa sem líkir eftir þeirri tegund,

3) hvað varðar fjölstjórnarþyrlur, hafa atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks og hafa lokið 1500 tímum sem flugmenn á fjölstjórnarþyrlum, þar af a.m.k. 500 tímum sem flugstjórar,

4) hvað varðar fjölhreyfla einstjórnarþyrlur:

i. hafa lokið 1000 fartímum sem flugmenn á þyrlum, þar af a.m.k. 500 tímum sem flugstjórar,

ii. hafa atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks og, þegar við á, gilda blindflugsáritun fyrir þyrlur,

5) hvað varðar eins hreyfils einstjórnarþyrlur:

i. hafa lokið 750 fartímum sem flugmenn á þyrlum, þar af a.m.k. 500 tímum sem flugstjórar,

ii. hafa atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur.

6) Áður en réttindi eru aukin frá einstjórnar-, fjölhreyfla þyrlu til fjölstjórnar fjölhreyfla þyrlu sömu tegundar skal handhafinn hafa starfrækt flug í fjölstjórnarumhverfi á þeirri tegund í a.m.k. 100 klst.

7) Hvað varðar umsækjendur um fyrsta tegundarprófdómaravottorðið á fjölhreyfla fjölstjórnarþyrlur má líta svo á að þeir 1500 fartímar af flugreynslu á fjölstjórnarþyrlum sem krafist er í 3. lið b-liðar hafi verið uppfylltar ef þeir hafa lokið 500 fartímum sem flugstjórar á fjölstjórnarþyrlum af sömu tegund.

4. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir flokksprófdómara — CRE

FCL.1005.CRE Flokksprófdómari — Réttindi

Réttindi flokksprófdómara eru þau að framkvæma, fyrir einstjórnarflugvélar, nema hvað varðar flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu:

a) færnipróf vegna útgáfu flokks- og tegundaráritana,

b) hæfnipróf fyrir:

1) framlengingu og endurnýjun flokks- og tegundaráritana,

2) framlengingu og endurnýjun blindflugsáritana, að því tilskildu að flokksprófdómari uppfylli kröfurnar í a-lið FCL.1010.IRE.

FCL.1010.CRE Flokksprófdómari — Forsendur

Umsækjendur um flokksprófdómaravottorð skal:

a) hafa atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, fjölstjórnarskírteini fyrir flugvélar eða atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, með einstjórnarréttindum, eða hafa haft það og vera handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar,

b) hafa vottorð flokkskennara fyrir viðeigandi flokk eða tegund,

c) hafa lokið 500 fartímum sem flugmenn á flugvélum.

5. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir blindflugsprófdómara — IRE

FCL.1005.IRE Blindflugsprófdómari — Réttindi

Réttindi handhafa blindflugsprófdómaravottorðs eru þau að framkvæma færnipróf fyrir útgáfu, og hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun blindflugsáritana.

FCL.1010.IRE Blindflugsprófdómari — Forsendur

a) Blindflugsprófdómari fyrir flugvélar. Umsækjendur um blindflugsprófdómaravottorð fyrir flugvélar skulu hafa vottorð blindflugskennarar á flugvélar og hafa lokið:

1) 2000 fartímum sem flugmenn á flugvélum og

2) 450 fartímum samkvæmt blindflugsreglum, þar af skulu 250 fartímar vera í hlutverki kennara.

b) Blindflugsprófdómari fyrir þyrlur. Umsækjendur um blindflugsprófdómaravottorð fyrir þyrlur skulu hafa vottorð blindflugskennara á þyrlur (IRI(H)) og hafa lokið:

1) 2000 fartímum sem flugmenn á þyrlum, og

2) 300 blindflugstímum á þyrlum, þar af skulu 200 fartímar vera í hlutverki kennara.

c) Blindflugsprófdómari fyrir loftskip. Umsækjendur um blindflugsprófdómaravottorð fyrir loftskip skulu hafa vottorð blindflugskennara á loftskip (IRI(As)) og hafa lokið:

1) 500 fartímum sem flugmenn á loftskipum,

2) 100 blindflugstímum á loftskipum, þar af skulu 50 fartímar vera í hlutverki kennara.

6. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir flugþjálfaprófdómara — SFE

FCL.1005.SFE Flugþjálfaprófdómari — Réttindi og skilyrði

a) Flugþjálfaprófdómari fyrir flugvélar og vænghnitur. Réttindi flugþjálfaprófdómara á flugvélum eða vænghnitum eru að framkvæma í flughermi með fullri hreyfingu:

1) færni- og hæfnipróf fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun tegundaráritana fyrir fjölstjórnarflugvélar eða vænghnitur, eftir því sem við á,

2) hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun blindflugsáritana, að því tilskildu að flugþjálfaprófdómari uppfylli kröfurnar í FCL.1010.IRE fyrir viðkomandi gerð loftfars,

3) færnipróf fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks,

4) færnipróf fyrir útgáfu fjölstjórnarskírteinis, að því tilskildu að prófdómarinn hafi uppfyllt kröfurnar í FCL.925,

5) hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun á vottorði flugþjálfakennara á viðkomandi gerð loftfars, að því tilskildu að prófdómarinn hafi a.m.k. 3 ár að baki sem flugþjálfaprófdómari.

b) Flugþjálfaprófdómari fyrir þyrlur. Réttindi flugþjálfaprófdómara á þyrlum eru að framkvæma í flughermi með fullri hreyfingu:

1) færni- og hæfnipróf fyrir útgáfu, framlengingu og endurnýjun tegundaráritana, og

2) hæfnipróf fyrir framlengingu og endurnýjun blindflugsáritunar, að því tilskildu að flugþjálfaprófdómari uppfylli kröfur b-liðar FCL.1010.IRE,

3) færnipróf fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks,

4) færni- og hæfnipróf fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun vottorðs flugþjálfakennara fyrir þyrlur, að því tilskildu að prófdómarinn hafi a.m.k. 3 ár að baki sem flugþjálfaprófdómari.

FCL.1010.SFE Flugþjálfaprófdómari — Forsendur

a) Flugþjálfaprófdómari fyrir flugvélar. Umsækjendur um flugþjálfaprófdómaravottorð fyrir flugvélar skulu:

1) hafa eða hafa haft atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, flokks- eða tegundaráritun og vottorð flugþjálfakennara fyrir viðeigandi tegund flugvéla,

2) hafa a.m.k. 1500 fartíma sem flugmenn á fjölstjórnarflugvélum,

3) fyrir fyrstu útgáfu flugþjálfaprófdómaravottorðs, hafa lokið a.m.k. 50 fartímum í kennslu í flugþjálfa sem flugþjálfakennari á flugvélar, á viðeigandi tegund.

b) Flugþjálfaprófdómari fyrir þyrlur. Umsækjendur um flugþjálfaprófdómaravottorð fyrir þyrlur skulu:

1) hafa eða hafa haft atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, tegundaráritun og vottorð flugþjálfakennara fyrir viðeigandi tegund þyrlna,

2) hafa a.m.k. 1000 fartíma sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlum,

3) fyrir fyrstu útgáfu flugþjálfaprófdómaravottorðs, hafa lokið a.m.k. 50 fartímum í kennslu í flugþjálfa sem flugþjálfakennari á þyrlum, á viðeigandi tegund.

7. ÞÁTTUR

Sértækar kröfur fyrir flugkennaraprófdómara — FIE

FCL.1005.FIE Flugkennaraprófdómari — Réttindi og skilyrði

a) Flugkennaraprófdómari fyrir flugvélar. Réttindi flugkennaraprófdómara fyrir flugvélar eru að framkvæma hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun á vottorði flugkennara, flokkskennara, blindflugskennara eða tegundarkennara á einstjórnarflugvélum, að því tilskildu að viðkomandi sé handhafi viðeigandi kennaravottorðs.

b) Flugkennaraprófdómari fyrir þyrlur. Réttindi flugkennaraprófdómara fyrir þyrlur eru að framkvæma hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun á vottorði flugkennara, flokkskennara, blindflugskennara eða tegundarkennara á einstjórnarþyrlum, að því tilskildu að viðkomandi sé handhafi viðeigandi kennaravottorðs.

c) Flugkennaraprófdómari fyrir loftskip, svifflugur, loftbelgi. Réttindi flugkennaraprófdómara fyrir svifflugur, vélsvifflugur, loftbelgi og loftskip eru þau að framkvæma hæfnismat fyrir útgáfu, framlengingu eða endurnýjun kennaravottorða á viðeigandi gerð loftfars, að því tilskildu að viðkomandi sé handhafi viðeigandi kennaravottorðs.

FCL.1010.FIE Flugkennaraprófdómari — Forsendur

a) Flugkennaraprófdómari fyrir flugvélar. Umsækjendur um flugkennaraprófdómaravottorð fyrir flugvélar skulu:

hvað varðar umsækjendur sem leitast eftir að framkvæma hæfnismat:

1) hafa viðeigandi kennaravottorð, eins og við á,

2) hafa lokið 2000 fartímum sem flugmenn á flugvélum eða ferðavélsvifflugum, og

3) hafa a.m.k. 100 fartíma við kennslu umsækjenda um kennaravottorð.

b) Flugkennaraprófdómari fyrir þyrlur. Umsækjendur um flugkennaraprófdómaravottorð fyrir þyrlur skulu:

1) hafa viðeigandi kennaravottorð, eins og við á,

2) hafa lokið 2000 fartímum sem flugmenn á þyrlum.

3) hafa a.m.k. 100 fartíma við kennslu umsækjenda um kennaravottorð.

c) Flugkennaraprófdómari á loftskipum. Umsækjendur um flugkennaraprófdómaravottorð fyrir loftskip skulu:

1) hafa lokið 500 fartímum sem flugmenn á loftskipum,

2) hafa a.m.k. 20 fartíma við kennslu umsækjenda til flugkennara á loftskipum.

3) hafa viðeigandi kennaravottorð.

d) Flugkennaraprófdómari á svifflugum. Umsækjendur um flugkennaraprófdómaravottorð fyrir svifflugur skulu:

1) hafa viðeigandi kennaravottorð,

2) hafa lokið 500 fartímum sem flugmenn á svifflugum eða vélsvifflugum,

3) hafa lokið:

i. fyrir umsækjendur sem sækjast eftir því að framkvæma hæfnismat á ferðavélsvifflugu, 10 fartímum eða 30 flugtökum við kennslu umsækjenda um kennaravottorð á ferðavélsvifflugu,

ii. í öllum öðrum tilvikum, 10 fartímum eða 30 flugtökum við kennslu umsækjenda um kennaravottorð.

e) Flugkennaraprófdómari fyrir loftbelgi. Umsækjendur um flugkennaraprófdómaravottorð fyrir loftbelgi skulu:

1) hafa viðeigandi kennaravottorð,

2) hafa lokið 350 fartímum sem flugmenn á loftbelgjum,

3) hafa lokið 10 fartímum við kennslu umsækjenda um kennaravottorð.

1. viðbætir

Viðurkenning á bóklegri þekkingu

A. VIÐURKENNING Á BÓKLEGRI ÞEKKINGU TIL ÚTGÁFU FLUGMANNSSKÍRTEINIS Á AÐRA GERÐ LOFTFARS — VIÐBÓTARKENNSLA OG NÁMSEFNI TIL PRÓFS

1. **Flugmannsskírteini fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteini, flugmannsskírteini fyrir loftbelgi og skírteini svifflugmanns**

1.1. Fyrir útgáfu flugmannsskírteinis fyrir létt loftför skal handhafi flugmannsskírteinis fyrir létt loftför fyrir aðra gerð loftfars hljóta fulla viðurkenningu fyrir bóklega þekkingu á þeim almennu námsgreinum sem kveðið er á um í a-lið FCL.120.

1.2. Hvað varðar útgáfu flugmannsskírteinis fyrir létt loftför, einkaflugmannsskírteinis, flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi eða skírteinis svifflugmanns skal handhafi skírteinis á aðra gerð loftfars fá kennslu í bóklegri þekkingu og standast bóklegt próf á viðunandi hátt í eftirfarandi námsgreinum, sbr. þó liðinn að ofan:

– Flugfræði,

– Verklagsreglur í flugi,

– Afkastageta og áætlanagerð,

– Almenn þekking á loftförum, Flugleiðsaga.

1.3. Fyrir útgáfu einkaflugmannsskírteinis, flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi eða skírteinis svifflugmanns skal handhafi flugmannsskírteinis fyrir létt loftför af sömu gerð hljóta fulla viðurkenningu upp í kennslu í bóklegri þekkingu og prófkröfur.

2. **Atvinnuflugmannsskírteini**

2.1. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini, sem hefur atvinnuflugmannsskírteini á aðra gerð loftfars, skal hafa hlotið viðbótarkennslu á samþykktu námskeiði samkvæmt þeim mismun sem fundist hefur milli námskráa fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteina fyrir mismunandi gerðir loftfara.

2.2. Umsækjandinn skal hafa staðist bóklegt próf í bóklegri þekkingu eins og skilgreint er í þessum hluta í eftirfarandi námsgreinum fyrir viðeigandi gerð loftfars:

021 — Almenn þekking á loftförum: skrokkar og kerfi, rafkerfi, hreyflar, neyðarbúnaður,

022 — Almenn þekking á loftförum: Mælitæki,

032/034 — Afkastageta flugvélar eða þyrlu, eftir því sem við á,

070 — Verklagsreglur í flugi, og

080 — Flugfræði.

2.3. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini sem hefur staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir blindflugsáritun á sömu gerð loftfars fær það viðurkennt fyrir próf í eftirfarandi námsgreinum:

– Mannleg geta,

– Veðurfræði.

3. **Atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks**

3.1. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks sem hefur atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks á aðra gerð loftfars skal hafa hlotið kennslu í bóklegri þekkingu er lýtur að viðbótarkennslu hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki samkvæmt þeim mismun sem fundist hefur milli námskráa fyrir útgáfu atvinnuflugmannsskírteina 1. flokks fyrir mismunandi gerðir loftfara.

3.2. Umsækjandinn skal hafa staðist próf í bóklegri þekkingu eins og skilgreint er í þessum hluta í eftirfarandi námsgreinum á viðeigandi gerð loftfars:

021 — Almenn þekking á loftförum: skrokkur og kerfi, rafkerfi, hreyflar, neyðarbúnaður,

022 — Almenn þekking á loftförum: Mælitæki,

032 — Afkastageta,

070 — Verklagsreglur í flugi, og

080 — Flugfræði.

3.3. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, sem hefur staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar fær það viðurkennt fyrir bókleg próf í greininni fjarskipti í sjónflugi.

3.4. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, sem hefur staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur hlýtur viðurkenningu upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í eftirfarandi námsgreinum:

– Lög og reglur um loftferðir,

– Flugfræði (þyrlur),

– Fjarskipti í sjónflugi.

3.5. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, sem hefur staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir blindflugsáritun fyrir flugvélar hlýtur viðurkenningu upp í kröfurnar um bóklega þekkingu á fjarskiptum í blindflugi.

3.6. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, með blindflugsáritun sem hefur staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur hlýtur viðurkenningu upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í eftirfarandi námsgreinum:

– Flugfræði (þyrlur),

– Fjarskipti í sjónflugi.

4. **Blindflugsáritun**

4.1. Umsækjandi um blindflugsáritun, sem hefur staðist viðeigandi próf í bóklegri þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini á sömu gerð loftfars, hlýtur viðurkenningu upp í kröfurnar um bóklega þekkingu í eftirfarandi námsgreinum:

– Mannleg geta,

– Veðurfræði.

4.2. Umsækjandi um blindflugsáritun fyrir þyrlur, sem hefur staðist viðeigandi bóklegt þekkingarpróf vegna atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, með sjónflugsréttindi, skal standast próf í eftirfarandi námsgreinum:

– Lög og reglur um loftferðir,

– Áætlanagerð,

– Flugleiðsögutækni,

– Fjarskipti í blindflugi.

2. viðbætir

Kvarði til að meta tungumálakunnáttu — Sérfræði-, framhalds- og starfrækslustig

Stig	Framburður	Uppbygging	Orðaforði	Liðleiki í tali	Skilningur	Samskipti
Sérfræðistig **(6.stig)**	Framburður, áhersla, hrynjandi og ítónun kunna að vera undir áhrifum frá móðurmálinu eða svæðisbundnu afbrigði en hafa svo til aldrei áhrif á skilning annarra.	Hefur ávallt gott vald á málbóklegri uppbyggingu einfaldra og flókinna setningahluta og setningaskipan.	Orðaforði er nógu mikill og nákvæmur til að unnt sé að hafa skilvirk samskipti um margvísleg málefni, þekkt og óþekkt. Orðaforði er málvenjubundinn, blæbrigðaríkur og hentar viðkomandi orðfæri.	Fær um að tala samfellt á eðlilegan og áreynslulausan hátt. Notar breytilegt málflæði sem stíláhrif, t.d. til að leggja áherslu á tiltekið atriði. Notar viðeigandi orðræðumerki og tengiorð undirbúningslaust.	Skilningur er ávallt réttur í nánast hver kyns samhengi, þ.m.t. hárfínn skilningur á málvísindalegum og menningarlegum mun.	Á auðvelt með samskipti við nánast allar aðstæður. Er næmur fyrir sögðum og ósögðum markorðum og bregst við þeim á viðeigandi hátt.
Framhaldsstig **(5. stig)**	Framburður, áhersla, hrynjandi og ítónun kunna að vera undir áhrifum frá móðurmálinu eða svæðisbundnu afbrigði en hafa þó sjaldan áhrif á skilning annarra.	Hefur ávallt gott vald á málfræðilegri uppbyggingu einfaldra setningahluta og setningaskipan. Tilraunir eru gerðar til að nota málfræðilega flókna setningahluta með villum sem hafa stundum áhrif á merkingu.	Orðaforði er nógu mikill og nákvæmur til að unnt sé að hafa skilvirk samskipti um almenn, markviss og starfstengd málefni. Umorðar með samræmdum og árangursríkum hætti. Orðaforði er stundum málvenjubundinn.	Fær um að tala samfellt án mikilla erfiðleika um þekkt málefni en notar e.t.v. ekki breytilegt málflæði sem stílbragð. Getur nýtt sér viðeigandi orðræðuagnir eða tengiorð.	Skilningur er réttur á almennum, markvissum og starfstengdum málefnum og yfirleitt réttur þegar sá sem talar stendur frammi fyrir málvísindalegum eða aðstæðubundnum vanda eða óvæntum atburðum. Er fær um að skilja margs konar málafbrigði (mállýskur og/eða hreim) eða orðfæri.	Svör eru tafarlaus, viðeigandi og greinargóð. Gengur vel að tala og hlusta.
Starfrækslustig **(4. stig)**	Framburður, áhersla, hrynjandi og ítónun eru undir áhrifum frá móðurmálinu eða svæðisbundnu afbrigði en hafa einungis endrum og eins áhrif á skilning.	Hefur yfirleitt gott vald á málfræðilegri uppbyggingu einfaldra setningahluta og setningaskipan og beitir þeim á skapandi hátt. Villur geta komið fyrir, sérstaklega við óvenjulegar eða óvæntar aðstæður en þær hafa sjaldan áhrif á merkingu.	Orðaforði er yfirleitt nógu mikill og nákvæmur til að unnt sé að hafa skilvirk samskipti um almenn, markviss og starfstengd málefni. Er alla jafna fær um að umorða með árangursríkum hætti þegar orðaforða er ábótavant sérstaklega við óvenjulegar eða óvæntar aðstæður.	Fær um að tala í samhengi og á viðeigandi hraða. Stundum minnkar liðleiki í tali við umskipti frá æfðum eða formbundnum talsmáta yfir í undirbúningslaus tjáskipti en þetta kemur ekki í veg fyrir skilvirk samskipti. Getur nýtt sér orðræðuagnir eða tengiorð. Uppfyllingarorð eru ekki truflandi.	Skilningur er að mestu leyti réttur á almennum, markvissum og starfstengdum málefnum þegar sá hreimur eða talsmáti, sem er notaður, er nægilega skiljanlegur innan alþjóðasamfélags málnotenda. Þegar sá sem talar stendur frammi fyrir málvísindalegum eða aðstæðubundnum vanda eða óvæntum atburðum kann að hægja á skilningi eða þörf verður á nánari útskýringum.	Svör eru yfirleitt tafarlaus, viðeigandi og greinargóð. Á frumkvæði að og heldur uppi samræðum jafnvel þegar upp koma óvæntir atburðir. Ræður nægilega vel við aðstæður sem eru greinilega á misskilningi byggðar með því að sannreyna, staðfesta eða skýra nánar.

Athugasemd: Frumtexti 2. viðbætis hefur verið fluttur í AMC, sjá einnig skýringu.

3. viðbætir

Þjálfunarnámskeið vegna útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis og atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks

1. Í þessum viðbæti er kröfunum lýst fyrir mismunandi tegundir þjálfunarnámskeiða vegna útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis og atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks, með og án blindflugsáritunar.

2. Umsækjandi sem óskar eftir flutningi til annars þjálfunarfyrirtækis meðan á þjálfunarnámskeiði stendur skal sækja til flugmálayfirvalda um formlegt mat á þeim viðbótartímum í þjálfun sem þörf er á hjá öðru þjálfunarfyrirtæki.

A. **Samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks — flugvélar**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmanns fyrir flugvélar, 1. flokks, er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til að starfa sem aðstoðarflugmenn á fjölhreyfla fjölstjórnarflugvélum í flutningaflugi og til að fá atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar með blindflugsáritun.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis á flugvélar, 1. flokks, skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvél eða þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvél eða þyrlu má viðurkenna 50% af þeim tíma sem neminn hefur flogið fyrir námskeiðið, að hámarki 40 tíma flugreynslu eða að hámarki 45 tíma ef næturflugsréttinda hefur verið aflað, en þar af má viðurkenna 20 tíma upp í kröfurnar um blindflugstíma með kennara.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks,

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi, og

   c) þjálfun í áhafnarsamstarfi við starfrækslu fjölstjórnarflugvéla.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks, getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi og blindflugsáritun, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á námskeiði í bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks, skulu vera a.m.k. 750 kennslutímar.

7. Námskeið í áhafnarsamstarfi skal samanstanda af a.m.k. 25 klst. í bóklegri kennslu og æfingum.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

8. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks.

FLUGÞJÁLFUN

9. Flugþjálfunin, að undanskilinni þjálfun til tegundaráritunar, skal felast í minnst 195 tímum, þar með talin öll flugpróf, og mega allt að 55 tímar á námskeiðinu vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri. Af þessum 195 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

   a) 95 æfingartímum með kennara, þar af mega allt að 55 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri,

   b) 70 fartímum sem flugstjóri, þar á meðal sjónflugstímum og blindflugstímum sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC). Blindflugstíminn sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) skal aðeins teljast sem fartími flugstjóra að hámarki upp að 20 tímum,

   c) 50 landflugstímum sem flugstjóri, þar á meðal í landflugi samkvæmt sjónflugsreglum sem er minnst 540 km (300 sjómílur) og skulu meðan á því stendur framkvæmdar tvær stöðvunarlendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli,

   d) 5 fartímum í flugvélum skulu fara fram að nóttu til og í þeim felast 3 tímar með kennara þar af minnst 1 tíma í landflugsleiðsögu og 5 einflugsflugtök og 5 einflugsstöðvunarlendingar; og

e) 115 klst. fartímum í blindflugi sem samanstanda af, að minnsta kosti:

1) 20 tímum sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC),

2) 15 tímum í áhafnarsamstarfi, við það má nota má flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II,

3) 50 blindflugskennslutímum, þar af mega allt að:

i. 25 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I, eða

ii. 40 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa II, flugþjálfunartæki 2 eða flughermi með fullri hreyfingu, þar af má ljúka allt að 10 tímum í flugleiðsöguþjálfa I.

Umsækjandi sem hefur staðfestingu á að hafa lokið grunnblindflugsáfanganum skal hljóta viðurkenningu fyrir allt að 10 tímum upp í kröfurnar um blindflugstíma. Ekki skal veita viðurkenningu fyrir tíma sem hafa farið fram í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug.

f) 5 fartímum í fjögurra sæta flugvél með skiptiskrúfu og uppdraganlegan lendingarbúnað.

FÆRNIPRÓF

10. Þegar viðeigandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandinn taka færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvél annaðhvort á eins hreyfils eða á fjölhreyfla flugvél og færnipróf vegna blindflugsáritunar á fjölhreyfla flugvél.

B. **Áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis — flugvélar**

1. Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar,1. flokks, sem hafa lokið námi í bóklegum greinum á áfangaskiptu námskeiði skulu:

a) hafa að minnsta kosti einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, og

ljúka að minnsta kosti eftirfarandi tímum í bóklegri kennslu:

1) fyrir umsækjendur með einkaflugmannsskírteini fyrir flugvélar: 650 tímar,

2) fyrir umsækjendur með atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar: 400 tímar,

3) fyrir umsækjendur með blindflugsáritun fyrir flugvélar: 500 tímar,

4) fyrir umsækjendur með atvinnuflugmannsskírteini og blindflugsáritun fyrir flugvélar: 250 tímar.

Bóklegri kennslu skal lokið áður en færniprófið fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, er tekið.

C. **Samtvinnað námskeið vegna atvinnuflugmannsskírteinis með blindflugsáritun — flugvélar**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar með blindflugsáritun er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til að stjórna eins hreyfils eða fjölhreyfla einstjórnarflugvélum í flutningaflugi og fá atvinnuflugmannsskírteini með blindflugsáritun.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar með blindflugsáritun skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvél eða þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvél eða þyrlu má viðurkenna 50% af þeim tíma sem neminn hefur flogið fyrir námskeiðið, að hámarki 40 tíma flugreynslu eða að hámarki 45 tíma ef næturflugsréttinda hefur verið aflað, en þar af má viðurkenna 20 tíma upp í kröfurnar um blindflugstíma með kennara.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar og blindflugsáritun, og

b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar og blindflugsáritunar getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi og blindflugsáritun, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á námskeiði í bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvél með blindflugsáritun skulu vera a.m.k. 500 kennslutímar.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

7. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar og blindflugsáritunar.

FLUGÞJÁLFUN

8. Flugþjálfunin, að undanskilinni þjálfun til tegundaráritunar, skal felast í minnst 180 tímum, þar með talin öll framvinduþróf, og mega allt að 40 tímar á námskeiðinu vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri. Af þessum 180 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

   a) 80 æfingartímum með kennara, þar af mega allt að 40 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri,

   b) 70 tímum sem flugstjóri, þar á meðal sjónflugs- og blindflugstímum sem fljúga má sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC). Blindflugstíminn sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) skal aðeins teljast sem fartími flugstjóra að hámarki upp að 20 tímum,

   c) 50 landflugstímum sem flugstjóri, þar á meðal í landflugi samkvæmt sjónflugsreglum sem er minnst 540 km (300 sjómílur) og skulu meðan á því stendur framkvæmdar tvær stöðvunarlendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli,

   d) 5 fartímum í flugvélum skulu fara fram að nóttu til og í þeim felast 3 tímar með kennara þar af minnst 1 tíma í landflugsleiðsögu og 5 einflugsflugtök og 5 einflugsstöðvunarlendingar; og

   e) 100 klst. fartímum í blindflugi sem samanstanda af, að minnsta kosti:

      1) 20 tímum sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC), og

      2) 50 blindflugskennslutímum, þar af mega allt að:

         i. 25 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I, eða

         ii. 40 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa II, flugþjálfunartæki 2 eða flughermi með fullri hreyfingu, þar af má ljúka allt að 10 tímum í flugleiðsöguþjálfa I.

   Umsækjandi sem hefur staðfestingu á að hafa lokið grunnblindflugsáfanganum skal hljóta viðurkenningu fyrir allt að 10 tímum upp í kröfurnar um blindflugstíma. Ekki skal veita viðurkenningu fyrir tíma sem hafa farið fram í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug.

   f) 5 fartímum í fjögurra sæta flugvél með skiptiskrúfu og uppdraganlegan lendingarbúnað.

FÆRNIPRÓF

9. Þegar viðkomandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandinn taka færnipróf vegna atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar og blindflugsáritunar annaðhvort á eins hreyfils eða á fjölhreyfla flugvél.

D. **Samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis — flugvélar**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvél eða þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða handhafa einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvél eða þyrlu má viðurkenna 50% af þeim tíma sem neminn hefur flogið fyrir námskeiðið, að hámarki 40 tíma flugreynslu eða að hámarki 45 tíma ef næturflugsréttinda hefur verið aflað, en þar af má viðurkenna 20 tíma upp í kröfurnar um blindflugstíma með kennara.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, og

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á námskeiði í bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar skulu vera a.m.k. 350 kennslutímar.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

7. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar.

FLUGÞJÁLFUN

8. Flugþjálfunin, að undanskilinni þjálfun til tegundaráritunar, skal taka minnst 150 tíma, þar með talin öll framvinduprof, og mega allt að 5 tímar á námskeiðinu vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri. Af þessum 150 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

   a) 80 æfingartímum með kennara, þar af mega allt að 5 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri,

   b) 70 fartímum sem flugstjóri,

   c) 20 landflugstímum sem flugstjóri, þar á meðal í landflugi samkvæmt sjónflugsreglum sem er minnst 540 km (300 sjómílur) og skulu meðan á því stendur framkvæmdar tvær stöðvunarlendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli,

   d) 5 fartímum að nóttu til, sem samanstanda af 3 tímum í fartíma með kennara, sem fela í sér a.m.k. 1 tíma í landflugleiðsögu og 5 flugtök í einflugi og 5 stöðvunarlendingar í einflugi,

   e) 10 blindflugskennslutímum, þar af mega allt að 5 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I, flugþjálfunartæki 2, flugleiðsöguþjálfa II eða flughermi með fullri hreyfingu. Umsækjandi sem hefur staðfestingu á að hafa lokið grunnblindflugsáfanganum skal hljóta viðurkenningu fyrir allt að 10 tímum upp í kröfurnar um blindflugstíma. Ekki skal veita viðurkenningu fyrir tíma sem hafa farið fram í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug.

   f) 5 fartímum í fjögurra sæta flugvél með skiptiskrúfu og uppdraganlegan lendingarbúnað.

FÆRNIPRÓF

9. Þegar flugþjálfuninni er lokið skal umsækjandinn taka færnipróf vegna atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar á eins hreyfils eða fjölhreyfla flugvél.

E. **Áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis — flugvélar**

ALMENNT

1. Markmiðið með áfangaskiptu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar er að þjálfa handhafa einkaflugmannsskírteina fyrir flugvélar til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar.

2. Áður en umsækjandi byrjar áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar skal hann vera handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir flugvélar sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins.

3. Áður en umsækjandi byrjar flugþjálfun skal hann:

   a) hafa lokið 150 fartímum,

   b) hafa uppfyllt forsendur fyrir útgáfu flokks- eða tegundaráritunar fyrir fjölhreyfla flugvélar í samræmi við H-kafla, ef nota á fjölhreyfla flugvél við færniprófið.

4. Umsækjandi sem vill taka áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu þjálfunarnámskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur. Bókleg kennsla getur farið fram hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki sem eingöngu kennir bóklegar greinar.

5. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, og

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á viðurkenndu námskeiði í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis á flugvélar skulu vera a.m.k. 250 kennslutímar.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

7. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar.

FLUGÞJÁLFUN

8. Umsækjendur sem ekki hafa blindflugsáritun skulu fá minnst 25 tíma flugkennslu með kennara, þar af 10 tíma blindflugskennslu en af þeim mega allt að fimm tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug, flugleiðsöguþjálfa I eða II, flugþjálfunartæki 2 eða flughermi með fullri hreyfingu.

9. Umsækjendur með gilda blindflugsáritun fyrir flugvélar skulu fá fulla viðurkenningu á blindflugskennslu með kennara. Umsækjendur með gilda blindflugsáritun fyrir þyrlur skulu fá viðurkennda allt að 5 tíma blindflugskennslu með kennara, í því tilviki skulu minnst 5 tímar af blindflugskennslu með kennara fara fram í flugvél. Umsækjandi sem hefur staðfestingu á að hafa lokið grunnblindflugsáfanga skal hann fá viðurkennda allt að 10 fartíma sem hluta af þeim blindflugstímum sem krafist er.

10. a) Umsækjendur með gilda blindflugsáritun skulu fá minnst 15 tíma sjónflugsþjálfun með kennara.

    b) Umsækjendur sem ekki hafa næturflugsáritun fyrir flugvélar skulu fá 5 tíma næturflugsþjálfun til viðbótar sem samanstendur af 3 fartímum með kennara, þar af minnst 1 tíma í landflugsleiðsögu og 5 einflugsflugtök og 5 einflugsstöðvunarlendingar.

11. Minnst 5 tímar af flugkennslunni skulu fara fram í flugvél með tegundarskírteini til flutnings á minnst fjórum mönnum og með skiptiskrúfu og uppdraganlegan lendingarbúnað.

REYNSLA

12. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar skal hafa lokið minnst 200 fartímum, þar af að minnsta kosti:

    a) 100 tímum sem flugstjóri, 20 landflugstímum sem flugstjóri, þ.m.t. landflug samkvæmt sjónflugsreglum sem er að minnsta kosti 540 km (300 sjómílur) langt og skal meðan á því stendur framkvæmdar stöðvunarlendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli,

    b) 5 fartímum að nóttu til, sem samanstanda af 3 fartímum með kennara, þar af minnst 1 tíma í landflugsleiðsögu og 5 einflugsflugtök og 5 einflugsstöðvunarlendingar, og

    c) 10 blindflugskennslutímum, þar af mega allt að 5 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I eða II eða flughermi með fullri hreyfingu. Umsækjandi sem hefur staðfestingu á að hafa lokið grunnblindflugsáfanganum skal hljóta viðurkenningu fyrir allt að 10 tímum upp í kröfurnar um blindflugstíma. Ekki skal veita viðurkenningu fyrir tíma sem hafa farið fram í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug.

    d) 6 fartímum sem ljúka skal á fjölhreyfla flugvél.

    e) Telja má tíma sem flugstjóri á öðrum gerðum loftfara upp í fartímana 200, í eftirfarandi tilvikum:

       i. 30 tíma á þyrlu, ef umsækjandinn hefur einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur, eða

       ii. 100 tíma á þyrlu, ef umsækjandinn hefur atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, eða

       iii. 30 tíma á ferðavélsvifflugum eða svifflugum, eða

       iv. 30 tíma á loftskipum, ef umsækjandinn hefur einkaflugmannsskírteini fyrir loftskip, eða

       v. 60 tíma á loftskipum, ef umsækjandinn hefur atvinnuflugmannsskírteini fyrir loftskip.

FÆRNIPRÓF

13. Þegar flugkennslu umsækjanda er lokið og hann hefur uppfyllt kröfur um reynslu skal hann taka færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvél annaðhvort á eins hreyfils eða fjölhreyfla flugvél.

F. **Samtvinnað námskeið vegna réttinda atvinnuflugmanns 1. flokks með blindflugsáritun — þyrlur**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmanns fyrir þyrlur, 1. flokks, er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til að starfa sem aðstoðarflugmenn á fjölhreyfla fjölstjórnarþyrlum í flutningaflugi og til að fá atvinnuflugmannsskírteini á þyrlur með blindflugsáritun.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, með blindflugsáritun skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða nýliða með einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur má viðurkenna 50% af viðeigandi reynslu, að hámarki:

   a) 40 tíma, þar af mega allt að 20 tímar vera með kennara, eða

   b) 50 tíma, þar af allt mega allt að 25 tímar vera með kennara, ef næturflugsáritunar fyrir þyrlu hefur verið aflað.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, og blindflugsáritun,

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi, og

   c) þjálfun í áhafnarsamstarfi við starfrækslu fjölstjórnarþyrlna.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, með blindflugsáritun getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi og blindflugsáritun, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á námskeiði í bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlur, 1. flokks, með blindflugsáritun skulu vera a.m.k. 750 kennslutímar.

7. Á námskeiði í áhafnarsamstarfi skal vera minnst 25 tíma bókleg kennsla og æfingar.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

8. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá kunnáttu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlur, 1. flokks, og blindflugsáritunar.

FLUGÞJÁLFUN

9. Flugþjálfunin skal felast í minnst 195 tímum, þar með talin öll framvindupróf. Af þessum 195 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

   a) 140 æfingartímum með kennara, þar af:

      1) mega 75 sjónflugstímar fela í sér:

         i. 30 tíma í þyrluflughermi með fullri hreyfingu, stig C/D, eða

         ii. 25 tíma í flugþjálfunartæki 2,3, eða

         iii. 20 tíma í þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III, eða

         iv. 20 tíma í flugvél eða ferðavélsvifflugu,

      2) 50 blindflugskennslutímum sem í eru:

         i. allt að 20 tímar í þyrluflughermi með fullri hreyfingu eða þyrluflugþjálfunartæki 2,3 eða þyrluflug-leiðsöguþjálfa II/III, eða

         ii. 10 tímar í minnst þyrluflugleiðsöguþjálfa 1 eða í flugvél,

3) 15 tímar í áhafnarsamstarfi en við það má nota þyrluflughermi með fullri hreyfingu eða þyrluflugþjálfunartæki 2,3 (áhafnarsamstarf) eða þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III (áhafnarsamstarf).

Ef þyrlan sem notuð er við flugkennsluna er af annarri tegund en þyrluflughermirinn með fullri hreyfingu sem notaður er við sjónflugskennsluna skal hámarksviðurkenning takmarkast við þá sem veitt er fyrir þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III,

b) 55 tímum sem flugstjóri, þar af mega vera 40 tímar sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC). Fljúga skal að minnsta kosti 14 tíma einflug að degi til og 1 tíma einflug að nóttu til.

c) 50 landflugstímum, þar af minnst 10 landflugstímum í landflugi sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) sem felur í sér landflug samkvæmt sjónflugsreglum sem er a.m.k. 185 km (100 sjómílur) langt og skulu meðan á því stendur framkvæmdar lendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.

d) 5 fartímum í þyrlu sem skulu flognir að nóttu til og þar af 3 tímar með kennara, þar af minnst 1 tími í landflugsleiðsögu og 5 umferðarhringir í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending,

e) 50 blindflugstímar með kennara sem samanstanda af:

i. 10 grunnblindflugstímum, og

ii. 40 tíma þjálfun fyrir blindflugsáritun og af þeim skulu vera minnst 10 tímar í fjölhreyfla þyrlu sem er skráð fyrir blindflug.

FÆRNIPRÓF

10. Þegar viðeigandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandi taka færnipróf, sem veitir rétt til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlu, á fjölhreyfla þyrlu og færnipróf sem veitir rétt til blindflugsáritunar á fjölhreyfla þyrlu og skal uppfylla kröfur um þjálfun í áhafnarsamstarfi.

G. **Samtvinnað námskeið til atvinnuflugmanns 1. flokks — þyrlur**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmanns fyrir þyrlur, 1. flokks, er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til að starfa í flutningaflugi sem aðstoðarflugmenn á fjölhreyfla fjölstjórnarþyrlum í sjónflugi og til að fá atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða nýliða með einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur má viðurkenna 50% af viðeigandi reynslu, að hámarki:

a) 40 tíma, þar af mega allt að 20 tímar vera með kennara, eða

b) 50 tíma, þar af allt mega allt að 25 tímar vera með kennara, ef næturflugsáritunar fyrir þyrlu hefur verið aflað.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks,

b) þjálfun í sjónflugi og grunnblindflugi, og

c) þjálfun í áhafnarsamstarfi við starfrækslu fjölstjórnarþyrlna.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á námskeiði í bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlur, 1. flokks, skulu vera a.m.k. 650 kennslutímar.

7. Á námskeiði í áhafnarsamstarfi skal vera minnst 20 tíma bókleg kennsla og æfingar.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

8. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlu, 1. flokks.

FLUGÞJÁLFUN

9. Flugþjálfunin skal felast í minnst 150 tímum, þar með talin öll framvindupróf. Af þessum 150 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

   a) 95 æfingartímum með kennara, þar af:

      i. 75 tímar í sjónflugskennslu, sem mega vera:

         1) 30 tímar í þyrluflughermi með fullri hreyfingu, stig C/D, eða

         2) 25 tímar í þyrluflugþjálfunartæki 2,3, eða

         3) 20 tímar í þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III, eða

         4) 20 tímar í flugvél eða ferðavélsvifflugu,

      ii. 10 tímar í grunnblindflugskennslu sem mega vera 5 tímar í a.m.k. þyrluflugleiðsöguþjálfa I eða í flugvél.

      iii. 10 tímar í áhafnarsamstarfi en við það má nota þyrlu, þyrluflughermi með fullri hreyfingu eða þyrluflugþjálfunartæki 2,3 (áhafnarsamstarf) eða flugleiðsöguþjálfa II/III (áhafnarsamstarf).

      Ef þyrlan sem notuð er við flugkennsluna er af annarri tegund en þyrluflughermirinn með fullri hreyfingu sem notaður er við sjónflugskennsluna skal hámarksviðurkenning takmarkast við þá sem veitt er fyrir þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III,

   b) 55 tímum sem flugstjóri, þar af mega vera 40 tímar sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC). Fljúga skal að minnsta kosti 14 tíma einflug að degi til og 1 tíma einflug að nóttu til.

   c) 50 landflugstímum, þar af minnst 10 landflugstímum sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC) sem felur í sér landflug samkvæmt sjónflugsreglum sem er a.m.k. 185 km (100 sjómílur) langt og skulu meðan á því stendur framkvæmdar lendingar á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.

   d) 5 fartímum í þyrlu sem skulu flognir að nóttu til og þar af 3 tímar með kennara, þar af minnst 1 tími í landflugsleiðsögu og 5 umferðarhringir í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending.

   FÆRNIPRÓF

10. Þegar viðeigandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandi taka færnipróf, sem veitir rétt til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlu, á fjölhreyfla þyrlu og skal uppfylla kröfur um þjálfun í áhafnarsamstarfi.

H. **Áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks — þyrlur**

1. Umsækjendur um atvinnuflugmannaskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, sem hafa lokið námi í bóklegum greinum á áfangaskiptu námskeiði skulu hafa a.m.k. einkaflugmannsskírteini á þyrlu og ljúka a.m.k. eftirtöldum tímum í kennslu innan 18 mánaða tímabils:

   a) fyrir umsækjendur með einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,: 550 tímum,

   b) fyrir umsækjendur með atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur: 300 tímum.

2. Umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks með blindflugsáritun (ATPL(H)/IR), sem hafa lokið námi í bóklegum greinum á áfangaskiptu námskeiði skulu hafa a.m.k. einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlu og ljúka a.m.k. eftirtöldum tímum í kennslu:

   a) fyrir umsækjendur með einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur: 650 tímum,

   b) fyrir umsækjendur með atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur: 400 tímum,

   c) fyrir umsækjendur með blindflugsáritun fyrir þyrlur: 500 tímum,

   d) fyrir umsækjendur með atvinnuflugmannsskírteini og blindflugsáritun fyrir þyrlur: 250 tímum.

I. **Samtvinnað námskeið til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks með blindflugsáritun — þyrlur**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur með blindflugsáritun er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til að stjórna fjölhreyfla einstjórnarþyrlu og til að fá atvinnuflugmannsskírteini fyrir fjölhreyfla þyrlu með blindflugsáritun.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar með blindflugsáritun skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða nýliða með einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur má viðurkenna 50% af viðeigandi reynslu, að hámarki:

   a) 40 tíma, þar af mega allt að 20 tímar vera með kennara, eða

   b) 50 tíma, þar af allt mega allt að 25 tímar vera með kennara, ef næturflugsáritunar fyrir þyrlu hefur verið aflað.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur og blindflugsáritun, og fyrstu tegundaráritunina fyrir fjölhreyfla þyrlu og

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur með blindflugsáritun getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færniprófsem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi og blindflugsáritun, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á námskeiði í bóklegri þekkingu til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlur með blindflugsáritun skulu vera a.m.k. 500 kennslutímar.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

7. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlu og blindflugsáritunar.

FLUGÞJÁLFUN

8. Flugþjálfunin skal felast í minnst 180 tímum, þar með talin öll framvinduprof. Af þessum 180 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

   a) 125 æfingarfartímum með kennara, þar af:

      i. 75 tímar í sjónflugskennslu sem mega vera:

         1) 30 tímar í þyrluflughermi með fullri hreyfingu, stig C/D, eða

         2) 25 tímar í þyrluflugþjálfunartæki 2,3, eða

         3) 20 tímar í þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III, eða

         4) 20 tímar í flugvél eða ferðavélsvifflugu,

      ii. 50 blindflugstímum sem mega vera:

         1) allt að 20 tímar í þyrluflughermi með fullri hreyfingu eða þyrluflugþjálfunartæki 2,3 eða þyrluflug-leiðsöguþjálfa II, III, eða

         2) 10 tímar í a.m.k. þyrluflugleiðsöguþjálfa I eða í flugvél.

         Ef þyrlan sem notuð er við flugkennsluna er af annarri tegund en þyrluflughermirinn með fullri hreyfingu sem notaður er við sjónflugskennsluna skal hámarksviðurkenning takmarkast við þá sem veitt er fyrir þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III,

   b) 55 tímum sem flugstjóri, þar af mega 40 tímar vera sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC). Fljúga skal að minnsta kosti 14 tíma einflug að degi til og 1 tíma einflug að nóttu til.

c) 10 tímum í landflugi með kennara,

d) 10 tímum í landflugi sem flugstjóri, sem í felst landflug samkvæmt sjónflugsreglum sem er að minnsta kosti 185 km (100 sjómílur) langt þar sem stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli,

e) 5 fartímum í þyrlu sem skulu flognir að nóttu til og þar af 3 tímar með kennara, þar af minnst 1 tími í landflugsleiðsögu og 5 umferðarhringir í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending,

f) 50 blindflugstímar með kennara sem samanstanda af:

i. 10 grunnblindflugstímum, og

ii. 40 tíma þjálfun fyrir blindflugsáritun og af þeim skulu vera minnst 10 tímar í fjölhreyfla þyrlu sem er skráð fyrir blindflug.

FÆRNIPRÓF

9. Þegar viðeigandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandi taka færnipróf, sem veitir rétt til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlu, á annaðhvort fjölhreyfla þyrlu eða einhreyfils þyrlu, og færnipróf sem veitir rétt til blindflugsáritunar á fjölhreyfla þyrlu sem er skráð fyrir blindflug.

J. **Samtvinnað námskeið til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis — þyrlur**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða nýliða með einkaflugmannsskírteini fyrir þyrlur má viðurkenna 50% af viðeigandi reynslu, að hámarki:

a) 40 tíma, þar af mega allt að 20 tímar vera með kennara, eða

b) 50 tíma, þar af allt að 25 tímar sem mega vera fartími með kennara, ef viðkomandi hefur náð næturflugsáritun fyrir þyrlu.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, og

b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á samþykktu námskeiði í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlu skulu vera a.m.k. 350 kennslutímar eða 200 tímar ef umsækjandinn er handhafi einkaflugmannsskírteinis.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

7. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlu.

FLUGÞJÁLFUN

8. Flugþjálfunin skal felast í minnst 135 tímum, þar með talin öll framvindupróf, og mega allt að 5 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu. Af þessum 135 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

a) 85 æfingarfartímum með kennara, þar af:

i. mega allt að 75 tímar vera sjónflugskennsla, og mega vera:

1) 30 tímar í þyrluflughermi með fullri hreyfingu, stig C/D, eða

2) 25 tímar í þyrluflugþjálfunartæki 2,3, eða

3) 20 tímar í þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III, eða

4) 20 tímar í flugvél eða ferðavélsvifflugu,

ii. mega allt að 10 tímar í grunnblindflugskennslu fela í sér 5 tíma í a.m.k. þyrluflugleiðsöguþjálfa I eða í flugvél.

Ef þyrlan sem notuð er við flugkennsluna er af annarri tegund en þyrluflughermirinn með fullri hreyfingu sem notaður er við sjónflugskennsluna skal hámarksviðurkenning takmarkast við þá sem veitt er fyrir þyrluflugleiðsöguþjálfa II/III,

b) 50 tímum sem flugstjóri, þar af mega 35 tímar vera sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC). Fljúga skal að minnsta kosti 14 tíma einflug að degi til og 1 tíma einflug að nóttu til.

c) 10 tímum í landflugi með kennara,

d) 10 tímum í landflugi sem flugstjóri, sem í felst landflug samkvæmt sjónflugsreglum sem er að minnsta kosti 185 km (100 sjómílur) langt þar sem stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli,

e) 5 fartímum í þyrlu sem skulu flognir að nóttu til og þar af 3 tímar með kennara, þar af minnst 1 tími í landflugsleiðsögu og 5 umferðarhringir í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending,

f) 10 blindflugstímum með kennara, þ.m.t. a.m.k. 5 tímar í þyrlu.

FÆRNIPRÓF

9. Þegar viðeigandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandinn taka færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlu.

K. **Áfangaskipt námskeið til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis — þyrlur**

ALMENNT

1. Markmið áfangaskipts námskeiðs til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur er að þjálfa handhafa einkaflugmannsskírteina fyrir þyrlur til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur.

2. Áður en umsækjandi byrjar áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur skal hann vera handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlur sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins.

3. Áður en umsækjandi byrjar flugþjálfun skal hann:

a) hafa lokið 155 fartímum sem flugmaður á þyrlum, þ.m.t. 50 tímum sem flugstjóri en þar af skulu 10 tímar vera landflug,

b) hafa uppfyllt kröfur FCL.725 og FCL.720.H ef nota á fjölhreyfla þyrlu í færniprófinu.

4. Umsækjandi sem vill taka áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu þjálfunarnámskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur. Bókleg kennsla getur farið fram hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki sem eingöngu kennir bóklegar greinar.

5. Námskeiðið skal samanstanda af:

a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, og

b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á samþykktu námskeiði í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlu skulu vera a.m.k. 250 kennslutímar.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

7. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlu.

FLUGÞJÁLFUN

8. Umsækjendur án blindflugsáritunar skulu fá a.m.k. 30 fartíma með kennara, þar af:

   a) 20 tíma í sjónflugskennslu, sem geta falið í sér 5 tíma í þyrluflughermi með fullri hreyfingu eða þyrluflugþjálfunartæki 2,3 eða þyrluflugleiðsöguþjálfa II, III, og

   b) 10 tíma í blindflugskennslu, sem geta falið í sér 5 tíma í a.m.k. þyrluflugþjálfunartæki 1 eða flugleiðsöguþjálfa I eða í flugvél.

9. Umsækjendur með gilda blindflugsáritun fyrir flugvélar skulu fá fulla viðurkenningu á blindflugskennslu með kennara. Umsækjendur með gilda blindflugsáritun/flugvél skulu ljúka minnst 5 tímum af blindflugskennslu í þyrlu

10. Umsækjendur sem ekki hafa næturflugsáritun fyrir þyrlu skulu fá minnst 5 tíma næturflugsþjálfun til viðbótar sem samanstanda af 3 fartímum með kennara, þar af minnst 1 tíma í landflugsleiðsögu og 5 einflugsflugtök og 5 umferðarhringi í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending.

REYNSLA

11. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur skal hafa lokið a.m.k. 185 fartímum, þar á meðal 50 tímum sem flugstjóri, þar af 10 landflugsfartímum sem flugstjóri þ.m.t. landflug samkvæmt sjónflugsreglum sem er a.m.k. 185 km (100 sjómílur), þar sem stöðvunarlendingar eiga sér stað á tveimur flugvöllum öðrum en brottfararflugvelli.

Tími sem flugstjóri á öðrum gerðum loftfara má viðurkenna sem hluta af þessum 185 fartímum, í eftirfarandi tilvikum:

   a) 20 tímar á flugvél, ef umsækjandinn hefur einkaflugmannsskírteini á flugvél, eða

   b) 50 tímar á flugvél, ef umsækjandinn hefur atvinnuflugmannsskírteini á flugvél, eða

   c) 10 tímar á ferðavélsvifflugum eða svifflugum, eða

   d) 20 tímar á loftskipum, ef umsækjandinn hefur einkaflugmannsskírteini á loftskip, eða

   e) 50 tímar á loftskipum, ef umsækjandinn hefur atvinnuflugmannsskírteini á loftskip.

FÆRNIPRÓF

12. Þegar umsækjandi hefur lokið viðeigandi flugþjálfun og hann hefur uppfyllt kröfur um reynslu skal hann taka færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis á þyrlu.

L. **Samtvinnað námskeið til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis með blindflugsáritun — loftskip**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip með blindflugsáritun er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til að starfrækja loftskip og til að fá atvinnuflugmannsskírteini fyrir loftskip með blindflugsáritun.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip með blindflugsáritun skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir loftskip, flugvél eða þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða nýliða með einkaflugmannsskírteini á loftskip, flugvélar eða þyrlur má viðurkenna að hámarki:

   a) 10 tíma, þar af mega allt að 5 tímar vera með kennara, eða

   b) 15 tíma, þar af mega allt að 7 tímar vera fartími með kennara, ef hann hefur aflað sér næturflugsáritun fyrir loftskip.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir loftskip og blindflugsáritun, og fyrstu tegundaráritun fyrir fjölhreyfla loftskip, og

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip með blindflugsáritun (CPL/IR(As)) getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi og blindflugsáritun, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á námskeiði í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip með blindflugsáritun skulu vera a.m.k. 500 kennslutímar.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

7. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip og blindflugsáritunar.

FLUGÞJÁLFUN

8. Flugþjálfunin skal felast í minnst 80 tímum, þar með talin öll framvinduþróf. Af þessum 80 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

a) 60 æfingarfartímum með kennara, þar af:

i. 30 tímar í sjónflugskennslu sem mega vera:

1) 12 tímar í loftskipaflughermi með fullri hreyfingu, eða

2) 10 tímar í loftskipaflugþjálfunartæki, eða

3) 8 tímar í loftskipaflugleiðsöguþjálfa II/III, eða

4) 8 tímar í flugvél, þyrlu eða ferðavélsvifflugu,

ii. 30 blindflugstímum sem mega vera:

1) allt að 12 tímar í loftskipaflughermi með fullri hreyfingu eða flugþjálfunartæki eða flugleiðsöguþjálfa II, III, eða

2) 6 tímar í a.m.k. loftskipaflugþjálfunartæki 1 eða flugleiðsöguþjálfa I eða í flugvél.

Ef loftskipið sem notað er fyrir flugþjálfunina er af annarri tegund en sá flughermir með fullri hreyfingu sem notaður er fyrir sjónflugsþjálfunina skal hámarksviðurkenningin takmörkuð við 8 tíma,

b) 20 tímum sem flugstjóri, þar af mega 5 tímar vera sem flugnemi sem flugstjóri (SPIC). Fljúga skal að minnsta kosti 14 tíma einflug að degi til og 1 tíma einflug að nóttu til.

c) 5 landflugstímum sem flugstjóri, þar á meðal í landflugi samkvæmt sjónflugsreglum sem er minnst 90 km (50 sjómílur) og skulu meðan á því stendur framkvæmdar tvær stöðvunarlendingar á ákvörðunarflugvelli,

d) 5 fartímum í loftskipum að nóttu til og þar af 3 tímar með kennara, þar af minnst 1 tími í landflugsleiðsögu og 5 umferðarhringir í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending,

e) 30 blindflugstímar með kennara sem samanstanda af:

i. 10 grunnblindflugstímum, og

ii. 20 tímum í blindflugsþjálfun, sem skulu fela í sér a.m.k. 10 tíma í fjölhreyfla loftskipi sem er skráð fyrir blindflug.

FÆRNIPRÓF

9. Þegar viðeigandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandinn taka færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip á annaðhvort fjölhreyfla loftskip eða eins hreyfils loftskip og færnipróf sem veitir rétt til blindflugsáritunar á fjölhreyfla loftskipi sem er skráð fyrir blindflug.

M. **Samtvinnað námskeið til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis — loftskip**

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip.

2. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu námskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur.

3. Umsækjandi getur annaðhvort fengið aðgang að þjálfun sem nýnemi eða sem handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir loftskip, flugvél eða þyrlu, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn. Ef um er að ræða nýliða með einkaflugmannsskírteini á loftskip, flugvélar eða þyrlur má viðurkenna að hámarki:

   a) 10 tíma, þar af mega allt að 5 tímar vera með kennara, eða

   b) 15 tíma, þar af mega allt að 7 tímar vera fartími með kennara, ef hann hefur aflað næturflugsáritun fyrir loftskip.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir loftskip, og

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

5. Umsækjandi sem stenst ekki próf eða getur ekki lokið öllu námskeiðinu til atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip getur sótt um til lögbærra yfirvalda að taka bóklegt próf og færnipróf sem veitir rétt til skírteinis fyrir minni réttindi, ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á samþykktu námskeiði í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip skulu vera a.m.k. 350 kennslutímar eða 200 tímar ef umsækjandinn er handhafi einkaflugmannsskírteinis.

PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

7. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip.

FLUGÞJÁLFUN

8. Flugþjálfunin skal felast í minnst 50 tímum, þar með talin öll framvinduþróf, og mega allt að 5 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu. Af þessum 50 tímum skulu umsækjendur ljúka að minnsta kosti:

   a) 30 æfingartímum með kennara, þar af mega allt að 5 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu,

   b) 20 fartímum sem flugstjóri,

   c) 5 tímum í landflugi með kennara,

   d) 5 landflugstímum sem flugstjóri, þar á meðal í landflugi samkvæmt sjónflugsreglum sem er minnst 90 km (50 sjómílur) og skulu meðan á því stendur framkvæmdar tvær stöðvunarlendingar á ákvörðunarflugvelli,

   e) 5 fartímum í loftskipum að nóttu til og þar af 3 tímar með kennara, þar af minnst 1 tími í landflugsleiðsögu og 5 umferðarhringir í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending,

   f) 10 blindflugstímum með kennara, þ.m.t. a.m.k. 5 tímar á loftskipi.

FÆRNIPRÓF

9. Þegar viðeigandi flugþjálfun er lokið skal umsækjandinn taka færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip.

N. **Áfangaskipt námskeið til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis — loftskip**

ALMENNT

1. Markmið áfangaskipts námskeiðs til atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip er að þjálfa handhafa einkaflugmannsskírteina fyrir loftskip til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip.

2. Áður en umsækjandi byrjar áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip skal hann:

   a) hafa einkaflugmannsskírteini á loftbelgi sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins:

   b) hafa lokið 200 fartímum sem flugmaður á loftskipum, þ.m.t. 100 tímar sem flugstjóri en þar af skulu 50 tímar vera landflug,

3. Umsækjandi sem vill taka áfangaskipt námskeið til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu þjálfunarnámskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur. Bókleg kennsla getur farið fram hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki sem eingöngu kennir bóklegar greinar.

4. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir loftskip, og

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi.

   BÓKLEG ÞEKKING

5. Á samþykktu námskeiði í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip skulu vera a.m.k. 250 kennslutímar.

   PRÓF Í BÓKLEGRI ÞEKKINGU

6. Umsækjandi skal sýna fram á að hann hafi þá þekkingu sem krafist er til réttinda handhafa atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip.

   FLUGÞJÁLFUN

7. Umsækjendur án blindflugsáritunar skulu fá a.m.k. 20 fartíma með kennara, þar af:

   10 tíma í sjónflugskennslu, sem geta falið í sér 5 tíma í loftskipaflughermi með fullri hreyfingu eða flugþjálfunartæki 2,3 eða flugleiðsöguþjálfa II, III, og

   10 tíma í blindflugskennslu, sem geta falið í sér 5 tíma í a.m.k. loftskipaflugþjálfunartæki 1 eða flugleiðsöguþjálfa I eða í flugvél.

8. Umsækjendur með gilda blindflugsáritun fyrir loftskip skulu fá fulla viðurkenningu á blindflugstíma með kennara. Umsækjendur með gilda blindflugsáritun á aðrar gerðir loftfara skulu hafa lokið a.m.k. 5 tímum af blindflugskennslu með kennara á loftskipi.

9. Umsækjendur sem ekki hafa næturflugsáritun fyrir loftskip skulu fá minnst 5 tíma næturflugsþjálfun til viðbótar sem samanstanda af 3 fartímum með kennara, þar af minnst 1 tíma í landflugsleiðsögu og 5 einflugsflugtök og 5 umferðarhringi í einflugi að nóttu til. Í hverjum umferðarhring skal vera flugtak og lending.

   REYNSLA

10. Umsækjandi um atvinnuflugmannsskírteini fyrir loftskip skal hafa lokið a.m.k. 250 fartímum á loftskipi, þ.m.t. 125 tímum sem flugstjóri, þar á meðal 50 landflugsfartímum sem flugstjóri, þ.m.t. landflug samkvæmt sjónflugsreglum sem er a.m.k. 90 km (50 sjómílur), þar sem stöðvunarlending á sér stað á ákvörðunarflugvelli.

    Tími sem flugstjóri á öðrum gerðum loftfara má viðurkenna sem hluta af þessum 185 fartímum, í eftirfarandi tilvikum:

    a) 30 tíma á flugvélum eða þyrlum, ef umsækjandinn hefur einkaflugmannsskírteini á flugvél eða þyrlu, eftir því sem við á, eða

    b) 60 tíma á flugvélum eða þyrlum, ef umsækjandinn hefur atvinnuflugmannsskírteini á flugvél eða þyrlu, eftir því sem við á, eða

    c) 10 tíma á ferðavélsvifflugum eða svifflugum, eða

    d) 10 tíma á loftbelg.

    FÆRNIPRÓF

11. Þegar umsækjandi hefur lokið viðeigandi flugþjálfun og hann hefur uppfyllt kröfur um reynslu skal hann taka færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis á loftskip.

4. viðbætir

Færnipróf til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis

A. **Almennt**

1. Umsækjandi um færnipróf til atvinnuflugmannsskírteinis skal hafa hlotið flugkennslu á loftfari í sama flokki eða tegund og nota skal við prófið.

2. Umsækjandi skal hafa staðist alla viðeigandi hluta færniprófsins. Falli umsækjandi á einhverju atriði í prófhluta er hann fallinn í þeim hluta. Falli umsækjandinn í fleiri en einum hluta verður hann að taka allt prófið aftur. Umsækjandi sem fellur aðeins í einum prófhluta skal aðeins taka þann hluta aftur. Falli umsækjandi í einum hluta upptökuprófs, þar með talið í þeim hlutum sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur. Öllum viðeigandi hlutum færniprófsins skal vera lokið innan 6 mánaða. Hafi umsækjandi ekki staðist alla viðeigandi hluta prófsins eftir tvær tilraunir er krafist frekari þjálfunar.

3. Eftir fall á færniprófi kann að vera þörf á frekari þjálfun. Gera má ótakmarkaðan fjölda tilrauna til að ná færniprófi.

FRAMKVÆMD PRÓFSINS

4. Ef umsækjandi kýs að hætta í færniprófi af ástæðum sem flugprófdómari telur ófullnægjandi skal umsækjandinn endurtaka allt færniprófið. Ef hætt er í prófinu af ástæðum sem flugprófdómari telur fullnægjandi skal, við frekara flug aðeins prófa í þeim þáttum sem ekki var lokið.

5. Ef flugprófdómari ákveður það, má umsækjandinn endurtaka hvert flugbragð eða aðgerð prófsins einu sinni. Flugprófdómara má hvenær sem er stöðva prófið ef hann telur að skortur á færni umsækjanda gefi tilefni til að allt prófið sé endurtekið.

6. Þess er krafist að umsækjandi fljúgi flugvélinni í sæti þar sem hann getur gert allar aðgerðir flugstjóra og tekið prófið eins og enginn annar flugliði sé viðstaddur. Ábyrgð á fluginu skal vera í samræmi við reglur í hverju ríki fyrir sig.

7. Umsækjandi skal sýna prófdómara hvaða gátun og skylduverk hann hefur innt af hendi, þar á meðal að auðkenna leiðsöguvirki. Gátun skal gera í samræmi við gátlistann fyrir þá flugvél sem prófið er tekið á. Við fyrirflugsundirbúning fyrir prófið skal umsækjandi ákveða stillingar á afli og hraða. Umsækjandi skal reikna út afkastatölur fyrir flugtak, aðflug og lendingu í samræmi við rekstrarhandbók eða flughandbók þeirrar flugvélar sem notuð er.

8. Flugprófdómari skal ekki taka neinn þátt í stjórn loftfarsins nema þegar afskipta er þörf af öryggisástæðum eða til að forðast tafir sem eru óviðunandi fyrir aðra umferð.

B. **Efni færniprófsins til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis — flugvélar**

1. Flugvélin sem notuð er við færniprófið skal standast kröfur til kennsluflugvéla og skal hafa tegundarskírteini til flutnings á minnst fjórum mönnum og hafa skiptiskrúfu og uppdraganlegan lendingarbúnað.

2. Flugprófdómari skal velja þá leið sem flogin er og skal ákvörðunarstaður vera flugvöllur með flugumferðarstjórn. Umsækjandinn skal bera ábyrgð á gerð flugáætlana og skal tryggja að öll tæki og skjöl sem þarf til flugsins séu um borð. Flugið skal vara minnst 90 mínútur.

3. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

   a) starfrækt flugvélina innan þeirra takmarkana sem henni eru sett,

   b) lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

   c) viðhaft góða dómgreind og flugmennsku,

   d) beitt þekkingu á flugleiðsögu,

   e) alltaf haldið góðri stjórn á flugvélinni með þeim hætti að aldrei verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

4. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar flugvélar sem notuð er.

Hæð	
eðlilegt flug	±100 fet
líkt eftir hreyfilbilun	± 150 fet
Ferli haldið með aðflugstækjum	± 5°
Nefstefna	
eðlilegt flug	± 10°
líkt eftir hreyfilbilun	± 15°
Hraði	
flugtak og aðflug	± 5 hnútar
öll önnur flugsvið	± 10 hnútar

EFNI PRÓFSINS

5. Atriði undir c-lið og iv. lið e-liðar í 2. hluta og allan 5. og 6. hluta má framkvæma í flugleiðsöguþjálfa II eða flughermi með fullri hreyfingu.

Notkun gátlista í flugvélinni, flugmennska, flugvél stýrt eftir kennileitum, ísingarvarnir/afísunaraðgerðir og meginreglur hættu- og mistakastjórnunar eiga við í öllum hlutunum.

1. HLUTI — FYRIRFLUGSAÐGERÐIR OG BROTTFÖR	
a	Fyrirflugsskoðun, þar með gerð flugáætlana, flugskjöl, ákvörðun massa og jafnvægis, athugun á veðurskilyrðum, tilkynningar til flugmanna (NOTAMS)
b	Skoðun og viðhald flugvélar
c	Akstur og flugtak
d	Athugun á afkastagetu, stilling stýra
e	Stjórn flugvélar á flugvelli og í umferðarhring
f	Verklag við brottför, stilling hæðarmælis, aðgerðir til að forðast árekstur (úthorf)
g	Samband við flugumferðarstjórn – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
2. HLUTI — ALMENN FLUGSTÖRF	
a	Flugvélinni stýrt eftir kennileitum, þar með beint og lárétt flug, klifur, lækkun, úthorf
b	Flogið með hættulega lágum flughraða, borin kennsl á og komist úr yfirvofandi eða fullu ofrisi
c	Beygjur, þar á meðal beygjur í lendingarham Krappar beygjur með 45° halla
d	Flogið með hættulega háum flughraða, borin kennsl á og komist úr gormdýfu
e	Flogið eingöngu eftir mælitækjum, þar á meðal: i. Lárétt flug, farflugshamur, stjórnun nefstefnu, hæðar og flughraða ii. Klifurbeygjur og lækkunarbeygjur með 10°– 30° halla iii. Komist úr óvenjulegri stöðu iv. Notkun mælitækja takmörkuð
f	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti

3. HLUTI — STÖRF Á FLUGLEIÐ	
a	Flugvél stýrt eftir kennileitum, þar með í farflugsham og athugun á flugdrægi/flugþoli
b	Áttun, kortalestur
c	Hæð, hraði, stjórnun nefstefnu, úthorf
d	Stilling hæðarmælis Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
e	Eftirlit með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, mat á ferilskekkju og leiðrétting
f	Athugun veðurskilyrða, flugið metið, áætlun um breytta flugleið
g	Ferli haldið, staðsetning (hringviti (NDB), fjölstefnuviti (VOR)), auðkenni búnaðar (blindflug). Framkvæmd áætlunar um breytta flugleið til varaflugvallar (sjónflug)
4. HLUTI — VERKLAG VIÐ AÐFLUG OG LENDINGU	
a	Verklag við aðflug, stilling hæðarmælis, prófanir, úthorf
b	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
c	Hætt við lendingu í lítilli hæð
d	Hefðbundin lending, lending í hliðarvindi (ef skilyrði leyfa)
e	Lending á stuttri braut
f	Aðflug og lending með hreyfil í hægagangi (einungis eins hreyfils flugvélar)
g	Lending án notkunar flapa
h	Aðgerðir að loknu flugi
5. HLUTI — VERKLAG VIÐ ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG Í NEYÐARTILVIKUM	
Þennan hluta má tengja 1. til 4. hluta	
a	Líkt eftir hreyfilbilun eftir flugtak (í öruggri hæð), brunaæfing
b	Tækjabilanir þar með bilun í varabúnaði til að setja niður lendingarhjól, rafmagnsbilun og hemlabilun
c	Nauðlending (eftirlíkt)
d	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
e	Munnlegar spurningar
6. HLUTI — LÍKT EFTIR FLUGI MEÐ BILUÐUM HREYFLI Í FJÖLHREYFLA FLUGVÉL OG VIÐEIGANDI ATRIÐI EFTIR FLOKKI EÐA TEGUND	
Þennan hluta má tengja 1. til 5. hluta	
a	Líkt eftir hreyfilbilun við flugtak (í öruggri hæð nema notaður sé flughermir)
b	Aðflug með biluðum hreyfli og hætt við lendingu
c	Aðflug með biluðum hreyfli og stöðvunarlending

d	Hreyfill stöðvaður og gangsettur að nýju
e	Samband við flugumferðarstjórn - fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti, flugmennska
f	Eftir því sem flugprófdómari ákveður – skulu öll viðeigandi atriði færniprófs til flokks- eða tegundaráritunar fela í sér, ef við á: i. flugkerfi, þar með talin meðferð sjálfstýribúnaðar ii. starfrækslu loftþrýstikerfis iii. notkun afísingar- og ísingarvarnarkerfis
g	Munnlegar spurningar

C. **Efni færniprófsins til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis — þyrlur**

1. Þyrlan sem notuð er við færniprófið skal standast kröfur til kennsluþyrla.

2. Flugprófdómari skal velja svæði og flugleið og allt lágflug og vok skal fara fram á samþykktum flugvelli eða lendingarstað. Leiðinni í 3. hluta má ljúka á brottfararflugvelli eða öðrum flugvelli og skal einn ákvörðunarstaður vera flugvöllur með flugumferðarstjórn Færniprófið má taka í tveimur flugum. Heildarflugtíminn skal vera a.m.k. 90 mínútur.

3. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

   a) starfrækt þyrluna innan þeirra takmarka sem henni eru sett,

   b) lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

   c) viðhaft góða dómgreind og flugmennsku,

   d) beitt þekkingu á flugleiðsögu,

   e) alltaf haldið góðri stjórn á þyrlunni með þeim hætti að aldrei verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

4. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar þyrlu sem notuð er.

Hæð

eðlilegt flug	± 100 fet
líkt eftir hreyfilbilun	± 150 fet

Ferli haldið með aðflugstækjum ± 10°

Nefstefna

eðlilegt flug	± 10°
líkt eftir hreyfilbilun	± 15°

Hraði

fjölhreyfla flugtak og aðflug	± 5 hnútar
öll önnur flugsvið	± 10 hnútar

Rek miðað við jörð

Vokað í flugtaki í jarðhrifum	± 3 fet

lending, ekkert flug afturábak eða til hliðar

EFNI PRÓFSINS

5. Framkvæma má atriði í 4. hluta í þyrluflugleiðsöguþjálfa eða þyrluflughermi með fullri hreyfingu. Notkun gátlista í þyrlu, flugmennska, þyrlu stýrt eftir kennileitum, ísingarvarnir og meginreglur hættu- og mistakastjórnunar eiga við í öllum hlutunum

1. HLUTI — FYRIRFLUGS-/EFTIRFLUGSATHUGANIR OG VERKLAG	
a	Þyrlufræði (t.d. tækniflugbók, eldsneyti, massi og jafnvægi, afkastageta), gerð flugáætlana, flugskjöl, tilkynningar til flugmanna (NOTAMS), veður
b	Fyrirflugsskoðun/aðgerðir, staðsetning hluta og hlutverk þeirra
c	Skoðun stjórnklefa, verklag við gangsetningu
d	Prófun fjarskipta- og flugleiðsögubúnaðar, val og stilling tíðna
e	Verklag fyrir flugtak, verklag við talfjarskipti, samband við flugumferðarstjórn - fyrirmælum fylgt
f	Þyrlunni lagt, slökkt á henni og verklag eftir flug
2. HLUTI — FLUGBRÖGÐ Í VOKI, VANDASÖM STJÓRN OG ÞRÖNG SVÆÐI	
a	Flugtak og lending (tekið á loft og snertilent)
b	Akstur, loftakstur
c	Kyrrstætt vok í mót-/hliðar-/meðvindi
d	360° snúningur til vinstri og hægri í kyrrstæðu voki (snúið á staðnum)
e	Vokað áfram, til hliðar og afturábak
f	Eftirlíkt hreyfilbilun í voki
g	Snöggar stöðvanir í mótvindi og meðvindi
h	Lendingar og flugtök á hallandi yfirborði og stöðum sem ekki eru til þess ætlaðir
i	Flugtök (með ýmsum hætti)
j	Flugtak í hliðarvindi og undan vindi (ef aðstæður eru fyrir hendi)
k	Flugtak með hámarksflugtaksmassa (raunverulegt eða eftirlíkt)
l	Aðflug (með ýmsum hætti)
m	Flugtak og lending með skertu afli
n	Sjálfsnúningar, (flugprófdómari skal velja tvö atriði af grunn-, sviðs-, lághraða- og 360° beygjum)
o	Lending með sjálfsnúningi
p	Æfð nauðlending með aflendurheimt
q	Aflprófanir, verklag við könnun, verklag við aðflug og brottför
3. HLUTI — LEIÐSAGA — VERKLAG Á FLUGLEIÐ	
a	Flugleiðsaga og rötun í mismunandi hæð/flughæð, kortalestur
b	Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu, fylgst með loftrými, stilling hæðarmælis
c	Fylgst með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, flugþol, áætlaður komutími (ETA), staðfesting á fráviki frá flugleið og komist aftur á rétta flugleið, fylgst með mælitækjum
d	Athugun á veðurskilyrðum, breyting á flugleið áætluð

e	Ferli haldið, staðsetning (hringviti (NDB) og/eða fjölstefnuviti (VOR)), auðkenni tækja
f	Samband við flugumferðarstjórn og farið eftir reglum o.s.frv.
4. HLUTI — VERKLAG Á FLUGI OG FLUGBRÖGÐ ÞEGAR EINUNGIS ER FLOGIÐ EFTIR MÆLITÆKJUM	
a	Lárétt flug, stjórnun nefstefnu, hæðar/flughæðar og hraða
b	1. stigs láréttar beygjur í tilgreinda nefstefnu, 180° til 360° til hægri og vinstri
c	Klifur og lækkun, þar á meðal 1. stigs beygjur í tilgreinda nefstefnu
d	Komist úr óeðlilegri stöðu
e	Beygjur með 30° halla, beygt allt að 90° til vinstri og hægri
5. HLUTI — VERKLAG VIÐ ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG Í NEYÐARTILVIKUM (EFTIRLÍKT ÞAR SEM VIÐ Á)	
Aths. 1: Þegar prófið er tekið á fjölhreyfla þyrlu skal æfing með eftirlíktri hreyfilbilun sem innifelur aðflug og lendingu með einum hreyfli vera innifalin í prófinu.	
Aths. 2: Flugprófdómarinn skal velja 4 af eftirfarandi atriðum:	
a	Hreyfilbilanir, þar á meðal bilun í gangráði, ísing í blöndungi/hreyfli, olíukerfi, eftir því sem við á
b	Bilun í eldsneytiskerfi
c	Bilun í rafkerfi
d	Bilun í vökvakerfi, þar með talið aðflug og lending með vökvakerfi óvirkt, eftir því sem á
e	Bilun í aðalþyrli og/eða stélþyrilkerfi (aðeins í flughermi með fullri hreyfingu eða umræða)
f	Brunaæfingar, þar með talið reykhindrun og reykræsting, eftir því sem við á
g	Annað verklag við óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum eins og lýst er í viðeigandi flughandbók, þar með talið fyrir fjölhreyfla þyrlur: Eftirlíkt hreyfilbilun við flugtak: hætt er við flugtak við eða fyrir ákvörðunarpunkt flugtaks (TDP) eða örugg nauðlending við eða fyrir skilgreindan öryggispunkt eftir flugtak (DPATO), skömmu eftir ákvörðunarpunkt flugtaks eða skilgreindan öryggispunkt eftir flugtak. Lending með eftirlíktri hreyfilbilun: lending eða hætt við lendingu eftir hreyfilbilun fyrir ákvörðunarpunkt í lendingu (LDP) eða skilgreindan öryggispunkt fyrir lendingu (DPBL) eftir hreyfilbilun eftir ákvörðunarpunkt í lendingu eða örugg nauðlending eftir skilgreindan öryggispunkt fyrir lendingu.

D. **Efni færniprófsins til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis — loftskip**

1. Loftskipið sem notað er við færniprófið skal standast kröfur til kennsluloftskipa.
2. Flugprófdómari skal velja svæði og flugleið. Leiðinni í 3. hluta má ljúka á brottfararflugvelli eða öðrum flugvelli og skal einn ákvörðunarstaður vera flugvöllur með flugumferðarstjórn Færniprófið má taka í tveimur flugum. Heildarflugtíminn skal vera a.m.k. 60 mínútur.
3. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:
   a) starfrækt loftskipið innan þeirra takmarka sem því eru sett,
   b) lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,
   c) viðhaft góða dómgreind og flugmennsku,
   d) beitt þekkingu á flugleiðsögu,
   e) alltaf haldið góðri stjórn á loftskipinu með þeim hætti að aldrei verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

4. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þess loftskips sem notað er.

Hæð

eðlilegt flug	± 100 fet
líkt eftir hreyfilbilun	± 150 fet

Ferli haldið með aðflugstækjum ± 10°

Nefstefna

eðlilegt flug	± 10°
líkt eftir hreyfilbilun	± 15°

EFNI PRÓFSINS

5. Atriði í 5. og 6. hluta má framkvæma í loftskipaflugleiðsöguþjálfa eða loftskipsflughermi með fullri hreyfingu. Notkun gátlista í loftskipi, flugmennska, loftskipi stýrt eftir kennileitum, ísingarvarnir og meginreglur hættu- og mistakastjórnunar eiga við í öllum hlutunum.

1. HLUTI — FYRIRFLUGSAÐGERÐIR OG BROTTFÖR	
a	Fyrirflugsskoðun, þar með: gerð flugáætlana, flugskjöl, ákvörðun massa og jafnvægis, athugun á veðurskilyrðum, tilkynningar til flugmanna (NOTAMS)
b	Skoðun og viðhald loftskips
c	Verklag þegar loftskip er laust frá mastri, tilfærslur á jörðu og flugtak
d	Athugun á afkastagetu, stilling stýra
e	Stjórn loftskips á flugvelli og í umferðarhring
f	Verklag við brottför, stilling hæðarmælis, aðgerðir til að forðast árekstur (úthorf)
g	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
2. HLUTI — ALMENN FLUGSTÖRF	
a	Loftskipinu stýrt eftir kennileitum, þar með beint og lárétt flug, klifur, lækkun, úthorf
b	Flug í þrýstingshæð
c	Beygjur
d	Brött lækkun og klifur
e	Flogið eingöngu eftir mælitækjum, þar á meðal: i. lárétt flug, stjórnun nefstefnu, hæðar og flughraða ii. klifurs- og lækkunarbeygjur iii. komist úr óvenjulegri stöðu iv. notkun mælitækja takmörkuð
f	samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
3. HLUTI — STÖRF Á FLUGLEIÐ	
a	loftskipi stýrt eftir kennileitum, athugun á flugdrægi/flugþoli
b	áttun, kortalestur

c	hæð, hraði, stjórnun nefstefnu, úthorf
d	stilling hæðarmælis, samband við flugumferðarstjórn – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
e	eftirlit með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, mat á ferilskekkju og leiðrétting
f	athugun veðurskilyrða, flugið metið, áætlun um breytta flugleið
g	ferli haldið, staðsetning (hringviti (NDB), fjölstefnuviti (VOR)), auðkenni búnaðar (blindflug). framkvæmd áætlunar um breytta flugleið til varaflugvallar (sjónflug)
4. HLUTI — VERKLAG VIÐ AÐFLUG OG LENDINGU	
a	Verklag við aðflug, stilling hæðarmælis, prófanir, úthorf
b	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
c	Hætt við lendingu í lítilli hæð
d	Eðlileg lending, lending í hliðarvindi (ef viðeigandi skilyrði eru fyrir hendi)
e	Lending á stuttri braut
f	Aðflug og lending með hreyfil í hægagangi (einungis eins hreyfils flugvélar)
g	Lending án notkunar flapa
h	Aðgerðir að loknu flugi
5. HLUTI — VERKLAG VIÐ ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG Í NEYÐARTILVIKUM	
Þennan hluta má tengja 1. til 4. hluta	
a	Líkt eftir hreyfilbilun eftir flugtak (í öruggri hæð), brunaæfing
b	Tækjabilanir
c	Nauðlending (eftirlíkt)
d	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
e	Munnlegar spurningar
6. HLUTI — VIÐEIGANDI ATRIÐI EFTIR FLOKKI EÐA TEGUND	
Þennan hluta má tengja 1. til 5. hluta	
a	Líkt eftir hreyfilbilun við flugtak (í öruggri hæð nema notaður sé flughermir)
b	Aðflug með biluðum hreyfli/hreyflum og hætt við lendingu
c	Aðflug og stöðvunarlending með bilaðan/n hreyfil/hreyfla
d	Bilanir í belgþrýstikerfinu
e	Samband við flugumferðarstjórn - fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti, flugmennska
f	Eftir því sem flugprófdómari ákveður – skulu öll viðeigandi atriði færniprófs til flokks- eða tegundaráritunar fela í sér, ef við á: i. kerfi loftskips ii. starfræksla belgþrýstikerfis
g	Munnlegar spurningar

5. viðbætir

Samtvinnað námskeið fyrir fjölstjórnarskírteini

ALMENNT

1. Markmiðið með samtvinnuðu námskeiði til fjölstjórnarskírteinis er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til að starfa sem aðstoðarflugmenn á fjölhreyfla fjölstjórnarflugvél með hverfihreyflum sem ætluð er til flutningaflugs samkvæmt sjónflugs- eða blindflugsreglum og til að fá fjölstjórnarskírteini.

2. Samþykki fyrir námskeið vegna fjölstjórnarskírteinis skal aðeins veitt samþykktu þjálfunarfyrirtæki, sem heyrir undir flugrekanda í flutningaflugi, sem er með skírteini samkvæmt MS-hluta og viðeigandi flugrekstrarkröfum, eða sem hefur sérstakt fyrirkomulag við slíkan flugrekanda. Skírteinið takmarkast við þann tiltekna flugrekanda þar til námskeiði flugrekanda vegna flugvélaskipta er lokið.

3. Umsækjandi sem vill taka samtvinnað námskeið til fjölstjórnarskírteinis skal ljúka öllum áföngum námskeiðsins á einu heildstæðu þjálfunarnámskeiði sem samþykkt þjálfunarfyrirtæki heldur. Þjálfunin skal byggjast á hæfni og fara fram í fjölstjórnarumhverfi.

4. Aðeins nýnemar mega sækja námskeiðið.

5. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegri þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks,

   b) þjálfun í sjónflugi og blindflugi,

   c) þjálfun í áhafnarsamstarfi fyrir starfrækslu fjölstjórnarflugvéla, og

   d) þjálfun til tegundaráritunar.

6. Umsækjanda sem mistekst eða er ófær um að ljúka öllu námskeiðinu fyrir fjölstjórnarskírteini er heimilt að sækja um hjá lögbæru yfirvaldi um próf í bóklegri þekkingu og færnipróf fyrir skírteini fyrir lægri réttindi og blindflugsáritun ef viðeigandi kröfur eru uppfylltar.

BÓKLEG ÞEKKING

7. Á samþykktu námskeiði í bóklegri þekkingu til fjölstjórnarskírteinis skulu vera a.m.k. 750 kennslutímar á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, sem og þeir tímar sem krafist er fyrir kennslu í bóklegri þekkingu til viðeigandi tegundaráritunar í samræmi við H-kafla.

FLUGÞJÁLFUN

8. Flugþjálfunin skal felast í minnst 240 tímum, þar af skulu vera tímar sem flugmaður við stjórn (PF) og sem flugmaður sem er ekki við stjórn (PNF) í raunverulegu og eftirlíktu flugi, og ná yfir eftirfarandi fjóra áfanga þjálfunarinnar:

   a) 1. áfangi — Grunnflugfærni

      Sértæk grunnþjálfun í flugvél fyrir einstjórnarflug.

   b) 2. áfangi — Grunnáfangi

      Kynning á starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi og blindflugi.

   c) 3. áfangi — Milliáfangi

      Starfræksla fjölhreyfla flugvélar með hverfihreyfli í fjölstjórnarumhverfi sem vottuð er sem flugvél með mikla afkastagetu í samræmi við 21. hluta.

   d) 4. áfangi — Framhaldsáfangi

      Þjálfun til tegundaráritunar í umhverfi sem samsvarar flugrekanda.

Flugreynsla í raunverulegu flugi skal fela í sér allar reynslukröfur í H-kafla, þjálfun í viðbrögðum við uppnámi (e. *upset recovery training*), næturflug, flug eingöngu út frá mælitækjum og þá reynslu sem krafist er til þess að öðlast viðeigandi flugmennsku.

Kröfur um áhafnarsamstarf skulu felldar inn í viðkomandi áfanga hér að ofan.

Veita skal þjálfun í flugi með biluðum hreyfli annaðhvort í flugvél eða í flughermi með fullri hreyfingu.

9. Í hverjum þjálfunaráfanga í námskrá flugkennslu skal vera bæði kennsla í grunnþekkingu og verkleg þjálfun.

10. Á þjálfunarnámskeiðinu skal vera samfellt mat á námskránni og samfellt mat á nemendunum sem fylgja henni. Með matinu á að tryggja:

a) að hæfnin og tilheyrandi mat sé viðeigandi fyrir hlutverk aðstoðarflugmanns á fjölstjórnarflugvél, og

b) að nemendur öðlist nauðsynlega hæfni með stigvaxandi og fullnægjandi hætti.

11. Á þjálfunarnámskeiðinu skulu vera a.m.k. 12 flugtök og lendingar svo hæfni sé tryggð. Þessi flugtök og lendingar skulu framkvæmd undir umsjón kennara í þeirri flugvél sem tegundaráritunin er gefin út fyrir.

MATSSTIG

12. Umsækjandi um fjölstjórnarskírteini skal hafa sýnt færni sína í öllum níu hæfniseiningunum, sem tilgreindar eru í 13. lið hér að neðan, á svo háu hæfnisstigi sem krafist er svo hann geti starfað og sinnt samskiptum sem aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarflugvél með hverfihreyfli við sjónflugs- og blindflugsaðstæður. Mat skal staðfesta að alltaf sé haldið góðri stjórn á flugvélinni eða aðstæðum til að tryggja að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur. Umsækjandinn skal ávallt sýna að hann hafi þá þekkingu, hæfni og viðhorf sem nauðsynlegt er fyrir örugga starfrækslu viðeigandi tegundar flugvélar í samræmi við frammistöðuviðmiðanir fyrir fjölstjórnarskírteini.

HÆFNISEININGAR

13. Umsækjandinn skal sýna fram á hæfni í eftirfarandi níu hæfniseiningum:

1) beita meginreglum er lúta að mannlegri getu, þar á meðal meginreglum um hættu- og mistakastjórnun,

2) sjá um starfrækslu flugvélar á jörðu niðri,

3) framkvæma flugtak,

4) framkvæma klifur,

5) framkvæma farflug,

6) framkvæma lækkun flugs,

7) framkvæma aðflug,

8) framkvæma lendingu, og

9) framkvæma aðgerðir eftir lendingu og eftir flug flugvélarinnar.

EFTIRLÍKT FLUG

14. Lágmarkskröfur fyrir flughermisþjálfa:

a) 1. áfangi — Grunnflugfærni

Búnaður fyrir rafræna kennslu og búnaður fyrir tiltekin verkefni sem samþykktur er af lögbæru yfirvaldi sem hafa eftirfarandi eiginleika:

– aukabúnað umfram þann sem vanalega er finna í borðtölvum, s.s. virka/starfhæfa eftirlíkingu af eldsneytisgjafa, hliðarstýrispinna, eða lyklaborð fyrir flugstýrikerfi, og

– hefur að geyma skynhreyfibúnað með viðeigandi beitingu afls/krafts og tímasetningu svörunar.

b) 2. áfangi — Grunnáfangi

Flugleiðsöguþjálfi II fyrir áhafnarsamstarf sem líkir eftir almennri fjölhreyfla flugvél með hverfihreyfli.

c) 3. áfangi — Milliáfangi

Flughermisþjálfi, sem líkir eftir fjölhreyfla flugvél með hverfihreyfli, sem krafist er að sé starfrækt með aðstoðarflugmanni, og er vottaður samkvæmt staðli sem jafngildir B-stigi og hefur enn fremur:

– dagsbirtu-/ljósaskipta-/nætursjónkerfi með samfelldu sjónsviði úr stjórnklefa sem gefur hverjum flugmanni sjónsvið sem er 180° lárétt og 40° lóðrétt, og

– hermiumhverfi flugumferðarstjórnar.

d) 4. áfangi — Framhaldsáfangi

Flughermir með fullri hreyfingu sem er að fullu jafngildur D-stigi eða C-stigi með dagsbirtusjónkerfi, þar með talið hermiumhverfi flugumferðarstjórnar.

6. viðbætir

Áfangaskipt þjálfunarnámskeið til blindflugsáritunar

A. **Blindflugsáritun á flugvélar — áfangaskipt flugþjálfunarnámskeið**

ALMENNT

1. Markmið áfangaskipts flugþjálfunarnámskeiðs til blindflugsáritunar á flugvélar er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til þess að fljúga flugvél samkvæmt blindflugsreglum og við blindflugsskilyrði. Námskeiðið samanstendur af tveimur áföngum sem má taka hvorn um sig eða saman:

   a) Grunnblindflugsáfangi

   Þessi áfangi felur í sér 10 blindflugskennslutíma, þar af 5 tíma sem geta verið blindflugsæfingatímar á jörðu í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug, flugleiðsöguþjálfa I eða II eða flughermi með fullri hreyfingu. Þegar grunnblindflugsáfanganum er lokið skal umsækjandinn fá útgefið vottorð um að hann hafi lokið námskeiðinu.

   b) Framhaldsblindflugsáfangi

   Þessi áfangi felur í sér það sem eftir er af þjálfunarskrá fyrir blindflugsáritun á flugvélar, 40 kennslutíma í blindflugi á eins hreyfils flugvél eða 45 tíma á fjölhreyfla flugvél ásamt bóklega námskeiðinu.

2. Umsækjandi um áfangaskipt námskeið vegna blindflugsáritunar fyrir flugvélar skal vera handhafi einka- eða atvinnuflugmannsskírteinis á flugvélar og skulu bæði skírteini vera með næturflugsréttindi. Umsækjandi um framhaldsáfangann í blindflugi sem ekki er handhafi atvinnuflugmannsskírteinis skal hafa vottorð um að hafa lokið námskeiði í grunnblindflugsáfanganum

   Samþykkt þjálfunarfyrirtæki skal ábyrgjast að umsækjandi um fjölhreyfla blindflugsnámskeið, sem ekki er handhafi skírteinis með flokks- eða tegundaráritun á fjölhreyfla flugvél, hafi hlotið þjálfun fyrir fjölhreyfla flugvél samkvæmt H-kafla áður en hann hefur flugþjálfun á blindflugsnámskeiðinu.

3. Umsækjandi sem vill taka framhaldsáfangann á áfangaskiptu blindflugsnámskeiði fyrir flugvélar skal ljúka öllum áföngum námskeiðsins á einu heildstæðu samþykktu þjálfunarnámskeiði. Áður en framhaldsblindflugsáfangi hefst skal samþykkta þjálfunarfyrirtækið ganga úr skugga um hæfni umsækjandans í grunnblindflugi. Veita skal upprifjunarþjálfun ef þörf er á.

4. Námskeiði í bóklegum greinum skal lokið innan 18 mánaða. Framhaldsblindflugsáfanganum og færniprófum skal lokið áður en bóklegu prófin sem í gildi eru falla úr gildi.

5. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegum greinum til þeirrar kunnáttu sem krafist er fyrir blindflugsáritun,

   b) blindflugskennslu.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á samþykktu áfangaskiptu blindflugsnámskeiði fyrir flugvélar skulu vera a.m.k. 150 kennslutímar í bóklegum greinum.

FLUGÞJÁLFUN

7. Á blindflugsnámskeiði fyrir eins hreyfils flugvélar skulu vera a.m.k. 50 blindflugstímar með kennara en þar af mega 20 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I, eða allt að 35 tímar í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II. Allt að 10 klst. af blindflugsæfingatímanum á jörðu í flugleiðsöguþjálfa II eða í flughermi með fullri hreyfingu mega vera í flugleiðsöguþjálfa I.

8. Á blindflugsnámskeiði fyrir fjölhreyfla flugvélar skulu vera a.m.k. 55 blindflugstímar með kennara og þar af mega allt að 25 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri í flugleiðsöguþjálfa I, eða allt að 40 tímar í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II, Allt að 10 klst. af blindflugsæfingatímanum á jörðu í flugleiðsöguþjálfa II eða í flughermi með fullri hreyfingu mega vera í flugleiðsöguþjálfa I. Í þeirri blindflugskennslu sem á vantar skulu vera minnst 15 tímar í fjölhreyfla flugvélum.

9. Handhafi blindflugsáritunar fyrir eins hreyfils flugvél sem einnig er handhafi tegundar- eða flokksáritunar fyrir fjölhreyfla flugvél og vill fá blindflugsáritun fyrir fjölhreyfla flugvél í fyrsta sinn skal ljúka með fullnægjandi hætti hjá samþykktu þjálfunarfyrirtæki námskeiði sem felur í sér minnst fimm tíma kennslu í blindflugi í fjölhreyfla flugvélum, þar af mega 3 tímar vera í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II.

10.1. Handhafi atvinnuflugmannsskírteinis á flugvél eða staðfestingar á að hafa lokið grunnblindflugsáfanganum getur fengið þá heildarþjálfun sem krafist er í 7. eða 8. lið hér að framan stytta um 10 tíma.

10.2. Handhafa blindflugsáritunar á þyrlur getur fengið þá heildarþjálfun sem krafist er í 7. eða 8. lið hér að framan stytta um 10 tíma.

10.3. Heildarblindflugskennslutími í flugvél skal vera samkvæmt 7. eða 8. lið eftir því sem við á.

11. Flugæfingarnar til blindflugsfærniprófs á flugvélar skulu fela í sér eftirfarandi:

a) Grunnblindflugsáfangi: Verklag og aðgerðir í grunnblindflugi skuli fela í sér a.m.k.:

Grunnblindflug án ytri viðmiðunar:

– lárétt flug,

– klifur,

– lækkun,

– beygjur í láréttu flugi, klifri, lækkun,

blindflugsmynstur,

brattar beygjur,

flugleiðsögutækni,

komast úr óvenjulegri stöðu,

skertar upplýsingar úr mælaborði,

þekkja og komast úr byrjunar og fullu ofrisi

b) Framhaldsblindflugsáfangi:

i. verklag við undirbúning blindflugs, þar á meðal notkun flughandbókar og viðeigandi skjala flugumferðarþjónustu við undirbúning blindflugsáætlunar,

ii. verklag og flugbrögð í blindflugi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og neyðaraðstæður sem a.m.k. fela í sér:

– að skipta úr sjónflugi yfir í blindflug við flugtak,

– venjulegt brottflug og komu í blindflugi

– verklag í blindflugi á flugleið,

– verklag í biðflugi,

– aðflug í blindflugi við tilgreind lágmörk,

– verklag í fráflugi,

– lendingar eftir aðflug í blindflugi, þar á meðal eftir hringflugsaðflug,

iii. flugbrögð á flugi og sérstaka flugeiginleika flugvélar,

iv. Ef um fjölhreyfla flugvél er að ræða skal fljúga ofangreindar æfingar og þar á meðal að fljúga flugvélinni eingöngu eftir mælitækjum þegar líkt er eftir því að einn hreyfill sé óvirkur og stöðva og ræsa hreyfil (síðari æfinguna skal gera í öruggri hæð, nema hún sé gerð í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II).

B. **Blindflugsáritun á þyrlur— áfangaskipt flugþjálfunarnámskeið**

1. Markmið áfangaskipts flugþjálfunarnámskeiðs vegna blindflugsáritunar á þyrlur er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til þess að fljúga þyrlu samkvæmt blindflugsreglum og við blindflugsskilyrði.

2. Umsækjandi um áfangaskipt námskeið vegna blindflugsáritunar fyrir þyrlur skal vera handhafi einkaflugmannsskírteinis fyrir þyrlur með næturflugsáritun eða atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur eða atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks. Umsækjandi skal áður en hann byrjar í áfanga blindflugsnámskeiðsins þar sem kennt er á loftfarið vera handhafi tegundaráritunar fyrir þá þyrlu sem notuð er við blindflugsfærniprófið, eða hafa lokið viðurkenndu tegundarnámskeiði fyrir þá tegund. Umsækjandinn skal vera handhafi vottorðs um að hafa lokið námskeiði í áhafnarsamstarfi með fullnægjandi árangri ef taka á prófið í fjölskipaðri áhöfn.

3. Umsækjandi sem vill taka áfangaskipt blindflugsnámskeið fyrir þyrlur skal ljúka öllum áföngum námsins á einu heildstæðu samþykktu þjálfunarnámskeiði.

4. Námskeiði í bóklegum greinum skal lokið innan 18 mánaða. Flugkennslunni og færniprófinu skal lokið áður en bóklegu prófin sem í gildi eru falla úr gildi.

5. Námskeiðið skal samanstanda af:

   a) kennslu í bóklegum greinum til þeirrar kunnáttu sem krafist er fyrir blindflugsáritun,

   b) blindflugskennslu.

   BÓKLEG ÞEKKING

6. Á samþykktu áfangaskiptu blindflugsnámskeiði fyrir þyrlur skulu vera a.m.k. 150 kennslutímar.

   FLUGÞJÁLFUN

7. Á blindflugsnámskeiði fyrir eins hreyfils þyrlur skulu vera a.m.k. 50 blindflugstímar með kennara, þar af:

   a) mega allt að 20 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I fyrir þyrlur eða flugvélar. Í stað þessara 20 tíma í flugleiðsöguþjálfa I fyrir þyrlu eða flugvél mega koma 20 tímar með kennara til blindflugsréttinda á þyrlu í flugvél sem samþykkt er fyrir þetta námskeið, eða

   b) allt að 35 tímar mega vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri í þyrluflugþjálfunartæki 2/3, flugleiðsöguþjálfa II/III eða flughermi með fullri hreyfingu.

   Blindflugskennslan skal fela í sér minnst 10 tíma í þyrlu sem skráð er fyrir blindflug.

8. Á blindflugsnámskeiði fyrir fjölhreyfla þyrlur skulu vera a.m.k. 55 blindflugstímar með kennara, þar af:

   a) mega allt að 20 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu í flugleiðsöguþjálfa I fyrir þyrlur eða flugvélar. Í stað þessara 20 tíma í flugleiðsöguþjálfa I fyrir þyrlu eða flugvél mega koma 20 tímar með kennara til blindflugsréttinda á þyrlu í flugvél sem samþykkt er fyrir þetta námskeið, eða

   b) allt að 40 tímar mega vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri í þyrluflugþjálfunartæki 2/3, flugleiðsöguþjálfa II/III eða flughermi með fullri hreyfingu.

   Blindflugskennslan skal fela í sér minnst 10 tíma í fjölhreyfla þyrlu sem skráð er fyrir blindflug.

9.1. Handhafar atvinnuflugmannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks, skulu fá tímum í bóklegum greinum fækkað um 50 tíma.

9.2. Handhafa blindflugsáritunar á flugvél getur fengið þá þjálfun sem krafist er stytta um 10 tíma.

10. Flugæfingarnar til blindflugsfærniprófs á þyrlu skulu fela í sér eftirfarandi:

   a) verklag við undirbúning blindflugs, þar á meðal notkun flughandbókar og viðeigandi skjala flugumferðarþjónustu við undirbúning blindflugsáætlunar,

   b) verklag og flugbrögð í blindflugi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og neyðaraðstæður sem a.m.k. fela í sér:

      að skipta úr sjónflugi yfir í blindflug við flugtak,

      venjulegt brottflug og komu í blindflugi

      verklag í blindflugi á flugleið,

verklag í biðflugi,

aðflug í blindflugi við tilgreind lágmörk,

verklag í fráflugi,

lendingar eftir aðflug í blindflugi, þar á meðal eftir hringflugsaðflug,

c) flugbrögð á flugi og sérstaka flugeiginleika flugvélar,

d) Ef um fjölhreyfla þyrlu er að ræða skal fljúga ofangreindar æfingar og þar á meðal að fljúga þyrlunni eingöngu eftir mælitækjum þegar líkt er eftir því að einn hreyfill sé óvirkur og stöðva og ræsa hreyfil (síðari æfinguna skal gera í öruggri hæð, nema hún sé gerð í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II eða flugþjálfunartæki 2/3).

C. **Blindflugsáritun á loftskip — áfangaskipt flugþjálfunarnámskeið**

ALMENNT

1. Markmið áfangaskipts flugþjálfunarnámskeiðs vegna blindflugsáritunar á loftskip er að þjálfa flugmenn til þeirrar leikni sem nauðsynleg er til þess að fljúga loftskipi samkvæmt blindflugsreglum og við blindflugsskilyrði. Námskeiðið samanstendur af tveimur áföngum sem má taka hvorn um sig eða saman:

a) Grunnblindflugsáfangi

Þessi áfangi felur í sér 10 klst. blindflugskennslutíma, þar af 5 tíma sem geta verið blindflugsæfingatímar á jörðu niðri í grunnþjálfunartæki fyrir blindflug, flugleiðsöguþjálfa I eða II eða flughermi með fullri hreyfingu. Þegar grunnblindflugsáfanganum er lokið skal umsækjandinn fá útgefið vottorð um að hann hafi lokið námskeiðinu.

b) Framhaldsblindflugsáfangi

Þessi áfangi felur í sér það sem eftir er af þjálfunarskrá fyrir blindflugsáritun á loftskip, 25 kennslutíma í blindflugi með kennara ásamt bóklega námskeiðinu.

2. Umsækjandi um áfangaskipt blindflugsnámskeið fyrir loftskip skal vera handhafi einkaflugmannsskírteinis á loftskip með næturflugsréttindi eða handhafi atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip. Umsækjandi um framhaldsáfangann í blindflugi sem ekki er handhafi atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip skal hafa vottorð um að hafa lokið námskeiði í grunnblindflugsáfanganum

3. Umsækjandi sem vill taka framhaldsáfangann á áfangaskiptu blindflugsnámskeiði fyrir loftskip skal ljúka öllum áföngum námskeiðsins á einu heildstæðu samþykktu þjálfunarnámskeiði. Áður en framhaldsblindflugsáfangi hefst skal samþykkta þjálfunarfyrirtækið ganga úr skugga um hæfni umsækjandans í grunnblindflugi. Veita skal upprifjunarþjálfun ef þörf er á.

4. Námskeiði í bóklegum greinum skal lokið innan 18 mánaða. Framhaldsblindflugsáfanganum og færniprófum skal lokið áður en bóklegu prófin sem í gildi eru falla úr gildi.

5. Námskeiðið skal samanstanda af:

a) kennslu í bóklegum greinum til þeirrar kunnáttu sem krafist er fyrir blindflugsáritun,

b) blindflugskennslu.

BÓKLEG ÞEKKING

6. Á samþykktu áfangaskiptu blindflugsnámskeiði fyrir flugvélar skulu vera a.m.k. 150 kennslutímar í bóklegum greinum.

FLUGÞJÁLFUN

7. Á blindflugsnámskeiði fyrir loftskip skulu vera a.m.k. 35 blindflugstímar með kennara og þar af mega allt að 15 tímar vera blindflugsæfingatímar á jörðu niðri í flugleiðsöguþjálfa I, eða allt að 20 tímar í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II. Allt að 5 klst. af blindflugsæfingatímanum á jörðu í flugleiðsöguþjálfa II eða í flughermi með fullri hreyfingu mega vera í flugleiðsöguþjálfa I.

8. Handhafi atvinnuflugmannsskírteinis fyrir loftskip eða staðfestingar á að hafa lokið grunnblindflugsáfanganum getur fengið þá heildarþjálfun sem krafist er í 7. lið stytta um 10 tíma. Heildarblindflugskennslutími í loftskipi skal vera samkvæmt 7. lið

9. Ef umsækjandinn er handhafi blindflugsáritunar á aðra gerð loftfars má stytta heildarflugkennsluna sem krafist er á loftskipum um 10 tíma.

10. Flugæfingarnar til blindflugsfærniprófs á loftskip skulu fela í sér eftirfarandi:

a) Grunnblindflugsáfangi:

Verklag og aðgerðir í grunnblindflugi skuli fela í sér a.m.k.:

grunnblindflug án ytri kennileita:

– lárétt flug,

– klifur,

– lækkun,

– beygjur í láréttu flugi, klifri, lækkun,

blindflugsmynstur,

flugleiðsögutækni,

komast úr óvenjulegri stöðu,

skertar upplýsingar úr mælaborði,

b) Framhaldsblindflugsáfangi:

i. verklag við undirbúning blindflugs, þar á meðal notkun flughandbókar og viðeigandi skjala flugumferðarþjónustu við undirbúning blindflugsáætlunar,

ii. verklag og flugbrögð í blindflugi við venjulegar og óvenjulegar aðstæður og neyðaraðstæður sem a.m.k. fela í sér:

– að skipta úr sjónflugi yfir í blindflug við flugtak,

– venjulegt brottflug og komu í blindflugi

– verklag í blindflugi á flugleið,

– verklag í biðflugi,

– aðflug í blindflugi við tilgreind lágmörk,

– verklag í fráflugi,

– lendingar eftir aðflug í blindflugi, þar á meðal eftir hringflugsaðflug,

iii. flugbrögð á flugi og sérstaka flugeiginleika flugvélar,

iv. fljúga loftskip í ofangreindum æfingum og þar á meðal að fljúga loftskipinu eingöngu eftir mælitækjum þegar líkt er eftir því að einn hreyfill sé óvirkur og stöðva og ræsa hreyfil (síðari æfinguna skal gera í öruggri hæð, nema hún sé gerð í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II).

_____

7. viðbætir

Færnipróf til blindflugsáritunar

1. Umsækjandi um blindflugsáritun skal hafa fengið flugkennslu í sama flokki eða tegund loftfars og nota á við prófið.

2. Umsækjandi skal standast alla viðeigandi hluta færniprófsins. Falli umsækjandi á einhverju atriði í hluta er hann fallinn í þeim hluta. Falli umsækjandinn í fleiri en einum hluta verður hann að taka allt prófið aftur. Umsækjandi sem fellur aðeins á einum hluta skal aðeins endurtaka þann hluta. Falli umsækjandi í einum hluta upptökuprófs, þar með talið í þeim hlutum sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur. Öllum viðeigandi hlutum færniprófsins skal lokið innan 6 mánaða. Hafi umsækjandi ekki staðist alla viðeigandi hluta prófsins eftir tvær tilraunir er krafist frekari þjálfunar.

3. Eftir fall á færniprófi kann að vera þörf á frekari þjálfun. Gera má ótakmarkaðan fjölda tilrauna til að ná færniprófi.

FRAMKVÆMD PRÓFSINS

4. Prófinu er ætlað að líkja eftir raunverulegu flugi. Prófdómarinn skal velja þá leið sem flogin er. Mikilvægur þáttur er hæfni umsækjanda til að skipuleggja og framkvæma flugið samkvæmt venjubundnum upplýsingagögnum. Umsækjandinn skal gera flugáætlun og tryggja að öll tæki og skjöl sem þarf til flugsins séu um borð. Flugið skal vara minnst eina klukkustund.

5. Ef umsækjandi kýs að hætta í færniprófi af ástæðum sem prófdómari telur ófullnægjandi skal umsækjandinn taka allt færniprófið aftur. Ef hætt er í prófinu af ástæðum sem prófdómarinn telur fullnægjandi skal við frekara flug aðeins prófa í þeim hlutum sem ekki var lokið.

6. Með leyfi prófdómara er umsækjanda heimilt að endurtaka hvert flugbragð eða aðgerð prófsins einu sinni. Prófdómari má hvenær sem er stöðva prófið sé talið að skortur á flugfærni umsækjanda gefi tilefni til að prófið í heild sé endurtekið.

7. Umsækjandi skal fljúga flugvélinni í sæti þar sem hann getur sinnt öllum störfum flugstjóra og tekið prófið eins og enginn annar flugliði sé viðstaddur. Prófdómarinn skal ekki taka neinn þátt í stjórn flugvélarinnar nema þegar afskipta er þörf vegna öryggis eða til að forðast tafir sem eru óviðunandi fyrir aðra umferð. Ábyrgð á fluginu skal vera í samræmi við reglur í hverju ríki fyrir sig.

8. Umsækjandi tekur ákvörðun um ákvörðunarhæð/ákvörðunarflughæð, lágmarkslækkunarhæð/ lágmarkslækkunarflughæð og fráflugspunkt og skal hún samþykkt af prófdómara.

9. Umsækjandi um blindflugsáritun skal sýna prófdómara hvaða gátun og skylduverk hann hefur innt af hendi, þar á meðal að auðkenna leiðsöguvirki. Gátun skal gerð í samræmi við viðurkenndan gátlista fyrir þá flugvél sem prófið er tekið á. Við fyrirflugsundirbúning fyrir flugið skal umsækjandinn ákveða stillingar á afli og hraða. Umsækjandi skal reikna út afkastatölur fyrir flugtak, aðflug og lendingu í samræmi við rekstrarhandbók eða flughandbók þeirrar flugvélar sem notuð er.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

10. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

starfrækt loftfarið innan þeirra takmarkana sem henni eru sett,

lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

sýnt góða dómgreind og flugmennsku,

beitt þekkingu á flugleiðsögu, og

alltaf haldið góðri stjórn á flugvélinni með þeim hætti að aldrei verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

11. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þess loftfars sem notað er.

Hæð

almennt	± 100 fet
fráflug hafið í ákvörðunarhæð/-flughæð	+ 50 fet/– 0 fet
í lágmarkslækkunarhæð/fráflugshæð (MAP)	+ 50 fet/– 0 fet

Ferli haldið

eftir aðflugstækjum	± 5°
í nákvæmnisaðflugi	hálft frávik á skala, miðlínugeisli og hallageisli

Nefstefna

allir hreyflar virkir	± 5°
líkt eftir hreyfilbilun	± 10°

Hraði

allir hreyflar virkir	± 5 hnútar
líkt eftir hreyfilbilun	+10 hnútar/–5 hnútar

EFNI PRÓFSINS

Flugvélar

1. HLUTI — AÐGERÐIR FYRIR FLUG OG BROTTFLUG Notkun gátlista, flugmennska, ísingarvarnar-/afísingaraðgerðir, o.s.frv., eiga við í öllum hlutum	
a	Notkun flughandbókar (eða samsvarandi bókar) einkum við útreikning á afkastagetu, massa og jafnvægi loftfars.
b	Notkun skjala flugumferðarþjónustu og veðurþjónustu
c	Undirbúningur flugáætlunar fyrir flugumferðarstjórn og leiðarflugsáætlunar/bókar samkvæmt blindflugsreglum og færslur í hana.
d	Fyrirflugsskoðun
e	Veðurlágmörk
f	Akstur
g	Kynning fyrir flugtak. Flugtak
h(o)	Skipt yfir í blindflug
i (o)	Verklag við brottflug samkvæmt blindflugsreglum, stilling hæðarmælis
j (o)	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
2. HLUTI — ALMENN STJÓRNUN (o)	
a	Stjórn flugvélarinnar eingöngu eftir mælitækjum, þar á meðal lárétt flug á mismunandi hraða, stilling stýra
b	Klifurbeygjur og lækkunarbeygjur með stöðugri 1. stigs beygju
c	Komist úr óvenjulegri stöðu, þar á meðal viðvarandi beygjum með 45° halla og bröttum lækkunarbeygjum.
d(*)	Komist hjá yfirvofandi ofrisi í láréttu flugi eða klifurbeygjum/lækkunarbeygjum og í lendingarham — gildir aðeins fyrir flugvélar
e	Bilaðir mælar, stöðugt klifur eða lækkun með 1. stigs beygju í gefna nefstefnu, komist úr óvenjulegri stöðu — gildir aðeins fyrir flugvélar

3. HLUTI — VERKLAGSREGLUR Í BLINDFLUGI Á FLUGLEIÐ (o)	
a	Ferli haldið og komist á feril, t.d. frá hringvita (NDB), fjölstefnuvita (VOR) og í svæðisleiðsögu (RNAV)
b	Notkun leiðsögutækja
c	Lárétt flug, stjórnun nefstefnu, hæðar og flughraða, stilling afls, aðferðir við stillingu stýra
d	Stilling hæðarmælis
e	Tímasetning og leiðrétting áætlaðs komutíma (ETA) (biðflug – ef þörf krefur)
f	Fylgst með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, stjórnun kerfa
g	Verklag við ísingarvörn, eftirlíkt, ef þörf krefur
h	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
4. HLUTI — VERKLAG VIÐ NÁKVÆMNISAÐFLUG (o)	
a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja, auðkenni leiðsöguvirkja
b	Verklag við komu, prófun hæðarmælis
c	Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar
d(+)	Verklag við biðflug
e	Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt
f	Tímasetning aðflugs
g	Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu (stöðugt aðflug)
h(+)	Hætt við lendingu
i(+)	Verklag við fráflug/lendingu
j	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
5. HLUTI — VERKLAG VIÐ GRUNNAÐFLUG (o)	
a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja, auðkenni leiðsöguvirkja
b	Verklag við komu, stilling hæðarmælis
c	Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar
d(+)	Verklag við biðflug
e	Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt
f	Tímasetning aðflugs
g	Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu (stöðugt aðflug)
h(+)	Hætt við lendingu
i(+)	Verklag við fráflug/lendingu
j	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti

6. HLUTI — FLUG MEÐ EINN HREYFIL ÓSTARFHÆFAN (á eingöngu við um fjölhreyfla flugvélar) (o)	
a	Eftirlíkt hreyfilbilun eftir flugtak eða í fráflugi
b	Aðflug, fráflug og hætt við lendingu samkvæmt verklagsreglum með einn hreyfil óstarfhæfan
c	Aðflug og lending með einn hreyfil óstarfhæfan
d	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti

(*) Má framkvæma í flughermi með fullri hreyfingu, flugþjálfunartæki 2/3 eða flugleiðsöguþjálfa II.
(+) Má framkvæma í annaðhvort 4. eða 5. hluta.
(o) Verður að framkvæma eingöngu út frá mælitækjum.

Þyrlur

1. HLUTI — BROTTFLUG Notkun gátlista, flugmennska, ísingarvarnar-/afísingaraðgerðir, o.s.frv., eiga við í öllum hlutum	
a	Notkun flughandbókar (eða samsvarandi bókar) einkum við útreikning á afkastagetu, massa og jafnvægi loftfars
b	Notkun skjala flugumferðarþjónustu og veðurþjónustu
c	Undirbúningur flugáætlunar fyrir flugumferðarstjórn og leiðarflugsáætlunar/bókar samkvæmt blindflugsreglum og færslur í hana.
d	Fyrirflugsskoðun
e	Lágmarksveðurskilyrði
f	Akstur/loftakstur samkvæmt fyrirmælum flugumferðarstjórnar eða kennara
g	Kynning fyrir flugtak, verklag og prófanir
h	Skipt yfir í blindflug
i	Verklag við brottflug samkvæmt blindflugsreglum
2. HLUTI — ALMENN STJÓRNUN	
a	Stjórnun þyrlunnar eingöngu eftir mælitækjum, þar á meðal:
b	Klifurbeygjur og lækkunarbeygjur með stöðugri 1. stigs beygju
c	Komist úr óvenjulegri stöðu, þar á meðal viðvarandi beygjum með 30° halla og bröttum lækkunarbeygjum.
3. HLUTI — VERKLAGSREGLUR Í BLINDFLUGI Á FLUGLEIÐ	
a	Ferli haldið og komist á feril, t.d. frá hringvita (NDB), fjölstefnuvita (VOR) og í svæðisleiðsögu (RNAV)
b	Notkun leiðsögutækja
c	Lárétt flug, stjórnun nefstefnu, hæðar og flughraða, stilling afls,
d	Stilling hæðarmælis
e	Tímasetning og leiðrétting áætlaðs komutíma
f	Fylgst með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, stjórnun kerfis
g	Verklag við ísingarvörn, eftirlíkt ef þörf krefur og ef við á
h	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti

4. HLUTI — NÁKVÆMNISAÐFLUG	
a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja, auðkenni leiðsöguvirkja
b	Verklag við komu, prófun hæðarmælis
c	Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar
d(*)	Verklag við biðflug
e	Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt
f	Tímasetning aðflugs
g	Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu (stöðugt aðflug)
h(*)	Hætt við lendingu
i(*)	Verklag við fráflug/lendingu
j	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
5. HLUTI — GRUNNAÐFLUG	
a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja, auðkenni leiðsöguvirkja
b	Verklag við komu, prófun hæðarmælis
c	Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar
d(*)	Verklag við biðflug
e	Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt
f	Tímasetning aðflugs
g	Stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu (stöðugt aðflug)
h(*)	Hætt við lendingu
i(*)	Verklag við fráflug(*)/lendingu
j	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
6. HLUTI — VERKLAG VIÐ ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG Í NEYÐARTILVIKUM Þennan hluta má tengja 1.-5. hluta Við prófið skal lögð áhersla á stjórnun þyrlunnar, greiningu bilaðs hreyfils, fyrstu viðbrögð, (snertiæfingar), framhaldsaðgerðir og gátun og nákvæmni á flugi við eftirtaldar aðstæður:	
a	Eftirlíkt hreyfibilun eftir flugtak og aðflug(**) (í öruggri hæð nema notaður sé flughermir með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfi II/III eða flugþjálfunartæki 2,3)
b	Bilun í stöðugleikakerfi/vökvakerfi (ef við á)
c	Takmörkuð mælitæki
d	Sjálfsnúningur þyrils og komist aftur í fyrirfram ákveðna hæð
e	Nákvæmnisaðflug, handvirkt án flugbeinis(***) Nákvæmnisaðflug, handvirkt með flugbeini(***)

(*) Skal framkvæmt í 4. eða 5. hluta
(**) Á eingöngu við um fjölhreyfla þyrlu.
(***) Aðeins skal prófa í öðru hvoru atriðinu

Loftskip

1. HLUTI — AÐGERÐIR FYRIR FLUG OG BROTTFLUG Notkun gátlista, flugmennska, samband við flugumferðarstjórn, verklag við talfjarskipti, eiga við í öllum hlutum	
a	Notkun flughandbókar (eða samsvarandi bókar) einkum við útreikning á afkastagetu, massa og jafnvægi loftfars.
b	Notkun skjala flugumferðarþjónustu og veðurþjónustu
c	Undirbúningur flugáætlunar fyrir flugumferðarstjórn og leiðarflugsáætlunar/bókar samkvæmt blindflugsreglum og færslur í hana.
d	Fyrirflugsskoðun
e	Lágmarksveðurskilyrði
f	Kynning fyrir flugtak, verklag þegar loftskip er laust frá mastri, tilfærslur á jörðu
g	Flugtak
h	Skipt yfir í blindflug
i	Verklag við brottflug samkvæmt blindflugsreglum, stilling hæðarmælis
j	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
2. HLUTI — ALMENN STJÓRNUN	
a	Stjórn loftskipsins eingöngu eftir mælitækjum
b	Klifurbeygjur og lækkunarbeygjur með stöðugri beygju
c	Komist úr óvenjulegri stöðu
d	Takmörkuð mælitæki
3. HLUTI — VERKLAGSREGLUR Í BLINDFLUGI Á FLUGLEIÐ	
a	Ferli haldið og komist á feril, t.d. frá hringvita (NDB), fjölstefnuvita (VOR) og í svæðisleiðsögu (RNAV)
b	Notkun leiðsögutækja
c	Lárétt flug, stjórnun nefstefnu, hæðar og flughraða, stilling afls, aðferðir við stillingu stýra
d	Stilling hæðarmælis
e	Tímasetning og leiðrétting áætlaðs komutíma
f	Fylgst með framvindu flugs, leiðarflugbók, eldsneytisnotkun, stjórnun kerfa
g	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
4. HLUTI — VERKLAG VIÐ NÁKVÆMNISAÐFLUG	
a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja, auðkenni leiðsöguvirkja
b	Verklag við komu, prófun hæðarmælis
c	Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar
d(+)	Verklag við biðflug
e	Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt
f	Tímasetning aðflugs
g	Stöðugt aðflug (stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu)

h(+)	Hætt við lendingu
i(+)	Verklag við fráflug/lendingu
j	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
5. HLUTI — VERKLAG VIÐ GRUNNAÐFLUG	
a	Stilling og prófun leiðsöguvirkja, auðkenni leiðsöguvirkja
b	Verklag við komu, stilling hæðarmælis
c	Aðflugs- og lendingarkynning, þar á meðal lækkunar-/aðflugs-/lendingargátlistar
d(+)	Verklag við biðflug
e	Útgefnum verklagsreglum í aðflugi fylgt
f	Tímasetning aðflugs
g	Stöðugt aðflug (stjórnun hæðar, hraða og nefstefnu)
h(+)	Hætt við lendingu
i(+)	Verklag við fráflug/lendingu
j	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti
6. HLUTI — FLUG MEÐ EINN HREYFIL ÓSTARFHÆFAN Þennan hluta má tengja 1.-5. hluta Við prófið skal lögð áhersla á stjórnun loftskipsins, greiningu bilaðs hreyfils, fyrstu viðbrögð, framhaldsaðgerðir og gátun og nákvæmni á flugi við eftirtaldar aðstæður:	
a	Eftirlíkt hreyfilbilun eftir flugtak eða í fráflugi
b	Aðflug með einn hreyfil óstarfhæfan og hætt við lendingu samkvæmt verklagsreglum
c	Aðflug með einn hreyfil óstarfhæfan og lending, verklagsreglur þegar hætt er við lendingu
d	Samband við flugumferðarstjórn –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti

(+) Má framkvæma í annaðhvort 4. eða 5. hluta.

8. viðbætir

Viðurkenning veitt fyrir blindflugshluta hæfniprófs fyrir flokks- eða tegundaráritun

A. **Flugvélar**

Aðeins er veitt viðurkenning þegar handhafinn framlengir blindflugsáritanir fyrir annaðhvort eins hreyfils eða fjölhreyfla einstjórnarflugvélar.

Þegar blindflugshlutinn er tekinn með hæfniprófinu og handhafi hefur í gildi:	Eftirfarandi er metið fyrir blindflugshluta hæfniprófs:
Fjölstjórnar-tegundaráritun (MP), Tegundaráritun fyrir flókna flugvél með mikla afkastagetu	Eins hreyfils-flokksáritun(*) og Eins hreyfils-tegundaráritun(*), og Flokksáritun á fjölhreyfla einstjórnarflugvél og tegundaráritun á flókna flugvél án mikillar afkastagetu, aðeins metinn 3. hluti B í færniprófinu fyrir flókna einstjórnarflugvél án mikillar afkastagetu í 9. viðbæti(*)
Einstjórnar-, fjölhreyfla- tegundaráritun fyrir flókna flugvél án mikillar afkastagetu í einstjórnarstarfrækslu	Einstjórnar-, fjölhreyfla flokks(*), og Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun á flókna flugvél án mikillar afkastagetu, og Eins hreyfils-, flokks- og tegundaráritun(*)
Einstjórnar-, fjölhreyfla- tegundaráritun á flókna flugvél án mikillar afkastagetu sem takmörkuð er við fjölstjórnarstarfrækslu	a. Einstjórnar-, fjölhreyfla flokks(*), og b. Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun á flókna flugvél án mikillar afkastagetu(*), og c. Eins hreyfils-, flokks- og tegundaráritun(*)
Einstjórnar-, fjölhreyfla- flokksáritun í einstjórnarstarfrækslu	Eins hreyfils-, flokks- og tegundaráritun og Einstjórnar-, fjölhreyfla flokk, og Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun á flókna flugvél án mikillar afkastagetu
Einstjórnar-, fjölhreyfla flokksáritun takmörkuð er við fjölstjórnarstarfrækslu	Eins hreyfils-, flokks- og tegundaráritun(*), og Einstjórnar-, fjölhreyfla flokks(*), og Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun á flókna flugvél án mikillar afkastagetu(*)
Einstjórnar-, eins hreyfils- flokksáritun	Eins hreyfils-, flokks- og tegundaráritun
Einstjórnar-, eins hreyfils-, tegundaráritun	Eins hreyfils-, flokks- og tegundaráritun

(*) Að því tilskildu að á síðustu 12 mánuðum hafi umsækjandinn flogið a.m.k. þrjú brottflug og aðflug samkvæmt blindflugsreglum á flugvél í einstjórnarflokki eða -tegund flugvélar í einstjórnarstarfrækslu, eða, hvað varðar einfaldar fjölhreyfla flugvélar án mikillar afkastagetu, að umsækjandinn hafi staðist 6. hluta færniprófsins fyrir einfaldar einstjórnarflugvélar án mikillar afkastagetu sem flogið er eingöngu út frá mælitækjum í einstjórnarumhverfi.

B. **Þyrlur**

Aðeins er veitt viðurkenning þegar handhafinn framlengir blindflugsáritun fyrir annaðhvort eins hreyfils og fjölhreyfla einstjórnarþyrlur.

Þegar blindflugshlutinn er tekinn með hæfniprófinu og handhafi hefur í gildi:	Eftirfarandi er metið fyrir blindflugshluta hæfniprófs:
Tegundaráritun á fjölstjórnarþyrlu,	Eins hreyfils-tegundaráritun(*), og Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun(*).
Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun í einstjórnarstarfrækslu	Eins hreyfils- tegundaráritun Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun
Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun, sem takmörkuð er við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi	Eins hreyfils- tegundaráritun(*). Einstjórnar-, fjölhreyfla tegundaráritun(*).

(*) Að því tilskildu að síðustu 12 mánuði hafi verið gerð a.m.k. 3 brottflug og aðflug samkvæmt blindflugsreglum á einstjórnarþyrlu í einstjórnarstarfrækslu.

9. viðbætir

Þjálfun, færnipróf og hæfnipróf til fjölstjórnarskírteinis, atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks, tegunda- og flokksáritana, og hæfnipróf til blindflugsáritunar

A. **Almennt**

1. Umsækjandi um færnipróf skal hafa fengið kennslu á sama flokk eða tegund loftfars og notað er við prófið.

2. Hafi umsækjandi ekki staðist alla hluta prófsins eftir tvær tilraunir er krafist frekari þjálfunar.

3. Gera má ótakmarkaðan fjölda tilrauna til að ná færniprófi.

EFNI ÞJÁLFUNAR, FÆRNI- OG HÆFNIPRÓFS

4. Nema kveðið sé á um annað í gögnunum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta skal námskráin fyrir flugkennslu vera í samræmi við þennan viðbæti. Stytta má námskrána og meta fyrri reynslu á svipaða loftfarstegund, eins og kveðið er á um í gögnum um örugga starfrækslu sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta.

5. Nema hvað varðar færnipróf til útgáfu atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks, ef kveðið er á um það í gögnunum um örugga starfrækslu, sem kveðið er á um í samræmi við 21. hluta fyrir þessa tiltekna tegund, er heimilt að meta sömu prófatriði sem flugmaður hefur tekið á aðrar tegundir eða tegundarafbrigði ef hann hefur reynslu sem flugmaður á þær tegundir.

FRAMKVÆMD FÆRNI-/HÆFNIPRÓFSINS

6. Prófdómara er heimilt að velja á milli mismunandi útgáfna færni- og hæfniprófa, þar sem líkt er eftir viðeigandi starfrækslu flugs, sem þróaðar eru og samþykktar af lögbæra yfirvaldinu. Nota skal flughermi með fullri hreyfingu og önnur þjálfunartæki, þegar þau eru tiltæk, eins og kveðið er á um í þessum hluta.

7. Á meðan á hæfniprófinu stendur skal prófdómari ganga úr skugga um að handhafi flokks- eða tegundaráritunarinnar hafi viðunandi bóklega þekkingu.

8. Ef umsækjandi kýs að hætta í færniprófi af ástæðum sem prófdómari telur ófullnægjandi skal umsækjandinn taka allt færniprófið aftur. Ef hætt er í prófinu af ástæðum sem prófdómarinn telur fullnægjandi skal við frekara flug aðeins prófa í þeim hlutum sem ekki var lokið.

9. Með leyfi prófdómara er umsækjanda heimilt að endurtaka hvert flugbragð eða aðgerð prófsins einu sinni. Prófdómari má hvenær sem er stöðva prófið sé talið að skortur á flugfærni umsækjanda gefi tilefni til að prófið í heild sé endurtekið.

10. Þess er krafist að umsækjandi fljúgi flugvélinni í sæti þar sem hann getur gert allar aðgerðir flugstjóra og tekið prófið eins og enginn annar flugliði sé viðstaddur ef færni-/hæfniprófið er tekið í einstjórnarumhverfi. Ábyrgð á fluginu skal vera í samræmi við reglur í hverju ríki fyrir sig.

11. Við fyrirflugsundirbúning fyrir flugið skal umsækjandinn ákveða stillingar á afli og hraða. Umsækjandi skal sýna prófdómara hvaða gátun og skylduverk hann hefur innt af hendi, þar á meðal að auðkenna leiðsöguvirki. Gátun skal gerð í samræmi við gátlistann fyrir það loftfar sem prófið er tekið á og, ef við á, samkvæmt reglum um samstarf í áhöfn. Umsækjandi skal reikna út afkastatölur fyrir flugtak, aðflug og lendingu í samræmi við rekstrarhandbók eða flughandbók þeirrar flugvélar sem notuð er. Prófdómari skal samþykkja ákvörðunarhæð/-flughæð, lágmarkslækkunarhæð/-flughæð og fráflugspunkt.

12. Prófdómarinn skal ekki taka neinn þátt í stjórn flugvélarinnar nema þegar afskipta er þörf vegna öryggis eða til að forðast tafir sem eru óviðunandi fyrir aðra umferð.

SÉRSTAKAR KRÖFUR UM FÆRNIPRÓF/HÆFNIPRÓF TIL TEGUNDARÁRITUNAR FYRIR FJÖLSTJÓRNARLOFTFAR EÐA EINSTJÓRNARFLUGVÉL ÞEGAR FLOGIÐ ER Í FJÖLSTJÓRNARUMHVERFI, TIL FJÖLSTJÓRNARSKÍRTEINIS OG ATVINNUFLUGMANNSSKÍRTEINIS 1. FLOKKS

13. Færnipróf fyrir fjölstjórnarloftfar eða einstjórnarflugvél sem starfrækt er í fjölstjórnarumhverfi skal fara fram í fjölstjórnarumhverfi. Annar umsækjandi eða annar flugmaður má taka að sér hlutverk aðstoðarflugmanns. Ef loftfar er notað við prófið skal aðstoðarflugmaðurinn vera prófdómarinn eða kennari.

14. Umsækjandinn skal starfa sem flugmaður við stjórn á öllum stigum færniprófsins, nema við óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum, sem má framkvæma sem flugmaður við stjórn eða sem flugmaður sem ekki er við stjórn í áhafnarsamstarfi. Auk þess skal umsækjandi um fyrstu útgáfu tegundaráritunar á fjölstjórnarflugvél eða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks sýna fram á hæfni sína til að starfa sem „flugmaður sem ekki er við stjórn“. Umsækjandinn má velja um að sitja í vinstra eða hægra sæti við prófið, ef unnt er að framkvæma öll atriði í færniprófinu úr því sæti sem valið er.

15. Prófdómari skal prófa umsækjendur um atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks eða tegundaráritun fyrir fjölstjórnarflugvélar eða fyrir starfrækslu einstjórnarflugvéla í fjölstjórnarumhverfi, sem nær til starfa flugstjóra, sérstaklega í eftirtöldum þáttum, án tillits til þess hvort umsækjandinn gegnir hlutverki flugmanns við stjórn eða ekki við stjórn:

    a) að stjórna áhafnarsamstarfi,

    b) að halda almennri yfirsýn með starfrækslu loftfarins með viðeigandi eftirliti, og

    c) að ákveða forgangsröð og taka ákvarðanir í samræmi við öryggissjónarmið og viðeigandi reglur og reglugerðir sem eiga við aðstæður í fluginu hverju sinni, þ.m.t. neyðarástand.

16. Færniprófið/hæfniprófið skal fara fram samkvæmt blindflugsreglum, ef blindflugsréttindi eru innifalin í prófinu, og, eftir því sem frekast er unnt í umhverfi sem á að líkjast flutningaflugi. Mikilvægur þáttur er að geta gert flugáætlun og stjórnað fluginu eftir venjubundnu upplýsingaefni.

17. Ef minna en tveggja tíma flugþjálfun í flugvél er á tegundaráritunarnámskeiðinu má færniprófið fara fram að öllu leyti í flughermi með fullri hreyfingu og má ljúka því á undan flugþjálfun í flugvél. Í því tilviki skal áframsenda lögbæru yfirvaldi vottorð um að tegundaráritunarnámskeiðinu og flugþjálfun í loftfarinu hafi verið lokið áður en nýja tegundaráritunin er færð inn í skírteini umsækjanda.

B. **Sértækar kröfur fyrir flugvélar**

PRÓFKRÖFUR

1. Hvað varðar einstjórnarflugvélar, að undanskildum flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu, skal umsækjandinn standast alla hluta færniprófs eða hæfniprófs. Falli umsækjandi á einhverju atriði í hluta er hann fallinn í þeim hluta. Falli umsækjandinn í fleiri en einum hluta verður hann að taka allt prófið aftur. Umsækjandi sem fellur aðeins í einum hluta skal aðeins taka þann hluta aftur. Falli umsækjandi í einum hluta upptökuprófs, þar með talið í þeim hlutum sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur. Hvað varðar fjölhreyfla einstjórnarflugvélar skal umsækjandi standast 6. hluta í viðeigandi prófi sem tekur til flugs með biluðum hreyfli.

2. Hvað varðar flóknar fjölstjórnar- og einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu skal umsækjandinn standast alla hluta færniprófsins eða hæfniprófsins. Umsækjandi sem fellur í fleiri en 5 atriðum verður að taka allt prófið aftur. Umsækjandi sem fellur á fimm atriðum eða færri verður að taka þau atriði aftur sem hann féll í. Falli umsækjandi í einhverju atriði upptökuprófs, þ.m.t. þau atriði sem umsækjandi stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur. 6. hluti er ekki hluti af færniprófinu fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks eða fjölstjórnarskírteini. Ef umsækjandi fellur einungis í eða tekur ekki 6. hluta verður tegundaráritunin gefin út án réttinda í II. eða III. flokki (CAT II/III). Til að fá viðbótarréttindi fyrir tegundaráritun í II. eða III. flokki (CAT II/III) skal umsækjandinn standast 6. hluta á viðeigandi tegund loftfars.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

3. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

    a) starfrækt flugvélina innan þeirra takmarkana sem henni eru sett,

    b) lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

    c) sýnt góða dómgreind og flugmennsku,

    d) beitt þekkingu á flugleiðsögu,

    e) alltaf haldið góðri stjórn á flugvélinni með þeim hætti að aldrei verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur,

    f) skilið og beitt verklagsreglum um áhafnarsamstarf og óstarfhæfni flugliða, ef við á, og

    g) hafa skilvirk samskipti við aðra flugverja, ef við á.

4. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar flugvélar sem notuð er:

Hæð

Almennt	± 100 fet
Fráflug hafið í ákvörðunarhæð	+ 50 fet/– 0 fet
Lágmarkslækkunarhæð/-flughæð	+ 50 fet/– 0 fet

Ferli haldið

eftir aðflugstækjum	± 5°

Nákvæmnisaðflug hálft frávik á skala, miðlínugeisli og hallageisli

Nefstefna

allir hreyflar virkir	± 5°
líkt eftir hreyfilbilun	± 10°

Hraði

allir hreyflar virkir	± 5 hnútar
líkt eftir hreyfilbilun	+10 hnútar/–5 hnútar

EFNI ÞJÁLFUNARINNAR/FÆRNIPRÓFS/HÆFNIPRÓFS

5. Fyrir einstjórnarflugvélar, að undanskildum flóknum flugvélum með mikla afkastagetu:

a) Eftirfarandi tákn merkja:

P = Þjálfaður sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður og sem flugmaður við stjórn og flugmaður ekki við stjórn

X = Nota skal flughermi við þessa æfingu, sé hann tiltækur, að öðrum kosti skal nota flugvél ef við á fyrir flugbragð eða verklag

P# = Bæta skal við þjálfunina skoðun á flugvélinni undir umsjón

b) Verkleg þjálfun skal fara fram að minnsta kosti í því þjálfunartæki sem merkt er með (P), eða fullkomnara þjálfunartæki eftir því sem örin (——>) sýnir.

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar til að tákna þann þjálfunarbúnað sem notaður er:

A = Flugvél

FFS = Flughermir með fullri hreyfingu

FTD = Flugþjálfunartæki (þ.m.t. flugleiðsöguþjálfi II fyrir flokksáritun fjölhreyfla flugvéla)

c) Stjörnumerkt (*) atriði í 3. hluta B og, fyrir fjölhreyfla flugvélar, í 6. hluta, skulu alfarið fara fram við blindflugsskilyrði ef framlenging/endurnýjun blindflugsáritunar er innifalin í færniprófinu eða hæfniprófinu. Ef stjörnumerktu (*) atriðin fara ekki fram einungis við blindflugsskilyrði í færniprófinu eða hæfniprófinu og þegar réttindi blindflugsáritunar eru ekki metin, verður tegundar/flokksáritunin takmörkuð við sjónflugsreglur eingöngu.

d) Ef reynslu sem nemur 10 flugum hefur ekki verið lokið á síðastliðnum 12 mánuðum skal ljúka 3. hluta A til framlengingar á tegundar- eða fjölhreyflaflokksáritun sem takmörkuð er við sjónflugsreglur eingöngu. 3. hluta A er ekki krafist ef lokið er við 3. hluta B.

e) Æfing þar sem bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf eða hæfnipróf er skyldubundin eða valkostur ef fleiri en ein æfing er sýnd.

f) Nota skal flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II við verklega þjálfun til tegundar- eða fjölhreyflaflokksáritunar ef þeir eru hluti af samþykktu námskeiði til flokks- eða tegundaráritunar. Eftirtalin atriði skulu athuguð þegar námskeiðið er samþykkt:

i. viðurkenning flughermis með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II eins og kveðið er á um í OR-hluta,

ii. starfsréttindi kennaranna,

iii. hversu mikla þjálfun er boðið upp á á námskeiðinu í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II, og

iv. starfsréttindi og fyrri reynsla flugmannsins sem er í þjálfun á svipuðum tegundum.

g) Þegar færnipróf eða hæfnipróf er framkvæmt við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi skal tegundaráritunin takmarkast við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi.

EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR, AÐ UNDANSKILDUM FLÓKNUM FLUGVÉLUM MEÐ MIKLA AFKASTAGETU	VERKLEG ÞJÁLFUN				FLOKKS- EÐA TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF/ HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag	FTD	FFS	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í: FFS A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
1. HLUTI						
1 Brottför						
1.1 Undirbúningur fyrir flug, þ.m.t. Flugskjöl Massi og jafnvægi Veðurathugun Tilkynningar til flugmanna						
1.2 Prófanir fyrir flug						
1.2.1 Ytri	P#		P			
1.2.2 Innri			P		M	
1.3 Gangsetning hreyfils: Eðlileg gangsetning Bilanir	P—>	—>	—>		M	
1.4 Akstur		P—>	—>		M	
1.5 Prófanir fyrir brottför: Hreyfill hitaður upp (ef við á)	P—>	—>	—>		M	
1.6 Verklag við flugtak: Eðlilegt með flapa stillta samkvæmt flughandbók Í hliðarvindi (ef skilyrði eru fyrir hendi)		P—>	—>			
1.7 Klifur: Besti klifurhornhraði/hraði sem gefur besta stighraða (Vx/Vy) Beygjur í nefstefnur Farið í lárétt flug		P—>	—>		M	

EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR, AÐ UNDANSKILDUM FLÓKNUM FLUGVÉLUM MEÐ MIKLA AFKASTAGETU	VERKLEG ÞJÁLFUN				FLOKKS- EÐA TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF/ HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag	FTD	FFS	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
1.8 Samband við flugumferðarstjórn, – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti						
2. HLUTI						
2 Flugstörf við sjónflugsskilyrði (VMC)						
2.1 Beint og lárétt flug á mismunandi flughraða, þar á meðal flug á hættulega lágum flughraða með og án flapa (ásamt aðflugi að V_{MCA} ef við á)		P—>	—>			
2.2 Krappar beygjur (360° vinstri og hægri með 45° halla)		P—>	—>		M	
2.3 Ofris og komist úr því: i. Hreint ofris ii. Flogið að ofrisi í lækkunarbeygju með halla í aðflugsham með hreyfilafli iii. Flogið að ofrisi í lendingarham með hreyfilafli iv. Flogið að ofrisi, klifurbeygja með flugtaksflapastillingu og klifurafli (aðeins eins hreyfils flugvél)		P—>	—>		M	
2.4 Flogið með sjálfstýringu og flugbeini (má fara fram í 3. hluta), ef við á		P—>	—>		M	
2.5 Samband við flugumferðarstjórn, – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti						
3. HLUTI A						
3A Verklag á flugleið samkvæmt sjónflugsreglum (sjá c- og d-lið 5. liðar í B-þætti) 3A.1 Flugáætlun, leiðarreikningur og kortalestur						

EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR, AÐ UNDANSKILDUM FLÓKNUM FLUGVÉLUM MEÐ MIKLA AFKASTAGETU		VERKLEG ÞJÁLFUN				FLOKKS- EÐA TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF/ HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag		FTD	FFS	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
3A.2	Hæð, nefstefnu og hraða haldið						
3A.3	Áttun, tímasetning og endurskoðun áætlaðs komutíma						
3A.4	Notkun leiðsöguvirkja (ef við á)						
3A.5	Stjórnun flugs (flugdagbók, venjubundin gátun, þar á meðal á eldsneyti, kerfi og ísingu)						
3A.6	Samband við flugumferðarstjórn, – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti						
3. HLUTI B							
3B	Blindflug						
3B.1*	Brottför samkvæmt blindflugsreglum		P—>	—>		M	
3B.2*	Flogið á flugleið samkvæmt blindflugsreglum		P—>	—>		M	
3B.3*	Verklag í biðflugi		P—>	—>		M	
3B.4*	Flogið eftir blindlendingarkerfi (ILS) að lækkunarflughæð/þröskuldarhæð (DH/A) 200 fet (60 m) eða að aðflugslágmörkum (nota má sjálfstýringu þar til komið er á aðflugshalla)		P—>	—>		M	
3B.5*	Venjulegt aðflug að minnstu lækkunarflughæð/ þröskuldarhæð (MDH/A) og fráflug (MAP)		P—>	—>		M	
3B.6*	Flugæfingar, þar á meðal eftirlíkt bilun í áttavita og sjónbaug: 1. stigs beygjur, komist úr óvenjulegri stöðu	P—>	—>	—>		M	
3B.7*	Bilun í miðlínusendi eða hallageisla	P—>	—>	—>			
3B.8*	Samband við flugumferðarstjórn, –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti						

EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR, AÐ UNDANSKILDUM FLÓKNUM FLUGVÉLUM MEÐ MIKLA AFKASTAGETU	VERKLEG ÞJÁLFUN				FLOKKS- EÐA TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF/ HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag	FTD	FFS	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
Hér á að vera eyða						
4. HLUTI						
4 Koma og lendingar						
4.1 Verklag við komu að flugvelli		P—>	—>		M	
4.2 Eðlileg lending		P—>	—>		M	
4.3 Lending án flapa		P—>	—>		M	
4.4 Lending í hliðarvindi (ef skilyrði eru fyrir hendi)		P—>	—>			
4.5 Aðflug og lending með hreyfil í hægagangi frá allt að 2000 fetum yfir flugbraut (einungis eins hreyfils flugvél)		P—>	—>			
4.6 Hætt við lendingu í lágmarkshæð		P—>	—>		M	
4.7 Fráflug og lendingu að nóttu (ef við á)	P—>	—>	—>			
4.8 Samband við flugumferðarstjórn, –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti						
5. HLUTI						
5 Verklagsreglur við óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum						
(Þennan hluta má tengja 1. til 4. hluta)						
5.1 Hætt við flugtak á hæfilegum hraða		P—>	—>		M	
5.2 Eftirlíkt hreyfilbilun eftir flugtak (einungis eins hreyfils flugvélar)			P		M	

EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR, AÐ UNDANSKILDUM FLÓKNUM FLUGVÉLUM MEÐ MIKLA AFKASTAGETU	VERKLEG ÞJÁLFUN				FLOKKS- EÐA TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF/ HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag	FTD	FFS	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
5.3 Eftirlíkt nauðlending án hreyfilafls (einungis eins hreyfils flugvélar)			P		M	
5.4 Eftirlíkt neyðarástand: i. eldur eða reykur á flugi, ii. bilanir í kerfum eftir því sem við á	P—>	—>	—>			
5.5 Hreyfill stöðvaður og gangsettur að nýju (einungis færnipróf í fjölhreyfla flugvél) (í öruggri flughæð ef framkvæmt í loftfarinu)	P—>	—>	—>			
5.6 Samband við flugumferðarstjórn, – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti						
6. HLUTI						
6 Líkt eftir flugi með biluðum hreyfli í fjölhreyfla flugvél						
6.1* (Þennan hluta má tengja 1. til 5. hluta) Eftirlíkt hreyfilbilun við flugtak (í öruggri flughæð nema notaður sé flughermir með fullri hreyfingu eða flugleiðsögu-þjálfi II)	P—>	—>	—>X		M	
6.2* Aðflug með biluðum hreyfli og hætt við lendingu	P—>	—>	—>		M	
6.3* Aðflug með biluðum hreyfli og stöðvunarlending	P—>	—>	—>		M	
6.4 Samband við flugumferðarstjórn, – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti						

6. Fjölstjórnarflugvélar og flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu:

a) Eftirfarandi tákn merkja:

P = Þjálfaður sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður og sem flugmaður við stjórn og flugmaður ekki við stjórn til útgáfu tegundaráritunar eftir því sem við á.

X = Nota skal flughermi við þessa æfingu, sé hann tiltækur, að öðrum kosti skal nota loftfar, ef við á fyrir flugbragðið eða verklagið.

P# = Bæta skal við þjálfunina skoðun á flugvélinni undir umsjón

b) Verkleg þjálfun skal fara fram að minnsta kosti í því þjálfunartæki sem merkt er með (P), eða fullkomnara þjálfunartæki eftir því sem örin (——>) sýnir.

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar til að tákna þann þjálfunarbúnað sem notaður er:

A = Flugvél

FFS = Flughermir með fullri hreyfingu

FTD = Flugþjálfunartæki

OTD = Annar þjálfunarbúnaður

c) Stjörnumerkt atriði (*) skulu að öllu leyti fara fram við blindflugsskilyrði. Ef þetta skilyrði er ekki uppfyllt við færniprófið eða hæfniprófið verður tegundaráritunin takmörkuð við sjónflugsreglur eingöngu.

d) Æfing þar sem bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf eða hæfnipróf er skyldubundin.

e) Nota skal flughermi með fullri hreyfingu við verklega þjálfun og próf ef flughermirinn er hluti af samþykktu tegundaráritunarnámskeiði. Eftirtalin atriði skulu athuguð þegar námskeiðið er samþykkt:

i. viðurkenning flughermis með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II,

ii. starfsréttindi kennaranna,

iii. hversu mikla þjálfun er boðið upp á á námskeiðinu í flughermi með fullri hreyfingu eða flugleiðsöguþjálfa II, og

iv. starfsréttindi og fyrri reynsla flugmannsins sem er í þjálfun á svipuðum tegundum.

f) Flugbrögð og verklag skulu fela í sér áhafnarsamstarf fyrir fjölstjórnarflugvélar og flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi.

g) Í flóknum einstjórnarflugvélum með mikla afkastagetu sem starfræktar eru í einstjórnarumhverfi skulu flugbrögð og verklag fara fram í einstjórnarumhverfi.

h) Hvað varðar flóknar einstjórnarflugvélar með mikla afkastagetu takmarkast tegundaráritunin við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi þegar færnipróf eða hæfnipróf er framkvæmt við starfrækslu í fjölstjórnarumhverfi. Ef sótt er um einstjórnarréttindi skulu flugbrögðin/verklagið í hluta 2.5, 3.9.3.4, 4.3, 5.5 og að minnsta kosti eitt flugbragð/verklag úr hluta 3.4 enn fremur framkvæmd í einstjórnarstarfrækslu.

i) Hvar varðar takmarkaða tegundaráritun, sem gefin er út í samræmi við e-lið FCL.720.A, skal umsækjandinn uppfylla sömu kröfur og aðrir umsækjendur um tegundaráritun nema hvað varðar verklegar æfingar í tengslum við flugtak og lendingu.

FJÖLSTJÓRNARFLUG-VÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU	VERKLEG ÞJÁLFUN					ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
					Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í	Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið
Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	A		FFS A	
1. HLUTI							
1. Undirbúningur flugs							
1.1 Útreikningur á afkastagetu	P						
1.2 Flugvél skoðuð að utan, staðsetning hvers hlutar og markmið skoðunar	P#			P			
1.3 Skoðun stjórnklefa		P——>	——>	——>			
1.4 Notkun gátlista áður en hreyflar eru ræstir, verklag við gangsetningu, prófun fjarskipta- og leiðsögubúnaðar, val og stilling tíðna fyrir leiðsögu og fjarskipti	P——>	——>	——>	——>		M	
1.5 Akstur samkvæmt flugumferðarstjórn eða fyrirmælum kennara			P——>	——>			
1.6 Prófanir fyrir flugtak		P——>	——>	——>		M	
2. HLUTI							
2. Flugtak							
2.1 Eðlilegt flugtak með mismunandi stillingum flapa, þ.m.t. flugtak í flýti			P——>	——>			
2.2* Blindflugtak, þess er krafist að skipt sé yfir í blindflug þegar flugvélin er reist í flugtaki eða strax eftir flugtak			P——>	——>			

FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU	VERKLEG ÞJÁLFUN					ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
2.3 Flugtak í hliðarvindi			P——>	——>			
2.4 Flugtak með hámarksflugtaksmassa (raunverulegur eða eftirlíktur hámarksflugtaksmassi)			P——>	——>			
2.5 Flugtök með eftirlíktri hreyfilbilun:							
2.5.1* Skömmu eftir að V_2 er náð (Í flugvélum sem ekki eru skráðar í flutningaflokki eða mjötluflokki (e. *commuter category*), skal ekki líkt eftir hreyfilbilun fyrr en náð hefur verið minnst 500 feta lágmarkshæð yfir brautarenda. Í flugvélum sem hafa sömu afkastagetu og flugvél í flutningaflokki að því er varðar flugtaksmassa og loftþéttnihæð má kennarinn líkja eftir hreyfilbilun skömmu eftir að V_2 hefur verið náð)			P——>	——>			
2.5.2* milli V_1 og V_2			P	X		M Eingöngu FFS	
2.6 Hætt við flugtak á hæfilegum hraða áður en V_1 er náð			P——>	——>X		M	

FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU	VERKLEG ÞJÁLFUN					ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
					Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	A		FFS A	
3. HLUTI							
3. Flugbrögð og verklag							
3.1 Beygjur með og án lyftispilla			P——>	——>			
3.2 Dýfutilhneiging (e. *tuck under*) og Mach-hristingur (e. *Mach buffet*) eftir að markhraða í Mach-tölu er náð og aðrir sérstakir flugeiginleikar flugvélarinnar (t.d. vængvelta með geigun (e. *Dutch Roll)*)			P——>	——>X Ekki má nota loftfar við þessa æfingu			
3.3 Eðlileg starfræksla kerfa og stjórntækja á mælaborði flugkerfastjóra	P——>	——>	——>	——>			
Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa og ferla/verklags:						M	Velja skal minnst 3 óeðlileg atriði frá 3.4.0 til 3.4.14, að báðum meðtöldum
3.4.0 Hreyfill (skrúfa, ef nauðsynlegt)	P——>	——>	——>	——>			
3.4.1 Þrýstijöfnun og loftræsting	P——>	——>	——>	——>			
3.4.2 Hraðanemakerfi	P——>	——>	——>	——>			
3.4.3 Eldsneytiskerfi	P——>	——>	——>	——>			
3.4.4 Rafkerfi	P——>	——>	——>	——>			

FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNARFLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU	VERKLEG ÞJÁLFUN					ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
					Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	A		FFS A	
3.4.5 Vökvakerfi	P——>	——>	——>	——>			
3.4.6 Stýrakerfi og stýrastillakerfi	P——>	——>	——>	——>			
3.4.7 Ísingarvarnar- og afísingarkerfi, rúðuhitun	P——>	——>	——>	——>			
3.4.8 Sjálfstýring/flugbeinir	P——>	——>	——>	——>		M (eingöngu einstjórnarstarfræksla)	
3.4.9 Ofrisaðvörun eða ofrisvörn og stöðugleikabúnaður	P——>	——>	——>	——>			
3.4.10 Jarðvari, verðurratsjá, ratsjárhæðarmælir, ratsjársvari		P——>	——>	——>			
3.4.11 Talstöð, leiðsögubúnaður mælitæki, flugstýrikerfi	P——>	——>	——>	——>			
3.4.12 Lendingarbúnaður og hemlakerfi	P——>	——>	——>	——>			
3.4.13 Raufungur (e. *slat*) og flapakerfi	P——>	——>	——>	——>			
3.4.14 Aukaaflsstöð	P——>	——>	——>	——>			
Hér á að vera eyða							
3.6 Verklagsreglur við óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum						M	Velja skal minnst 3 atriði frá 3.6.1 til 3.6.9, að báðum meðtöldum

FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU	VERKLEG ÞJÁLFUN					ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
3.6.1 Brunaæfingar, t.d. bruni í hreyfli, aukaaflstöð, farþegaklefa, farmrými, stjórnklefa, væng og rafmagnseldar, þar með talin rýming		P—>	—>	—>			
3.6.2 Reykhindrun og reykræsting		P—>	—>	—>			
3.6.3 Hreyfilbilanir, stöðvun hreyfils og endurgangsetning í öruggri hæð		P—>	—>	—>			
3.6.4 Snögglosun eldsneytis (eftirlíkt)		P—>	—>	—>			
3.6.5 Vindhvörf við flugtak/lendingu			P	X		Eingöngu FFS	
3.6.6 Líkt eftir þrýstingsbilun í farþegaklefa/neyðarlækkun			P—>	—>			
3.6.7 Óstarfhæfni flugliða í áhöfn		P—>	—>	—>			
3.6.8 Aðrar verklagsreglur í neyðartilvikum eins og þeim er lýst í flughandbók viðeigandi flugvélar		P—>	—>	—>			
3.6.9 Atburður í tengslum við árekstrarvarakerfi (ACAS)	P—>	—>	—>	Ekki má nota loftfar		Eingöngu FFS	
3.7 Krappar beygjur með 45° halla, 180° til 360° til vinstri og hægri		P—>	—>	—>			

FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU	VERKLEG ÞJÁLFUN					ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
3.8 Bera fljótt kennsl á yfirvofandi ofris og gera ráðstafanir gegn því (áður en ofrisvari virkar) í flugtaksham (flapar í flugtaksstöðu), í farflugsham og í lendingarham (flapar í lendingarstöðu, hjólabúnaður niðri)			P——>	——>			
3.8.1 Komist úr fullu ofrisi eða eftir að ofrisvörn hefur virkað, í klifri, farflugi og aðflugsham			P	X			
3,9 Verklagsreglur í blindflugi							
3.9.1* Farið eftir brottfarar- og komuleiðum og fyrirmælum flugumferðarstjórnar fylgt		P——>	——>	——>		M	
3.9.2* Verklagsreglur í biðflugi		P——>	——>	——>			
3.9.3* Nákvæmnisaðflug niður í ákvörðunarhæð ekki undir 60 m (200 fet)							
3.9.3.1* handflogið, án flugbeinis			P——>	——>		M (færnipróf eingöngu)	
3.9.3.2* handflogið, með flugbeini			P——>	——>			
3.9.3.3* sjálfvirkt, með sjálfstýringu			P——>	——>			

FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU		VERKLEG ÞJÁLFUN					ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/Verklag		OTD	FTD	FFS	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
3.9.3.4*	handflogið, líkt eftir einum hreyfli óvirkum, líkja verður eftir hreyfilbilun í lokaaðflugi áður en farið er yfir ytri markvita til snertipunkts eða í öllu fráfluginu. Í flugvélum sem eru ekki skráðar í flutningaflokki (JAR/FAR 25) eða mjötluflokki (SFAR 23), skal aðflug með eftirlíktri hreyfilbilun hafið, og í framhaldi af því hætt við lendingu, í tengslum við grunnaðflugið eins og lýst er í 3.9.4. Fráflug skal hafið þegar náð er útgefinni lágmarkshæð yfir hindrun (OCH/A), þó ekki síðar en náð er minnstu lækkunarflughæð (MDH/A) sem nemur 500 fetum yfir þröskuldi flugbrautar. Í flugvélum sem hafa sams konar afkastagetu og flugvél í flutningaflokki hvað varðar flugtaksmassa og loftþéttnihæð má kennarinn líkja eftir hreyfilbilun í samræmi við 3.9.3.4.			P—>	—>		M	
3.9.4*	Grunnaðflug niður að lágmarks-lækkunarhæð/-flughæð			P*—>	—>		M	

FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU	VERKLEG ÞJÁLFUN					ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
3.9.5 Hringaðflug við eftirtaldar aðstæður: a)* aðflug að leyfðri lágmarkshæð hringaðflugs að viðkomandi flugvelli í samræmi við blindaðflugsbúnað á staðnum og við eftirlíkt blindflugsskilyrði, og að því loknu: b) hringaðflug að annarri flugbraut sem er minnst 90° frá miðlínu lokaaðflugs, sem notuð var í a-lið, í leyfðri lágmarkshæð hringaðflugs. Athugasemd: ef flugumferðarstjórn leyfir ekki a- og b-lið má líkja eftir aðflugsferli í lélegu skyggni.			P*—>	—>			
4. HLUTI							
4. Verklagsreglur við fráflug							
4.1 Fráflug með alla hreyfla virka* þegar ákvörðunarhæð er náð eftir blindlendingaraðflug			P*—>	—>			

FJÖLSTJÓRNARFLUG-VÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU	VERKLEG ÞJÁLFUN					ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	A	Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS A	Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið
4.2 Aðrar verklagsreglur við fráflug			P*—>	—>			
4.3* Handflogið fráflug þegar líkt er eftir að markhreyfill sé óvirkur eftir blindaðflug þegar ákvörðunarhæð, lágmarkslækkunarhæð eða fráflugshæð (MAPt) er náð			P*—>	—>		M	
4.4 Hætt við lendingu í 15 m (50 feta) hæð yfir flugbrautarþröskuldi og fráflug			P—>	—>			
5. HLUTI							
5. Lendingar							
5.1 Venjulegar lendingar*, einnig eftir blindlendingaraðflug, og skipt yfir í sjónflug þegar ákvörðunarhæð er náð			P				
5.2 Lending þegar líkt er eftir því að hæðarstýriskambur sé fastur í rangri stöðu			P—>	Ekki má nota loftfar fyrir þessa æfingu			
5.3 Lendingar í hliðarvindi (í loftfari ef mögulegt er)			P—>	—>			
5.4 Umferðarhringur og lending með flapa og raufunga óútdregna eða útdregna að hluta			P—>	—>			
5.5 Lending þegar líkt er eftir að markhreyfill sé óvirkur			P—>	—>		M	

FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU	VERKLEG ÞJÁLFUN					ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
5.6 Lending með tvo hreyfla óvirka: — þriggja hreyfla flugvélar: miðhreyfill og annar ytri hreyfill eftir því sem framkvæmanlegt er samkvæmt flughandbók flugvélarinnar, — fjögurra hreyfla flugvélar: tveir hreyflar sömu megin			P	X		M Eingöngu FFS (færniprof eingöngu)	

Almennar athugasemdir:

Sérstakar kröfur vegna viðbótarréttinda við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður að ákvörðunarhæð lægri en 200 fet (60 m), þ.e. til starfrækslu samkvæmt II. eða III. flokki (CAT II/III).

6. HLUTI							
Viðbótarheimild við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður í ákvörðunarhæð minni en 60 m (200 fet) (skv. II. eða III. flokki (CAT II/III)). Eftirtalin flugbrögð og verklag eru lágmarksþjálfunarkröfur til að blindaðflug sé leyft niður í ákvörðunarhæð minni en 60 m (200 fet). Við eftirtalin blindaðflug og fráflug skal nota allan búnað flugvélar sem krafist er til útgáfu tegundarskírteinis til blindaðflugs niður í ákvörðunarhæð lægri en 60 m (200 fet).							
6.1* Hætt við flugtak við minnsta leyft flugbrautarskyggni (RVR)			P*——>	——>X Ekki má nota loftfar við þessa æfingu		M*	

FJÖLSTJÓRNARFLUGVÉLAR OG FLÓKNAR EINSTJÓRNAR-FLUGVÉLAR MEÐ MIKLA AFKASTAGETU	VERKLEG ÞJÁLFUN					ATPL/MPL/ TEGUNDARÁRITUN FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	A	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS A	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
6.2* Blindlendingaraðflug: við eftirlíktar blindflugsaðstæður niður í viðeigandi ákvörðunarhæð, þegar notað er leiðsögukerfi. Nota skal staðlað verklag við áhafnarsamstarf (verkaskiptingu, verklag við útköll, gagnkvæmt eftirlit, upplýsingaskipti og upplýsingagjöf)			P—>	—>		M	
6.3* Hætt við lendingu: eftir aðflug eins og lýst er í 6.2 þegar ákvörðunarhæð er náð. Við þjálfunina skal einnig hætt við lendingu vegna (eftirlíkts) ónógs flugbrautarskyggnis, vindhvarfa, fráviki flugvélar út yfir aðflugsmörk fyrir heppnað aðflug og bilunar í tækjabúnaði á jörðu/í flugvél áður en ákvörðunarhæð er náð og, hætt við lendingu þegar er líkt er eftir bilun í tækjabúnaði flugvélar.			P—>	—>		M	
6.4* Lending(ar): þegar kennileiti sjást í ákvörðunarhæð eftir blindaðflug. Lenda skal sjálfvirkt ef viðkomandi flugleiðsögukerfi leyfir.			P—>	—>		M	

Athugasemd: Aðflug skv. II. eða III. flokki (CAT II/III) skal fara fram í samræmi við viðeigandi flugrekstrarkröfur.

7. Flokksáritanir — sjór.

Ef reynslu sem nemur 10 flugum hefur ekki verið lokið á síðastliðnum 12 mánuðum skal ljúka 6. hluta til framlengingar á flokksáritun fyrir fjölhreyfils sjóflugvélar, einungis samkvæmt sjónflugsreglum.

FLOKKSÁRITUN SJÓR	VERKLEG ÞJÁLFUN	
Flugbrögð/Verklag	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
1. HLUTI		
1. **Brottför**		
1.1 Undirbúningur fyrir flug, þ.m.t. Flugskjöl Massi og jafnvægi Veðurathugun Tilkynningar til flugmanna		
1.2 Prófanir fyrir flug Ytri/innri		
1.3 Gangsetning hreyfla og verklag eftir gangsetningu Eðlilegar bilanir		
1.4 Akstur		
1.5 Hraðakstur á vatni		
1.6 Legufæri: Strönd Hafnargarður Bauja		
1.7 Siglt án hreyfilafls		
1.8 Prófanir fyrir brottför: Hreyfill hitaður upp (ef við á)		
1.9 Verklag við flugtak: Eðlilegt með flapa stillta samkvæmt flughandbók Í hliðarvindi (ef skilyrði eru fyrir hendi)		
1.10 Klifur Beygjur í nefstefnur Farið í lárétt flug		
1.11 Samband við flugumferðarstjórn, –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti		
2. HLUTI		
2. **Flugstörf (í sjónflugi)**		
2.1 Beint og lárétt flug á mismunandi flughraða, þar á meðal flug á hættulega lágum flughraða með og án flapa (ásamt aðflugi að V_{MCA} ef við á)		

FLOKKSÁRITUN SJÓR	VERKLEG ÞJÁLFUN	
Flugbrögð/Verklag	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
2.2 Krappar beygjur (360° vinstri og hægri með 45° halla)		
2.3 Ofris og komist úr því: i. Hreint ofris, ii. Flogið að ofrisi í lækkunarbeygju með halla í aðflugsham með hreyfilafli iii. Flogið að ofrisi í lendingarham með hreyfilafli iv. Flogið að ofrisi, klifurbeygja með flugtaksflapastillingu og klifurafli (aðeins eins hreyfils flugvél)		
2.4 Samband við flugumferðarstjórn, –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti		
3. HLUTI		
3. **Verklag á flugleið samkvæmt sjónflugsreglum**		
3.1 Flugáætlun, leiðarreikningur og kortalestur		
3.2 Hæð, nefstefnu og hraða haldið		
3.3 Áttun, tímasetning og endurskoðun áætlaðs komutíma		
3.4 Notkun leiðsöguvirkja (ef við á)		
3.5 Stjórnun flugs (flugdagbók, venjubundin gátun, þar á meðal á eldsneyti, kerfi og ísingu)		
3.6 Samband við flugumferðarstjórn, –fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti		
4. HLUTI		
4. **Komur og lendingar**		
4.1 Verklag við komu að flugvelli (láðs- og lagarflugvélar eingöngu)		
4.2 Eðlileg lending		
4.3 Lending án flapa		
4.4 Lending í hliðarvindi (ef aðstæður leyfa)		
4.5 Aðflug og lending með hreyfil í hægagangi frá allt að 2000 fetum yfir vatnsborði (einungis eins hreyfils flugvél)		

FLOKKSÁRITUN SJÓR	VERKLEG ÞJÁLFUN	
Flugbrögð/Verklag	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
4.6 Hætt við lendingu í lágmarkshæð		
4.7 Lending á spegilsléttu vatni Lending á úfnu vatni		
4.8 Samband við flugumferðarstjórn, – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti		
5. HLUTI		
5. **Verklagsreglur við óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum** (Þennan hluta má tengja 1. til 4. hluta)		
5.1 Hætt við flugtak á hæfilegum hraða		
5.2 Eftirlíkt hreyfilbilun eftir flugtak (einungis eins hreyfils flugvélar)		
5.3 Eftirlíkt nauðlending án hreyfilafls (einungi eins hreyfils flugvélar)		
5.4 Eftirlíkt neyðarástand: i. eldur eða reykur á flugi, ii. bilanir í kerfum eftir því sem við á		
5.5 Samband við flugumferðarstjórn, – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti		
6. HLUTI		
6. **Líkt eftir flugi með biluðum hreyfli í fjölhreyfla flugvél** (Þennan hluta má tengja 1. til 5. hluta)		
6.1 Eftirlíkt hreyfilbilun við flugtak (í öruggri flughæð nema notaður sé flughermir með fullri hreyfingu og flugleiðsöguþjálfi II)		
6.2 Hreyfill stöðvaður og gangsettur að nýju (einungis færniprófi í fjölhreyfla flugvél)		
6.3 Aðflug með biluðum hreyfli og hætt við lendingu		
6.4 Aðflug með biluðum hreyfli og stöðvunarlending		
6.5 Samband við flugumferðarstjórn, – fyrirmælum fylgt, verklag við talfjarskipti		

C. **Sértækar kröfur fyrir þyrlur**

1. Hvað varðar færni- eða hæfnipróf fyrir tegundaráritanir og atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks skal umsækjandinn standast hluta 1 til 4 og 6. hluta (ef við á) í færni- eða hæfniprófinu. Umsækjandi sem fellur í fleiri en 5 atriðum verður að taka allt prófið aftur. Umsækjandi sem fellur í 5 atriðum eða færri verður að taka þau atriði aftur sem hann féll í. Falli umsækjandi í einhverju atriði upptökuprófs, þar með talin þau atriði sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur. Öllum viðeigandi hlutum færni- eða hæfniprófsins skal lokið á innan við 6 mánuðum.

2. Hvað varðar hæfnipróf fyrir blindflugsáritun skal umsækjandinn standast 5. hluta í hæfniprófinu. Falli umsækjandinn í fleiri en þremur atriðum verður hann að taka allan 5. hluta aftur. Umsækjandi sem fellur þremur atriðum eða færri skal taka þau atriði aftur sem hann féll í. Falli umsækjandi í einhverjum atriðum upptökuprófs, þar með talið í þeim atriðum í 5. hluta sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

3. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

a) starfrækt þyrluna innan þeirra takmarka sem henni eru sett,

b) lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

c) viðhaft góða dómgreind og flugmennsku,

d) beitt þekkingu á flugleiðsögu,

e) alltaf haldið góðri stjórn á þyrlunni með þeim hætti að ekki verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

f) skilið og beitt verklagsreglum um áhafnarsamstarf og óstarfhæfni flugliða, ef við á, og

g) haft skilvirk samskipti við aðra flugverja, ef við á.

4. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar flugvélar sem notuð er.

a) Takmarkanir í flugi eftir blindflugsreglum

Hæð:

Almennt	± 100 fet
fráflug hafið í ákvörðunarhæð/-flughæð	+ 50 fet/– 0 fet
Lágmarkslækkunarhæð/-flughæð	+ 50 fet/– 0 fet

Ferli haldið:

með aðflugstækjum	± 5°
Nákvæmnisaðflug	hálft frávik á skala, miðlínugeisli og hallageisli

Nefstefna:

Eðlileg starfræksla	± 5°
Óeðlileg starfræksla/neyðarástand	± 10°

Hraði:

Almennt	± 10 hnútar
líkt eftir hreyfilbilun	+10 hnútar/–5 hnútar

b) Takmarkanir í sjónflugi

Hæð:

Almennt	± 100 fet

Nefstefna:

Eðlileg starfræksla	± 5°
Óeðlileg starfræksla/neyðarástand	± 10°

Hraði:

Almennt	± 10 hnútar
líkt eftir hreyfilbilun	+10 hnútar/–5 hnútar

Rek miðað við jörð:

Vokað í jarðhrifum í flugtaki	± 3 fet
Lending	± 2 fet (0 fet í flugi afturábak eða til hliðar)

EFNI ÞJÁLFUNARINNAR/FÆRNIPRÓFS/HÆFNIPRÓFS

ALMENNT

5. Eftirfarandi tákn merkja:

P = Þjálfaður sem flugstjóri fyrir útgáfu tegundaráritunar fyrir einstjórnarþyrlu eða þjálfaður sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður og sem flugmaður við stjórn og flugmaður sem er ekki við stjórn fyrir útgáfu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlu.

6. Verkleg þjálfun skal fara fram að minnsta kosti í því þjálfunartæki sem merkt er með (P), eða fullkomnara þjálfunartæki eftir því sem örin (——>) sýnir.

Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar til að tákna þann þjálfunarbúnað sem notaður er:

FFS = Flughermir með fullri hreyfingu

FTD = Flugþjálfunartæki

H = Þyrla

7. Stjörnumerkt atriði (*) skulu einungis fara fram við raunveruleg eða eftirlíkt blindflugsskilyrði (IMC) ef umsækjandi vill endurnýja eða framlengja blindflugsáritun fyrir fjölstjórnarþyrlu eða fá viðbótarréttindi fyrir aðra tegund.

8. Verklag við blindflug (5. hluti) skal einungis fara fram ef umsækjandi vill endurnýja eða framlengja blindflugsáritun eða fá viðbótarréttindi fyrir aðra tegund. Nota má flughermi með fullri hreyfingu eða flugþjálfunartæki 2/3 í þessum tilgangi.

9. Æfing þar sem bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf eða hæfnipróf er skyldubundin.

10. Nota skal flughermisþjálfa við verklega þjálfun og próf ef flughermisþjálfinn er hluti af samþykktu tegundaráritunarnámskeiði. Eftirtalin atriði skulu athuguð þegar námskeiðið er samþykkt:

i. viðurkenning flughermisþjálfans eins og sett er fram í OR-hluta,

ii. starfsréttindi kennarans og prófdómarans,

iii. hversu mikið af þjálfuninni á námskeiðinu er veitt í flughermisþjálfa,

iv. starfsréttindi og fyrri reynsla flugmannsins sem er í þjálfun á svipuðum tegundum og

v. hversu mikla reynslu flugmaðurinn fær í flugi undir umsjón eftir að nýja tegundaráritunin er gefin út.

FJÖLSTJÓRNARÞYRLUR

11. Umsækjendur um færnipróf til útgáfu tegundaráritunar fyrir fjölstjórnarþyrlu og atvinnuflugmannsskírteini fyrir þyrlur, 1. flokks, skulu aðeins taka hluta 1 til 4 og, ef við á, 6. hluta.

12. Umsækjendur um hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun á tegundaráritun á fjölstjórnarþyrlu skulu taka hluta 1 til 4 og, ef við á, 6. hluta.

EINSTJÓRNAR-/ FJÖLSTJÓRNARÞYRLUR	VERKLEG ÞJÁLFUN				FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/Verklag	FTD	FFS	H	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í: FFS H	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
1. HLUTI — Undirbúningur og prófanir fyrir flug						
1.1 Þyrla skoðuð að utan, staðsetning hvers hlutar og markmið skoðunar			P		M (ef framkvæmt í þyrlunni)	
1.2 Skoðun stjórnklefa		P	—>		M	
1.3 Verklag við gangsetningu, prófun fjarskipta- og leiðsögubúnaðar, val og stilling tíðna fyrir leiðsögu og fjarskipti	P	—>	—>		M	
1.4 Akstur/loftakstur samkvæmt fyrirmælum flugumferðarstjórnar eða kennara		P	—>		M	
1.5 Verklag og prófanir fyrir flugtak	P	—>	—>		M	
2. HLUTI — Flugbrögð og verklag						
2.1 Flugtök (með ýmsu sniði)		P	—>		M	
2.2 Flugtök og lendingar í halla eða í hliðarvindi		P	—>			
2.3 Flugtak með hámarksflugtaksmassa (raunverulegur eða eftirlíktur hámarksflugtaksmassi)	P	—>	—>			
2.4 Flugtak með eftirlíktri hreyfilbilun rétt áður en ákvörðunarpunkti flugtaks eða skilgreindum öryggispunkti eftir flugtak er náð		P	—>		M	
2.4.1 Flugtak með eftirlíktri hreyfilbilun skömmu eftir að ákvörðunarpunkti flugtaks eða skilgreindum öryggispunkti eftir flugtak er náð		P	—>		M	
2.5 Beygjur í klifri og lækkun í ákveðna stefnu	P	—>	—>		M	

EINSTJÓRNAR-/ FJÖLSTJÓRNARÞYRLUR	VERKLEG ÞJÁLFUN				FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/Verklag	FTD	FFS	H	Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS H	Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið
2.5.1 Beygjur með 30° halla, 180° til 360° til vinstri og hægri, þegar einungis er stýrt eftir mælitækjum	P	—>	—>		M	
2.6 Lækkun með sjálfsnúningi þyrils	P	—>	—>		M	
2.6.1 Lending með sjálfsnúningi þyrils (einungis eins hreyfils þyrlur) eða afl endurheimt		P	—>		M	
2.7 Lendingar, með ýmsu sniði		P	—>		M	
2.7.1 Hætt við lendingu eða lending eftir eftirlíkta hreyfilbilun áður en ákvörðunarpunkti í lendingu eða skilgreindum öryggispunkti fyrir lendingu er náð.		P	—>		M	
2.7.2 Lending eftir eftirlíkta hreyfilbilun eftir að ákvörðunarpunkti í lendingu eða skilgreindum öryggispunkti fyrir lendingu er náð.		P	—>		M	
3. HLUTI — Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa og ferla/verklags						
3. Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa og ferla/ verklags:					M	Velja skal minnst 3 atriði frá þessum hluta
3.1 Hreyfill	P	—>	—>			
3.2 Loftjöfnun (hitun, loftræsting)	P	—>	—>			
3.3 Hraðanemakerfi	P	—>	—>			
3.4 Eldsneytiskerfi	P	—>	—>			
3.5 Rafkerfi	P	—>	—>			
3.6 Vökvakerfi	P	—>	—>			
3.7 Stýri og stýrisstillar	P	—>	—>			
3.8 Ísingarvarnar- og afísingarkerfi	P	—>	—>			
3.9 Sjálfstýring/flugbeinir	P	—>	—>			
3.10 Stöðugleikabúnaður	P	—>	—>			

EINSTJÓRNAR-/ FJÖLSTJÓRNARÞYRLUR	VERKLEG ÞJÁLFUN				FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/Verklag	FTD	FFS	H	Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS H	Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið
3.11 Veðurratsjá, ratsjárhæðarmælir, ratsjársvari	P	—>	—>			
3.12 Svæðisleiðsögukerfi	P	—>	—>			
3.13 Lendingarbúnaður	P	—>	—>			
3.14 Aukaaflsstöð	P	—>	—>			
3.15 Talstöð, leiðsögubúnaðar, mælitæki, flugkerfi	P	—>	—>			
4. HLUTI — Verklagsreglur við óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum						
4. Verklagsreglur við óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum					M	Velja skal minnst 3 atriði frá þessum hluta
4.1 Brunaæfingar (þ.m.t. rýming, ef við á)	P	—>	—>			
4.2 Reykhindrun og reykræsting	P	—>	—>			
4.3 Hreyfilbilanir, hreyfill stöðvaður og gangsettur að nýju í öruggri hæð	P	—>	—>			
4.4 Snögglosun eldsneytis (eftirlíkt)	P	—>	—>			
4.5 Bilun í stjórnbúnaði stélþyrils (ef við á)	P	—>	—>			
4.5.1 Stélþyrill óvirkur (ef við á)	P	—>	Ekki má nota þyrlu við þessa æfingu			
4.6 Flugverji óstarfhæfur — fjölstjórnarþyrlur eingöngu	P	—>	—>			
4.7 Bilanir í gírkassa	P	—>	—>			
4.8 Aðrar verklagsreglur í neyðartilvikum eins og þeim er lýst í viðeigandi flughandbók	P	—>	—>			

EINSTJÓRNAR-/ FJÖLSTJÓRNARÞYRLUR	VERKLEG ÞJÁLFUN				FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/Verklag	FTD	FFS	H	Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í: FFS H	Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið
5. HLUTI — Verklag í blindflugi (skal fara fram við blindflugsskilyrði eða eftirlíkt blindflugsskilyrði)						
5.1 Flugtak í blindflugi: skipta skal yfir í blindflug eins fljótt og mögulegt er eftir flugtak.	P*	—>*	—>*			
5.1.1 Eftirlíkt hreyfilbilun í brottflugi	P*	—>*	—>*		M*	
5.2 Farið eftir brottfarar- og komuleiðum og fyrirmælum flugumferðarstjórnar fylgt	P*	—>*	—>*		M*	
5.3 Verklagsreglur í biðflugi	P*	—>*	—>*			
5.4 Blindlendingaraðflug niður í ákvörðunarhæð skv. I. fl. (CAT I)	P*	—>*	—>*			
5.4.1 Handflogið, án flugbeinis	P*	—>*	—>*		M*	
5.4.2 Nákvæmnisaðflug, handvirkt með eða án flugbeinis	P*	—>*	—>*		M*	
5.4.3 Með sjálfstýringu tengda	P*	—>*	—>*			
5.4.4 Handflogið, líkt eftir einum hreyfli óvirkum. (Líkja verður eftir hreyfilbilun í lokaaðflugi áður en farið er yfir ytri markvita til snertipunkts eða að loknu fráflugi)	P*	—>*	—>*		M*	
5.5 Grunnaðflug niður í lágmarks-lækkunarflughæð/-hæð	P*	—>*	—>*		M*	
5.6 Fráflug með alla hreyfla virka í ákvörðunarflughæð/-hæð eða lágmarkslækkunarflughæð/-hæð	P*	—>*	—>*			
5.6.1 Aðrar verklagsreglur við fráflug	P*	—>*	—>*			
5.6.2 Fráflug þegar líkt er eftir að einn hreyfill sé óvirkur í ákvörðunarflughæð/-hæð eða lágmarkslækkunarflughæð/-hæð	P*				M*	

EINSTJÓRNAR-/ FJÖLSTJÓRNARÞYRLUR	VERKLEG ÞJÁLFUN				FÆRNIPRÓF EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/Verklag	FTD	FFS	H	Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS H	Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið
5.7 Sjálfsnúningur þyrils og afl endurheimt við blindflugsaðstæður	P*	—>*	—>*		M*	
5.8 Komist úr óeðlilegri stöðu	P*	—>*	—>*		M*	
6. HLUTI — Notkun valfrjáls búnaðar						
6. Notkun valfrjáls búnaðar	P	—>	—>			

D. **Sértækar kröfur fyrir vænghnitur**

1. Hvað varðar færnipróf eða hæfnipróf fyrir tegundaráritanir fyrir vænghnitur skal umsækjandinn standast hluta 1 til 5 og 6. hluta (ef við á) í færni eða hæfniprófinu. Umsækjandi sem fellur í fleiri en 5 atriðum verður að taka allt prófið aftur. Umsækjandi sem fellur í 5 atriðum eða færri verður að taka þau atriði aftur sem hann féll í. Falli umsækjandi í einhverju atriði upptökuprófs, þar með talin þau atriði sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur. Öllum viðeigandi hlutum færni- eða hæfniprófsins skal lokið á innan við 6 mánuðum.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

2. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

a) starfrækt vænghnitu innan þeirra takmarka sem henni eru sett,

b) lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

c) viðhaft góða dómgreind og flugmennsku,

d) beitt þekkingu á flugleiðsögu,

e) alltaf haldið góðri stjórn á vænghnitunni með þeim hætti að ekki verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

f) skilið og beitt verklagsreglum um áhafnarsamstarf og óstarfhæfni flugliða og

g) haft skilvirk samskipti við aðra flugverja.

3. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þeirrar vænghnitu sem notuð er.

a) Takmarkanir í flugi eftir blindflugsreglum:

Hæð:

Almennt	±100 fet
fráflug hafið í ákvörðunarhæð/-flughæð	+ 50 fet/– 0 fet
Lágmarkslækkunarhæð/-flughæð	+ 50 fet/– 0 fet

Ferli haldið:

eftir aðflugstækjum	± 5°
í nákvæmnisaðflugi	hálft frávik á skala, miðlínugeisli og hallageisli

Nefstefna:

Eðlileg starfræksla	± 5°
Óeðlileg starfræksla/neyðarástand	± 10°

Hraði:

Almennt	± 10 hnútar
líkt eftir hreyfilbilun	+10 hnútar/–5 hnútar

b) Takmarkanir í sjónflugi

Hæð:

Almennt	± 100 fet

Nefstefna:

Eðlileg starfræksla	± 5°
Óeðlileg starfræksla/neyðarástand	± 10°

Hraði:

Almennt	± 10 hnútar
líkt eftir hreyfilbilun	+10 hnútar/–5 hnútar

Rek miðað við jörð:

Vokað í jarðhrifum í flugtaki	± 3 fet
Lending	± 2 fet (0 fet í flugi afturábak eða til hliðar)

EFNI ÞJÁLFUNARINNAR/FÆRNIPRÓFS/HÆFNIPRÓFS

4. Eftirfarandi tákn merkja:

P = Þjálfaður sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður og sem flugmaður við stjórn og flugmaður ekki við stjórn til útgáfu tegundaráritunar eftir því sem við á.

5. Verkleg þjálfun skal fara fram að minnsta kosti í því þjálfunartæki sem merkt er með (P), eða fullkomnara þjálfunartæki eftir því sem örin (——>) sýnir.

6. Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar til að tákna þann þjálfunarbúnað sem notaður er:

FFS = Flughermir með fullri hreyfingu

FTD = Flugþjálfunartæki

OTD = Annar þjálfunarbúnaður

PL = Vænghnita

a) Umsækjendur um færniprófið fyrir útgáfu tegundaráritunar fyrir vænghnitu skulu aðeins taka hluta 1 til 5 og, ef við á, 6. hluta.

b) Umsækjendur um hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun á tegundaráritun á vænghnitu skulu taka hluta 1 til 4 og, ef við á, 6. og/eða 7. hluta.

c) Stjörnumerkt atriði (*) skulu að öllu leyti fara fram við blindflugsskilyrði. Ef þetta skilyrði er ekki uppfyllt við færniprófið eða hæfniprófið verður tegundaráritunin takmörkuð við sjónflugsreglur eingöngu.

7. Æfing þar sem bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf eða hæfnipróf er skyldubundin.

8. Nota skal flughermisþjálfa við verklega þjálfun og próf ef þau eru hluti af samþykktu námskeiði til tegundarréttinda. Eftirtalin atriði skulu athuguð þegar námskeiðið er samþykkt:

a) viðurkenning flughermisþjálfans eins og kveðið er á um í OR-hluta,

b) starfsréttindi kennarans.

VÆNGHNITUR	VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF	
					Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	PL		FFS PL	
1. HLUTI — Undirbúningur og prófanir fyrir flug							
1.1 Vænghnita skoðuð að utan, staðsetning hvers hlutar og markmið skoðunar				P			
1.2 Skoðun stjórnklefa	P	—>	—>	—>			
1.3 Verklag við gangsetningu, prófun fjarskipta- og leiðsögubúnaðar, val og stilling tíðna fyrir leiðsögu og fjarskipti	P	—>	—>	—>		M	
1.4 Akstur samkvæmt fyrirmælum flugumferðarstjórnar eða kennara		P	—>	—>			
1.5 Verklag og prófanir fyrir flugtak þ.m.t. prófun á afli	P	—>	—>	—>		M	
2. HLUTI — Flugbrögð og verklag							
2.1 Eðlilegt flugtakssnið samkvæmt sjónflugsreglum Starfræksla á flugbraut (stutt flugtök og lendingar (STOL) og lóðrétt flugtök og lendingar (VTOL)), þ.m.t. hliðarvindur Upphækkaðir þyrluvellir Þyrluvellir á jörðu niðri		P	—>	—>		M	
2.2 Flugtak með hámarksflugtaksmassa (raunverulegur eða eftirlíktur hámarksflugtaksmassi)		P	—>				

VÆNGHNITUR	VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	PL	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í: FFS PL	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
2.3.1 Hætt við flugtak: við starfrækslu á flugbraut við starfrækslu á upphækkuðum þyrluvelli við starfrækslu nálægt jörðu		P	—>			M	
2.3.2 Flugtak með eftirlíktri hreyfilbilun eftir að farið er yfir ákvörðunarpunkt: við starfrækslu á flugbraut við starfrækslu á upphækkuðum þyrluvelli við starfrækslu nálægt jörðu		P	—>			M	
2.4 Lækkun með sjálfsnúningi þyrils í þyrluham til jarðar (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu)	P	—>	—>			M Eingöngu FFS	
2.4.1 Lækkun með sjálfsnúningi skrúfu í flugvélaham (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu)		P	—>			M Eingöngu FFS	
2.5 Eðlilegt lendingarsnið samkvæmt sjónflugsreglum Starfræksla á flugbraut (stutt flugtök og lendingar (STOL) og lóðrétt flugtök og lendingar (VTOL)) Upphækkaðir þyrluvellir Þyrluvellir á jörðu niðri		P	—>	—>		M	
2.5.1 Lending með eftirlíktri hreyfilbilun eftir að ákvörðunarpunkti er náð: við starfrækslu á flugbraut við starfrækslu á upphækkuðum þyrluvelli við starfrækslu nálægt jörðu							

VÆNGHNITUR	VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF	
					Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í	Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið
Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	PL		FFS PL	
2.6 Fráflug eða lending í kjölfar eftirlíktrar hreyfilbilunar áður en ákvörðunar-punkti er náð		P	—>			M	
3. HLUTI — Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa og ferla/verklags							
3. Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtal-inna kerfa og ferla/ verklags (má ljúka í flughermisþjálfa ef hann er viður-kenndur fyrir æfinguna):						M	Velja skal minnst 3 atriði frá þessum hluta
3.1 Hreyfill	P	—>	—>				
3.2 Þrýstijöfnun og loftjöfnun (hitun, loftræsting)	P	—>	—>				
3.3 Hraðanemakerfi	P	—>	—>				
3.4 Eldsneytiskerfi	P	—>	—>				
3.5 Rafkerfi	P	—>	—>				
3.6 Vökvakerfi	P	—>	—>				
3.7 Stýri og stýrisstillari	P	—>	—>				
3.8 Ísingarvarnar- og afísingarkerfi, rúðuhitun (ef uppsett)	P	—>	—>				
3.9 Sjálfstýring/ flugbeinir	P	—>	—>				

VÆNGHNITUR	VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	PL	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS PL	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
3.10 Ofrisaðvörun eða ofrisvörn og stöðugleikabúnaður	P	—>	—>				
3.11 Veðurratsjá, ratsjárhæðarmælir, ratsjársvari, jarðvarakerfi (ef uppsett)	P	—>	—>				
3.12 Lendingarbúnaður	P	—>	—>				
3.13 Aukaaflsstöð	P	—>	—>				
3.14 Talstöð, leiðsögubúnaðar, mælitæki og flugkerfi	P	—>	—>				
3.15 Flapakerfi	P	—>	—>				
4. HLUTI — VERKLAGSREGLUR VIÐ ÓEÐLILEGAR AÐSTÆÐUR OG Í NEYÐARTILVIKUM							
4. Verklagsreglur við óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum (má ljúka í flughermisþjálfa ef hann er viðurkenndur fyrir æfinguna)						M	Velja skal minnst 3 atriði frá þessum hluta
4.1 Brunaæfingar, bruni í hreyfli, aukaaflstöð, farmrými, stjórnklefa og rafmagnseldar, þar með talin rýming, ef við á	P	—>	—>				
4.2 Reykhindrun og reykræsting	P	—>	—>				
4.3 Hreyfilbilun, hreyfill stöðvaður og gangsettur að nýju (ekki skal nota loftfar fyrir þessa æfingu) þ.m.t. skipt úr þyrluham í flugvélarham með einn hreyfil óstarfhæfan (e. *OEI conversion*) og öfugt	P	—>	—>			Eingöngu FFS	

VÆNGHNITUR	VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	PL	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í: FFS PL	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
4.4 Snögglosun eldsneytis (eftirlíkt, ef uppsett)	P	—>	—>				
4.5 Vindhvörf við flugtak og lendingu (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu)			P			Eingöngu FFS	
4.6 Líkt eftir þrýstingsbilun í farþegarými/neyðarlækkun (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu)	P	—>	—>			Eingöngu FFS	
4.7 Atburður í tengslum við árekstrarvarakerfi (ACAS) (ekki skal nota loftfar fyrir þessa æfingu)	P	—>	—>			Eingöngu FFS	
4.8 Óstarfhæfni flugverja	P	—>	—>				
4.9 Bilanir í gírkassa	P	—>	—>			Eingöngu FFS	
4.10 Komist úr fullu ofrisi (með og án afls) eða eftir að ofrisvörn hefur virkað, í klifri, farflugi og aðflugsham (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu)	P	—>	—>			Eingöngu FFS	
4.11 Aðrar verklagsreglur í neyðartilvikum eins og þeim er lýst í viðeigandi flughandbók	P	—>	—>				
5. HLUTI — Verklag í blindflugi (skal fara fram við blindflugsskilyrði eða eftirlíkt blindflugsskilyrði)							
5.1 Flugtak í blindflugi: skipta skal yfir í blindflug eins fljótt og mögulegt er eftir flugtak.	P*	—>*	—>*				
5.1.1 Eftirlíkt hreyfilbilun í brottflugi eftir að ákvörðunarpunkti er náð	P*	—>*	—>*			M*	

VÆNGHNITUR	VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF	
					Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í	Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið
Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	PL		FFS PL	
5.2 Farið eftir brott-farar- og komu-leiðum og fyrir-mælum flugum-ferðarstjórnar fylgt	P*	—>*	—>*			M*	
5.3 Verklagsreglur í biðflugi	P*	—>*	—>*				
5.4 Nákvæmnisaðflug niður í ákvörðunar-hæð ekki undir 60 m (200 fet)	P*	—>*	—>*				
5.4.1 Handflogið, án flugbeinis	P*	—>*	—>*			M* (Færni-próf ein-göngu)	
5.4.2 Handflogið, með flugbeini	P*	—>*	—>*				
5.4.3 Með sjálfstýringu	P*	—>*	—>*				
5.4.4 Handflogið, líkt eftir einum hreyfli óvirkum, líkja verður eftir hreyfilbilun í lokaaðflugi áður en farið er yfir ytri markvita til snertipunkts eða í öllu fráfluginu.	P*	—>*	—>*			M*	
5.5 Grunnaðflug niður í lágmarkslækkunar-flughæð/-hæð	P*	—>*	—>*			M*	
5.6 Fráflug með alla hreyfla virka í ákvörðunar-flughæð/-hæð eða lágmarkslækkunar-flughæð/-hæð	P*	—>*	—>*				
5.6.1 Aðrar verklagsreglur við fráflug	P*	—>*	—>*				
5.6.2 Fráflug þegar líkt er eftir að einn hreyfill sé óvirkur í ákvörðunar-flughæð/-hæð eða lágmarkslækkunar-flughæð/-hæð	P*					M*	

VÆNGHNITUR		VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF	
	Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	PL	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS PL	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
5.7	Sjálfsnúningur þyrils og afl endurheimt við blindflugsskilyrði til að lenda á flugbraut í þyrluham eingöngu (ekki skal nota loftfar við þessa æfingu)	P*	—>*	—>*			M* Eingöngu FFS	
5.8	Komist úr óeðlilegri stöðu (þetta er háð getu flughermisins með fullri hreyfingu)	P*	—>*	—>*			M*	
6. HLUTI — Viðbótarheimild við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður í ákvörðunarhæð minni en 60 m (skv. II. eða III. flokki (CAT II/III))								
6.	Viðbótarheimild við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður í ákvörðunarhæð minni en 60 m (skv. II. eða III. flokki (CAT II/III)). Eftirtalin flugbrögð og verklag eru lágmarksþjálfunarkröfur til að blindaðflug sé leyft niður í ákvörðunarhæð minni en 60 m (200 fet). Við eftirtalin blindaðflug og fráflug skal nota allan búnað vænghnitu sem krafist er til útgáfu tegundarskírteinis til blindaðflugs niður í ákvörðunarhæð lægri en 60 m (200 fet).							
6.1	Hætt við flugtak við minnsta leyft flugbrautarskyggni (RVR)		P	—>			M*	
6.2	Blindlendingaraðflug við eftirlíktar blindflugsaðstæður niður í viðeigandi ákvörðunarhæð, þegar notað er leiðsögukerfi. Nota skal staðlaðar verklagslegur við áhafnarsamstarf		P	—>	—>		M*	

VÆNGHNITUR	VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/Verklag	OTD	FTD	FFS	PL	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í: FFS PL	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
6.3 Hætt við lendingu eftir aðflug eins og lýst er í 6.2 þegar ákvörðunarhæð er náð. Við þjálfunina skal einnig hætt við lendingu vegna (eftirlíkts) ónógs flugbrautarskyggnis, vindhvarfa, fráviks loftfars út yfir aðflugsmörk fyrir heppnað aðflug og bilunar í tækjabúnaði á jörðu/í loftfarinu áður en ákvörðunarhæð er náð og, hætt við lendingu þegar líkt er eftir bilun í tækjabúnaði loftfarsins.		P	—>	—>		M*	
6.4 Lending(ar) þegar kennileiti sjást í ákvörðunarhæð eftir blindaðflug. Lenda skal sjálfvirkt ef viðkomandi flugleiðsögukerfi leyfir.		P	—>			M*	
7. HLUTI — valfrjáls búnaður							
7. Notkun valfrjáls búnaðar		P	—>	—>			

E. **Sértækar kröfur fyrir loftskip**

1. Hvað varðar færni- eða hæfnipróf fyrir tegundaráritanir fyrir loftskip skal umsækjandinn standast hluta 1 til 5 og 6. hluta (ef við á) í færni- eða hæfniprófinu. Umsækjandi sem fellur í fleiri en 5 atriðum verður að taka allt prófið aftur. Umsækjandi sem fellur í 5 atriðum eða færri verður að taka þau atriði aftur sem hann féll í. Falli umsækjandi í einhverju atriði upptökuprófs, þar með talin þau atriði sem hann stóðst í fyrri tilraun, verður hann að taka allt prófið aftur. Öllum viðeigandi hlutum færni- eða hæfniprófsins skal lokið á innan við 6 mánuðum.

GETA VIÐ FLUGPRÓF

2. Umsækjandinn skal sýna að hann geti:

i. starfrækt loftskipið innan þeirra takmarka sem því eru sett,

ii. lokið öllum flugbrögðum af lipurð og nákvæmni,

iii. viðhaft góða dómgreind og flugmennsku,

iv. beitt þekkingu á flugleiðsögu,

v. alltaf haldið góðri stjórn á loftskipinu með þeim hætti að ekki verði efast um að aðgerð eða flugbragð beri góðan árangur.

vi. skilið og beitt verklagsreglum um áhafnarsamstarf og óstarfhæfni flugliða og

vii. haft skilvirk samskipti við aðra flugverja.

3. Eftirfarandi mörk skulu gilda, leiðrétt til að taka tillit til ókyrrðar í lofti og stjórnunareiginleika og afkastagetu þess loftskips sem notað er.

a) Takmarkanir í flugi eftir blindflugsreglum:

Hæð:

Almennt	± 100 fet
fráflug hafið í ákvörðunarhæð/-flughæð	+ 50 fet/– 0 fet
Lágmarkslækkunarhæð/-flughæð	+ 50 fet/– 0 fet

Ferli haldið:

eftir aðflugstækjum	± 5°
í nákvæmnisaðflugi	hálft frávik á skala, miðlínugeisli og hallageisli

Nefstefna:

Eðlileg starfræksla	± 5°
Óeðlileg starfræksla/neyðarástand	± 10°

b) Takmarkanir í sjónflugi:

Hæð:

Almennt	± 100 fet

Nefstefna:

Eðlileg starfræksla	± 5°
Óeðlileg starfræksla/neyðarástand	± 10°

EFNI ÞJÁLFUNARINNAR/FÆRNIPRÓFS/HÆFNIPRÓFS

4. Eftirfarandi tákn merkja:

P = Þjálfaður sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður og sem flugmaður við stjórn og flugmaður ekki við stjórn til útgáfu tegundaráritunar eftir því sem við á.

5. Verkleg þjálfun skal fara fram að minnsta kosti í því þjálfunartæki sem merkt er með (P), eða fullkomnara þjálfunartæki eftir því sem örin (——>) sýnir.

6. Eftirfarandi skammstafanir eru notaðar til að tákna þann þjálfunarbúnað sem notaður er:

FFS = Flughermir með fullri hreyfingu

FTD = Flugþjálfunartæki

OTD = Annar þjálfunarbúnaður

As = Loftskip

a) Umsækjendur um færniprófið fyrir útgáfu tegundaráritunar fyrir loftskip skulu aðeins taka hluta 1 til 5 og, ef við á, 6. hluta.

b) Umsækjendur um hæfnipróf fyrir framlengingu eða endurnýjun á tegundaráritun á loftskip skulu taka hluta 1 til 5 og, ef við á, 6. hluta.

c) Stjörnumerkt atriði (*) skulu að öllu leyti fara fram við blindflugsskilyrði. Ef þetta skilyrði er ekki uppfyllt við færniprófið eða hæfniprófið verður tegundaráritunin takmörkuð við sjónflugsreglur eingöngu.

7. Æfing þar sem bókstafurinn „M“ kemur fyrir í dálkinum fyrir færnipróf eða hæfnipróf er skyldubundin.

8. Nota skal flughermisþjálfa við verklega þjálfun og próf ef þau eru hluti af námskeiði til tegundarréttinda. Eftirtalin atriði skulu athuguð þegar námskeiðið er samþykkt:

a) viðurkenning flughermisþjálfans eins og kveðið er á um í OR-hluta,

b) starfsréttindi kennarans.

LOFTSKIP	VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag	OTD	FTD	FFS	As	Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS As	Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið
1. HLUTI — Undirbúningur og prófanir fyrir flug							
1.1 Fyrirflugsskoðun				P			
1.2 Skoðun stjórnklefa	P	—>	—>	—>			
1.3 Verklag við gangsetningu, prófun fjarskipta- og leiðsögubúnaðar, val og stilling tíðna fyrir leiðsögu og fjarskipti		P	—>	—>		M	
1.4 Verklag þegar loftskip ef laust frá mastri og tilfærslur á jörðu			P	—>		M	

LOFTSKIP	VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag	OTD	FTD	FFS	As	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í: FFS / As	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
1.5 Verklag og prófanir fyrir flugtak	P	—>	—>	—>		M	
2. HLUTI — Flugbrögð og verklag							
2.1 Eðlilegt flugtakssnið samkvæmt sjónflugsreglum			P	—>		M	
2.2 Flugtak með eftirlíktri hreyfilbilun			P	—>		M	
2.3 Flugtak með þunga > 0 (þungt flugtak)			P	—>			
2.4 Flugtak með þunga < 0 (létt flugtak)			P	—>			
2.5 Verklag við venjulegt klifur			P	—>			
2.6 Klifur í þrýstingshæð			P	—>			
2.7 Greining þrýstingshæðar			P	—>			
2.8 Flug í eða nálægt þrýstingshæð			P	—>		M	
2.9 Eðlileg lækkun flugs og aðflug			P	—>			
2.10 Eðlilegt lendingarsnið samkvæmt sjónflugsreglum			P	—>		M	
2.11 Lending með þunga > 0 (þung lending)			P	—>		M	
2.12 Lending með þunga < 0 (létt lending)			P	—>		M	
Hér á að vera eyða							

LOFTSKIP	VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag	OTD	FTD	FFS	As	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í: FFS / As	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
3. HLUTI — Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa og ferla/verklags							
3. Eðlileg og óeðlileg starfræksla eftirtalinna kerfa og ferla/verklags (má ljúka í flughermisþjálfa ef hann er viðurkenndur fyrir æfinguna):						M	Velja skal minnst 3 atriði frá þessum hluta
3.1 Hreyfill	P	—>	—>	—>			
3.2 Þrýstijöfnun belgs	P	—>	—>	—>			
3.3 Hraðanemakerfi	P	—>	—>	—>			
3.4 Eldsneytiskerfi	P	—>	—>	—>			
3.5 Rafkerfi	P	—>	—>	—>			
3.6 Vökvakerfi	P	—>	—>	—>			
3.7 Stýri og stýrisstillari	P	—>	—>	—>			
3.8 Loftpokakerfi	P	—>	—>	—>			
3.9 Sjálfstýring/flugbeinir	P	—>	—>	—>			
3.10 Stöðugleikabúnaður	P	—>	—>	—>			
3.11 Veðurratsjá, ratsjárhæðarmælir, ratsjársvari, jarðvarakerfi (ef uppsett)	P	—>	—>	—>			
3.12 Lendingarbúnaður	P	—>	—>	—>			

LOFTSKIP	VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag	OTD	FTD	FFS	As	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS As	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
3.13 Aukaaflsstöð	P	—>	—>	—>			
3.14 Talstöð, leiðsögubúnaðar, mælitæki og flugkerfi	P	—>	—>	—>			
Hér á að vera eyða							
4. HLUTI — Verklagsreglur við óeðlilegar aðstæður og í neyðartilvikum							
4. Verklagsreglur við óvenjulegar aðstæður og í neyðartilvikum (má ljúka í flughermisþjálfa ef hann er viðurkenndur fyrir æfinguna)						M	Velja skal minnst 3 atriði frá þessum hluta
4.1 Brunaæfingar, bruni í hreyfli, aukaaflstöð, farmrými, stjórnklefa og rafmagnseldar, þar með talin rýming, ef við á	P	—>	—>	—>			
4.2 Reykhindrun og reykræsting	P	—>	—>	—>			
4.3 Hreyfilbilun, hreyfill stöðvaður og gangsettur að nýju Á ákveðnum stigum flugs, þ.m.t. hreyfilbilun í mörgum hreyflum	P	—>	—>	—>			
4.4 Óstarfhæfni flugverja	P	—>	—>	—>			
4.5 Bilanir í skiptingu/gírkassa	P	—>	—>	—>		Eingöngu FFS	
4.6 Aðrar verklagsreglur í neyðartilvikum eins og þeim er lýst í viðeigandi flughandbók	P	—>	—>	—>			

LOFTSKIP	VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag	OTD	FTD	FFS	As	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS As	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
5. HLUTI — Verklag í blindflugi (skal fara fram við blindflugsskilyrði eða eftirlíkt blindflugsskilyrði)							
5.1 Flugtak í blindflugi: skipta skal yfir í blindflug eins fljótt og mögulegt er eftir flugtak.	P*	—>*	—>*	—>*			
5.1.1 Eftirlíkt hreyfilbilun í brottflugi	P*	—>*	—>*	—>*		M*	
5.2 Farið eftir brottfarar- og komuleiðum og fyrirmælum flugumferðarstjórnar fylgt	P*	—>*	—>*	—>*		M*	
5.3 Verklagsreglur í biðflugi	P*	—>*	—>*	—>*			
5.4 Nákvæmnisaðflug niður í ákvörðunarhæð ekki undir 60 m (200 fet)	P*	—>*	—>*	—>*			
5.4.1 Handflogið, án flugbeinis	P*	—>*	—>*	—>*		M* (Færnipróf eingöngu)	
5.4.2 Handflogið, með flugbeini	P*	—>*	—>*	—>*			
5.4.3 Með sjálfstýringu	P*	—>*	—>*	—>*			
5.4.4 Handflogið, líkt eftir einum hreyfli óvirkum, líkja verður eftir hreyfilbilun í lokaaðflugi áður en farið er yfir ytri markvita til snertipunkts eða í öllu fráfluginu.	P*	—>*	—>*	—>*		M*	
5.5 Grunnaðflug niður í lágmarkslækkunarflughæð/-hæð	P*	—>*	—>*	—>*		M*	

LOFTSKIP	VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag	OTD	FTD	FFS	As	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í: FFS / As	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
5.6 Hætt við lendingu með alla hreyfla virka þegar ákvörðunarflughæð/-hæð eða lágmarkslækkunarflughæð/-hæð er náð	P*	—>*	—>*	—>*			
5.6.1 Aðrar verklagsreglur við fráflug	P*	—>*	—>*	—>*			
5.6.2 Fráflug þegar líkt er eftir að einn hreyfill sé óvirkur í ákvörðunarflughæð/-hæð eða lágmarkslækkunarflughæð/-hæð	P*					M*	
5.7 Komist úr óeðlilegri stöðu (þetta er háð getu flughermisins með fullri hreyfingu)	P*	—>*	—>*	—>*		M*	
6. HLUTI — Viðbótarheimild við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður í ákvörðunarhæð minni en 60 m (skv. II. eða III. flokki (CAT II/III)).							
6. Viðbótarheimild við tegundaráritun fyrir blindaðflug niður í ákvörðunarhæð minni en 60 m (skv. II. eða III. flokki (CAT II/III)). Eftirtalin flugbrögð og verklag eru lágmarksþjálfunarkröfur til að blindaðflug sé leyft niður í ákvörðunarhæð minni en 60 m (200 fet). Við eftirtalin blindaðflug og fráflug skal nota allan búnað loftskips sem krafist er til útgáfu tegundarskírteinis til blindaðflugs niður í ákvörðunarhæð lægri en 60 m (200 fet).							

LOFTSKIP	VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag	OTD	FTD	FFS	As	Upphafsstafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í: FFS, As	Upphafsstafir prófdómara þegar prófi er lokið
6.1 Hætt við flugtak við minnsta leyft flugbrautarskyggni (RVR)		P	—>			M*	
6.2 Blindlendingaraðflug Við eftirlíktar blindflugsaðstæður niður í viðeigandi ákvörðunarhæð þegar notað er leiðsögukerfi. Nota skal staðlað verklag við áhafnarsamstarf		P	—>			M*	
6.3 Hætt við lendingu eftir aðflug eins og lýst er í 6.2 þegar ákvörðunarhæð er náð. Við þjálfunina skal einnig hætt við lendingu vegna (eftirlíkts) ónógs flugbrautarskyggnis, vindhvarfa, fráviki loftfars út yfir aðflugsmörk fyrir heppnað aðflug og bilunar í tækjabúnaði á jörðu/í flugvél áður en ákvörðunarhæð er náð og, hætt við lendingu þegar er líkt er eftir bilun í tækjabúnaði flugvélar.		P	—>			M*	
6.4 Lending(ar) Þegar kennileiti sjást í ákvörðunarhæð eftir blindaðflug. Lenda skal sjálfvirkt ef viðkomandi flugleiðsögukerfi leyfir.		P	—>			M*	

LOFTSKIP	VERKLEG ÞJÁLFUN					FÆRNI- EÐA HÆFNIPRÓF	
Flugbrögð/verklag	OTD	FTD	FFS	As	Upphafs-stafir kennara þegar þjálfun er lokið	Prófað í FFS As	Upphafs-stafir prófdómara þegar prófi er lokið
7. HLUTI — valfrjáls búnaður							
7. Notkun valfrjáls búnaðar		P	—>				

II. VIÐAUKI

SKILYRÐI FYRIR BREYTINGU GILDANDI ÞJÓÐARSKÍRTEINA OG ÁRITANA FYRIR FLUGVÉLAR OG ÞYRLUR

A. FLUGVÉLAR

1. **Flugmannsskírteini**

Flugmannsskírteini sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landskröfur skal umbreytt í skírteini samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að umsækjandinn uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) hvað varðar atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, og atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, standist, í hæfniprófi, kröfur í FCL-hluta um framlengingu tegundar-/flokks- og blindflugsáritunar í samræmi við þau réttindi skírteinisins sem hann er handhafi af,

b) sýni fram á þekkingu í viðeigandi köflum OPS- og FCL-hluta,

c) sýni fram á tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055,

d) fullnægi kröfunum sem settar eru fram í töflunni hér á eftir:

Þjóðarskírteini	Fartímar alls	Viðbótarkröfur	Nýtt skírteini samkvæmt FCL-hluta og skilyrði *(þar sem við á)*	Til að fá takmarkanir felldar niður í skírteini	
(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	
ATPL(A)	> 1500 sem flugstjóri á fjölstjórnar-flugvélum	Engar	ATPL(A)	á ekki við	a)
ATPL(A)	> 1500 á fjöl-stjórnarflug-vélum	engar	eins og í 4. dálki, reit c	eins og í 5. dálki, reit c	b)
ATPL(A)	> 500 á fjöl-stjórnarflug-vélum	sýna fram á þekkingu sína á gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.515	ATPL(A) með tegundaráritun sem takmarkast við aðstoðar-flugmann	sýna fram á hæfni til að starfa sem flugstjóri eins og krafist er í 9. viðbæti við FCL-hluta	c)
CPL/IR(A) og staðist bóklegt ATPL-próf í samræmi við reglur Alþjóðaflugmála-stofnunarinnar í aðildarríki sem er útgáfuríki skírteinisins		i. sýna fram á þekkingu sína á gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310 og b-lið FCL.615 ii. að uppfylla aðrar kröfur í c-lið FCL.720.A	CPL/IR(A) með viðurkenningu á bóklegu prófi vegna ATPL	á ekki við	d)
CPL/IR(A)	> 500 á fjöl-stjórnarflug-vélum, eða við starfrækslu í fjölstjórnar-umhverfi á einstjórnar-flugvélum í CS-23 mjötluflokki, eða jafngildandi, í samræmi við kröfurnar í OPS-hluta fyrir flutningaflug	i. standast bók-legt próf vegna ATPL(A) í því aðildarríki sem er útgáfuríki skírteinisins(*) ii. að uppfylla aðrar kröfur í c-lið FCL.720.A	CPL/IR(A) með viðurkenningu á bóklegu prófi vegna ATPL	á ekki við	e)

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	
CPL/IR(A)	> 500 sem flugstjóri á einstjórnar-flugvélum	engar	CPL/IR(A) með tegundar- eða flokksáritunum sem takmarkast við einstjórnar-flugvélar		f)
CPL/IR(A)	< 500 sem flugstjóri á einstjórnar-flugvélum	að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu á viðeigandi stigi fyrir CPL/IR	eins og í 4. dálki, reit f	þarf að fá tegundaráritun á fjölstjórnar-flugvél í samræmi við FCL-hluta	g)
CPL(A)	> 500 sem flugstjóri á einstjórnar-flugvélum	næturflugsáritun, ef við á	CPL(A) með tegundar- eða flokksáritunum sem takmarkast við einstjórnar-flugvélar		h)
CPL(A)	< 500 sem flugstjóri á einstjórnar-flugvélum	i. næturflugs-áritun, ef við á, ii. að sýna fram á þekkingu í gerð flug-áætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310	eins og í 4. dálki, reit h		i)
Einkaflugmanns-skírteini fyrir flugvélar með blindflugsáritun (PPL/IR(A))	≥ 75 í samræmi við blindflugs-reglur	næturflugsáritun ef næturflugs-réttindin eru ekki innifalin í blind-flugsréttindunum	PPL/IR(A) (blindflugs-réttindi tak-mörkuð við einkaflugmanns-skírteini)	að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í b-lið FCL.615	j)
PPL(A)	> 70 á flugvélum	sýna notkun leiðsöguvirkja	PPL(A)		k)

(*) Handhafar atvinnuflugmannsskírteina, sem þegar hafa tegundaráritun á fjölstjórnarflugvél, þurfa ekki að hafa staðist próf í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks, meðan þeir halda áfram að fljúga sömu tegund flugvéla en fá ekki viðurkennda bóklega þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, til að öðlast skírteini samkvæmt FCL-hluta. Þurfi þeir tegundaráritun fyrir annars konar fjölstjórnarflugvél verða þeir að fullnægja skilyrðum í 3. dálki, reitum e til i, í töflunni hér að framan.

2. **Kennaravottorð**

Kennaravottorð sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landskröfur skal umbreytt í vottorð samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að umsækjandinn uppfylli eftirfarandi kröfur:

Innlend vottorð eða réttindi	Reynsla	Viðbótarkröfur	Nýtt vottorð samkvæmt FCL-hluta
(1)	(2)	(3)	(4)
FI(A)/IRI(A)/TRI(A)/CRI(A)	eins og krafist er samkvæmt FCL-hluta fyrir viðkomandi vottorð	á ekki við	FI(A)/IRI(A)/TRI(A)/CRI(A)

3. **Vottorð flugþjálfakennara (SFI)**

Vottorð flugþjálfakennara sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landskröfur skal umbreytt í vottorð samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að handhafi uppfylli eftirfarandi kröfur:

Innlent vottorð	Reynsla	Viðbótarkröfur	Nýtt vottorð samkvæmt FCL-hluta
(1)	(2)	(3)	(4)
SFI(A)	> 1500 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarflugvél	i. að hafa eða hafa haft CPL, MPL eða ATPL fyrir flugvélar sem gefið er út í aðildarríki, ii. hafa lokið flughermishluta viðeigandi tegundaráritunar-námskeiðs þ.m.t. áhafnar-samstarf.	SFI(A)
SFI(A)	þriggja ára nýleg reynsla sem SFI	hafa lokið flughermishluta viðeigandi tegundaráritunar-námskeiðs, þ.m.t. áhafnar-samstarf	SFI(A)

Breytingin skal gilda í þrjú ár hið lengsta. Framlenging skal vera háð því að viðeigandi kröfum, sem settar eru fram í FCL-hluta, sé fullnægt.

4. **Vottorð flugþjálfakennara á einstjórnarflugvél (STI)**

Vottorði flugþjálfakennara á einstjórnarflugvél, sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landskröfur, má breyta í vottorð samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að handhafi fullnægi kröfunum sem settar eru fram í töflunni hér á eftir:

Innlent vottorð	Reynsla	Viðbótarkröfur	Nýtt vottorð
(1)	(2)	(3)	(4)
STI(A)	> 500 tímar sem flugmaður á einstjórnarflugvél	i. hafa eða hafa haft flugmanns-skírteini sem gefið er út af aðildarríki, ii. hafa lokið hæfniprófi í samræmi við 9. viðbæti við FCL-hluta í flughermisþjálfa sem hæfir þeirri kennslu sem áætlað er að stunda	STI(A)
STI(A)	þriggja ára nýleg reynsla sem STI	hafa lokið hæfniprófi í samræmi við 9. viðbæti við FCL-hluta í flughermisþjálfa sem hæfir þeirri kennslu sem áætlað er að stunda	STI(A)

Framlenging vottorðsins skal vera háð því að viðeigandi kröfum, sem settar eru fram í FCL-hluta, sé fullnægt.

B. ÞYRLUR

1. **Flugmannsskírteini**

Flugmannsskírteini sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landskröfur skal umbreytt í skírteini samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að umsækjandinn uppfylli eftirfarandi kröfur:

a) standist, í hæfniprófi, kröfur í FCL-hluta um framlengingu tegundar- og blindflugsáritunar í samræmi við þau réttindi skírteinisins sem hann er handhafi af,

b) sýni fram á þekkingu í viðeigandi köflum OPS- og FCL-hluta,

c) sýni fram á tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055,

d) fullnægi kröfunum sem settar eru fram í töflunni hér á eftir:

Þjóðarskírteini	Fartímar alls	Viðbótarkröfur	Nýtt skírteini samkvæmt FCL-hluta og skilyrði (þar sem við á)	Til að fá takmarkanir felldar niður í skírteini	
(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	
ATPL(H) með blindflugsréttindum	> 1000 sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum	engar	ATPL(H) með blindflugs-réttindum	á ekki við	a)
ATPL(H) án blind-flugsréttinda	> 1000 sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum	engar	ATPL(H)		b)
ATPL(H) með blindflugsréttindum	> 1000 á fjölstjórnarþyrlur	engar	ATPL(H) með blindflugs-réttindum, með tegundaráritun sem takmarkast við aðstoðarflugmann	að sýna fram á hæfni til að starfa sem flugstjóri eins og krafist er í 9. viðbæti við FCL-hluta	c)
ATPL(H) án blind-flugsréttinda	> 1000 á fjölstjórnarþyrlur	engar	ATPL(H), með tegundaráritun sem takmarkast við aðstoðarflugmann	að sýna fram á hæfni til að starfa sem flugstjóri eins og krafist er í 9. viðbæti við FCL-hluta	d)
ATPL(H) með blindflugsréttindum	> 500 á fjölstjórnarþyrlur	að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.515 og b-lið FCL.615	eins og í 4. dálki, reit c	eins og í 5. dálki, reit c	e)
ATPL(H) án blind-flugsréttinda	> 500 á fjölstjórnarþyrlur	eins og í 3. dálki, reit e	eins og í 4. dálki, reit d	eins og í 5. dálki, reit d	f)
CPL/IR(H) og staðist bóklegt ATPL-próf í samræmi við reglur Alþjóðaflug-málastofnunarinnar í því aðildarríki sem er útgáfuríki skírteinisins		i. að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310 og b-lið FCL.615 ii. að uppfylla eftirstandandi kröfur í b-lið FCL.720.H	CPL/IR(H) með viðurkenningu á ATPL(H) bóklegri kunnáttu að því tilskildu að bóklega ATPL(H)-prófið í samræmi við reglur Alþjóðaflugmála-stofnunarinnar teljist vera á viðeigandi stigi atvinnuflugmanns-skírteinis 1. flokks (ATPL) samkvæmt FCL-hluta	á ekki við	g)
CPL/IR(H)	> 500 stundir á fjölstjórnarþyrlum	i. að standast próf í bóklegri þekkingu vegna atvinnuflug-mannsskírteinis fyrir þyrlur, 1. flokks samkvæmt FCL-hluta í því aðildarríki sem er útgáfuríki skírteinisins(*) ii. að uppfylla þær kröfur sem eftir eru í b-lið FCL.720.H	CPL/IR(H) með viðurkenningu á ATPL(H) bóklegri kunnáttu samkvæmt FCL-hluta	á ekki við	h)

(1)	(2)	(3)	(4)	(5)	
CPL/IR(H)	> 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlum	engar	CPL/IR(H) með tegundaráritun sem takmarkast við einstjórnarþyrlur	þarf að fá tegundaráritun á fjölstjórnarþyrlu eins og krafist er í FCL-hluta	i)
CPL/IR(H)	< 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlum	að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310 og b-lið FCL.615	eins og í 4. dálki, reit i		j)
CPL(H)	> 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlum	næturflugsáritun	CPL(H) með tegundaráritun sem takmarkast við einstjórnarþyrlur		k)
CPL(H)	< 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlum	næturflugsáritun að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310	eins og í 4. dálki, reit k		l)
CPL(H) án næturflugsáritunar	> 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlum		eins og í 4. dálki, reit k, og takmarkast við sjónflug að degi til	þarf að fá tegundaráritun á fjölstjórnarþyrlu eins og krafist er í FCL-hluta og næturflugsáritun	m)
CPL(H) án næturflugsáritunar	< 500 sem flugstjóri á einstjórnarþyrlum	að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í FCL.310	eins og í 4. dálki, reit k, og takmarkast við sjónflug að degi til		n)
PPL/IR(H)	≥ 75 í samræmi við blindflugsreglur	næturflugsáritun ef næturflugsréttindin eru ekki innifalin í blindflugsréttindunum	PPL/IR(H) (blindflugsáritun takmörkuð við einkaflugmannsskírteini)	að sýna fram á þekkingu í gerð flugáætlana og afkastagetu eins og krafist er í b-lið FCL.615	o)
PPL(H)	≥ 75 á þyrlum	sýna notkun leiðsöguvirkja	PPL (H)		p)

(*) Handhafar atvinnuflugmannsskírteina, sem þegar hafa tegundaráritun á fjölstjórnarflugvél, þurfa ekki að hafa staðist próf í bóklegri þekkingu til atvinnuflugmannsskírteinis fyrir flugvélar, 1. flokks, meðan þeir halda áfram að fljúga sömu tegund flugvéla en fá ekki viðurkennda bóklega þekkingu fyrir atvinnuflugmannsskírteini fyrir flugvélar, 1. flokks, til að öðlast skírteini samkvæmt FCL-hluta. Þurfi þeir tegundaráritun fyrir annars konar fjölstjórnarflugvél verða þeir að fullnægja skilyrðum í 3. dálki, reitum e til i, í töflunni hér að framan.

2. **Kennaravottorð**

Kennaravottorð sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landskröfur skal umbreytt í vottorð samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að umsækjandinn uppfylli eftirfarandi kröfur:

Innlend vottorð eða réttindi	Reynsla	Viðbótarkröfur	Nýtt vottorð
(1)	(2)	(3)	(4)
FI(H)/IRI(H)/TRI(H)	eins og krafist er samkvæmt FCL-hluta fyrir viðkomandi vottorð		FI(H)/IRI(H)/TRI(H) (*)

Framlenging vottorðsins skal vera háð því að viðeigandi kröfum, sem settar eru fram í FCL-hluta, sé fullnægt.

3. **Vottorð flugþjálfakennara (SFI)**

Vottorð flugþjálfakennara sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landskröfur skal umbreytt í vottorð samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að handhafi uppfylli eftirfarandi kröfur:

Innlent vottorð	Reynsla	Viðbótarkröfur	Nýtt vottorð
(1)	(2)	(3)	(4)
SFI(H)	> 1000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlu	i. að hafa eða hafa haft CPL, MPL eða ATPL sem gefið er út í aðildarríki, ii. hafa lokið flughermishluta viðeigandi tegundaráritunar-námskeiðs, þ.m.t. áhafnar-samstarf	SFI(H)
SFI(H)	þriggja ára nýleg reynsla sem SFI	hafa lokið við flughermishluta viðeigandi tegundaráritunar-námskeiðs, þ.m.t. áhafnar-samstarf	SFI(H)

Framlenging vottorðsins skal vera háð því að viðeigandi kröfum, sem settar eru fram í FCL-hluta, sé fullnægt.

4. **Vottorð flugþjálfakennara á einstjórnarþyrlu (STI)**

Vottorði flugþjálfakennara á einstjórnarþyrlu, sem gefið er út af aðildarríki í samræmi við landskröfur, má breyta í vottorð samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að handhafi fullnægi kröfunum sem settar eru fram í töflunni hér á eftir:

Innlent vottorð	Reynsla	Viðbótarkröfur	Nýtt vottorð
1)	2)	3)	4)
STI(H)	> 500 tímar sem flugmaður á einstjórnarþyrlu	i. hafa eða hafa haft flugmanns-skírteini sem gefið er út af aðildarríki, ii. hafa lokið hæfniprófi í sam-ræmi við 9. viðbæti við FCL-hluta í flughermisþjálfa sem hæfir þeirri kennslu sem áætlað er að stunda	STI(H)
STI(H)	Þriggja ára nýleg reynsla sem STI	hafa lokið hæfniprófi í samræmi við 9. viðbæti við FCL-hluta í flughermisþjálfa sem hæfir þeirri kennslu sem áætlað er að stunda	STI(H)

Framlenging vottorðsins skal vera háð því að viðeigandi kröfum, sem settar eru fram í FCL-hluta, sé fullnægt.

III. VIÐAUKI

SKILYRÐI FYRIR SAMÞYKKI SKÍRTEINA SEM GEFIN ERU ÚT AF ÞRIÐJU LÖNDUM EÐA FYRIR HÖND ÞEIRRA

A. FULLGILDING SKÍRTEINA

Almenn atriði

1. Lögbært yfirvald aðildarríkis má fullgilda flugmannsskírteini sem þriðja land gefur út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins.

Flugmenn skulu leggja inn beiðni til lögbærs yfirvalds í því aðildarríki sem þeir hafa búsetu eða staðfestu í eða, ef þeir eru ekki búsettir á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, þar sem flugrekandinn sem þeir fljúga fyrir, eða hafa í hyggju að fljúga fyrir, hefur höfuðstöðvar sínar.

2. Fullgilding skírteinis skal ekki gilda í meira en eitt ár, að því tilskildu að grunnskírteini gildi áfram.

Lögbæra yfirvaldið sem gaf út fullgildinguna má aðeins framlengja þetta tímabil einu sinni að því tilskildu að flugmaðurinn hafi á fullgildingartímanum sótt um eða hafið þjálfun vegna útgáfu skírteinis samkvæmt FCL-hluta. Þessi framlenging gildir þann tíma sem þarf til að gefa skírteinið út samkvæmt FCL-hluta.

Handhafar skírteinis sem samþykkt er af aðildarríki skulu neyta réttinda sinna í samræmi við kröfurnar í FCL-hluta.

Flugmannsskírteini fyrir flutningaflug og aðra atvinnustarfsemi

3. Hvað varðar flugmannsskírteini fyrir flutningaflug og aðra atvinnustarfsemi, skal handhafinn uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) standast, í færniprófi, kröfur í FCL-hluta um framlengingu tegundar- eða flokksáritunar í samræmi við þau réttindi skírteinisins sem hann er handhafi af,

b) sýna fram á að hann/hún hafi aflað sér þekkingar á viðeigandi köflum OPS- og FCL-hluta,

c) sýna fram á þekkingu sína í ensku í samræmi við FCL.055,

d) hafa gilt 1. flokks heilbrigðisvottorð sem gefið er út í samræmi við MED-hlutann,

e) hvað varðar flugvélar, uppfylla þær kröfur um reynslu sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

Skírteini	Heildarfartímar	Réttindi	
(1)	(2)	(3)	
ATPL(A)	> 1500 tímar sem flugstjóri á fjölstjórnarflugvélum	Flutningaflug sem flugstjóri á fjölstjórnarflugvélum	a)
ATPL(A) eða CPL(A)/IR(*)	> 1500 tímar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarflugvélum samkvæmt flugrekstarkröfum	Flutningaflug sem aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarflugvélum	b)
CPL(A)/IR	> 1000 tímar sem flugstjóri í flutningaflugi eftir öflun blindflugsáritunar	Flutningaflug sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum	c)
CPL(A)/IR	> 1000 tímar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á einstjórnarflugvélum samkvæmt flugrekstarkröfum	Flutningaflug sem aðstoðarflugmaður á einstjórnarflugvélum samkvæmt OPS-hluta	d)
ATPL(A), CPL(A)/IR, CPL(A)	> 700 tímar á flugvélum öðrum en ferðavélsviffflugum, þ.m.t. 200 tímar í því starfi sem sótt er um fullgildingu fyrir og 50 tímar í því starfi á síðustu 12 mánuðum	Réttinda neytt í flugvélum í öllu flugi nema flutningaflugi	e)

(1)	(2)	(3)	
CPL(A)	> 1500 tímar sem flugstjóri í flutningaflugi, þ.m.t. 500 tímar í starfrækslu sjóflugvéla	Flutningaflug sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum	f)

(*) Handhafar atvinnuflugmannsskírteinis með blindflugsáritun (CPL(A)/IR) fyrir fjölstjórnarflugvélar skulu hafa sýnt fram á þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks samkvæmt Alþjóðaflugmálastofnuninni áður en þeir eru samþykktir.

f) hvað varðar þyrlur, uppfylla þær kröfur um reynslu sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

Skírteini	Heildarfartímar	Réttindi	
(1)	(2)	(3)	
ATPL(H) með blindflugsréttindum	> 1000 tímar sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum	Flutningaflug sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum í sjón- og blindflugi	a)
ATPL(H) án blindflugs-réttinda	> 1000 tímar sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum	Flutningaflug sem flugstjóri á fjölstjórnarþyrlum í sjónflugi	b)
ATPL(H) með blindflugsréttindum	> 1000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlu	Flutningaflug á fjölstjórnar-þyrlum sem aðstoðarflugmaður í sjón- og blindflugi	(c)
ATPL(H) án blindflugs-réttinda	> 1000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlu	Flutningaflug á fjölstjórnar-þyrlum sem aðstoðarflugmaður í sjónflugi	d)
CPL(H)/IR(*)	> 1000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlu	Flutningaflug sem aðstoðar-flugmaður á fjölstjórnarþyrlum	e)
CPL(H)/IR	> 1000 tímar sem flugstjóri í flutningaflugi eftir öflun blindflugsáritunar	Flugstjóri í flutningaflugi á einstjórnarþyrlum	f)
ATPL(H) með eða án blindflugsréttinda, CPL(H)/IR, CPL(H)	> 700 tímar á þyrlum öðrum en þeim sem skráðar eru sam-kvæmt CS-27/29, þ.m.t. 200 tímar í því starfi sem sótt er um fullgildingu fyrir og 50 tímar í því starfi á síðustu 12 mánuðum	Réttinda neytt í þyrlum í öllu flugi nema flutningaflugi	g)

(*) Handhafar atvinnuflugmannsskírteinis með blindflugsáritun (CPL(H)/IR) fyrir fjölstjórnarþyrlur skulu hafa sýnt fram á þekkingu á viðeigandi stigi fyrir atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks samkvæmt Alþjóðaflugmálastofnuninni áður en þeir eru samþykktir.

Flugmannsskírteini fyrir flug sem ekki er í ábataskyni með blindflugsréttindi

4. Hvað varðar einkaflugmannsskírteini með blindflugsáritun, eða atvinnuflugmannsskírteini og atvinnuflugmanns-skírteini 1. flokks með blindflugsáritun, þar sem flugmaðurinn ætlar einungis að neyta réttinda einkaflugmanns skal handhafinn uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) standast færniprófið fyrir blindflugsáritun og þær tegundar- eða flokksáritanir sem eiga við réttindi þess skírteinis sem hann er handhafi að í samræmi við 7. og 9. viðbæti við FCL-hluta,

b) sýna fram á að hann/hún hafi öðlast þekkingu í lögum og reglum um loftferðir, flugveðurkóðum, gerð flugáætlana og afkastagetu (blindflugsáritun) og mannlegri getu,

c) sýna fram á þekkingu sína í ensku í samræmi við FCL.055,

d) vera minnst handhafi gilds 2. flokks heilbrigðisvottorðs sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,

e) hafa lágmarksreynslu sem nemur 100 blindflugstímum sem flugstjóri á viðkomandi gerð loftfars.

Flugmannsskírteini fyrir flug sem ekki er í ábataskyni án blindflugsréttinda

5. Hvað varðar einkaflugmannsskírteini, eða atvinnuflugmannsskírteini og atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks án blindflugsáritunar þar sem flugmaðurinn ætlar einungis að neyta réttinda einkaflugmanns skal handhafinn uppfylla eftirfarandi kröfur:

   a) sýna fram á að hann/hún hafi öðlast þekkingu í lögum og reglum um loftferðir og mannlegri getu,

   b) standast færniprófið til einkaflugmannsskírteinis eins og tilgreint er í FCL-hluta,

   c) uppfylla viðeigandi kröfur FCL-hluta vegna útgáfu tegundar- eða flokksáritunar sem á við réttindi þess skírteinis sem viðkomandi hefur,

   d) hafa minnst 2. flokks heilbrigðisvottorð sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,

   e) sýna fram á að hann/hún hafi öðlast tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055,

   f) hafa lágmarksreynslu sem nemur a.m.k. 100 tímum sem flugmaður á viðkomandi gerð loftfars.

Fullgilding flugmannsskírteina fyrir sérstök tímabundin verkefni

6. Þrátt fyrir ákvæði liðanna hér að framan er aðildarríkjum heimilt, að því er varðar flug fyrir framleiðendur, að samþykkja skírteini, sem þriðja land gefur út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, að hámarki í 12 mánuði fyrir sérstök tímabundin verkefni t.d. kennsluflug áður en loftfar er tekið fyrst í notkun, sýningarflug, ferjuflug eða reynsluflug, að því gefnu að umsækjandinn uppfylli eftirfarandi kröfur:

   a) sé handhafi viðeigandi skírteinis, heilbrigðisvottorðs og tengdra áritana eða réttinda sem gefin eru út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,

   b) starfi beint eða óbeint hjá flugvélaframleiðanda.

   Í því tilviki skulu réttindi handhafans takmarkast við að kenna og prófa fyrir fyrstu útgáfu tegundaráritana, eftirlit með fyrstu leiðarflugsþjálfun flugmanna hjá flugrekandanum, afhendingu flugvéla eða ferjuflug, fyrstu leiðarflugsþjálfun, sýningarflug eða reynsluflug.

B. BREYTING SKÍRTEINA

1. Flugmannsskírteini (PPL/BPL/SPL), CPL eða ATPL sem þriðja land gefur út, í samræmi við kröfur 1. viðauka Chicago-samningsins, má breyta í skírteini samkvæmt FCL-hluta (PPL/BPL/SPL) með flokks- eða tegundaráritun fyrir einstjórnarloftfar frá lögbæru yfirvaldi aðildarríkis.

   Flugmaðurinn skal leggja inn beiðni til lögbærs yfirvalds í því aðildarríki sem hann/hún hefur búsetu eða staðfestu í.

2. Handhafi skírteinisins skal uppfylla eftirtaldar lágmarkskröfur fyrir viðkomandi gerð loftfars:

   a) standast skriflegt próf í lögum og reglum um loftferðir og mannlegri getu,

   b) standast PPL/BPL/SPL færnipróf, eins og við á, í samræmi við FCL-hluta,

   c) uppfylla kröfurnar fyrir útgáfu viðkomandi flokks- eða tegundaráritunar í samræmi við H-kafla,

   d) hafa minnst 2. flokks heilbrigðisvottorð sem gefið er út í samræmi við MED-hlutann,

   e) sýna fram á að hann/hún hafi öðlast tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055,

   f) hafa lokið a.m.k. 100 fartímum sem flugmaður.

C. VIÐURKENNING FLOKKS- OG TEGUNDARÁRITANA

1. Gilda flokks- eða tegundaráritun í skírteini sem þriðja land gefur út má yfirfæra í skírteini samkvæmt FCL-hluta að því gefnu að umsækjandinn:

   a) uppfylli reynslukröfurnar og forsendur fyrir útgáfu viðkomandi tegundar- eða flokksáritunar samkvæmt FCL-hluta,

   b) standist viðeigandi færnipróf fyrir útgáfu viðkomandi tegundar- eða flokksáritunar samkvæmt FCL-hluta,

   c) fljúgi stöðugt,

d) hafi ekki minna en:

i. fyrir flugvélaflokksáritun: 100 tíma flugreynslu sem flugmaður í þeim flokki,

ii. fyrir tegundaráritanir fyrir flugvélar: 500 tíma flugreynslu sem flugmaður á þeirri tegund,

iii. fyrir eins hreyfils þyrlur með hámarksflugtaksmassa allt að 3175 kg: 100 tíma flugreynslu sem flugmaður á þeirri tegund,

iv. fyrir allar aðrar þyrlutegundir: 350 tíma flugreynslu sem flugmaður í þeim flokki.

IV. VIÐAUKI

[MED-hluti (heilbrigðishluti)]

A-KAFLI

ALMENNAR KRÖFUR

1. ÞÁTTUR

Almenn atriði

MED.A.001 Lögbært yfirvald

Að því er varðar þennan hluta merkir „lögbært yfirvald“:

a) hvað varðar fluglæknasetur (AeMC):

1) yfirvald sem aðildarríkið, þar sem aðalstarfsstöð fluglæknasetursins er staðsett, tilnefnir,

2) Flugöryggisstofnunin, ef fluglæknasetrið er staðsett í þriðja landi,

b) hvað varðar fluglækna (AME):

1) yfirvald sem aðildarríkið, þar sem aðalstarfsstöð fluglækna er staðsett, tilnefnir,

2) yfirvald sem aðildarríkið, þar sem fluglæknirinn sækir um vottorð fluglæknis, tilnefnir, ef aðalstarfsstöð fluglæknis er í þriðja landi,

c) hvað varðar heimilislækna (GMP), yfirvald sem aðildarríkið, þar sem heimilislæknirinn tilkynnir um starfsemi sína, tilnefnir,

d) fyrir lækna sem eru sérfræðingar í atvinnusjúkdómum (OHMP) sem meta heilbrigði öryggis- og þjónustuliða, yfirvald sem aðildarríkið, þar sem sérfræðingurinn í atvinnusjúkdómum tilkynnir um starfsemi sína, tilnefnir.

MED.A.005 Gildissvið

Í þessum hluta eru tilgreindar kröfur fyrir:

a) útgáfu, gildistíma, framlengingu og endurnýjun heilbrigðisvottorðsins, sem gerð er krafa um í tengslum við neytingu réttinda sem tengjast flugmannsskírteini eða flugnema,

b) heilbrigði öryggis- og þjónustuliða,

c) vottun fluglækna, og

d) menntun og hæfi heimilislækna og lækna sem eru sérfræðingar í atvinnusjúkdómum.

MED.A.010 Skilgreiningar

Í þessum hluta er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

– „Viðurkennt læknisfræðilegt mat“: niðurstaða sem einn eða fleiri sérfræðilæknar, viðurkenndir af skírteinisyfirvaldi, hafa komist að í tilteknu tilviki á grundvelli viðmiðana sem eru hlutlægar og án mismununar, í samráði við sérfræðinga í flugrekstri eða aðra sérfræðinga eftir þörfum.

– „Mat“: niðurstaðan varðandi heilbrigði einstaklings, sem byggist á heilsufarssögu einstaklingsins og/eða heilbrigðisskoðun hjá fluglækni eins og gerð er krafa um í þessum hluta og frekari rannsóknum eftir þörf, og/eða heilsufarsprófum s.s., en þó ekki takmarkað við, hjartalínurit, blóðþrýstingsmælingu, blóðrannsókn, röntgenmyndatöku.

– „Litviss“: geta umsækjanda til að greina auðveldlega þá liti sem notaðir eru í flugleiðsögu og greina réttilega lituð ljós sem notuð eru í flugi.

– „Augnsérfræðingur“: augnlæknir eða sérfræðingur í augnumhirðu sem hefur réttindi og hæfi til sjónmælinga og hefur hlotið þjálfun í að greina sjúkdómsástand.

– „Skoðun“: athugun, þreifing, ásláttur, hlustun eða aðrar rannsóknaraðferðir sem notaðar eru við greiningu á sjúkdómum.

– „Rannsókn“: mat á sjúkdómsástandi sem grunur leikur á um að umsækjandi hafi með skoðunum og prófunum til að ákvarða hvort heilsufarsástand sé til staðar eða ekki.

– „Skírteinisyfirvald“: lögbæra yfirvald þess aðildarríkis sem gaf út skírteinið, eða þar sem einstaklingur sækir um skírteini, eða, þegar einstaklingur hefur enn ekki sótt um skírteini, lögbæra yfirvaldið í samræmi við þennan hluta,

– „Takmörkun“: skilyrði, sem skráð er í heilbrigðisvottorð, skírteini eða heilsufarsskýrslu öryggis- og þjónustuliða, sem fara skal eftir þegar neytt er réttinda skírteinis eða staðfestingar öryggis- og þjónustuliða,

– „Sjónlagsgalli“: sjónlag mælt í þeim ás augans sem mest frávik hefur og er mælt með stöðluðum aðferðum í ljósbrotseiningum (e. *dioptres*).

MED.A.015 Þagnarskylda heilbrigðisstétta

Allir einstaklingar sem koma að heilbrigðisskoðunum, -mati og -vottorðum skulu tryggja að þagnarskyldan sé ávallt virt.

MED.A.020 Skert heilbrigði

a) Handhafar skírteina skulu aldrei neyta réttinda skírteina sinna, viðeigandi áritunar eða vottorða ef:

1) þeim er kunnugt um einhverja skerðingu heilbrigðis síns sem gæti gert þá óhæfa til að neyta þessara réttinda af öryggi,

2) þeir taka lyf, hvort sem því hefur verið ávísað eða fengið án lyfseðils, sem er líklegt til að koma í veg fyrir að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti,

3) þeir sæta læknismeðferð, skurðlækningameðferð eða annarri meðferð sem er líkleg til að hafa áhrif á flugöryggi.

b) Að auki skulu handhafar skírteina, án ástæðulausrar tafar, leita ráða fluglæknis ef þeir:

1) hafa gengist undir skurðaðgerð eða inngripsaðgerð,

2) hafa hafið reglubundna notkun á einhverju lyfi,

3) hafa orðið fyrir verulegum líkamsmeiðslum sem valda óhæfi til að starfa sem flugliði,

4) hafa glímt við hvers kyns alvarleg veikindi sem valda óhæfi til að starfa sem flugliði,

5) eru barnshafandi,

6) hafa verið lagðir inn á sjúkrahús eða læknastofu,

7) þurfa í fyrsta sinn sjóngler til leiðréttingar.

c) Í þessum tilfellum:

1) skulu handhafar 1. og 2. flokks heilbrigðisvottorða leita ráða hjá fluglæknasetri eða fluglækni. Fluglæknasetrið eða fluglæknirinn skal meta heilbrigði handhafa skírteinisins og skal skera úr um getu hans til að neyta réttinda sinna áfram,

2) skulu handhafar heilbrigðisvottorða fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför (LAPL) leita ráða hjá fluglæknasetri eða fluglækni, eða heimilislækninum sem skrifaði undir heilbrigðisvottorðið. Fluglæknasetrið, fluglæknirinn eða heimilislæknirinn skal meta heilbrigði handhafa skírteinis og skera úr um getu þeirra til að neyta réttinda sinna áfram.

d) Öryggis- og þjónustuliðar skulu ekki gegna skyldustörfum um borð í loftfari og, þar sem við á, ekki neyta réttinda staðfestingu öryggis- og þjónustuliða sé þeim kunnugt um einhverja skerðingu heilbrigðis síns sem gæti gert þá óhæfa til að gegna skyldu- og ábyrgðarstörfum sínum á sviði öryggismála.

e) Að auki skulu öryggis- og þjónustuliðar, án ástæðulausrar tafar, leita ráða hjá fluglækni, fluglæknasetri eða lækni sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum ef um er að ræða heilsufarsástand af því tagi sem tilgreint er í 1.-5. lið b-liðar. Fluglæknir, fluglæknasetur eða læknir sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum skal meta heilbrigði öryggis- og þjónustuliða og ákveða hvort þeir séu hæfir að nýju til að sinna öryggisstörfum sínum.

MED.A.025 Skyldur fluglæknaseturs, fluglækna, heimilislækna og lækna sem eru sérfræðingar í atvinnusjúkdómum

a) Þegar fluglæknasetur, fluglæknir, heimilislæknir eða læknir sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum framkvæmir heilbrigðisskoðun og/eða -mat skal hann:

1) tryggja að samskiptin við einstaklinginn séu án tungumálaerfiðleika,

2) gera einstaklingnum ljósar afleiðingar þess að veita ófullnægjandi, ónákvæman eða rangan framburð um heilsufarssögu sína.

b) Að lokinni heilbrigðisskoðun og/eða -mati skal fluglæknasetrið, fluglæknirinn, heimilislæknirinn og læknirinn sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum:

1) upplýsa einstaklinginn um það hvort hann sé hæfur eða ekki hæfur eða vísa honum til skírteinisyfirvaldsins, fluglæknasetursins eða fluglæknisins, eftir því sem við á,

2) upplýsa einstaklinginn um allar takmarkanir sem kunna að takmarka flugþjálfun eða réttindi skírteinisins eða staðfestingu öryggis- og þjónustuliða, eftir því sem við á,

3) upplýsa einstaklinginn um rétt hans til að fá aðra endurskoðun ef hann hefur verið metinn sem ekki hæfur, og

4) ef um er að ræða umsækjendur um heilbrigðisvottorð, framsenda tafarlaust til skírteinisyfirvaldsins undirritaða skýrslu, eða skýrslu sem er staðfest með rafrænum hætti, sem á að innihalda niðurstöður úr matinu og afrit af heilbrigðisvottorðinu.

c) Fluglæknasetur, fluglæknar, heimilislæknar eða læknar sem eru sérfræðingar í atvinnusjúkdómum skulu geyma skýrslur með upplýsingum um heilbrigðisskoðanir og -mat sem framkvæmt er í samræmi við þennan hluta, og niðurstöður þeirra, í samræmi við landslög.

d) Þegar þess er krafist vegna heilbrigðisvottunar og/eða eftirlitsstarfsemi skulu fluglæknasetur, fluglæknar, heimilislæknar og læknar sem eru sérfræðingar í atvinnusjúkdómum framsenda allar heilbrigðisskrár og -skýrslur og allar aðrar viðeigandi upplýsingar til heilbrigðisskorar lögbæra yfirvaldsins sé þess óskað.

2. ÞÁTTUR

Kröfur um heilbrigðisvottorð

MED.A.030 Heilbrigðisvottorð

a) Flugnemi skal ekki fljúga einflug nema hann hafi heilbrigðisvottorð eins og krafist er vegna viðeigandi skírteinis.

b) Umsækjendur um og handhafar að flugmannsskírteini fyrir létt loftför skulu hafa a.m.k. samsvarandi heilbrigðisvottorð.

c) Umsækjendur um og handhafar að einkaflugmannsskírteini, skírteini svifflugmanns og flugmannsskírteini fyrir loftbelg skulu hafa a.m.k. 2. flokks heilbrigðisvottorð.

d) Umsækjendur um og handhafar að skírteini svifflugmanns eða flugmannsskírteini fyrir loftbelg, sem starfrækja svifflugu eða loftbelg í atvinnuflugi, skulu hafa a.m.k. 2. flokks heilbrigðisvottorð.

e) Sé næturflugsáritun bætt við einkaflugmannsskírteini eða flugmannsskírteini fyrir létt loftför skal skírteinishafi vera litviss.

f) Umsækjendur um og handhafar að atvinnuflugmannsskírteini, fjölstjórnarskírteini eða atvinnuflugmannsskírteini 1. flokks skulu hafa 1. flokks heilbrigðisvottorð.

g) Ef blindflugsréttindum er bætt í einkaflugmannsskírteini skal skírteinishafi gangast undir heyrnarmælingu með hreinum tónum í samræmi við þá tíðni og þann staðal sem krafist er af handhöfum 1. flokks heilbrigðisvottorða.

h) Skírteinishafi skal aldrei hafa nema eitt heilbrigðisvottorð í einu, útgefið í samræmi við þennan hluta.

MED.A.035 Umsókn um heilbrigðisvottorð

a) Umsóknir um heilbrigðisvottorð skulu vera með því sniði sem lögbæra yfirvaldið kveður á um.

b) Umsækjendur um heilbrigðisvottorð skulu, eftir því sem við á, láta fluglæknasetrinu, fluglækninum eða heimilislækninum, í té:

1) sönnun um hverjir þeir eru,

2) undirritaða yfirlýsingu:

i. um læknisfræðileg atriði sem varða heilsufarssögu þeirra,

ii. um hvort þeir hafi áður gengist undir skoðun vegna heilbrigðisvottorðs og, ef svo er, hjá hverjum og með hvaða niðurstöðu,

iii. um hvort þeir hafi verið einhvern tímann verið metnir ekki hæfir eða að heilbrigðisvottorð þeirra hafi verið tímabundið fellt úr gildi eða afturkallað.

c) Þegar sótt er um framlengingu eða endurnýjun á heilbrigðisvottorði skulu umsækjendur framvísa heilbrigðisvottorði í fluglæknasetrinu, hjá fluglækninum eða heimilislækninum áður en viðeigandi skoðanir fara fram.

MED.A.040 Útgáfa, framlenging og endurnýjun heilbrigðisvottorða

a) Aðeins skal gefa út, framlengja eða endurnýja heilbrigðisvottorð þegar heilbrigðisskoðunum og/eða -mati, sem gerð er krafa um, er lokið og umsækjandi hefur verið metinn hæfur.

b) Fyrsta útgáfa:

1) Fluglæknasetur skal gefa út 1. flokks heilbrigðisvottorð.

2) Fluglæknasetur eða fluglæknir skulu gefa út 2. flokks heilbrigðisvottorð.

3) Heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför skulu gefin út af fluglæknasetri, fluglækni eða af heimilislækni ef landslög aðildarríkisins þar sem skírteinið er gefið út heimila það.

c) Framlenging og endurnýjun:

1) Fluglæknasetur eða fluglæknir skulu gefa út, framlengja eða endurnýja 1. og 2. flokks heilbrigðisvottorð.

2) Heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför skulu gefin út, framlengd eða endurnýjuð af fluglæknasetri, fluglækni eða af heimilislækni ef landslög aðildarríkisins þar sem skírteinið er útgefið heimila það.

d) Fluglæknasetrið, fluglæknirinn eða heimilislæknirinn skulu aðeins gefa út, framlengja eða endurnýja heilbrigðisvottorð ef:

1) umsækjandinn hefur látið þeim í té alla heilsufarssögu sína og, ef fluglæknasetrið, fluglæknirinn eða heimilislæknirinn fer fram á það, niðurstöður heilbrigðisskoðana og -prófana sem framkvæmdar hafa verið af lækni umsækjandans eða öðrum sérfræðilæknum, og

2) fluglæknasetrið, fluglæknirinn eða heimilislæknirinn hafa framkvæmt mat á flugheilbrigði sem byggir á heilbrigðisskoðunum og -prófunum, eins og gerð er krafa um vegna viðeigandi heilbrigðisvottorðs, til að sannreyna að umsækjandinn uppfylli allar viðeigandi kröfur þessa hluta.

e) Ef um er að ræða vísun máls getur fluglæknirinn, fluglæknasetrið eða skírteinisyfirvaldið farið fram á að umsækjandinn gangist undir frekari heilbrigðisskoðanir og rannsóknir þegar klínískar ábendingar eru fyrir hendi áður en heilbrigðisvottorð er gefið út, framlengt eða endurnýjað.

f) Skírteinisyfirvald má gefa út eða endurútgefa heilbrigðisvottorð, eftir því sem við á, ef:

1) um er að ræða vísun máls,

2) yfirvaldið hefur sýnt fram á að nauðsynlegt sé að breyta upplýsingunum á vottorðinu.

MED.A.045 Gildistími, framlenging og endurnýjun heilbrigðisvottorða

a) *Gildistími*

1) 1. flokks heilbrigðisvottorð skulu gilda í 12 mánuði.

2) Gildistími 1. flokks heilbrigðisvottorða styttist í sex mánuði fyrir handhafa vottorðs sem:

i. flytja farþega í einstjórnarloftförum í flutningaflugi og hafa náð 40 ára aldri,

ii. hafa náð 60 ára aldri.

3) 2. flokks heilbrigðisvottorð skulu gilda:

i. í 60 mánuði þar til handhafi vottorðsins nær 40 ára aldri. Heilbrigðisvottorð sem gefið er út áður en 40 ára aldri er náð fellur úr gildi þegar handhafi vottorðsins nær 42 ára aldri,

ii. í 24 mánuði fyrir þá sem eru á milli 40 og 50 ára. Heilbrigðisvottorð sem gefið er út áður en 50 ára aldri er náð fellur úr gildi þegar handhafi vottorðsins nær 51 árs aldri, og

iii. í 12 mánuði eftir að 50 ára aldri er náð.

4) Heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför skulu gilda:

i. í 60 mánuði þar til handhafi vottorðsins nær 40 ára aldri. Heilbrigðisvottorð sem gefið er út áður en 40 ára aldri er náð fellur úr gildi þegar handhafi vottorðsins nær 42 ára aldri,

ii. í 24 mánuði eftir að 40 ára aldri er náð.

5) Gildistími heilbrigðisvottorðs, þ.m.t. allar tengdar skoðanir eða sérstakar rannsóknir, skal:

i. ákveðinn eftir aldri umsækjanda á þeim degi sem heilbrigðisskoðunin fer fram, og

ii. reiknaður út frá dagsetningu heilbrigðisskoðunarinnar, ef um er að ræða fyrstu útgáfu og endurnýjun, og frá deginum sem fyrra heilbrigðisvottorð fellur úr gildi, ef um er að ræða framlengingu.

b) *Framlenging*

Skoðun og/eða mat vegna framlengingar heilbrigðisvottorðs má eiga sér stað allt að 45 dögum áður en heilbrigðisvottorðið fellur úr gildi.

c) *Endurnýjun*

1) Uppfylli handhafi heilbrigðisvottorðs ekki ákvæði b-liðar skal farið fram á skoðun vegna endurnýjunar og/eða mats.

2) Þegar um er að ræða 1. eða 2. flokks heilbrigðisvottorð gildir eftirfarandi:

i. Ef heilbrigðisvottorðið féll úr gildi fyrir meira en 2 árum má fluglæknasetrið eða fluglæknirinn aðeins framkvæma skoðun vegna endurnýjunar eftir að heilbrigðisskýrslur umsækjandans hafa verið metnar,

ii. Ef heilbrigðisvottorðið féll úr gildi fyrir meira en 5 árum gilda kröfurnar um skoðanir til fyrstu útgáfu og skal matið byggt á kröfunum um framlengingu.

3) Ef um er að ræða heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteinis fyrir létt loftför skal fluglæknasetrið, fluglæknirinn eða heimilislæknirinn meta heilsufarssögu umsækjanda og framkvæma heilbrigðisskoðun og/eða -mat í samræmi við MED.B.095.

MED.A.050 Tilvísun

a) Ef umsækjanda um 1. eða 2. flokks heilbrigðisvottorð er vísað til skírteinisyfirvalda í samræmi við MED.B.001, skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn flytja viðeigandi heilbrigðisgögn til skírteinisyfirvaldsins.

b) Ef umsækjanda um heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteinis fyrir létt loftför er vísað til fluglæknis eða fluglæknaseturs í samræmi við MED.B.001 skal heimilislæknirinn flytja viðeigandi heilbrigðisgögn yfir til fluglæknasetursins eða fluglæknisins.

B-KAFLI

KRÖFUR UM HEILBRIGÐISVOTTORÐ FLUGMANNA

1. ÞÁTTUR

Almenn atriði

MED.B.001 Takmarkanir í heilbrigðisvottorðum

a) *Takmarkanir í 1. eða 2. flokks heilbrigðisvottorðum*

1) Ef umsækjandinn uppfyllir ekki að fullu kröfurnar fyrir viðeigandi flokk heilbrigðisvottorðs, en er ekki talinn líklegur til að ógna flugöryggi, skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn:

i. hvað varðar umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorðs, vísa ákvörðuninni um hæfi umsækjandans til skírteinisyfirvaldsins, eins og tilgreint er í þessum hluta,

ii. hvað varðar tilfelli þar sem tilvísun til skírteinisyfirvalds er ekki tilgreind í þessum hluta, meta það hvort umsækjandinn er fær um að gegna skyldum sínum með öruggum hætti, þegar viðkomandi uppfyllir eina eða fleiri af þeim takmörkunum sem áritaðar eru á heilbrigðisvottorðið, og gefa heilbrigðisvottorðið út með takmörkun(um) eftir því sem þörf krefur,

iii. hvað varðar umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð, meta það hvort umsækjandi er fær um að gegna skyldum sínum með öruggum hætti til samræmis við eina eða fleiri takmarkanir áritaðar á heilbrigðisvottorðið og gefa heilbrigðisvottorðið út með takmörkun(um), eftir því sem þörf krefur, í samráði við skírteinisyfirvaldið,

iv. fluglæknasetrið eða fluglæknirinn getur framlengt eða endurnýjað heilbrigðisvottorð með sömu takmörkunum án þess að vísa umsækjanda til skírteinisyfirvaldsins.

b) *Takmarkanir í heilbrigðisvottorði vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför*

1) Komist heimilislæknir að þeirri niðurstöðu, eftir að hafa tekið tilhlýðilegt tillit til sjúkrasögu umsækjanda, að umsækjandi uppfylli ekki að fullu kröfur um heilbrigði skal hann vísa umsækjanda til fluglæknaseturs eða fluglæknis, að undanskildum þeim sem óska eftir takmörkun sem varðar einungis notkun leiðréttingarlinsa.

2) Ef umsækjanda um heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför hefur verið vísað áfram skal fluglæknasetrið eða fluglæknirinn, að teknu tilhlýðilegu tilliti til MED.B.095, meta það hvort umsækjandinn er fær um að gegna skyldum sínum með öruggum hætti, til samræmis við eina eða fleiri takmarkanir áritaðar á heilbrigðisvottorðið, og gefa heilbrigðisvottorðið út með takmörkun(um) eftir því sem þörf krefur. Fluglæknasetrið eða fluglæknirinn skal alltaf meta þörfina á því að takmarka möguleika flugmanns á því að fljúga með farþega (takmörkun við flug án farþega (OPL)).

3) Heimilislæknir getur framlengt eða endurnýjað heilbrigðisvottorð með sömu takmörkunum án þess að vísa umsækjanda til fluglæknaseturs eða fluglæknis.

c) Þegar metið er hvort takmörkun sé nauðsynleg skal sérstaklega skoða:

1) hvort viðurkennt læknisfræðilegt mat gefi til kynna að undir sérstökum kringumstæðum stofni umsækjandinn ekki flugöryggi í hættu með því að neyta réttinda sinna þrátt fyrir að hann uppfylli ekki allar tölulegar kröfur eða aðrar kröfur,

2) getu, hæfni og reynslu umsækjanda sem skipta máli fyrir fyrirhugaða starfrækslu.

d) *Kóðar fyrir starfrækslutakmarkanir*

1) Takmörkun við fjölstjórnarumhverfi (OML — einungis 1. flokkur)

i. Þegar handhafi atvinnuflugmannsskírteinis, atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks eða fjölstjórnarskírteinis stenst ekki að fullu kröfur um 1. flokks heilbrigðisvottorð og honum hefur verið vísað til skírteinisyfirvalds skal meta hvort gefa megi heilbrigðisvottorðið út með takmörkunina „gildir einungis sem aðstoðarflugmaður eða með aðstoðarflugmanni með réttindi“. Þetta mat skal vera í höndum skírteinisyfirvaldsins.

ii. Handhafi heilbrigðisvottorðs með takmörkunum við fjölstjórnarumhverfi skal aðeins starfrækja loftfar í fjölstjórnarumhverfi þegar hinn flugmaðurinn hefur full réttindi á viðeigandi tegund loftfars, er ekki háður takmörkunum við fjölstjórnarumhverfi og hefur ekki náð 60 ára aldri.

iii. Einungis skírteinisyfirvaldið getur gefið út eða afnumið takmörkunina við fjölstjórnarumhverfi fyrir 1. flokks heilbrigðisvottorð.

2) Takmörkun við öryggisflugmann (OSL — 2. flokkur og réttindi flugmannsskírteinis fyrir létt loftför)

i. Handhafi heilbrigðisvottorðs með takmörkun við öryggisflugmann skal aðeins starfrækja loftfar að því tilskildu að annar flugmaður sé um borð með full réttindi sem flugstjóri á viðeigandi flokk eða tegund loftfars, að loftfarið sé útbúið tvöföldum stjórntækjum og að hinn flugmaðurinn sitji við stjórntækin.

ii. Fluglæknasetur eða fluglæknir má gefa út eða afnema takmörkun við öryggisflugmann fyrir 2. flokks heilbrigðisvottorð, að höfðu samráði við skírteinisyfirvaldið.

3) Takmörkun við flug án farþega (OPL – 2. flokkur og réttindi flugmannsskírteinis fyrir létt loftför)

i. Handhafi heilbrigðisvottorðs með takmörkun við flug án farþega skal aðeins starfrækja loftfar án þess að hafa farþega um borð.

ii. Fluglæknasetur eða fluglæknir má gefa út takmörkun við flug án farþega fyrir 2. flokks heilbrigðisvottorð, að höfðu samráði við skírteinisyfirvaldið.

iii. Fluglæknasetur eða fluglæknir má gefa út takmörkun við flug án farþega fyrir heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteinis fyrir létt loftför.

e) Leggja má aðrar takmarkanir á handhafa heilbrigðisvottorðs sé farið fram á það til að tryggja flugöryggi.

f) Allar takmarkanir sem lagðar eru á handhafa skulu tilgreindar á heilbrigðisvottorði.

2. ÞÁTTUR

Heilbrigðiskröfur vegna 1. eða 2. flokks heilbrigðisvottorða

MED.B.005 Almenn atriði

a) Umsækjendur um heilbrigðisvottorð skulu ekki þjást af:

1) neinum galla, meðfæddum eða ákomnum,

2) neinum virkum, duldum, bráðum eða langvinnum sjúkdómi eða skerðingu á starfsgetu,

3) neinu sári, meiðsli eða afleiðingum aðgerðar,

4) verkun eða aukaverkun lyfs hvort sem því hefur verið ávísað eða fengið án lyfseðils og hvort sem það er ætlað til meðferðar, sjúkdómsgreiningar eða til notkunar vegna fyrirbyggjandi eiginleika sinna,

sem gæti valdið skerðingu á starfhæfni sem líklegt er að komi í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti eða gæti valdið því að umsækjandi yrði skyndilega ófær um að neyta réttinda skírteinisins með öruggum hætti.

b) Í tilfellum þar sem vísað er til skírteinisyfirvaldsins að ákvarða heilbrigði umsækjanda um 1. flokks heilbrigðisvottorð er þessu yfirvaldi heimilt að fela fluglæknasetri ákvörðunina, nema þegar þörf er á takmörkun við fjölstjórnarumhverfi.

c) Í tilfellum þar sem vísað er til skírteinisyfirvaldsins að ákvarða heilbrigði umsækjanda um 2. flokks heilbrigðisvottorð er þessu yfirvaldi heimilt að fela fluglæknasetri eða fluglækni ákvörðunina, nema þegar þörf er á takmörkun við öryggisflugmann eða takmörkun við flug án farþega.

MED.B.010 Hjarta- og æðakerfi

a) *Skoðun*

1) Ef klínísk ábending er fyrir hendi skal framkvæma staðlað 12-leiðara hjartalínurit í hvíld með skýrslu, og:

i. vegna 1. flokks heilbrigðisvottorðs, við skoðun til fyrstu útgáfu heilbrigðisvottorðs, svo á fimm ára fresti til 30 ára aldurs, annað hvert ár til 40 ára aldurs, árlega til 50 ára aldurs og eftir það við allar skoðanir vegna framlengingar eða endurnýjunar,

ii. vegna 2. flokks heilbrigðisvottorðs, við fyrstu skoðun eftir 40 ára aldur og svo á tveggja ára fresti eftir 50 ára aldur.

2) Gerð skal krafa um ítarlegt hjarta- og æðamat ef klínískar ábendingar eru fyrir hendi.

3) Vegna 1. flokks heilbrigðisvottorðs skal framkvæma ítarlegt hjarta- og æðamat við fyrstu skoðun til framlengingar eða endurnýjunar eftir 65 ára aldur og á fjögurra ára fresti eftir það.

4) Vegna 1. flokks heilbrigðisvottorðs skal mæla magn lípíða í sermi, þ.m.t. kólesteról, við skoðun til fyrstu útgáfu heilbrigðisvottorðs og við fyrstu skoðun eftir 40 ára aldur.

b) *Hjarta- og æðakerfi — almennt*

1) Umsækjendur skulu ekki þjást af neinum hjarta- og æðakvilla sem er líklegt til að koma í veg fyrir að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina með öruggum hætti.

2) Umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorð sem þjást af einhverju eftirfarandi sjúkdómsástandi skulu ekki metnir hæfir:

i. með slagæðargúlp í ósæð í brjóstholi eða á kviðarholshluta ósæðar ofan nýrna, fyrir eða eftir skurðaðgerð,

ii. með marktæk starfræn frábrigði í einhverri af hjartalokunum,

iii. hafa farið í hjartaígræðslu eða hjarta-/lungnaígræðslu.

3) Umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorð með staðfesta sögu um eða greiningu á einhverju af eftirfarandi sjúkdómsástandi skal vísað áfram til skírteinisyfirvaldsins:

i. með útslagæðasjúkdóm, fyrir eða eftir skurðaðgerð,

ii. með slagæðargúlp í kviðarholshluta ósæðar, ofan nýrna, fyrir eða eftir skurðaðgerð,

iii. með afbrigðileika í hjartalokum sem hefur litla starfræna þýðingu,

iv. eftir skurðaðgerð á hjartalokum,

v. með galla í gollurshúsi, hjartavöðva eða hjartaþeli,

vi. með meðfæddan hjartagalla, fyrir eða eftir lagfæringu með skurðaðgerð,

vii. með endurtekin æðavíkkunaraðsvif,

viii. með segamyndun í slagæð eða bláæðum,

ix. með lungnablóðrek,

x. með hjarta- og æðasjúkdóm sem krefst kerfistengdrar meðferðar með segavarnarlyfi.

4) Hjartasérfræðingur skal meta umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð sem hafa staðfesta sjúkdómsgreiningu á einhverju sjúkdómsástandi sem tilgreint er í 2. og 3. lið hér að framan, áður en hægt er að meta þá hæfa í samráði við skírteinisyfirvaldið.

c) *Blóðþrýstingur*

1) Blóðþrýstingur skal mældur við hverja skoðun.

2) Blóðþrýstingur umsækjanda skal vera innan eðlilegra marka.

3) Umsækjandi um 1. flokks heilbrigðisvottorð:

i. með lágþrýstingseinkenni, eða

ii. með blóðþrýsting við skoðun sem er stöðugt yfir 160 mm Hg slagbilsþrýstingi [og/eða] 95 mm Hg þanbilsþrýstingi, með eða án meðferðar,

skal ekki metinn hæfur.

4) Við upphaf lyfjameðferðar þarf að nema heilbrigðisvottorð úr gildi um tíma til að ganga úr skugga um að engar hliðarverkanir sem máli skipta séu fyrir hendi.

d) *Kransæðasjúkdómur*

1) Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð með:

i. grun um blóðþurrð í hjartavöðva,

ii. einkennalausan, minni háttar kransæðasjúkdóm sem ekki þarfnast meðferðar

skal vísað til skírteinisyfirvalds og þeir gangast undir hjartarannsókn til að útiloka blóðþurrð í hjartavöðva áður en hægt er að meta þá hæfa.

2) Umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð með eitthvað af því sjúkdómsástandi sem tilgreint er í 1. lið skulu gangast undir hjarta- og æðamat áður en hægt er að meta þá hæfa.

3) Umsækjendur skulu ekki metnir hæfir ef þeir hafa eitthvað af eftirtöldu:

i. blóðþurrð í hjartavöðva,

ii. kransæðasjúkdóm með einkennum,

iii. einkenni um kransæðasjúkdóm sem haldið er niðri með lyfjum.

4) Umsækjendur um fyrstu útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs, sem hafa sögu um eða greiningu á eitthvert af eftirfarandi sjúkdómsástandi, skulu ekki metnir hæfir:

i. blóðþurrð í hjartavöðva,

ii. kransæðastífla,

iii. enduræðun vegna kransæðasjúkdóma.

5) Umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð sem eru einkennalausir í kjölfar kransæðastíflu eða skurðaðgerðar vegna kransæðasjúkdóms skulu gangast undir hjartarannsókn með fullnægjandi niðurstöðu áður en hægt er að meta þá hæfa í samráði við skírteinisyfirvald. Umsækjendum um framlengingu á 1. flokks heilbrigðisvottorði skal vísað til skírteinisyfirvaldsins.

e) *Truflun á slætti eða leiðni*

1) Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins þegar þeir hafa marktækar truflanir á hjartaleiðni eða hjartslætti, þ.m.t. eitthvað af eftirtöldu:

i. truflanir á ofanslegilstakti, þar á meðal gúls- og gáttartruflanir, hvort sem þær eru köstóttar eða stöðugar, gáttatif og/eða -flökt og einkennalausa gúlsstöðvun,

ii. algert vinstra greinrof,

iii. gáttasleglarof af Mobitz-gerð 2,

iv. hraðslátt með gleiðri og/eða mjórri bylgjumynd,

v. slegilforörvun,

vi. einkennalaus lenging á QT-bilinu,

vii. Brugada-heilkenni (kemur í ljós á hjartariti).

2) Umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð með sjúkdómsástand sem tilgreint er í 1. lið skulu gangast undir hjartarannsókn með fullnægjandi niðurstöðu áður en hægt er að meta þá hæfa í samráði við skírteinisyfirvald.

3) Umsækjendur með eitthvað af eftirtöldu:

i. ófullkomið vinstra greinrof,

ii. fullkomið hægra greinrof,

iii. stöðugt vinstra öxulfrávik,

iv. einkennalaus skútahægsláttur,

v. einkennalausan skútahraðtakt,

vi. einkennalaus, einangruð og einsleit aukaslög ofan slegils eða frá slegli (e. *supra-ventricular/ventricular ectopic complexes*),

vii. gáttasleglarof, fyrsta stig,

viii. gáttasleglarof af Mobitz-gerð 1,

má meta hæfa ef ekki er um neinn annan galla að ræða og með fyrirvara um að hjartarannsóknin skili fullnægjandi niðurstöðu.

4) Umsækjendur með sögu um:

i. brottnámsmeðferð,

ii. ígræðslu á gangráði

skulu gangast undir hjartarannsókn með fullnægjandi niðurstöðu áður en hægt er að meta þá hæfa. Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins. Umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð skal meta í samráði við skírteinisyfirvaldið.

5) Umsækjendur skal ekki meta hæfa ef þeir hafa eitthvað af eftirtöldu:

i. gúls- og gáttarsjúkdóm með einkennum,

ii. fullkomið gáttasleglarof,

iii. lengingu á QT-bilinu með einkennum,

iv. sjálfvirkt, ígræðanlegt hjartastuðtæki,

v. gangráð til að stöðva sleglahraðslátt.

MED.B.015 Öndunarfæri

a) Umsækjendur með verulega skerðingu á lungnastarfsemi skal ekki meta hæfa. Viðkomandi verður metinn hæfur þegar lungnastarfsemi er aftur orðin eðlileg og telst fullnægjandi.

b) Vegna 1. flokks heilbrigðisvottorða er gerð krafa um að umsækjendur gangist undir próf á lungnastarfsemi við fyrstu skoðun og ef klínískar ábendingar gefa tilefni til.

c) Vegna 2. flokks heilbrigðisvottorða er gerð krafa um að umsækjendur gangist undir próf á lungnastarfsemi ef klínískar ábendingar gefa tilefni til.

d) Umsækjendur sem hafa sögu um eða staðfesta greiningu á:

1) asma sem krefst lyfjameðferðar,

2) virkum bólgusjúkdómi í öndunarfærum,

3) virku sarklíki,

4) loftbrjósti,

5) kæfisvefnsheilkenni,

6) meiri háttar brjóstholsaðgerð,

7) lungabrottnámi,

skulu gangast undir öndunarfæraskoðun með fullnægjandi niðurstöðu áður en hægt er að meta þá hæfa. Umsækjendur sem hafa staðfesta greiningu á sjúkdómsástandi sem tilgreint er í 3. og 5. lið skulu gangast undir hjartarannsókn með fullnægjandi árangri áður en hægt er að meta þá hæfa.

e) Mat á flugheilbrigði:

1) vísa skal öllum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð með sjúkdómsástand sem tilgreint er í d-lið hér að framan til skírteinisyfirvaldsins,

2) meta skal alla umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð með sjúkdómsástand sem tilgreint er í d-lið hér að framan í samráði við skírteinisyfirvaldið.

f) Umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal ekki meta hæfa ef þeir hafa farið í lungnabrottnám.

MED.B.020 Meltingarkerfið

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neina starfræna eða vefræna sjúkdóma í meltingarvegi eða viðhengjum þess sem eru líklegir til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina með öruggum hætti.

b) Umsækjendur með einhverjar afleiðingar sjúkdóms eða skurðaðgerðar á hlutum meltingarvegs eða viðhengjum hans sem líklegt er að valdi óstarfhæfni í flugi, einkum allar hindranir vegna þrengsla eða samþjöppunar, skulu ekki metnir hæfir.

c) Umsækjendur skulu vera fullkomlega lausir við kviðslit af því tagi sem kynni að valda einkennum sem leiða til óstarfhæfni.

d) Umsækjendur með kvilla í meltingarkerfinu, þ.m.t.:

1) ítrekaðar meltingartruflanir sem þarfnast lyfjameðferðar,

2) brisbólga,

3) gallsteinar með einkennum,

4) staðfest greining á eða saga um langvinna bólgusjúkdóma í þörmum,

5) eftir skurðaðgerð á meltingarvegi eða viðhengjum hans sem felur í sér brottnám að fullu eða að hluta eða hjáveitu einhvers þessara líffæra,

skal ekki meta hæfa. Íhuga má að meta þá heilbrigða að lokinni árangursríkri meðferð eða fullum bata eftir skurðaðgerð og með fyrirvara um fullnægjandi þróun meltingarfæra.

e) Mat á flugheilbrigði:

1) vísa skal öllum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð með greiningu á sjúkdómsástandi sem tilgreint er í 2., 4. og 5. lið til skírteinisyfirvaldsins,

2) heilbrigði umsækjanda um 2. flokks heilbrigðisvottorð sem eru með brisbólgu skal meta í samráði við skírteinisyfirvaldið.

MED.B.025 Efnaskipta- og innkirtlakerfi

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neinar starfrænar eða vefrænar efnaskipta-, næringar- eða innkirtlaraskanir sem eru líklegar til að koma í veg fyrir að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina með öruggum hætti,

b) Umsækjendur með efnaskipta-, næringar- eða innkirtlatruflanir má meta hæfa með fyrirvara um að sýnt hefur verið fram á að ástandið sé stöðugt og mat á flugheilbrigði hafi farið fram með fullnægjandi niðurstöðu.

c) *Sykursýki*

1) Umsækjendur með sykursýki sem krefst insúlíns skal ekki meta hæfa.

2) Umsækjendur með sykursýki sem ekki krefst insúlíns skal ekki meta hæfa nema hægt sé að sýna fram á að búið sé að ná stjórn á blóðsykrinum.

d) Mat á flugheilbrigði:

1) vísa skal öllum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð sem þarfnast annarra lyfja en insúlíns til að stjórna blóðsykrinum til skírteinisyfirvaldsins,

2) meta skal heilbrigði umsækjendur um 2. flokks heilbrigðisvottorð sem þarfnast annarra lyfja en insúlíns til að stjórna blóðsykri í samráði við skírteinisyfirvaldið.

MED.B.030 Blóðsjúkdómar

a) Umsækjendur skulu ekki vera með neinn blóðsjúkdóm sem er líklegur til að koma í veg fyrir að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina með öruggum hætti.

b) Vegna 1. flokks heilbrigðisvottorðs skal blóðrauði prófaður við hverja skoðun vegna útgáfu heilbrigðisvottorðs.

c) Umsækjendur með blóðsjúkdóm, s.s.:

1) blóðstorknunar-, blæðinga- eða segamyndunarröskun,

2) langvinnt hvítblæði,

má meta hæfa með fyrirvara um mat á flugheilbrigði með fullnægjandi niðurstöðu.

d) Mat á flugheilbrigði:

1) vísa skal öllum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð með sjúkdómsástand sem tilgreint er í c-lið hér að framan til skírteinisyfirvaldsins,

2) meta skal heilbrigði allra umsækjenda um 2. flokks heilbrigðisvottorð með sjúkdómsástand sem tilgreint er í c-lið hér að framan í samráði við skírteinisyfirvaldið.

e) Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð með einn af blóðsjúkdómunum sem tilgreindir eru hér á eftir skal vísað til skírteinisyfirvaldsins:

1) óeðlilegan blóðrauða, þ.m.t. en ekki einskorðað við blóðleysi, rauðkornadreyra eða blóðrauðakvilla,

2) marktæka eitlastækkun,

3) miltisstækkun.

MED.B.035 Þvag- og kynfæri

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neina starfræna eða vefræna sjúkdóma í nýrum eða þvag- og kynfærum eða viðhengjum þeirra sem eru líklegir til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti.

b) Þvagrannsókn skal vera hluti af öllum heilbrigðisskoðunum. Í þvaginu skulu ekki vera nein efni sem benda til sjúkdóma.

c) Umsækjendur með eftirstöðvar sjúkdóms eða skurðaðgerðar í nýrum eða þvagvegi sem eru líklegar til að valda óstarfhæfni, einkum hindranir vegna þrengsla eða samþjöppunar skulu ekki metnir hæfir.

d) Umsækjendur með röskun á þvag- eða kynfærum, s.s.:

1) nýrnasjúkdóm,

2) einn eða fleiri þvagfærasteina eða sögu um nýrnasteina,

má meta hæfa með fyrirvara um fullnægjandi rannsókn á nýrum/þvagfærum.

e) Umsækjendur sem gengist hafa undir meiri háttar skurðaðgerð á þvagfærum sem felur í sér að líffærin eru fjarlægð að fullu eða að hluta, eða hjáveitu þessara líffæra, skulu ekki metnir hæfir og þeir endurmetnir að hafa náð fullum bata áður en hægt er að meta þá hæfa. Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins vegna endurmatsins.

MED.B.040 Smitsjúkdómar

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neina staðfesta heilsufarssögu um eða klíníska greiningu á neinum smitsjúkdómi sem eru líklegir til að koma í veg fyrir að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti.

b) Umsækjendur sem eru HIV-jákvæðir má meta hæfa með fyrirvara um fullnægjandi mat á flugheilbrigði. Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins.

MED.B.045 Fæðingar- og kvensjúkdómafræði

a) Umsækjendur skulu ekki vera með neitt starfrænt eða vefrænt ástand á sviði fæðingar- eða kvensjúkdómafræði sem er líklegt til að koma í veg fyrir að réttinda viðeigandi skírteina verði neytt með öruggum hætti.

b) Umsækjendur sem gengist hafa undir meiri háttar kvensjúkdómaaðgerð skulu ekki metnir hæfir þar til þeir hafa náð fullum bata.

c) *Þungun*

1) Þegar um er að ræða þungun, ef fluglæknasetrið eða fluglæknirinn telur að leyfishafi sé fær um að neyta réttinda sinna skal gildistími heilbrigðisvottorðsins takmarkast við lok 26. viku meðgöngu. Að þeim tíma loknum skal vottorðið falla tímabundið úr gildi. Afturkalla skal tímabundnu niðurfellinguna þegar viðkomandi hefur náð sér að fullu að meðgöngu lokinni.

2) Handhafar 1. flokks heilbrigðisvottorða skulu aðeins neyta réttinda skírteina sinna fram að 26. viku meðgöngu með takmörkun við fjölstjórnarumhverfi (OML). Þrátt fyrir ákvæði MED.B.001 er fluglæknasetrinu eða fluglækninum heimilt í slíku tilviki að setja eða afmá takmörkunina við fjölstjórnarumhverfi.

MED.B.050 Vöðva- og beinakerfi

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neinn galla í beinum, liðum, vöðvum eða sinum, meðfædda eða áunna, sem eru líklegir til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti.

b) Umsækjandi skal hafa nægilega sethæð, lengd handleggja og fótleggja og vöðvastyrk til að neyta réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.

c) Umsækjandi skal hafa fullnægjandi starfræn not vöðva- og beinakerfis til að tryggja að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti. Heilbrigði umsækjanda skal meta í samráði við skírteinisyfirvaldið.

MED.B.055 Geðfræðilegar kröfur

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neina staðfesta heilsufarssögu eða klíníska greiningu á geðrænum sjúkdómum eða fötlun, ástandi eða röskun, bráðum eða langvinnum, meðfæddum eða áunnum, sem líklegt er að komi í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.

b) Umsækjendur með geð- eða atferlisröskun vegna notkunar áfengis eða annarrar notkunar eða misnotkunar á geðvirkum efnum skulu ekki metnir hæfir meðan beðið er eftir bata og að viðkomandi verði laus við notkun vímuefna og með fyrirvara um fullnægjandi geðmat að lokinni árangursríkri meðferð. Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins. Heilbrigði umsækjanda um 2. flokks heilbrigðisvottorð skal meta í samráði við skírteinisyfirvaldið.

c) Umsækjendur með geðræna kvilla, s.s.:

1) lyndisröskun,

2) hugsýki,

3) persónuleikaröskun,

4) geð- eða atferlisröskun,

skulu gangast undir fullnægjandi geðmat áður en hægt er að meta þá hæfa.

d) Umsækjendur sem hafa sögu um að hafa einu sinni eða ítrekað reynt að valda sjálfum sér skaða skulu metnir ekki hæfir. Umsækjendur skulu gangast undir fullnægjandi geðmat áður en hægt er að meta þá hæfa.

e) Mat á flugheilbrigði:

1) vísa skal öllum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð með sjúkdómsástand sem tilgreint er í b-, c- eða d-lið hér að framan til skírteinisyfirvaldsins,

2) meta skal heilbrigði allra umsækjenda um 2. flokks heilbrigðisvottorð með sjúkdómsástand sem tilgreint er í b-, c- eða d-lið hér að framan í samráði við skírteinisyfirvaldið.

f) Umsækjendur með staðfesta sögu eða klíníska greiningu á geðklofa, geðklofagerðaröskun eða hugvilluröskun skulu metnir ekki hæfir.

MED.B.060 Sálfræðilegar kröfur

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neina staðfesta sálræna kvilla sem eru líklegir til að koma í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti.

b) Sálfræðilegs mats getur verið krafist sem hluta af, eða til viðbótar við, geðfræðilega eða taugafræðilega rannsókn sérfræðings.

MED.B.065 Taugafræðilegar kröfur

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neina staðfesta heilsufarssögu um eða klíníska greiningu á neinum taugasjúkdómi sem líklegt er að komi í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.

b) Umsækjendur sem hafa staðfesta sögu um eða klíníska greiningu á:

1) flogaveiki,

2) ítrekuðum truflunum á meðvitund án þekktrar orsakar,

skal ekki meta hæfa.

c) Umsækjendur sem hafa staðfesta sögu um eða klíníska greiningu á:

1) flogaveiki, án upptekningar eftir 5 ára aldur,

2) flogaveiki, án upptekningar og án meðhöndlunar í meira en tíu ár,

3) flogaveikilegum frábrigðum á heilalínuriti og staðbundnum hægum bylgjum,

4) ágengum eða stöðugum sjúkdómi í taugakerfinu,

5) einu atviki þar sem truflun verður á meðvitund án þekktrar orsakar,

6) meðvitundarleysi í kjölfar höfuðáverka,

7) áverki á heila sem nær inn í heilavef,

8) meiðslum á mænu eða úttaugum,

skulu gangast undir frekara mat áður en hægt er að meta þá hæfa. Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins. Heilbrigði umsækjanda um 2. flokks heilbrigðisvottorð skal meta í samráði við skírteinisyfirvaldið.

MED.B.070 Sjónkerfi

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neinn galla á virkni augna eða viðhengja þeirra eða sjúklegt ástand, meðfætt eða ákomið, brátt eða langvinnt, eða eftirstöðvar augnaaðgerðar eða meiðsli, sem líklegt er að komi í veg fyrir að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteina með öruggum hætti.

b) *Skoðun*

1) Fyrir 1. flokks heilbrigðisvottorð:

i. skal ítarleg augnskoðun vera hluti af fyrstu skoðun sem skal framkvæmd með reglulegu millibili með hliðsjón af sjónlagi og starfhæfni augans, og

ii. venjuleg augnskoðun skal vera hluti af öllum skoðunum til framlengingar og endurnýjunar.

2) Fyrir 2. flokks heilbrigðisvottorð:

i. skal venjuleg augnskoðun vera hluti af fyrstu skoðun og öllum skoðunum til framlengingar og endurnýjunar og

ii. gengist skal undir ítarlega augnskoðun ef klínískar ábendingar eru fyrir hendi.

c) Fjarlægðarsjónskerpa, með eða án leiðréttingar, skal vera:

1) ef um er að ræða 1. flokks heilbrigðisvottorð, 6/9 (0,7) eða betri á hvoru auga og sjónskerpa á báðum augum skal vera 6/6 (1,0) eða betri,

2) ef um er að ræða 2. flokks heilbrigðisvottorð, 6/12 (0,5) eða betri á hvoru auga og sjónskerpa á báðum augum skal vera 6/9 (0,7) eða betri. Umsækjandi með skerta sjón á öðru auga má meta hæfan í samráði við skírteinisyfirvaldið með fyrirvara um sjónpróf með fullnægjandi niðurstöðu,

3) umsækjendur um fyrsta 1. flokks heilbrigðisvottorð með skerta sjón á öðru auga skulu metnir ekki hæfir. Við framlengingu skal vísa umsækjendum með áunna sjónskerðingu á öðru auga til skírteinisyfirvaldsins og má meta þá hæfa ef ólíklegt er að það komi í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda skírteinisins með öruggum hætti.

d) Umsækjandi skal geta lesið N5 spjald (eða jafngilt) í 30-50 cm fjarlægð og N14 spjald (eða jafngilt) í 100 cm fjarlægð með leiðréttingu ef hún sé notuð.

e) Gerð er krafa um að umsækjendur um 1. flokks heilbrigðisvottorð skulu hafa eðlilegt sjónsvið og eðlilega virkni á báðum augum (tvísæi).

f) Umsækjendur sem gengist hafa undir augnaðgerð má meta hæfa með fyrirvara um sjónpróf með fullnægjandi niðurstöðu.

g) Umsækjendur með klíníska greiningu á keiluglæru má meta hæfa með fyrirvara um rannsókn augnlæknis með fullnægjandi niðurstöðu. Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins.

h) Umsækjendur með:

1) sjónskekkju,

2) sjónlagsmun,

má meta hæfa með fyrirvara um sjónpróf með fullnægjandi niðurstöðu.

i. Umsækjendur með tvísýni skulu metnir ekki hæfir.

j) Gleraugu og snertilinsur. Ef aðeins er hægt að ná fullnægjandi sjón með notkun sjónleiðréttingar:

1) i. fyrir fjarsýni skal nota gleraugu og snertilinsur á meðan réttinda viðeigandi skírteinis er neytt,

ii. fyrir nærsýni skal hafa nærsýnisgleraugu við höndina á meðan réttinda viðeigandi skírteinis er neytt,

2) varagleraugu með sams konar leiðréttingu skulu vera við hendina þegar réttinda viðkomandi skírteinis/skírteina er neytt,

3) sjónleiðréttingin skal veita bestu mögulega sjón, ekki valda óþægindum og vera hæf til notkunar við flug,

4) ef snertilinsur eru notaðar skulu það vera ólitaðar einskerpulinsur fyrir fjarsýni og ekki valda óþægindum.

5) Umsækjendur með mikinn ljósbrotsgalla skulu nota snertilinsur eða sjóngler af háum gæðum,

6) ekki má nota fleiri en ein gleraugu til að uppfylla sjónkröfurnar,

7) ekki skal nota hornhimnumótandi linsur (e. *orthokeratological lenses*).

MED.B.075 Litsjón

a) Gerð er sú krafa á umsækjendur að þeir geti auðveldlega greint þá liti sem nauðsynlegir eru til að þeir geti gengt skyldum sínum með öruggum hætti.

b) *Skoðun*

1) Umsækjendur skulu standast Ishihara-prófið fyrir fyrstu útgáfu heilbrigðisvottorðs.

2) Umsækjendur sem ekki standast Ishihara-prófið skulu gangast undir frekari litskynjunarpróf til að staðfesta að þeir séu litvissir.

c) Ef um er að ræða 1. flokks heilbrigðisvottorð skulu umsækjendur hafa eðlilegt litskyn eða vera litvissir. Umsækjendur sem ekki standast frekari litskynjunarpróf skulu metnir ekki hæfir. Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins.

d) Ef um er að ræða 2. flokks heilbrigðisvottorð skulu flugréttindi umsækjanda takmörkuð við flug að degi til þegar hann/hún hefur ekki fullnægjandi litskyn.

MED.B.080 Háls-, nef- og eyrnafræðilegar kröfur

a) Umsækjendur skulu ekki vera með neina galla á starfsemi eyrna, nefs, hola eða háls, að meðtöldu munnholi, tönnum og barka, eða neitt virkt sjúklegt ástand, meðfætt eða ákomið, brátt eða langvinnt, eða einhver eftirköst skurðaðgerðar eða meiðsla sem líklegt er að komi í veg fyrir að hann geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis með öruggum hætti.

b) Heyrn skal vera fullnægjandi til að neyta af öryggi réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina.

c) *Skoðun*

1) Heyrn skal prófuð við allar skoðanir.

i. Hvað varðar 1. og 2. flokks heilbrigðisvottorð, ef bæta á blindflugsréttindum í viðeigandi skírteini, skal heyrn prófuð með heyrnarmælingu með hreinum tónum við fyrstu skoðun og síðari skoðanir til framlengingar eða endurnýjunar, á fimm ára fresti þar til 40 ára aldri er náð og eftir það á tveggja ára fresti.

ii. Við prófun með heyrnarmælingu með hreinum tónum mega umsækjendur við fyrstu skoðun ekki vera með meira heyrnartap en 35 dB við neina af tíðnunum 500, 1000 eða 2000 Hz, eða meira en 50 dB við 3000 Hz í hvoru eyra fyrir sig. Umsækjendur um framlengingu eða endurnýjun með meira heyrnartap skulu sýna fram á viðunandi heyrn.

iii. Umsækjendur með heyrnarskerðingu skulu sýna fram á viðunandi heyrn.

2) Við fyrstu útgáfu 1. flokks heilbrigðisvottorðs skal gerð ítarleg háls-, nef- og eyrnaskoðun og með reglulegu millibili eftir það ef klínískar ábendingar gefa tilefni til.

d) Umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð með:

1) virkt sjúkdómsferli, brátt eða langvinnt, í innra- eða miðeyra,

2) ógróna rauf eða vanvirkni í hljóðhimnu(m),

3) röskun á jafnvægisstarfsemi,

4) marktæka þrengingu nefganga,

5) vanvirkni hola,

6) marktæka aflögun eða marktæka, bráða eða langvinna sýkingu í munnholi eða efri öndunarvegi,

7) marktæka truflun á tali eða rödd,

skal gangast undir frekari heilbrigðisskoðun og -mat til að staðfesta að ástandið komi ekki í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda skírteinisins með öruggum hætti.

e) Mat á flugheilbrigði:

1) vísa skal öllum umsækjendum um 1. flokks heilbrigðisvottorð með röskun á jafnvægisstarfsemi til skírteinisyfirvaldsins,

2) heilbrigði umsækjanda um 2. flokks heilbrigðisvottorð með röskun á jafnvægisstarfsemi skal meta í samráði við skírteinisyfirvaldið.

MED.B.085 Húðsjúkdómafræðilegar kröfur

Umsækjendur skulu ekki hafa neinn staðfestan húðsjúkdóm sem líklegt er að hafi áhrif á örugga nýtingu réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina.

MED.B.090 Æxlafræðilegar kröfur

a) Umsækjendur skulu ekki hafa neinn staðfestan fyrsta eða annars stigs illkynja sjúkdóm sem líklegt er að komi í veg fyrir að þeir geti neytt réttinda viðeigandi skírteinis/skírteina með öruggum hætti.

b) Eftir meðferð á illkynja sjúkdómi skulu umsækjendur gangast undir fullnægjandi mat hjá krabbameinsfræðingi áður en hægt er að meta þá hæfa. Umsækjendum um 1. flokks vottorð skal vísað til skírteinisyfirvaldsins. Heilbrigði umsækjanda um 2. flokks heilbrigðisvottorð skal meta í samráði við skírteinisyfirvaldið.

c) Umsækjendur með staðfesta sögu eða klíníska greiningu á illkynja heilaæxli skulu metnir ekki hæfir.

3. ÞÁTTUR

Sérstakar kröfur vegna heilbrigðisvottorða fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför (LAPL)

MED.B.095 Heilbrigðisskoðun og/eða -mat á umsækjendum um heilbrigðisvottorð fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför

a) Umsækjandi um heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteinis fyrir létt loftför metinn í samræmi við bestu starfsvenjur í fluglæknisfræði.

b) Sérstakur gaumur skal gefinn að allri heilsufarssögu umsækjandans.

c) Frummat, síðara endurmat eftir að 50 ára aldri er náð og mat í þeim tilvikum sem fluglæknirinn hefur ekki aðgang að heilsufarssögu umsækjanda skal a.m.k. fela í sér:

1) klíníska skoðun,

2) mælingu blóðþrýstings,

3) þvagpróf,

4) sjónpróf,

5) heyrnarpróf.

d) Að loknu frummati skal síðara endurmat fram að 50 ára aldri fela í sér:

1) mat á heilsufarssögu handhafa flugmannsskírteinis fyrir létt loftför, og

2) þættina í c-lið eins og fluglæknasetur, fluglæknir eða heimilislæknir telur nauðsynlegt í samræmi við bestu starfsvenjur í fluglæknisfræði.

C-KAFLI

KRÖFUR UM HEILBRIGÐI ÖRYGGIS- OG ÞJÓNUSTULIÐA

1. ÞÁTTUR

Almennar kröfur

MED.C.001 Almenn atriði

Öryggis- og þjónustuliðar mega aðeins sinna þeim skyldum og þeirri ábyrgð, sem krafist er í reglum um flugöryggi í loftfari, ef þeir uppfylla viðeigandi kröfur í þessum hluta.

MED.C.005 Mat á flugheilbrigði

a) Öryggis- og þjónustuliðar skulu gangast undir mat á flugheilbrigði til að sannreyna að þeir séu lausir við alla líkamlega eða geðræna sjúkdóma sem leitt gæti til óstarfhæfni eða óhæfni til að gegna þeim öryggisstörfum og þeirri ábyrgð sem þeim eru falin.

b) Hver öryggis- og þjónustuliði skal gangast undir mat á flugheilbrigði áður en honum eru fyrst falin skyldustörf í loftfari, og eftir það með að hámarki 60 mánaða millibili.

c) Mat á flugheilbrigði skal vera í höndum fluglæknaseturs, fluglæknis eða læknis sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum ef kröfur MED.D.040 eru uppfylltar.

2. ÞÁTTUR

Kröfur um mat á flugheilbrigði öryggis- og þjónustuliða

MED.C.020 Almenn atriði

Öryggis- og þjónustuliðar skulu ekki þjást af:

a) neinum galla, meðfæddum eða ákomnum,

b) neinum virkum, duldum, bráðum eða langvinnum sjúkdómi eða fötlun,

c) neinum sárum, meiðslum eða afleiðingum aðgerða, og

d) neinum verkunum eða aukaverkunum lyfs, hvort sem því hefur verið ávísað eða fengið án lyfseðils, sem ætlað er til meðferðar, sjúkdómsgreiningar eða til notkunar vegna fyrirbyggjandi eiginleika sinna, sem tekið er og gæti valdið skerðingu á starfsgetu og gæti leitt til óstarfhæfni eða óhæfni til að gegna þeim öryggisstörfum og þeirri ábyrgð sem þeim eru falin.

MED.C.025 Efni mats á flugheilbrigði

a) Frummat á flugheilbrigði skal a.m.k. fela í sér:

   1) mat á heilsufarssögu öryggis- og þjónustuliðans sem leggur fram umsóknina, og

   2) klíníska rannsókn á eftirfarandi:

      i. hjarta- og æðakerfinu,

      ii. öndunarfærunum,

      iii. vöðva- og beinakerfinu,

      iv. hálsi, nefi og eyrum,

      v. sjónkerfinu, og

      vi. litsjón.

b) Allt síðara mat á flugheilbrigði skal fela í sér:

   1) mat á heilsufarssögu öryggis- og þjónustuliða, og

   2) klíníska rannsókn, ef það telst nauðsynlegt í samræmi við bestu starfsvenjur í fluglæknisfræði.

c) Hvað varðar a- og b- liði, í vafatilfellum eða þegar klínískar ábendingar gefa tilefni til, skal mat á flugheilbrigði öryggis- og þjónustuliða einnig fela í sér auka heilbrigðisskoðun, -próf eða -rannsókn sem fluglæknir, fluglæknasetur eða læknir sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum telur nauðsynlega.

3. ÞÁTTUR

Viðbótarkröfur fyrir umsækjendur um, eða handhafa að, staðfestingu öryggis- og þjónustuliða

MED.C.030 Læknisskýrsla öryggis- og þjónustuliða

a) Að loknu hverju mati á flugheilbrigði skulu umsækjendur um, og handhafar að, staðfestingu öryggis- og þjónustuliða:

1) hljóta læknisskýrslu öryggis- og þjónustuliða frá fluglækni, fluglæknasetri eða lækni sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum, og

2) veita þeim flugrekanda/flugrekendum sem hafa ráðið þá til starfa viðeigandi upplýsingar eða afrit af læknisskýrslu öryggis- og þjónustuliða.

b) *Læknisskýrsla öryggis- og þjónustuliða*

Í læknisskýrslu öryggis- og þjónustuliða skal koma fram dagsetning er mat á flugheilbrigði fór fram, óháð því hvort öryggis- og þjónustuliðinn hafi verið metinn hæfur eða ekki, dagsetning næsta mats sem krafist er og allar takmarkanir ef við á. Um alla aðra þætti gildir þagnarskylda heilbrigðisstétta í samræmi við MED.A.015.

MED.C.035 Takmarkanir

a) Ef handhafar staðfestingar öryggis- og þjónustuliða uppfylla ekki að fullu heilbrigðiskröfurnar sem kveðið er á um í 2. þætti skal fluglæknir, fluglæknasetur eða læknir sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum meta hvort þeir geti verið færir um að gegna skyldum öryggis- og þjónustuliða með eina eða fleiri takmarkanir.

b) Allar takmarkanir í tengslum við neytingu þeirra réttinda sem staðfesting öryggis- og þjónustuliða veitir skulu tilgreindar í læknisskýrslu öryggis- og þjónustuliða og skal aðeins aflétt af fluglækni, fluglæknasetri eða lækni sem er sérfræðingur í atvinnusjúkdómum í samráði við fluglækni.

D-KAFLI

FLUGLÆKNAR (AME), HEIMILISLÆKNAR (GMP), LÆKNAR SEM ERU SÉRFRÆÐINGAR Í ATVINNUSJÚKDÓMUM (OHMP)

1. ÞÁTTUR

Fluglæknar

MED.D.001 Réttindi

a) Réttindi fluglæknis er að gefa út, framlengja og endurnýja 2. flokks heilbrigðisvottorð og heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför og að framkvæma viðeigandi heilbrigðisskoðun og -mat.

b) Handhafar vottorðs fluglæknis geta sótt um viðbótarréttindi þannig að þau nái yfir heilbrigðisskoðun vegna framlengingar og endurnýjunar á 1. flokks heilbrigðisvottorðum ef þeir uppfylla kröfurnar í MED.D.015.

c) Gildissvið réttinda fluglæknis og öll skilyrði í tengslum við það skulu tilgreind á vottorðinu.

d) Handhafar vottorðs sem fluglæknir skulu ekki framkvæma heilbrigðisskoðun eða -mat í öðru aðildarríki en því sem gaf út vottorð þeirra sem fluglæknir, nema þeir hafi:

1) fengið heimild gistiaðildarríkisins til að sinna atvinnustarfsemi sinni sem sérmenntaður læknir,

2) upplýst lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins að þeir hyggist framkvæma heilbrigðisskoðun og -mat og gefa út heilbrigðisvottorð innan gildissviðs réttinda þeirra sem fluglæknir, og

3) fengið upplýsingar frá lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins.

MED.D.005 Umsókn

a) Umsókn um vottorð fluglæknis skal lögð fram með því sniði og með þeim hætti sem lögbært yfirvald tilgreinir.

b) Umsækjendur um vottorð fluglæknis skulu leggja eftirfarandi fram til lögbærs yfirvalds:

1) persónuupplýsingar og heimilisfang starfseminnar,

2) gögn sem sýna fram á að þeir uppfylli kröfurnar sem settar eru í MED.D.010, þ.m.t. vottorð um að þeir hafi lokið námskeiði í fluglæknisfræði sem er viðeigandi fyrir þau réttindi sem sótt er um,

3) skriflega yfirlýsingu um að fluglæknirinn muni gefa út heilbrigðisvottorð á grundvelli krafna í þessum hluta.

c) Ef fluglæknirinn framkvæmir heilbrigðisskoðanir á fleiri en einum stað skal hann veita lögbæru yfirvaldi viðeigandi upplýsingar um allar starfsstöðvarnar.

MED.D.010 Kröfur vegna útgáfu á vottorði fluglæknis

Umsækjendur um vottorð fluglæknis með réttindi fyrir fyrstu útgáfu, framlengingu og endurnýjun á 2. flokks heilbrigðisvottorðum skulu:

a) vera með full starfsréttindi og leyfi til að stunda læknisstörf og hafa undir höndum vottorð um að hafa lokið sérnámi,

b) hafa lokið grunnnámskeiði í fluglæknisfræði,

c) sýna lögbæru yfirvaldi fram á að þeir:

1) hafa viðunandi aðstöðu, verklag, skjalahald og rekstrarbúnað sem er viðeigandi fyrir heilbrigðisskoðanir, og

2) hafa tiltækt nauðsynlegt verklag og skilyrði í því skyni að tryggja þagnarskyldu heilbrigðisstétta.

MED.D.015 Kröfur fyrir viðbótarréttindi

Umsækjendur um vottorð fluglækna með viðbótarréttindi vegna framlengingar og endurnýjunar á 1. flokks heilbrigðisvottorðum skulu hafa gilt vottorð sem fluglæknir og:

a) hafa lokið a.m.k. 30 skoðunum í tengslum við útgáfu, framlengingu eða endurnýjun á 2. flokks heilbrigðisvottorðum á að hámarki 5 ára tímabili fyrir umsóknina,

b) hafa lokið framhaldsnámskeiði í fluglæknisfræði, og

c) hafa farið í verklega þjálfun hjá fluglæknasetri eða undir umsjón skírteinisyfirvaldsins.

MED.D.020 Þjálfunarnámskeið í fluglæknisfræði

a) Þjálfunarnámskeið í fluglæknisfræði skulu samþykkt af lögbæru yfirvaldi þess aðildarríkis þar sem sú stofnun sem veitir námskeiðið hefur aðalstarfsstöð sína. Stofnunin sem veitir námskeiðið skal sýna fram á að námsefni þess sé fullnægjandi og að þeir einstaklingar sem veita þjálfunina búi yfir nægilegri þekkingu og reynslu.

b) Námskeiðunum skal lokið með skriflegu prófi um þau viðfangsefni sem falla undir innihald námskeiðsins, nema hvað varðar upprifjunarþjálfun.

c) Stofnunin sem veitir námskeiðið skal gefa út vottorð til umsækjenda um að þeir hafi lokið við námskeiðið þegar þeir hafa staðist prófið.

MED.D.025 Breytingar á vottorði fluglæknis

a) Fluglæknar skulu tilkynna lögbæra yfirvaldinu um eftirfarandi breytingar sem gætu haft áhrif á vottorð þeirra:

1) fluglæknirinn sætir meðferð agabrota eða rannsókn af hálfu eftirlitsstofnunar heilbrigðismála,

2) breytingar hafa orðið á þeim forsendum sem veiting vottorðsins byggði á, þ.m.t. innihaldi þeirra yfirlýsinga sem lagðar eru fram með umsókninni,

3) kröfurnar fyrir útgáfunni eru ekki lengur uppfylltar,

4) starfsstöð(var) fluglæknis eða heimilisfang hefur breyst.

b) sé lögbæra yfirvaldinu ekki tilkynnt um slíkt leiðir það til tímabundinnar sviptingar eða afturköllunar á réttindum vottorðsins á grundvelli ákvörðunar þess lögbæra yfirvalds sem sviptir tímabundið eða afturkallar vottorðið.

MED.D.030 Gildistími vottorða fluglækna

Vottorð fluglæknis skal gefið út til þriggja ára hið lengsta. Það skal framlengt með fyrirvara um að handhafi:

a) uppfylli áfram þau almennu skilyrði sem krafist er af starfandi læknum og viðhaldi skráningu sem starfandi læknir samkvæmt landslögum,

b) hafi fengið upprifjunarþjálfun í fluglæknisfræði innan síðustu þriggja ára,

c) hafi framkvæmt a.m.k. 10 heilbrigðisskoðanir á hverju ári,

d) uppfylli enn skilyrðin í vottorði sínu, og

e) neyti réttinda sinna í samræmi við þennan hluta.

2. ÞÁTTUR

Heimilislæknar (GMP)

MED.D.035 Kröfur fyrir heimilislækna

a) Heimilislæknar skulu aðeins starfa sem fluglæknar í tengslum við útgáfu heilbrigðisvottorða fyrir flugmannsskírteini fyrir létt loftför:

1) ef starfsemi þeirra fer fram í aðildarríki þar sem heimilislæknar hafa viðeigandi aðgang að allri heilsufarsskrá umsækjanda, og

2) í samræmi við allar viðbótarkröfur sem gilda í samræmi við landslög.

b) Til þess að gefa út heilbrigðisvottorð vegna flugmannsskírteina fyrir létt loftför skulu heimilislæknar hafa full starfsréttindi og leyfi til að stunda læknisstörf í samræmi við landslög.

c) Heimilislæknar sem starfa sem fluglæknar skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi um starfsemi sína.

3. ÞÁTTUR

Læknar sem eru sérfræðingar í atvinnusjúkdómum (OHMP)

MED.D.040 Kröfur fyrir lækna sem eru sérfræðingar í atvinnusjúkdómum

Læknar sem eru sérfræðingar í atvinnusjúkdómum skulu aðeins framkvæma mat á flugheilbrigði öryggis- og þjónustuliða ef:

a) lögbæra yfirvaldið hefur hlotið fullvissu um að viðeigandi innlent fyrirkomulag varðandi heilbrigði starfsmanna geti tryggt að farið verði að viðeigandi kröfum þessa hluta,

b) þeir hafa leyfi til að stunda læknisstörf og menntun á sviði atvinnusjúkdómafræði í samræmi við landslög, og

c) þeir hafa öðlast þekkingu í fluglæknisfræði sem er viðeigandi fyrir starfsumhverfi öryggis- og þjónustuliða.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1195/2012 2013/EES/56/12

frá 13. desember 2012

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma koningii* (MUCL 39203), fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis (leyfishafi er Lyven) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Notkun efnablöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma koningii* (MUCL 39203), var leyfð án tímamarka fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 828/2007([2]).

3) Í samræmi við 7. mgr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um nýja notkun á blöndu með 1,4-endó-beta-xýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma koningii* (MUCL 39203), fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis, og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 4. júlí 2012([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-beta-xýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma koningii* (MUCL 39203), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að hún geti bætt fóðurstuðul hjá eldiskalkúnum. Hún ályktaði einnig að sú niðurstaða geti átt við kalkúna sem eru aldir til undaneldis. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með endó-1,4-beta-xýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma koningii* (MUCL 39203), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 342, 14.12.2012, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 184, 14.7.2007, bls. 12.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2843.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a1642	Lyven	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-beta-xýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma koningii* (MUCL 39203), með virkni að lágmarki: Fast form: 1 500 AXC([1])/g Vökvaform: 200 AXC/ml *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* endó-1,4-beta-xýlanasi, framleiddur með *Trichoderma koningii* (MUCL 39203) *Greiningaraðferð*([2]) Fyrir magnákvörðun á endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með Trichoderma koningii (MUCL 3903), í fóðri: Litmæling byggð á magnákvörðun á lituðum fáliðum sem koma fram við verkun endó-1,4-betaxýlanasa á Remazol-Brilliant-Blue-R-xýlan við pH-gildið 4,7 og 30 °C.	Eldis-kalkúnar Kalkúnar, aldir til undaneldis	—	75 AXC	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Ráðlagður hámarksskammtur á hvert kíló heilfóðurs fyrir eldiskalkúna og kalkúna sem eru aldir til undaneldis: 100 AXC. 3. Til nota í fóður, auðugt af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínoxýlönum). 4. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	3. janúar 2023

([1]) 1 AXC er magn þess ensíms sem leysir 17,2 míkrómól afoxandi sykra (maltósajafngilda) á mínútu úr xýlani úr höfrum við pH 4,7 og 30 °C.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1196/2012 **2013/EES/56/13**

frá 13. desember 2012

um breytingu á reglugerð (ESB) nr 9/2010 að því er varðar lágmarksinnihald blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa, sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588), sem fóðuraukefni í fóðri fyrir varphænur (leyfishafi er Danisco Animal Nutrition) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Notkun á blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588) og tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, var leyfð til 10 ára til nota sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, varphænur, eldisendur og -kalkúna með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 9/2010([2]), fyrir fráfærugrísi og eldissvín með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 528/2011([3]) og fyrir aukategundir alifugla, aðrar en endur, með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 1021/2012([4]).

2) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir blönduna sem um er að ræða með því að minnka lágmarksinnihald þess úr 2 500 U/kg í 625 U/kg, að því er varðar notkun fyrir varphænur. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“).

3) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 22. maí 2012([5]) að við ný, tillögð notkunarskilyrði sé blandan, sem um er að ræða, áhrifarík í þeim lágmarksskammti sem óskað er eftir sem er 625 U/kg. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

4) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

5) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 9/2010 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 9/2010 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 342, 14.12.2012, bls. 25. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 3, 7.1.2010, bls. 10.

([3]) Stjtíð. ESB L 143, 31.5.2011, bls. 10.

([4]) Stjtíð. ESB L 307, 7.11.2012, bls. 68.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2012) 10(6), 2739.

VIÐAUKI

Í stað viðaukans við reglugerð (ESB) nr. 9/2010 komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a11	Danisco Animal Nutrition (Lögaðili: Danisco (UK) Limited)	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-betaxýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með Trichoderma reesei (ATCC PTA 5588) með lágmarksvirkni 40 000 U([1])/g *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* endó-1,4-betaxýlanasi (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Trichoderma reesei* (ATCC PTA 5588) *Greiningaraðferð*([2]) Fyrir magnákvörðun á virkni endó-1,4-betaxýlanasa: litmæling byggð á magnákvörðun á vatnsleysanlegum, lituðum brotum sem koma fram við verkun endó-1,4-betaxýlanasa á asúrín-víxltengd hveitiarabínoxýlanefni við pH-gildið 4,25 og 50 °C.	Eldis-kjúklingar		625 U		1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Til nota í fóður, auðugt af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum betaarabínoxýlönum).	13. janúar 2020
				Varphænur		625 U			
				Endur		625 U			
				Eldis-kalkúnar		1 250 U			

([1]) 1 U er magn ensíms sem leysir 0,5 míkrómól afoxandi sykra (gefið upp sem xýlósajafngildi) á mínútu úr víxltengdu arabínoxýlanhvarfefni úr hafrahismi við pH-gildið 5,3 og 50 °C.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx“

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1265/2012 **2013/EES/56/14**

frá 17. desember 2012

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) Nr. 837/2012 að því er varðar lágmarksvirkni blöndu með 6-fýtasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594), sem fóðuraukefni fyrir alifugla, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur (leyfishafi er DSM Nutritional Products) (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Notkun á blöndu með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594) og tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, var leyfð til 10 ára til notkunar sem fóðuraukefni fyrir alifugla, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 837/2012([2]).

2) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir blöndunni sem um er að ræða, með því að bæta við nýrri, fastri samsetningu efnisins með lágmarksvirkni sem nemur 10 000 FYT/g. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“).

3) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 24. maí 2012([3]) að ekki megi vænta að hættu stafi af nýrri, fastri samsetningu ensímsins fyrir marktegundina, neytendur, notendur eða umhverfið sem ekki hefur verið könnuð áður og að hún sé áhrifarík í lágmarksvirkni sem nemur 10 000 FYT/g. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

4) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

5) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 837/2012 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 837/2012 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 356, 22.12.2012, bls. 61. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 7.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(6), 2730.

VIÐAUKI

Í stað viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 837/2012 komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a18	DSM Nutritional Products	6-fýtasi (EC 3.1.3.26)	*Samsetning aukefnis* Blanda með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594) með lágmarksvirkni sem nemur: 10 000 FYT([1])/g í föstu formi 20 000 FYT/g í fljótandi formi *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 6-fýtasi (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594) *Greiningaraðferð*([2]) Fyrir magnákvörðun á 6-fýtasa í fóðri: Litmæling sem mælir ólífrænt fosfat sem 6-fýtasi leysir úr fýtati (ISO 30024:2009)	Alifuglar Eldissvín Fráfærugrísir	—	500 FYT	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs fyrir: — alifugla, fráfærugrísi og eldissvín: 500–4000 FYT, — gyltur: 1000–4000 FYT, 3. Til nota í fóður sem inniheldur yfir 0,23% fýtínbundinn fosfór. 4. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska. 5. Til notkunar fyrir fráfærugrísi, þar til þeir eru allt að 35 kg.	9. október 2022
				Gyltur		1000 FYT			

([1]) 1 FYT er það magn ensíms sem leysir eitt míkrómól ólífræns fosfats á mínútu úr fýtati við hvarfskilyrði með fýtatastyrk, sem er 5,0 mM við pH-gildið 5,5 og 37 °C.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx“

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1206/2012 2013/EES/56/15

frá 14. desember 2012

um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-ß-xýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 10287), sem fóðuraukefni fyrir alifugla sem eru aldir til slátrunar, fráfærugrísi og eldissvín og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1332/2004 og (EB) nr. 2036/2005 (leyfishafi er DSM Nutritional Products) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE([2]).

2) Blanda með endó-1,4-ß-xýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 10287), var leyfð án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, eldiskalkúna og smágrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1332/2004([3]) og leyfð til fjögurra ára fyrir eldissvín og endur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2036/2005([4]). Blandan var síðan færð inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á þessari blöndu með endó-1,4-ß-xýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 10287), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og eldiskalkúna, fráfærugrísi, eldissvín og endur og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um nýja notkun fyrir allar tegundir alifugla til eldis, og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 12. júní 2012([5]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með endó-1,4-ß-xýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 10287), ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að hún geti bætt afurðasemi hjá eldiskjúklingum, eldiskalkúnum og eldisöndum. Framreikna má þessar niðurstöður yfir á allar aukategundir alifugla til eldis. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að aukefnið geti bætt afurðasemi hjá smágrísum og eldissvínum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með endó-1,4-ß-xýlanasa (EC 3.2.1.8), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 10287), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af veitingu nýs leyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 leiðir að reglugerðum (EB) nr. 1332/2004 og (EB) nr. 2036/2005 skal breytt til samræmis við það.

7) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 347, 15.12.2012, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 247, 21.7.2004, bls. 8.

([4]) Stjtíð. ESB L 328, 15.12.2005, bls. 13.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(7), 2790.

2. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1332/2004

Reglugerð (EB) nr. 1332/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

„1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir flokknum „ensím“ og sett er fram í II. viðauka, er leyfð án tímamarka sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.“

2) Ákvæði I. viðauka falli brott.

3. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 2036/2005

Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2036/2005 falli brott færsla nr. 5, fyrir endó-1,4-ß-xýlanasa EC 3.2.1.8.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blandan, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 4. júlí 2013 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 4. janúar 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a1607	DSM Nutritional Products	Endó-1,4-ß-xýlanasi EC 3.2.1.8	*Samsetning aukefnis* Blanda með endó-1,4-ß-xýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 10287), með virkni að lágmarki: Fast form: 1 000 FXU ([1])/g Vökvaform: 650 FXU/ml *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Endó-1,4-ß-xýlanasi, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 10287) *Analytical method* ([2]) Fyrir magnákvörðun á endó-1,4-ß-xýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 10287), í fóðuraukefni: Litmæling sem mælir vatnsleysanleg lituð brot sem endó-1,4-ß-xýlanasi leysir úr ensímhvarfefni asóhveitis, arabínoxýlani, sem er litað með remazol-skærbláum. Fyrir magnákvörðun á endó-1,4-ß-xýlanasa, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 10287), í forblöndum og fóðri: Litmæling sem mælir vatnsleysanleg lituð brot sem endó-1,4-ß-xýlanasi leysir úr ensímhvarfefni hveitis, arabínoxýlani, sem er víxltengt asúríni,	Alifuglar til eldis Fráfærugrísir Eldissvín	—	100 FXU 200 FXU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Ráðlagður hámarksskammtur á hvert kílógramm heilfóðurs fyrir: — alifugla til eldis: 200 FXU — fráfærugrísi: 400 FXU — eldissvín: 200 FXU. 3. Til notkunar í fóður, auðugt af fjölsykrum öðrum en sterkju (einkum arabínoxýlönum) 4. Handa fráfærugrísum þar til þeir eru u.þ.b. allt að 35 kg. 5. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn og hlífðarhanska.	4. janúar 2023

([1]) 1 FXU er það magn ensíms sem leysir 7,8 míkrómól afoxandi sykra (xýlósajafngilda) á mínútu úr arabínoxýlani úr asóhveiti við pH 6,0 og 50 °C.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 51/2013 **2013/EES/56/16**

frá 16. janúar 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 152/2009 að því er varðar greiningaraðferðir til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna opinbers eftirlits með fóðri (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt ([1]), einkum 4. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar([2]) er kveðið á um bann við því að jórturdýr séu fóðruð á prótíni úr dýrum. Bannið er rýmkað til að það nái til annarra dýra en jórturdýra og þrengt að því, að því er varðar fóðrun þessara dýra með afurðum úr dýraríkinu, í samræmi við IV. viðauka við þá reglugerð.

2) Í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ([3]) er lagt bann við fóðrun landdýra, annarra en loðdýra, af tilteknum tegundum með unnu dýraprótíni sem er fengið úr skrokkum eða hlutum skrokka dýra af sömu tegund, sem og við fóðrun eldisfiska með unnu dýraprótíni sem er fengið úr skrokkum eða hlutum skrokka eldisfiska af sömu tegund.

3) Í VI. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009 frá 27. janúar 2009 um aðferðir við sýnatöku og greiningu vegna opinbers eftirlits með fóðri ([4]) er mælt fyrir um aðferðir við greiningu til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna opinbers eftirlits með fóðri. Með smásjáraðferðinni, sem er um þessar mundir eina fullgilta aðferðin til að greina dýraprótín í fóðri, er hægt að greina á milli innihaldsefna úr landdýrum og innihaldsefna úr fiski en ekki hægt að ákvarða magn innihaldsefna úr dýraríkinu, sem er fyrir hendi í fóðri, með nægilega mikilli nákvæmni og þar af leiðandi skal ekki nota hana í þessum tilgangi.

4) Tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir dýraprótín í fóðri hefur fullgilt nýja aðferð, sem byggist á kjarnsýrumögnun, til að greina innihaldsefni úr dýraríkinu. Framkvæmdarannsókn, sem skipulögð var með landsbundnum tilvísunarrannsóknarstofum aðildarríkjanna, staðfesti að nýja aðferðin er nægilega traust til að hægt sé að nota hana sem opinbera eftirlitsaðferð í Sambandinu. Með þessari nýju aðferð er hægt að greina innihaldsefni úr dýraríkinu í fóðri og einnig úr hvaða dýrategundum þessi innihaldsefni eru komin. Notkun þessarar nýju aðferðar ásamt smásjáraðferðinni eða í stað hennar, eftir því sem við á, kæmi að miklu gagni við eftirlit með réttri framkvæmd á banninu við fóðrun sem mælt er fyrir um í reglugerðum (EB) nr. 999/2001 og (EB) nr. 1069/2009.

5) Því ber að skipta út VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009 komi textinn sem er settur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 20, 23.1.2013, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L165, 30.4.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. janúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„VI. VIÐAUKI

GREININGARAÐFERÐIR TIL AÐ ÁKVARÐA INNIHALDSEFNI ÚR DÝRARÍKINU VEGNA OPINBERS EFTIRLITS MEÐ FÓÐRI

1. TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

Ákvarða skal innihaldsefni úr dýraríkinu í fóðri með ljóssmásjárrannsókn eða kjarnsýrumögnun í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessum viðauka.

Þessar tvær aðferðir gera það kleift að greina hvort innihaldsefni úr dýraríkinu eru til staðar í fóðurefnum og fóðurblöndu. Þær gera það þó ekki kleift að reikna út magn slíkra innihaldsefna í fóðurefnum og fóðurblöndu. Greiningarmörk beggja aðferðanna eru undir 0,1% (massahlutfall).

Kjarnsýrumögnunaraðferðin gerir það kleift að greina flokkunarfræðilegan hóp innihaldsefna úr dýraríkinu sem eru til staðar í fóðurefnum og fóðurblöndu.

Þessar aðferðir gilda að því er varðar eftirlit með því að þeim bönnum, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 7. gr. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 og í 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sé beitt.

Nota má þessar aðferðir eftir því hvaða tegund af fóðri er verið að prófa, ýmist einar og sér eða saman í einni rekstraraðgerð, í samræmi við staðlaðar verklagsreglur sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir dýraprótín í fóðri (EURL-AP) kom á og birti á vefsetri sínu ([5]).

2. AÐFERÐIR

2.1. **Ljóssmásjárrannsókn**

2.1.1. *Meginregla*

Innihaldsefni úr dýraríkinu, sem mega vera í fóðurefnum og fóðurblöndu sem er send til greiningar, eru greind á grundvelli dæmigerðra eiginleika sem greina má í smásjá, t.d. vöðvaþræðir og aðrar agnir í kjöti, brjósk, bein landdýra, horn, hár, burstir, blóð, fiður, eggjaskurn, fiskbein og hreistur.

2.1.2. *Prófefni og búnaður*

2.1.2.1. Prófefni

2.1.2.1.1. Hreinsunarefni

2.1.2.1.1.1. Tetraklóretýlen (eðlisþyngd 1,62)

2.1.2.1.2. Litunarefni

2.1.2.1.2.1. Lausn með alisarínrauðum (2,5 ml af 1M saltsýru eru þynntir með 100 ml af vatni og 200 mg af alisarínrauðum er bætt út í lausnina).

2.1.2.1.3. Steypiefni

2.1.2.1.3.1. Lútur (NaOH 2,5%, massi miðað við rúmmál, eða KOH 2,5%, massi miðað við rúmmál)

2.1.2.1.3.2. Glýseról (óþynnt, seigja: 1490 cP)

2.1.2.1.3.3. Norland ® Optical Adhesive 65 (seigja: 1200 cP) eða resín með jafngilda eiginleika með tilliti til undirbúnings varanlegra sýnisglerja

2.1.2.1.4. Steypiefni með litunareiginleika

2.1.2.1.4.1. Lugollausn (2 g af kalíumjoðíði eru leyst upp í 100 ml af vatni og 1 g af joði bætt við og hrist á meðan).

([5]) http://eurl.craw.eu/

2.1.2.1.4.2. Systínprófefni (2 g blýasetat, 10 g NaOH/100 ml vatn).

2.1.2.1.4.3. Fehling-prófefni (tilreitt fyrir notkun úr tveimur stofnlausnum, A og B, í jöfnum hlutföllum (1/1). Lausn A: 6,9 g af kopar(II)súlfatpentahýdrati eru leyst upp í 100 ml af vatni. Lausn B: 34,6 g af kalíumnatríumt artrattetrahýdrati og 12 g af NaOH eru leyst upp í 100 ml af vatni)

2.1.2.1.4.4. Tetrametýlbensidín/vetnisperoxíð. (1 g af 3,3',5,5' tetrametýlbensidíni (TMB) eru leyst upp í 100 ml af ísediki og 150 ml af vatni. Fjórum hlutum af þessari TMB-lausn er blandað saman við einn hluta af 3% vetnisperoxíði fyrir notkun)

2.1.2.1.5. Skolefni

2.1.2.1.5.1. Etanól ≥ 96% (tæknilegur hreinleiki)

2.1.2.1.5.2. Aseton (tæknilegur hreinleiki)

2.1.2.1.6. Bleikingarefni

2.1.2.1.6.1. Natríumhýpóklórítlausn sem fæst í verslunum (9–14% virkur klór)

2.1.2.2. Búnaður


2.1.2.2.1. Fínvog með 0,001 g nákvæmni

2.1.2.2.2. Mölunarbúnaður: kvörn eða mortél

2.1.2.2.3. Sigti með ferhyrnda möskva sem eru 0,25 mm og 1 mm að stærð

2.1.2.2.4. Keilulaga skiltrekt úr gleri með 250 ml rúmmál og með loka úr tefloni eða slípuðu gleri við botn keilunnar. Opið á lokanum skal vera ≥ 4mm að þvermáli. Einnig má nota bikarglas með keilulaga botni til botnfellingar, að því tilskildu að rannsóknarstofan hafi sýnt fram á að greining með þeirri aðferð skili jafngildum niðurstöðum og með keilulaga skiltrekt úr gleri.

Skiltrekt



2.1.2.2.5. Víðsjá með endanlegt stækkunarsvæði sem er a.m.k. 6,5× til 40×

2.1.2.2.6. Bjartsviðssmásjá (e. *compound microscope*) með endanlegt stækkunarsvæði sem er a.m.k. 100 × til 400 × og með gegnumfarandi ljósi. Til viðbótar má nota smásjá með skautuðu ljósi eða smásjá þar sem stilla má birtuskil með ljósfasamun (e. *differential interferential contrast*)

2.1.2.2.7. Stöðluð glervara fyrir rannsóknarstofur

2.1.2.2.8. Búnaður fyrir undirbúning sýnisglerja: sígild smásjárgler, sýnisgler með holu, þekjugler (20 × 20 mm), tangir, fingerður spaði

2.1.3. *Sýnataka og undirbúningur sýnis*

2.1.3.1. Sýnataka

Nota skal dæmigert sýni, sem tekið er í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

2.1.3.2. Varúðarráðstafanir

Til að koma í veg fyrir víxlmengun á milli rannsóknarstofa skal hreinsa allan endurnotanlegan búnað vandlega fyrir notkun. Taka skal skiltrektarhluta í sundur fyrir hreinsun. Skiltrektarhluta og glermuni skal forþvo handvirkt og því næst þvo í þvottavél. Hreinsa skal sigti með bursta með stífum gervihárum. Mælst er til þess að lokinni sigtun á fituefni á borð við fiskimjöl að sigti séu að lokum hreinsuð með asetoni og þrýstilofti.

2.1.3.3. Undirbúningur annarra sýna en fitu eða olíu

2.1.3.3.1. Þurrkun sýna: sýni með > 14% rakainnihald skal þurrkað áður en það er meðhöndlað.

2.1.3.3.2. Forsigtun sýna: mælst er til þess að kögglað fóður og kjarnar séu forsigtuð í 1 mm sigti og að því næst séu hlutarnir tveir, sem falla til við það, undirbúnir og greindir sem aðskilin sýni.

2.1.3.3.3. Taka undirsýna og mölun: skipta skal a.m.k. 50 g af sýninu í undirsýni sem skal greina og því næst mala.

2.1.3.3.4. Útdráttur og undirbúningur botnfalls: 10 g skammtur (með 0,01 g nákvæmni) af malaða undirsýninu er fluttur í skiltrektina eða bikarglasið með keilulaga botni til botnfellingar og 50 ml af tetraklóretýleni bætt við. Skammturinn sem er fluttur í trektina skal ekki vera stærri en 3 g ef um er að ræða fiskimjöl eða aðrar hreinar dýraafurðir, innihaldsefni úr jarðefnum eða forblöndur sem mynda yfir 10% af botnfalli. Hrista skal blönduna rækilega í a.m.k. 30 sekúndur og bæta skal a.m.k. 50 ml af tetraklóretýleni til viðbótar varlega saman við, jafnframt því sem innra borð trektarinnar er skolað til að fjarlægja allar viðloðandi agnir. Blandan sem úr þessu verður skal látin standa í a.m.k. 5 mínútur áður en botnfallið er skilið frá með því að opna lokann.

Ef notast er við bikarglas með keilulaga botni til botnfellingar skal hrista blönduna rækilega í a.m.k. 15 sekúndur og skola vandlega burt allar agnir, sem loða við hlið bikarglassins, niður innra borð þess með a.m.k. 10 ml af hreinu tetraklóretýleni. Blandan skal látin standa í 3 mínútur og síðan hrist aftur í 15 sekúndur og allar agnir, sem loða við hlið bikarglassins, skulu skolaðar vandlega niður innra borð þess með a.m.k. 10 ml af hreinu tetraklóretýleni. Blandan sem úr þessu verður skal látin standa í a.m.k. 5 mínútur og fljótandi hlutinn síðan fjarlægður og honum kastað með því að umhella varlega og gæta þess vel að ekkert af botnfallinu fari forgörðum í leiðinni.

Botnfallið skal þurrkað og síðan vegið (með 0,001 g nákvæmni). Ef meira en 5% af botnfallinu samanstendur af > 0,50 mm ögnum skal sigta það í 0,25 mm sigti og rannsaka hlutana tvo sem falla til við það.

2.1.3.3.5. Útdráttur og undirbúningur flots (e. *flotate*): eftir að botnfallið er skilið frá með aðferðinni sem er lýst hér að framan ættu tveir fasar að vera eftir í skiltrektinni: annar í fljótandi formi, sem samanstendur af tetraklóretýleni, og hinn í föstu formi, sem er myndaður úr fljótandi efni. Þessi fasti fasi er flotið og er skilinn frá með því að hella öllu tetraklóretýleninu úr trektinni með því að opna lokann. Með því að snúa skiljunartrektinni við er flotið flutt í stóra ræktunarskál og loftþurrkað í reykhettu. Ef meira en 5% af flotinu samanstendur af > 0,50 mm ögnum skal sigta það í 0,25 mm sigti og rannsaka hlutana tvo sem falla til við það.

2.1.3.3.6. Undirbúningur hráefnis: undirbúa skal a.m.k. 5 g skammt af malaða undirsýninu. Ef meira en 5% af efninu samanstendur af > 0,50 mm ögnum skal sigta það í 0,25 mm sigti og rannsaka hlutana tvo sem falla til við það.

2.1.3.4. Undirbúningur sýna sem samanstanda af fitu eða olíu

Nota skal eftirfarandi aðferðarlýsingu við undirbúning sýna sem samanstanda af fitu eða olíu:

– Ef fitan er í föstu formi skal hún hituð upp í ofni þar til hún er orðin að vökva.

– 40 ml af fitu eða olíu eru teknir með pípettu neðst úr sýninu og fluttir í tilraunaglas fyrir skilvindu.

– Sýnið skal skilið í skilvindu í 10 mínútur við 4000 snúninga á mínútu.

– Ef fitan er í föstu formi eftir skiljun skal hún hituð upp í ofni þar til hún er orðin að vökva.

– Skiljunin er endurtekin í fimm mínútur við 4000 snúninga á mínútu.

– Með lítilli skeið eða spaða er helmingurinn af umhelltu óhreinindunum fluttur á sýnisgler til greiningar, mælt er með glýseróli sem steypiefni.

– Nota skal óhreinindin sem eftir eru til að undirbúa botnfallið eins og lýst er í lið 2.1.3.3.

2.1.3.5. Notkun litunarefna

Til að auðvelda rétta sanngreiningu á innihaldsefnum úr dýraríkinu er rekstraraðila heimilt að nota litunarefni meðan á undirbúningi sýnis stendur, í samræmi við leiðbeiningarnar sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir dýraprótín í fóðri gaf út og birti á vefsetri sínu.

Ef lausn með alasarínrauðum er notuð til að lita botnfallið gildir eftirfarandi aðferðarlýsing:

– Flytja skal þurrkaða botnfallið í tilraunaglas úr gleri og skola það tvisvar með u.þ.b. 5 ml af etanóli (í bæði skiptin skal nota iðublandara í 30 sekúndur, lausnin skal látin standa í um eina mínútu og 30 sekúndur og síðan hellt af).

– Bleikja skal botnfallið með því að bæta við a.m.k. 1 ml af natríumhýpóklórítlausn. Efnahvarfið skal látið halda áfram í 10 mínútur. Tilraunaglasið skal fyllt með vatni og botnfallið látið setjast til í tvær til þrjár mínútur og vatninu og svifögnunum skal hellt varlega af.

– Botnfallið skal skolað tvisvar í viðbót með um 10 ml af vatni (iðublandari skal notaður í 30 sekúndur, látið setjast til og vatninu hellt af í hvert skipti).

– Bæta skal við 2 til 10 dropum af lausninni með alasarínrauðum og blandan látin í iðublandara. Efnahvarfið skal látið ganga í 30 sekúndur og litaða botnfallið skal skolað tvisvar með u.þ.b. 5 ml af etanóli og síðan skolað einu sinni með asetoni (í bæði skiptin skal nota iðublandara í 30 sekúndur, lausnin skal látin setjast til í um eina mínútu og síðan hellt af).

– Litaða botnfallið skal þurrkað.

2.1.4. *Smásjárrannsókn*

2.1.4.1. Undirbúningur sýnisglerja

Útbúa skal smásæ sýnisgler úr botnfallinu og annað hvort flotinu eða hráefninu, eftir því sem rekstraraðilinn kýs. Ef notast var við sigtun meðan á undirbúningi sýnisins stóð skal undirbúa hlutana tvo (þann fína og þann grófa) sem féllu til við það. Sýnishlutar af hlutum sem er strokið á sýnisgler skulu vera dæmigerðir fyrir hlutann allan.

Undirbúa skal nægilegan fjölda sýnisglerja til að tryggja að hægt sé að fylgja heildstæðri rannsóknaraðferðarlýsingu, eins og mælt er fyrir um í lið 2.1.4.2.

Smásæ sýnisgler skulu höfð í viðunandi steypiefni í samræmi við stöðluðu verklagsreglurnar sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir dýraprótín í fóðri kom á og birti á vefsetri sínu. Þekja skal sýnisglerin með þekjuglerjum.

2.1.4.2. Eftirlitsaðferðarlýsingar vegna greiningar á ögnum úr dýrum í fóðurblöndu og fóðurefni

Athuga skal smásæju sýnisglerin, sem undirbúin hafa verið, í samræmi við eftirlitsaðferðarlýsingarnar sem mælt er fyrir um í skýringarmynd 1 að því er varðar fóðurblöndu og fóðurefni önnur en hreint fiskimjöl eða í skýringarmynd 2 að því er varðar hreint fiskimjöl.


Smásjárskoðunin skal fara þannig fram að smásjáin er notuð á botnfallið og annað hvort á flotið eða á hráefnið, eftir því sem rekstraraðilinn kýs. Nota má víðsjá til viðbótar við smásjána fyrir grófu hlutana. Skima skal hvert sýnisgler í heild sinni við mismunandi stækkun.

Taka skal ítrasta tillit til þess lágmarksfjölda sýnisglerja, sem athuga skal á öllum stigum eftirlitsaðferðarlýsingarinnar, nema ekki sé unnt að ná jafn mörgum sýnisglerjum og mælt er fyrir um með öllu efninu í hlutunum. Ekki skal athuga fleiri en sex sýnisgler við hverja ákvörðun.

Til að auðvelda auðkenningu á eðli og uppruna agna er rekstraraðilanum heimilt að nota stuðningsbúnað á borð við stoðkerfi fyrir ákvarðanir, myndasöfn og viðmiðunarsýni.


Skýringarmynd 1

Eftirlitsaðferðarlýsing vegna greiningar á ögnum úr dýrum í fóðurblöndu og fóðurefni öðru en fiskimjöli



Skýringarmynd 2

Eftirlitsaðferðarlýsing fyrir greiningu á ögnum úr dýrum í fiskimjöli



2.1.4.3. Fjöldi ákvarðana

Ef engar agnir úr dýrum af tiltekinni tegund (þ.e. landdýr eða fiskur) greinast í kjölfar fyrstu ákvörðunar, sem er framkvæmd í samræmi við þá eftirlitsaðferðarlýsingu sem mælt er fyrir um í skýringarmynd 1 eða skýringarmynd 2, eftir því sem við á, er ekki þörf á frekari ákvörðunum og skal þá gefa upp niðurstöðu greiningarinnar og nota til þess hugtökin sem mælt er fyrir um í lið 2.1.5.1.

Ef heildarfjöldi agna úr dýrum af tiltekinni tegund (þ.e. landdýr eða fiskur) sem greinist, í kjölfar fyrstu ákvörðunar sem er framkvæmd í samræmi við þá eftirlitsaðferðarlýsingu sem mælt er fyrir um í skýringarmynd 1 eða skýringarmynd 2, eftir því sem við á, er á bilinu einn til fimm skal framkvæma aðra ákvörðun út frá nýju 50 g undirsýni. Ef fjöldi agna úr dýrum af þessari tilteknu tegund sem greinast er á bilinu núll til fimm í kjölfar þessarar síðari ákvörðunar skal gefa upp niðurstöðu greiningarinnar með þeim hugtökum sem mælt er fyrir um í lið 2.1.5.2, en að öðrum kosti skal framkvæma þriðju ákvörðunina út frá nýju 50 g undirsýni. Ef summa agna af tiltekinni tegund, sem greinast við fyrstu og aðra ákvörðun, er hærri en 15 í kjölfar ákvarðananna tveggja er þó ekki þörf á frekari ákvörðunum og skal þá umsvifalaust gefa upp niðurstöðu greiningarinnar og nota til þess hugtökin sem mælt er fyrir um í lið 2.1.5.3. Ef summa agna úr dýrum af tiltekinni tegund, sem greinast við ákvarðanirnar þrjár, er hærri en 15 í kjölfar þriðju ákvörðunarinnar skal gefa upp niðurstöðu greiningarinnar og nota til þess hugtökin sem mælt er fyrir um í lið 2.1.5.3. Að öðrum kosti skal gefa upp niðurstöðu greiningarinnar og nota til þess hugtökin sem mælt er fyrir um í lið 2.1.5.2.

Ef fleiri en fimm agnir úr dýrum af tiltekinni tegund (þ.e. landdýr eða fiskur) greinast í kjölfar fyrstu ákvörðunar, sem er framkvæmd í samræmi við þær eftirlitsaðferðarlýsingar sem mælt er fyrir um í skýringarmynd 1 eða í skýringarmynd 2, eftir því sem við á, skal gefa upp niðurstöðu greiningarinnar og nota til þess hugtökin sem mælt er fyrir um í lið 2.1.5.3.

2.1.5. *Framsetning niðurstaðna*

Þegar niðurstöður eru gefnar upp skal rannsóknarstofan tilgreina á hvaða tegund efnis greiningin var framkvæmd (botnfall, flot eða hráefni) og hversu margar ákvarðanir voru framkvæmdar.

Skýrsla rannsóknarstofunnar skal a.m.k. innihalda upplýsingar um tilvist innihaldsefna úr landdýrum og fiski.

Eftir því sem við á skal greina frá niðurstöðunni á eftirfarandi hátt.

2.1.5.1. Engin ögn úr dýri af tiltekinni tegund greinist:

– Við athugun í ljóssmásjá var ekki að finna neinar agnir úr landdýrum í framlagða sýninu.

– Við athugun í ljóssmásjá var ekki að finna neinar agnir úr fiski í framlagða sýninu.

2.1.5.2. Að meðaltali greindust á bilinu ein til fimm agnir úr dýrum af tiltekinni tegund:

– Við athugun í ljóssmásjá var ekki að finna fleiri en fimm agnir úr landdýrum, að meðaltali á hverja ákvörðun, í framlagða sýninu. Agnirnar voru greindar sem … [bein, brjósk, vöðvi, hár, horn …] Þar eð þetta magn er svo lítið að það er undir greiningarmörkum smásjáraðferðarinnar er ekki hægt að útiloka áhættuna á að niðurstaðan sé falsjákvæð.

Eða, eftir því sem við á.

– Við athugun í ljóssmásjá var ekki að finna fleiri en fimm agnir úr fiski, að meðaltali á hverja ákvörðun, í framlagða sýninu. Agnirnar voru greindar sem … [fiskbein, hreistur, brjósk, vöðvi, kvarnir, tálkn …] Þar eð þetta magn er svo lítið að það er undir greiningarmörkum smásjáraðferðarinnar er ekki hægt að útiloka áhættuna á að niðurstaðan sé falsjákvæð.

Ef sýni hefur verið forsigtað skal þess getið í skýrslu rannsóknarstofunnar í hvaða hluta (sigtaða hlutanum, kögglaða hlutanum eða kjörnum) agnirnar úr dýrunum greindust, að svo miklu leyti sem það kann að vera til marks um umhverfismengun að agnir úr dýrum greinist eingöngu í sigtaða hlutanum.

2.1.5.3. Að meðaltali greindust fleiri en fimm agnir úr dýrum af tiltekinni tegund

– Við athugun í ljóssmásjá fundust fleiri en fimm agnir úr landdýrum, að meðaltali á hverja ákvörðun, í framlagða sýninu. Agnirnar voru greindar sem … [bein, brjósk, vöðvi, hár, horn …]

Eða, eftir því sem við á.

– Við athugun í ljóssmásjá fundust fleiri en fimm agnir úr fiski, að meðaltali á hverja ákvörðun, í framlagða sýninu. Agnirnar voru greindar sem … [fiskbein, hreistur, brjósk, vöðvi, kvarnir, tálkn …]

Ef sýni hefur verið forsigtað skal þess getið í skýrslu rannsóknarstofunnar í hvaða hluta (sigtaða hlutanum, kögglaða hlutanum eða kjörnum) agnirnar úr dýrunum greindust, að svo miklu leyti sem það kann að vera til marks um umhverfismengun að agnir úr dýrum greinist eingöngu í sigtaða hlutanum.

2.2. **Kjarnsýrumögnun (PCR)**

2.2.1. *Meginregla*

Deoxýríbósakjarnsýrubrot (DNA) úr dýraríkinu, sem kunna að vera fyrir hendi í fóðurefni og fóðurblöndu, eru greind með genamögnunaraðferð (e. *genetic amplification technique*) við kjarnsýrumögnun, sem beinist að tegundabundnum DNA-röðum.

Kjarnsýrumögnunaraðferðin kallar á að fyrst fari fram DNA-útdráttur. Að því búnu skal beita mögnun á DNA-útdráttinn sem þannig fékkst, í því skyni að greina dýrategundina sem prófunin er miðuð við.

2.2.2. *Prófefni og búnaður*

2.2.2.1. Prófefni

2.2.2.1.1. Prófefni fyrir DNA-útdrátt

Einungis skal nota prófefni sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir dýraprótín í fóðri hefur samþykkt og birt á vefsetri sínu.

2.2.2.1.2. Prófefni fyrir genamögnun

2.2.2.1.2.1. Lyklar og þreifarar

Einungis skal nota lykla og þreifara með röðum af fákirnum sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir dýraprótín í fóðri hefur fullgilt ([6]).

2.2.2.1.2.2. Master Mix

Einungis skal nota Master Mix-lausnir sem innihalda ekki prófefni sem innihalda DNA úr dýrum og gætu því leitt til rangra niðurstaðna ([7]).

2.2.2.1.2.3. Afmengunarprófefni

2.2.2.1.2.3.1. Saltsýrulausn (0,1 N)

2.2.2.1.2.3.2. Bleikiefni (natríumhýpóklórítlausn með 0,15% af virkum klór)

2.2.2.1.2.3.3. Prófefni, sem ekki eru ætandi, til að afmenga dýran búnað á borð við fínvogir (t.d. DNA Erase™ frá MP Biomedicals)

2.2.2.2. Búnaður

2.2.2.2.1. Fínvog með 0,001 g nákvæmni

2.2.2.2.2. Mölunarbúnaður

2.2.2.2.3. Lotuhitari sem gerir kleift að framkvæma kjarnsýrumögnun í rauntíma

2.2.2.2.4. Örskilvinda fyrir örvinduglös

2.2.2.2.5. Safn af örpípettum sem gera kleift að pípla frá 1 µl og allt að 1000 µl

2.2.2.2.6. Staðlaður sameindalíffræðibúnaður úr plasti: örskilvinduglös, plastbroddar með síum fyrir örpípettur, plötur sem henta fyrir lotuhitarann.

2.2.2.2.7. Frystar til að geyma sýni og prófefni

([6]) Skráin yfir þessa lykla og þreifara fyrir hverja dýrategund, sem prófunin er miðuð við, er aðgengileg á vefsetri tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir dýraprótín í fóðri.

([7]) Dæmi um nothæf Master Mix er að finna á vefsetri tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir dýraprótín í fóðri.

2.2.3. *Sýnataka og undirbúningur sýnis*

2.2.3.1. Sýnataka

Nota skal dæmigert sýni, sem tekið er í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

2.2.3.2. Undirbúningur sýnis

Undirbúningur rannsóknarsýnanna fram að DNA-útdrætti skulu uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í II. viðauka. Skipta skal a.m.k. 50 g af sýninu í undirsýni sem skal greina og því næst mala.

Undirbúa skal sýnin í öðru herbergi en því þar sem DNA-útdrættinum og genamögnuninni er ætlað að fara fram, eins og lýst er í ISO-staðli 24276.

Tilreiða skal tvo sýnishluta, a.m.k. 100 mg hvorn.

2.2.4. *DNA-útdráttur*

Framkvæma skal DNA-útdráttinn á hverjum og einum tilreiddum sýnishluta samkvæmt stöðluðu verklagsreglunum sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir dýraprótín í fóðri kom á og birti á vefsetri sínu.

Tilreiða skal tvö útdráttarsýni til viðmiðunar (e. *extraction control*) fyrir hverja útdráttarröð eins og lýst er í ISO-staðli 24276.

– blanksýni til viðmiðunar (e. *extraction blank control*),

– jákvætt DNA-útdráttarsýni til viðmiðunar (e. *DNA extraction control*).

2.2.5. *Genamögnun*

Framkvæma skal genamögnunina með þeim aðferðum sem fullgiltar hafa verið að því er varðar hverja og eina tegund sem þarfnast auðkenningar. Mælt er fyrir um þessar aðferðir í stöðluðu verklagsreglunum sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir dýraprótín í fóðri kom á og birti á vefsetri sínu. Greina skal hvern DNA-útdrátt í a.m.k. tveimur mismunandi þynningum í því skyni að meta hömlun.

Tilreiða skal tvö mögnunarsýni til viðmiðunar (e. *amplification control*) fyrir hverja marktegund eins og lýst er í ISO-staðli 24276.

– nota skal jákvætt DNA-marksýni (e. *positive DNA target control*) sem jákvætt viðmið fyrir hverja plötu eða röð af prófunum með kjarnsýrumögnun,

– nota skal prófefnamögnunarblöndu án DNA-móts sem neikvætt viðmið fyrir hverja plötu eða röð af prófunum með kjarnsýrumögnun.

2.2.6. *Túlkun og framsetning niðurstaðna*

Þegar niðurstöðurnar eru gefnar upp skal rannsóknarstofan tilgreina a.m.k. þyngd sýnishlutanna sem notaðir voru, útdráttaraðferðina sem notuð var, fjölda ákvarðana sem gerðar voru og greiningarmörk viðkomandi aðferðar.

Ekki skal túlka og gefa upp niðurstöður ef jákvæða DNA-útdráttarsýnið og jákvæða DNA-marksýnið gefa ekki jákvæðar niðurstöður fyrir viðfang prófunarinnar og ef prófefnamögnunarsýnið er jafnframt neikvætt.

Ef niðurstöður úr sýnishlutunum tveimur samrýmast ekki skal a.m.k. endurtaka genamögnunaraðgerðina. Ef grunsemdir eru uppi á rannsóknarstofunni um að DNA-útdrættirnir gætu orsakað ósamræmið skal framkvæma nýjan DNA- útdrátt og því næst genamögnun, áður en niðurstöðurnar eru túlkaðar.

Byggja skal endanlega framsetningu niðurstaðnanna á samþættingu og túlkun niðurstaðna sýnishlutanna tveggja í samræmi við staðlaðar verklagsreglur sem tilvísunarrannsóknarstofa ESB fyrir dýraprótín í fóðri kom á og birti á vefsetri sínu.

2.2.6.1. Neikvæð niðurstaða

Gefa skal upp neikvæða niðurstöðu með eftirfarandi hætti:

Ekkert DNA úr X greindist í framlagða sýninu (þar sem X er sú dýrategund eða sá hópur dýrategunda sem er viðfang prófunarinnar).

2.2.6.2. Jákvæð niðurstaða

Gefa skal upp jákvæða niðurstöðu með eftirfarandi hætti:

DNA úr X greindist í framlagða sýninu (þar sem X er sú dýrategund eða sá hópur dýrategunda sem er viðfang prófunarinnar).“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 68/2013 **2013/EES/56/17**

frá 16. janúar 2013

um skrána yfir fóðurefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB([1]), einkum 2. og 3. mgr. 26. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reglugerð (ESB) nr. 575/2011 frá 16. júní 2011 um skrána yfir fóðurefni ([2]) (skráin) kom í stað fyrstu útgáfu skrárinnar yfir fóðurefni sem sett var fram í reglugerð (ESB) nr. 242/2010 frá 19. mars 2010 um gerð skrár yfir fóðurefni ([3]).

2) Viðeigandi fulltrúar evrópska fóðurgeirans hafa, í samráði við aðra hlutaðeigandi aðila, í samstarfi við lögbær landsyfirvöld og að teknu tilliti til viðeigandi reynslu samkvæmt álitum frá Matvælaöryggisstofnun Evrópu og til vísinda- eða tækniþróunar, unnið að breytingum á reglugerð (ESB) nr. 575/2011.

3) Þessar breytingar varða nýjar færslur að því er varðar aðferðir við meðhöndlun og fóðurefni og endurbætur á þeim færslum sem fyrir eru, einkum fyrir olíu og fituafleiður.

4) Enn fremur varða breytingarnar hámarksinnihald efnafræðilegra óhreininda úr framleiðsluferlinu eða hjálparefnum við vinnslu sem skal fastsetja skv. 1. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009. Sértækar reglur skulu gilda um matvæli sem eru ekki lengur ætluð til neyslu, t.d. offramleiðslubirgðir, afmyndaðar afurðir eða matvæli, þar sem síðasti notkunardagur er liðinn, sem hafa verið framleidd í samræmi við lög ESB um matvæli.

5) Skilyrðin sem sett eru fram í 26. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009 eru uppfyllt.

6) Þar sem um er að ræða margar breytingar á reglugerð (ESB) nr. 575/2011 þykir rétt, með skírskotun til samræmis, skýrleika og einföldunar, að fella reglugerðina úr gildi og skipta henni út.

7) Rétt þykir að draga úr rekstrarlegu álagi á rekstraraðila með því að veita frest til að breyting á merkingum gangi snurðulaust fyrir sig til að forðast óþarfa röskun á viðskiptaháttum.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skránni yfir fóðurefni, sem um getur í 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009, er komið á fót eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 575/2011 er felld úr gildi.

Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðina sem tilvísanir í þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 29, 30.1.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 159, 17.6.2011, bls. 25.

([3]) Stjtíð. ESB L 77, 24.3.2010, bls. 17.

3. gr.

Fóðurefni sem hefur verið merkt í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 575/2011 fyrir 19. ágúst 2013 má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. janúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

SKRÁ YFIR FÓÐUREFNI

A-HLUTI

Almenn ákvæði

1) Stjórnendum fóðurfyrirtækja skal í sjálfsvald sett hvort þeir nota skrána. Hins vegar má einungis nota heiti fóðurefnisins, sem skráð er í C-hluta, fyrir fóðurefni sem eru í samræmi við kröfurnar í viðkomandi færslu.

2) Allar færslur í skránni yfir fóðurefni í C-hluta skulu vera í samræmi við takmarkanir á notkun fóðurefnis í samræmi við viðeigandi löggjöf Sambandsins. Stjórnendur fóðurfyrirtækja, sem nota fóðurefni sem er fært inn í skrána, skulu tryggja að það sé í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009.

3) Með „matvælum sem eru ekki lengur ætluð til neyslu“ er átt við matvæli, önnur en þau sem tilheyra endurnýtingu eldhúss- og matarúrgangs, sem framleidd eru til manneldis í samræmi við lög ESB um matvæli en eru ekki lengur ætluð til manneldis af ástæðum sem varða hagræðingu eða birgðastjórnun eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða pökkun eða annarra galla og sem ekki stafar nein heilbrigðisáhætta af þegar þau eru notuð sem fóður. Fastsetning hámarksinnihalds, eins og um getur í 1. lið I. viðauka við Reglugerð (EB) nr. 767/2009, gildir ekki um matvæli sem eru ekki lengur ætluð til neyslu og endurnýtingu eldhúss- og matarúrgangs. Hámarksinnihaldið gildir þegar þau eru unnin frekar sem fóður.

4) Í samræmi við góðar starfsvenjur, eins og um getur í 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005([4]), skulu fóðurefni vera laus við efnafræðileg óhreinindi úr framleiðsluferlinu og hjálparefnum við vinnslu nema sérstakt hámarksinnihald hafi verið fastsett í skránni. Efni sem bannað er að nota í fóður skulu ekki vera fyrir hendi og ekki skal fastsetja hámarksinnihald fyrir slík efni. Til að tryggja gagnsæi skulu stjórnendur fóðurfyrirtækja, í tengslum við hefðbundin viðskipti, leggja fram viðkomandi upplýsingar með fóðurefni með leyfilegum leifum.

5) Í samræmi við góðar starfsvenjur eins og um getur í 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005, beitingu ALARA-meginreglunnar([5]) og með fyrirvara um beitingu reglugerðar (EB) nr. 183/2005, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri([6]), reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 396/2005 frá 23. febrúar 2005 um hámarksgildi fyrir varnarefnaleifar í eða á matvælum og fóðri úr plöntu- og dýraríkinu og um breytingu á tilskipun ráðsins 91/414/EBE([7]) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([8]), þykir viðeigandi að tilgreina hámarksinnihald efnafræðilegra óhreininda sem verða til við framleiðsluferlið eða úr hjálparefnum við vinnslu, sem er 0,1% eða meira, í skránni yfir fóðurefni. Einnig er heimilt að fastsetja í skránni hámarksinnihald efnafræðilegra óhreininda og hjálparefna við vinnslu, sem er undir 0,1%, teljist það samræmast góðum venjum í viðskiptum. Sé ekki annað tekið fram í B- eða C-hluta þessa viðauka skal hámarksinnihald gefið upp sem þyngdarhlutfall.

6) Sérstakt hámarksinnihald fyrir efnafræðileg óhreinindi og hjálparefni við vinnslu er annaðhvort fastsett í lýsingunni á aðferðinni í B-hluta, í lýsingunni á fóðurefninu í C-hluta eða í lok flokka í C-hluta. Sé ekki sett fram sérstakt hámarksinnihald í C-hluta skal það hámarksinnihald gilda, sem fastsett er í B-hluta fyrir tiltekna aðferð, fyrir öll fóðurefni sem skráð eru í C-hluta, svo fremi að í lýsingunni á fóðurefninu sé vísað til þeirrar aðferðar í lýsingunni og að aðferðin sem um ræðir samræmist lýsingunni í B-hluta.

7) Grasafræðilegur hreinleiki fóðurefnis skal ekki vera undir 95%. Þó skal innihald grasafræðilegra óhreininda á borð við leifar annarra olíufræja eða olíuríkra aldina úr fyrra framleiðsluferli ekki vera umfram 0,5% fyrir hverja tegund olíufræs eða aldins. Ef vikið er frá þessum almennu reglum skal fastsetja sértækt gildi í skránni yfir fóðurefni í C-hluta.

([4]) Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1.
([5]) Sem raunhæft er að ætlast til að megi ná.
([6]) Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.
([7]) Stjtíð. ESB L 70, 16.3.2005, bls. 1.
([8]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

8) Bæta skal almenna heitinu eða lýsingu á einni eða fleiri aðferðum, sem skráðar eru í síðasta dálki orðalistans með aðferðunum í B-hluta, við heiti fóðurefnisins til að sýna að það hefur farið í gegnum eitt eða fleiri viðkomandi vinnsluferli ([9]). Fóðurefni, sem ber heiti sem er samsett úr heiti sem skráð er í C-hluta og almenna heitinu eða lýsingu á einni eða fleiri aðferðum sem skráðar eru í B-hluta, skal teljast skráð í skrána og á merkimiðanum skulu vera viðeigandi lögboðnar upplýsingar um þetta fóðurefni eins og sett er fram í síðustu dálkunum í B- og C-hluta, eftir því sem við á. Þegar það er sett fram í síðasta dálki í B-hluta skal sérstaka aðferðin sem notuð er við vinnsluna vera tilgreind í heiti fóðurefnisins.

9) Ef framleiðsluaðferð fyrir fóðurefni er öðruvísi en lýsingin á viðkomandi aðferð gefur til kynna, eins og sett er fram í orðalistanum með aðferðunum í B-hluta, skal framleiðsluaðferðin sett fram í lýsingunni á viðkomandi fóðurefni.

10) Heimilt er að nota samheiti fyrir fjölda fóðurefna. Slík samheiti eru í hornklofum í dálkinum „heiti“ í færslunni fyrir viðkomandi fóðurefni í skránni yfir fóðurefni í C-hluta.

11) Í lýsingu á fóðurefnunum í skránni yfir fóðurefni í C-hluta er orðið „afurð“ notað í stað orðsins „aukaafurð“ til að endurspegla markaðsaðstæðurnar og málnotkun stjórnenda fóðurfyrirtækja til að leggja áherslu á söluverðmæti fóðurefna.

12) Grasafræðiheiti plöntu er einungis gefið í lýsingunni í fyrstu færslunni í skránni yfir fóðurefni í C-hluta sem varðar viðkomandi plöntu.

13) Sú meginregla sem liggur til grundvallar lögboðinni merkingu á greiningarþáttum tiltekinna fóðurefna í skránni er hvort tiltekin afurð innihaldi tiltekinn þátt í miklum styrk eða hvort framleiðsluferlið hafi breytt næringarfræðilegum eiginleikum afurðarinnar.

14) Í g-lið 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009, í tengslum við 6. lið I. viðauka við þá reglugerð, er mælt fyrir um kröfur varðandi merkingar að því er varðar rakainnihald. Í b-lið 1. mgr. 16. gr. reglugerðarinnar, í tengslum við V. viðauka hennar, er mælt fyrir um kröfur varðandi merkingar að því er varðar aðra greiningarþætti. Auk þess er gerð sú krafa í 5. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009 að innihald ösku, sem er óleysanleg í saltsýru, skuli gefið upp sé það almennt umfram 2,2% eða fyrir tiltekin fóðurefni ef innihaldið er umfram það magn sem sett er fram í viðeigandi hluta V. viðauka við þá reglugerð. Í sumum færslum í skránni yfir fóðurefni í C-hluta er þó vikið frá þessum reglum sem hér segir:

   a) lögboðnar upplýsingar varðandi greiningarþætti í skránni yfir fóðurefni í C-hluta koma í stað lögboðinna upplýsinga sem settar eru fram í viðeigandi hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009,

   b) ef dálkurinn sem varðar lögboðnar upplýsingar í skránni yfir fóðurefni í C-hluta er óútfylltur að því er varðar greiningarþættina, sem hefði þurft að tilgreina í samræmi við viðeigandi hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009, er ekki þörf á að gefa upp nein innihaldsefni. Að því er varðar ösku, sem er óleysanleg í saltsýru, skal innihaldið þó tilgreint ef það er umfram 2,2% ef ekkert innihald er fastsett í skránni yfir fóðurefnin í C-hluta,

   c) ef eitt eða fleiri sértæk gildi fyrir rakainnihald eru fastsett í dálkinum „lögboðnar upplýsingar“ í skránni yfir fóðurefni í C-hluta skal styðjast við þessi gildi í stað gildanna í 6. lið I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009. Ef rakainnihald er undir 14% er þó ekki skylda að upplýsa um það. Ef ekkert sértækt gildi fyrir rakainnihald er fastsett í þeim dálki skal 6. liður I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009 gilda.

15) Stjórnandi fóðurfyrirtækis, sem heldur því fram að fóðurefni búi yfir fleiri eiginleikum en þeim sem tilgreind eru í dálkinum „lýsing“ í skránni yfir fóðurefni í C-hluta, eða vísar til aðferðar sem er skráð í B-hluta sem leggja má að jöfnu við það (t.d. vörn gegn niðurbroti í vömb), verður að fara að 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009. Ennfremur geta fóðurefni samræmst sérstöku næringarmarkmiði í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 767/2009.

([9]) Þrátt fyrir þessa skyldu er heimilt að bæta því við aðferðina „þurrkun“.

B-HLUTI

Orðalisti með aðferðum

	Aðferð	Skilgreining	Almennt heiti/lýsing
1	**Loftaðgreining**	Aðskilnaður agna með loftstreymi	Aðgreint með lofti
2	**Útsog**	Aðferð við að fjarlægja ryk, fingerðar agnir og svifagnir úr korni með loftstreymi	Útsogið
3	**Snöggsuða**	Aðferð sem felst í hitameðhöndlun á lífrænu efni með suðu eða gufu til að menga náttúruleg ensím, mýkja vef og fjarlægja hrá bragðefni og síðan ídýfingu í kalt vatn til að stöðva eldunina	Snöggsoðið
4	**Bleiking**	Litarefni úr náttúrulegu umhverfi fjarlægt.	Bleikt
5	**Kæling**	Hitastig lækkað niður fyrir umhverfishita en er yfir frostmarki til að auka geymsluþol	Kælt
6	**Söxun**	Smækkun bitastærða með einum eða fleiri hnífum	Saxað
7	**Hreinsun**	Fjarlæging hluta (aðskotaefna, t.d. steina) eða plöntuhluta t.d. laus strá og hýði eða illgresi	Hreinsað/flokkað
8	**Þykking**([1])	Tiltekin innihaldsefni eru aukin með því að fjarlægja vatn og/eða aðra efnisþætti	Þykkni
9	**Þétting**	Umbreyting efnis úr loftkenndum fasa yfir í fljótandi fasa	Þétt
10	**Eldun**	Beiting hita til að breyta eðlis- og efnafræðilegum eiginleikum fóðurefnis	Eldað
11	**Mölun**	Smækkun kornastærðar með mölunarvél	Malað, brotið
12	**Kristöllun**	Hreinsun með myndun fastra kristalla úr fljótandi lausn. Óhreinindin í vökvanum bindast yfirleitt ekki grindarbyggingu kristalsins.	Kristallað

	Aðferð	Skilgreining	Almennt heiti/lýsing
13	**Afhýðing/ Barkfletting**([2])	Fjarlæging ytri laga af korni, fræi, aldinum, hnetum og fleiru, að hluta eða í heild	Afhýtt, að hluta afhýtt
14	**Afhýðing**	Fjarlæging ytra hýðis af baunum, korni og fræi, oftast með eðlisfræðilegum aðferðum	Afhýtt ([3])
15	**Pektínhreinsun**	Útdráttur pektíns úr fóðurefni	Pektínhreinsað
16	**Þurrkun**	Aðferð við að draga út raka	Þurrkað
17	**Slímhreinsun**	Aðferð notuð til að fjarlægja slímlag á yfirborði	Slímhreinsað
18	**Sykurskerðing/-sneyðing**	Fjarlæging ein- og tvísykra úr melassa og öðrum sykurauðugum efnum með efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum, að hluta eða í heild	Sykursneytt, sykurskert
19	**Afeitrun**	Aðferð þar sem eitruðum aðskotaefnum er eytt eða dregið úr styrk þeirra	Afeitrað
20	**Eiming**	Þætting vökva með suðu og söfnun gufunnar, sem þéttist, í aðskilinn geymi	Eimað
21	**Þurrkun**	Náttúrleg þurrkun eða þurrkun með öðrum aðferðum	Sólþurrkað eða þurrkað með öðrum aðferðum
22	**Votverkun (votheysverkun)**	Geymsla fóðurefna í sílói, hugsanlega með viðbættum rotvarnarefnum eða við loftfirrt skilyrði, hugsanlega með íblöndunarefnum til votheysverkunar	Votverkað, votheysverkað
23	**Uppgufun**	Dregið úr vatnsinnihaldi	Uppgufað
24	**Þensla**	Varmaferli þar sem kröftug gufumeðhöndlun vatnsinnihaldsins í afurðinni leiðir til niðurbrots afurðarinnar	Þanið eða blásið
25	**Pressun**	Olía/fituefni fjarlægð með pressun	Kaka og olía/fituefni
26	**Útdráttur**	Útdráttur á annaðhvort fitu/olíu úr tilteknum efnum með lífrænum leysi eða með vatnskenndum leysi á sykri eða öðrum vatnsleysanlegum efnisþætti	Útdráttur/mjöl og fita/olía, melassi/mauk og sykur eða aðrir vatnsleysanlegir efnisþættir
27	**Útpressun**	Varmaferli þar sem kröftug gufumeðhöndlun vatnsinnihaldsins í afurðinni leiðir til niðurbrots afurðarinnar auk þess að afurðin mótast við að fara í gegnum op	Útpressað

	Aðferð	Skilgreining	Almennt heiti/lýsing
28	**Gerjun**	Vinnsluferli þar sem örverur á borð við gerla, sveppi eða gersveppi eru framleiddir eða notaðir til að koma á breytingu í efnasamsetningu/eiginleikum fóðursins	Gerjað
29	**Síun**	Blanda af fljótandi og föstu efni aðskilin með því að láta vökvann renna í gegnum gropið efni eða himnu	Síað
30	**Flöguframleiðsla**	Völsun á raka- og hitameðhöndluðum afurðum	Flögur
31	**Mjölframleiðsla**	Smækkun kornastærðar þurrs korns og til að auðvelda aðskilnað innihaldsefna þess (einkum mjöl, klíð og fóðurmjöl)	Mjöl, klíð, fóðurmjöl ([4]), fóður
32	**Þættun**	Aðskilnaður fóðurefnishluta með sigtun og/eða meðhöndlun með loftstreymi sem fjarlægir léttu hluta skurnarinnar	Þáttað
33	**Sundrun**	Aðferð við að brjóta fóðurefni niður í hluta	Sundrað
34	**Steiking**	Steiking fóðurefnis í olíu eða feiti	Steikt
35	**Hleyping**	Aðferð til að mynda hlaup, fast hlaupkennt efni sem getur verið allt frá því að vera mjúkt og þunnt til þess að vera hart og seigt, yfirleitt með aðstoð hleypiefna	Hleypt
36	**Kyrning**	Meðhöndlun fóðurefna til að ná tiltekinni kornastærð og þéttleika	Kornað
37	**Mölun**	Smækkun kornastærðar fastra fóðurefna með þurr- eða votvinnslu	Malað
38	**Hitun**	Hitameðhöndlun framkvæmd við sértæk skilyrði	Hitameðhöndlað
39	**Herðing/vetnun**	Hvataferli sem miðast að því að metta tvítengi í olíu, fitu eða fitusýrum, sem framkvæmt er við hátt hitastig við vetnisþrýsting til að framleiða þríglýseríð/fitusýrur, sem eru mettuð til fulls eða að hluta til, eða sem miðast að því að framleiða fjölalkóhól með afoxun karbónýlhópa kolvetna í hýdroxýlhópa	Hert/vetnað að fullu eða að hluta til
40	**Vatnsrof**	Smækkun sameindastærða með viðeigandi meðferð með vatni og hvort heldur með hita/þrýstingi, ensímum eða sýru/basa	Vatnsrofið

	Aðferð	Skilgreining	Almennt heiti/lýsing
41	**Þétting í vökva**	Breyting úr föstum eða gaskenndum fasa í fljótandi	Fljótandi
42	**Bleyting**	Minnkun á stærð fóðurefnis með vélrænni vinnslu, oft með vatni eða öðrum vökva	Bleytt upp
43	**Möltun**	Korn látið hefja spírun til að virkja ensím úr náttúrulegu umhverfi sem geta brotið sterkju niður í gerjanleg kolvetni og prótín í amínósýrur og peptíð	Maltað
44	**Bræðing**	Umbreyting úr föstum fasa yfir í fljótandi með notkun hita	Brætt
45	**Míkrómölun**	Minnkun á meðalþvermáli fastra efnishluta í míkronstærð	Míkrómalað
46	**Forsuða**	Gegnbleyting í vatni og hitameðhöndlun svo að sterkjan breytist að fullu í hlaup, fylgt eftir með þurrkun	Forsoðið
47	**Gerilsneyðing**	Hitun upp í markhita í tiltekinn tíma til að útiloka skaðlegar örverur, fylgt eftir með snöggri kælingu	Gerilsneytt
48	**Afhýðing (barkfletting)**	Fjarlæging hýðis af aldinum og grænmeti	Afhýtt/barkflett
49	**Kögglun**	Efni pressað í gegnum mót	Kögglar, kögglað
50	**Slípun hrísgrjóna**	Næstum allt eða hluti af klíðinu og kíminu af afhýddum hrísgrjónum er fjarlægt	Slípað
51	**Forhleyping**	Umbreyting sterkju til að auka fyrirferð hennar umtalsvert í köldu vatni	Forhleypt ([5])
52	**Pressun** ([6])	Fjarlæging vökva s.s. fitu, olíu, vatns eða safa úr föstum efnum	Kaka (ef um er að ræða efni sem inniheldur olíu) Mauk, hrat (ef um er að ræða aldin o.s.frv.) Pressað mauk (ef um sykurrófur er að ræða)
53	**Hreinsun**	Fjarlæging óhreininda eða óæskilegra efnisþátta, að fullu eða að hluta til, með efna- eða eðlisfræðilegi meðhöndlun	Hreinsað, að hluta hreinsað

	Aðferð	Skilgreining	Almennt heiti/lýsing
54	**Ristun**	Hitun fóðurefnis í þurru formi til að bæta meltanleika, auka lit og/eða draga úr hamlandi næringarþáttum úr náttúrulegu umhverfi	Brennt
55	**Völsun**	Smækkun kornastærðar með því að láta fóðurefni, t.d. grjón, renna á milli valsa	Valsað
56	**Vörn gegn niðurbroti í vömb**	Aðferð sem miðar að því að vernda næringarefni gegn niðurbroti í vömb, annaðhvort með eðlisfræðilegri meðhöndlun með hita, þrýstingi, gufu eða samblandi slíkra þátta og/eða með notkun t.d. aldehýða, lignósúlfónata, natríumhýdroxíðs eða lífrænna sýra (s.s. própíón- eða tannínsýru) Fóðurefni, sem varin eru gegn niðurbroti í vömb með aldehýðum, getur innihaldið allt að 0,12% af óbundnum aldehýðum	Varið gegn niðurbroti í vömb með [setjið inn eftir því sem við á]
57	**Sigtun/sáldun**	Aðskilnaður agna í mismunandi stærðum með því að láta fóðurefni renna í gegnum eitt eða fleiri sáld á meðan það er hrist eða hellt yfir sáldið	Sigtað, síað, sáldað
58	**Fleyting**	Efsta fljótandi lag vökva er fjarlægt með vélrænum hætti, t.d. mjólkurfita	Fleytt
59	**Sneiðing**	Fóðurefni skorið í flöt stykki	Sneitt
60	**Gegnbleyting**	Fóðurefni, yfirleitt fræ, bleytt og mýkt, til að stytta eldunartíma, auðvelda fjarlægingu hýðis, greiða fyrir vatnsupptöku til að koma spírunarferlinu af stað eða til að draga úr styrk hamlandi næringarþátta úr náttúrulegu umhverfi	Gegnbleytt
61	**Úðaþurrkun**	Dregið úr rakainnihaldi fljótandi fóðurefnis með því að úða því til að auka yfirborðsflötinn í hlutfalli við þyngd og nota heitan loftblástur	Úðaþurrkað
62	**Gufumeðhöndlun**	Aðferð þar sem gufa undir þrýstingi er notuð til að hita og elda til að auka meltanleika	Gufumeðhöndlað
63	**Ristun**	Hitun með þurrum hita, yfirleitt notað á olíufræ, t.d. til að draga úr eða fjarlægja hamlandi næringarþætti úr náttúrulegu umhverfi	Ristað

	Aðferð	Skilgreining	Almennt heiti/lýsing
64	**Örsíun**	Síun á vökvum gegnum himnu sem hleypir eingöngu í gegn smáum sameindum	Örsíað
65	**Fjarlæging kíms**	Fjarlæging kíms að fullu eða að hluta úr möluðu korni	Án kíms
66	**Innrauð míkrómölun**	Varmaferli þar sem notaður er innrauður varmi til eldunar og ristunar á korni, rótum, fræi eða hnýðum eða aukaafurðum þeirra, venjulega fylgt eftir með flöguframleiðslu	Míkrómalað með innrauðum geislum
67	**Sundrun olíu/fitu og hertrar olíu/fitu**	Efnavinnsla með vatnsrofi á fitu/olíu. Efnahvarf fitu/olíu við vatn við hátt hitastig og mikinn þrýsting gerir kleift að fá hráar fitusýrur í vatnsfælna fasanum og glýserólvatn (hrátt glýseról) í vatnssækna fasanum.	Sundrað

([1]) Í þýska textanum má setja „Eindicken“ í stað „Konzentrieren“ þar sem við á, og almennt heiti/lýsing verður þá „eingedickt“.
([2]) Í enska textanum má setja „dehulling“ eða „dehusking “ í stað„decortication“ þar sem við á, og almennt heiti/lýsing verður þá „dehulled“ eða „dehusked“.
([3]) Ef um er að ræða hrísgrjón er þessi aðferð nefnd „afhýðing“ og almenna lýsingin „afhýtt“.
([4]) Í franska textanum er heimilt að nota heitið „issues“.
([5]) Í þýska textanum er heimilt að nota lýsinguna „aufgeschlossen“ og heitið „Quellwasser“ (sem vísar til sterkju). Í danska textanum er heimilt að nota lýsinguna „Kvældning“ og heitið „Kvældet“ (sem vísar til sterkju).
([6]) Í franska textanum má setja „Extraction mécanique“ í stað „Pressage“ þar sem við á.

C-HLUTI

Skrá yfir fóðurefni

1. **Korn og afurðir þess**

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.1.1	**Bygg**	Korn af tegundinni *Hordeum vulgare* L. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb	
1.1.2	**Bygg, blásið**	Afurð sem fæst við meðhöndlun á möluðu eða brotnu byggi við rök, heit skilyrði og undir þrýstingi	Sterkja
1.1.3	**Bygg, ristað**	Afurð sem fæst við ristun á byggi þar sem afurðin er ristuð að hluta og er ljós að lit	Sterkja, ef > 10% Hráprótín, ef > 15%
1.1.4	**Byggflögur**	Afurð sem fæst með því að gufumeðhöndla eða míkrómala með innrauðum geislum og valsa afhýtt bygg. Í henni getur verið dálítið af bygghýði. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Sterkja
1.1.5	**Byggtrefjar**	Afurð sem fæst við sterkjuframleiðslu úr byggi. Afurðin er úr ögnum af fræhvítu og aðallega af trefjum.	Hrátrefjar Hráprótín, ef > 10%
1.1.6	**Bygghýði**	Afurð sem fæst við etanólsterkjuframleiðslu eftir þurrmölun, sáldun og afhýðingu á byggi	Hrátrefjar Hráprótín, ef > 10%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.1.7	**Byggfóðurmjöl**	Afurð sem fæst við framleiðslu perlubyggs, símiljugrjóna eða mjöls úr sálduðu, afhýddu byggi. Afurðin er aðallega úr ögnum af fræhvítu með smáum hýðisbrotum og nokkru af kornsáldi.	Hrátrefjar Sterkja
1.1.8	**Byggprótín**	Afurð úr byggi sem fæst við aðskilnað sterkju og klíðis. Aðaluppistaða afurðarinnar er prótín.	Hráprótín
1.1.9	**Prótínfóður úr byggi**	Afurð úr byggi sem fæst við aðskilnað sterkju. Aðaluppistaða afurðarinnar er prótín og agnir af fræhvítu.	Raki, ef < 45% eða > 60% Ef raki < 45%: — Hráprótín — Sterkja
1.1.10	**Leysanleg efni úr byggi**	Afurð úr byggi sem fæst eftir útdrátt prótíns og sterkju	Hráprótín
1.1.11	**Byggklíð**	Afurð sem fæst úr sálduðu, afhýddu byggi við framleiðslu mjöls. Afurðin er aðallega smá hýðisbrot og kornagnir sem eru lausar við meginhluta fræhvítunnar.	Hrátrefjar
1.1.12	**Fljótandi byggsterkja**	Hluti af aukasterkju úr framleiðslu byggsterkju	Ef raki < 50%: — Sterkja
1.1.13	**Maltað byggsáld**	Afurð, sem fæst úr vélrænni sáldun (aðgreining eftir stærð), úr undirmálsbyggkornum og brotum byggkorns sem skilin eru frá áður en möltunarferlið er hafið	Hrátrefjar Hráaska, ef > 2,2%
1.1.14	**Maltað bygg og maltaðar, smáar efnisagnir**	Afurð úr brotum byggkorns og malti sem skilin eru frá á meðan framleiðslu malts stendur	Hrátrefjar
1.1.15	**Hýði af möltuðu byggi**	Afurð úr hýðisbrotum og smáum efnisögnum sem falla til við hreinsun á möltuðu byggi	Hrátrefjar
1.1.16	**Fastar byggdreggjar úr eimingu, votar**	Afurð sem fæst úr etanólframleiðslu úr byggi. Afurðin inniheldur fasta fóðurefnisþætti eftir eimingu.	Raki, ef < 65% eða > 88% Ef raki < 65%: — Hráprótín
1.1.17	**Leysanlegar byggdreggjar úr eimingu, votar**	Afurð sem fæst úr etanólframleiðslu úr byggi. Afurðin inniheldur leysanlega fóðurefnisþætti eftir eimingu.	Raki, ef < 45% eða > 70% Ef raki < 45%: — Hráprótín
1.1.18	**Malt** ([1])	Afurð úr spíruðu korni, þurrkuðu, möluðu og/eða útdregnu	
1.1.19	**Maltkímrætur** ([1])	Afurð sem fæst með spírun maltaðs korns og hreinsun á malti; samanstendur af kímrótum, smáum efnisögnum úr korni, hýði og smáu og brotnu, möltuðu korni. Afurðin getur verið möluð.	
1.2.1	**Maís** ([2])	Korn af tegundinni *Zea mays* L. ssp. *mays*. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.2.2	**Maísflögur**	Afurð sem fæst með því að gufumeðhöndla eða míkrómala með innrauðum geislum og valsa afhýddan maís. Hún getur innihaldið dálítið af maíshýði.	Sterkja
1.2.3	**Maísfóðurmjöl**	Afurð sem fæst þegar mjöl eða símiljugrjón eru unnin úr maís. Afurðin er aðallega smá hýðisbrot og kornagnir, þar sem minna af fræhvítunni hefur verið fjarlægt en í maísklíði. Hún getur innihaldið nokkuð af maískímögnum.	Hrátrefjar Sterkja
1.2.4	**Maísklíð**	Afurð sem fæst þegar mjöl eða símiljugrjón eru unnin úr maís. Afurðin er aðallega hýðisbrot og maískímagnir ásamt ögnum af fræhvítu.	Hrátrefjar
1.2.5	**Maískólfar**	Innsti hluti maískólfsins. Afurðin er úr heilum blómskipunarstilkum, kornum og reifablöðum.	Hrátrefjar Sterkja
1.2.6	**Maissáld**	Maískjarnabrot sem skilin eru frá með sáldun þegar afurðin er tekin inn	
1.2.7	**Maístrefjar**	Afurð sem fæst við framleiðslu maíssterkju. Aðaluppistaða afurðarinnar eru trefjar.	Raki, ef < 50% eða > 70% Ef raki < 50%: — Hrátrefjar
1.2.8	**Maísglúten**	Afurð sem fæst við framleiðslu maíssterkju. Afurðin er aðallega glúten sem fæst við aðskilnað sterkju.	Raki, ef < 70% eða > 90% Ef raki < 70%: — Hráprótín
1.2.9	**Maísglútenfóður**	Afurð sem fæst við framleiðslu maíssterkju. Hún er úr trefjum og leysanlegum efnum úr maís. Afurðin getur einnig innihaldið brotinn maís og leifar sem falla til við útdrátt olíu úr maískími. Öðrum sterkjuafurðum og afurðum hreinsunar eða gerjunar sterkju getur verið bætt við.	Raki, ef < 40% eða > 65% Ef raki < 40%: — Hráprótín — Hrátrefjar — Sterkja
1.2.10	**Maískím**	Afurð sem fæst þegar símiljugrjón, mjöl eða sterkja eru unnin úr maís. Hún er einkum úr maískími, hýði og hlutum fræhvítunnar.	Raki, ef < 40% eða > 60% Ef raki < 40%: — Hráprótín — Hráfita
1.2.11	**Maískímskaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst með því að pressa unnið maískím sem hlutar af fræhvítu og fræskurn loða ef til vill enn við	Hráprótín Hráfita
1.2.12	**Maískímsmjöl**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á unnu maískími	Hráprótín
1.2.13	**Óunnin maískímsolía**	Afurð sem fæst úr maískími	Hráfita

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.2.14	**Maís, blásinn**	Afurð sem fæst við meðhöndlun á möluðum eða brotnum maís við rök, heit skilyrði og undir þrýstingi	Sterkja
1.2.15	**Bleytivatn af maís**	Fljótandi, þykktur efnisþáttur sem fellur til við bleytimeðferð maíssins	Raki, ef < 45% eða > 65% Ef raki < 45%: — Hráprótín
1.2.16	**Votfóður úr sykurmaís**	Aukaafurð, sem fellur til við iðnaðarvinnslu sykurmaíss, samsett úr innsta hluta maískólfanna, hýðinu og fræsætunum og er söxuð og þurrkuð eða pressuð. Verður til við söxun á kólfum, hýði og blöðum ásamt kjarna sykurmaískólfanna.	Hrátrefjar
1.2.17	**Malaður maís án kíms**	Afurð sem fæst við fjarlægingu kíms úr möluðum maís. Afurðin er aðallega brot af fræhvítu og getur innihaldið nokkuð af maískími og ögnum af hýðisbrotaum.	Hrátrefjar Sterkja
1.3.1	**Hirsi**	Korn af tegundinni *Panicum miliaceum* L.	
1.4.1	**Hafrar**	Korn af tegundinni *Avena sativa* L. og öðrum ræktunarafbrigðum hafra	
1.4.2	**Afhýddir hafrar**	Afhýdd hafrakorn. Afurðin getur verið gufumeðhöndluð.	
1.4.3	**Hafraflögur**	Afurð sem fæst með því að gufumeðhöndla eða míkrómala með innrauðum geislum og valsa afhýdda hafra. Afurðin getur innihaldið dálítið magn af hafrahýði.	Sterkja
1.4.4	**Haframjöl, gróft**	Afurð sem fæst við framleiðslu hafragrjóna og mjöls úr sálduðum, afhýddum höfrum. Afurðin er aðallega hafraklíð og nokkuð af fræhvítu.	Hrátrefjar Sterkja
1.4.5	**Hafraklíð**	Afurð sem fæst úr sálduðum, afhýddum höfrum við framleiðslu mjöls. Afurðin er aðallega smá hýðisbrot og kornagnir sem eru lausar við meginhluta fræhvítunnar.	Hrátrefjar
1.4.6	**Hafrahýði**	Afurð sem fæst við afhýðingu á hafrakorni	Hrátrefjar
1.4.7	**Hafrar, blásnir**	Afurð sem fæst við meðhöndlun á möluðum eða brotnum höfrum við rök, heit skilyrði og undir þrýstingi	Sterkja
1.4.8	**Klíðislaust hafrakorn**	Hreinsaðir og afhýddir hafrar	Hrátrefjar Sterkja
1.4.9	**Haframjöl**	Afurð sem fæst við mölun hafragrjóna	Hrátrefjar Sterkja
1.4.10	**Fóðurmjöl úr höfrum**	Afurð úr höfrum sem innihalda mikið af sterkju eftir afhýðingu	Hrátrefjar

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.4.11	**Hafrafóður**	Afurð sem fæst við framleiðslu hafragrjóna og mjöls úr sálduðum, afhýddum höfrum. Afurðin er aðallega hafraklíð og nokkuð af frævhítu.	Hrátrefjar
1.5.1	**Frumbyggja-njólafræmjöl**	Hreinsuð heil fræ frumbyggjanjólaplöntunnar (*Chenopodioum quinoa* Willd.) þar sem sapónínin í ytri lögum fræjanna hafa verið fjarlægð	
1.6.1	**Brotin hrísgrjón**	Hlutar af hrísgrjónum af *Oryza Sativa* L. sem eru ekki lengri en þrír fjórðu hlutar af heilu grjóni. Hrísgrjónin geta verið forsoðin.	Sterkja
1.6.2	**Slípuð hrísgrjón**	Afhýdd hrísgrjón þar sem næstum allt klíðið og kímið hefur verið fjarlægt á meðan slípun stendur. Hrísgrjónin geta verið forsoðin.	Sterkja
1.6.3	**Forhleypt hrísgrjón**	Afurð sem fæst úr möluðum og brotnum hrísgrjónum með forhleypingu	Sterkja
1.6.4	**Útpressuð hrísgrjón**	Afurð sem fæst við útpressun á hrísmjöli	Sterkja
1.6.5	**Hrísflögur**	Afurð sem fæst við vinnslu á forhleyptum hrísgrjónum eða brotnum grjónum í flögur.	Sterkja
1.6.6	**Afhýdd hrísgrjón**	Hýðishrísgrjón (*Oryza Sativa* L.) þar sem einungis hýðið hefur verið fjarlægt. Þau geta verið forsoðin. Með afhýðingu og meðhöndlun getur nokkuð af klíðinu tapast.	Sterkja Hrátrefjar
1.6.7	**Malaður fóðurrís**	Afurð sem fæst með mölun á fóðurrís, sem er ýmist græn, kalkhvít eða óþroskuð korn, sigtuð frá við mölun á afhýddum rís, eða eðlilegum grjónum með hýði sem eru gul eða blettótt	Sterkja
1.6.8	**Rísmjöl**	Afurð sem fæst með mölun á slípuðum hrísgrjónum. Hrísgrjónin geta verið forsoðin.	Sterkja
1.6.9	**Mjöl úr afhýddum hrísgrjónum**	Afurð sem fæst með mölun á afhýddum hrísgrjónum. Hrísgrjónin geta verið forsoðin.	Sterkja Hrátrefjar
1.6.10	**Rísklíð**	Afurð sem fæst við slípun hrísgrjóna og er aðallega samsett úr ytri lögum grjónsins (aldinvegg, hýði, kjarna, frævhítu) ásamt hluta kímsins. Hrísgrjónin geta verið forsoðin eða útpressuð.	Hrátrefjar
1.6.11	**Rísklíð með kalsíumkarbónati**	Afurð sem fæst við slípun hrísgrjóna og er aðallega samsett úr ytri lögum grjónsins (aldinvegg, hýði, kjarna, frævhítu) ásamt hluta kímsins. Afurðin getur innihaldið allt að 23% af kalsíumkarbónati sem notað er sem hjálparefni við vinnslu. Hrísgrjónin geta verið forsoðin.	Hrátrefjar Kalsíumkarbónat

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.6.12	**Fitusneytt rísklíð**	Rísklíð úr olíuvinnslu. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb	Hrátrefjar
1.6.13	**Olía úr rísklíði**	Olía unnin úr stöðguðu rísklíði	Hráfita
1.6.14	**Fóðurmjöl úr hrísgrjónum**	Afurð úr hrísmjöls- og sterkjuframleiðslu sem fæst með þurr- eða votmölun og sigtun. Aðaluppistaða afurðarinnar er sterkja, prótín, fita og trefjar. Hrísgrjónin geta verið forsoðin. Getur innihaldið allt að 0,25% af natríum og allt að 0,25% af súlfati.	Sterkja, ef > 20% Hráprótín, ef > 10% Hráfita, ef > 5% Hrátrefjar
1.6.15	**Fóðurmjöl úr hrísgrjónum með kalsíumkarbónati**	Afurð sem fæst við slípun hrísgrjóna og er aðallega úr ögnum af frævítuhjúp og frævítu. Afurðin getur innihaldið allt að 23% af kalsíumkarbónati sem notað er sem hjálparefni við vinnslu. Hrísgrjónin geta verið forsoðin.	Sterkja Hráprótín Hráfita Hrátrefjar Kalsíumkarbónat
1.6.17	**Rískím**	Afurð sem fæst við slípun hrísgrjóna og er aðallega úr kíminu	Hráfita Hráprótín
1.6.18	**Rískímskaka**	Afurð sem eftir er þegar rískím hefur verið malað til að fjarlægja olíuna með pressun	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
1.6.20	**Hrísgrjónaprótín**	Afurð úr rissterkjuframleiðslu sem fæst með votmölun, sigtun, skiljun, þykkingu og þurrkun	Hráprótín
1.6.21	**Fljótandi fóður úr hrísgrjónum**	Þykkt og fljótandi afurð úr votunnum og sigtuðum hrísgrjónum	Sterkja
1.6.22	**Hrísgrjón, blásin**	Afurð sem fæst með þenslu hrísgrjóna eða brotinna grjóna	Sterkja
1.6.23	**Hrísgrjón, gerjuð**	Afurð sem fæst með gerjun hrísgrjóna.	Sterkja
1.6.24	**Aflöguð hrísgrjón, slípuð/kalkhvít hrísgrjón, slípuð**	Afurð sem fæst við slípun hrísgrjóna og er aðallega úr aflöguðum og/eða kalkhvítum og/eða skemmdum grjónum, heilum eða brotnum. Þau geta verið forsoðin.	Sterkja
1.6.25	**Óþroskuð hrísgrjón, slípuð**	Afurð sem fæst við slípun hrísgrjóna og er aðallega úr óþroskuðum og/eða kalkhvítum grjónum	Sterkja
1.7.1	**Rúgur**	Korn af tegundinni *Secale cereale* L.	
1.7.2	**Rúgfóðurmjöl**	Afurð sem fæst úr sálduðum rúgi við framleiðslu mjöls. Afurðin er aðallega hlutar af frævítu með smáum hýðisbrotum og nokkru af ýmsum hlutum kornsins.	Sterkja Hrátrefjar

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.7.3	**Rúgfóður**	Afurð sem fæst úr sálduðum rúgi við framleiðslu mjöls. Afurðin er aðallega hýðisbrot og kornagnir, þar sem minna af frævítunni hefur verið fjarlægt en í rúgklíði.	Sterkja Hrátrefjar
1.7.4	**Rúgklíð**	Afurð sem fæst úr sálduðum rúgi við framleiðslu mjöls. Afurðin er aðallega hýðisbrot og kornagnir sem eru að mestu lausar við frævítu	Sterkja Hrátrefjar
1.8.1	**Dúrra**	Korn/fræ af tegundinni *Sorghum bicolor* (L.) Moench	
1.8.2	**Hvít dúrra**	Korn af hvítri dúrru.	
1.8.3	**Glútenfóður úr dúrru**	Þurrkuð afurð sem fæst við aðskilnað sterkju úr dúrru. Afurðin er aðallega klíð og lítið magn af glúteni. Afurðin getur einnig innihaldið þurrkaðar leifar bleytivatns og e.t.v. er kími bætt við	Hráprótín
1.9.1	**Spelt**	Korn af spelttegundunum *Triticum spelta* L., *Triticum dicoccum* Schrank, *Triticum monococcum*	
1.9.2	**Speltklíð**	Afurð sem fæst við framleiðslu speltmjöls. Afurðin er aðallega hýðisbrot og speltkímagnir ásamt ögnum af frævítu.	Hrátrefjar
1.9.3	**Spelthýði**	Afurð sem fæst við afhýðingu á speltkorni	Hrátrefjar
1.9.4	**Fóðurmjöl úr spelti**	Afurð sem fæst við framleiðslu speltmjöls úr sálduðu, afhýddu spelti. Afurðin er aðallega úr ögnum af frævítu með smáum hýðisbrotum og nokkru af kornsáldi.	Hrátrefjar Sterkja
1.10.1	**Rúghveiti**	Korn af blendingnum *Triticum X Secale cereale* (L.)	
1.11.1	**Hveiti**	Korn af *Triticum aestivum* (L.), *Triticum durum* Desf. og öðrum ræktunarafbrigðum hveitis. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
1.11.2	**Hveitikímsrætur**	Afurð sem fæst með spírun maltaðs hveitis og hreinsun á malti; samanstendur af kímrótum, smáum efnisögnum úr korni, hýði og smáu, brotnu og möltuðu hveitikorni	
1.11.3	**Hveiti, forhleypt**	Afurð sem fæst við meðhöndlun á möluðu eða brotnu hveiti við rök, heit skilyrði og við þrýsting	Sterkja
1.11.4	**Hveitifóðurmjöl**	Afurð sem fæst úr sálduðu hveitikorni eða afhýddu spelti við framleiðslu mjöls. Afurðin er aðallega úr ögnum af frævítu með smáum hýðisbrotum og nokkru af kornsáldi.	Hrátrefjar Sterkja

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.11.5	**Hveitiflögur**	Afurð sem fæst með því að gufumeðhöndla eða míkrómala með innrauðum geislum og valsa afhýtt hveiti. Afurðin getur innihaldið dálítið af hveitihýði. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hrátrefjar Sterkja
1.11.6	**Hveitifóður**	Afurð sem fæst úr sálduðu hveitikorni eða afhýddu spelti við framleiðslu mjöls eða við maltgerð. Afurðin er aðallega hýðisbrot og kornagnir, þar sem minna af fræhvítunni hefur verið fjarlægt en í hveitiklíði.	Hrátrefjar
1.11.7	**Hveitiklíð** ([3])	Afurð sem fæst úr sálduðu hveitikorni eða afhýddu spelti við framleiðslu mjöls eða við maltgerð. Afurðin er aðallega smá hýðisbrot og kornagnir sem eru lausar við meginhluta fræhvítunnar.	Hrátrefjar
1.11.8	**Maltaðar og gerjaðar hveitiagnir**	Afurð sem fæst með aðferð sem felur í sér möltun og gerjun hveitis og hveitiklíðs. Afurðin er síðan þurrkuð og möluð.	Sterkja Hrátrefjar
1.11.10	**Hveititrefjar**	Trefjar sem fást með vinnslu á hveiti. Aðaluppistaða afurðarinnar eru trefjar.	Raki, ef < 60% eða > 80% Ef raki < 60%: — Hrátrefjar
1.11.11	**Hveitikím**	Afurð sem fæst úr mjölframleiðslu, sem er aðallega hveitikím, valsað eða í öðru formi, sem hlutar af fræhvítu og hýði loða ef til vill enn við	Hráprótín Hráfita
1.11.12	**Hveitikím, gerjað**	Afurð sem fæst með gerjun hveitikíms með óvirkjuðum örverum	Hráprótín Hráfita
1.11.13	**Hveitikímskaka**	Afurð sem fæst með því að pressa hveitikím (*Triticum aestivum* L., *Triticum durum* Desf. og önnur ræktunarafbrigði hveitis og afhýtt spelt (*Triticum spelta* L., *Triticum dicoccum* Schrank, *Triticum monococcum* L.)) við olíuvinnslu, þar sem hlutar af fræhvítu og fræskurn loða ef til vill enn við	Hráprótín
1.11.15	**Hveitiprótín**	Hveitiprótín sem fengið er með sterkju- eða etanólframleiðslu og getur verið að hluta til vatnsrofið.	Hráprótín
1.11.16	**Hveitiglútenfóður**	Afurð sem fæst við framleiðslu hveitisterkju og -glútens. Afurðin er úr klíði sem kímið kann að hafa verið fjarlægt úr að hluta til. Leysanlegu efni úr hveiti, brotnu hveiti og öðrum afurðum, sem unnar eru úr sterkju og úr hreinsun eða gerjun sterkjuafurða, getur verið bætt við.	Raki, ef < 45% eða > 60% Ef raki < 45%: — Hráprótín — Sterkja
1.11.18	**Hveitiglútenmjöl**	Hveitiprótein sem einkennist af miklum teygjanleika þegar það er blandað vatni, með lágmark 80% prótín (N × 6,25) og hámark 2% ösku í þurrefnum	Hráprótín

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.11.19	**Fljótandi hveitisterkja**	Afurð sem fæst með framleiðslu á sterkju/glúkósa og glúteni úr hveiti	Raki, ef < 65% eða > 85% Ef raki < 65%: — Sterkja
1.11.20	**Sykurskert hveitisterkja sem inniheldur prótín**	Afurð sem fæst við framleiðslu á hveitisterkju og inniheldur aðallega sykurskerta sterkju, uppleysanleg prótín og aðra uppleysanlega hluta fræhvítunnar	Hráprótín Sterkja Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi
1.11.21	**Leysanleg efni úr hveiti**	Afurð úr hveiti sem fæst eftir útdrátt prótíns og sterkju. Getur verið vatnsrofin	Raki, ef < 55% eða > 85% Ef raki < 55%: — Hráprótín
1.11.22	**Hveitigerþykkni**	Vot aukaafurð sem skilst frá við gerjun hveitisterkju til framleiðslu á alkóhóli	Raki, ef < 60% eða > 80% Ef raki < 60%: — Hráprótín
1.11.23	**Sáld af möltuðu hveiti**	Afurð, sem fæst úr vélrænni sáldun (aðgreining eftir stærð), úr undirmálshveitikornum og brotum hveitikorns sem skilin eru frá áður en möltunarferlið er hafið	Hrátrefjar
1.11.24	**Maltað hveiti og maltagnir**	Afurð úr brotum hveitikorns og malti sem skilin eru frá á meðan framleiðslu malts stendur	Hrátrefjar
1.11.25	**Hýði af möltuðu hveiti**	Afurð úr hýðisbrotum og ögnum sem fást með hreinsun á möltuðu hveiti	Hrátrefjar
1.12.2	**Mjöl úr korni** ([4])	Mjöl sem fæst með mölun á korni	Sterkja Hrátrefjar
1.12.3	**Prótínþykkni úr korni** ([4])	Þykkt og þurrkuð afurð sem fæst úr korni eftir að sterkjan er fjarlægð með því að nota gerjun með geri	Hráprótín
1.12.4	**Sáld úr korni** ([4])	Afurð, sem fæst úr vélrænni sáldun (aðgreining eftir stærð), úr smáu korni og brotum korns, sem getur verið spírað, sem skilið er frá áður en kornið er unnið frekar. Afurðin inniheldur meiri hrátrefjar (t.d. hýði) en óaðgreindar kornvörur.	Hrátrefjar
1.12.5	**Kím úr korni** ([4])	Afurð sem fæst úr mjölframleiðslu og framleiðslu á sterkju, sem er aðallega kím úr korni, valsað eða í öðru formi, sem hlutar af fræhvítu og hýði loða ef til vill enn við	Hráprótín Hráfita

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.12.6	**Kornsíróp úr eimingardreggjum** ([4])	Afurð úr korni sem fæst með uppgufun úr þykkninu úr eimingardreggjum gerjunarinnar og eimingu á korni sem notað er í framleiðslu kornbrennivíns	Raki, ef < 45% eða > 70% Ef raki < 45%: — Hráprótín
1.12.7	**Rakar eimingardreggjar** ([4])	Raki, fasti hlutinn sem fæst með skiljun eimingardreggjanna í skilvindu og/eða með síun þeirra úr gerjaða og eimaða korninu sem notað er í framleiðslu kornbrennivíns	Raki, ef < 65% eða > 88% Ef raki < 65%: — Hráprótín
1.12.8	**Þykkt, leysanleg efni úr eimingu** ([4])	Rök afurð sem fæst úr framleiðslu á alkóhóli með gerjun og eimingu á meski úr hveiti og sykursírópi eftir skiljun klíðs og glútens Þau geta innihaldið dauðar frumur og/eða hlutar þeirra úr örverunum sem notaðar eru við gerjunina.	Raki, ef < 65% eða > 88% Ef raki < 65%: — Hráprótín, ef > 10%
1.12.9	**Dreggjar og leysanleg efni úr eimingu** ([4])	Afurð sem fæst þegar alkóhól er framleitt með gerjun og eimingu á kornmeski og/eða öðrum afurðum sem innihalda sterkju og sykur. Þau geta innihaldið dauðar frumur og/eða hlutar þeirra úr örverunum sem notaðar eru við gerjunina. Geta innihaldið 2% af súlfati. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Raki, ef < 60% eða > 80% Ef raki < 60%: — Hráprótín
1.12.10	**Þurrkaðar eimingardreggjar**	Afurð úr eimingu alkóhóls sem fæst með því að þurrka fastar leifar af gerjuðu korni. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín
1.12.11	**Dökkar eimingar-dreggjar** ([4]); **(þurrkaðar dreggjar og leysanleg efni úr eimingu)** ([4])	Afurð úr eimingu alkóhóls sem fæst með því að þurrka fastar leifar af gerjuðu korni að viðbættum sírópsdreggjum eða uppsoðnum eimingardreggjunum. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín
1.12.12	**Dreggjar úr ölgerð** ([4])	Afurð úr ölgerð sem er samsett úr leifum af möltuðu og ómöltuðu korni og öðrum sterkjuafurðum sem kunna að innihalda efni úr humlum. Yfirleitt sett á markað í röku formi en einnig er heimilt að selja hana í þurrkuðu formi. Getur innihaldið allt að 0,3% af dímetýlpólýsíloxani, getur innihaldið allt að 1,5% af ensími, getur innihaldið allt að 1,8% af bentóníti	Raki, ef < 65% eða > 88% Ef raki < 65%: — Hráprótín
1.12.13	**Maltdreggjar** ([4])	Afurð úr föstu efni sem fæst við framleiðslu á kornviskíi. Afurðin er úr leifunum eftir útdrátt á möltuðu korni með heitu vatni. Yfirleitt sett á markað í röku formi eftir að útdrátturinn hefur verið fjarlægður með hjálp þyngdaraflsins	Raki, ef < 65% eða > 88% Ef raki < 65%: — Hráprótín

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
1.12.14	**Síað meski**	Afurð úr föstu efni sem fæst við framleiðslu á bjór, maltkjarna og viskíi. Afurðin er úr leifunum eftir útdrátt á möluðu malti með heitu vatni og hugsanlega öðrum sykrum eða sterkjuríkum viðbótum. Yfirleitt sett á markað í röku formi eftir að útdrátturinn hefur verið fjarlægður með pressun.	Raki, ef < 65% eða > 88% Ef raki < 65%: — Hráprótín
1.12.15	**Dreggjar fyrstu eimingar (e. *Pot ale*)**	Afurðin sem eftir er í eimingartækinu eftir fyrstu eimingu í malteimingarstöð	Hráprótín, ef > 10%
1.12.16	**Sírópsdreggjar**	Afurð úr fyrstu eimingu í malteimingarstöð sem fæst með uppgufun úr dreggjunum í eimingartækinu	Raki, ef < 45% eða > 70% Ef raki < 45%: Hráprótín

([1]) Bæta má heiti viðkomandi korntegundar við heitið.
([2]) Vakin er athygli á því að maís heitir á ensku einnig „corn“ (auk „maize“). Þetta gildir um allar maísafurðir.
([3]) Hafi þessi afurð verið finmöluð má bæta orðinu „fint“ við heitið eða skipta því út fyrir tilsvarandi heiti.
([4]) Bæta má heiti viðkomandi korntegundar við heitið.

2. **Olíufræ, olíurík aldin og afurðir úr þeim**

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
2.1.1	**Babassúkaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á hnetum babassúpálmans og annarra tegunda af ættkvíslinni *Orbignya*	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.2.1	**Akurdoðrufræ**	Fræ af *Camelina sativa* L. Crantz.	
2.2.2	**Akurdoðrukaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á akurdoðrufræi	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.2.3	**Akurdoðrumjöl**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á og viðeigandi hitameðhöndlun á akurdoðrufræköku	Hráprótín
2.3.1	**Kakóbaunahýði**	Þurrkað og brennt hýði kakóbauna (*Theobroma cacao* L.)	Hrátrefjar
2.3.2	**Kakóhýði**	Afurð sem fæst við vinnslu á kakóbaunum	Hrátrefjar Hráprótín
2.3.3	**Kakómjöl úr baunum sem eru afhýddar að hluta**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á þurrkuðum og brenndum kakóbaunum (*Theobroma cacao* L.), þar sem hluti hýðisins hefur verið fjarlægður	Hráprótín Hrátrefjar

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
2.4.1	**Kókoskaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á þurrkuðum kjarna (fræhvítu) og skurn af fræi kókospálmans *Cocos nucifera* L.	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.4.2	**Kókoskaka, vatnsrofin**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun og ensímhvatað vatnsrof á þurrkuðum kjarna (fræhvítu) og skurn af fræi kókospálmans *Cocos nucifera* L.	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.4.3	**Kókosmjöl**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á þurrkuðum kjarna (fræhvítu) og skurn af fræi kókospálmans	Hráprótín
2.5.1	**Baðmullarfræ**	Afhærð fræ af *Gossypium* spp. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
2.5.2	**Mjöl úr baðmullarfræi sem er afhýtt að hluta**	Afurð úr olíuvinnslu, sem fæst við útdrátt á baðmullarfræjum, þar sem hluti hýðisins og fræhár hafa verið fjarlægð. (Hámarksmagn hrátrefja 22,5% í þurrefni). Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hrátrefjar
2.5.3	**Baðmullarfræskaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á afhærðum baðmullarfræjum	Hráprótín Hrátrefjar Hráfita
2.6.1	**Jarðhnetukaka, úr hnetum sem eru afhýddar að hluta**	Afurð úr olíuvinnslu, sem fæst við pressun á jarðhnetum (*Arachis hypogaea* L.), sem eru afhýddar að hluta, og öðrum tegundum af ættkvíslinni *Arachis*. (Hámarksmagn hrátrefja 16% í þurrefni)	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.6.2	**Jarðhnetumjöl, úr hnetum sem eru afhýddar að hluta**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á köku úr jarðhnetum sem eru afhýddar að hluta (Hámarksmagn hrátrefja 16 % í þurrefni)	Hráprótín Hrátrefjar
2.6.3	**Jarðhnetukaka, úr afhýddum hnetum**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á afhýddum jarðhnetum	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.6.4	**Jarðhnetumjöl, úr afhýddum hnetum**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á köku úr afhýddum jarðhnetum	Hráprótín Hrátrefjar
2.7.1	**Dúnviðaraldinkaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á dúnviðarfræi (*Ceiba pentadra* L. Gaertn.)	Hráprótín Hrátrefjar

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
2.8.1	**Hörfræ**	Heil, útflött eða möluð hörfræ (*Linum usitatissimum* L.) (grasafræðilegur lágmarkshreinleiki 93%). Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
2.8.2	**Hörfræskaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á hörfræjum. (Grasafræðilegur lágmarkshreinleiki 93%)	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.8.3	**Hörfræsmjöl**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á og viðeigandi hitameðhöndlun á hörfræsköku. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín
2.8.4	**Fóður úr hörfræsköku**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á hörfræjum. (Grasafræðilegur lágmarkshreinleiki 93%) Getur innihaldið allt að 1% af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar) og óunnið lesitín úr samþættum mölunar- og hreinsunarstöðvum	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.8.5	**Fóður úr hörfræsmjöli**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á og viðeigandi hitameðhöndlun á hörfræsköku. Getur innihaldið allt að 1% af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar) og óunnið lesitín úr samþættum mölunar- og hreinsunarstöðvum. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb	Hráprótín
2.9.1	**Mustarðsklíð**	Afurð úr framleiðslu á mustarði (*Brassica juncea* L.). Afurðin er úr smáum hýðisbrotum og kornögnum.	Hrátrefjar
2.9.2	**Mjöl úr mustarðsfræi**	Afurð sem fæst við útdrátt rokgjarnrar mustarðsolíu úr mustarðsfræi.	Hráprótín
2.10.1	**Nígerurtarfræ**	Fræ nígerurtarinnar, *Guizotia abyssinica* (L. F.) Cass	
2.10.2	**Kaka úr nígerurtarfræjum**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á fræjum nígerurtarinnar (aska óleysanleg í HCl: hámark 3,4%)	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.11.1	**Ólífualdinmauk**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á ólífum, *Olea europaea* L., sem eru að svo miklu leyti sem hægt er lausar við hluta úr kjörnunum	Hráprótín Hrátrefjar Hráfita

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
2.11.2	**Fóður úr fitusneyddu ólífumjöli**	Afurð úr ólífuolíuframleiðslu sem fæst við útdrátt og viðeigandi hitameðhöndlun á köku úr ólífualdinmauki, sem er að svo miklu leyti sem hægt er laus við hluta úr kjörnunum. Getur innihaldið allt að 1% af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar) og óunnið lesitín úr samþættum mölunar- og hreinsunarstöðvum	Hráprótín Hrátrefjar
2.11.3	**Fitusneytt ólífumjöl**	Afurð úr ólífuolíuframleiðslu sem fæst við útdrátt og viðeigandi hitameðhöndlun á köku úr ólífualdinmauki sem er að svo miklu leyti sem hægt er laus við hluta úr kjörnunum.	Hráprótín Hrátrefjar
2.12.1	**Pálmakjarnakaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á pálmakjörnum af tegundunum *Elaeis guineensis* Jacq. og *Corozo oleifera* (HBK) L. H. Bailey (*Elaeis melanococca auct.*), þar sem fjarlægt hefur verið eins mikið og hægt er af hörðu skurninni	Hráprótín Hrátrefjar Hráfita
2.12.2	**Pálmakjarnamjöl**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á pálmakjarna, þar sem fjarlægt hefur verið eins mikið og hægt er af hörðu skurninni	Hráprótín Hrátrefjar
2.13.1	**Graskersfræ**	Fræ af *Cucurbita pepo* L. og annarra plantna af ættkvíslinni *Cucurbita*	
2.13.2	**Graskersfræskaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á fræi af *Cucurbita pepo* og annarra plantna af ættkvíslinni *Cucurbita*	Hráprótín Hráfita
2.14.1	**Repjufræ**([1])	Fræ af repju, *Brassica napus* L. ssp. *oleifera* (Metzg.) Sinsk., fræ af indverskri repju, *Brassica napus* L. var. *glauca* (Roxb.) O. E. Schulz. og akurfrækáli, *Brassica napa* ssp. *oleifera* (Metzg.) Sinsk. Grasafræðilegur lágmarkshreinleiki 94%. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
2.14.2	**Repjufræskaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á repjufræi. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.14.3	**Repjufræsmjöl**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á og viðeigandi hitahöndlun á repjufræsköku. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín
2.14.4	**Repjufræ, útpressað**	Afurð sem fæst við meðhöndlun á heilli repju við rök, heit skilyrði og undir þrýstingi sem eykur hleypingu sterkju. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hráfita

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
2.14.5	**Repjufræsprótín-þykkni**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við aðskilnað prótínþáttar repjufræsköku eða repjufræs	Hráprótín
2.14.6	**Fóður úr repjufræsköku**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á repjufræi. Getur innihaldið allt að 1% af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar) og óunnið lesitín úr samþættum mölunar- og hreinsunarstöðvum. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.14.7	**Fóður úr repjufræsmjöli**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á og viðeigandi hitahöndlun á repjufræsköku. Getur innihaldið allt að 1% af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar) og óunnið lesitín úr samþættum mölunar- og hreinsunarstöðvum. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín
2.15.1	**Litunarþistilsfræ**	Fræ litunarþistils, *Carthamus tinctorius* L.	
2.15.2	**Litunarþistilsmjöl, úr fræjum sem eru afhýdd að hluta**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á litunarþistilsfræjum sem eru afhýdd að hluta	Hráprótín Hrátrefjar
2.15.3	**Litunarþistilshýði**	Afurð sem fæst við afhýðingu á litunarþistilsfræi	Hrátrefjar
2.16.1	**Sesamfræ**	Fræ af *Sesamum indicum* L.	
2.17.1	**Sesamfræ, að hluta til afhýdd**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst þegar hluti hýðisins er fjarlægður	Hráprótín Hrátrefjar
2.17.2	**Sesamhýði**	Afurð sem fæst við afhýðingu á sesamfræi	Hrátrefjar
2.17.3	**Sesamfræskaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst þegar fræ sesamjurtarinnar eru pressuð (aska óleysanleg í HCl: hámark 5%)	Hráprótín Hrátrefjar Hráfita
2.18.1	**Sojabaunir, ristaðar**	Sojabaunir (*Glycine max*. L. Merr.) sem fengið hafa viðeigandi hitameðhöndlun. (Hámarksvirkni úreasa 0,4 mg N/g × mín.). Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
2.18.2	**Soja(bauna)kaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á sojabaunum	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
2.18.3	**Soja(bauna)mjöl**	Afurð úr olíuvinnslu, sem fæst úr sojabaunum eftir útdrátt og viðeigandi hitameðhöndlun. (Hámarksvirkni úreasa 0,4 mg N/g × mín.) Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hrátrefjar ef > 8% í þurrefni
2.18.4	**Soja(bauna)mjöl, úr afhýddum baunum**	Afurð úr olíuvinnslu, sem fæst úr afhýddum sojabaunum eftir útdrátt og viðeigandi hitameðhöndlun. (Hámarksvirkni úreasa 0,5 mg N/g × mín.). Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín
2.18.5	**Soja(bauna)hýði**	Afurð sem fæst við afhýðingu sojabauna	Hrátrefjar
2.18.6	**Sojabaunir, útpressaðar**	Afurð sem fæst við meðhöndlun á sojabaunum við rök, heit skilyrði og undir þrýstingi sem eykur hleypingu sterkju. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hráfita
2.18.7	**Soja(bauna) prótínþykkni**	Afurð sem fæst úr afhýddum, fituútdregnum sojabaunum, að lokinni gerjun eða sem hafa verið fituútdregnar öðru sinni til að minnka innihaldið af köfnunarefnisfríum útdrætti	Hráprótín
2.18.8	**Sojabaunamauk**	Afurð sem fæst við útdrátt á sojabaunum við tilreiðslu matvæla	Hráprótín
2.18.9	**Soja(bauna)melassi**	Afurð sem fæst við vinnslu á sojabaunum	Hráprótín Hráfita
2.18.10	**Aukaafurð sem fellur til við tilreiðslu á sojabaunum**	Afurð sem fæst við vinnslu á sojabaunum fyrir tilreidd matvæli sem innihalda sojabaunir	Hráprótín
2.18.11	**Sojabaunir**	Sojabaunir (*Glycine max.* L. Merr.)	Úreasavirkni ef > 0,4 mg N/g × mín.
2.18.12	**Sojabaunaflögur**	Afurð sem fæst með því að gufumeðhöndla eða míkrómala með innrauðum geislum og valsa afhýddar sojabaunir (hámarksvirkni úreasa 0,4 mg N/g × mín.)	Hráprótín
2.18.13	**Fóður úr soja(bauna) mjöli**	Afurð úr olíuvinnslu, sem fæst úr sojabaunum eftir útdrátt og viðeigandi hitameðhöndlun. (Hámarksvirkni úreasa 0,4 mg N/g × mín.). Getur innihaldið allt að 1% af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar) og óunnið lesitín úr samþættum mölunar- og hreinsunarstöðvum. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín Hrátrefjar ef > 8% í þurrefni

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
2.18.14	**Fóður úr soja(bauna) mjöli, úr afhýddum baunum**	Afurð úr olíuvinnslu, sem fæst úr afhýddum sojabaunum eftir útdrátt og viðeigandi hitameðhöndlun. (Hámarksvirkni úreasa 0,5 mg N/g × mín.). Getur innihaldið allt að 1% af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar) og óunnið lesitín úr samþættum mölunar- og hreinsunarstöðvum. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín
2.19.1	**Sólblómafræ**	Fræ sólblóms, *Helianthus annuus* L. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
2.19.2	**Sólblómafræskaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á sólblómafræi	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.19.3	**Sólblómafræsmjöl**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á og viðeigandi hitameðhöndlun á sólblómafræsköku. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín
2.19.4	**Sólblómafræsmjöl úr afhýddu fræi**	Afurð úr olíuvinnslu, sem fæst við útdrátt á sólblómafræi og viðeigandi hitameðhöndlun á sólblómafræsköku, þar sem hýðið hefur verið fjarlægt að hluta eða að fullu. Hámarksmagn hrátrefja 27,5% í þurrefni	Hráprótín Hrátrefjar
2.19.5	**Sólblómafræshýði**	Afurð sem fæst við afhýðingu á sólblómafræi	Hrátrefjar
2.19.6	**Fóður úr sólblómafræsmjöli**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á og viðeigandi hitameðhöndlun á sólblómafræsköku. Getur innihaldið allt að 1% af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar) og óunnið lesitín úr samþættum mölunar- og hreinsunarstöðvum. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	Hráprótín
2.19.7	**Fóður úr sólblómafræsmjöli, úr afhýddu fræi**	Afurð úr olíuvinnslu, sem fæst við útdrátt á sólblómafræi og viðeigandi hitameðhöndlun á sólblómafræsköku, þar sem hýðið hefur verið fjarlægt að hluta eða að fullu. Getur innihaldið allt að 1% af notuðum bleikileir og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, myndlaust sílíkat og kísl, lagsílíkat og beðmis- eða viðartrefjar) og óunnið lesitín úr samþættum mölunar- og hreinsunarstöðvum Hámarksmagn hrátrefja 27,5% í þurrefni	Hráprótín Hrátrefjar

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
2.20.1	**Jurtaolía og -feiti** ([2])	Olía og feiti sem fást úr jurtum (að undanskilinni olíu úr kristpálma); afurðin getur verið afkvoðuð (e. *degummed*), hreinsuð og/eða hert.	Raki, ef > 1%
2.21.1	**Óunnið lesitín**	Afurð sem fæst með afkvoðun óunninnar olíu úr olíufræjum og olíuríkum aldinum með vatni. Sítrónusýru, fosfórsýru eða natríumhýdroxíði getur verið bætt við á meðan afkvoðun óunnu olíunnar stendur	
2.22.1	**Hampfræ**	Gæðavottað hampfræ af *Cannabis sativa* L. með hámarksinnihald af tetrahýdrókannabínóli (THC) samkvæmt löggjöf ESB.	
2.22.2	**Hampkaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á hampfræi	Hráprótín Hrátrefjar
2.22.3	**Hampolía**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á hampjurt og -fræi	Hráprótín Hráfita Hrátrefjar
2.23.1	**Valmúafræ**	Fræ af *Papaver somniferum* L.	
2.23.2	**Valmúamjöl**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við útdrátt á valmúafræsköku.	Hráprótín

([1]) Heimilt er tilgreina „inniheldur lítið glúkósínólat“ við heitið, eftir því sem við á, eins og skilgreint er í löggjöf Bandalagsins. Þetta gildir um allar afurðir úr repjufræi.
([2]) Bæta skal heiti viðkomandi plöntutegundar við heitið.

3. **Belgjurtafræ og afurðir úr þeim**

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
3.1.1	**Ristaðar baunir**	Fræ af *Phaseolus* spp. eða *Vigna* spp. sem fengið hafa viðeigandi hitameðhöndlun. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
3.1.2	**Baunaprótínþykkni**	Afurð sem fæst úr vatninu sem er skilið frá baununum við framleiðslu á sterkju	Hráprótín
3.2.1	**Karób, þurrkað**	Þurrkuð aldin karóbtrésins, *Ceratonia siliqua* L.	Hrátrefjar
3.2.3	**Jóhannesarbrauð, þurrkað**	Afurð sem fæst við mölun á þurrkuðum fræbelgjum karóbtrésins sem baunirnar hafa verið fjarlægðar úr	Hrátrefjar
3.2.4	**Þurrkað jóhannesar-brauðsmjöl, míkrómalað**	Afurð sem fæst við míkrómölun á þurrkuðum fræbelgjum karóbtrésins sem jóhannesarbaunirnar hafa verið fjarlægðar úr	Hrátrefjar Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi
3.2.5	**Karóbkím**	Kím jóhannesarbaunarinnar af karóbtrénu	Hráprótín

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
3.2.6	**Karóbkímskaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á karóbkími	Hráprótín
3.2.7	**Jóhannesarbaun (fræ)**	Baun af karóbtrénu	Hrátrefjar
3.3.1	**Kjúklingabaunir**	Fræ af *Cicer arietinum* L.	
3.4.1	**Linsuflækja**	Fræ af *Ervum ervilia* L.	
3.5.1	**Grikkjasmárafræ**	Fræ af grikkjasmára (*Trigonella foenum-graecum*)	
3.6.1	**Gúarmjöl**	Afurð sem fæst við útdrátt á jurtaslími úr fræjum þyrpibaunar, *Cyamopsis tetragonoloba* (L.) Taub	Hráprótín
3.6.2	**Gúarkímsmjöl**	Afurð sem fæst við útdrátt á jurtaslími úr frækími þyrpibaunar.	Hráprótín
3.7.1	**Hestabaunir**	Fræ af *Vicia faba* L. ssp. *faba* var. *equina* Pers. og var. *minuta* (Alef.) Mansf.	
3.7.2	**Hestabaunaflögur**	Afurð sem fæst með því að gufumeðhöndla eða míkrómala með innrauðum geislum og valsa afhýddar hestabaunir.	Sterkja Hráprótín
3.7.3	**Hestabaunahýði**	Afurð, sem fæst við afhýðingu hestabauna, sem er aðallega úr ytri himnum.	Hrátrefjar Hráprótín
3.7.4	**Hestabaunir, afhýddar**	Afurð, sem fæst við afhýðingu hestabauna, sem er aðallega úr kjarna hestabauna.	Hráprótín Hrátrefjar
3.7.5	**Hestabaunaprótín**	Afurð sem fæst við mölun og loftaðgreiningu hestabauna.	Hráprótín
3.8.1	**Linsubaunir**	Fræ af *Lens culinaris* a.o. Medik.	
3.8.2	**Linsubaunahýði**	Afurð sem fæst við afhýðingu á linsubaunum.	Hrátrefjar
3.9.1	**Sætar úlfabaunir**	Fræ af *Lupinus* spp., lágt hlutfall af beiskum baunum.	
3.9.2	**Sætar úlfabaunir, afhýddar**	Afhýddar úlfabaunir.	Hráprótín
3.9.3	**Úlfabaunahýði**	Afurð, sem fæst við afhýðingu úlfabauna, sem er aðallega úr ytri himnum.	Hráprótín Hrátrefjar
3.9.4	**Úlfabaunamauk**	Afurð sem fæst eftir útdrátt á efnisþáttum úlfabauna.	Hrátrefjar
3.9.5	**Fóðurmjöl úr úlfabaunum**	Afurð sem fæst við framleiðslu á úlfabaunamjöli úr úlfabaunum. Afurðin er aðallega hlutar af kímblöðum og í minna mæli hlutar af hýði.	Hráprótín Hrátrefjar
3.9.6	**Úlfabaunaprótín**	Afurð sem fæst úr vatninu sem er skilið frá úlfabaununum, eða eftir mölun og loftaðgreiningu.	Hráprótín
3.9.7	**Prótínmjöl úr úlfabaunum**	Afurð sem fæst við vinnslu á úlfabaunum til framleiðslu á prótínríku mjöli.	Hráprótín

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
3.10.1	**Mungbaunir**	Baunir af *Vigna radiata* L.	
3.11.1	**Ertur**	Fræ af *Pisum* spp. Afurðin getur verið varin gegn niðurbroti í vömb.	
3.11.2	**Ertuklíð**	Afurð sem fæst við framleiðslu á ertumjöli. Afurðin er aðallega hlutar af hýði sem er fjarlægt við afhýðingu og hreinsun bauna.	Hrátrefjar
3.11.3	**Ertuflögur**	Afurð sem fæst með því að gufumeðhöndla eða míkrómala með innrauðum geislum og valsa afhýddar ertur.	Sterkja
3.11.4	**Ertumjöl**	Afurð sem fæst við mölun á ertum.	Hráprótín
3.11.5	**Ertuhýði**	Afurð sem fæst við framleiðslu á ertumjöli úr ertum. Afurðin er aðallega hlutar af hýði sem er fjarlægt við afhýðingu og hreinsun og í minna mæli frævítu.	Hrátrefjar
3.11.6	**Ertur, afhýddar**	Afhýddar ertur.	Hráprótín Hrátrefjar
3.11.7	**Ertufóðurmjöl**	Afurð sem fæst við framleiðslu á ertumjöli. Afurðin er aðallega hlutar af kímblöðum og í minna mæli hlutar af hýði.	Hráprótín Hrátrefjar
3.11.8	**Baunasáld**	Afurð sem fæst úr vélrænni sáldun, úr baunabrotum sem skilin eru frá áður en frekari vinnsla fer fram.	Hrátrefjar
3.11.9	**Ertuprótín**	Afurð sem fæst úr vatninu sem er skilið frá ertunum við framleiðslu á sterkju, eða eftir mölun og loftaðgreiningu, getur verið vatnsrofin að hluta til.	Hráprótín
3.11.10	**Ertumauk**	Afurð sem fæst við votútdrátt prótíns og sterkju úr ertum. Afurðin er aðallega innri trefjar og sterkja.	Raki, ef < 70% eða > 85% Sterkja Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
3.11.11	**Leysanleg efni úr ertum**	Afurð sem fæst við votútdrátt prótíns og sterkju úr ertum. Afurðin er aðallega leysanleg prótín og fásykrur.	Raki, ef < 60% eða > 85% Heildarsykrur Hráprótín
3.11.12	**Ertutrefjar**	Afurð sem fæst við útdrátt eftir mölun og sigtun á afhýddum ertum.	Hrátrefjar
3.12.1	**Flækjur**	Fræ af *Vicia sativa* L. var. *sativa* og öðrum afbrigðum.	
3.13.1	**Varpabaunir**	Fræ af *Lathyrus sativus* L., eftir viðeigandi hitameðhöndlun.	Aðferð við hitameðhöndlun
3.14.1	**Mónöntuflækja**	Fræ af *Vicia monanthos* Desf.	

4. **Hnýði, rótarávextir og afurðir úr þeim**

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
4.1.1	**Sykurrófa**	Rót af *Beta vulgaris* L. ssp. *vulgaris* var. *altissima* Doell.	
4.1.2	**Sykurrófa, toppar og rætur**	Fersk afurð, sem fæst við sykurframleiðslu, aðallega úr hreinsuðum hlutum sykurrófu með hlutum af rófublöðum eða án þeirra.	Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 5% í þurrefni Rakainnihald, ef < 50%
4.1.3	**(Rófu)sykur [súkrósi]**	Sykur dreginn út úr sykurrófum með vatni.	Súkrósi
4.1.4	**(Sykur)rófumelassi**	Sírópskennd afurð sem fæst við framleiðslu eða hreinsun á sykri úr sykurrófum. Getur innihaldið allt að 0,5% af froðueyði. Getur innihaldið allt að 0,5% af hrúðurvarnarefni. Getur innihaldið allt að 2% af súlfati. Getur innihaldið allt að 0,25% af súlfíti.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Raki, ef > 28%
4.1.5	**(Sykur)rófumelassi, að hluta afsykraður og/eða betaínskertur**	Afurð sem fæst við frekari útdrátt á súkrósa og/eða betaíni úr sykurrófumelassa með vatni. Getur innihaldið allt að 2% af súlfati. Getur innihaldið allt að 0,25% af súlfíti.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Raki, ef > 28%
4.1.6	**Ísómaltúlósamelassi**	Ókristallaður efnisþáttur sem fellur til við framleiðslu á ísómaltúlósa með ensímummyndun súkrósa úr sykurrófum.	Raki, ef > 40%
4.1.7	**(Sykur)rófumauk, vott**	Afurð sem fæst við framleiðslu á sykri úr sykurrófusneiðum þar sem sykurinn hefur verið dreginn út með vatni. Lágmarksrakainnihald: 82%. Sykurinnihald er lítið og minnkar í átt að núlli vegna (mjólkursýru)gerjunar.	Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 5 % í þurrefni Raki, ef < 82% eða > 92%
4.1.8	**Pressað (sykur) rófumauk**	Afurð sem fæst við framleiðslu á sykri úr sykurrófusneiðum, þar sem sykurinn hefur verið dreginn út með vatni og þær vélpressaðar. Hámarksrakainnihald: 82%. Sykurinnihald er lítið og minnkar í átt að núlli vegna (mjólkursýru)gerjunar. Getur innihaldið allt að 1% af súlfati.	Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 5% í þurrefni Raki, ef < 65% eða > 82%
4.1.9	**Pressað (sykur) rófumauk, með viðbættum melassa**	Afurð sem fæst við framleiðslu á sykri úr sykurrófusneiðum, þar sem sykurinn hefur verið dreginn út með vatni, þær vélpressaðar og bætt við melassa. Hámarksrakainnihald: 82%. Sykurinnihald minnkar vegna (mjólkursýru) gerjunar. Getur innihaldið allt að 1% af súlfati.	Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 5% í þurrefni Raki, ef < 65% eða > 82%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
4.1.10	**Þurrkað (sykur) rófumauk**	Afurð sem fæst við framleiðslu á sykri úr sykurrófusneiðum, þar sem sykurinn hefur verið dreginn út með vatni, þær vélpressaðar og þurrkaðar. Getur innihaldið allt að 2% af súlfati.	Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi, ef > 10,5%
4.1.11	**Þurrkað (sykur) rófumauk, með viðbættum melassa**	Afurð sem fæst við framleiðslu á sykri úr sykurrófusneiðum, þar sem sykurinn hefur verið dreginn út með vatni, þær vélpressaðar og þurrkaðar og bætt við melassa. Getur innihaldið allt að 0,5% af froðueyði. Getur innihaldið allt að 2% af súlfati.	Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi
4.1.12	**Sykursíróp**	Afurð sem fæst með vinnslu á sykri og/eða melassa. Getur innihaldið allt að 0,5% af súlfati. Getur innihaldið allt að 0,25% af súlfíti.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Raki, ef > 35%
4.1.13	**(Sykur)rófubitar, soðnir**	Afurð sem fæst við framleiðslu á ætu sírópi úr sykurrófum sem getur verið pressuð eða þurrkuð.	*Ef þurrkuð* Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni *Ef pressuð* Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 5% í þurrefni Raki, ef > 50%
4.1.14	**Frúktófásykrur**	Afurð sem fæst úr sykri úr sykurrófum með ensímvinnslu.	Raki, ef > 28%
4.2.1	**Rauðrófusafi**	Safi sem fenginn er með pressun rauðrófu (*Beta vulgaris convar. crassa* var. *conditiva*), með síðari þykkingu og gerilsneyðingu, þar sem einkennandi bragð og ilmur grænmetisins heldur sér.	Raki, ef < 50% eða > 60% Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.3.1	**Gulrætur**	Rætur gulra eða rauðra gulróta, *Daucus carota* L.	
4.3.2	**Gulrótarhýði, gufumeðhöndlað**	Rök afurð, sem fellur til við iðnaðarvinnslu gulróta, úr hýðinu sem fjarlægt er af gulrótinni með gufumeðhöndlun og e.t.v. með viðbættri gelkenndri gulrótarsterkju. Hámarksrakainnihald: 97%.	Sterkja Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni Raki, ef < 87% eða > 97%
4.3.3	**Gulrótarafgangar**	Rök afurð sem myndast með vélrænum aðskilnaði við gulrótarvinnslu og er aðallega úr þurrkuðum gulrótum og gulrótarafgöngum. Afurðin kann að hafa verið hitameðhöndluð. Hámarksrakainnihald: 97%.	Sterkja Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni Raki, ef < 87% eða > 97%
4.3.4	**Gulrótarflögur**	Afurð sem fæst með vinnslu á gulum og rauðum gulrótum í flögur sem síðan eru þurrkaðar.	
4.3.5	**Gulrætur, þurrkaðar**	Rætur gulra og rauðra gulróta, án tillits til þess hvert vinnslustigið er, sem síðan eru þurrkaðar.	Hrátrefjar
4.3.6	**Gulrótarfóður, þurrkað**	Afurð úr innra efni og ytri lögum sem eru þurrkuð.	Hrátrefjar
4.4.1	**Kaffifífilsrætur**	Rætur af *Cichorium intybus* L.	

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
4.4.2	**Kaffifífill, toppar og rætur**	Fersk afurð úr kaffifífilsvinnslu. Afurðin er aðallega úr hreinsuðum hlutum kaffifífils og hlutum af blöðunum.	Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni Rakainnihald, ef < 50%
4.4.3	**Kaffifífilsfræ**	Fræ af *Cichorium intybus* L.	
4.4.4	**Pressað kaffifífilsmauk**	Afurð sem fæst við framleiðslu á inúlíni úr rótum *Cichorium intybus* L. úr sneiðum af kaffifífli sem dregnar eru út og vélpressaðar. Kolvetnin (uppleysanlegu) úr kaffifíflinum og vatn hafa verið fjarlægð að hluta. Getur innihaldið allt að 1% af súlfati og getur innihaldið allt að 0,2% af súlfíti.	Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni Raki, ef < 65% eða > 82%
4.4.5	**Þurrkað kaffifífilsmauk**	Afurð sem fæst við framleiðslu á inúlíni úr rótum *Cichorium intybus* L. úr sneiðum kaffifífils sem dregnar eru út og vélpressaðar, með síðari þurrkun. Kolvetnin (uppleysanlegu) úr kaffifíflinum hafa verið dregin út að hluta. Getur innihaldið allt að 2% af súlfati og getur innihaldið allt að 0,5% af súlfíti.	Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.4.6	**Kaffifífilsrótaduft**	Afurð sem fæst með söxun, þurrkun og mölun kaffifífilsróta. Getur innihaldið allt að 1% af kekkjavarnarefni.	Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.4.7	**Kaffifífilsmelassi**	Afurð kaffifífilsvinnslu sem fæst við framleiðslu á inúlíni og ólígófrúktósa. Kaffifífilsmelassi er úr lífrænu plöntuefni og steinefnum. Getur innihaldið allt að 0,5% af froðueyði.	Hráprótín Hráaska Raki, ef < 20% eða > 30%
4.4.8	**Eimingardreggjar kaffifífils**	Aukaafurð úr kaffifífilsvinnslu sem fæst eftir aðskilnað á inúlíni og ólígófrúktósa og skolun með jónaskiptum Eimingardreggjar kaffifífils eru úr lífrænu plöntuefni og steinefnum. Getur innihaldið allt að 1% af froðueyði.	Hráprótín Hráaska Raki, ef < 30% eða > 40%
4.4.9	**Kaffifífilsinúlín**	Inúlín er frúktósafjölsykra (frúktan), útdregin úr rótum *Cichorium intybus* L. Óunnið kaffifífilsinúlín getur innihaldið allt að 1% af súlfati og getur innihaldið allt að 0,5% af súlfíti.	
4.4.10	**Ólígófrúktósasíróp**	Afurð sem fæst með vatnsrofi, að hluta, á inúlíni úr *Cichorium intybus* L. Óunnið ólígófrúktósasíróp getur innihaldið allt að 1% af súlfati og getur innihaldið allt að 0,5% af súlfíti.	Raki, ef < 20% eða > 30%
4.4.11	**Ólígófrúktósi, þurrkaður**	Afurð sem fæst með vatnsrofi, að hluta, inúlíns úr *Cichorium intybus* L. og síðari þurrkun.	
4.5.1	**Hvítlaukur, þurrkaður**	Hvítt eða gult duft úr hreinum, möluðum hvítlauk, *Allium sativum* L.	
4.6.1	**Kassavarót [tapíókamjöl]; [kassava]**	Rætur af *Manihot esculenta* Crantz, án tillits til þess hvert formið er.	Raki, ef < 60% eða > 70%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
4.6.2	**Kassavarót, þurrkuð**	Rætur kassavarótar, án tillits til þess hvert formið er, sem síðan eru þurrkaðar.	Sterkja Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.7.1	**Laukmauk**	Rök afurð sem verður til við vinnslu á lauk (ættkvíslin *Allium*) og er bæði úr hýði og heilum laukum. Falli afurðin til við framleiðslu á laukolíu er hún að mestu úr elduðum laukafgöngum.	Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.7.2	**Steiktur laukur**	Afhýddir laukbitar sem velt er upp úr raspi og síðan steiktir.	Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni Hráfita
4.7.3	**Leysanleg efni úr laukum**	Þurr afurð sem verður til við vinnslu á ferskum lauk. Afurðin fæst með útdrætti með vatni og/eða alkóhóli þar sem vatns- eða alkóhólhlutinn er aðskilinn og úðaþurrkaður. Aðaluppistaða afurðarinnar er kolvetni.	Hrátrefjar
4.8.1	**Kartöflur**	Hnýði af *Solanum tuberosum* L.	Raki, ef < 72% eða > 88%
4.8.2	**Flysjaðar kartöflur**	Kartöflur þar sem hýðið (flusið) er fjarlægt með gufumeðhöndlun.	Sterkja Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.8.3	**Kartöfluhýði, gufumeðhöndlað**	Rök afurð, sem fellur til við iðnaðarvinnslu kartaflna, úr hýðinu sem er fjarlægt af hnýði kartöflunnar með gufumeðhöndlun og gelkenndri kartöflusterkju hefur e.t.v. verið bætt við. Afurðin getur verið stöppuð.	Raki, ef < 82% eða > 93% Sterkja Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.8.4	**Kartöfluafskurður, hrár**	Afurð sem fengin er úr kartöflum, sem kunna að hafa verið flysjaðar, við tilreiðslu kartöfluafurða til manneldis.	Raki, ef < 72% eða > 88% Sterkja Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.8.5	**Kartöfluafgangar**	Afurð sem myndast með vélrænum aðskilnaði við kartöfluvinnslu og er aðallega úr þurrkuðum kartöflum og kartöfluafgöngum. Afurðin kann að hafa verið hitameðhöndluð.	Raki, ef < 82% eða > 93% Sterkja Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.8.6	**Kartöflur, stappaðar**	Afurð úr kartöflum, snöggsoðnum eða soðnum, sem síðan eru stappaðar.	Sterkja Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
4.8.7	**Kartöfluflögur**	Afurð sem fæst við hverfiþurrkun á þvegnum, flysjuðum eða óflysjuðum, gufumeðhöndluðum kartöflum.	Sterkja Hrátrefjar Aska, sem er óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
4.8.8	**Kartöflumauk**	Afurð sem fæst úr framleiðslu á kartöflusterkju úr útdregnum, möluðum kartöflum.	Raki, ef < 77% eða > 88%
4.8.9	**Kartöflumauk, þurrkað**	Þurrkuð afurð sem fæst úr framleiðslu á kartöflusterkju úr útdregnum, möluðum kartöflum.	
4.8.10	**Kartöfluprótín**	Afurð sem fæst við sterkjuframleiðslu og er aðallega úr prótínefnum sem fást eftir aðskilnað sterkjunnar.	Hráprótín
4.8.11	**Kartöfluprótín, vatnsrofin**	Prótín sem fæst með stýrðu, ensímhvötuðu vatnsrofi á kartöfluprótínum.	Hráprótín
4.8.12	**Kartöfluprótín, gerjað**	Afurð sem fæst við gerjun kartöfluprótíns og síðari úðaþurrkun.	Hráprótín
4.8.13	**Kartöfluprótín, gerjað, fljótandi**	Fljótandi afurð sem fæst við gerjun kartöfluprótíns.	Hráprótín
4.8.14	**Kartöflusafi, þykktur**	Þykkt afurð, sem fæst við framleiðslu kartöflusterkju, úr efnum sem eftir eru þegar trefjar, prótín og sterkja hafa verið fjarlægð að hluta úr kartöflumaukinu og uppgufun á hluta vatnsins.	Raki, ef < 50% eða > 60% Ef raki < 50%: — Hráprótín — Hráaska
4.8.15	**Kartöflukorn**	Þurrkaðar kartöflur (kartöflur eftir skolun, flysjun, minnkun – stykkjun, völsun o.s.frv. – og fjarlægingu vatnsinnihalds).	
4.9.1	**Sætuhnúðar**	Hnýði af *Ipomoea batatas* L., án tillits til þess hvert formið er.	Raki, ef < 57% eða > 78%
4.10.1	**Ætifífill [ætihnúður]**	Rótarhnýði *Helianthus tuberosus* L., án tillits til þess hvert formið er.	Raki, ef < 75% eða > 80%

5. **Önnur fræ og aldin og afurðir úr þeim**

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
5.1.1	**Akarn**	Heil aldin af eik, *Quercus robur* L., steineik, *Quercus petraea* (Matt.) Liebl., korkeik, *Quercus suber* L., og öðrum eikartegundum.	
5.1.2	**Akarn, afhýtt**	Afurð sem fæst við afhýðingu á akarni.	Hráprótín Hrátrefjar
5.2.1	**Möndlur**	Heil eða brotin aldin af *Prunus dulcis*, með eða án hýðis.	
5.2.2	**Möndluhýði**	Malað möndluhýði sem fæst úr afhýddum möndlufræjum eftir vélrænan aðskilnað frá kjarnanum.	Hrátrefjar

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
5.2.3	**Möndlukjarnakaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á möndlum.	Hráprótín Hrátrefjar
5.3.1	**Anísfræ**	Fræ af *Pimpinella anisum*.	
5.4.1	**Eplamauk, þurrkað (eplahrat, þurrkað)**	Afurð sem fæst við framleiðslu á safa úr *Malus domestica* eða framleiðslu á eplasítra. Afurðin er aðallega úr aldinkjöti og hýði sem er þurrkað. Afurðin kann að vera pektínhreinsuð.	Hrátrefjar
5.4.2	**Eplamauk, pressað (eplahrat, pressað)**	Rök afurð sem fæst við framleiðslu á eplasafa eða eplasítra. Afurðin er aðallega úr aldinkjöti og hýði sem er pressað. Afurðin kann að vera pektínhreinsuð.	Hrátrefjar
5.4.3	**Eplamelassi**	Afurð sem fæst eftir framleiðslu pektíns úr eplamauki. Afurðin kann að vera pektínhreinsuð.	Hráprótín Hrátrefjar Jarðolía og fita, ef > 10%
5.5.1	**Sykurrófufræ**	Fræ sykurrófa.	
5.6.1	**Bókhveiti**	Fræ af *Fagopyrum esculentum.*	
5.6.2	**Bókhveitihýði og -klíð**	Afurð sem fæst við mölun bókhveitikorns.	Hrátrefjar
5.6.3	**Fóðurmjöl úr bókhveiti**	Afurð sem fæst úr sálduðu bókhveiti við framleiðslu mjöls. Afurðin er aðallega hlutar af fræhvítu með smáum hýðisbrotum og nokkru af ýmsum hlutum kornsins. Hún má ekki innihalda meira en 10% hrátrefjar.	Hrátrefjar Sterkja
5.7.1	**Rauðkálsfræ**	Fræ af *Brassica oleracea* var. *capitata f. rubra*.	
5.8.1	**Kanarígrasfræ**	Fræ af *Phalaris canariensis*.	
5.9.1	**Kúmenfræ**	Fræ af *Carum carvi* L.	
5.12.1	**Brotnar kastaníuhnetur**	Afurð sem fæst við framleiðslu á kastaníuhnetuhveiti og er aðallega hlutar af fræhvítu með smáum himnubrotum og nokkrum kastaníuhnetuleifum (*Castanea* spp.).	Hráprótín Hrátrefjar
5.13.1	**Sítrusmauk**	Afurð sem fæst við pressun á sítrusávöxtum *Citrus* (L.) spp. eða við framleiðslu á sítrussafa. Afurðin kann að vera pektínhreinsuð.	Hrátrefjar
5.13.2	**Sítrusmauk, þurrkað**	Afurð, sem fæst við pressun á sítrusávöxtum eða við framleiðslu á sítrussafa, sem síðar er þurrkuð. Afurðin kann að vera pektínhreinsuð.	Hrátrefjar
5.14.1	**Rauðsmárafræ**	Fræ af *Trifolium pratense* L.	
5.14.2	**Hvítsmárafræ**	Fræ af *Trifolium repens* L.	
5.15.1	**Kaffihýði**	Afurð sem fæst úr afhýddu fræi af kaffirunna.	Hrátrefjar

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
5.16.1	**Garðakornblómafræ**	Fræ af *Centaurea cyanus* L.	
5.17.1	**Gúrkufræ**	Fræ af *Cucumis sativus* L.	
5.18.1	**Sýprusfræ**	Fræ af *Cupressus* L.	
5.19.1	**Döðlur**	Aldin af *Phoenix dactylifera* L. Afurðin getur verið þurrkuð.	
5.19.2	**Döðlufræ**	Heil fræ af döðluplöntunni.	Hrátrefjar
5.20.1	**Fennikufræ**	Fræ af *Foeniculum vulgare* Mill.	
5.21.1	**Fíkjur**	Aldin af *Ficus carica* L. Afurðin getur verið þurrkuð.	
5.22.1	**Aldinkjarnar**([1])	Afurð úr innri, ætum fræjum hnetu eða aldinsteini.	
5.22.2	**Aldinmauk** ([1])	Afurð sem fæst við framleiðslu á aldinsafa og aldinmauki. Afurðin kann að vera pektínhreinsuð.	Hrátrefjar
5.22.3	**Aldinmauk, þurrkað** ([1])	Afurð, sem fæst við framleiðslu á aldinsafa og aldinmauki, sem síðan er þurrkuð. Afurðin kann að vera pektínhreinsuð.	Hrátrefjar
5.23.1	**Karsi**	Fræ af *Lepidium sativum* L.	Hrátrefjar
5.24.1	**Grasfræ**	Fræ af grasætt (Poaceae*)*, stararætt (Cyperaceae) og sefætt (Juncaceae).	
5.25.1	**Þrúgukjarnar**	Kjarnar af *Vitis* L., skildir frá þrúguhrati, sem olía hefur ekki verið fjarlægð úr.	Hráfita Hrátrefjar
5.25.2	**Þrúgumjöl**	Afurð sem fæst við útdrátt á olíu úr kjörnum þrúgna.	Hrátrefjar
5.25.3	**Þrúguhrat**	Hrat úr þrúgum hraðþurrkað eftir útdrátt alkóhóls og, að svo miklu leyti sem hægt er, án stilka og kjarna.	Hrátrefjar
5.25.4	**Leysanleg efni úr þrúgukjörnum**	Afurð sem fæst úr þrúgukjörnum eftir framleiðslu þrúgusafa. Afurðin inniheldur aðallega kolvetni. Afurðin getur verið þykkt.	Hrátrefjar
5.26.1	**Heslihnetur**	Heil eða brotin aldin af *Corylus* (L.) spp., með eða án hýðis.	
5.26.2	**Heslihnetukaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á heslihnetum.	Hráprótín Hrátrefjar

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
5.27.1	**Pektín**	Pektín fæst með vatnsútdrætti á (náttúrulegum stofni af) viðeigandi plöntuefni, oftast sítrusávöxtum eða eplum. Ekki skal nota önnur lífræn felliefni en metanól, etanól og própan-2-ól. Getur innihaldið allt að 1% metanól, etanól og própan-2-ól af hverju efni fyrir sig eða í samsetningum, miðað við vatnsfrítt form. Pektín er aðallega úr fjölgalaktúrónsýru sem myndar að hluta metýlestra með ammóníum-, natríum-, kalíum- og kalsíumsöltum þeirra.	
5.28.1	**Fræ af blaðmintu (*Perilla frutescens*)**	Fræ af *Perilla frutescens* L. og malaðar afurðir þess.	
5.29.1	**Furuhnetur**	Fræ af *Pinus* (L.) spp.	
5.30.1	**Pistasíuhnetur**	Fræ af *Pistacia vera* L.	
5.31.1	**Græðisúrufræ (e. *Plantago seed*)**	Fræ af græðisúrum (*Plantago* L. spp.)	
5.32.1	**Hreðkufræ**	Fræ af *Raphanus sativus* L.	
5.33.1	**Spínatfræ**	Fræ af *Spinacia oleracea* L.	
5.34.1	**Þistilfræ**	Fræ af *Carduus marianus* L.	
5.35.1	**Tómatmauk [tómathrat]**	Afurð sem fæst við pressun á tómötum, *Solanum lycopersicum* L., við framleiðslu á tómatsafa. Aðaluppistaða afurðarinnar er tómathýði og -fræ.	Hrátrefjar
5.36.1	**Vallhumalsfræ**	Fræ af *Achillea millefolium* L.	
5.37.1	**Apríkósukjarnakaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á apríkósum (*Prunus armeniaca* L.). Afurðin getur innihaldið blásýru.	Hráprótín Hrátrefjar
5.38.1	**Svartkúmínskaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á svartkúmínsfræi (*Bunium persicum* L.).	Hráprótín Hrátrefjar
5.39.1	**Hjólkrónufræskaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á hjólkrónufræi (*Borago officinalis* L.).	Hráprótín Hrátrefjar
5.40.1	**Kvöldljósskaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á fræi af kvöldljósstegundum (*Oenothera* L.).	Hráprótín Hrátrefjar
5.41.1	**Granateplakaka**	Afurð úr olíuvinnslu sem fæst við pressun á granateplafræi (*Punica granatum* L.).	Hráprótín Hrátrefjar
5.42.1	**Valhnetukjarnakaka**	Afurð úr olíuframleiðslu sem fæst við pressun á valhnetukjörnum (*Juglans regia* L.).	Hráprótín Hrátrefjar

([1]) Bæta skal heiti viðkomandi plöntutegundar við heitið.

6. **Fóðurjurtir og gróffóður og afurðir úr þeim**

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
6.1.1	**Blaðbeðja**	Blöð af *Beta* spp.	
6.2.1	**Kornplöntur**(1)	Heilar kornplöntur eða hlutar þeirra. Afurðin getur verið þurrkuð, fersk eða votverkuð.	
6.3.1	**Kornhálmur** (1)	Hálmur korntegunda.	
6.3.2	**Kornhálmur, meðhöndlaður** (1) (2)	Afurð sem fæst með viðeigandi meðhöndlun kornhálms.	Natríum, ef meðhöndlað með NaOH
6.4.1	**Smáramjöl**	Afurð sem fæst með þurrkun og mölun á smára, *Trifolium* spp. Afurðin getur innihaldið allt að 20% af refasmára (*Medicago sativa* L. og *Medicago* var. Martyn) eða öðrum fóðurjurtum sem eru þurrkaðar og malaðar um leið og smárinn.	Hráprótín Hrátrefjar Aska óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
6.5.1	**Fóðurjurtamjöl** (3)**; [Grasmjöl]** (3)**; [Grænmjöl]** (3)	Afurð sem fæst með þurrkun og mölun og í sumum tilfellum þjöppun fóðurjurta.	Hráprótín Hrátrefjar Aska óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
6.6.1	**Gras, þurrkað á velli [hey]**	Allar tegundir grass sem þurrkað er á velli.	Aska óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
6.6.2	**Gras, þurrkað við háan hita**	Afurð sem fæst úr grasi (öll afbrigði), þurrkuð með annars konar þurrkun en náttúrulegri.	Hráprótín Trefjar Aska óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
6.6.3	**Gras, jurtir, belgjurtir, [grænfóður]**	Ferskar, votverkaðar eða þurrkaðar akurplöntur, s.s. gras, belgjurtir eða aðrar jurtir, sem kallast yfirleitt vothey, votfóður, hey eða grænfóður.	Aska óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
6.7.1	**Hampmjöl**	Mjöl úr möluðum, þurrkuðum blöðum af *Cannabis sativa* L.	Hráprótín
6.7.2	**Hamptrefjar**	Afurð sem fæst við vinnslu á hampi, grænum, þurrkuðum, trefjóttum.	
6.8.1	**Hestabaunahálmur**	Hálmur hestabauna.	
6.9.1	**Línhálmur**	Hálmur af líni (*Linum usitatissimum* L.).	
6.10.1	**Refasmári [alfalfa]**	*Medicago sativa* L. og *Medicago* var. Martyn eða hlutar þeirra.	Aska óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
6.10.2	**Refasmári, þurrkaður á velli [alfalfa, þurrkað á velli]**	Refasmári, þurrkaður á velli.	Aska óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
6.10.3	**Refasmári, þurrkaður við háan hita [alfalfa, þurrkað við háan hita]**	Refasmári sem þurrkaður er með annarri aðferð en náttúrulegri.	Hráprótín Hrátrefjar Aska óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
6.10.4	**Refasmári, útpressaður [alfalfa, útpressað]**	Kögglar úr refasmára sem hafa verið útpressaðir.	
6.10.5	**Refasmáramjöl** (4) **[alfalfamjöl]** (4)	Afurð sem fæst með þurrkun og mölun á refasmára. Afurðin inniheldur allt að 20% af smára eða öðrum fóðurjurtum sem eru þurrkaðar og malaðar um leið og refasmárinn.	Hráprótín Hrátrefjar Aska óleysanleg í HCl, ef > 3,5% í þurrefni
6.10.6	**Refasmárahrat [alfalfahrat]**	Þurrkuð afurð sem fæst þegar safi er pressaður úr refasmára.	Hráprótín Hrátrefjar
6.10.7	**Refasmáraprótín-þykkni [alfalfaprótín-þykkni]**	Afurð sem fæst með þurrkun, annarri en náttúrlegri, á efnisþáttum úr pressusafa úr refasmára sem hafa verið aðskildir í skilvindu og verið hitameðhöndlaðir til að fella út prótín.	Hráprótín Karótín
6.10.8	**Leysanleg efni úr refasmára**	Afurð sem fæst eftir útdrátt prótíns úr refasmárasafa og getur verið þurrkuð.	Hráprótín
6.11.1	**Maísvotfóður**	Votverkaðar plöntur af *Zea mays* L. ssp. *mays* eða hlutar þeirra.	
6.12.1	**Baunahálmur**	Hálmur af *Pisum* spp.	

(1) Bæta skal heiti viðkomandi plöntutegundar við heitið.
(2) Auk heitis skal tilgreina um hvers konar meðhöndlun er að ræða.
(3) Bæta má tegund fóðurjurtarinnar við heitið.
(3) Í stað hugtaksins „mjöl“ má nota „kögglar“. Þurrkunaraðferðin má koma fram í heitinu.

7. **Aðrar plöntur, þörungar og afurðir þeirra**

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
7.1.1	**Þörungar**(1)	Lifandi eða unnir þörungar, þ.m.t. ferskir, kældir eða frystir þörungar. Geta innihaldið allt að 0,1% af froðueyði.	Hráprótín Hráfita Hráaska
7.1.2	**Þurrkaðir þörungar**(1)	Afurð sem fæst með þurrkun þörunga. Afurðin hefur e.t.v. verið skoluð til að minnka joðinnihald hennar Geta innihaldið allt að 0,1% af froðueyði.	Hráprótín Hráfita Hráaska
7.1.3	**Þörungamjöl**(1)	Afurð úr olíuvinnslu úr þörungum sem fæst við útdrátt á þörungum. Getur innihaldið allt að 0,1% af froðueyði.	Hráprótín Hráfita Hráaska
7.1.4	**Þörungaolía**(1)	Afurð úr olíuvinnslu úr þörungum sem fæst með útdrætti. Getur innihaldið allt að 0,1% af froðueyði.	Hráfita Raki, ef > 1%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
7.1.5	**Útdráttur þörunga** (1) **[Þörungahluti]** (1)	Útdráttur með vatni eða alkóhóli á þörungum sem innihalda aðallega kolvetni. Geta innihaldið allt að 0,1% af froðueyði.	
7.2.6	**Þang- og þaramjöl**	Afurð sem fæst með því að þurrka og mala stórþörunga, einkum þang og þara. Afurðin hefur e.t.v. verið skoluð til að minnka joðinnihald hennar Getur innihaldið allt að 0,1% af froðueyði.	Hráaska
7.3.1	**Börkur** (2)	Hreinsaður og þurrkaður börkur af trjám eða runnum.	Hrátrefjar
7.4.1	**Blóm** (2)**, þurrkuð**	Allir hlutar þurrkaðra blóma af ætum plöntum og hlutar þeirra.	Hrátrefjar
7.5.1	**Spergilkál, þurrkað**	Afurð sem fæst með þurrkun plöntunnar *Brassica oleracea* L. eftir skolun, minnkun stærðar (í stykki, flögur o.s.frv.) og fjarlægingu vatnsinnihalds.	
7.6.1	**(Sykur)reyrmelassi**	Sírópskennd afurð sem fæst við framleiðslu eða hreinsun á sykri úr *Saccharum* L. Getur innihaldið allt að 0,5% af froðueyði. Getur innihaldið allt að 0,5% af hrúðurvarnarefni. Getur innihaldið allt að 3,5% af súlfati. Getur innihaldið allt að 0,25% af súlfíti.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Raki, ef > 30%
7.6.2	**(Sykur)reyrmelassi, sykurskertur**	Afurð sem fæst við frekari útdrátt á súkrósa úr sykurreyrmelassa með vatni.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Raki, ef > 28%
7.6.3	**(Reyr)sykur [súkrósi]**	Sykur unninn úr sykurreyr með vatni.	Súkrósi
7.6.4	**Kraminn sykurreyr**	Afurð sem fæst við útdrátt á sykri úr sykurreyr með vatni. Aðaluppistaða afurðarinnar eru trefjar.	Hrátrefjar
7.7.1	**Blöð, þurrkuð** (2)	Þurrkuð blöð ætra plantna og hluta þeirra.	Hrátrefjar
7.8.1	**Lignósellulósi** (2)	Afurð sem fæst með vélrænni vinnslu á óunnum, náttúrulega þurrkuðum viði og er einkum úr lignósellulósa.	Hrátrefjar
7.9.1	**Lakkrísrót**	Rót af *Glycyrrhiza* L.	
7.10.1	**Minta**	Afurð sem fæst með þurrkun plöntuhluta *Mentha apicata*, *Mentha piperita* eða *Mentha viridis* (L.) sem eru ofanjarðar, án tillits til þess hvert formið er.	
7.11.1	**Spínat, þurrkað**	Afurð sem fæst með þurrkun jurtarinnar *Spinacia oleracea* L., án tillits til þess hvert formið er.	

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
7.12.1	**Merkurjúkka (e. *Mojave yucca*)**	*Yucca schidigera* Roezl., möluð í duft.	Hrátrefjar
7.13.1	**Kolefni úr plöntum [viðarkol]**	Afurð sem fæst með kolun lífræns efnis úr plöntum.	Hrátrefjar
7.14.1	**Viður** ([2])	Efnafræðilega óunninn, þroskaður viður eða viðartrefjar.	Hrátrefjar

([1]) Bæta skal heiti viðkomandi tegundar við heitið.
([2]) Heitin eru ekki samheiti og liggur munurinn í rakainnihaldi, því skal nota viðkomandi heiti eftir því sem við á.

8. **Mjólkurvörur og afurðir unnar úr þeim**

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
8.1.1	**Smjör og smjörafurðir**	Smjör og afurðir sem fást með framleiðslu eða vinnslu á smjöri (t.d. smjörsermi), nema afurðirnar séu skráðar sérstaklega.	Hráprótín Hráfita Laktósi Raki, ef > 6%
8.2.1	**Áfir/áfaduft** ([1])	Afurð sem fæst við strokkun smjörs úr rjóma eða áþekka vinnslu. Afurðin er e.t.v. þykkt og/eða þurrkuð. Ef afurðin er sérstaklega tilreidd sem fóðurefni getur hún innihaldið: — allt að 0,5% af fosfötum, t.d. fjölfosfati (t.d. natríumhexametafosfati), dífosfötum (t.d. tetranatríumpýrófosfati), sem notuð eru til að draga úr seigju og til að stöðga prótín í vinnslu, — allt að 0,3% af sýrum, t.d. lífrænum sýrum: sítrónusýru, maurasýru, própíónsýru; ólífrænum sýrum: brennisteinssýru, saltsýru, fosfórsýru, sem notaðar eru til sýrustigsstillingar á mörgum stigum framleiðsluferlisins, — allt að 0,5% af bösum, t.d. natríumi, kalíumi, kalsíumi, magnesíumhýdroxíði, sem notaðir eru til sýrustigsstillingar á mörgum stigum framleiðsluferlisins, — allt að 2% af flæðisaukandi efnum, t.d. kísildíoxíði, pentanatríumþrífosfati, þríkalsíumfosfati, sem notuð eru til að bæta flæðiseiginleika duftsins, — allt að 0,4% af ýruefni (lesitíni).	Hráprótín Hráfita Laktósi Raki, ef > 6%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
8.3.1	**Kasein**	Afurð sem fæst úr undanrennu eða áfum með því að þurrka kasein sem fellt er út með sýrum eða ostahleypi.	Hráprótín Raki, ef > 10%
8.4.1	**Kaseinat**	Afurð útdregin úr ystingi eða kaseini með hlutleysandi efnum og þurrkun.	Hráprótín Raki, ef > 10%
8.5.1	**Ostur og ostaafurðir**	Ostur og afurðir úr osti og úr afurðum sem eru að stofni til úr mjólk.	Hráprótín Hráfita
8.6.1	**Broddur/duft úr broddi**	Vökvinn úr mjólkurkirtlum mjólkandi dýra í allt að fimm daga eftir got. Afurðin er e.t.v. þykkt og/eða þurrkuð.	Hráprótín
8.7.1	**Aukaafurðir mjólkurbúa**	Afurð sem fæst þegar mjólkurafurðir eru framleiddar (m.a. en ekki eingöngu: mjólkurafurðir sem eru ekki lengur ætlaðar til neyslu, eðja úr skilvindu eða skiljum, hvítvatn (e. *white water*), steinefni úr mjólk). Ef afurðin er sérstaklega tilreidd sem fóðurefni getur hún innihaldið: — allt að 0,5% af fosfötum, t.d. fjölfosfati (t.d. natríumhexametafosfati), dífosfötum (t.d. tetranatríumpýrófosfati), sem notuð eru til að draga úr seigju og til að stöðga prótín í vinnslu, — allt að 0,3% af sýrum, t.d. lífrænum sýrum: sítrónusýru, maurasýru, própíónsýru; ólífrænum sýrum: brennisteinssýru, saltsýru, fosfórsýru, sem notaðar eru til sýrustigsstillingar á mörgum stigum framleiðsluferlisins, — allt að 0,5% af bösum, t.d. natríumi, kalíumi, kalsíumi, magnesíumhýdroxíði, sem notaðir eru til sýrustigsstillingar á mörgum stigum framleiðsluferlisins, — allt að 2% af flæðisaukandi efnum, t.d. kísildíoxíði, pentanatríumþrífosfati, þríkalsíumfosfati, sem notuð eru til að bæta flæðiseiginleika duftsins, — allt að 0,4% af ýruefni (lesitíni).	Raki Hráprótín Hráfita Heildarsykrur
8.8.1	**Gerjaðar mjólkuafurðir**	Afurðir sem fást með gerjun mjólkur (t.d. jógúrt o.s.frv.).	Hráprótín Hráfita
8.9.1	**Laktósi**	Sykurinn sem skilinn er frá mjólk eða mysu við hreinsun og þurrkun.	Laktósi Raki, ef > 5%
8.10.1	**Mjólk/mjólkurduft** [1]	Eðlileg mjólkurseyting sem fæst við einar eða fleiri mjaltir. Afurðin er e.t.v. þykkt og/eða þurrkuð.	Hráprótín Hráfita Raki, ef > 5%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
8.11.1	**Undanrenna/ undanrennuduft** ([1])	Mjólk með fituinnihald sem hefur verið minnkað með skiljun. Afurðin er e.t.v. þykkt og/eða þurrkuð.	Hráprótín Raki, ef > 5%
8.12.1	**Mjólkurfita**	Afurð sem fæst með því að skilja mjólk.	Hráfita
8.13.1	**Mjólkurprótínduft**	Afurð sem fæst með þurrkun á prótínsamböndum sem dregin eru út úr mjólk með efna- eða eðlisfræðilegri meðhöndlun.	Hráprótín Raki, ef > 8%
8.14.1	**Þykkt og niðurseydd mjólk og afurðir hennar**	Þykkt og niðurseydd mjólk og afurðir sem fást við framleiðslu eða vinnslu á þeim afurðum.	Hráprótín Hráfita Raki, ef > 5%
8.15.1	**Mjólkursíuvökvi/ mjólkursíuvökva-duft** ([1])	Afurð sem fæst með (ör-, nanó- eða míkró-)síun mjólkur (sem hefur farið í gegnum himnuna) og laktósi kann að hafa verið fjarlægður úr að hluta til. Afurðin er e.t.v. himnusíuð og þykkt og/eða þurrkuð.	Hráaska Hráprótín Laktósi Raki, ef > 8%
8.16.1	**Mjólkursíuþykkni/ mjólkursíuþykkni-duft** ([1])	Afurð sem fæst með (ör-, nanó- eða míkró-)síun mjólkur (sem himnan heldur eftir). Afurðin er e.t.v. þykkt og/eða þurrkuð.	Hráprótín Hráaska Laktósi Raki, ef > 8%
8.17.1	**Mysa/mysuduft** ([1])	Afurð sem fæst úr osta-, drafla- eða kaseinframleiðslu eða svipaðri vinnslu. Afurðin er e.t.v. þykkt og/eða þurrkuð. Ef afurðin er sérstaklega tilreidd sem fóðurefni getur hún innihaldið: — allt að 0,5% af fosfötum, t.d. fjölfosfati (t.d. natríumhexametafosfati), dífosfötum (t.d. tetranatríumpýrófosfati), sem notuð eru til að draga úr seigju og til að stöðga prótín í vinnslu, — allt að 0,3% af sýrum, t.d. lífrænum sýrum: sítrónusýru, maurasýru, própíónsýru; ólífrænum sýrum: brennisteinssýru, saltsýru, fosfórsýru, sem notaðar eru til sýrustigsstillingar á mörgum stigum framleiðsluferlisins, — allt að 0,5% af bösum, t.d. natríumi, kalíumi, kalsíumi, magnesíumhýdroxíði, sem notaðir eru til sýrustigsstillingar á mörgum stigum framleiðsluferlisins, — allt að 2% af flæðisaukandi efnum, t.d. kísildíoxíði, pentanatríumþrífosfati, þríkalsíumfosfati, sem notuð eru til að bæta flæðiseiginleika duftsins, — allt að 0,4% af ýruefni (lesitíni).	Hráprótín Laktósi Raki, ef > 8% Hráaska

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
8.18.1	**Laktósaskert mysa/ laktósaskert mysuduft** ([1])	Mysa sem laktósinn hefur að hluta verið fjarlægður úr. Afurðin er e.t.v. þykkt og/eða þurrkuð. Ef afurðin er sérstaklega tilreidd sem fóðurefni getur hún innihaldið: — allt að 0,5% af fosfötum, t.d. fjölfosfati (t.d. natríumhexametafosfati), dífosfötum (t.d. tetranatríumpýrófosfati), sem notuð eru til að draga úr seigju og til að stöðga prótín í vinnslu, — allt að 0,3% af sýrum, t.d. lífrænum sýrum: sítrónusýru, maurasýru, própíónsýru; ólífrænum sýrum: brennisteinssýru, saltsýru, fosfórsýru, sem notaðar eru til sýrustigsstillingar á mörgum stigum framleiðsluferlisins, — allt að 0,5% af bösum, t.d. natríumi, kalíumi, kalsíumi, magnesíumhýdroxíði, sem notaðir eru til sýrustigsstillingar á mörgum stigum framleiðsluferlisins, — allt að 2% af flæðisaukandi efnum, t.d. kísildíoxíði, pentanatríumþrífosfati, þríkalsíumfosfati, sem notuð eru til að bæta flæðiseiginleika duftsins, — allt að 0,4% af ýruefni (lesitíni).	Hráprótín Laktósi Raki, ef > 8% Hráaska
8.19.1	**Mysuprótín/ mysuprótínduft** ([1])	Afurð sem fæst með þurrkun á mysuprótínsamböndum sem dregin eru út úr mysu með efna- eða eðlisfræðilegri meðhöndlun. Afurðin er e.t.v. þykkt og/eða þurrkuð. Ef afurðin er sérstaklega tilreidd sem fóðurefni getur hún innihaldið: — allt að 0,5% af fosfötum, t.d. fjölfosfati (t.d. natríumhexametafosfati), dífosfötum (t.d. tetranatríumpýrófosfati), sem notuð eru til að draga úr seigju og til að stöðga prótín í vinnslu, — allt að 0,3% af sýrum, t.d. lífrænum sýrum: sítrónusýru, maurasýru, própíónsýru; ólífrænum sýrum: brennisteinssýru, saltsýru, fosfórsýru, sem notaðar eru til sýrustigsstillingar á mörgum stigum framleiðsluferlisins, — allt að 0,5% af bösum, t.d. natríumi, kalíumi, kalsíumi, magnesíumhýdroxíði, sem notaðir eru til sýrustigsstillingar á mörgum stigum framleiðsluferlisins, — allt að 2% af flæðisaukandi efnum, t.d. kísildíoxíði, pentanatríumþrífosfati, þríkalsíumfosfati, sem notuð eru til að bæta flæðiseiginleika duftsins, — allt að 0,4% af ýruefni (lesitíni).	Hráprótín Raki, ef > 8%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
8.20.1	**Steinefna- og laktósasneydd mysa/steinefna- og laktósasneytt mysuduft** ([1])	Mysa sem laktósinn og steinefnin hafa að hluta verið fjarlægð úr. Afurðin er e.t.v. þykkt og/eða þurrkuð. Ef afurðin er sérstaklega tilreidd sem fóðurefni getur hún innihaldið: — allt að 0,5% af fosfötum, t.d. fjölfosfati (t.d. natríumhexametafosfati), difosfötum (t.d. tetranatríumpýrófosfati), sem notuð eru til að draga úr seigju og til að stöðga prótín í vinnslu, — allt að 0,3% af sýrum, t.d. lífrænum sýrum: sítrónusýru, maurasýru, própíónsýru; ólífrænum sýrum: brennisteinssýru, saltsýru, fosfórsýru, sem notaðar eru til sýrustigsstillingar á mörgum stigum framleiðsluferlisins, — allt að 0,5% af bösum, t.d. natríumi, kalíumi, kalsíumi, magnesíumhýdroxíði, sem notaðir eru til sýrustigsstillingar á mörgum stigum framleiðsluferlisins, — allt að 2% af flæðisaukandi efnum, t.d. kísildíoxíði, pentanatríumþrífosfati, þríkalsíumfosfati, sem notuð eru til að bæta flæðiseiginleika duftsins, — allt að 0,4% af ýruefni (lesitíni).	Hráprótín Laktósi Hráaska Raki, ef > 8%
8.21.1	**Mysusíuvökvi/ mysusíuvökvaduft** ([1])	Afurð sem fæst með (ör-, nanó- eða míkró-)síun mysu (sem hefur farið í gegnum himnuna) og laktósi kann að hafa verið fjarlægður úr að hluta til. Afurðin er e.t.v. himnusíuð og þykkt og/eða þurrkuð. Ef afurðin er sérstaklega tilreidd sem fóðurefni getur hún innihaldið: — allt að 0,5% af fosfötum, t.d. fjölfosfati (t.d. natríumhexametafosfati), difosfötum (t.d. tetranatríumpýrófosfati), sem notuð eru til að draga úr seigju og til að stöðga prótín í vinnslu, — allt að 0,3% af sýrum, t.d. lífrænum sýrum: sítrónusýru, maurasýru, própíónsýru; ólífrænum sýrum: brennisteinssýru, saltsýru, fosfórsýru, sem notaðar eru til sýrustigsstillingar á mörgum stigum framleiðsluferlisins, — allt að 0,5% af bösum, t.d. natríumi, kalíumi, kalsíumi, magnesíumhýdroxíði, sem notaðir eru til sýrustigsstillingar á mörgum stigum framleiðsluferlisins, — allt að 2% af flæðisaukandi efnum, t.d. kísildíoxíði, pentanatríumþrífosfati, þríkalsíumfosfati, sem notuð eru til að bæta flæðiseiginleika duftsins, — allt að 0,4% af ýruefni (lesitíni).	Hráaska Hráprótín Laktósi Raki, ef > 8%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
8.22.1	**Mysusíuþykkni/ mysusíuvökvaduft** ([1])	Afurð sem fæst með (ör-, nanó- eða míkró-)síun mysu (sem himnan heldur eftir). Afurðin er e.t.v. þykkt og/eða þurrkuð. Ef afurðin er sérstaklega tilreidd sem fóðurefni getur hún innihaldið: — allt að 0,5% af fosfötum, t.d. fjölfosfati (t.d. natríumhexametafosfati), dífosfötum (t.d. tetranatríumpýrófosfati), sem notuð eru til að draga úr seigju og til að stöðga prótín í vinnslu, — allt að 0,3% af sýrum, t.d. lífrænum sýrum: sítrónusýru, maurasýru, própíónsýru; ólífrænum sýrum: brennisteinssýru, saltsýru, fosfórsýru, sem notaðar eru til sýrustigsstillingar á mörgum stigum framleiðsluferlisins, — allt að 0,5% af bösum, t.d. natríumi, kalíumi, kalsíumi, magnesíumhýdroxíði, sem notaðir eru til sýrustigsstillingar á mörgum stigum framleiðsluferlisins, — allt að 2% af flæðisaukandi efnum, t.d. kísildíoxíði, pentanatríumþrífosfati, þríkalsíumfosfati, sem notuð eru til að bæta flæðiseiginleika duftsins, — allt að 0,4% af ýruefni (lesitíni).	Hráprótín Hráaska Laktósi Raki, ef > 8%

([1]) Heitin eru ekki samheiti og liggur munurinn í rakainnihaldi, því skal nota viðkomandi heiti eftir því sem við á.

9. **Afurðir af landdýrum og afurðir unnar úr þeim**

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
9.1.1	**Aukaafurðir úr dýrum** ([1])	Heil landdýr með heitt blóð eða hlutar þeirra, fersk, fryst, elduð, sýrumeðhöndluð eða þurrkuð.	Hráprótín Hráfita Raki, ef > 8%
9.2.1	**Dýrafita** ([2])	Afurð úr fitu úr landdýrum með heitt blóð. Getur innihaldið allt að 0,1% af hexani, ef dregið er út með leysum.	Hráfita Raki, ef > 1%
9.3.1	**Aukaafurðir býræktar**	Hunang, bývax, drottningarhunang, býþéttir, frjókorn, unnin eða óunnin.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi
9.4.1	**Unnið dýraprótín** ([2])	Afurð sem fæst með því að hita, þurrka og mala skrokka, heila eða hluta þeirra, af landdýrum með heitt blóð sem fita kann að hafa verið fjarlægð úr að hluta með efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum Getur innihaldið allt að 0,1% af hexani, ef dregið er út með leysum.	Hráprótín Hráfita Hráaska Raki, ef > 8%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
9.5.1	**Prótín úr gelatínvinnslu** ([2])	Þurrkuð dýraprótín af matvælagæðum úr gelatínvinnslu.	Hráprótín Hráfita Hráaska Raki, ef > 8%
9.6.1	**Vatnsrofið dýraprótín** ([2])	Vatnsrofið prótín sem fæst með hita og/eða þrýstingi, efnafræðilegu eða örverufræðilegu vatnsrofi dýraprótíns eða vatnsrofi dýraprótíns með ensími.	Hráprótín Raki, ef > 8%
9.7.1	**Blóðmjöl** ([2])	Afurð fengin með hitameðhöndlun á blóði úr sláturdýrum með heitt blóð.	Hráprótín Raki, ef > 8%
9.8.1	**Blóðafurðir** ([1])	Afurðir úr blóði eða hlutar úr blóði sláturdýra með heitt blóð; til þeirra teljast þurrkaður/frystur/fljótandi blóðvökvi, þurrkað heilblóð, þurrkuð/fryst/fljótandi rauðkorn eða hlutar og blöndur úr þeim.	Hráprótín Raki, ef > 8%
9.9.1	**Endurnýting eldhúss- og matarúrgangs**	Allur matarúrgangur, sem inniheldur efni úr dýraríkinu, þ.m.t. notuð olía til matargerðar, frá veitingahúsum, annarri matsöluaðstöðu og eldhúsum, þ.m.t. stóreldhús og eldhús á heimilum.	Hráprótín Hráfita Hráaska Raki, ef > 8%
9.10.1	**Kollagen** ([2])	Afurð, að stofni til úr prótíni, sem er unnin úr beinum, húð, skinni og sinum dýra.	Hráprótín Raki, ef > 8%
9.11.1	**Fiðurmjöl**	Afurð sem fæst með þurrkun og mölun fjaðra af aflífuðum dýrum, afurðin getur verið vatnsrofin.	Hráprótín Raki, ef > 8%
9.12.1	**Gelatín** ([2])	Náttúrulegt, leysanlegt prótín, einnig prótín sem hleypur, sem er framleitt með vatnsrofi að hluta á kollageni sem er framleitt úr beinum, húð og skinni og sinum dýra.	Hráprótín Raki, ef > 8%
9.13.1	**Hamsar** ([2])	Afurð sem fæst við framleiðslu á tólg, svínafeiti eða annarri dýrafeiti þegar fitan hefur verið unnin úr dýravefjum með efna- eða eðlisfræðilegum aðferðum, fersk, fryst eða þurrkuð. Getur innihaldið allt að 0,1% af hexani, ef dregið út með leysum.	Hráprótín Hráfita Hráaska Raki, ef > 8%
9.14.1	**Afurðir úr dýraríkinu** ([1])	Matvæli sem eru ekki lengur ætluð til neyslu sem innihalda dýraafurðir, meðhöndluð eða ekki, s.s. fersk, fryst eða þurrkuð.	Hráprótín Hráfita Raki, ef > 8%
9.15.1	**Egg**	Heil egg af *Gallus gallus* L., með eða án skurnar.	

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
9.15.2	**Eggjahvíta**	Afurð sem fæst úr eggjum eftir að skurn og rauða hafa verið skilin frá, gerilsneydd og hugsanlega eðlissvipt.	Hráprótín Aðferð við eðlissviptingu, ef við á
9.15.3	**Eggjaafurðir, þurrkaðar**	Afurð úr gerilsneyddum, þurrkuðum eggjum, án skurnar eða blanda í mismunandi hlutföllum úr þurrkaðri eggjahvítu og þurrkuðum eggjarauðum.	Hráprótín Hráfita Raki, ef > 5%
9.15.4	**Eggjaduft, sykrað**	Heil, sykruð egg eða hlutar þeirra.	Hráprótín Hráfita Raki, ef > 5%
9.15.5	**Eggjaskurn, þurrkuð**	Afurð sem fæst úr eggjum alifugla eftir að innihaldið (rauða og eggjahvíta) hefur verið fjarlægt. Skurnin er þurrkuð.	Hráaska
9.16.1	**Landhrygg-leysingjar** ([1])	Heilir landhryggleysingjar eða hlutar þeirra, á öllum stigum lífsferilsins, nema tegundir sem valda sjúkdómum í mönnum og dýrum; meðhöndlaðir eða ekki, s.s. ferskar, frystar eða þurrkaðar afurðir.	
9.17.1	**Kondróitínsúlfat**	Afurð sem fæst með útdrætti sina, beina og annarra dýravefja sem innihalda brjósk og mjúkan bandvef.	Natríum

([1]) Ef skráin er notuð við merkingar, með fyrirvara um lögboðnar kröfur varðandi viðskiptaskjöl og heilbrigðisvottorð fyrir aukaafurðir úr dýrum, eins og mælt er fyrir um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 (III. kafla VIII. viðauka) (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1), skal í stað heitisins koma, eins og við á,
- — dýrategundin og
- — hluti dýraafurðarinnar, t.d. lifur, kjöt (aðeins ef um er að ræða beinagrindarvöðva), og/eða
- — heiti dýrategundarinnar sem ekki er notuð að því er varðar bannið við endurvinnslu þegar um er að ræða eina og sömu dýrategundina (t.d. án alifugla), eða
- — bæta við, eins og við á,
- — dýrategund og/eða
- — hluta dýraafurðarinnar, t.d. lifur, kjöt (aðeins ef um er að ræða beinagrindarvöðva), og/eða
- — heiti dýrategundarinnar sem ekki er notuð að því er varðar bannið við endurvinnslu þegar um er að ræða eina og sömu dýrategundina.

([2]) Ef skráin er notuð við merkingar, með fyrirvara um lögboðnar kröfur varðandi viðskiptaskjöl og heilbrigðisvottorð fyrir aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir, eins og mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 142/2011 (III. kafla VIII. viðauka), skal bæta við heitið, eins og við á,
- — dýrategundinni sem unnin er (t.d. svín, jórturdýr, fuglar), og/eða
- — efninu sem unnið er (t.d. bein) og/eða
- — vinnslunni sem notuð er (t.d. fitusneytt, hreinsað) og/eða
- — heiti dýrategundarinnar sem ekki er notuð að því er varðar bannið við endurvinnslu þegar um er að ræða eina og sömu dýrategundina (t.d. án alifugla).

10. **Fiskur, önnur lagardýr og afurðir unnar úr þeim**

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
10.1.1	**Vatnahrygg-leysingjar** ([1])	Heilir hryggleysingjar í sjó eða ferskvatni eða hlutar þeirra, á öllum stigum lífsferilsins, nema tegundir sem valda sjúkdómum í mönnum og dýrum; meðhöndlaðir eða ekki, s.s. ferskar, frystar eða þurrkaðar afurðir.	
10.2.1	**Aukaafurðir úr lagardýrum** ([1])	Frá fyrirtækjum eða stöðvum sem tilreiða eða framleiða afurðir til manneldis; meðhöndlaðar eða ekki, s.s. ferskar, frystar, þurrkaðar.	Hráprótín Hráfita Hráaska
10.3.1	**Mjöl úr krabbadýrum**	Afurð sem fæst með hitun, pressun og þurrkun á heilum krabbadýrum eða hlutum þeirra, þ.m.t. villtar og aldar rækjur.	Hráprótín Hráfita Hráaska, ef > 20% Raki, ef > 8%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
10.4.1	**Fiskur** (2)	Heill fiskur eða hlutar hans: ferskur, frystur, eldaður, sýrumeðhöndlaður eða þurrkaður.	Hráprótín Raki, ef > 8%
10.4.2	**Fiskmjöl** (2)	Afurð sem fæst með því að hita, pressa og þurrka fisk, heilan eða hluta hans, sem fisksoði kann að hafa verið bætt við aftur fyrir þurrkun.	Hráprótín Hráfita Hráaska, ef > 20% Raki, ef > 8%
10.4.3	**Fisksoð**	Niðurseydd afurð sem fæst við framleiðslu fiskimjöls og hefur verið aðskilin og stöðguð með sýringu eða þurrkun.	Hráprótín Hráfita Raki, ef > 5%
10.4.4	**Fiskiprótín, vatnsrofin**	Afurð sem fæst með sýruvatnsrofi fisks, í heild eða að hluta, oftast þykkt með þurrkun.	Hráprótín Hráfita Hráaska, ef > 20% Raki, ef > 8%
10.4.5	**Fiskbeinamjöl**	Afurð sem fæst með því að hita, pressa og þurrka hluta af fiski. Aðaluppistaða afurðarinnar er fiskbein.	Hráaska
10.4.6	**Fisklýsi**	Olía sem fæst úr fiski eða fiskhlutum þar sem skiljun er notuð til að fjarlægja vatn (henni geta fylgt upplýsingar um viðkomandi dýrategund, t.d. þorskalýsi).	Hráfita Raki, ef > 1%
10.4.7	**Fisklýsi, hert**	Olía sem fæst með herðingu fisklýsis	Raki, ef > 1%
10.5.1	**Ljósátulýsi**	Olía sem fæst úr eldaðri og pressaðri ljósátu í sjávarsvifi þar sem skiljun er notuð til að fjarlægja vatn.	Raki, ef > 1%
10.5.2	**Ljósátuprótínþykkni, vatnsrofið**	Afurð sem fæst með ensímhvötuðu vatnsrofi ljósátu, í heild eða að hluta, oftast þykkt með þurrkun.	Hráprótín Hráfita Hráaska, ef > 20% Raki, ef > 8%
10.6.1	**Mjöl úr sjávarliðormum**	Afurð sem fæst með hitun og þurrkun heilla sjávarliðorma eða hluta þeirra, þ.m.t. græni skeri (Nereis virens M. Sars).	Fita Aska, ef > 20% Raki, ef > 8%
10.7.1	**Mjöl úr sjávardýrasvifi**	Afurð sem fæst með hitun, pressun og þurrkun sjávardýrasvifs, t.d. ljósátu.	Hráprótín Hráfita Hráaska, ef > 20% Raki, ef > 8%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
10.7.2	**Lýsi úr sjávardýrasvifi**	Olía sem fæst úr elduðu og pressuðu sjávardýrasvifi þar sem skiljun er notuð til að fjarlægja vatn.	Raki, ef > 1%
10.8.1	**Lindýramjöl**	Afurð sem fæst með hitun og þurrkun heilla lindýra eða hluta þeirra, þ.m.t. smokkfiskar og samlokur.	Hráprótín Hráfita Hráaska, ef > 20% Raki, ef > 8%
10.9.1	**Mjöl úr smokkfiskum**	Afurð sem fæst með hitun, pressun og þurrkun á heilum smokkfiskum eða hlutum þeirra.	Hráprótín Hráfita Hráaska, ef > 20% Raki, ef > 8%

([1]) Bæta skal heiti viðkomandi tegundar við heitið.
([2]) Bæta skal heiti viðkomandi tegundar við heitið þegar um er að ræða eldisfisk.

11. **Steinefni og afurðir þeirra**

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
11.1.1	**Kalsíumkarbónat** ([1]) **[Kalksteinn]**	Afurð sem fæst með mölun kalsíumkarbónatgjafa ($CaCO_3$), t.d. kalksteins, eða með útfellingu úr sýrulausn. Getur innihaldið allt að 0,25% af própýlenglýkóli. Getur innihaldið allt að 0,1% af hjálparefni til mölunar.	Kalsíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 5%
11.1.2	**Kalkríkar sjávarskeljar**	Náttúruleg afurð unnin úr sjávarskeljum, möluð eða kornuð, t.d. ostruskeljum eða skeljum annarra sjávardýra.	Kalsíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 5%
11.1.3	**Kalsíum- og magnesíumkarbónat**	Náttúruleg blanda af kalsíumkarbónati ($CaCO_3$) og magnesíumkarbónati ($MgCO_3$). Getur innihaldið allt að 0,1% af hjálparefni til mölunar.	Kalsíum, magnesíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 5%
11.1.4	**Mergill**	Náttúruleg afurð unnin úr kalkríkum sjávarþörungum, möluð eða kornuð.	Kalsíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 5%
11.1.5	**Kalkþörungar (e. *Lithothamn*)**	Náttúruleg afurð unnin úr kalkríkum sjávarþörungum (*Phymatolithon calcareum* (Pall.)), möluð eða kornuð.	Kalsíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 5%
11.1.6	**Kalsíumklóríð**	Kalsíumklóríð ($CaCl_2$). Getur innihaldið allt að 0,2% af baríumsúlfati.	Kalsíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 5%
11.1.7	**Kalsíumhýdroxíð**	Kalsíumhýdroxíð ($Ca(OH)_2$). Getur innihaldið allt að 0,1% af hjálparefni til mölunar.	Kalsíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 5%
11.1.8	**Kalsíumsúlfat, vatnsfrítt**	Vatnsfrítt kalsíumsúlfat ($CaSO_4$) sem fæst með mölun vatnsfrís kalsíumsúlfats eða þurrkun kalsíumsúlfatdíhýdrats.	Kalsíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 5%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
11.1.9	**Kalsíumsúlfat, hemihýdrat**	Kalsíumsúlfathemihýdrat ($CaSO_4 \times ½ H_2O$) sem fæst með því að þurrka kalsíumsúlfatdíhýdrat að hluta til.	Kalsíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 5%
11.1.10	**Kalsíumsúlfatdíhýdrat**	Kalsíumsúlfatdíhýdrat ($CaSO_4 \times 2H_2O$) sem fæst með mölun kalsíumsúlfatdíhýdrats eða vötnun kalsíumsúlfathemihýdrats.	Kalsíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 5%
11.1.11	**Kalsíumsölt af lífrænum sýrum** ([2])	Kalsíumsölt af lífrænum sýrum, sem má neyta, með a.m.k. fjórum kolefnisatómum.	Kalsíum, lífræn sýra
11.1.12	**Kalsíumoxíð**	Kalsíumoxíð (CaO) sem fæst með glæðingu náttúrulegs kalksteins. Getur innihaldið allt að 0,1% af hjálparefni til mölunar.	Kalsíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 5%
11.1.13	**Kalsíumglúkónat**	Kalsíumsalt af glúkonsýru, yfirleitt gefin upp sem $Ca(C_6H_{11}O_7)_2$ og vötnuð form þess.	Kalsíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 5%
11.1.15	**Kalsíumsúlfat/ karbónat**	Afurð sem fæst við framleiðslu á natríumkarbónati.	Kalsíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 5%
11.1.16	**Kalsíumpídólat**	L-kalsíumpídólat ($C_5H_6CaNO_3$). Getur innihaldið allt að 1,5% af glútamínsýru og skyldum efnum.	Kalsíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 5%
11.1.17	**Kalsíumkarbónat-magnesíumoxíð**	Afurð sem fæst með því að hita náttúrulegt kalsíum og magnesíum sem inniheldur efni á borð við dólómít. Getur innihaldið allt að 0,1% af hjálparefni til mölunar.	Kalsíum, magnesíum
11.2.1	**Magnesíumoxíð**	Glætt magnesíumoxíð (MgO), að lágmarki 70% MgO.	Magnesíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 15%
11.2.2	**Magnesíumsúlfat, heptahýdrat**	Magnesíumsúlfat ($MgSO_4 \times 7 H_2O$).	Magnesíum, brennisteinn, aska óleysanleg í HCl, ef > 15%
11.2.3	**Magnesíumsúlfat, mónóhýdrat**	Magnesíumsúlfat ($MgSO_4 \times H_2O$).	Magnesíum, brennisteinn, aska óleysanleg í HCl, ef > 15%
11.2.4	**Magnesíumsúlfat, vatnsfrítt**	Vatnsfrítt magnesíumsúlfat ($MgSO_4$).	Magnesíum, brennisteinn, aska óleysanleg í HCl, ef > 10%
11.2.5	**Magnesíumprópíónat**	Magnesíumprópíónat ($C_6H_{10}MgO_4$).	Magnesíum
11.2.6	**Magnesíumklóríð**	Magnesíumklóríð ($MgCl_2$) eða lausn sem fæst með náttúrulegri þykkingu sjávarvatns eftir útfellingu natríumklóríðs.	Magnesíum, klór, aska óleysanleg í HCl, ef > 10%
11.2.7	**Magnesíumkarbónat**	Náttúrulegt magnesíumkarbónat ($MgCO_3$).	Magnesíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 10%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
11.2.8	**Magnesíumhýdroxíð**	Magnesíumhýdroxíð ($Mg(OH)_2$).	Magnesíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 10%
11.2.9	**Magnesíumkalíum-súlfat**	Magnesíumkalíumsúlfat.	Magnesíum, kalíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 10%
11.2.10	**Magnesíumsölt af lífrænum sýrum** ([2])	Magnesíumsölt af lífrænum sýrum, sem má neyta, með a.m.k. fjórum kolefnisatómum.	Magnesíum, lífræn sýra
11.3.1	**Tvíkalsíumfosfat** ([3]) **[kalsíumvetnisortó-fosfat]**	Kalsíumeinvetnisfosfat sem fæst úr beinum eða er af ólífrænum uppruna ($CaHPO_4 \times H_2O$) Ca/P > 1,2 Getur innihaldið allt að 3% af klóríði, gefið upp sem NaCl.	Kalsíum, heildarinnihald fosfórs sem er óleysanlegt í 2% sítrónusýru, ef > 10%, aska óleysanleg í HCl ef > 5%
11.3.2	**Mónódíkalsíumfosfat**	Afurð sem fæst á efnafræðilegan hátt og er úr díkalsíumfosfati og mónókalsíumfosfati ($CaHPO_4 \cdot Ca(H_2PO_4)_2 \times H_2O$) 0,8 < Ca/P < 1,3	Heildarinnihald fosfórs, kalsíum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.3	**Mónókalsíumfosfat [kalsíumtetravetnistvíortófosfat]**	Kalsíum-*bis* (tvívetnisfosfat) ($Ca(H_2PO_4)_2 \times H_2O$) Ca/P < 0,9	Heildarinnihald fosfórs, kalsíum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.4	**Tríkalsíumfosfat [tríkalsíumortófosfat]**	Tríkalsíumfosfat sem fæst úr beinum eða er af ólífrænum uppruna $Ca_3(PO_4)_2 \times H_2O$) Ca/P > 1,3	Kalsíum, heildarinnihald fosfórs, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.5	**Kalsíummagnesíum-fosfat**	Kalsíummagnesíumfosfat.	Kalsíum, magnesíum, heildarinnihald fosfórs, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.6	**Afflúorað fosfat**	Náttúrulegt fosfat, glætt og hitameðhöndlað meira en telst nauðsynlegt til að fjarlægja óhreinindi.	Heildarinnihald fosfórs, kalsíum, natríum, fosfór sem er óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%, aska óleysanleg í HCl ef > 5%
11.3.7	**Tvíkalsíumpýrófosfat [tvíkalsíumdífosfat]**	Tvíkalsíumpýrófosfat.	Heildarinnihald fosfórs, kalsíum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.8	**Magnesíumfosfat**	Afurð úr einbasísku og/eða tvíbasísku og/eða tríbasísku magnesíumfosfati.	Heildarinnihald fosfórs, magnesíum, fosfór sem er óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%, aska óleysanleg í HCl ef > 10%
11.3.9	**Natríumkalsíum-magnesíumfosfat**	Afurð úr natríumkalsíummagnesíumfosfati.	Heildarinnihald fosfórs, magnesíum, kalsíum, natríum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
11.3.10	**Mónónatríumfosfat [natríumtvívetnis-ortófosfat]**	Mónónatríumfosfat ($NaH_2PO_4 \times H_2O$)	Heildarinnihald fosfórs, natríum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.11	**Dínatríumfosfat [tvínatríumvetnis-ortófosfat]**	Dínatríumfosfat ($Na_2HPO_4 \times H_2O$)	Heildarinnihald fosfórs, natríum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.12	**Trínatríumfosfat [trínatríumortófosfat]**	Trínatríumfosfat (Na_3PO_4)	Heildarinnihald fosfórs, natríum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.13	**Natríumpýrófosfat [tetranatríumdífosfat]**	Natríumpýrófosfat ($Na_4P_2O_7$)	Heildarinnihald fosfórs, natríum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.14	**Mónókalíumfosfat [kalíumtvívetnis-ortófosfat]**	Mónókalíumfosfat ($KH_2PO_4 \times H_2O$)	Heildarinnihald fosfórs, kalíum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.15	**Díkalíumfosfat [díkalíumvetnis-ortófosfat]**	Díkalíumfosfat ($K_2HPO_4 \times H_2O$)	Heildarinnihald fosfórs, kalíum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.16	**Kalsíumnatríumfosfat**	Kalsíumnatríumfosfat ($CaNaPO_4$)	Heildarinnihald fosfórs, kalsíum, natríum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.17	**Mónóammóníumfosfat [ammóníumtvívetnis-ortófosfat]**	Mónóammóníumfosfat ($NH_4H_2PO_4$)	Heildarinnihald köfnunarefnis, heildarinnihald fosfórs, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.18	**Díammóníumfosfat [díammóníumvetnis-ortófosfat]**	Díammóníumfosfat ($(NH_4)_2HPO_4$)	Heildarinnihald köfnunarefnis, heildarinnihald fosfórs, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.19	**Natríumtrífjölfosfat [pentanatríum-trífosfat]**	Natríumtrífjölfosfat ($Na_5P_3O_9$)	Heildarinnihald fosfórs, natríum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.20	**Natríummag-nesíumfosfat**	Natríummagnesíumfosfat ($MgNaPO_4$)	Heildarinnihald fosfórs, magnesíum, natríum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.21	**Magnesíumhýpófosfít**	Magnesíumhýpófosfít ($Mg(H_2PO_2)_2 \times 6H_2O$)	Magnesíum Heildarfosfór Fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
11.3.22	**Gelatínsneytt beinamjöl**	Gelatínsneydd, dauðhreinsuð og möluð bein sem fita hefur verið fjarlægð úr.	Heildarinnihald fosfórs, kalsíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 10%
11.3.23	**Beinaaska**	Steinefnaleifar úr brennslu, bruna eða gösun aukaafurða úr dýrum.	Heildarinnihald fosfórs, kalsíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 10%
11.3.24	**Kalsíumfjölfosfat**	Misleitar blöndur kalsíumsalta af þéttum fjölfosfórsýrum með almennu formúlunni H(n + 2)PnO(3n + 1) þar sem „n“ er ekki minna en 2	Heildarinnihald fosfórs, kalsíum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.25	**Kalsíumtvívetnis-difosfat**	Mónókalsíumtvívetnispýrófosfat ($CaH_2P_2O_7$)	Heildarinnihald fosfórs, kalsíum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.26	**Magnesíumsýru-pýrófosfat**	Magnesíumsýrupýrófosfat ($MgH_2P_2O_7$) Framleitt úr hreinsaðri fosfórsýru og hreinsuðu magnesíumhýdroxíði eða magnesíumoxíði með uppgufun vatns og þéttingu ortófosfats í difosfat.	Heildarinnihald fosfórs, magnesíum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.27	**Dínatríumtvívetnis-difosfat**	Dínatríumtvívetnisdífosfat ($Na_2H_2P_7O_7$)	Heildarinnihald fosfórs, kalsíum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.28	**Trínatríumdífosfat**	Trínatríummónóhýdrógendífosfat (vatnsfrítt: $Na_3HP_2O_7$, mónóhýdrat: $Na_3HP^2O_7\times H_2O$)	Heildarinnihald fosfórs, natríum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.29	**Natríumfjölfosfat [natríumhexameta-fosfat]**	Misleitar blöndur natríumsalta af línulegum, þéttum (e. *linear condensed*) fjölfosfórsýrum með almennu formúlunni H(n + 2)PnO(3n + 1) þar sem „n“ er ekki minna en 2.	Heildarinnihald fosfórs, natríum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.30	**Tríkalíumfosfat**	Tríkalíummónófosfat (vatnsfrítt: K_3PO_4, vatnað: $K_3PO_4 \times n\ H_2O$ (n = 1 eða 3))	Heildarinnihald fosfórs, kalíum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.31	**Tetrakalíumdífosfat**	Tetrakalíumpýrófosfat ($K_4P_2O_7$)	Heildarinnihald fosfórs, kalíum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.32	**Pentakalíumtrífosfat**	Pentakalíumtrífjölfosfat ($K_5P_3O_{10}$)	Heildarinnihald fosfórs, kalíum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.33	**Kalíumfjölfosfat**	Misleitar blöndur kalíumsalta af línulegum, þéttum (e. *linear condensed*) fjölfosfórsýrum með almennu formúlunni H(n + 2)PnO(3n + 1) þar sem „n“ er ekki minna en 2.	Heildarinnihald fosfórs, kalíum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.3.34	**Kalsíumnatríum-fjölfosfat**	Kalsíumnatríumfjölfosfat.	Heildarinnihald fosfórs, natríum, kalsíum, fosfór óleysanlegur í 2% sítrónusýru, ef > 10%
11.4.1	**Natríumklóríð** ([1])	Natríumklóríð (NaCl) eða afurð sem fæst með uppgufun og kristöllun úr saltlegi (salt unnið við undirþrýsting, svonefnt „vakúmsalt“), uppgufun sjávar (sjávarsalt) eða mölun steinsalts.	Natríum, aska óleysanleg í HCl, ef > 10%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
11.4.2	**Natríumbíkarbónat [natríumvetnis-karbónat]**	Natríumbíkarbónat ($NaHCO_3$)	Natríum, aska óleysanleg í HCl, ef > 10%
11.4.3	**Natríum/ ammóníum(bí) karbónat [natríum/ ammóníum(vetnis) karbónat]**	Afurð sem fæst við framleiðslu á natríumkarbónati og natríumbíkarbónati með snefil af ammóníumbíkarbónati (ammóníumbíkarbónat að hámarki 5%)	Natríum, aska óleysanleg í HCl, ef > 10%
11.4.4	**Natríumkarbónat**	Natríumkarbónat (Na_2CO_3)	Natríum, aska óleysanleg í HCl, ef > 10%
11.4.5	**Natríumseskví-karbónat [trínatríumvetnis-díkarbónat]**	Natríumseskvíkarbónat ($Na_3H(CO_3)_2$)	Natríum, aska óleysanleg í HCl, ef > 10%
11.4.6	**Natríumsúlfat**	Natríumsúlfat (Na_2SO_4) Getur innihaldið allt að 0,3% af meþíóníni.	Natríum, aska óleysanleg í HCl, ef > 10%
11.4.7	**Natríumsölt af lífrænum sýrum** (2)	Natríumsölt af lífrænum sýrum, sem má neyta, með a.m.k. fjórum kolefnisatómum	Natríum, lífræn sýra
11.5.1	**Kalíumklóríð**	Kalíumklóríð (KCl) eða afurð sem fæst með mölun náttúrulegra kalíumklóríðgjafa	Kalíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 10%
11.5.2	**Kalíumsúlfat**	Kalíumsúlfat (K_2SO_4)	Kalíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 10%
11.5.3	**Kalíumkarbónat**	Kalíumkarbónat (K_2CO_3)	Kalíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 10%
11.5.4	**Kalíumbíkarbónat [kalíumhýdrógen-karbónat]**	Kalíumbíkarbónat ($KHCO_3$)	Kalíum, aska óleysanleg í HCl, ef > 10%
11.5.5	**Kalíumsölt af lífrænum sýrum** (2)	Kalíumsölt af lífrænum sýrum, sem má neyta, með a.m.k. fjórum kolefnisatómum.	Kalíum, lífræn sýra
11.6.1	**Brennisteinsblóm**	Duft sem fæst úr náttúrulegum setlögum efnisins. Einnig afurð sem fæst úr þeirri olíuhreinsun sem fer fram hjá framleiðendum brennisteins.	Brennisteinn
11.7.1	**Attapúlgít**	Náttúruleg steind sem inniheldur magnesíum, ál og kísil.	Magnesíum
11.7.2	**Kvars**	Náttúruleg steinefni sem fást með mölun kvarsgjafa. Getur innihaldið allt að 0,1% af hjálparefni til mölunar.	
11.7.3	**Kristóbalít**	Kísildíoxíð (SiO_2) sem fæst við endurkristöllun kvars. Getur innihaldið allt að 0,1% af hjálparefni til mölunar.	

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
11.8.1	**Ammóníumsúlfat**	Ammóníumsúlfat ($(NH_4)_2SO_4$) sem fæst með efnasmíði.	Köfnunarefni, gefið upp sem hráprótín, brennisteinn
11.8.2	**Ammóníumsúlfatlausn**	Ammóníumsúlfat í vatnslausn, inniheldur a.m.k. 35% af ammóníumsúlfati.	Köfnunarefni, gefið upp sem hráprótín.
11.8.3	**Ammóníumsölt af lífrænum sýrum** (2)	Ammóníumsölt af lífrænum sýrum, sem má neyta, með a.m.k. fjórum kolefnisatómum.	Köfnunarefni, gefið upp sem hráprótín, lífræn sýra
11.8.4	**Ammóníumlaktat**	Ammóníumlaktat ($CH_3CHOHCOONH_4$). Inniheldur ammóníumlaktat, framleitt með gerjun með *Lactobacillus delbrueckii* ssp. *bulgaricus*, *Lactococcus lactis* ssp., *Leuconostoc mesenteroides*, *Streptococcus thermophilus*, *Lactobacillus* spp. eða *Bifidobacterium* spp., sem inniheldur a.m.k. 44% köfnunarefni, gefið upp sem hráprótín. Getur innihaldið allt að 0,8% af fosfór, 0,9% af kalíumi, 0,7% af magnesíumi, 0,3% af natríumi, 0,3% af súlfati, 0,1% af klóríði, 5% af sykri og 0,1% af froðuhamlandi sílikoni.	Köfnunarefni, gefið upp sem hráprótín, hráaska
11.8.5	**Ammóníumasetat**	Ammóníumasetat (CH_3COONH_4) í vatnslausn, inniheldur a.m.k. 55% ammóníumasetat.	Köfnunarefni, gefið upp sem hráprótín.

(1) Í stað heitisins eða til viðbótar því má tilgreina uppruna.
(2) Bæta skal við heitið eða því breytt til að tilgreina lífrænu sýruna.
(3) Hægt er að tilgreina framleiðsluaðferðina sem hluta af heitinu.

12. **Gerjun (auka)afurða úr örverum**

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
12.1	**Afurðir sem fást úr lífmassa sérstakra örvera sem ræktaðar eru á tilteknu æti**	Getur innihaldið allt að 0,3% af froðueyði. Getur innihaldið allt að 1,5% af síunar-/fellingarefni. Getur innihaldið allt að 2,9% af própíónsýru.	Própíónsýra ef > 0,5%
12.1.1	**Prótín úr *Methylophilus methylotrophus***	Prótínafurð úr gerjun sem fæst við ræktun *Methylophilus methylotrophus* (NCIMB-stofn 10,515)(1)á metanóli, innihald hráprótíns er að lágmarki 68% og endurvarpsstuðullinn að lágmarki 50.	Hráprótín Hráaska Hráfita
12.1.2	**Prótín úr *Methylococcus capsulatus (Bath), Alcaligenes acidovorans, Bacillus brevis* og *Bacillus firmus***	Prótínrík afurð sem fæst með gerjun náttúrulegs gass (u.þ.b. 91% metan, 5% etan, 2% própan, 0,5% ísóbútan, 0,5% n-bútan), ammoníaki og ólífrænum söltum, með *Methylococcus capsulatus* (Bath) (NCIMB stofn 11132), *Alcaligenes acidovorans* (NCIMB stofn 12387) (1), *Bacillus brevis* (NCIMB stofn 13288) og *Bacillus firmus* (NCIMB stofn 13280), innihald hráprótíns er minnst 68%.	Hráprótín Hráaska Hráfita

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
12.1.3	**Bakteríuprótín úr kólígerli (*Escherichia coli*)**	Prótínafurð, aukaafurð úr framleiðslu á amínósýrum með ræktun *Escherichia coli* K12([1]) á æti úr jurtaríkinu eða af efnafræðilegum toga, ammoníaki eða ólífrænum söltum; afurðin getur verið vatnsrofin.	Hráprótín
12.1.4	**Bakteríuprótín úr *Corynebacterium glutamicum***	Prótínafurð, aukaafurð úr framleiðslu á amínósýrum með ræktun *Corynebacterium glutamicum*[(1)]á æti úr jurtaríkinu eða af efnafræðilegum toga, ammoníaki eða ólífrænum söltum; afurðin getur verið vatnsrofin.	Hráprótín
12.1.5	**Ger og hlutar þess [ölger] [gerafurð]**	Allt ger og hlutar þess sem fást úr *Saccharomyces cerevisiae*, *Saccharomyces carlsbergensis*, *Kluyveromyces lactis*, *Kluyveromyces fragilis*, *Torulaspora delbrueckii*, *Candida utilis/Pichia jadinii*, *Saccharomyces uvarum*, *Saccharomyces ludwigii* eða *Brettanomyces* ssp.[(1) (2)] á æti sem er aðallega úr jurtaríkinu, t.d. melassa, sykursírópi, alkóhóli, eimingarleifum, korni og afurðum sem innihalda sterkju, aldinsafa, mysu, mjólkursýru, sykri, vatnsrofnum plöntutrefjum og næringarefnum gerjunar, s.s. ammoníaki eða ólífrænum söltum.	Raki, ef < 75% eða > 97% Ef raki < 75%: Hráprótín
12.1.6	**Vot mygluafurð úr framleiðslu á penisillíni**	Mygli (e. *mycelium*) (köfnunarefnisrík efnasambönd), vot aukaafurð sem fellur til við framleiðslu á penisillíni með *Penicillium chrysogenum* (ATCC 48271)[(1)]á mismunandi gjöfum kolvetna og vatnsrofsefna þeirra, hitameðhöndluð og votverkuð með *Lactobacillus brevis, L. plantarum, L. sake, L. collinoides* og *Streptococcus lactis* til að gera penisillínið óvirkt; köfnunarefni, gefið upp sem hráprótín, er að lágmarki 7%.	Köfnunarefni, gefið upp sem hráprótín. Hráaska
12.1.7	**Ger úr vinnslu á lífdísilolíu**	Allt ger og hlutar þess sem fást úr *Yarrowia lipolytica*[(1) (2)], sem er ræktaður, á jurtaolíu, og þættir frá afkvoðun og glýseróláttir sem myndast við framleiðslu á lífeldsneyti.	Raki, ef < 75% eða > 97% Ef raki < 75%: Hráprótín
12.2	**Aðrar gerjaðar aukaafurðir**	Getur innihaldið allt að 0,6% af froðueyði. Getur innihaldið allt að 0,5% af hrúðurvarnarefni. Getur innihaldið allt að 0,2% af súlfíti.	
12.2.1	**Eimingardreggjar [niðurseydd, vatnsleysanleg melassaleif]**	Aukaafurð fengin úr iðnaðarvinnslu musts/maltvökva í gerjunarferlum, s.s. framleiðslu á alkóhóli, lífrænum sýrum og geri. Afurðin er úr fljótandi/maukkenndum efnisþáttum sem fást við skiljun gerjunarmustsins/-maltvökvans. Í henni geta einnig verið dauðar frumur og/eða hlutar þeirra úr örverunum sem notaðar eru við gerjunina. Ætið er aðallega úr jurtaríkinu, t.d. melassi, sykursíróp, alkóhól, eimingarleifar, korn og afurðir sem innihalda sterkju, aldinsafi, mysa, mjólkursýra, sykur, vatnsrofnar plöntutrefjar og gerjunarnæringarefni, s.s. ammoníak eða ólífræn sölt.	Hráprótín Æti og upplýsingar um framleiðsluferli eftir því sem við á

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
12.2.2	**Aukaafurðir úr framleiðslu á L-glútamínsýru**	Aukaafurðir sem falla til við framleiðslu á L-glútamínsýru með gerjun með *Corynebacterium melassecola*[1]á æti úr súkrósa, melassa, sterkjuafurðum og vatnsrofsefnum þeirra, ammóníumsöltum og öðrum köfnunarefnisríkum efnasamböndum.	Hráprótín
12.2.3	**Aukaafurðir úr framleiðslu á L-lýsínmónóhýdróklóríði með *Brevibacterium lactofermentum***	Aukaafurðir sem falla til við framleiðslu á L-lýsínmónóhýdróklóríði með gerjun með *Brevibacterium lactofermentum*[1] á æti úr súkrósa, melassa, sterkjuafurðum og vatnsrofsefnum þeirra, ammóníumsöltum og öðrum köfnunarefnisríkum efnasamböndum.	Hráprótín
12.2.4	**Aukaafurðir úr framleiðslu á amínósýrum með *Corynebacterium glutamicum***	Aukaafurðir úr framleiðslu á amínósýrum með gerjun með *Corynebacterium glutamicum*[1]á æti úr jurtaríkinu eða af efnafræðilegum toga, ammoníaki eða ólífrænum söltum.	Hráprótín Hráaska
12.2.5	**Aukaafurðir úr framleiðslu á amínósýrum með *Escherichia coli* K12**	Aukaafurðir úr framleiðslu á amínósýrum við gerjun með *Escherichia coli* K12[1], á æti úr jurtaríkinu eða af efnafræðilegum toga, ammoníaki eða ólífrænum söltum.	Hráprótín Hráaska
12.2.6	**Aukaafurð sem fellur til við ensímframleiðslu með *Aspergillus niger***	Aukaafurð sem fellur til við gerjun hveitis og malts með *Aspergillus niger*[1]til ensímframleiðslu.	Hráprótín

([1]) Frumur örverunnar hafa verið gerðar óvirkar eða deyddar.
([2]) Heiti gerstofnanna geta verið verið önnur en þau í vísindalegu flokkunarfræðinni og því skal einnig nota samheiti gerstofnanna sem tilgreindir eru.

13. **Ýmislegt**

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
13.1.1	**Afurðir úr bökunar- og pastaiðnaðinum**	Afurðir sem fást við framleiðslu á brauði, kexi, kexþynnum eða pasta. Afurðirnar geta verið þurrkaðar.	Sterkja Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Hráfita, ef > 5%
13.1.2	**Afurðir úr sætabrauðsiðnaðinum**	Afurðir sem fást við framleiðslu á sætabrauði og kökum. Afurðirnar geta verið þurrkaðar.	Sterkja Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Hráfita, ef > 5%
13.1.3	**Afurðir sem falla til við framleiðslu morgunkorns**	Efni eða afurðir sem ætlaðar eru til neyslu eða sem með réttu má ætla að megi neyta í unnu formi, í formi sem er unnið að hluta eða óunnu formi. Afurðirnar geta verið þurrkaðar.	Hráprótín, ef > 10% Hrátrefjar Hrá olía/fita, ef > 10% Sterkja, ef > 30% Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi, ef > 10%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
13.1.4	**Afurðir úr sælgætisiðnaðinum**	Afurðir sem fást við framleiðslu á sætindum, þ.m.t. súkkulaði. Afurðirnar geta verið þurrkaðar.	Sterkja Hráfita, ef > 5% Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi
13.1.5	**Afurðir úr ísiðnaðinum**	Afurðir sem fást við framleiðslu á ís. Afurðirnar geta verið þurrkaðar.	Sterkja Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Hráfita
13.1.6	**Afurðir og aukaafurðir úr framleiðslu á ferskum aldinum og grænmeti** (1)	Afurðir sem fást við vinnslu á ferskum aldinum og grænmeti (þ.m.t. hýði, heil stykki af aldinum/grænmeti og blöndur þeirra). Afurðirnar kunna að hafa verið þurrkaðar eða frystar.	Sterkja Hrátrefjar Hráfita, ef > 5% Aska óleysanleg í HCl, ef > 3,5%
13.1.7	**Afurðir úr vinnslu plantna** (1)	Afurðir sem fást við frystingu eða þurrkun heilla plantna eða hluta þeirra.	Hrátrefjar
13.1.8	**Afurðir úr vinnslu á kryddi og kryddblöndum** (1)	Afurðir sem fást við frystingu eða þurrkun krydds og kryddblandna eða hluta þeirra.	Hráprótín, ef > 10% Hrátrefjar Hrá olía/fita, ef > 10% Sterkja, ef > 30% Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi, ef > 10%
13.1.9	**Afurðir úr vinnslu kryddjurta** (1)	Afurðir sem fást við mulning, mölun, frystingu eða þurrkun kryddjurta eða hluta þeirra.	Hrátrefjar
13.1.10	**Afurðir úr kartöfluvinnslu-iðnaðinum**	Afurðir sem fást við vinnslu á kartöflum. Afurðirnar kunna að hafa verið þurrkaðar eða frystar.	Sterkja Hrátrefjar Hráfita, ef > 5% Aska óleysanleg í HCl, ef > 3,5%
13.1.11	**Afurðir og aukaafurðir úr sósuframleiðslu**	Efni úr sósuframleiðslu, sem ætluð eru til neyslu eða sem með réttu má ætla að megi neyta í unnu formi, í formi sem er unnið að hluta eða óunnu formi. Afurðirnar geta verið þurrkaðar.	Hráfita
13.1.12	**Afurðir og aukaafurðir úr snarlvöruiðnaðinum**	Afurðir og aukaafurðir, sem fást við iðnaðarvinnslu bragðmikilla snarlvara, sem fengnar eru við og úr framleiðslu bragðmikilla snarlvara – kartöfluflögum, snarlvörum úr kartöflum og/eða korni (útpressaðar , úr deigi og kögglaðar) og hnetum.	Hráfita
13.1.13	**Afurðir sem fást úr iðnaði á sviði tilbúinna matvæla**	Afurðir sem fást við framleiðslu á tilbúnum matvælum. Afurðirnar geta verið þurrkaðar.	Hráfita, ef > 5%

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
13.1.14	**Aukaafurðir úr jurtum úr framleiðslu á brenndum drykkjum**	Afurðir úr föstu efni úr plöntum (þ.m.t. berjum og fræjum, s.s. anís) sem fást þegar jurtirnar eru lagðar í bleyti í alkóhóllausn eða eftir uppgufun/eimingu alkóhóls, eða hvort tveggja, við mótun bragðefna fyrir framleiðslu á brenndum drykkjum. Þessar afurðir verður að eima til að uppræta leif alkóhólsins.	Hráprótín, ef > 10% Hrátrefjar Hrá olía/fita, ef > 10%
13.1.15	**Fóðuröl**	Afurð sem fellur til við ölgerð og er ekki nothæf sem drykkjarvara fyrir menn.	Innihald alkóhóls
13.2.1	**Brenndur sykur**	Afurð sem fæst með stýrðri hitun sykurs af hvaða tagi sem er.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi
13.2.2	**Þrúgusykur**	Þrúgusykur fæst með vatnsrofi sterkju og er úr hreinsuðum, kristölluðum glúkósa, með eða án kristallaðs vatns.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi
13.2.3	**Frúktósi**	Frúktósi sem hreinsað, kristallað duft. Hann fæst úr glúkósa í glúkósasírópi með glúkósaísómerasa og súkrósaumhverfingu.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi
13.2.4	**Glúkósasíróp**	Glúkósasíróp er hreinsuð og þykkt vatnslausn næringarríkra sykra sem fást með vatnsrofi úr sterkju.	Heildarsykrur Raki, ef > 30%
13.2.5	**Glúkósamelassi**	Afurð úr hreinsunarferli glúkósasíróps.	Heildarsykrur
13.2.6	**Xýlósi**	Sykra, útdregin úr viði.	
13.2.7	**Laktúlósi**	Hálftilbúin tvísykra (4-O-D-galaktópýranósýl-D-frúktósi), unnin úr laktósa með hverfingu glúkósa í frúktósa. Er í hitameðhöndlaðri mjólk og mjólkurvörum.	Laktúlósi
13.2.8	**Glúkósamín (kítósamín)**	Amínsykra (einsykra) sem er hluti fjölsykranna kítósan og kítín. Framleidd með vatnsrofi ytri stoðgrindar krabbadýra eða annarra liðdýra eða með gerjun korns á borð við maís eða hveiti.	Natríum eða kalíum, eftir því sem við á „úr lagardýrum“ eða „úr gerjun“ eins og við á
13.3.1	**Sterkja** ([2])	Sterkja.	Sterkja
13.3.2	**Forhleypt sterkja** ([2])	Afurð úr sterkju sem er þanin með hitameðhöndlun.	Sterkja
13.3.3	**Sterkjublanda**([2])	Afurð úr náttúrulegri og/eða umbreyttri matarsterkju sem unnin er úr ýmsum grasafræðilegum uppsprettum.	Sterkja

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
13.3.4	**Vatnsrofin sterkja**([2]) **kaka**	Afurð sem fæst með síun á vökva úr vatnsrofi á sterkju og sem inniheldur: prótín, sterkju, fjölsykrur, fitu, olíu og hjálparefni til síunar (t.d. kísilgúr, viðartrefjar).	Raki, ef < 25% eða > 45% Ef raki < 25%: — Hráfita — Hráprótín
13.3.5	**Dextrín**	Dextrín er að hluta til sýruvatnsrofin sterkja.	
13.3.6	**Maltódextrín**	Maltódextrín er sterkja sem er að hluta til vatnsrofin	
13.4.1	**Pólýdextrósi**	Glúkósafjölliður, bundnar saman af handahófi, sem falla til við varmafjölliðun á D-glúkósa.	
13.5.1	**Fjölalkóhól**	Afurð sem fæst með vetnun eða gerjun og er úr afoxuðum ein-, tví- eða fásykrum eða fjölsykrum.	
13.5.2	**Ísómalt**	Alkóhól sem fæst úr súkrósa eftir ensímummyndun og vetnun.	
13.5.3	**Mannítól**	Afurð sem fæst með vetnun eða gerjun og er úr afoxuðum glúkósa og/eða frúktósa.	
13.5.4	**Xýlítól**	Afurð sem fæst með vetnun og gerjun xýlósa.	
13.5.5	**Sorbítól**	Afurð sem fæst með vetnun glúkósa	
13.6.1	**Súr olía úr efnafræðilegri hreinsun** ([3])	Afurð sem fæst við afsýringu á olíu og fitu úr jurta- eða dýraríkinu með basa, að viðbættri sýruböðun og í kjölfarið aðgreiningu á vatnsfasanum, sem inniheldur óbundnar fitusýrur, olíu eða fitu og náttúrulega efnisþætti úr fræjum, aldinum eða dýravefjum, s.s. ein- og tvíglýseríð, lesitín og trefjar.	Hráfita Raki, ef > 1%
13.6.2	**Fitusýrur estraðar með glýseróli** ([4])	Glýseríð sem fæst með estrun glýseróls með fitusýrum. Getur innihaldið allt að 50 milljónarhluta af nikkeli eftir vetnun.	Raki, ef > 1% Hráfita Nikkel, ef > 20 milljónarhlutar
13.6.3	**Ein-, tví- og tríglýseríð af fitusýrum** ([4])	Afurð úr blöndum af ein-, tví- og þríestrum af glýseróli með fitusýrum. Þau geta innihaldið óbundnar fitusýrur og glýseról í litlum mæli. Geta innihaldið allt að 50 milljónarhluta af nikkeli eftir vetnun.	Hráfita Nikkel, ef > 20 milljónarhlutar

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
13.6.4	**Sölt af fitusýrum** (4)	Afurð sem fæst við efnahvörf fitusýra með a.m.k. fjórum kolefnisatómum með kalsíumi, magnesíumi, natríumi eða kalíumhýdroxíði, oxíðum eða söltum. Geta innihaldið allt að 50 milljónarhluta af nikkeli eftir vetnun.	Hráfita (eftir vatnsrof) Raki Ca eða Na eða K eða Mg (eftir því sem við á) Nikkel, ef > 20 milljónarhlutar
13.6.5	**Fitusýrueimi úr eðlisfræðilegri hreinsun** (3)	Afurð sem fæst við afsýringu á olíu og fitu úr jurta- eða dýraríkinu með eimingu og sem inniheldur óbundnar fitusýrur, olíu eða fitu og náttúrulega efnisþætti úr fræjum, aldinum eða dýravefjum, s.s. ein- og tvíglýseríð, steról og tókóferól.	Hráfita Raki, ef > 1%
13.6.6	**Hráar fitusýrur úr sundrun** (3)	Afurð sem fæst með sundrun á olíu/fitu. Samkvæmt skilgreiningu er hún úr hráum fitusýrum, C_6–C_{24}, alifatískum, línulegum, með einum karboxýlhópi, mettuðum og ómettuðum. Geta innihaldið allt að 50 milljónarhluta af nikkeli eftir vetnun.	Hráfita Raki, ef > 1% Nikkel, ef > 20 milljónarhlutar
13.6.7	**Hreinar, eimaðar fitusýrur úr sundrun** (3)	Afurð sem fæst með eimingu hrárra fitusýra úr sundrun olíu/fitu, hugsanlega auk vetnunar. Samkvæmt skilgreiningu er hún úr hreinum, eimuðum fitusýrum C_6–C_{24}, alifatískum, línulegum, með einum karboxýlhópi, mettuðum og ómettuðum. Getur innihaldið allt að 50 milljónarhluta af nikkeli eftir vetnun.	Hráfita Raki, ef > 1% Nikkel, ef > 20 milljónarhlutar
13.6.8	**Sápufótur** (3)	Afurð sem fæst við afsýringu á olíu og fitu með vatnskenndri kalsíum-, magnesíum-, natríum- eða kalíumhýdroxíðlausn, sem inniheldur sölt af fitusýrum, olíu eða fitu og náttúrulega efnisþætti úr fræjum, aldinum eða dýravefjum, s.s. ein- og tvíglýseríð, lesitín og trefjar.	Raki ef < 40 og > 50% Ca eða Na eða K eða Mg, eftir því sem við á
13.6.9	**Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum, estruð með lífrænum sýrum** (4) (5)	Ein- og tvíglýseríð af fitusýrum með a.m.k. fjórum kolefnisatómum, estruð með lífrænum sýrum.	Hráfita
13.6.10	**Súkrósaestrar af fitusýrum** (4)	Estrar af sakkarósa og fitusýrum.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Hráfita
13.6.11	**Súkróglýseríð af fitusýrum** (4)	Blanda af estrum af sakkarósa og ein- og tvíglýseríðum af fitusýrum.	Heildarinnihald sykurs, gefið upp sem súkrósi Hráfita

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
13.8.1	**Glýserín, hrátt**	Aukaafurð sem fæst úr: — líffituefnavinnslu með sundrun á olíu/fitu til að fá fitusýrur og glýserólvatn og í kjölfarið þykkingu á glýserólvatninu til að fá hrátt glýseról eða með transestrun (getur innihaldið allt að 0,5% af metanóli) á náttúrulegri olíu/fitu til að fá fitusýrumetýlestra og glýserólvatn, í kjölfarið þykking á glýserólvatninu til að fá hrátt glýseról, — framleiðslu á lífdísilolíu (metýl- eða etýlestrum af fitusýrum) með transestrun á olíu og fitu úr jurta- og dýraríkinu, án nánari tilgreiningar. Ólífræn og lífræn sölt kunna enn að vera í glýseríninu (allt að 7,5%). Getur innihaldið allt að 0,5% af metanóli og allt að 4% af lífrænu efni, sem er ekki glýseról (e. *MONG, Matter Organic Non Glycerol*), sem samanstendur af fitusýrumetýlestrum, fitusýruetýlestrum, óbundnum fitusýrum og glýseríðum, — sápumyndun með olíu/fitu úr jurta- eða dýraríkinu, að öllu jöfnu með alkalí-/jarðalkalímálmum, til að fá sápu. Geta innihaldið allt að 50 milljónarhluta af nikkeli eftir vetnun.	Glýseról Kalíum, ef > 1,5% Natríum, ef > 1,5% Nikkel, ef > 20 milljónarhlutar
13.8.2	**Glýserín**	Afurð sem fæst úr: — líffituefnavinnslu með a) sundrun á olíu/fitu og í kjölfarið þykking á glýserólvatninu og hreinsun með eimingu (sjá B-hluta, orðalisti yfir aðferðir, færsla 20) eða jónaskiptaferli, b) transestrun á náttúrulegri olíu/fitu til að fá fitusýrumetýlestra og óhreinsað glýserólvatn, í kjölfarið þykking á glýserólvatninu til að fá óhreinsað glýseról og hreinsun með eimingu eða jónaskiptaferli, — framleiðslu á lífdísilolíu (metýl- eða etýlestrum fitusýra) með transestrun olíu og feiti úr jurta- og dýraríkinu, án nánari tilgreiningar, og í kjölfarið hreinsun á glýseríninu. Lágmarksglýserólinnihald: 99% af þurrefnum, — sápumyndun með olíu/fitu úr jurta- eða dýraríkinu, að öllu jöfnu með alkalí-/jarðalkalímálmum, til að fá sápu, og í kjölfarið með hreinsun á hráu glýseróli og eimingu. Geta innihaldið allt að 50 milljónarhluta af nikkeli eftir vetnun.	Glýseról ef < 99% miðað við þurrt efni Natríum, ef > 0,1% Kalíum, ef > 0,1% Nikkel, ef > 20 milljónarhlutar
13.9.1	**Metýlsúlfónýlmetan**	Lífrænt brennisteinssamband ($(CH_3)_2SO_2$), sem fæst með tilbúnum aðferðum og samsvarar náttúrulegu metýlsúlónýlmetani í gjöfum úr plönturíkinu.	Brennisteinn

Númer	Heiti	Lýsing	Lögboðnar upplýsingar
13.10.1	**Mór**	Afurð úr náttúrulegu niðurbroti jurta (aðallega hvítmosa) í loftfirrðu og næringarsnauðu umhverfi.	Hrátrefjar
13.10.2	**Leónardít**	Náttúruleg afurð, sem er steindaflóki fenólvetniskolefna og nefnist einnig „húmat“, sem verður til vegna niðurbrots lífræns efnis á milljónum ára.	Hrátrefjar
13.11.1	**Própýlenglýkól [1,2-própandíól, própan-1,2-díól]**	Lífrænt efnasamband (díól eða tvöfalt alkóhól), efnaformúla $C^3H_8O_2$. Það er seigfljótandi vökvi með daufu, sætu bragði, ídrægur og blandanlegur með vatni, asetoni og klóróformi. Getur innihaldið allt að 0,3% af própýlenglýkóli.	Própýlenglýkól
13.11.2	**Einestrar af própýlenglýkóli og fitusýrum** ([4])	Einestrar af própýlenglýkóli og fitusýrum, eingöngu eða í blöndum með tvíestrum.	Própýlenglýkól Hráfita

([1]) Bæta skal heiti viðkomandi tegundar aldins, grænmetis, plöntu, krydds og kryddjurtategunda við heitið, eftir því sem við á.
([2]) Auk heitis skal tilgreina grasafræðilegan uppruna.
([3]) Auk heitis skal tilgreina grasafræðilegan uppruna eða uppruna í dýraríkinu.
([4]) Bæta skal við heitið eða því breytt til að tilgreina fitusýrurnar sem notaðar eru.
([5]) Bæta skal við heitið eða því breytt til að tilgreina lífrænu sýruna.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 107/2013 **2013/EES/56/18**

frá 5. febrúar 2013

um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksstyrk melamíns í gæludýrafóðri í dósum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri([1]), einkum 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2002/32/EB er kveðið á um að bannað sé að nota afurðir sem ætlaðar eru í fóður og innihalda óæskileg efni í styrk sem er yfir hámarksgildunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka við þá tilskipun.

2) Upplýsingar hafa verið lagðar fyrir um að melamín sé notað sem húðunarefni í dósir sem innihalda gæludýrafóður og að það geti borist í það gæludýrafóður. Dósir með samskonar húðun eru notaðar til niðurlagningar matvæla og í samræmi við vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (Matvælaöryggisstofnunin) um melamín í matvælum og fóðri([2]) hafa verið fastsett sértæk flæðimörk sem nema 2,5 mg/kg fyrir niðursoðinn mat sem slíkan með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 10/2011 frá 14. janúar 2011 um efnivið og hluti úr plasti sem ætlað er að komast í snertingu við matvæli([3]), eins og henni var breytt með reglugerð (ESB) nr. 1282/2011([4]).

3) Alþjóðamatvælaskrárráðið hefur fastsett hámarksgildi fyrir melamín í fóðri og matvælum([5]) sem gilda um fóður eins og það er við sölu, en hámarksgildi sem fastsett voru með tilskipun 2002/32/EB varða fóður með 12% rakainnihald.

4) Nýlega hafa verið lagðar fram upplýsingar þar sem kemur fram að melamín getur borist í votfóður fyrir gæludýr úr húðun dósarinnar þannig að gildi þess fer yfir 2,5 mg/kg fyrir fóður með 12% rakainnihald, en er fyrir neðan sértæk flæðimörk sem nema 2,5 mg/kg í votfóðri fyrir gæludýr. Í ljósi þessarar þróunar í vísinda- og tækniþekkingu er rétt að fastsetja hámarksgildi sem nemur 2,5 mg/kg fyrir melamín í niðursoðnu votfóðri fyrir gæludýr „eins og það er selt“ og er það í samræmi við það sem áætlað er varðandi niðursoðin matvæli.

5) Því ber að breyta tilskipun 2002/32/EB til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Ákvæðum I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 35, 6.2.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

([2]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunarinnar (CONTAM) um aðskotaefni í matvælaferlinu og sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunarinnar um efni sem komast í snertingu við matvæli, ensím, bragðefni og hjálparefni við vinnslu (CEF); Vísindalegt álit um melamín í matvælum og fóðri. *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2010 8(4), 1573. [145 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2010.1573. Aðgengilegt á Netinu: http://www.efsa.europa.eu/en/scdocs/doc/1573.pdf

([3]) Stjtíð. ESB L 12, 15.1.2011, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 328, 10.12.2011, bls. 22.

([5]) Skýrsla um þrítugasta og þriðja fund sameiginlegrar áætlunar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um matvælastaðla, Alþjóðamatvælaskrárráðið, Genf, Sviss, 5.–9. júlí 2010 (ALINORM 10/33/REP).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað 7. línu í I. þætti I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB komi eftirfarandi:

Óæskilegt efni	Afurðir sem ætlaðar eru í fóður	Hámarksinnihald í mg/kg (milljónarhlutar) fyrir fóður með 12% rakainnihald
„7. Melamín ([9])	Fóður	2,5
	að undanskildu	
	— Gæludýrafóðri	2,5([1])
	— eftirfarandi fóðuraukefnum:	
	- - gúanidínediksýru,	—
	- - þvagefni,	—
	- - bíúreti.	—“

([1]) Hámarksgildi gildir um gæludýrafóður í dósum eins og það er selt.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 105/2013 **2013/EES/56/19**

frá 4. febrúar 2013

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 371/2011 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir dímetýlglýsínnatríumsalti (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Taminco N.V. hefur lagt fram umsókn skv. 3.mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem óskað er eftir breytingu á nafni handhafa leyfisins að því er varðar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 371/2011([2]), um leyfi til 10 ára fyrir dímetýlglýsínnatríumsalti, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og í virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“.

2) Umsækjandinn fullyrðir að hann hafi breytt rekstrarformi sínu að lögum í félag með takmarkaðri ábyrgð í einkaeign frá og með 1. október 2012. Umsækjandinn hefur lagt fram viðeigandi gögn því til stuðnings.

3) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

4) Til að gera umsækjanda kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn undir heitinu Taminco BVBA er nauðsynlegt að breyta skilmálum leyfisins.

5) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 371/2011 til samræmis við það.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunni, sem er gerð á reglugerð (ESB) nr. 371/2011 með þessari reglugerð, af öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirliggjandi birgðir.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Í stað orðanna „Taminco N.V.“ í 2. dálki í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 371/2011 komi orðin „Taminco BVBA“.

2. gr.

Fyrirliggjandi birgðir aukefnisins, sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, má áfram setja á markað og nota þar til þær eru uppurnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 5.2.2013, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 102, 16.4.2011, bls. 6.

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 103/2013 **2013/EES/56/20**

frá 4. febrúar 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 786/2007 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir blöndu með endó-1,4-β-mannanasa EC 3.2.1.78 (Hemicell) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) ChemGen Corp. hefur lagt fram umsókn skv. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem óskað er eftir breytingu á nafni handhafa leyfisins að því er varðar reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 786/2007([2]) um leyfi til 10 ára fyrir blöndu með endó-1,4-beta-mannanasa EC 3.2.1.78 (Hemicell), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og í virka hópnum „meltingarbætandi efni“.

2) Umsækjandinn fullyrðir að frá og með 10. febrúar 2012 hafi ChemGen Corp. verið yfirtekið af Eli Lilly and Company Ltd. sem nú á markaðssetningarréttinn fyrir þetta aukefni. Umsækjandinn hefur lagt fram viðeigandi gögn því til stuðnings.

3) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

4) Til að gera Eli Lilly and Company Ltd. kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn er nauðsynlegt að breyta skilmálum leyfisins.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 786/2007 til samræmis við það.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunni sem er gerð á reglugerð (EB) nr. 768/2007 með þessari reglugerð af öryggisástæðum, þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirliggjandi birgðir.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Í stað orðanna „ChemGen Corp., sem Disproquima S.L. er umboðsaðili fyrir“ í 2. dálki í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 786/2007 komi orðin „Eli Lilly and Company Ltd.“.

2. gr.

Fyrirliggjandi birgðir aukefnisins, sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, má áfram setja á markað og nota þar til þær eru uppurnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 5.2.2013, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 175, 5.7.2007, bls. 8.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 95/2013 **2013/EES/56/21**

frá 1. febrúar 2013

um leyfi fyrir blöndu með *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem fóðuraukefni fyrir allar tegundir fiska nema laxfiska (leyfishafi er Lallemand SAS)(*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um nýja notkun fyrir blöndu með *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir nýrri notkun á *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M, í aukefnaflokknum dýraræktaraukefni, sem fóðuraukefni fyrir allar fisktegundir.

4) Notkun á *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M var leyfð án tímamarka fyrir eldiskjúklinga með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1200/2005([2]) og fyrir eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2036/2005([3]), til 10 ára fyrir laxfiska og rækjur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2009([4]), fyrir fráfærugrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1120/2010([5]) og fyrir varphænur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 212/2011([6]).

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 11. september 2012([7]) að *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M geti, við tillögð notkunarskilyrði, mögulega haft jákvæð áhrif á þroska allra fisktegunda með því að auka hlut líkamlega vel þroskaðra fiska og draga úr aflögun beina.

6) Mat á *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 22.2.2013, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 195, 27.7.2005, bls. 6.

([3]) Stjtíð. ESB L 328, 15.12.2005, bls. 13.

([4]) Stjtíð. ESB L 257, 30.9.2009, bls. 10.

([5]) Stjtíð. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 12.

([6]) Stjtíð. ESB L 59, 4.3.2011, bls. 1.

([7]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(9), 2886.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (jákvæð áhrif á vöxt)									
4d1712	Lallemand SAS	*Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Lífvænlegar frumur *Pediococcus acidilactici* CNCM MA 18/5M *Greiningaraðferðir*(1) Ákvörðun á heildarfjölda: yfirborðsræktun á MRS-agar (EN 15786:2009) Sanngreining: Með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allir fiskar aðrir en laxfiskar	—	1×10^9	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	22. febrúar 2023

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 96/2013 **2013/EES/56/22**

frá 1. febrúar 2013

um leyfi fyrir blöndu með *Lactobacillus buchneri* NCIMB 30139 og fyrir blöndu með *Lactobacillus casei* ATTC PTA 6135 sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 7. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 1.–4. mgr. 10. gr. hennar, eru sett fram sértæk ákvæði varðandi mat á vörum sem notaðar eru í Sambandinu sem aukefni í votfóður á þeim degi sem sú reglugerð tók gildi.

2) Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 voru blanda með *Lactobacillus buchneri* NCIMB 30139 og blanda með *Lactobacillus casei* ATTC PTA 6135 færðar inn í skrá Bandalagsins yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vörur, sem tilheyra virka hópnum aukefni í votfóður, fyrir allar dýrategundir.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, voru lagðar fram umsóknir um leyfi fyrir blöndunum sem fóðuraukefnum fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnin yrðu sett í flokkinn „tæknileg aukefni“ og í virka hópinn „aukefni í votfóður“. Umsóknunum fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínum frá 11. september 2012([2]) og 12. september 2012([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blöndurnar sem um er að ræða ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið. Matvælaöryggisstofnunin komst einnig að þeirri niðurstöðu að blanda með *Lactobacillus buchneri* NCIMB 30139 geti bætt geymsluþol efnis sem auðvelt er að votfóðursverka með því að auka framleiðslu ediksýru og að blanda með *Lactobacillus casei* ATTC PTA 6135 geti bætt framleiðslu votfóðurs úr efni sem auðvelt er að votfóðursverka með því að lækka sýrustigið og auka geymsluþol þurrefna. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf fyrir sértækar kröfur um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndunum sem um er að ræða sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessara blandna eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Leyfi

Blöndurnar, sem tilheyra aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og eru tilgreindar í viðaukanum, eru leyfðar sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blöndurnar, sem eru tilgreindar í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blöndurnar, sem eru framleidd og merkt fyrir 22. ágúst 2013 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 22. febrúar 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 2.2.2013, bls. 21. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2012) 10(9), 2883.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2012) 10(9), 2884.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 1. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingamyndandi einingar (CFU)/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votfóður									
1k20734	—	*Lactobacillus buchneri* NCIMB 30139	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lactobacillus buchneri* NCIMB 30139 sem inniheldur að lágmarki 5×10^{10} CFU/g aukefnis *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* *Lactobacillus buchneri* NCIMB 30139 *Greiningaraðferð*(1) Ákvörðun á heildarfjölda örvera í fóðuraukefninu: dreifingaraðferð (EN 15787) Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Nota skal aukefnið í efni sem er auðvelt að votfóðursverka (2). 4. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	22. febrúar 2023
1k20735	—	*Lactobacillus casei* ATTC PTA 6135	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lactobacillus casei* ATTC PTA 6135 sem inniheldur að lágmarki 1×10^{10} CFU/g aukefnis *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* *Lactobacillus casei* ATTC PTA 6135 *Greiningaraðferð*(1) Ákvörðun á heildarfjölda örvera í fóðuraukefninu: dreifingaraðferð (EN 15787) Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnis ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: $1{,}3 \times 10^6$ CFU/kg fersks efnis. 3. Nota skal aukefnið í efni sem er auðvelt að votfóðursverka(2). 4. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	22. febrúar 2023

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx
(2) Fóðurjurtir sem er auðvelt að votfóðursverka: > 3% leysanleg kolvetni í fersku efni. Eins og skilgreint er í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 429/2008 (Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 1).

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 159/2013 **2013/EES/56/23**

frá 21. febrúar 2013

um leyfi fyrir blöndu af natríumbensóati, própíónsýru og natríumpróp íónati sem fóðuraukefni fyrir svín, alifugla, nautgripi, sauðkindur, geitur, kanínur og hesta og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 1876/2006 og (EB) nr. 757/2007 (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE([2]).

2) Blanda með natríumbensóati, própíónsýru og natríumpróp íónati var leyfð án tímamarka í samræmi við tilskipun 70/524/EBE sem fóðuraukefni fyrir svín og mjólkurkýr með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1876/2006([3]) og fyrir eldisnautgripi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 757/2007([4]). Blandan var síðan færð inn í skrá yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á þeirri blöndu með natríumbensóati, própíónsýru og natríumpróp íónati sem fóðuraukefni fyrir svín og mjólkurkýr og eldisnautgripi og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um nýja notkun fyrir svín, alifugla, sauðfé, geitur, kanínur og hesta og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í álitum sínu frá 6. september 2011([5]) og 24. apríl 2012([6]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með natríumbensóati, própíónsýru og natríumpróp íónati ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða heilbrigði manna svo fremi sem viðeigandi ráðstafanir eru gerðar til að vernda notendur, eða á umhverfið og að það sé áhrifaríkt til að verja kornvörur og heilfóður gegn skemmdum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu með natríumbensóati, própíónsýru og natríumpróp íónati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af veitingu nýs leyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 leiðir að reglugerðum (EB) nr. 1876/2006 og (EB) nr. 757/2007 skal breytt til samræmis við það.

7) Þar eð er ekki gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum þykir rétt að heimila umbreytingartímabil fyrir hagsmunaaðila svo þeir geti búið sig undir að uppfylla nýjar kröfur sem fylgja leyfinu.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Leyfi

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „rotvarnarefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1876/2006

Ákvæði 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1876/2006 og IV. viðauki við reglugerðina falli brott.

3. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 757/2007

Ákvæði 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 757/2007 og I. viðauki við reglugerðina falli brott.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 49, 22.2.2013, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 360, 19.12.2006, bls. 126.

([4]) Stjtíð. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 43.

([5]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9), 2357.

([6]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(5), 2681.

4. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Blandan, sem er tilgreind í viðaukanum, og fóður sem inniheldur blönduna, sem eru framleidd og merkt fyrir 14. september 2013 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 14. mars 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

5. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: rotvarnarefni									
1a700	—	Blanda með natríum-bensóati, própíón-sýru og natríum-própíónati	*Samsetning aukefnis* Blanda með: Natríumbensóati: 140 g/kg, própíónsýru: 370 g/kg natríumpróp íónati: 110 g/kg Vatni: 380 g/kg *Lýsing á eiginleikum virku efnanna* Natríumbensóat ($C_7H_5O_2Na$) ≥ 99% eftir þurrkun í tvær klukkustundir við 105 °C Própíónsýra ($C_3H_6O_2$) ≥ 99,5% Natríumpróp íónat ($C_3H_5O_2Na$) ≥ 99% eftir þurrkun í fjórar klukkustundir við 105 °C. *Greiningaraðferð*(1) Magnákvörðun í fóðuraukefni: — Ákvörðun á bensóati: litskiljun með óskautuðum stöðufasa og greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (HPLC-UV) — Heildarpróp íónat: háþrýstivökvaskiljun með jónahöfnun (e. *ion-exclusion*) með brotstuðul (HPLC-RI) — Heildarnatríum: frumeindagleypnimæling, AAS (EN ISO 6869)	Svín Alifuglar Nautgripir Sauðfé Geitur Kanínur Hestar	—	—	10 000	1. Notkun blöndunnar samtímis öðrum gjöfum virku efnanna skal ekki fara yfir leyfilegt hámarksinnihald. 2. Lágmarksinnihald: — kornvörur með ≥ 15% raka, aðrar en maískorn: 3 000 mg/kg af kornvörum, — maískorn með ≥ 15% raka: 13 000 mg/kg af maískornum, — heilfóður með ≥ 12% raka: 5 000 mg/kg heilfóðurs. 3. Hámarksinnihald í öllum korn-vörum: 22 000 mg/kg af kornvörum. 4. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn, augnhlífar og hlífðarhanska við meðhöndlun.	14. mars 2023

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 160/2013 **2013/EES/56/24**

frá 21. febrúar 2013

um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 162/2003, (EB) nr. 971/2008, (ESB) nr. 1118/2010 og (ESB) nr. 169/2011 og á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 888/2011 að því er varðar nafn leyfishafa fyrir díklasúríli í fóður (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Janssen Pharmaceutica NV hefur lagt fram umsókn skv. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 þar sem óskað er eftir breytingu á heiti handhafa leyfisins að því er varðar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 162/2003 frá 30. janúar 2003 um að leyfa aukefni í fóðri([2]), (EB) nr. 971/2008 frá 3. október 2008 varðandi nýja notkun hnislalyfs sem aukefnis í fóðri([3]), (ESB) nr. 1118/2010 frá 2. desember 2010 um leyfi fyrir díklasúríli sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Janssen Pharmaceutica NV) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2430/1999([4]) og (ESB) nr. 169/2011 frá 23. febrúar 2011 um leyfi fyrir díklasúríli sem fóðuraukefni fyrir perluhænsni (leyfishafi er Janssen Pharmaceutica N.V.) ([5]) og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 888/2011 frá 5. september 2011 um leyfi fyrir díklasúríli sem fóðuraukefni fyrir eldiskalkúna (leyfishafi er Janssen Pharmaceutica N.V.) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2430/1999([6]).

2) Umsækjandi fullyrðir að frá og með 7. júlí 2011 hafi Janssen Animal Health, deild innan Janssen Pharmaceutica NV, verið yfirtekið af Eli Lilly and Company Ltd. sem nú á markaðssetningarrétt fyrir þetta aukefni. Umsækjandi hefur lagt fram viðeigandi upplýsingar því til stuðnings.

3) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfisins er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefni. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

4) Til að gera Eli Lilly and Company Ltd. kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn er nauðsynlegt að breyta skilmálum leyfanna.

5) Því er rétt að breyta reglugerðum (EB) nr. 162/2003, (EB) nr. 971/2008, (ESB) nr. 1118/2010 og (ESB) nr. 169/2011 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 888/2011 til samræmis við það.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunni sem er gerð á reglugerðum (EB) nr. 162/2003, (EB) nr. 971/2008, (ESB) nr. 1118/2010 og (ESB) nr. 169/2011 og framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 888/2011 með þessari reglugerð, þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirliggjandi birgðir.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Breyting á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 162/2003

Í stað orðanna „Janssen Pharmaceutica NV“ í 2. dálki í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 162/2003 komi orðin „Eli Lilly and Company Ltd“.

2. gr.

Breyting á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 971/2008

Í stað orðanna „Janssen Pharmaceutica nv“ í 2. dálki í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 971/2008 komi orðin „Eli Lilly and Company Ltd“.

3. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 1118/2010

Í stað orðanna „Janssen Pharmaceutica NV“ í 2. dálki í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 1118/2010 komi orðin „Eli Lilly and Company Ltd“.

4. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 169/2011

Í stað orðanna „Janssen Pharmaceutica N.V.“ í 2. dálki í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 169/2011 komi orðin „Eli Lilly and Company Ltd“.

5. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 888/2011

Í stað orðanna „Janssen Pharmaceutica N.V.“ í 2. dálki í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 888/2011 komi orðin „Eli Lilly and Company Ltd“.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 49, 22.2.2013, bls. 50. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 26, 31.1.2003, bls. 3.

([3]) Stjtíð. ESB L 265, 4.10.2008, bls. 3.

([4]) Stjtíð. ESB L 317, 3.12.2010, bls. 5.

([5]) Stjtíð. ESB L 49, 24.2.2011, bls. 6.

([6]) Stjtíð. ESB L 229, 6.9.2011, bls. 9.

6. gr.

Umbreytingarráðstöfun

Fyrirliggjandi birgðir aukefnisins, sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, má áfram setja á markað og nota þar til þær eru uppurnar.

7. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 161/2013 2013/EES/56/25

frá 21. febrúar 2013

um leyfi fyrir natríumhýdroxíðblöndu sem fóðuraukefni fyrir ketti, hunda og skrautfiska (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE([2]).

2) Blanda með natríumhýdroxíði, CAS-númer 1310-73-2, var leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 86/525/EBE([3]). Blandan var síðan færð inn í skrá Bandalagsins yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á natríumhýdroxíði, CAS-númer 1310-73-2, sem fóðuraukefni fyrir ketti og hunda og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, um nýja notkun fyrir skrautfiska og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 11. september 2012([4]) að með tilliti til þess að þetta aukefni var þegar leyft með sömu verkun til notkunar í matvæli og við tillögð notkunarskilyrði hafi natríumhýdroxíð ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra og að verkun þess í fóðri er í grundvallaratriðum sú sama og í matvælum sem sýrustillir og því er ekki nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þess. Niðurstaðan var að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur að því tilskildu að viðeigandi verndarráðstöfunum væri beitt. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á natríumhýdroxíði sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð ekki er gerð krafa um tafarlausa beitingu á breytingunum á skilyrðunum fyrir leyfinu af öryggisástæðum, er viðeigandi að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirliggjandi birgðum af aukefninu, forblöndum og fóðurblöndum sem innihalda það, eins og heimilað er með tilskipun nr. 86/525/EBE.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „sýrustillar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Aukefnið, sem er tilgreint í viðaukanum, og fóðurblöndur sem innihalda það, sem eru framleidd og merkt fyrir 14. mars 2014 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 14. mars 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

Fóðurblöndur sem innihalda aukefnið, sem tilgreint er í viðaukanum, sem eru framleiddar og merktar fyrir 14. mars 2015 í samræmi við reglur sem voru í gildi fyrir 14. mars 2013, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 49, 22.2.2013, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 153/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 310, 5.11.1986, bls. 19.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(10), 2882.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihald			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: sýrustillar									
1j524	—	Natríum-hýdroxíð	*Samsetning aukefnis* Natríumhýdroxíð 50% miðað við massahlutfall (vatnslausn) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Natríumhýdroxíð ≥ 98,0% heildarbasi (reiknað sem NaOH) NaOH CAS-nr.: 1310-73-2 Framleitt með efnasmíði *Greiningaraðferð*(1) Ákvörðun á natríumhýdroxíði í fóðuraukefni: Títrunarmæling — Sameiginlegt yfirlit Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og sameiginlegrar sérfræðinganefndar Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aukefni í matvælum um nákvæmar skilgreiningar á matvælaaukefnum, einefnisrit nr. 1 (2006) „natríumhýdroxíð“.	Kettir, hundar og skrautfiskar	—	—	—	1. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, augnhlífar, hlífðarhanska og hlífðarfatnað. 2. Varðandi notkun: endanlegur heildarnatríumstyrkur í fóðri skal ekki stefna heildarjafnvægi rafkleyfra efna í hættu.	14. mars 2023

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóðum: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx and http://www.fao.org/ag/jecfa-additives/details.html?id=400

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1012/2012 **2013/EES/56/26**

frá 5. nóvember 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2074/2005 og reglugerð (EB) nr. 1251/2008 að því er varðar skrá yfir smitferjur, heilbrigðiskröfur og vottunarkröfur varðandi húðsveppadrep og færsluna fyrir Taíland í skránni yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur á tilteknum fiskitegundum og lagarafurðum til Sambandsins er leyfður (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]), einkum annarri málsgrein 9. gr.,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ([2]), einkum annarri málsgrein 16. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum ([3]), einkum 17. gr. (2. mgr.), 22. og 25. gr. og 61. gr. (3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2074/2005 frá 5. desember 2005 um framkvæmdarráðstafanir, er varða tilteknar afurðir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 og er varða skipulag opinbers eftirlits samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004, um undanþágu frá reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 og breytingu á reglugerðum (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 ([4]) er mælt fyrir um fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorðum vegna innflutnings inn í Sambandið á tilteknum lagardýrum og afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis.

2) Fyrirmyndin að heilbrigðisvottorðinu vegna innflutnings á lagarafurðum sem eru ætlaðar til manneldis, sem er sett fram í IV. viðbæti við VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005, inniheldur dýraheilbrigðisvottun sem varðar kröfur í tengslum við tegundir sem eru smitnæmar fyrir tilteknum sjúkdómum sem eru tilgreindir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB, þ.m.t. húðsveppadrep.

3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1251/2008 frá 12. desember 2008 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar skilyrði og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorða við setningu lagareldisdýra og afurða þeirra á markað og innflutning þeirra í Bandalagið og um skrá yfir tegundir smitferja ([5]) er mælt fyrir um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra og kröfur um útgáfu heilbrigðisvottorðs fyrir innflutning á tilteknum lagareldisdýrum og tilteknum afurðum þeirra inn í Sambandið.

4) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 er skrá yfir tegundir smitferja fyrir sjúkdómana sem eru tilgreindir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB. Tegundir smitferja fyrir húðsveppadrep eru sem stendur tilgreindar í þeirri skrá.

5) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 er m.a. sett fram skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf þaðan sem innflutningur inn í Sambandið á skrautfiskum, sem eru smitnæmir fyrir einum eða fleiri þeirra sjúkdóma sem eru tilgreindir í IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB og ætlaðir í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr, er leyfður.

6) Indland og Víetnam eru á skrá í þeim viðauka til þess að innflutningur á fisktegundum, sem eru smitnæmar fyrir húðsveppadrepi, sé háður sértækum ákvæðum um heilbrigði dýra til að útiloka áhættu á þeim sjúkdómi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 306, 6.11.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

([2]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206.

([3]) Stjtíð. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14.

([4]) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 27.

([5]) Stjtíð. ESB L 337, 16.12.2008, bls. 41.

7) Auk þess innihalda fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, sem eru settar fram í A- og B-hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008, dýraheilbrigðisvottanir sem varða kröfur í tengslum við tegundir sem eru smitnæmar fyrir tilteknum sjúkdómum, sem eru tilgreindir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB, og smitferjum þeirra, þ.m.t. húðsveppadrep.

8) Húðsveppadrep er ekki lengur skráð sem framandi sjúkdómur í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB, eins og henni var breytt með framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/31/ESB ([6]).

9) Til að tryggja samræmi og gagnsæi í löggjöf Sambandsins skal breyta reglugerðum (EB) nr. 2074/2005 og (EB) nr. 1251/2008 í því skyni að fjarlægja ákvæði í þeim þar sem vísað er til húðsveppadreps.

10) Í kjölfar þess að húðsveppadrep verður fjarlægt úr skránni í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB verða samsvarandi ákvæði um dýraheilbrigði, sem gilda um Indland og Víetnam, óþörf og því skal fella þessi lönd brott úr skránni yfir lönd sem er skylt að beita sjúkdómssértækum ráðstöfunum í tengslum við heilbrigði lagardýra sem ætlunin er að flytja út til Sambandsins.

11) Taíland er skráð í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 sem þriðja land þaðan sem innflutningur inn í Sambandið á vatnakarpa, sem ætlaður er til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn og opna eða lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr, er leyfður. Taíland hefur farið þess á leit að vera skráð þannig í III. viðauka að einnig sé hægt að heimila útflutning á öðrum fisktegundum frá því þriðja landi inn í Sambandið.

12) Skoðun á vegum Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar, sem varðaði heilbrigði lagardýra, fór fram í Taílandi í nóvember 2009. Lögbært yfirvald í Taílandi hefur framfylgt tilmælum Matvæla- og dýraheilbrigðisskrifstofunnar í kjölfar skoðunarinnar á fullnægjandi hátt. Því er rétt að leyfa einnig innflutning inn í Sambandið á öðrum fisktegundum frá þessu þriðja landi. Því ber að breyta færslunni fyrir Taíland í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 til samræmis við það.

13) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 2074/2005 og reglugerð (EB) nr. 1251/2008 til samræmis við það.

14) Rétt er að kveða á um umbreytingarráðstafanir til að gera aðildarríkjunum og iðnaðinum kleift að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað IV. viðbætis VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 komi I. viðauki við þessa reglugerð.

2. gr.

Ákvæðum I., III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

3. gr.

Á umbreytingartímabili, sem varir til 1. mars 2013, er heimilt að setja sendingar lagardýra, sem hafa meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndirnar í A- eða B-hluta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008, og lagarafurða, sem hafa meðfylgjandi dýraheilbrigðisvottorð sem er gefið út í samræmi við fyrirmyndina í IV. viðbæti VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2074/2005 í þeirri útgáfu sem var í gildi fyrir breytingarnar sem eru innleiddar með þessari reglugerð, á markað í Sambandinu eða flytja þær inn í Sambandið að því tilskildu að sendingarnar verði komnar á lokaviðtökustað fyrir þá dagsetningu.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. nóvember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([6]) Stjtíð. ESB L 297, 26.10.2012, bls. 26.

I. VIÐAUKI

„IV. viðbætir við VI. viðauka

Fyrirmynd að heilbrigðisvottorði vegna innflutnings á lagarafurðum sem eru ætlaðar til manneldis

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu

	I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Símanr.		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.
			I.3. Lögbært stjórnvald	
			I.4. Lögbært staðaryfirvald	
	I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Símanr.		I.6.	
	I.7. Upprunaland ISO-kóði	I.8. Uppruna-svæði Kóði	I.9. Viðtökuland ISO-kóði	I.10.
	I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang	Samþykkisnúmer	I.12.	
	I.13. Fermingarstaður		I.14. Brottfarardagur	
	I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísun í skjöl		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning inn í ESB	
			I.17.	
	I.18. Dýrategund/afurð		I.19. Vörunúmer (ST-númer)	
				I.20. Magn
	I.21. Hitastig afurða Við umhverfishita ☐ Kældar ☐ Frystar ☐			I.22. Fjöldi pakkninga
	I.23. Nr. innsiglis/gáms			I.24. Tegund umbúða
	I.25. Vörur sem eru vottaðar: Til manneldis ☐			
	I.26.		I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐	

I.28. Auðkenning vörunnar

Dýrategundir (Vísindaheiti)	Tegund vöru	Tegund meðhöndlunar í starfsstöð	Samþykkisnúmer	Framleiðslustöð	Fjöldi pakkninga	Eigin þyngd

LAND: **Lagarafurðir**

II. Upplýsingar um heilbrigði	II. a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II. b.

II. hluti: Vottorð

II.1. ([1]) **Lýðheilsuvottun**

Ég, undirritaður, lýsi því yfir að ég hef vitneskju um þau ákvæði reglugerða (EB) nr. 178/2002, (EB) nr. 852/2004 og (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 854/2004 sem skipta máli og votta að lagarafurðirnar, sem lýst er hér að framan, voru framleiddar í samræmi við kröfurnar í þeim, einkum að:

— þær eru frá starfsstöð/starfsstöðvum sem koma til framkvæmdar áætlun sem byggist á meginreglum GáHMSS-kerfisins í samræmi við reglugerð (EB) nr. 852/2004,

— þær voru veiddar og meðhöndlaðar um borð í skipum, þeim landað, þær meðhöndlaðar og eftir því sem við á, tilreiddar, unnar, frystar og afþíddar samkvæmt reglum um hollustuhætti í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í I. til IV. kafla VIII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

— þær uppfylla heilbrigðiskröfur sem mælt er fyrir um í V. kafla VIII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 2073/2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli,

— þeim hefur verið pakkað, þær geymdar og fluttar í samræmi við VI. til VIII. kafla VIII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

— þær voru merktar í samræmi við I. þátt II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004,

— ábyrgðum, sem ná yfir lifandi dýr og afurðir úr þeim, ef þær eru úr lagareldisdýrum, sem kveðið er á um í áætlunum varðandi leifar, sem lagðar eru fram í samræmi við tilskipun 96/23/EB, einkum 29. gr., hefur verið fullnægt og

— þær hafa staðist opinbert eftirlit sem mælt er fyrir um í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004.

II.2. **([2])([4])Dýraheilbrigðisvottun fyrir fisk og krabbadýr úr lagareldi**

II.2.1. **([3])([4])[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir blóðmyndandi drepi, rauðhala og gulhöfðaveiki**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin eða afurðirnar sem um getur í I. hluta þessa vottorðs:

([5]) eiga uppruna sinn í landi/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í heimalandi mínu hefur lýst yfir að sé laust við ([4])[blóðmyndandi drep] ([4])[rauðhala] ([4])[gulhöfðaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB eða viðeigandi staðal Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar,

i. þar sem tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóma og lögbært yfirvald skal rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms,

ii. allur aðflutningur tegunda sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómum kemur frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn og

iii. tegundir sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómum hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómum]

II.2.2. **([3])([4]) [Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir veirublæði, iðradrepi, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki og hvítblettaveiki, sem ætlaðar eru fyrir aðildarríki, svæði eða hólf sem lýst hefur verið sjúkdómalaust eða fellur undir áætlun um eftirlit eða útrýmingu á viðkomandi sjúkdómi**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin eða afurðirnar sem um getur í I. hluta þessa vottorðs:

([6]) eiga uppruna sinn í landi/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í heimalandi mínu hefur lýst yfir að sé laust við ([4])[veirublæði] ([4])[iðradrep] ([4])[blóðþorra] ([4])[skjónakarpaherpesveiki] ([4])[hvítblettaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB eða viðeigandi staðal Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar,

i. þar sem tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóma og lögbært yfirvald skal rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms,

ii. allur aðflutningur tegunda sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómum kemur frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn og

iii. tegundir sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómum hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómum]

II.2.3. **Kröfur um flutning og merkingar**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að:

II.2.3.1. lagareldisdýrin sem um getur hér að ofan eru geymd við aðstæður, þ.á m. í tengslum við vatnsgæði, sem breyta ekki heilbrigðisástandi þeirra,

II.2.3.2. flutningagámurinn eða brunnbáturinn er hreinn og sótthreinsaður eða hefur ekki verið notaður áður og

LAND: **Lagarafurðir**

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a.	Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

II.2.3.3. sendingin er auðkennd með læsilegum merkimiða utan á gáminum, eða, ef sendingin er flutt með brunnbát, í farmskrá skipsins, með viðeigandi upplýsingum sem um getur í reitum I.7 til I.11 í I. hluta þessa vottorðs, og með eftirfarandi yfirlýsingu:

„([4])[Fiskur]([4])[krabbadýr] til manneldis í Sambandinu“.

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.8: Upprunasvæði: Fyrir frystar eða unnar samlokur, tilgreinið framleiðslusvæðið.

— Reitur I.11: Upprunastaður: nafn og heimilisfang afgreiðslustöðvar.

— Reitur I.15: Skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip). Ef til af- og endurfermingar kemur skal veita aðgreindar upplýsingar.

— Reitur I.19: Nota skal viðeigandi samræmt flokkunarkerfi (ST-númer) Alþjóðatollastofnunarinnar fyrir eftirfarandi liði: 0301, 0302, 0303, 0304, 0305, 0306, 0307, 0308, 05.11, 15.04, 1516, 1518, 1603, 1604, 1605 eða 2106.

— Reitur I.23: Auðkenni gáms/innsiglisnúmer: Ef raðnúmer er á innsiglinu þarf að tilgreina það.

— Reitur I.28: Tegund vöru: Tilgreinið hvort um lagareldi eða villt dýr er að ræða.

Tegund meðhöndlunar: Tilgreinið hvort þau eru lifandi, kæld, fryst eða unnin.

Framleiðslustöð: þ.m.t. verksmiðjuskip, frystiskip, kæligeymsla, vinnslustöð.

II. hluti:

([1]) Liður II.1 í þessu vottorði á ekki við um lönd með sérstakar kröfur um lýðheilsuvottorð sem mælt er fyrir um í jafngildissamningum eða annarri löggjöf Sambandsins.

([2]) Liður II.2 í þessu vottorði á ekki við um:

a) ólífvænleg krabbadýr, þ.e. krabbadýr sem eru ófær um að lifa af ef þau eru sett aftur í það umhverfi sem þau voru tekin úr,

b) fiska sem hefur verið slátrað og þeir slægðir fyrir brottsendingu,

c) lagareldisdýr eða afurðir úr þeim, sem eru settar á markað til manneldis án frekari vinnslu, að því tilskildu að þeim sé pakkað í smásölupakkningar sem samrýmast ákvæðum um slíka pökkun í reglugerð (EB) nr. 853/2004,

d) krabbadýr, sem eiga að fara í vinnslustöðvar, sem fengið hafa leyfi í samræmi við 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2006/88/EB, eða í afgreiðslustöðvar, hreinsunarstöðvar eða svipuð fyrirtæki sem eru búin frárennslishreinsunarkerfi sem gerir viðkomandi sjúkdómsvalda óvirka eða þar sem frárennslið er meðhöndlað á einhvern annan hátt sem dregur svo mikið úr áhættu á að sjúkdómar berist í náttúrulegt vatn að viðunandi teljist,

e) krabbadýr, sem ætluð eru til frekari vinnslu áður en þau eru notuð til manneldis, án tímabundinnar geymslu á vinnslustað og er pakkað og þau merkt í þeim tilgangi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004.

([3]) Liðir II.2.1 og II.2.2 í þessu vottorði eiga eingöngu við um tegundir sem smitnæmar eru fyrir einum eða fleiri af sjúkdómunum sem um getur í yfirskrift viðkomandi liðar. Smitnæmar tegundir eru taldar upp í IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

([4]) Strikið út það sem á ekki við.

([5]) Ef um er að ræða sendingar með tegundum sem eru smitnæmar fyrir blóðmyndandi drepi, rauðhala og/eða gulhöfðaveiki verður að vera hægt að framvísa þessari yfirlýsingu til að leyfi fáist fyrir flutningi á sendingunni inn í einhvern hluta Sambandsins.

LAND: **Lagarafurðir**

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a.	Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

(6) Til að leyfi fáist fyrir flutningi inn í aðildarríki, svæði eða hólf (reitir I.9 og I.10 í I. hluta vottorðsins) sem lýst hefur verið laust við veirublæði, iðradrep, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki eða hvítblettaveiki, eða er með eftirlitsáætlun eða áætlun um útrýmingu sem var gerð í samræmi við 1. eða 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB, verður að vera hægt að framvísa einni af þessum yfirlýsingum ef sendingin inniheldur tegundir sem eru smitnæmar fyrir sjúkdómi/sjúkdómum sem sjúkdómaleysið eða áætlunin/áætlanirnar gildir/gilda um. Gögn um sjúkdómastöðu hverrar eldisstöðvar og lindýraeldissvæðis í Sambandinu eru aðgengileg á vefslóðinni http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/aquaculture/index_en.htm.

— Stimpill og undirskrift skulu ekki vera í sama lit og aðrar upplýsingar í vottorðinu.

Opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:“

Stimpill:

II. VIÐAUKI

Ákvæðum I., III. og IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008 er breytt sem hér segir:

1) Í I. viðauka falli færslan um húðsveppadrep brott.

2) Í stað III. viðauka komi eftirfarandi:

„III. VIÐAUKI

Skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði, svæði eða hólf ([7])

(sem um getur í 1. mgr. 10. gr. og 11. gr.)

Land/yfirráðasvæði		Lagareldistegund			Svæði/hólf	
ISO-kóði	Heiti	Fiskur	Lindýr	Krabbadýr	Kóði	Lýsing
AU	Ástralía	X ([A])				
BR	Brasilía	X ([B])				
CA	Kanada	X			CA 0 ([C])	Allt yfirráðasvæðið
					CA 1 ([D])	Breska Kólumbía
					CA 2 ([D])	Alberta:
					CA 3 ([D])	Saskatchewan
					CA 4 ([D])	Manitóba
					CA 5 ([D])	Nýja-Brúnsvík
					CA 6 ([D])	Nóvaskótía
					CA 7 ([D])	Prince Edward-eyja
					CA 8 ([D])	Nýfundnaland og Labrador
					CA 9 ([D])	Júkon
					CA 10 ([D])	Norðvesturlandsvæðin
					CA 11 ([D])	Nunavut
CL	Síle	X ([A])				Landið allt
CN	Kína	X ([B])				Landið allt
CO	Kólumbía	X ([B])				Landið allt
CG	Kongó	X ([B])				Landið allt
CK	Cookseyjar	X ([F])	X ([F])	X ([F])		Landið allt
HR	Króatía	X ([A])				Landið allt

([7]) Samkvæmt 11. gr. má einnig flytja skrautfiska af tegundum sem eru ekki smitnæmar fyrir neinum þeirra sjúkdóma sem eru tilgreindir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB og skrautlindýr og skrautkrabbadýr, sem ætluð eru í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr, inn í Sambandið frá þriðju löndum eða yfirráðasvæðum sem eru aðilar að Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni.

Land/yfirráðasvæði		Lagareldistegund			Svæði/hólf	
ISO-kóði	Heiti	Fiskur	Lindýr	Krabbadýr	Kóði	Lýsing
HK	Hong Kong	X (B)				Landið allt
ID	Indónesía	X (A)				Landið allt
IL	Ísrael	X (A)				Landið allt
JM	Jamaíka	X (B)				Landið allt
JP	Japan	X (B)				Landið allt
KI	Kíribatí	X (F)	X (F)	X (F)		Landið allt
LK	Srí Lanka	X (B)				Landið allt
MH	Marshall-eyjar	X (F)	X (F)	X (F)		Landið allt
MK[35]	Makedónía (fyrrverandi lýðveldi Júgóslavíu)	X (B)				Landið allt
MY	Malasía	X (B)				Vesturmalasíuskagi
NR	Nárú	X (F)	X (F)	X (F)		Landið allt
NU	Niue	X (F)	X (F)	X (F)		Landið allt
NZ	Nýja-Sjáland	X (B)				Landið allt
PF	Franska Pólýnesía	X (F)	X (F)	X (F)		Landið allt
PG	Papúa Nýja-Gínea	X (F)	X (F)	X (F)		Landið allt
PN	Pitcairn	X (F)	X (F)	X (F)		Landið allt
PW	Palá	X (F)	X (F)	X (F)		Landið allt
RU	Rússland	X (A)				Landið allt
SB	Salómons-eyjar	X (F)	X (F)	X (F)		Landið allt
SG	Singapúr	X (B)				Landið allt
ZA	Suður-Afríka	X (A)				Landið allt
TW	Taívan	X (B)				Landið allt
TH	Taíland	X (A)				Landið allt
TR	Tyrkland	X (A)				Landið allt
TK	Tókelá	X (F)	X (F)	X (F)		Landið allt
TO	Tonga	X (F)	X (F)	X (F)		Landið allt
TV	Túvalú	X (F)	X (F)	X (F)		Landið allt

Land/yfirráðasvæði		Lagareldistegund			Svæði/hólf	
ISO-kóði	Heiti	Fiskur	Lindýr	Krabbadýr	Kóði	Lýsing
US	Bandaríkin ([G])	X		X	US 0 ([C])	Landið allt
		X			US 1 ([D])	Landið allt, að undanskildum eftirfarandi fylkjum: New York, Ohio, Illinois, Michigan, Indiana, Wisconsin, Minnesota og Pennsylvania
			X		US 2	Humboldt-flói (California)
					US 3	Netarts-flói (Oregon)
					US 4	Wilapa-flói, Totten-fjörður, Oakland-flói, Quilcence-flói og Dabob-flói (Washington)
					US 5	NELHA (Hawaii)
WF	Wallis- og Fútúnaeyjar	X ([F])	X ([F])	X ([F])		Landið allt
WS	Samóa	X ([F])	X ([F])	X ([F])		Landið allt

([A]) Á við um allar fisktegundir.
([B]) Á einungis við um *Cyprinidae*.
([C]) Á ekki við um fisktegundir sem eru smitnæmar eða smitferjur fyrir veirublæði skv. II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.
([D]) Á einungis við um fisktegundir sem eru smitnæmar eða smitferjur fyrir veirublæði skv. II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.
([E]) Bráðabirgðakóði, sem hefur engin áhrif á endanlega tilgreiningu fyrir þetta land, sem verður samþykktur þegar niðurstaða fæst úr yfirstandandi samningaviðræðum um þetta mál hjá Sameinuðu þjóðunum.
([F]) Á einungis við um innflutning á skrautfiskum sem eru ekki af tegundum sem eru smitnæmar fyrir einhverjum þeirra sjúkdóma sem eru tilgreindir í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB og skrautlindýr og skrautkrabbadýr sem eru ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr.
([G]) Í þessari reglugerð teljast Púertó Ríkó, Bandarísku Jómfrúreyjarnar, Bandaríska Samóa, Gvam og Norður-Maríanaeyjar til Bandaríkja Ameríku.“

3) Í stað A- og B-hluta IV. viðauka komi eftirfarandi:

„A-HLUTI

Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði til notkunar við flutning lagareldisdýra inn í Evrópusambandið til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

<table>
<tr><td colspan="3">I.1. Sendandi
Heiti
Heimilisfang

Símanr.</td><td colspan="2">I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs</td><td>I.2.a.</td></tr>
<tr><td colspan="3"></td><td colspan="3">I.3. Lögbært stjórnvald</td></tr>
<tr><td colspan="3"></td><td colspan="3">I.4. Lögbært staðaryfirvald</td></tr>
<tr><td colspan="3">I.5. Viðtakandi
Heiti
Heimilisfang

Póstnúmer
Símanr.</td><td colspan="3">I.6.</td></tr>
<tr><td>I.7. Upprunaland ISO-kóði</td><td>I.8. Uppruna-svæði Kóði</td><td></td><td>I.9. Viðtökuland ISO-kóði</td><td>I.10. Viðtöku-svæði Kóði</td><td></td></tr>
<tr><td colspan="3">I.11. Upprunastaður

Heiti Samþykkisnúmer

Heimilisfang</td><td colspan="3">I.12.</td></tr>
<tr><td colspan="3">I.13. Fermingarstaður

Heimilisfang Samþykkisnúmer</td><td colspan="3">I.14. Brottfarardagur Brottfarartími</td></tr>
<tr><td colspan="3">I.15. Flutningatæki

Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐

Ökutæki ☐ Annað ☐

Auðkenning
Tilvísun í skjöl</td><td colspan="3">I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning inn í ESB

I.17. CITES-nr.</td></tr>
<tr><td colspan="3">I.18. Lýsing á vöru</td><td></td><td colspan="2">I.19. Vörunúmer (ST-númer)</td></tr>
<tr><td colspan="3"></td><td colspan="2"></td><td>I.20. Magn</td></tr>
<tr><td colspan="4">I.21.</td><td colspan="2">I.22. Fjöldi pakkninga</td></tr>
<tr><td colspan="3">I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer</td><td></td><td colspan="2">I.24.</td></tr>
<tr><td colspan="6">I.25. Vörur sem eru vottaðar:

Til undaneldis ☐ Í sóttkví ☐ Til umlagningar ☐ Annað ☐ Sem gæludýr ☐ Sem sirkus-/sýningardýr ☐</td></tr>
<tr><td colspan="3">I.26.</td><td colspan="3">I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐</td></tr>
<tr><td colspan="6">I.28. Auðkenning vörunnar

Dýrategundir (Vísindaheiti) Magn</td></tr>
</table>

LAND:

Lagareldisdýr til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

II. hluti: Vottorð

II.1. **Almennar kröfur**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur í I. hluta þessa vottorðs:

II.1.1. hafa verið skoðuð innan 72 klukkustunda frá fermingu og sýndu engin klínísk sjúkdómseinkenni,

II.1.2. eru ekki í banni vegna aukinnar dánartíðni sem ekki hefur fundist skýring á,

II.1.3. eru hvorki ætluð til eyðingar né slátrunar vegna upprætingar á sjúkdómum, og

II.1.4. koma frá lagareldisstöðvum sem eru allar undir eftirliti lögbærs yfirvalds,

II.1.5. (1)[ef um lindýr er að ræða: sættu einstaklingsbundinni, sjónrænni skoðun á öllum hlutum sendingarinnar og ekki fundust aðrar lindýrategundir en þær sem voru tilgreindar í I. hluta þessa vottorðs.]

II.2. **([1])([2])([3])[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir blóðmyndandi drepi, ostruveiki (*Bonamia exitiosa*), perkinsveiki, dvergkornadreyra, rauðhala og/eða gulhöfðaveiki**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur hér að ofan:

annaðhvort ([1])([5])[eiga uppruna sinn í landi/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í upprunalandinu hefur lýst yfir að sé laust við ([1])[blóðmyndandi drep] ([1])[ostruveiki (*Bonamia exitiosa*)] ([1])[perkinsveiki] ([1])[dvergkornadreyra] ([1])[rauðhala] ([1])[gulhöfðaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar ráðsins 2006/88/EB eða viðeigandi staðal Al þjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar og

i. þar sem tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóm(a) og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma,

ii. allur aðflutningur tegunda, sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, kemur frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn eða sjúkdómana og

iii. tegundir, sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum],

eða ([1])([3])([5])[ef um er að ræða villt lagardýr: hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB]].

II.3. **([1])([4])[Kröfur vegna tegunda sem eru smitferjur fyrir blóðmyndandi drep, ostruveiki (*Bonamia exitiosa*), perkinsveiki, dvergkornadreyra, rauðhala og/eða gulhöfðaveiki**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin, sem um getur hér að ofan sem líta skal á sem hugsanlegar smitferjur fyrir ([1])[blóðmyndandi drep] ([1])[ostruveiki (Bonamia exitiosa)] ([1])[perkinsveiki] ([1])[dvergkornadreyra] ([1])[rauðhala] ([1])[gulhöfðaveiki] þar eð þær eru á meðal tegunda sem eru taldar upp í 2. dálki og uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 3. dálki töflunnar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008:

annaðhvort ([1])([5])[eiga uppruna sinn í landi/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í upprunalandinu hefur lýst yfir að sé laust við ([1])[blóðmyndandi drep] ([1])[ostruveiki (*Bonamia exitiosa*)] ([1])[perkinsveiki] ([1])[dvergkornadreyra] ([1])[rauðhala] ([1])[gulhöfðaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar ráðsins 2006/88/EB eða viðeigandi staðal Al þjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar og

i. þar sem tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóm(a) og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma,

ii. allur aðflutningur tegunda, sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, kemur frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn eða sjúkdómana og

iii. tegundir, sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum],

eða ([1])([5])[hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB.]]

II.4. **([1])([2])([3])[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir veirublæði, iðradrepi, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, martelíuveiki, ostruveiki (*Bonamia ostreae*) og/eða hvítblettaveiki**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin sem um getur hér að ofan:

annaðhvort ([1])([6])[eiga uppruna sinn í landi/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í upprunalandinu hefur lýst yfir að sé laust við ([1])[veirublæði] ([1])[iðradrep] ([1])[blóðþorra] ([1])[skjónakarpaherpesveiki] ([1])[martelíuveiki] ([1])[ostruveiki (*Bonamia ostreae*)] ([1])[hvítblettaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB eða viðeigandi staðal Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar og

i. þar sem tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóm(a) og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma,

ii. allur aðflutningur tegunda, sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, kemur frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn eða sjúkdómana og

LAND: **Lagareldisdýr til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr**

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a.	Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

iii. tegundir, sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum]

eða ([1])([3])([6])[ef um er að ræða villt lagardýr: hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB]].

II.5. **([1])([4])[Kröfur vegna tegunda sem eru smitferjur fyrir veirublæði, iðradrep, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, martelíuveiki, ostruveiki (*Bonamia ostreae*) og/eða hvítblettaveiki**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin, sem um getur hér að ofan sem líta skal á sem hugsanlegar smitferjur fyrir ([1]) [veirublæði] ([1])[iðradrep] ([1]) [blóðþorra] ([1]) [skjónakarpaherpesveiki] ([1]) [martelíuveiki] ([1]) [ostruveiki (*Bonamia ostreae*)] ([1])[hvítblettaveiki] þar eð þær eru á meðal tegunda sem eru taldar upp í 2. dálki og uppfylla skilyrðin sem sett eru fram í 3. dálki töflunnar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008:

annaðhvort ([1])([6])[eiga uppruna sinn í landi/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í upprunalandinu hefur lýst yfir að sé laust við ([1])[veirublæði] ([1])[iðradrep] ([1])[blóðþorra] ([1])[skjónakarpaherpesveiki] ([1])[martelíuveiki] ([1]) [ostruveiki (*Bonamia ostreae*)] ([1])[hvítblettaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB eða viðeigandi staðal Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar og

i. þar sem tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóm(a) og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma,

ii. allur aðflutningur tegunda, sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, kemur frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn eða sjúkdómana og

iii. tegundir, sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum]

eða ([1])([6])[hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB.]]

II.6. **Kröfur um flutning og merkingar**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að:

II.6.1. lagareldisdýrin sem um getur hér að ofan eru geymd við aðstæður, þ.á m. í tengslum við vatnsgæði, sem breyta ekki heilbrigðisástandi þeirra,

II.6.2. flutningagámurinn eða brunnbáturinn er hreinn og sótthreinsaður eða hefur ekki verið notaður áður og

II.6.3. sendingin er auðkennd með læsilegum merkimiða utan á gáminum, eða, ef sendingin er flutt með brunnbát, í farmskrá skipsins, með viðeigandi upplýsingum sem um getur í reitum I.7 til I.13 í I. hluta þessa vottorðs, og með eftirfarandi yfirlýsingu:

annaðhvort ([1])[„([1])[Villt(ir)] ([1])[fiskar] ([1])[lindýr] ([1])[krabbadýr] sem eru ætluð til eldis í Evrópusambandinu"]

eða ([1])[„([1])[Villt] ([1])[lindýr] sem eru ætluð til umlagningar í Evrópusambandinu"]

eða ([1])[„([1])[Villt(ir)] ([1])[fiskar] ([1])[lindýr] ([1])[krabbadýr] sem eru ætluð til notkunar í sleppivötnum í Evrópusambandinu"]

eða ([1])[„Skraut-([1])[fiskar] ([1])[lindýr] ([1])[krabbadýr] sem eru ætluð í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr í Evrópusambandinu"]

eða ([1])([3]) [„([1])[Villt(ir)] ([1])[fiskar] ([1])[lindýr] ([1])[krabbadýr] sem eru ætluð í sóttkví í Evrópusambandinu"].

II.7. **([1])([7])[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, brisdrepi og sýkingu af völdum roðflyðrusníkils (roðflyðrusýki)**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að lagareldisdýrin, sem um getur hér að ofan,

annaðhvort ([1])[eiga uppruna sinn í landi/á yfirráðasvæði eða hluta þess þar sem:

a) tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um ([1])[vorveiru í vatnakarpa] ([1])[roðflyðrusýki] ([1])[nýrnaveiki] ([1])[brisdrep] og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma,

b) öll lagareldisdýr af tegundum, sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum og fluttar eru inn í það land/yfirráðasvæði eða hluta þess, uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í lið II.7 í þessu vottorði,

c) tegundir, sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum og

d) *annaðhvort* þar sem, ([1])[ef um er að ræða ([1])[brisdrep]([1])[nýrnaveiki], farið er að kröfum um sjúkdómaleysi sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB.]

LAND: **Lagareldisdýr til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr**

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a.	Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

og/eða ([1])[uppfylla kröfur er varða sjúkdómaleysi sem mælt er fyrir um í viðeigandi staðli Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar, ef um er að ræða ([1])[vorveiru í vatnakarpa] ([1])[roðflyðrusýki]

og/eða sem, ([1])[ef um er að ræða ([1])[vorveiru í vatnakarpa] ([1])[brisdrep] ([1])[nýrnaveiki], nær yfir staka eldisstöð sem hefur undir eftirliti lögbærs yfirvalds:

i. verið tæmd, hreinsuð og sótthreinsuð og sett í hvíld í a.m.k. 6 vikur,

ii. hefur farið fram endurnýjun stofna með dýrum frá svæðum sem lögbært yfirvald hefur vottað að séu laus við viðkomandi sjúkdóm]]

og/eða ([1]) [ef um er að ræða villt lagardýr, sem eru smitnæm fyrir ([1])[vorveiru í vatnakarpa] ([1])[brisdrepi] ([1])[nýrnaveiki], sem hafa verið sett í sóttkví við aðstæður sem eru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er um fyrir í ákvörðun 2008/946/EB.]

og/eða ([1]) [ef um er að ræða sendingar, sem kröfur varðandi roðflyðrusýki gilda um, og sem hafa, rétt fyrir útflutning, verið 14 daga samfleytt í vatni þar sem seltan er a.m.k. 25 prómill og engin önnur lifandi lagardýr af tegundum sem eru smitnæmar fyrir roðflyðrusýki hafa verið flutt þangað á tímabilinu.]

og/eða ([1])[ef um er að ræða augnhrogn, sem kröfur varðandi roðflyðrusýki gilda um, og sem hafa verið sótthreinsuð með aðferð sem sýnt hefur verið fram á að sé árangursrík gegn roðflyðrusýki.]]

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.19: Nota skal viðeigandi samræmt flokkunarkerfi (ST-númer) Alþjóðatollastofnunarinnar fyrir eftirfarandi liði: 0301, 0306, 0307, 0308 eða 0511.

— Reitir I.20 og I.28: Magnið er gefið upp sem heildarkílóafjöldi nema ef um er að ræða skrautfiska.

— Reitur I.25: Merkið við „Til undaneldis“, ef þau eru ætluð til eldis, „Til umlagningar“, ef þau eru ætluð til umlagningar, „Sem gæludýr“, ef um er að ræða skrautlagardýr sem eiga að fara til endursölu í gæludýrabúðir eða svipuð fyrirtæki, „Sem sirkus-/sýningardýr“, ef um er að ræða skrautlagardýr sem ekki eru ætluð til endursölu og eiga að fara í lagardýrasöfn eða svipuð fyrirtæki, „Í sóttkví“, ef lagareldisdýrin eiga að fara í sóttkví, og „Annað“, ef þau eiga að fara í sleppivötn.

II. hluti:

Strikið út það sem á ekki við.

([1]) Liðir II.2 og II.4 í þessu vottorði eiga eingöngu við um tegundir sem eru smitnæmar fyrir einum eða fleiri af sjúkdómunum sem um getur í yfirskrift viðkomandi hluta. Smitnæmar tegundir eru tilgreindar í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

([2]) Flytja má inn sendingar villtra lagardýra þrátt fyrir kröfurnar sem settar eru fram í liðum II.2 og II.4 í þessu vottorði ef þær eiga að fara í sóttkví í aðstöðu sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.

([3]) Liðir II.3 og II.5 í þessu vottorði eiga eingöngu við um tegundir sem eru smitferjur fyrir einn eða fleiri af sjúkdómunum sem um getur í yfirskrift fyrir viðkomandi lið. Hugsanlegar smitferjutegundir eru tilgreindar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008, ásamt því við hvaða skilyrði skuli líta svo á að sendingar slíkra tegunda séu smitferjur. Flytja má inn sendingar tegunda sem eru hugsanlega smitferjur þrátt fyrir kröfurnar sem settar eru fram í liðum II.3 og II.5 ef skilyrðin, sem sett eru fram í 4. dálki töflunnar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1251/2008, hafa ekki verið uppfyllt eða ef þær eiga að fara í sóttkví í aðstöðu sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.

([4]) Til að leyfi fáist fyrir flutningi inn í Sambandið verður að vera hægt að framvísa einni af þessum yfirlýsingum ef sendingin inniheldur tegundir sem eru smitnæmar eða smitferjur fyrir blóðmyndandi drep, ostruveiki (*Bonamia exitiosa*), perkinsveiki, dvergkornadreyra, rauðhala og/eða gulhöfðaveiki.

([5]) Til að leyfi fáist fyrir flutningi inn í aðildarríki, svæði eða hólf sem lýst hefur verið laust við veirublæði, iðradrep, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, martelíuveiki, ostruveiki (*Bonamia ostreae*) eða hvítblettaveiki, eða er með eftirlitsáætlun eða áætlun um útrýmingu sem var gerð í samræmi við 1. eða 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB, verður að vera hægt að framvísa einni af þessum yfirlýsingum ef sendingin inniheldur tegundir sem eru smitnæmar eða smitferjur fyrir sjúkdóm(a) sem sjúkdómaleysið eða áætlunin gildir um. Gögn um sjúkdómsstöðu hverrar eldisstöðvar og lindýraeldissvæðis í Sambandinu eru aðgengileg á vefslóðinni http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/aquaculture/index_en.htm

([6]) Liður II.7 í þessu vottorði gildir eingöngu um sendingar sem ætlaðar eru fyrir aðildarríki eða hluta aðildarríkis sem talinn er laus við sjúkdóma, eða þar sem samþykkt hefur verið áætlun í samræmi við ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, brisdrep eða roðflyðrusýki og sendingin samanstendur af tegundum sem eru tilgreindar í C-hluta II. viðauka sem smitnæmar fyrir sjúkdómi eða sjúkdómum, sem sjúkdómslausa staðan eða áætlanirnar gilda um.

([7]) Liður II.7 gildir einnig um sendingar fiska af öllum tegundum, sem koma af vatnasvæði þar sem fyrir eru tegundir sem eru tilgreindar í C-hluta II. viðauka sem smitnæmar fyrir sýkingu af völdum roðflyðrusníkils, ef sendingarnar eru ætlaðar aðildarríki eða hluta aðildarríkis sem tilgreindur er í I. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB sem laus við roðflyðrusýki.

LAND: **Lagareldisdýr til eldis, á umlagningarsvæði, í sleppivötn og í opna aðstöðu fyrir skrautlagardýr**

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a.	Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Flytja má inn sendingar villtra lagardýra, þar sem kröfur í tengslum við vorveiru í vatnakarpa, brisdrep og/eða nýrnaveiki eiga við, þrátt fyrir kröfurnar sem settar eru fram í lið II.7 í þessu vottorði, ef þær eiga að fara í sóttkví í aðstöðu sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.

— Stimpill og undirskrift skulu ekki vera í sama lit og aðrar upplýsingar í vottorðinu.

Opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:“

Stimpill:

B-HLUTI

Fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði til notkunar við flutning skrautlagardýra inn í Evrópusambandið sem eru ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I.1. Sendandi Heiti Heimilisfang Símanr.		I.2. Tilvísunarnúmer vottorðs	I.2.a.
		I.3. Lögbært stjórnvald	
		I.4. Lögbært staðaryfirvald	
I.5. Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Símanr.		I.6.	
I.7. Upprunaland ISO-kóði	I.8. Uppruna-svæði Kóði	I.9. Viðtökuland ISO-kóði	I.10. Viðtöku-svæði Kóði
I.11. Upprunastaður Heiti Heimilisfang	Samþykkisnúmer	I.12.	
I.13. Fermingarstaður Heimilisfang	Samþykkisnúmer	I.14. Brottfarardagur	Brottfarartími
I.15. Flutningatæki Flugvél ☐ Skip ☐ Járnbrautarvagn ☐ Ökutæki ☐ Annað ☐ Auðkenning Tilvísun í skjöl		I.16. Skoðunarstöð á landamærum við innflutning inn í ESB	
		I.17. CITES-nr.	
I.18. Lýsing á vöru		I.19. Vörunúmer (ST-númer)	
			I.20. Magn
I.21.			I.22. Fjöldi pakkninga
I.23. Auðkenni gáms/innsiglisnúmer			I.24.
I.25. Vörur sem eru vottaðar: Sem gæludýr ☐ Í sóttkví ☐ Sem sirkus-/sýningardýr ☐			
I.26.		I.27. Til innflutnings eða inntöku í ESB ☐	
I.28. Auðkenning vörunnar Dýrategundir (Vísindaheiti)	Magn		

LAND:

Skrautlagardýr sem eru ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

II. hluti: Vottorð

II.1. **Almennar kröfur**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að skrautlagardýrin sem um getur í I. hluta þessa vottorðs:

II.1.1. hafa verið skoðuð innan 72 klukkustunda frá fermingu og sýndu engin klínísk sjúkdómseinkenni,

II.1.2. eru ekki í banni vegna aukinnar dánartíðni sem ekki hefur fundist skýring á og

II.1.3. eru hvorki ætluð til eyðingar né slátrunar vegna upprætingar á sjúkdómum.

II.2. **([1])([2])([3])[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir blóðmyndandi drepi, ostruveiki (*Bonamia exitiosa*), perkinsveiki, dvergkornadreyra, rauðhala og/eða gulhöfðaveiki**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að skrautlagardýrin sem um getur hér að ofan:

annaðhvort ([1])([4])[eiga uppruna sinn í landi/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í upprunalandinu hefur lýst yfir að sé laust við ([1])[blóðmyndandi drep] ([1])[ostruveiki (*Bonamia exitiosa*)] ([1])[perkinsveiki] ([1])[dvergkornadreyra] ([1])[rauðhala] ([1])[gulhöfðaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar ráðsins 2006/88/EB eða viðeigandi staðal Al Þjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar og

i. þar sem tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóm(a) og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma,

ii. allur aðflutningur tegunda, sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, er frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn eða sjúkdómana og

iii. tegundir, sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum],

eða ([1])([4])([5])[hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB].]

II.3. **([1])([2])([3])[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir veirublæði, iðradrepi, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, martelíuveiki, ostruveiki (*Bonamia ostreae*) og/eða hvítblettaveiki**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að skrautlagardýrin sem um getur hér að ofan:

annaðhvort ([1])([5])[eiga uppruna sinn í landi/á yfirráðasvæði, svæði eða hólfi sem lögbært yfirvald í upprunalandinu hefur lýst yfir að sé laust við ([1])[veirublæði] ([1])[iðradrep] ([1])[blóðþorra] ([1])[skjónakarpaherpesveiki] ([1])[martelíuveiki] ([1])[ostruveiki (*Bonamia ostreae*)] ([1])[hvítblettaveiki] í samræmi við VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB eða viðeigandi staðal Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar og

i. þar sem tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um viðkomandi sjúkdóm(a) og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma,

ii. allur aðflutningur tegunda, sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, kemur frá svæði sem lýst hefur verið laust við sjúkdóminn eða sjúkdómana og

iii. tegundir, sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum]

eða ([1])([3])([5])[hafa verið sett í sóttkví í samræmi við ákvörðun 2008/946/EB].]

II.4. **Kröfur um flutning og merkingar**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að:

II.4.1. skrautlagardýrin, sem um getur hér að ofan, eru geymd við aðstæður, þ.á m. í tengslum við vatnsgæði, sem breyta ekki heilbrigðisástandi þeirra,

II.4.2. flutningagámurinn er hreinn og sótthreinsaður eða áður ónotaður og

II.4.3. sendingin er auðkennd með læsilegum merkimiða utan á gáminum sem inniheldur viðeigandi upplýsingar sem um getur í reitum I.7 til I.13 í I. hluta þessa vottorðs og með eftirfarandi yfirlýsingu:

annaðhvort ([1])[„Skraut-([1])[fiskar] ([1])[lindýr] ([1])[krabbadýr] sem eru ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr í Evrópusambandinu“]

eða ([1])[„Skraut-([1])[fiskar] ([1])[lindýr] ([1])[krabbadýr] sem eru ætluð í sóttkví í Evrópusambandinu“]

II.5. ([1]) ([3]) ([6]) **[Kröfur vegna tegunda sem eru smitnæmar fyrir vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, brisdrepi og sýkingu af völdum roðflyðrusníkils (roðflyðrusýki)**

Ég, undirritaður, opinber skoðunarmaður, votta hér með að skrautlagardýrin sem um getur hér að ofan:

LAND: **Skrautlagardýr sem eru ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr**

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a.	Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

annaðhvort ([1])[eiga uppruna sinn í landi/á yfirráðasvæði eða hluta þess þar sem:

a) tilkynna ber lögbæra yfirvaldinu um ([1])[vorveiru í vatnakarpa] ([1])[roðflyðrusýki] ([1])[nýrnaveiki] ([1])[brisdrep] og lögbæra yfirvaldinu ber að rannsaka tafarlaust tilkynningar um grun um smit af völdum viðkomandi sjúkdóms eða sjúkdóma,

b) öll lagareldisdýr af tegundum, sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum og fluttar eru inn í það land/yfirráðasvæði eða hluta þess eru í samræmi við þær kröfur sem settar eru fram í lið II.5 í þessu vottorði,

c) tegundir, sem eru smitnæmar fyrir viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum, hafa ekki verið bólusettar gegn viðkomandi sjúkdómi eða sjúkdómum] og

d) uppfylltar hafa verið kröfur varðandi sjúkdómaleysi vegna ([1])[vorveiru í vatnakarpa] ([1])[roðflyðrusýki] ([1])[nýrnaveiki] ([1])[brisdreps] sem mælt er fyrir um í viðeigandi staðli Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar eða í a.m.k. sama mæli og mælt er fyrir um í VII. kafla tilskipunar 2006/88/EB.]

eða ([1])([3])[hafa verið í sóttkví samkvæmt skilyrðum sem a.m.k. jafngilda þeim sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.]]

Athugasemdir

I. hluti:

— Reitur I.19: Nota skal viðeigandi samræmt flokkunarkerfi (ST-númer) Alþjóðatollastofnunarinnar fyrir eftirfarandi liði: 0301, 0306, 0307, 0308 eða 0511.

— Reitir I.20 og I.28: Magnið er gefið upp sem heildarkílóafjöldi nema ef um er að ræða skrautfiska.

— Reitur I.25: Merkið við „Sem gæludýr“, ef um er að ræða skrautlagardýr sem eiga að fara til endursölu í gæludýrabúðir eða svipuð fyrirtæki, „Sem sirkus-/sýningardýr“, ef um er að ræða skrautlagardýr sem ekki eru ætluð til endursölu og eiga að fara í lagardýrasöfn eða svipuð fyrirtæki, „Í sóttkví“, ef skrautlagardýrin eiga að fara í sóttkví.

II. hluti:

([1]) Strikið út það sem á ekki við.

([2]) Liðir II.2 og II.3 í þessu vottorði eiga eingöngu við um tegundir sem eru smitnæmar fyrir einum eða fleiri af sjúkdómunum sem um getur í yfirskrift viðkomandi hluta. Smitnæmar tegundir eru tilgreindar í II. hluta IV. viðauka við tilskipun 2006/88/EB.

([3]) Flytja má inn sendingar skrautlagardýra þrátt fyrir kröfurnar, sem settar eru fram í liðum II.2. og II.3, ef þau eiga að fara í sóttkví í aðstöðu sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.

([4]) Til að leyfi fáist fyrir flutningi inn í Sambandið verður að vera hægt að framvísa einni af þessum yfirlýsingum ef sendingin inniheldur tegundir sem eru smitnæmar fyrir blóðmyndandi drepi, ostruveiki (*Bonamia exitiosa*), perkinsveiki, dvergkornadreyra, rauðhala og/eða gulhöfðaveiki.

([5]) Til að leyfi fáist fyrir flutningi inn í aðildarríki, svæði eða hólf, sem lýst hafa verið laus við veirublæði, iðradrep, blóðþorra, skjónakarpaherpesveiki, martelíuveiki, ostruveiki (*Bonamia ostreae*) eða hvítblettaveiki, eða eru með eftirlitsáætlun eða áætlun um útrýmingu sem var gerð í samræmi við 1. eða 2. mgr. 44. gr. tilskipunar 2006/88/EB, verður að vera hægt að framvísa einni af þessum yfirlýsingum ef í sendingunni eru tegundir sem eru smitnæmar fyrir sjúkdómum sem sjúkdómaleysið eða eftirlits- eða útrýmingaráætlunin gildir um. Gögn um sjúkdómastöðu á mismunandi svæðum Sambandsins eru aðgengileg á vefslóðinni http://ec.europa.eu/food/animal/liveanimals/aquaculture/index_en.htm

([6]) Liður II.5 í þessu vottorði gildir eingöngu um sendingar sem ætlaðar eru fyrir aðildarríki eða hluta aðildarríkis sem talinn er laus við sjúkdóma, eða þar sem samþykkt hefur verið áætlun í samræmi við ákvörðun 2010/221/ESB að því er varðar vorveiru í vatnakarpa, nýrnaveiki, brisdrep eða roðflyðrusýki og sendingin samanstendur af tegundum sem eru tilgreindar í C-hluta II. viðauka sem smitnæmar fyrir sjúkdómi eða sjúkdómum, sem sjúkdómslausa staðan eða áætlanirnar gilda um.

Liður II.5 gildir einnig um sendingar fiska af öllum tegundum, sem koma af vatnasvæði þar sem fyrir eru tegundir sem eru tilgreindar í C-hluta II. viðauka sem smitnæmar fyrir sýkingu af völdum roðflyðrusnikils, ef sendingarnar eru ætlaðar aðildarríki eða hluta aðildarríkis sem tilgreindur er í I. viðauka við ákvörðun 2010/221/ESB sem laus við roðflyðrusýki.

Flytja má inn sendingar skrautlagardýra, þar sem kröfur í tengslum við vorveiru í vatnakarpa, brisdrep og/eða nýrnaveiki eiga við, þrátt fyrir kröfurnar sem settar eru fram í lið II.5 í þessu vottorði, ef þær eiga að fara í sóttkví í aðstöðu sem samræmist kröfunum sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2008/946/EB.

— Stimpill og undirskrift skulu ekki vera í sama lit og aðrar upplýsingar í vottorðinu.

LAND:

Skrautlagardýr sem eru ætluð í lokaða aðstöðu fyrir skrautlagardýr

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a.	Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.

Opinber skoðunarmaður

Nafn (með hástöfum): Menntun, hæfi og titill:

Dagsetning: Undirskrift:“

Stimpill:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 101/2013 **2013/EES/56/27**

frá 4. febrúar 2013

um notkun mjólkursýru til að draga úr örverufræðilegri mengun á yfirborði nautgripaskrokka (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]), einkum 2. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli ([2]) er mælt fyrir um almennar reglur fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja um hollustuhætti vegna matvæla, einkum með hliðsjón af meginreglunni varðandi almenna framkvæmd aðferðanna sem grundvallast á greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum (GáHMSS).

2) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu er gildi fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja. Í henni er kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja skuli ekki nota önnur efni en drykkjarhæft vatn til að hreinsa mengun af yfirborði afurða úr dýraríkinu nema notkun efnanna hafi verið samþykkt í samræmi við þá reglugerð.

3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2073/2005 frá 15. nóvember 2005 um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir matvæli ([3]) er auk þess mælt fyrir um örverufræðilegar viðmiðanir fyrir tilteknar örverur og framkvæmdarreglur sem stjórnendur matvælafyrirtækja verða að uppfylla við framkvæmd almennra og sértækra ráðstafana um hollustuhætti sem um getur í reglugerð (EB) nr. 852/2004. Í henni er kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja skuli tryggja að matvæli uppfylli þessar örverufræðilegu viðmiðanir.

4) Hinn 14. desember 2010 tók framkvæmdastjórnin á móti umsókn um samþykki fyrir notkun mjólkursýru til að draga úr mengun á yfirborði nautgripaskrokka og kjöts.

5) Hinn 26. júlí 2011 samþykkti Matvælaöryggisstofnun Evrópu vísindalegt álit um mat á öryggi og verkun mjólkursýru til þess að fjarlægja örverumengun af yfirborði nautaskrokka, stykkjuðu kjöti og afskurði([4]).

6) Í áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að meðhöndlun þar sem notuð er mjólkursýra til afmengunar fylgi ekki öryggisvandi að því tilskildu að efnið, sem er notað, uppfylli nákvæmar skilgreiningar Sambandsins á aukefnum í matvælum. Auk þess komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að meðhöndlun með mjólkursýru dragi umtalsvert úr örverufræðilegri mengun í samanburði við enga meðhöndlun eða meðhöndlun með drykkjarhæfu vatni og að það sé ólíklegt að slík meðhöndlun myndi stuðla að þróun á þoli hjá örverum.

7) Matvælaöryggisstofnunin mælir með því að stjórnendur matvælafyrirtækja fullgildi örverueyðandi verkun slíkrar meðhöndlunar samkvæmt þeim vinnsluskilyrðum sem eru sértæk fyrir þá og sannprófi styrk mjólkursýrunnar, hitastig við notkun og aðra þætti sem hafa áhrif á verkun mjólkursýrunnar sem afmengandi efnis. Í áliti sínu komst Matvælaöryggisstofnunin einnig að þeirri niðurstöðu að ekki verði um að ræða neikvæð áhrif á umhverfið af völdum þessarar notkunar á mjólkursýru.

8) Samkvæmt áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar verður magn mjólkursýruleifa, sem nautakjötið sogar í sig, ekki meira en 190 mg/kg. Slíkt magn telst vera leifar í samanburði við það virka magn sem er nauðsynlegt til þess að draga úr örverumengun á yfirborði. Auk þess hefur það engin tæknileg áhrif í lokaafurðinni. Magn leifa af mjólkursýru, sem er notuð til að draga úr örverumengun

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 34, 5.2.2013, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

([2]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 1.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(7), 2317.

á yfirborði, er auk þess óverulegt í samanburði við það magn mjólkursýru sem er fyrir hendi í nautakjöti við náttúrulegar aðstæður og því fylgir ekki öryggisvandi. Í tilteknum unnum kjötvörum er leyfilegt að nota mjólkursýrusölt sem matvælaaukefni í þeim tilgangi að auka geymsluþol. Í þeim tilgangi er algengast að nota 20 000 mg/kg. Notkun mjólkursýru í þeim tilgangi að draga úr örverumengun á yfirborði er því greinilega frábrugðin notkun hennar sem matvælaaukefnis.

9) Með hliðsjón af áliti Matvælaöryggisstofnunarinnar, með tilliti til þess að mjólkursýra getur dregið umtalsvert úr mögulegri örverufræðilegri mengun, þykir rétt að samþykkja notkun hennar til að draga úr yfirborðsmengun. Slík notkun skal þó háð tilteknum skilyrðum. Notkun hennar skal takmarkast við notkun á skrokka eða hálfa skrokka eða fjórðunga í sláturhúsum og hún skal felld inn í góðar hollustustarfsvenjur og kerfi sem grundvallast á GáHMSS.

10) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 231/2012 frá 9. mars 2012 um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum sem eru tilgreind í II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008([5]) er mælt fyrir um nákvæmar skilgreiningar á aukefnum í matvælum, einkum í tengslum við uppruna, hreinleikaskilyrði og aðrar nauðsynlegar upplýsingar.

11) Í samræmi við álit Matvælaöryggisstofnunarinnar skal mjólkursýra, sem er notuð til að draga úr mengun á yfirborði nautgripaskrokka, vera í samræmi við nákvæmar skilgreiningar um mjólkursýru sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins. Af þeim sökum er rétt, ef mjólkursýra er notuð til að draga úr örverufræðilegri yfirborðsmengun samkvæmt þessari reglugerð, að slík mjólkursýra sé í samræmi við nákvæmu skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 231/2012.

12) Notkun mjólkursýru til að draga úr örverufræðilegri mengun á yfirborði nautgripaskrokka eða hálfra skrokka eða fjórðunga má ekki hafa áhrif á þá skyldu stjórnanda matvælafyrirtækisins að fara að kröfum í löggjöf Sambandsins um hollustuhætti á sviði matvæla, eins og mælt er fyrir um í reglugerðum (EB) nr. 852/2004, (EB) nr. 853/2004 og (EB) nr. 2073/2005, og ekki skal á nokkurn hátt litið þannig á að hún komi í staðinn fyrir góða hollustuhætti og verklagsreglur við slátrun eða í stað þess að farið sé að kröfunum í þessum reglugerðum.

13) Fastanefndin um matvælaferlið og heilbrigði dýra skilaði ekki áliti innan þeirra tímamarka sem formaðurinn setti. Af þeim sökum lagði framkvæmdastjórnin tillögu fyrir ráðið varðandi þessa ráðstöfun og sendi hana um leið til Evrópuþingsins.

14) Í ljósi þess að ráðið brást ekki við og Evrópuþingið andmælti ekki ráðstöfuninni innan viðeigandi frests skal framkvæmdastjórnin samþykkja ráðstöfunina.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Stjórnendum matvælafyrirtækja er heimilt að nota mjólkursýru til að draga úr örverufræðilegi mengun á yfirborði nautgripaskrokka eða hálfra skrokka eða fjórðunga í sláturhúsinu í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

([5]) Stjtíð. ESB L 83, 22.3.2012, bls. 1.

VIÐAUKI

I. HLUTI

Skilyrði fyrir notkun mjólkursýru til að draga úr örverufræðilegri mengun á yfirborði nautgripaskrokka eða hálfra skrokka eða fjórðunga í sláturhúsinu

1. Mjólkursýrulausnir skal einungis tilreiða úr mjólkursýru sem uppfyllir nákvæmu skilgreiningar sem eru settar fram í reglugerð (ESB) nr. 231/2012.

2. Mjólkursýrulausnir skal:

   a) einungis nota á heila kjötskrokka eða hálfa skrokka eða fjórðunga af nautgripum sem teljast til húsdýra (þ.m.t. *Bubalus*- og *Bison*-tegundir) í sláturhúsinu,

   b) einungis nota með sprautun eða úðun með 2% til 5% mjólkursýrulausn í drykkjarhæfu vatni við hitastig sem er í mesta lagi 55 °C.

   c) einungis nota við stýrð og sannprófanleg skilyrði, sem eru felld inn í stjórnunarkerfi sem grundvallast á GáHMSS-kerfinu og felur a.m.k. í sér viðmiðanirnar sem eru settar fram í II. hluta.

3. Ekki má nota mjólkursýrulausnir á skrokka sem eru með sýnileg merki um saurmengun.

4. Notkun mjólkursýrulausnar má ekki hafa í för með sér neinar eðlisbreytingar á kjötinu sem ekki ganga til baka.

II. HLUTI

Lágmarksviðmiðanir og eftirlitsbreytur fyrir GáHMSS

1. Í því skyni að meta hvort farið er að örverufræðilegum viðmiðunum í skilningi reglugerðar (EB) nr. 2073/2005 skal sýnataka úr skrokkum fara fram áður en mjólkursýrulausnir eru notaðar á skrokkana eða hálfa skrokka eða fjórðunga.

2. Styrkur mjólkursýru meðan á meðhöndlun stendur skal, sem hluti af GáHMSS-áætluninni, sannreyndur með reglubundinni vöktun, skjalfestur og skráður.

3. Hitastig mjólkursýrulausnarinnar meðan á meðhöndlun stendur skal, sem hluti af GáHMSS-áætluninni, vaktað stöðugt með mælingum með mælitækjum, skjalfest og skráð.

III. HLUTI

Upplýsingar um meðhöndlunina

Stjórnendur matvælafyrirtækja, sem reka sláturhús þar sem notaðar eru mjólkursýrulausnir til að draga úr örverumengun á yfirborði heilla skrokka eða hálfra eða fjórðunga, skulu tilkynna stjórnanda matvælafyrirtækisins, sem tekur á móti meðhöndluðu skrokkunum eða hálfu skrokkunum eða fjórðungunum, um slíka notkun. Þessa upplýsingar skulu skjalfestar.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2013/8/ESB **2013/EES/56/28**

frá 26. febrúar 2013

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/144/EB um tiltekna íhluti og eiginleika dráttarvéla á hjólum fyrir landbúnað eða skógrækt, í því skyni að aðlaga tæknileg ákvæði hennar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/37/EB frá 26. maí 2003 um gerðarviðurkenningu á dráttarvélum fyrir landbúnað eða skógrækt, eftirvögnum þeirra og útskiptanlegum, dregnum tækjum ásamt kerfum þeirra, íhlutum og aðskildum tæknieiningum og um niðurfellingu á tilskipun 74/150/EBE ([1]), einkum b-lið 1. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í IV. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/144/EB ([2]) eru sett almenn ákvæði og kröfur um véltengi á milli dráttarvéla og eftirvagna og lóðrétt álag á tengipunktinn.

2) Á síðustu árum hafa nýjar tegundir tengja verið tekin í notkun í Sambandinu og þau eru viðurkennd sem stendur landsbundið á grundvelli ISO-staðla. Þetta eru nánar tiltekið fast gaffaltengi (ISO 6489-5:2011), kúlutengi (ISO 24347:2005) og pinnatengi (ISO 6489-4:2004).

3) Til þess að taka tillit til núverandi markaðsaðstæðna, lágmarka hugsanleg öryggis- og efnahagsleg áhrif og gera það mögulegt að þessi tengi fái EB-gerðarviðurkenningu, er nauðsynlegt að fella viðkomandi tengi og viðeigandi ISO-staðla inn í tilskipun 2009/144/EB.

4) Því ber að breyta tilskipun 2009/144/EB til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 20. gr. tilskipunar 2003/37/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2009/144/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. apríl 2014. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim vísun til þessarar tilskipunar nema slík tilvísun fylgi þeim þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 26. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 56, 28.2.2013, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 156/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 171, 9.7.2003, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 33.

VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2009/144/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 1.1 komi eftirfarandi:

„1.1. „Véltengi milli dráttarvélar og eftirvagns“: íhlutirnir sem er komið fyrir á dráttarvélinni og á dregna ökutækinu þannig að vélræn tenging sé á milli þeirra.

Þessi tilskipun tekur eingöngu til íhluta véltengja fyrir dráttarvélar.

Helstu gerðir íhluta véltengja fyrir dráttarvélar sem aðallega er greint á milli:

— gaffaltengi (sjá myndir 1 og 2 í 1. viðbæti),

— fast gaffaltengi (sjá mynd 1d í 1. viðbæti),

— dráttarkrókur (sjá mynd 1 — „Mál dráttarkróks“ í ISO 6489-1:2001),

— dráttarbeisli (sjá mynd 3 í 1. viðbæti),

— kúlutengi (sjá mynd 4 í 1. viðbæti),

— pinnatengi (sjá mynd 5 í 1. viðbæti).“

2) Í stað liðar 2.7 komi eftirfarandi:

„2.7. Þegar um er að ræða gaffal skal dráttaraugað geta snúist a.m.k. 90° áslægt til hægri eða vinstri um lengdarás tengingarinnar með föstu hemlunarvægi, sem er á bilinu 30 til 150 Nm.

Þegar um er að ræða dráttarkrók, fast gaffaltengi, kúlutengi og pinnatengi skal dráttaraugað geta snúist a.m.k. 20° áslægt til hægri eða vinstri um lengdarás tengisins.“

3) Í stað liðar 3.1 komi eftirfarandi:

„3.1. **Mál**

Mál véltengiíhluta á dráttarvélinni skulu vera í samræmi kröfurnar í 1. viðbæti, myndir 1–5 og töflu 1.“

4) Í stað liðar 3.3.1 komi eftirfarandi:

„3.3.1. Framleiðandi ákvarðar hámark lóðrétta kyrrstöðuálagsins. Það má þó ekki vera meira en 3000 kg, nema þegar um er að ræða kúlutengi, þar sem hámarksgildið skal ekki vera meira en 4000 kg.“

5) Eftirfarandi málsliður bætist við lið 3.4.1:

“Massar m_t, m_{lt}, m_a og m_{la} eru gefnir upp í kg“

6) Í stað liðar 4.2 komi eftirfarandi:

„4.2. Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir hverja gerð véltengiíhlutar fylgi eftirfarandi skjöl og upplýsingar:

— teikningar af tengibúnaðinum í réttum hlutföllum (þrírit): Þessar teikningar skulu einkum gefa nákvæmlega til kynna þau mál sem krafist er og mælingar fyrir uppsetningu,

— stutt tæknileg lýsing á tengibúnaðinum þar sem gerð er grein fyrir framleiðslugerð og efninu sem er notað,

— tilgreining á D-gildinu sem um getur í 2. viðbæti fyrir hreyfiprófun og T-gildinu (dráttarmassi í tonnum), sem samsvarar 1,5 sinnum tæknilega leyfilegum hámarksmassa með hleðslu, sem um getur í 3. viðbæti fyrir kyrrstöðuprófun, og einnig lóðrétt álag á tengipunktinn S (gefinn upp í kg),

— eitt eða fleiri sýnishorn búnaðar að beiðni tækniþjónustunnar.“,

7) Í stað liðar 5.1.3 og 5.1.4 komi eftirfarandi:

„5.1.3. þegar styrkleiki er athugaður í samræmi við 2. viðbæti (hreyfiprófun):

leyfilegt D-gildi (kN),

kyrrstöðugildi lóðrétts álags S (kg),

5.1.4. þegar styrkleiki er athugaður í samræmi við 3. viðbæti (kyrrstöðuprófun):

dráttarmassi T (tonn) og lóðrétt álag á tengipunkt S (kg).“

8) Í stað liðar 6 komi eftirfarandi:

„6. NOTKUNARLEIÐBEININGAR


Öllum véltengjum skulu fylgja notkunarleiðbeiningar framleiðanda. Þessar leiðbeiningar skulu taka til EB-gerðarviðurkenningarnúmers íhlutar sem og gildis D (kN) eða T (tonn), eftir því hvaða prófun var framkvæmd á tenginu.“

9) Ákvæðum 1. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi mynd 1d og tafla 1 bætast við á eftir mynd 1c:

„Mynd 1d

Fast gaffaltengi (í samræmi við ISO 6489-5:2011)



Tafla 1


Lögun og mál gaffaltengja á eftirvögnum eða tækjum

Lóðrétt álag S kg	**D-gildi** D kN	**Lögun**	**Mál** mm		
			D ± 0,5	a lágm.	b lágm.
≤ 1000	≤ 35	w	18	50	40
≤ 2000	≤ 90	x	28	70	55
≤ 3000	≤ 120	y	43	100	80
≤ 3000	≤ 120	z	50	110	95“

b) eftirfarandi myndir 4 og 5 bætast við:


"*Mynd 4*

Kúlutengi (í samræmi við ISO 24341:2005)



Mynd 5

Pinnatengi (í samræmi við ISO 6489-4:2004)



10) Ákvæðum 2. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) í stað fimmtu og sjöttu málsgreinar í lið 2 komi eftirfarandi:

„Lóðréttir kraftþættir hornréttir á akbrautina eru táknaðir með lóðrétta kyrrstöðuálaginu S (kg).

Framleiðandinn gefur upp tæknilega leyfilegan massa M_T and M_R í tonnum.“

b) Í stað liðar 3.2 komi eftirfarandi:

„3.2. **Prófunarkraftar**

Prófunarkrafturinn er rúmfræðilega samsettur úr láréttum og lóðréttum prófunarþáttum svo sem hér segir:

$$F = \sqrt{(F_h^2 + F_v^2)}$$

þar sem:

F_h = ±0,6 · D (kN) þegar um er að ræða breytilegan kraft,

eða

F_h = 1,0 · D (kN) þegar um er að ræða vaxandi kraft (dráttar- eða þrýstings-),

F_v = g · 1,5 · S/1000 (gildi gefið upp í kN)

S = kyrrstöðuálag á dráttarbeisli (álag á akbrautina, gefið upp í kg).“,

11) Í stað liðar 1.5 í 3. viðbæti komi eftirfarandi:


„1.5. Prófunin sem um getur í lið 1.4.2. skal framkvæmd á eftir prófuninni þar sem upphafsálag, þrefalt leyfilegt lóðrétt hámarksálag (í daN, jafnt og g · S/10) sem framleiðandi mælir með, er sett á viðmiðunarmiðju tengibúnaðarins smám saman og er upphafsálagið 500 daN.

Á meðan á prófuninni stendur skal aflögun tengibúnaðar ekki vera meiri en 10% af sveigjanlegri hámarksaflögun.

Eftirlit er viðhaft eftir að lóðrétta álaginu hefur verið aflétt (í daN, jafnt og g · S/10) og komið hefur verið á upphaflegu 500 daN álagi.“,

12) Eftirfarandi dæmi bætist við 4. viðbæti:

„Dæmi um EB-gerðarviðurkenningarmerki



Tengið sem ber EB-gerðarviðurkenningarmerki íhlutar sem er sýnt hér fyrir ofan er tengi sem hlaut EB-gerðarviðurkenningu í Þýskalandi (e 1) samkvæmt númeri 38-363 og sem kyrrstöðuprófun (S) var gerð á.“,

13) Ákvæðum 5. viðbætis er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað fyrirsagnarinnar:

„UPPLÝSINGAR UM VEITINGU, SYNJUN, AFTURKÖLLUN EÐA RÝMKUN Á EB-GERÐARVIÐURKENNINGU ÍHLUTAR FYRIR ÁKVEÐNA GERÐ TENGIBÚNAÐAR (GAFFALTENGI, FAST GAFFALTENGI, DRÁTTARKRÓKUR, DRÁTTARBEISLI, KÚLUTENGI, PINNATENGI) AÐ ÞVÍ ER VARÐAR STYRKLEIKA, MÁL OG LÓÐRÉTT ÁLAG Á TENGIPUNKT“

b) Í stað liðar 2 komi eftirfarandi:

„2. Gerð tengibúnaðar (gaffaltengi, fast gaffaltengi, dráttarkrókur, dráttarbeisli, kúlutengi, pinnatengi) ([2])“

c) eftirfarandi komi í stað liða 5.1. og 5.2.:

„5.1. *Hreyfiprófun:*

gildið D:

..... (kN)

Lóðrétt álag á tengipunktinn (S):

.....(kg)

5.2. *Kyrrstöðuprófun:*

dráttarmassi T:

..... (tonn)

Lóðrétt álag á tengipunktinn (S):

..... (kg)“,

14) Í stað liðar 9 í 7. viðbæti komi eftirfarandi:

„9. Leyfilegt lóðrétt kyrrstöðuálag á tengipunktinn:

..... (kg)“

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1191/2012 **2013/EES/56/29**

frá 12. desember 2012

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið natríumsalisýlat (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur (e. *biocidal products*, áður sæfiefni) sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu ([2]).

3) Natríumsalisýlat er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir nautgripi og svín, að undanskildum dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis, fyrir allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis að undanskildum fiskum, eingöngu til staðbundinnar notkunar, og fyrir kalkúna, sem gildir um vöðva, húð og fitu, lifur og nýru, að undanskildum dýrum sem gefa af sér egg til manneldis. Bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir það efni, sem sett er fram fyrir kalkúna, rennur út 1. júlí 2015.

4) Þegar viðbótargögn höfðu verið lögð fram og metin lagði dýralyfjanefndin til að bráðabirgðahámarksgildi leifa natríumsalisýlats fyrir kalkúna yrðu endanleg.

5) Því ber að breyta færslunni fyrir natríumsalisýlat í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 12. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 340, 13.12.2012, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1.

VIÐAUKI

Í stað færslunnar sem varðar natríumsalisýlat í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Natríumsalisýlat	Á EKKI VIÐ	Nautgripir, svín	Hámarksgildis leifa ekki krafist	Á EKKI VIÐ	Ætlað til inntöku. Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.	ENGIN FÆRSLA
		Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis nema fiskur	Hámarksgildis leifa ekki krafist	Á EKKI VIÐ	Eingöngu til staðbundinnar notkunar.	
	Salisýlsýra	Tyrkland	400 µg/kg 2500 µg/kg 200 µg/kg 150 µg/kg	Vöðvi Húð og fita í eðlilegum hlutföllum Lifur Nýru	Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér egg til manneldis.	Bólgueyðandi lyf/ Bólgueyðandi lyf, önnur en sterar“

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1186/2012 2013/EES/56/30

frá 11. desember 2012

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið foxím (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur (e. *biocidal products*, áður sæfiefni) sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu ([2]).

3) Foxím er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir sauðfé, sem gildir um vöðva, fitu og nýru, fyrir svín, sem gildir um vöðva, húð og fitu, lifur og nýru, og fyrir kjúklinga, sem gildir um vöðva, húð og fitu, lifur, nýru og egg, þó ekki fyrir dýr sem gefa af sér mjólk til manneldis.

4) Umsókn um rýmkun á gildandi færslu fyrir foxím, þannig að hún nái einnig yfir nautgripi, hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra. Dýralyfjanefndin mælti með því að ákvarða hámarksgildi leifa fyrir foxím fyrir nautgripi, sem gildir um vöðva, fitu, lifur og nýru, að undanskildum dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis, og yfirfæra hámarksgildi leifa fyrir foxím af sauðfé, nautgripum, svínum og kjúklingum yfir á allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis, að undanskildum fiskum, sem gildir um vöðva, fitu, lifur, nýru og egg, að undanskildum dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.

6) Því ber að breyta færslunni fyrir foxím í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis, að undanskildum fiskum.

7) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 13. febrúar 2013.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 338, 12.12.2012, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað færslunnar sem varðar foxím í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Foxím	Foxím	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis að undanskildum fiski.	25 µg/kg 550 µg/kg 50 µg/kg 30 µg/kg 60 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru Egg	Fyrir svín og alifugla varðar þetta leyfilega hámarksgildi leifa fyrir fitu „húð og fitu í eðlilegum hlutföllum“. Ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis.	Sníklalyf/útsníklalyf“

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1161/2012 2013/EES/56/31

frá 7. desember 2012

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið fenbendasól (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur (e. *biocidal products*, áður sæfiefni) sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu ([2]).

3) Fenbendasól er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir öll jórturdýr, sem gildir um vöðva, fitu, lifur, nýru og mjólk og fyrir svín og dýr af hestaætt, sem gildir um vöðva, fitu, lifur og nýru.

4) Umsókn um rýmkun á gildandi færslu fyrir fenbendasól, þannig að færslan nái yfir kjúklinga, hefur verið lögð fyrir Lyfjastofnun Evrópu.

5) Samkvæmt 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009 skal Lyfjastofnun Evrópu íhuga að nota hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í tilteknum matvælum, fyrir önnur matvæli, sem unnin eru úr sömu dýrategund, eða hámarksgildi leifa, sem hafa verið ákvörðuð fyrir lyfjafræðilega virkt efni í einni eða fleiri dýrategundum, fyrir aðrar tegundir dýra. Dýralyfjanefndin mælti með því að yfirfæra hámarksgildi leifa fyrir fenbendasól af öllum jórturdýrum, svínum og dýrum af hestaætt yfir á allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis, að undanskildum fiskum, sem gildir um vöðva, fitu, lifur, nýru, mjólk og egg.

6) Því ber að breyta færslunni fyrir fenbendasól í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis, að undanskildum fiskum og markvefnum „egg“.

7) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 6. febrúar 2013.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 336, 8.12.2012, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað færslunnar sem varðar fenbendasól í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Fenbendasól	Summa útdraganlegra leifa sem geta oxast í oxfendasólsúlfóni	Allar tegundir sem gefa af sér afurðir til manneldis nema fiskur	50 µg/kg 50 µg/kg 500 µg/kg 50 µg/kg 10 µg/kg 1300 µg/kg	Vöðvi Fita Lifur Nýru Mjólk Egg	Fyrir svín og alifugla varðar þetta leyfilega hámarksgildi leifa fyrir fitu „húð og fitu í eðlilegum hlutföllum“.	Sníklalyf/innsníklalyf“

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1235/2010 **2013/EES/56/32**

frá 15. desember 2010

um breytingu, að því er varðar lyfjagát vegna mannalyfja, á reglugerð (EB) nr. 726/2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu og á reglugerð (EB) nr. 1394/2007 um hátæknimeðferðarlyf (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr. og c-lið 4. mgr. 168. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar ([3]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 726/2004 ([5]) var innleidd málsmeðferð á vettvangi Sambandsins við veitingu markaðsleyfis fyrir tilteknum flokkum lyfja (miðlæg málsmeðferð), mælt fyrir um reglur um lyfjagát fyrir þau lyf og Lyfjastofnun Evrópu stofnuð (heitið notað óstytt).

2) Nauðsynlegt er að hafa reglur um lyfjagát í því skyni að standa vörð um lýðheilsu svo að koma megi í veg fyrir, greina og meta aukaverkanir af mannalyfjum sem sett eru á markað Sambandsins þar eð heildstæðar upplýsingar um öryggi mannalyfja liggja ekki fyrir fyrr en eftir að þau hafa verið sett á markað.

3) Vatns- og jarðvegsmengun af völdum lyfjaleifa verður að umhverfisvandamáli ef svo fer sem horfir. Aðildarríkin skulu taka til athugunar að gera ráðstafanir til að vakta og meta áhættu af umhverfisáhrifum sem þessi mannalyf geta haft, þ.m.t. þau sem kunna að hafa áhrif á lýðheilsu. Framkvæmdastjórnin skal, m.a. á grundvelli gagna frá Lyfjastofnun Evrópu, frá Umhverfisstofnun Evrópu og frá aðildarríkjunum, gera skýrslu um umfang vandans ásamt því að meta hvort gera þurfi breytingar á löggjöf Sambandsins um mannalyf eða annarri löggjöf Sambandsins sem skiptir máli í þessu samhengi.

4) Að fenginni reynslu og að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar á lyfjagátarkerfi Sambandsins hefur komið í ljós að nauðsynlegt er að gera ráðstafanir til að auka skilvirkni löggjafar Sambandsins að því er varðar lyfjagát fyrir mannalyf.

5) Unnið skal áfram að meginverkefnum Lyfjastofnunar Evrópu á sviði lyfjagátar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 726/2004, og þau þróuð frekar, einkum að því er varðar stjórnun gagnagrunns og gagnavinnslunets Sambandsins á sviði lyfjagátar (hér á eftir nefndur „Eudravigilance-gagnagrunnurinn“), samræmingu aðildarríkjanna á tilkynningum um öryggismál og upplýsingagjöf til almennings varðandi öryggismál.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 348, 31.12.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 306, 16.12.2009, bls. 22.

([2]) Stjtíð. ESB L 79, 27.3.2010, bls. 50.

([3]) Stjtíð. ESB L 229, 23.9.2009, bls. 19.

([4]) Afstaða Evrópuþingsins frá 22. september 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 29. nóvember 2010.

([5]) Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1.

6) Til þess að gera öllum lögbærum yfirvöldum kleift að taka við lyfjagátarupplýsingum um mannalyf með markaðsleyfi í Sambandinu, fá samtímis aðgang að upplýsingunum og samnýta þær skal viðhalda Eudravigilance-gagnagrunninum og efla hann sem eina viðtökustað slíkra upplýsinga. Aðildarríkin skulu því ekki leggja frekari tilkynningarskyldur á markaðsleyfishafa. Aðildarríkin, Lyfjastofnun Evrópu og framkvæmdastjórnin skulu ávallt hafa fullan og fastan aðgang að gagnagrunninum og markaðsleyfishafar og almenningur skulu hafa aðgang á viðeigandi stigi.

7) Lyfjastofnun Evrópu skal koma á fót og viðhalda evrópskri lyfjagátt í því augnamiði að gera lyfjagátarferlin gagnsærri.

8) Rétt þykir að stofna nýja vísindanefnd innan Lyfjastofnunar Evrópu, „nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar "(e. *Pharmacovigilance Risk Assessment Committee*), til þess að tryggja að sú sérþekking og tilföng, sem þarf til mats á lyfjagát á vettvangi Sambandsins, séu fyrir hendi. Nefndin skal skipuð nefndarmönnum, sem aðildarríkin tilnefna og eru menntaðir og hæfir á sviði lyfjaöryggis, þ.m.t. að því er varðar greiningu, mat og lágmörkun á áhættu og miðlun upplýsinga um áhættu, hönnun á öryggisrannsóknum, sem fara fram eftir veitingu markaðsleyfis, og lyfjagátarúttektir, og nefndarmönnum sem framkvæmdastjórnin tilnefnir og eru óháðir sérfræðingar á sviði vísinda eða fulltrúar faglærðra heilbrigðisstarfsmanna og sjúklinga.

9) Reglurnar um vísindanefndir Lyfjastofnunar Evrópu, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 726/2004, gilda um nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar.

10) Mannalyfjanefnd og samræmingarhópurinn, sem var stofnaður með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([6]), skulu styðjast við ráðleggingar nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar, að því er varðar álitamál viðvíkjandi lyfjagát á mannalyfjum, til þess að tryggja samræmd viðbrögð í Sambandinu öllu við öryggisvanda vegna mannalyfja. Til að tryggja samkvæmni og samfellu í öllu öryggismati skal þó lokaábyrgð á útgáfu álits á mati á áhættu og ávinningi af mannalyfjum, sem veitt er leyfi fyrir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 726/2004, hvíla á mannalyfjanefnd og þeim yfirvöldum sem eru lögbær til að veita markaðsleyfi.

([6]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

11) Rétt þykir að nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar gefi ráðleggingar í tengslum við allt mat sem fram fer eftir veitingu markaðsleyfis á vettvangi Sambandsins og byggist á lyfjagátargögnum um mannalyf og nefndin skal vera ábyrg fyrir ráðgjöf um áhættustjórnunarkerfi og vakta skilvirkni þeirra. Slíkt mat á vettvangi Sambandsins skal unnið samkvæmt málsmeðferð sem mælt er fyrir um í tilskipun 2001/83/EB, einnig fyrir mannalyf sem veitt var leyfi fyrir með miðlægu málsmeðferðinni.

12) Lyfjastofnun Evrópu skal annast skrifstofuhald fyrir samræmingarhópinn í samræmi við tilskipun 2001/83/EB. Þar eð umboð samræmingarhópsins á sviði lyfjagátar hefur verið rýmkað skal efla þann tæknilega og stjórnsýslulega stuðning sem skrifstofa Lyfjastofnunar veitir samræmingarhópnum. Setja skal ákvæði um að Lyfjastofnun Evrópu tryggi viðeigandi samræmingu milli samræmingarhópsins og vísindanefnda Lyfjastofnunar Evrópu.

13) Til að unnt sé að vernda lýðheilsu skal fjármagna lyfjagátarstarfsemi Lyfjastofnunar Evrópu með fullnægjandi hætti. Tryggja skal að fullnægjandi fjármögnun fyrir lyfjagátarstarfsemi standi til boða með því að veita Lyfjastofnun Evrópu heimild til að taka gjald af markaðsleyfishöfum. Stýring á þeim sjóðum skal þó vera undir stöðugu eftirliti stjórnarinnar til að óhæði Lyfjastofnunar Evrópu sé tryggt.

14) Til að tryggja að sérþekking innan nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar sé á háu stigi og að hún sé skilvirk skulu skýrslugjafar, sem vinna mat í tengslum við málsmeðferð við lyfjagát í Sambandinu, öryggisskýrslur sem eru uppfærðar reglulega, öryggisrannsóknir eftir veitingu markaðsleyfis og áhættustjórnunarkerfi, fá greiðslu með milligöngu Lyfjastofnunar Evrópu.

15) Lyfjastofnun Evrópu skal því hafa heimild til að taka gjald fyrir að sinna starfsemi samræmingarhópsins innan lyfjagátarkerfis Sambandsins, eins og kveðið er á um í tilskipun 2001/83/EB, og Lyfjastofnun Evrópu skal síðan greiða skýrslugjöfunum innan samræmingarhópsins.

16) Með tilliti til lýðheilsu er nauðsynlegt að auka við þau gögn, sem eru tiltæk þegar leyfið er veitt, með viðbótargögnum um öryggi mannalyfja, sem veitt er leyfi fyrir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 726/2004, og í sumum tilvikum einnig um verkun þeirra. Framkvæmdastjórnin skal því hafa vald til að leggja markaðsleyfishafa þá skyldu á herðar að gera rannsóknir á öryggi og verkun eftir veitingu markaðsleyfis. Þessa skyldu skal vera unnt að leggja á

samtímis því að markaðsleyfið er veitt eða síðar og hún skal sett sem skilyrði í markaðsleyfinu. Markmiðið með slíkum rannsóknum getur verið að safna gögnum sem gera kleift að meta öryggi eða verkun mannalyfja við dagleg læknisstörf.

17) Mjög mikilvægt er að efling lyfjagátarkerfis leiði ekki til ótímabærrar veitingar markaðsleyfa. Þó er veitt leyfi fyrir sumum mannalyfjum með fyrirvara um að þau verði undir viðbótareftirliti. Þetta á við um öll mannalyf sem innihalda nýtt, virkt efni sem og líffræðileg lyf, þ.m.t. samheitalíftæknilyf, sem eru í forgangi að því er varðar lyfjagát. Lögbær yfirvöld geta einnig krafist viðbótareftirlits með tilteknum mannalyfjum sem eru bundin skyldu um öryggisrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis eða skilyrðum eða takmörkunum sem verða tilgreind í áætluninni um áhættustjórnun og varða öryggi og verkun við notkun lyfsins. Almennt er krafist áætlana um áhættustjórnun fyrir ný, virk efni, samheitalíftæknilyf, lyf til nota við barnalækningar og fyrir mannalyf sem fela í sér umtalsverðar breytingar á markaðsleyfinu, þ.m.t. nýtt framleiðsluferli fyrir lyf sem eru framleidd með líftæknilegum aðferðum. Mannalyf, sem skulu vera undir viðbótareftirliti, skulu merkt sem slík með svörtu tákni, sem framkvæmdastjórnin velur á grundvelli ráðlegginga frá nefndinni um áhættumat á sviði lyfjagátar, og með viðeigandi, staðlaðri setningu því til skýringar í samantektinni á eiginleikum viðkomandi lyfs og í fylgiseðli þess. Lyfjastofnun Evrópu skal halda uppfærða skrá yfir slík lyf sem er aðgengileg öllum.

18) Reynslan hefur leitt í ljós að gera þarf skýrari grein fyrir skyldum markaðsleyfishafa að því er varðar lyfjagát á mannalyfjum með markaðsleyfi. Markaðsleyfishafinn skal bera ábyrgð á því að mannalyf hans séu undir stöðugu eftirliti með tilliti til öryggis þeirra, að yfirvöldum sé gert viðvart um allar breytingar sem kynnu að hafa áhrif á markaðsleyfið og á því að tryggja að lyfjaupplýsingarnar séu uppfærðar reglulega. Í ljósi þess að mannalyf kynnu að vera notuð með einhverjum þeim hætti sem samræmist ekki skilmálum markaðsleyfisins skal það heyra undir skyldur markaðsleyfishafans að veita allar tiltækar upplýsingar, þ.m.t. um niðurstöður klínískra rannsókna eða annarra rannsókna, auk þess að tilkynna um hvers kyns notkun viðkomandi lyfs sem samræmist ekki skilmálum markaðsleyfisins. Einnig er rétt að ganga úr skugga um að tekið sé tillit til allra viðeigandi upplýsinga, sem aflað hefur verið um öryggi viðkomandi mannalyfs, þegar kemur að því að endurnýja markaðsleyfið.

19) Vísinda- og læknisfræðirit eru mikilvægar heimildir um tilkynningar um aukaverkanir sem grunur er um. Að því er varðar virk efni, sem eru innihaldsefni í fleiri en einu mannalyfi, er sem stendur tilkynnt oftar en einu sinni um tilfelli aukaverkana sem er lýst í fræðiritum. Til að auka skilvirkni tilkynninga skal Lyfjastofnun Evrópu fylgjast með skilgreindri fræðiritaskrá fyrir skilgreindan lista yfir virk efni sem eru notuð í lyf sem falla undir mörg markaðsleyfi.

20) Þar eð öll gögn um aukaverkanir, sem grunur er um, af völdum mannalyfja, sem aðildarríkin hafa veitt leyfi fyrir, eru send beint í Eudravigilance-gagnagrunninn er ekki nauðsynlegt að hafa mismunandi tilkynningareglur fyrir mannalyf sem veitt er leyfi fyrir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 726/2004. Reglurnar, sem mælt er fyrir um í tilskipun 2001/83/EB, um skráningu og tilkynningu aukaverkana, sem grunur er um, skulu því gilda um mannalyf sem veitt er leyfi fyrir í samræmi við reglugerð (EB) nr. 726/2004.

21) Nauðsynlegt er að lögbær yfirvöld samnýti í auknum mæli tilföng fyrir mat á öryggisskýrslum sem eru uppfærðar reglulega. Málsmeðferðin við mat, sem kveðið er á um í tilskipun 2001/83/EB, skal því gilda þegar um er að ræða aðeins eitt mat (e. *single assessment*) á reglulega uppfærðum öryggisskýrslum yfir mismunandi mannalyf sem innihalda sama virka efnið eða sömu samsetningu virkra efna, þ.m.t. sameiginlegt mat (e. *joint assessment*) á mannalyfjum sem bæði er veitt leyfi fyrir á landsgrundvelli og með miðlægu málsmeðferðinni.

22) Rétt er að efla eftirlitsþáttinn, að því er varðar mannalyf sem veitt er leyfi fyrir með miðlægri málsmeðferð, með ákvæðum um að lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem markaðsleyfishafi geymir grunnskjal sitt fyrir lyfjagátarkerfið, skuli vera eftirlitsyfirvald með lyfjagát.

23) Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([7]) og um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra

([7]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

upplýsinga ([8]). Til að unnt sé að greina, meta, skilja og fyrirbyggja aukaverkanir, auk þess að greina áhættu vegna mannalyfja og grípa til aðgerða til að draga úr henni og auka ávinning af lyfjum með það fyrir augum að standa vörð um lýðheilsu, skal vera unnt að vinna úr persónuupplýsingum innan Eudravigilance-kerfisins en virða jafnframt löggjöf Sambandsins um gagnavernd. Markmiðið, að standa vörð um lýðheilsu, telst vera mikilvægt hagsmunamál fyrir almenning og af þeim sökum er vinnsla persónuupplýsinga réttlætanleg, svo framarlega sem persónugreinanlegar heilbrigðisupplýsingar eru eingöngu unnar þegar nauðsyn krefur og eingöngu þegar hlutaðeigandi aðilar meta þessa nauðsyn á hverju stigi lyfjagátarferlisins.

24) Þessi reglugerð og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/84/ESB frá 15. desember 2010 um breytingu, að því er varðar lyfjagát, á tilskipun 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([9]) auka umfang verkefna Lyfjastofnunar Evrópu að því er varðar lyfjagát, þ.m.t. að fylgjast með tilfellum í fræðiritum, bæta notkun á upplýsingatæknibúnaði og auka upplýsingagjöf til almennings. Lyfjastofnun Evrópu skal gert kleift að fjármagna þessa starfsemi með því að taka gjald af markaðsleyfishöfum. Þau gjöld skulu ekki standa undir verkefnum sem lögbær landsyfirvöld sinna og sem þau yfirvöld taka gjald fyrir í samræmi við tilskipun 2001/83/EB.

25) Lyfjagátarstarfsemin, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, útheimtir að sett verði samræmd skilyrði um inntak og viðhald grunnskjals lyfjagátarkerfisins og einnig lágmarkskröfur varðandi gæðakerfið fyrir lyfjagátarstarfsemi Lyfjastofnunar Evrópu og varðandi notkun alþjóðlega viðurkennds íðorðaforða, sniða og staðla fyrir lyfjagátarstarfsemi sem og lágmarkskröfur varðandi vöktun gagna í Eudravigilance-gagnagrunninum í þeim tilgangi að ákvarða hvort ný áhætta hafi skapast eða hvort áhætta hafi breyst. Einnig skal setja reglur um snið og inntak rafrænna sendinga aðildarríkja og markaðsleyfishafa um aukaverkanir, sem grunur er um, um snið og inntak rafrænna öryggisskýrslna sem eru uppfærðar reglulega og áætlana vegna áhættustjórnunar, auk reglna um snið rannsóknaráætlana, útdrátta og lokaskýrslna rannsókna á öryggi eftir veitingu markaðsleyfis. Samkvæmt 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal, með reglugerð sem er samþykkt í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, setja reglur og almennar meginreglur fyrir fram um tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu. Þar til þessi nýja reglugerð verður samþykkt gildir ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([10]) áfram, að undanskilinni reglunefndarmeðferðinni með grannskoðun, sem gildir ekki.

26) Framkvæmdastjórninni skal veitt heimild til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem komi til viðbótar ákvæðum í cc-lið 4. mgr. 9. gr. og í b-lið 1. mgr. 10. gr. a í reglugerð (EB) nr. 726/2004. Framkvæmdastjórninni skal veitt heimild til að samþykkja viðbótarráðstafanir þar sem tilgreindar eru þær kringumstæður sem gætu kallað á verkunarrannsóknir eftir veitingu markaðsleyfis. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.

27) Ákvæði reglugerðar (EB) nr. 726/2004 um eftirlit með mannalyfjum teljast til sértækra ákvæða í skilningi 2. mgr. 15. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum ([11]).

28) Tryggð skal viðeigandi samræming milli nýstofnaðrar nefndar um áhættumat á sviði lyfjagátar og annarra nefnda Lyfjastofnunar Evrópu, einkum mannalyfjanefndarinnar, nefndarinnar um lyf við fátíðum sjúkdómum sem og nefndarinnar um hátæknimeðferðir sem komið var á fót með reglugerð (EB) nr. 1394/2007 ([12]).

29) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 726/2004 og (EB) nr. 1394/2007 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 726/2004

Reglugerð (EB) nr. 726/2004 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi málsliður bætist við 2. mgr. 5. gr.:

„Mannalyfjanefndin skal reiða sig á vísindalegt mat og ráðleggingar nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar, sem um getur í aa-lið 1. mgr. 56. gr., þegar hún leysir af hendi verkefni sín vegna lyfjagátar sem kveðið er á um í þessari reglugerð, þ.m.t. að samþykkja áhættustjórnunarkerfi og hafa eftirlit með skilvirkni þeirra.“

2. Ákvæðum 4. mgr. 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við:

„aa) ráðleggingar um skilatíðni öryggisskýrslna sem eru uppfærðar reglulega,“.

([8]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.
([9]) Stjtíð. ESB L 348, 31.12.2010, bls. 74.
([10]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.
([11]) Stjtíð. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.
([12]) Stjtíð. ESB L 324, 10.12.2007, bls. 121.

b) Eftirfarandi liðir bætist við:

„ca) upplýsingar um þær ráðstafanir sem mælst er til að séu gerðar til að tryggja örugga notkun lyfsins sem til stendur að taka inn í áhættustjórnunarkerfið,

cb) ef við á, nánari upplýsingar um skyldu, sem ráðlagt er að verði lögð á, til að framkvæma öryggisrannsóknir eftir veitingu markaðsleyfis eða til að uppfylla skyldur, sem eru strangari en þær sem um getur í 3. kafla, viðvíkjandi skráningu eða tilkynningu aukaverkana sem grunur er um,

cc) ef við á, upplýsingar um skyldu, sem ráðlagt er að verði lögð á, til að framkvæma verkunarrannsóknir eftir veitingu markaðsleyfis ef greinst hafa þættir í verkun lyfsins sem eru áhyggjuefni og sem ekki er hægt að komast fyrir fyrr en eftir að viðkomandi lyf hefur verið sett á markað. Skyldan til að framkvæma slíkar rannsóknir skal vera með stoð í framseldum gerðum sem samþykktar hafa verið skv. 10. gr. b, að teknu tilliti til þeirra vísindalegu leiðbeininga sem um getur í 108. gr. a í tilskipun 2001/83/EB.“

c) Í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) matsskýrsla að því er varðar niðurstöður úr lyfjagerðarfræðilegum og forklínískum prófunum og klínískum prófunum og að því er varðar áhættustjórnunarkerfið og lyfjagátarkerfið fyrir viðkomandi lyf.“

3. Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Innan 15 daga frá því að álitið, sem um getur í 2. mgr. 5. gr., berst framkvæmdastjórninni skal hún semja drög að ákvörðun um umsóknina.

Ef fyrirhugað er að veita markaðsleyfi samkvæmt drögum að ákvörðun skal í drögunum vísa í skjölin, sem um getur í a- til d liðum 4. mgr. 9. gr., eða láta þau fylgja með.

Ef fyrirhugað er að veita markaðsleyfi, samkvæmt drögum að ákvörðun, með þeim skilyrðum sem um getur í c-, ca-, cb-, eða cc-liðum 4. mgr. 9. gr. skal í drögunum mæla fyrir um fresti til að uppfylla þessi skilyrði ef nauðsyn krefur.

Ef drög að ákvörðun eru ekki í samræmi við álit Lyfjastofnunar Evrópu skal framkvæmdastjórnin láta fylgja ítarlega skýringu á ástæðunum fyrir þessum mun.

Drög að ákvörðun skulu send til aðildarríkjanna og umsækjandans“.

b) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Lyfjastofnun Evrópu skal annast dreifingu skjalanna, sem um getur í a- til d-liðum 4. mgr. 9. gr., ásamt upplýsingum um þá fresti sem mælt er fyrir um samkvæmt þriðju undirgrein 1. mgr. þessarar greinar.“

4. Eftirfarandi greinar bætist við:

„10. gr. a

1. Eftir að markaðsleyfi hefur verið veitt getur Lyfjastofnun Evrópu skyldað markaðsleyfishafann:

a) til að framkvæma öryggisrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis ef uppi eru áhyggjur af að áhætta stafi af lyfi með markaðsleyfi. Ef fleiri en eitt lyf valda þessum sömu áhyggjum skal Lyfjastofnun Evrópu, að höfðu samráði við nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar, hvetja hlutaðeigandi markaðsleyfishafa til að láta fara fram sameiginlega öryggisrannsókn eftir veitingu markaðsleyfis;

b) til að gera rannsókn á verkun lyfs eftir veitingu markaðsleyfis ef skilningur á sjúkdómnum eða klínísk aðferðafræði benda til þess að umtalsverð endurskoðun þurfi að fara fram á öllu fyrra mati á verkun. Skyldan til að framkvæma rannsókn á verkun lyfs eftir veitingu markaðsleyfis skal vera með stoð í framseldum gerðum sem samþykktar hafa verið skv. 10. gr. b, að teknu tilliti til þeirra vísindalegu leiðbeininga sem um getur í 108. gr. a í tilskipun 2001/83/EB.

Með álagningu slíkrar skyldu skal fylgja viðeigandi, skriflegur rökstuðningur og í honum skal einnig tilgreina markmið og tímamörk að því er varðar framlagningu og framkvæmd rannsóknarinnar.

2. Lyfjastofnun Evrópu skal veita markaðsleyfishafanum færi á að bregðast við álagningu áðurnefndrar skyldu með því að leggja fram skrifleg andmæli, innan tímamarka sem Lyfjastofnun Evrópu tilgreinir, ef markaðsleyfishafinn fer þess á leit innan 30 daga frá því að honum berst skrifleg tilkynning um skylduna.

3. Framkvæmdastjórnin skal aflétta skyldunni eða staðfesta hana á grundvelli skriflegu andmælanna, sem markaðsleyfishafinn lagði fram, og álits Lyfjastofnunar Evrópu. Staðfesti framkvæmdastjórnin skylduna skal breyta markaðsleyfinu svo að skyldan verði gerð að skilyrði í markaðsleyfinu og uppfæra skal áhættustjórnunarkerfið til samræmis við þetta.

10. gr. b

1. Til að hægt sé að ákvarða við hvaða kringumstæður getur verið þörf á verkunarrannsóknum eftir veitingu markaðsleyfis samkvæmt 9. gr. (cc-lið 4. mgr.) og 10. gr. a (b-lið 1. mgr.) í þessari reglugerð er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 87. gr. b og með fyrirvara um skilmála 87. gr. c og 87. gr. d, ráðstafanir sem koma til viðbótar ákvæðum 9. gr. (cc-lið 4. mgr.) og 10 gr. a. (b-lið 1. mgr.).

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framseldar gerðir í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.“

5. Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað annarrar undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Með tilliti til þessa skal handhafi markaðsleyfisins, a.m.k. níu mánuðum áður en markaðsleyfið fellur úr gildi skv. 1. mgr., leggja fyrir Lyfjastofnun Evrópu samsteypta útgáfu málsskjalanna sem varða gæði, öryggi og verkun, þ.m.t. mat á gögnum sem er að finna í tilkynningum um aukaverkanir, sem grunur er um, og í öryggisskýrslum, sem eru uppfærðar reglulega og lagðar fram í samræmi við ákvæði 3. kafla, auk upplýsinga um allar breytingar sem gerðar hafa verið frá því að markaðsleyfið var veitt.“

b) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Þegar markaðsleyfið hefur verið endurnýjað skal það gilda í ótakmarkaðan tíma nema framkvæmdastjórnin ákveði að endurnýja það einu sinni enn til fimm ára í samræmi við 2. mgr., með gildum rökum sem varða lyfjagát, þ.m.t. með þeim rökum að ekki hafi nægilega margir sjúklingar notað viðkomandi lyf.“

c) Í stað 8. mgr. komi eftirfarandi:

„8. Í undantekningartilvikum og að höfðu samráði við umsækjandann er heimilt að veita markaðsleyfið með vissum skilyrðum, einkum um öryggi lyfsins og þá skyldu að tilkynna lögbærum yfirvöldum um öll atvik sem tengjast notkun þess og þær aðgerðir sem gripið skal til. Einungis má veita markaðsleyfið ef umsækjandinn getur sýnt fram á, með hlutlægum og sannanlegum rökum og á grundvelli einnar af ástæðunum sem settar eru fram í I. viðauka við tilskipun 2001/83/EB, að honum er ókleift að leggja fram tæmandi upplýsingar um verkun og öryggi lyfsins við venjuleg notkunarskilyrði. Hvort leyfið helst í gildi er háð árlegu endurmati á þessum skilyrðum.“

6. Eftirfarandi grein bætist við:

„14. gr. a

Markaðsleyfishafi skal fella öll skilyrði, sem um getur í 9. gr. (c-, ca-, cb- og cc-liðum 4. mgr.) eða í 10. gr. a eða í 14. gr. (7. og 8. mgr.), inn í áhættustjórnunarkerfi sitt“.

7. Í stað 1., 2., og 3. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„*16. gr.*

1. Þegar markaðsleyfi hefur verið veitt í samræmi við þessa reglugerð skal markaðsleyfishafinn taka mið af framförum á sviði tækni og vísinda, að því er varðar framleiðslu- og eftirlitsaðferðirnar sem kveðið er á um í d- og h-liðum 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 2001/83/EB, og gera allar þær breytingar sem þörf er á til að hægt sé að framleiða viðkomandi lyf og hafa eftirlit með því með viðurkenndum vísindaaðferðum. Hann skal sækja um samþykki fyrir tilheyrandi breytingum í samræmi við þessa reglugerð.

2. Markaðsleyfishafinn skal þegar í stað tilkynna Lyfjastofnun Evrópu, framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum um allar nýjar upplýsingar sem gætu kallað á breytingar á þeim upplýsingum eða skjölum sem um getur í 8. gr. (3. mgr.), 10. gr., 10. gr. a, 10. gr. b og 11. gr. eða 32. gr. (5. mgr.) tilskipunar 2001/83/EB, í I. viðauka við hana eða í 9. gr. (4. mgr.) þessarar reglugerðar.

Einkum skal markaðsleyfishafi tilkynna Lyfjastofnun Evrópu og framkvæmdastjórninni þegar í stað um hvers kyns bönn eða takmarkanir af hálfu lögbærra yfirvalda í löndum þar sem lyfið er sett á markað og um aðrar nýjar upplýsingar sem gætu haft áhrif á mat á ávinningi og áhættu af viðkomandi lyfi. Í þessum upplýsingum skulu bæði vera jákvæðar og neikvæðar niðurstöður úr klínískum rannsóknum eða öðrum rannsóknum fyrir allar ábendingar og þýði, hvort sem þau eru innifalin í markaðsleyfinu eða ekki, auk gagna um notkun lyfsins í þeim tilvikum þegar slík notkun samræmist ekki skilmálum markaðsleyfisins.

3. Markaðsleyfishafi skal sjá til þess að lyfjaupplýsingar séu uppfærðar reglulega í samræmi við fyrirliggjandi vísindaþekkingu, þ.m.t. niðurstöður mats og ráðleggingar sem hafa verið birtar opinberlega á Evrópsku lyfjagáttinni sem komið var á fót í samræmi við 26. gr.

4. Lyfjastofnun Evrópu getur hvenær sem er beðið markaðsleyfishafa um að afhenda gögn, sem sýna fram á að sambandið milli áhættu og ávinnings sé enn hagstætt, til þess að stöðugt sé unnt að meta þetta samband. Markaðsleyfishafinn skal svara slíkum beiðnum að fullu og umsvifalaust.

Lyfjastofnun Evrópu getur hvenær sem er beðið markaðsleyfishafa um að leggja fram afrit af grunnskjali lyfjagátarkerfisins. Markaðsleyfishafinn skal leggja fram afritið eigi síðar en sjö dögum eftir viðtöku beiðninnar.“

8. Ákvæðum 18. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Þegar um er að ræða lyf, sem eru framleidd innan Sambandsins, skulu lögbær yfirvöld aðildarríkisins eða aðildarríkjanna, sem veittu framleiðsluleyfið, sem kveðið er á um í 1. mgr. 40. gr. tilskipunar 2001/83/EB, fyrir viðkomandi lyfi, vera eftirlitsyfirvöld með framleiðslu.“

b) Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Þegar um er að ræða lyf, sem eru flutt inn frá þriðju löndum, skulu lögbær yfirvöld aðildarríkisins eða aðildarríkjanna, sem veittu innflytjandanum leyfið, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 40. gr. tilskipunar 2001/83/EB, vera eftirlitsyfirvöld með innflutningi nema Sambandið og útflutningslandið hafi gert með sér viðeigandi samkomulag til að tryggja að þetta eftirlit fari fram í útflutningslandinu og að framleiðandinn noti staðla um góða framleiðsluhætti sem eru a.m.k. jafngildir þeim sem mælt er fyrir um í Sambandinu.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„3. Lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem grunnskjal lyfjagátarinnar er geymt, skal vera eftirlitsyfirvald með lyfjagát.“

9. Ákvæðum 19. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Eftirlitsyfirvöld með framleiðslu og innflutningi skulu bera ábyrgð á að sannreyna, fyrir hönd Sambandsins, að handhafi markaðsleyfisins fyrir lyfinu eða framleiðandi þess eða innflytjandi með staðfestu í Sambandinu fullnægi kröfum varðandi framleiðslu og innflutning sem mælt er fyrir um í IV. og XI. bálki tilskipunar 2001/83/EB.

Eftirlitsyfirvöld með lyfjagát skulu bera ábyrgð á að sannreyna, fyrir hönd Sambandsins, að handhafi markaðsleyfisins fyrir lyfinu fullnægi kröfum varðandi lyfjagát sem mælt er fyrir um í IX. og XI. bálki tilskipunar 2001/83/EB. Eftirlitsyfirvöldum er heimilt, ef það er talið nauðsynlegt, að gera eftirlitsúttektir (áður skoðanir) áður en markaðsleyfi er veitt til að sannreyna hvort lyfjagátarkerfið, eins og umsækjandinn lýsir því til stuðnings umsókn sinni, sé nákvæmt og beri árangur.“

b) Í stað annarrar undirgreinar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„Eftirlitsmenn frá aðildarríkjunum, sem búa yfir viðeigandi menntun og hæfi, skulu framkvæma eftirlitsúttektina. Þeim er heimilt að hafa í för með sér skýrslugjafa eða sérfræðing sem er tilnefndur af nefndinni sem um getur í 2. mgr. Skýrsla eftirlitsmannanna skal gerð tiltæk fyrir framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og Lyfjastofnun Evrópu í rafrænu formi.“

10. Ákvæðum 20. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Að fengnu áliti Lyfjastofnunar Evrópu skal framkvæmdastjórnin samþykkja nauðsynlegar bráðabirgðaráðstafanir sem skal beitt tafarlaust.

Taka skal lokaákvörðun um viðkomandi lyf innan sex mánaða í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 87. gr.

Framkvæmdastjórninni er einnig heimilt að samþykkja ákvörðun sem er beint til aðildarríkjanna skv. 127. gr. a í tilskipun 2001/83/EB.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„8. Þrátt fyrir 1.–7. mgr. þessarar greinar skulu málsmeðferðir Sambandsins, sem mælt er fyrir um í 31. gr. og 107. gr. i í tilskipun 2001/83/EB, gilda eins og við á ef ástæðan fyrir því að aðildarríkið eða framkvæmdastjórnin íhuga að taka ákvarðanir eða gera ráðstafanir, sem um getur í þessari grein, er byggð á mati á gögnum sem eru fengin með lyfjagátarstarfsemi.

9. Ef málsmeðferð skv. 31. gr. eða 107. gr. i til 107. gr. k í tilskipun 2001/83/EB tekur til lyfja á tilteknum sviðum eða til meðferðarflokks skulu lyf, sem veitt er leyfi fyrir í samræmi við þessa reglugerð og eru á því sviði eða í þeim flokki, aðeins heyra undir málsmeðferðina skv. 31 gr. eða 107. gr. i til 107. gr. k í þeirri tilskipun, þrátt fyrir 1.–7. mgr. þessarar greinar.“

11. Í stað 3. kafla II. bálks komi eftirfarandi:

„3. KAFLI

LYFJAGÁT

21. gr.

1. Skyldur markaðsleyfishafa, sem mælt er fyrir um í 104. gr. tilskipunar 2001/83/EB, skulu gilda um markaðsleyfishafa mannalyfja sem veitt er leyfi fyrir í samræmi við þessa reglugerð.

Með fyrirvara um ákvæði 2., 3. og 4. mgr. þessarar greinar skulu handhafar markaðsleyfa, sem veitt eru fyrir 2. júlí 2012, ekki vera skuldbundnir til að reka áhættustjórnunarkerfi fyrir hvert og eitt lyf þrátt fyrir ákvæði c-liðar 3. mgr. 104. gr. tilskipunar 2001/83/EB.

2. Lyfjastofnun Evrópu getur lagt á markaðsleyfishafa þá skyldu að reka áhættustjórnunarkerfi, eins og um getur í c-lið 3. mgr. 104. gr. tilskipunar 2001/83/EB, ef uppi eru áhyggjur af áhættu sem kann að hafa áhrif á samband áhættu og ávinnings af tilteknu lyfi með markaðsleyfi. Í því sambandi skal Lyfjastofnun Evrópu einnig skuldbinda markaðsleyfishafann til að leggja fram ítarlega lýsingu á áhættustjórnunarkerfinu sem hann hyggst innleiða fyrir viðkomandi lyf.

Með álagningu slíkrar skyldu skal fylgja viðeigandi, skriflegur rökstuðningur og í honum skal tilgreina frestinn til að leggja fram ítarlega lýsingu á áhættustjórnunarkerfinu.

3. Lyfjastofnun Evrópu skal veita markaðsleyfishafanum færi á að bregðast við álagningu áðurnefndrar skyldu með því að leggja fram skrifleg andmæli, innan tímamarka sem Lyfjastofnun Evrópu tilgreinir, ef markaðsleyfishafinn fer þess á leit innan 30 daga frá því að honum berst skrifleg tilkynning um skylduna.

4. Framkvæmdastjórnin skal aflétta skyldunni eða staðfesta hana á grundvelli skriflegu andmælanna, sem markaðsleyfishafinn lagði fram, og álits Lyfjastofnunar Evrópu. Staðfesti framkvæmdastjórnin skylduna skal markaðsleyfinu breytt til samræmis við það svo að þær ráðstafanir, sem grípa skal til innan ramma áhættustjórnunarkerfisins, verði gerðar að skilyrðum í markaðsleyfinu sem um getur í ca-lið 4. mgr. 9. gr.

22. gr.

Skyldur markaðsleyfishafa, sem mælt er fyrir um í 106. gr. a (1. mgr.) í tilskipun 2001/83/EB, og skyldur aðildarríkjanna, Lyfjastofnunar Evrópu og framkvæmdastjórnarinnar, sem mælt er fyrir um í 2., 3. og 4. mgr. þeirrar greinar, skulu gilda um öryggistilkynningarnar, sem um getur í 57. gr. (e-lið 1. mgr.) þessarar reglugerðar, að því er varðar mannalyf sem veitt er leyfi fyrir í samræmi við þessa reglugerð.

23. gr.

1. Lyfjastofnun Evrópu skal, í samvinnu við aðildarríkin, koma á, viðhalda og birta skrá yfir lyf sem skulu vera undir viðbótareftirliti.

Í skránni skulu vera heiti og virk efni í:

a) lyfjum með markaðsleyfi í Sambandinu sem innihalda nýtt virkt efni sem var ekki í neinu lyfi sem var með markaðsleyfi í Sambandinu 1. janúar 2011,

b) öllum líffræðilegum lyfjum, sem falla ekki undir a-lið, sem veitt var markaðsleyfi eftir 1. janúar 2011.

2. Einnig er heimilt að færa í skrána lyf sem fengið hafa markaðsleyfi samkvæmt þessari reglugerð, með fyrirvara um skilyrðin sem um getur í 9. gr. (c-, ca-, cb- og cc-liðum 4. mgr.) eða í 10. gr. a, 14. gr. (7. og 8. mgr.) og 21. gr. (2. mgr.), að beiðni framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar.

Einnig er heimilt að færa í skrána lyf sem fengið hafa markaðsleyfi samkvæmt tilskipun 2001/83/EB, með fyrirvara um skilyrðin sem um getur í 21. gr. a, 22. gr., 22. gr. a og 104 gr. a í þeirri tilskipun, að beiðni lögbærs landsyfirvalds og að höfðu samráði við nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar.

3. Í skránni skal einnig vera rafrænn tengill við lyfjaupplýsingarnar og samantekt á áætluninni um áhættustjórnun.

4. Lyfjastofnun Evrópu skal taka lyf af skránni fimm árum eftir viðmiðunardagsetninguna fyrir Sambandið sem um getur í 5. mgr. 107. gr. c í tilskipun 2001/83/EB.

Framkvæmdastjórninni eða lögbæru landsyfirvaldi, eins og við á, er þó heimilt, að fengnum ráðleggingum nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar, að lengja þann frest þar til þau telja að skilyrðin, sem um getur í 14. gr. a og 21. gr. (2. mgr.) þessarar reglugerðar eða sem um getur í 22. gr. b og 104 gr. a í tilskipun 2001/83/EB, hafi verið uppfyllt.

5. Yfirlýsingin „Þetta lyf er undir viðbótareftirliti“ og samantekt á eiginleikum lyfsins, auk fylgiseðils, skal fylgja lyfjum sem eru tilgreind í skránni. Á undan þeirri yfirlýsingu skal vera svart tákn sem framkvæmdastjórnin velur, að fengnum ráðleggingum nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar, eigi síðar en 2. janúar 2012 og á eftir yfirlýsingunni skal fylgja viðeigandi, stöðluð setning því til skýringar.

24. gr.

1. Lyfjastofnun Evrópu skal, í samvinnu við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina, koma á og viðhalda gagnagrunni og gagnavinnslukerfi (hér á eftir nefndur „Eudravigilance-gagnagrunnurinn“) til að flokka upplýsingar um lyfjagát varðandi lyf með markaðsleyfi í Sambandinu og til að lögbær yfirvöld geti fengið upplýsingarnar samtímis og samnýtt þær.

Í Eudravigilance-gagnagrunninum skulu vera upplýsingar um aukaverkanir, sem grunur er um hjá fólki, sem eru til komnar vegna notkunar lyfs sem samræmist skilmálum markaðsleyfisins sem og notkunar sem samræmist ekki skilmálum markaðsleyfisins, og aukaverkana sem grunur er um og koma fram í rannsóknum eftir veitingu markaðsleyfis eða tengjast váhrifum í starfi.

2. Lyfjastofnun Evrópu skal, í samvinnu við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina, semja virkniforskriftir fyrir Eudravigilance-gagnagrunninn og ákveða frest til að hrinda þeim í framkvæmd.

Lyfjastofnun Evrópu skal gera ársskýrslu um Eudravigilance-gagnagrunninn og senda Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni. Fyrsta ársskýrslan skal vera tilbúin eigi síðar en 2. janúar 2013.

Þegar Eudravigilance-gagnagrunnurinn hefur náð fullri virkni og kerfið uppfyllir virkniforskriftirnar sem eru samdar samkvæmt fyrstu undirgrein skal stjórn Lyfjastofnunar Evrópu staðfesta það og tilkynna á grundvelli óháðrar úttektarskýrslu þar sem höfð er hliðsjón af ráðleggingum nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar.

Allar umtalsverðar breytingar á Eudravigilance-gagnagrunninum og virkniforskriftunum skulu gerðar með hliðsjón af ráðleggingum nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar.

Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, Lyfjastofnun Evrópu og framkvæmdastjórnin skulu hafa fullan aðgang að Eudravigilance-gagnagrunninum. Markaðsleyfishafar skulu einnig hafa aðgang að honum að því marki sem þeir þurfa til að geta uppfyllt skyldur sínar viðvíkjandi lyfjagát.

Lyfjastofnun Evrópu skal sjá til þess að faglærðir heilbrigðisstarfsmenn og almenningur hafi aðgang á viðeigandi stigi að Eudravigilance-gagnagrunninum en tryggja þó vernd persónuupplýsinga. Lyfjastofnun Evrópu skal hafa samvinnu við alla hagsmunaaðila, þ.m.t. rannsóknarstofnanir, faglærða heilbrigðisstarfsmenn og samtök sjúklinga og neytenda, við skilgreininguna á „aðgangur á viðeigandi stigi“ að Eudravigilance-gagnagrunninum fyrir faglærða heilbrigðisstarfsmenn og almenning.

Gögnin í Eudravigilance-gagnagrunninum skulu gerð aðgengileg almenningi með sniði samantektar, ásamt skýringum á því hvernig skuli túlka gögnin.

3. Lyfjastofnun Evrópu skal, annaðhvort í samvinnu við markaðsleyfishafann eða við aðildarríkið, sem sendi sérstaka tilkynningu um aukaverkanir, sem grunur er um, til Eudravigilance-gagnagrunnsins, bera ábyrgð á að verklagsreglur tryggi gæði og heilleika upplýsinganna sem er safnað í Eudravigilance-gagnagrunninn.

4. Hver tilkynning um aukaverkun, sem grunur er um, og um eftirfylgni með henni, sem markaðsleyfishafar senda til Eudravigilance-gagnagrunnsins, skulu við móttöku sendar rafrænt til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins þar sem aukaverkunin kom fram.

25. gr.

Lyfjastofnun Evrópu skal, í samvinnu við aðildarríkin, hanna stöðluð eyðublöð á vefnum fyrir faglærða heilbrigðisstarfsmenn og sjúklinga til að tilkynna aukaverkanir, sem grunur er um, í samræmi við ákvæðin sem um getur í 107 gr. a í tilskipun 2001/83/EB.

25. gr. a

Lyfjastofnun Evrópu skal, í samvinnu við lögbær landsyfirvöld og framkvæmdastjórnina, koma á fót og viðhalda gagnasafni (hér á eftir nefnt „gagnasafnið“) fyrir öryggisskýrslur, sem eru uppfærðar reglulega, og tilheyrandi matsskýrslur svo að þær séu að fullu og ávallt aðgengilegar framkvæmdastjórninni, lögbærum landsyfirvöldum, nefndinni um áhættumat á sviði lyfjagátar, mannalyfjanefndinni og samræmingarhópnum sem um getur í 27. gr. tilskipunar 2001/83/EB (hér á eftir nefndur „samræmingarhópurinn“).

Lyfjastofnun Evrópu skal semja virkniforskriftir fyrir gagnasafnið í samvinnu við lögbær landsyfirvöld og framkvæmdastjórnina og að höfðu samráði við nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar.

Þegar gagnasafnið hefur náð fullri virkni og uppfyllir virkniforskriftir sem eru samdar samkvæmt annarri málsgrein skal stjórn Lyfjastofnunar Evrópu staðfesta það og tilkynna á grundvelli óháðrar úttektarskýrslu þar sem höfð er hliðsjón af ráðleggingum nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar.

Allar umtalsverðar breytingar á gagnasafninu og virkniforskriftunum skulu ávallt gerðar með hliðsjón af ráðleggingum nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar.

26. gr.

1. Lyfjastofnun Evrópu skal, í samvinnu við aðildarríkin og framkvæmdastjórnina, koma á fót og viðhalda evrópskri lyfjagátt til að miðla upplýsingum um lyf með markaðsleyfi í Sambandinu. Lyfjastofnun Evrópu skal a.m.k. birta eftirfarandi á vefgáttinni:

a) nöfn nefndarmanna þeirra nefnda, sem um getur í a- og aa-liðum 1. mgr. 56. gr. þessarar reglugerðar, og meðlima samræmingarhópsins, ásamt faglegri menntun þeirra og hæfi og yfirlýsingunum sem um getur í 2. mgr. 63. gr. þessarar reglugerðar,

b) dagskrár og fundargerðir allra funda nefndanna, sem um getur í a- og aa-lið 1. mgr. 56. gr. þessarar reglugerðar, og samræmingarhópsins að því er varðar lyfjagátarstarfsemi,

c) samantektir á áætlunum um áhættustjórnun fyrir lyf sem veitt er leyfi fyrir í samræmi við þessa reglugerð,

d) skrána yfir lyf sem um getur í 23. gr. þessarar reglugerðar,

e) skrá yfir þá staði innan Sambandsins, þar sem grunnskjöl lyfjagátarkerfis eru geymd, og samskiptaupplýsingar fyrir fyrirspurnir um lyfjagát viðvíkjandi öllum lyfjum með markaðsleyfi í Sambandinu,

f) upplýsingar um hvernig skuli tilkynna lögbærum landsyfirvöldum um aukaverkanir lyfja, sem grunur er um, og stöðluðu, sérhönnuðu eyðublöðin, sem um getur í 25. gr., fyrir tilkynningar sjúklinga og faglærðra heilbrigðisstarfsmanna á vefnum um aukaverkanir, þ.m.t. tenglar við landsbundin vefsetur,

g) viðmiðunardagsetningar Sambandsins og tíðni skila fyrir öryggisskýrslur sem eru uppfærðar reglulega, ákvarðað í samræmi við 107. gr. c í tilskipun 2001/83/EB,

h) rannsóknaráætlanir fyrir rannsóknir eftir veitingu markaðsleyfis og útdrætti úr niðurstöðum rannsóknanna sem um getur í 107. gr. n og 107. gr. p í tilskipun 2001/83/EB,

i) upphaf málsmeðferðarinnar sem kveðið er á um í 107. gr. i til 107. gr. k í tilskipun 2001/83/EB, virku efnin eða lyfin sem um er að ræða og málefnið sem fjallað er um, allan opinberan málflutning samkvæmt þeirri málsmeðferð og upplýsingar um hvernig skuli leggja fram upplýsingar og taka þátt í opinberum málflutningi,

j) niðurstöður úr mati, ráðleggingar, álit, samþykki og ákvarðanir nefndanna, sem um getur í 56. gr. (a- og aa-liðum 1. mgr.) þessarar reglugerðar, og samræmingarhópsins, lögbærra landsyfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar, innan ramma málsmeðferðanna í 28. gr., 28. gr. a og 28. gr. b í þessari reglugerð og í 2. og 3. þætti 3. og 4. kafla IX. bálks tilskipunar 2001/83/EB.

2. Áður en rekstur vefgáttarinnar hefst og meðan á endurskoðunum stendur síðar skal Lyfjastofnun Evrópu hafa samráð við viðeigandi hagsmunaaðila, þ.m.t. samtök sjúklinga og neytenda og fulltrúa iðnaðarins.

27. gr.

1. Lyfjastofnun Evrópu skal fylgjast með skýrslum í völdum læknisfræðiritum um aukaverkanir, sem grunur er um, af völdum lyfja sem í eru tiltekin virk efni. Hún skal birta skrána yfir virku efnin, sem fylgst er með, og yfir læknisfræðiritin sem fylgst er með.

2. Lyfjastofnun Evrópu skal skrá viðeigandi upplýsingar úr völdu læknisfræðiritunum í Eudravigilance-gagnagrunninn.

3. Lyfjastofnun Evrópu skal, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, aðildarríkin og hagsmunaaðila, semja ítarlegar leiðbeiningar um vöktun læknisfræðirita og skráningu viðeigandi upplýsinga í Eudravigilance-gagnagrunninn.

28. gr.

1. Skyldur markaðsleyfishafa og aðildarríkjanna, sem mælt er fyrir um í 107. gr. og 107. gr. a í tilskipun 2001/83/EB, gilda um skráningu og tilkynningu aukaverkana af völdum mannalyfja sem veitt er leyfi fyrir í samræmi við þessa reglugerð.

2. Skyldur markaðsleyfishafa, sem mælt er fyrir um í 107. gr. b í tilskipun 2001/83/EB, og málsmeðferðirnar skv. 107. gr. b og 107. gr. c í þeirri tilskipun gilda um skil reglulega uppfærðra öryggisskýrslna, ákvarðanir um viðmiðunardagsetningar Sambandsins og breytingar á tíðni skila fyrir reglulega uppfærðar öryggisskýrslur um mannalyf sem veitt er leyfi fyrir í samræmi við þessa reglugerð.

Ákvæðin sem gilda um skil öryggisskýrslna, sem eru uppfærðar reglulega, og sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 2. mgr. 107. gr. c í þeirri tilskipun, gilda um handhafa markaðsleyfa sem voru veitt fyrir 2. júlí 2012 og eru ekki bundin skilyrðum um skilatíðni og skiladagsetningar fyrir reglulega uppfærðar öryggisskýrslur fyrr en önnur skilatíðni eða skiladagar verða fastsett í markaðsleyfinu eða ákveðin í samræmi við 107. gr. c þeirrar tilskipunar.

3. Skýrslugjafi, sem nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar tilnefnir, skal vinna mat á öryggisskýrslunum sem eru uppfærðar reglulega. Skýrslugjafinn skal vinna náið með skýrslugjafanum sem mannalyfjanefndin eða tilvísunaraðildarríkið fyrir viðkomandi lyf hafa tilnefnt.

Skýrslugjafinn skal semja matsskýrslu innan 60 daga frá viðtöku reglulega uppfærðu öryggisskýrslunnar og senda hana til Lyfjastofnunar Evrópu og til nefndarmanna í nefndinni um áhættumat á sviði lyfjagátar. Lyfjastofnun Evrópu skal senda markaðsleyfishafanum skýrsluna.

Markaðsleyfishafanum og nefndarmönnum nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar er heimilt að koma athugasemdum á framfæri við Lyfjastofnun Evrópu og við skýrslugjafann innan 30 daga frá viðtöku matsskýrslunnar.

Í kjölfar viðtöku athugasemdanna, sem um getur í þriðju undirgrein, skal skýrslugjafinn uppfæra matsskýrsluna með hliðsjón af öllum athugasemdum, sem komið var á framfæri, og framsenda hana nefndinni um áhættumat á sviði lyfjagátar innan 15 daga. Nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar skal samþykkja matsskýrsluna, með eða án frekari breytinga, á næsta fundi sínum og gefa út ráðleggingar. Í ráðleggingunum skal getið um mismunandi afstöðu ásamt ástæðunum fyrir hverri afstöðu. Lyfjastofnun Evrópu skal færa samþykktu matsskýrsluna og ráðleggingarnar inn í gagnasafnið, sem er komið á fót með 25. gr. a, og framsenda hvort tveggja til markaðsleyfishafans.

4. Ef um er að ræða ráðleggingar í matsskýrslu um aðgerðir varðandi markaðsleyfi skal mannalyfjanefnd, innan 30 daga frá því að hún tekur við skýrslu nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar, taka skýrsluna til athugunar og samþykkja álit um að viðhalda markaðsleyfinu, sem um er að ræða, breyta því, fella það tímabundið úr gildi eða afturkalla það, ásamt því að gera tímaáætlun um framkvæmd álitsins. Ef álit mannalyfjanefndar samræmist ekki ráðleggingum nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar skal mannalyfjanefndin bæta við álit sitt ítarlegri útskýringu á vísindalegum ástæðum þessa ósamræmis, ásamt ráðleggingunum.

Ef tekið er fram í álitinu að nauðsynlegt sé að grípa til stjórnsýsluaðgerðar varðandi markaðsleyfið skal framkvæmdastjórnin samþykkja ákvörðun um að breyta markaðsleyfinu, fella það tímabundið úr gildi eða afturkalla það. Ákvæði 10. gr. þessarar reglugerðar gilda um samþykkt þeirrar ákvörðunar. Ef framkvæmdastjórnin samþykkir slíka ákvörðun er henni einnig heimilt að samþykkja ákvörðun sem er beint til aðildarríkjanna skv. 127. gr. a í tilskipun 2001/83/EB.

5. Ef um er að ræða aðeins eitt mat á reglulega uppfærðum öryggisskýrslum um fleiri en eitt markaðsleyfi í samræmi við 107. gr. e (1. mgr.) í tilskipun 2001/83/EB, þ.m.t. a.m.k. eitt markaðsleyfi sem veitt hefur verið í samræmi við þessa reglugerð, gildir málsmeðferðin sem mælt er fyrir um í 107. gr. e og 107. gr. g í þeirri tilskipun.

6. Lokaráðleggingar, álit og ákvarðanir, sem um getur í 3.–5. mgr. þessarar greinar, skulu birt á Evrópsku lyfjagáttinni sem um getur í 26. gr.

„28. gr. a

1. Þegar um er að ræða mannalyf sem veitt er leyfi fyrir í samræmi við þessa reglugerð skal Lyfjastofnun Evrópu gera eftirfarandi ráðstafanir í samstarfi við aðildarríkin:

a) fylgjast með áhrifum ráðstafana til að lágmarka áhættu, sem eru hluti af áætlunum um áhættustjórnun, og áhrifum skilyrða sem um getur í 9. gr. (c-, ca-, cb- og cc-lið 4. mgr.) eða 10. gr. a (a- og b-lið 1. mgr.) og 14. gr. (7. og 8. mgr.),

b) meta uppfærslur á áhættustjórnunarkerfinu,

c) vakta gögnin í Eudravigilance-gagnagrunninum til að ákvarða hvort ný áhætta hafi skapast eða hvort áhætta hafi breyst og hvort sú áhætta hafi áhrif á sambandið milli áhættu og ávinnings.

2. Nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar skal gera frumgreiningu og skilgreina forgangsröðun að því er varðar vísbendingar um nýja áhættu eða áhættu sem hefur breyst eða breytingar á sambandi áhættu og ávinnings. Telji nefndin að framhaldsaðgerðir gætu reynst nauðsynlegar skal fara fram mat á þessum vísbendingum og skal samkomulagi náð um allar síðari aðgerðir varðandi markaðsleyfið innan tímamarka sem eru í réttu hlutfalli við umfang og alvarleika málsins.

3. Lyfjastofnun Evrópu og lögbær landsyfirvöld og markaðsleyfishafi skulu tilkynna hver öðrum um það ef vart verður við nýja áhættu eða áhættu sem hefur breyst eða breytingar á sambandi áhættu og ávinnings.

28. gr. b

1. Málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 107. gr. m, (3.–7. mgr.), í 107. gr. n til 107. gr. p og 107. gr. q (1. mgr.) í tilskipun 2001/83/EB, gildir um öryggisrannsóknir eftir veitingu markaðsleyfis sem fela ekki í sér inngrip og varða mannalyf sem veitt er leyfi fyrir í samræmi við þessa reglugerð og uppfylla eina af kröfunum sem um getur í 10. gr. og 10. gr. a í þessari reglugerð.

2. Ef nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar gefur út ráðleggingar um að breyta markaðsleyfinu, fella það tímabundið úr gildi eða afturkalla það, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, skal mannalyfjanefndin samþykkja álit með hliðsjón af ráðleggingunum og framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvörðun í samræmi við 10. gr.

Ef álit mannalyfjanefndar samræmist ekki ráðleggingum nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar skal mannalyfjanefnd bæta við álit sitt ítarlegri útskýringu á vísindalegum ástæðum þessa ósamræmis, ásamt ráðleggingunum.

28. gr. c

1. Lyfjastofnun Evrópu skal vinna með Alþjóðaheilbr igðismálastofnuninni að málefnum sem varða lyfjagát og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að geta tafarlaust lagt fyrir hana viðeigandi og fullnægjandi upplýsingar um ráðstafanir sem eru gerðar í Sambandinu og geta haft þýðingu fyrir lýðheilsuvernd í þriðju löndum.

Lyfjastofnun Evrópu skal strax gera allar tilkynningar um aukaverkanir, sem grunur er um og hafa komið fram í Sambandinu, aðgengilegar fyrir Alþjóðaheilbrigðismálas tofnunina.

2. Lyfjastofnun Evrópu og Eftirlitsmiðstöð Evrópu með lyfjum og lyfjafíkn skulu skiptast á upplýsingum sem þær fá um misnotkun á lyfjum, þ.m.t. upplýsingum sem tengjast ólöglegum fikniefnum.

28. gr. d

Lyfjastofnun Evrópu skal, að beiðni framkvæmdastjórn-arinnar, taka þátt í samstarfi við aðildarríkin um alþjóðlega samhæfingu og stöðlun tæknilegra ráðstafana í tengslum við lyfjagát.

28. gr. e

Lyfjastofnun Evrópu og aðildarríkin skulu vinna saman að stöðugri þróun lyfjagátarkerfa sem gera kleift að veita öfluga lýðheilsuvernd að því er varðar öll lyf, án tillits til þess hvaða leið er farin við veitingu markaðsleyfa, þ.m.t. notkun samvinnuaðferða, til að nýta sem best fyrirliggjandi tilföng innan Sambandsins.

28. gr. f

Lyfjastofnun Evrópu skal gera reglulegar, óháðar úttektir á verkefnum sínum á sviði lyfjagátar og gefa stjórninni skýrslu um niðurstöður þeirra á tveggja ára fresti.

29. gr.

Framkvæmdastjórnin skal birta skýrslu um framkvæmd verkefna á sviði lyfjagátar af hálfu Lyfjastofnunar Evrópu í síðasta lagi 2. janúar 2014 og síðan á þriggja ára fresti upp frá því.“

12. Ákvæðum 1. mgr. 56. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við:

„aa) nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar sem ber ábyrgð á að gefa mannalyfjanefnd og samræmingarhópnum ráðleggingar um öll álitamál varðandi lyfjagát í tengslum við mannalyf og áhættustjórnunarkerfi og ábyrgð á eftirliti með skilvirkni þeirra áhættustjórnunarkerfa,“.

b) Í stað f-liðar komi eftirfarandi:

„f) skrifstofa sem veitir nefndunum tæknilegan, vísindalegan og stjórnsýslulegan stuðning og tryggir viðeigandi samræmingu milli þeirra og sem veitir samræmingarhópnum tæknilegan og stjórnsýslulegan stuðning og tryggir viðeigandi samræmingu milli hans og nefndanna,“.

13. Ákvæðum 57. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað c- til f-liða 1. mgr. komi eftirfarandi:

„c) að samræma eftirlit með mannalyfjum, sem veitt hefur verið leyfi fyrir í Sambandinu, og veita ráðgjöf um ráðstafanir sem þarf að gera til að tryggja örugga og skilvirka notkun þessara mannalyfja, einkum með samræmingu á mati og framkvæmd á lyfjagátarskyldum og -kerfum og eftirliti með slíkri framkvæmd,

d) að tryggja flokkun og miðlun upplýsinga um aukaverkanir, sem grunur er um af völdum mannalyfja með markaðsleyfi í Sambandinu, með notkun gagnagrunns sem öll aðildarríkin hafa ávallt aðgang að,

e) að aðstoða aðildarríkin við hraða miðlun upplýsinga um áhyggjuefni, sem hafa komið í ljós við lyfjagát, til faglærðra heilbrigðisstarfsmanna og að samræma öryggistilkynningar lögbæru landsyfirvaldanna,

f) að miðla viðeigandi upplýsingum um áhyggjuefni, sem hafa komið í ljós við lyfjagát, til almennings, einkum með því að koma á fót og viðhalda evrópskri lyfjagátt,“.

b) Eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir fyrstu undirgrein 2. mgr.:

„Að því er varðar gagnagrunninn skal Lyfjastofnun Evrópu taka saman og viðhalda skrá yfir öll mannalyf með markaðsleyfi í Sambandinu. Gera skal eftirfarandi ráðstafanir í þeim tilgangi:

a) Lyfjastofnun Evrópu skal, eigi síðar en 2. júlí 2011, birta snið fyrir rafræna sendingu upplýsinga um mannalyf,

b) markaðsleyfishafar skulu, eigi síðar en 2. júlí 2011, senda Lyfjastofnun Evrópu upplýsingar í rafrænu formi um öll mannalyf, sem hafa fengið markaðsleyfi eða skráningu í Sambandinu, og nota til þess sniðið sem um getur í a-lið,

c) frá og með dagsetningunni, sem er tilgreind í b-lið, skulu markaðsleyfishafar tilkynna Lyfjastofnun Evrópu um öll ný eða breytt markaðsleyfi, sem hafa verið veitt í Sambandinu, og nota til þess sniðið sem um getur í a-lið.“

14. Eftirfarandi grein bætist við:

„61 gr. a

1. Nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar skal skipuð eftirfarandi nefndarmönnum:

a) einum nefndarmanni og einum varamanni sem hvert aðildarríki um sig skipar í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar,

b) sex nefndarmönnum sem framkvæmdastjórnin skipar með það í huga að tryggja viðeigandi sérþekkingu innan nefndarinnar, þ.m.t. í klínískri líflyfjafræði og lyfjafaraldursfræði, eftir að auglýst hefur verið opinberlega eftir áhugasömum aðilum,

c) einum nefndarmanni og einum varamanni sem framkvæmdastjórnin skipar, að höfðu samráði við Evrópuþingið, eftir að auglýst hefur verið opinberlega eftir áhugasömum aðilum til að vera fulltrúar faglærðra heilbrigðisstarfsmanna,

d) einum nefndarmanni og einum varamanni sem framkvæmdastjórnin skipar, að höfðu samráði við Evrópuþingið, eftir að auglýst hefur verið opinberlega eftir áhugasömum aðilum til að vera fulltrúar samtaka sjúklinga,

Varamennirnir skulu koma í stað nefndarmanna og greiða atkvæði í fjarveru þeirra. Heimilt er að tilnefna varamennina, sem um getur í a-lið, sem skýrslugjafa í samræmi við 62. gr.

2. Aðildarríki er heimilt að úthluta verkefnum sínum í nefndinni um áhættumat á sviði lyfjagátar til annars aðildarríkis. Hvert aðildarríki má ekki vera í forsvari fyrir fleiri en eitt annað aðildarríki.

3. Til að tryggja æðstu sérfræðimenntun og hæfi og víðtæka sérfræðikunnáttu á viðeigandi sviðum skal skipa nefndarmenn og varamenn nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar á grundvelli viðeigandi sérþekkingar þeirra í lyfjagátarmálum og áhættumati á mannalyfjum. Aðildarríkin skulu í því skyni hafa samráð við stjórnina og framkvæmdastjórnina til að tryggja að í nefndinni sitji, í endanlegri samsetningu hennar, fulltrúar allra vísindasviða sem skipta máli fyrir verkefni hennar.

4. Nefndarmenn og varamenn nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar skulu skipaðir til þriggja ára og má framlengja það tímabil einu sinni en því næst endurnýja það samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 1. mgr. Nefndin skal kjósa sér formann úr sínum röðum til þriggja ára og má framlengja tímabilið einu sinni.

5. Ákvæði 3., 4., 6., 7., og 8. mgr. 61. gr. gilda um nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar.

6. Umboð nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar skal ná yfir alla þætti áhættustjórnunar í tengslum við notkun mannalyfja, þ.m.t. greiningu, mat, lágmörkun á áhættu vegna aukaverkana og samskipti þar að lútandi, með tilhlýðilegu tilliti til lækningaverkunar mannalyfja, auk hönnunar og mats á rannsóknum eftir veitingu markaðsleyfis og úttektar á lyfjagátinni.“

15. Ákvæðum 62. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. mgr. er breytt sem hér segir:

i) Í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Ef þess er krafist að einhver nefndanna, sem um getur í 1. mgr. 56. gr., meti tiltekið mannalyf í samræmi við þessa reglugerð skal nefndin tilnefna einn nefndarmanna sinna sem skýrslugjafa, að teknu tilliti til þeirrar sérþekkingar sem er fyrir hendi í aðildarríkinu. Viðkomandi nefnd getur tilnefnt annan nefndarmann sem meðskýrslugjafa.

Skýrslugjafi, sem nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar tilnefnir í þessum tilgangi, skal vinna náið með skýrslugjafanum sem mannalyfjanefndin eða tilvísunaraðildarríkið fyrir viðkomandi mannalyf hafa tilnefnt.“

ii) Í stað fjórðu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Ef óskað er eftir endurskoðun á áliti sem viðkomandi nefnd hefur skilað og kostur er gefinn á slíkri endurskoðun í löggjöf Sambandsins skal nefndin tilnefna annan skýrslugjafa og, ef nauðsyn krefur, annan meðskýrslugjafa en þá sem tilnefndir voru vegna upphaflega álitsins. Í endurskoðunarferlinu má einungis taka á þeim liðum álitsins sem umsækjandinn tilgreindi upphaflega og endurskoðunin má einungis grundvallast á þeim vísindagögnum sem voru fyrir hendi þegar nefndin samþykkti upphaflega álitið. Umsækjandinn getur óskað eftir að nefndin hafi samráð við vísindalegan ráðgjafarhóp í tengslum við endurskoðunina.“

b) Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu senda Lyfjastofnun Evrópu nöfn þeirra sérfræðinga sinna sem staðfest er að búa yfir reynslu af mati á mannalyfjum og eru, að teknu tilliti til 2. mgr. 63. gr., reiðubúnir til að taka þátt í vinnuhópum eða vísindalegum ráðgjafahópum einhverra af nefndunum sem um getur í 1. mgr. 56. gr., ásamt upplýsingum um menntun, hæfi og sérsvið þeirra.“

c) Eftirfarandi undirgrein bætist við 3. mgr.:

„Fyrsta og önnur undirgrein gilda einnig um vinnu skýrslugjafa í samræmingarhópnum að því er varðar úrlausn verkefna hópsins í samræmi við 107. gr. c, 107. gr. e, 107. gr. g, 107. gr. k og 107. gr. q í tilskipun 2001/83/EB.“

16. Ákvæðum 2. mgr. 64. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) stjórnun allra þeirra tilfanga Lyfjastofnunar Evrópu sem eru nauðsynleg til að nefndirnar geti sinnt starfsemi sinni sem um getur í 1. mgr. 56. gr., þ.m.t. að sjá til þess að nefndunum standi til boða viðeigandi vísindalegur og tæknilegur stuðningur og að samræmingarhópnum standi til boða viðeigandi vísindalegur og tæknilegur stuðningur,“.

b) Í stað d-liðar komi eftirfarandi:

„d) að tryggja viðeigandi samræmingu milli nefndanna, sem um getur í 1. mgr. 56. gr., og, ef nauðsyn krefur, milli nefndanna og samræmingarhópsins,“.

17. Í g-lið 66. gr. komi orðin „68. gr.“ í stað „67. gr.“

18. Ákvæðum 67. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„Tekjur Lyfjastofnunar Evrópu skulu samanstanda af framlagi frá Sambandinu og gjöldum sem fyrirtæki greiða fyrir að fá og halda markaðsleyfum í Sambandinu og fyrir aðra þjónustu sem Lyfjastofnun Evrópu veitir eða sem samræmingarhópurinn veitir að því er varðar úrlausn verkefna hans í samræmi við 107. gr. c, 107. gr. e, 107. gr. g, 107. gr. k og 107. gr. q í tilskipun 2001/83/EB.“

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Starfsemi, sem tengist lyfjagát, rekstri samskiptaneta og markaðseftirliti, skal vera undir stöðugu eftirliti stjórnarinnar til að óhæði Lyfjastofnunar Evrópu sé tryggt. Það skal ekki koma í veg fyrir að Lyfjastofnun Evrópu geti tekið gjald af markaðsleyfishöfum fyrir að sinna þessari starfsemi, með því skilyrði að óhæði hennar sé vandlega tryggt.“

19. Í stað 3. mgr. 82. gr. komi eftirfarandi:

„3. Með fyrirvara um efni skjalanna, sem um getur í a- til d-liðum 4. mgr. 9. gr. og a- til e-liðum 4. mgr. 34. gr. og varða Sambandið í heild, skal með þessari reglugerð ekki banna að notaðar séu tvær eða fleiri útlitsútfærslur (e. *commercial designs*) á tilteknu mannalyfi sem fellur undir eitt markaðsleyfi.“

20. Í stað annars málsliðar 6. mgr. 83. gr. komi eftirfarandi:

„Ákvæði 1. og 2. mgr. 28. gr. gilda að breyttu breytanda.“

21. Eftirfarandi greinar bætist við:

„87. gr. a

Í því augnamiði að samræma framkvæmd lyfjagátarstarfseminnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdarráðstafanir, eins og kveðið er á um í 108. gr. tilskipunar 2001/83/EB, fyrir eftirfarandi þætti:

a) inntak og viðhald grunnskjals lyfjagátarkerfisins sem markaðsleyfishafi hefur í sinni vörslu,

b) lágmarkskröfur varðandi gæðakerfið fyrir lyfjagátarstarfsemi Lyfjastofnunar Evrópu,

c) notkun alþjóðlega viðurkennds íðorðaforða, sniða og staðla fyrir lyfjagátarstarfsemi,

d) lágmarkskröfur varðandi vöktun gagna, sem skráð eru í Eudravigilance-gagnagrunninum, í því skyni að ákvarða hvort ný áhætta hafi skapast eða hvort áhætta hafi breyst,

e) snið og inntak rafrænna sendinga frá aðildarríkjum og markaðsleyfishöfum um aukaverkanir sem grunur er um,

f) snið og inntak rafrænna öryggisskýrslna, sem eru uppfærðar reglulega, og áætlana um áhættustjórnun,

g) snið rannsóknaráætlana, útdrátta og lokaskýrslna öryggisrannsókna eftir veitingu markaðsleyfis.

Þessar ráðstafanir skulu taka mið af alþjóðlegri samræmingarvinnu sem farið hefur fram á sviði lyfjagátar og ef nauðsyn krefur skal endurskoða þær með tilliti til framfara á sviði vísinda og tækni. Þessar ráðstafanir skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 87. gr.

87. gr. b

1. Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 10. gr. b, í fimm ár frá 1. janúar 2011. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal sjálfkrafa framlengt um jafn langan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 87. gr. c.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

3. Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 87. gr. c og 87 gr. d.

87. gr. c

1. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 10. gr. b.

2. Sú stofnun, sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds, skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina um það, með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin, og tilgreina hvaða vald, sem hefur verið framselt, gæti verið afturkallað og hugsanlegar ástæður fyrir því.

3. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal þeirra valdheimilda sem tilgreindar eru í ákvörðuninni. Skal hún öðlast gildi tafarlaust eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á lögmæti framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

87. gr. d

1. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi.

Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Hafi hvorki Evrópuþingið né ráðið andmælt framseldri gerð þegar tímabilið, sem um getur í 1. mgr., rennur út skal hún birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta framseldu gerðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún öðlast gildi ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Andmæli annaðhvort Evrópuþingið eða ráðið framseldri gerð innan þess tímabils sem um getur í 1. mgr. öðlast hún ekki gildi. Sú stofnun, sem andmælir framseldu gerðinni, skal tilgreina ástæðurnar fyrir því.“

2. gr.

Breytingar á reglugerð (EB) nr. 1394/2007

Í stað 3. mgr. 20. gr. reglugerðar (EB) nr. 1394/2007 komi eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjóri Lyfjastofnunar Evrópu skal tryggja viðeigandi samræmingu milli nefndarinnar um hátæknimeðferð og annarra nefnda Lyfjastofnunar Evrópu, einkum mannalyfjanefndarinnar, nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar og nefndarinnar um lyf við fátíðum sjúkdómum, starfshópa þeirra og allra annarra vísindalegra ráðgjafarhópa.“

3. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Sú skylda, sem hvílir á markaðsleyfishafanum og kveðið er á um í b-lið 3. mgr. 104. gr. tilskipunar 2001/83/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2010/84/ESB, að viðhalda og veita aðgang samkvæmt beiðni að grunnskjali lyfjagátarkerfis fyrir eitt eða fleiri mannalyf, og sem gildir um mannalyf sem veitt er leyfi fyrir með reglugerð (EB) nr. 726/2004, skv. 21. gr. þeirrar reglugerðar, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, gildir um markaðsleyfi, sem voru veitt fyrir 2. júlí 2012, annaðhvort frá og með:

a) deginum þegar markaðsleyfin eru endurnýjuð eða

b) lokum þriggja ára tímabils sem hefst 2. júlí 2012, hvort heldur ber fyrr að.

2. Málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 107. gr. m til 107. gr. q í tilskipun 2001/83/EB, eins og henni var breytt með tilskipun 2010/84/ESB, og sem gildir skv. 28. gr. b í reglugerð (EB) nr. 726/2004, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, gildir aðeins um rannsóknir sem hefjast eftir 2. júlí 2012.

3. Skylda Lyfjastofnunar Evrópu samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 28. gr. c í reglugerð (EB) nr. 726/2004, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, gildir um leið og stjórnin tilkynnir að Eudravigilance-gagnagrunnurinn hafi náð fullri virkni.

4. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún gildir frá 2. júlí 2012.

Gjört í Strassborg 15. desember 2010.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	O. CHASTEL

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2011/62/ESB 2013/EES/56/33

frá 8. júní 2011

um breytingu á tilskipun 2001/83/EB um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum að því er varðar að koma í veg fyrir ólöglega innkomu falsaðra lyfja í löglega aðfangakeðju (*)

EVROPUÞINGIÐ OG RAÐ EVROPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr. og c-lið 4. mgr. 168. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins([1]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/83/EB([4]) er m.a. mælt fyrir um reglur um framleiðslu, innflutning, setningu á markað og heildsöludreifingu lyfja í Sambandinu sem og reglur varðandi virk efni.

2) Vart hefur orðið við ískyggilega aukningu á lyfjum í Sambandinu sem eru fölsuð að því er varðar auðkenni þeirra, sögu eða uppruna. Innihaldsefni þessara lyfja, þ.m.t. virk efni, uppfylla yfirleitt ekki kröfur um gæði, eru fölsuð, í röngum skömmtum eða ekki fyrir hendi og þeim fylgir því alvarleg lýðheilsuógn.

3) Fyrri reynsla sýnir að fölsuð lyf berast ekki aðeins til sjúklinga með ólögmætum hætti heldur einnig um löglega aðfangakeðju. Þetta skapar sérstaka ógn við heilbrigði manna og getur leitt til þess að sjúklingurinn missi einnig traust á löglegu aðfangakeðjunni. Tilskipun 2001/83/EB skal breytt í því skyni að bregðast við þessari vaxandi ógn.

4) Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, sem stofnaði alþjóðlegan starfshóp um varnir gegn fölsuðum lyfjum (e. *International Medical Products Anti-Counterfeiting Taskforce (IMPACT)*), hefur einnig viðurkennt þessa lýðheilsuógn. Alþjóðlegi starfshópurinn um varnir gegn fölsuðum lyfjum hefur þróað grundvallarreglur og grunnþætti fyrir landslöggjöf gegn fölsuðum lyfjum sem voru staðfest á fundi alþjóðlega starfshópsins um varnir gegn fölsuðum lyfjum í Lissabon 12. desember 2007. Sambandið tók virkan þátt í starfi alþjóðlega starfshópsins um varnir gegn fölsuðum lyfjum.

5) Innleiða skal skilgreiningu á „fölsuðu lyfi“ til að hægt sé að gera skýran greinarmun á fölsuðum lyfjum og öðrum ólöglegum lyfjum, sem og lyfjum sem brjóta í bága við hugverkaréttindi. Ekki skal heldur rugla saman lyfjum með óráðgerða galla, vegna mistaka í framleiðslu eða dreifingu, og fölsuðum lyfjum. Einnig skal skilgreina hugtakið „virkt efni“ og „hjálparefni“ til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar.

6) Einstaklingar, sem kaupa inn, geyma, afhenda eða flytja út lyf, hafa einungis rétt til að stunda starfsemi sína ef þeir uppfylla kröfur samkvæmt tilskipun 2001/83/EB fyrir því að fá heildsöluleyfi. Núverandi dreifingarkerfi lyfja verður þó sífellt flóknara og að því koma margir aðilar sem eru ekki endilega heildsalar í skilningi þeirrar tilskipunar. Löggjöf í tengslum við lyf skal fjalla um alla aðila í aðfangakeðjunni svo að hægt sé að tryggja áreiðanleika aðfangakeðjunnar. Þetta á ekki aðeins við um heildsala, hvort sem þeir meðhöndla sjálfir lyfin eða ekki, heldur einnig um miðlara sem eiga hlutdeild í sölu eða kaupum á lyfjum án þess að selja eða kaupa þau lyf sjálfir og án þess að eiga eða meðhöndla sjálfir lyfin.

7) Fölsuð, virk efni og virk efni, sem uppfylla ekki viðeigandi kröfur í tilskipun 2001/83/EB, skapa alvarlega áhættu með tilliti til lýðheilsu. Brugðist skal við slíkri áhættu með því að skerpa kröfurnar um sannprófun sem gerðar eru til framleiðanda lyfsins.

8) Til eru margskonar, góðir framleiðsluhættir sem eru hentugir til nota við framleiðslu hjálparefna. Framleiðandi lyfsins skal meta hæfi hjálparefnanna, á grundvelli viðeigandi, góðra framleiðsluhátta við gerð hjálparefna, til að tryggja öfluga lýðheilsuvernd.

9) Framleiðendur, innflytjendur eða dreifendur virkra efna skulu tilkynna lögbærum yfirvöldum um starfsemi sína til að auðveldara verði að framfylgja reglum Sambandsins varðandi þessi efni og hafa eftirlit með því að farið sé að reglunum.

10) Unnt er koma lyfjum inn í Sambandið þó að þau séu ekki ætluð til innflutnings, þ.e. ekki sé ætlunin að afgreiða þau í frjálst flæði (e. *release for free circulation*). Ef lyfin eru fölsuð hafa þau í för með sér áhættu fyrir lýðheilsu innan Sambandsins. Auk þess geta fölsuðu lyfin borist sjúklingum í þriðju löndum. Aðildarríkin skulu gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þessi fölsuðu lyf

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 74. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 159/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 317, 23.12.2009, bls. 62.

([2]) Stjtíð. ESB C 79, 27.3.2010, bls. 50.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 16. febrúar 2011 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 27. maí 2011.

([4]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

fari í frjálst flæði ef þau koma inn í Sambandið. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir ákvæði til viðbótar þessari skyldu aðildarríkjanna skal hún hafa hliðsjón af því hvaða stjórnsýsluúrræði eru tiltæk og áhrif þeirra í reynd, sem og hliðsjón af þörfinni á að viðhalda greiðu viðskiptaflæði fyrir lögleg lyf. Þau ákvæði skulu ekki hafa áhrif á tollalöggjöf, á skiptingu valdheimilda milli Sambandsins og aðildarríkjanna og á skiptingu ábyrgðar innan aðildarríkjanna.

11) Samræma skal öryggisþætti fyrir lyf innan Sambandsins svo að mið sé tekið af nýjum áhættulýsingum um leið og starfsemi innri markaðarins fyrir lyf er tryggð. Þessir öryggisþættir skulu gera kleift að sannprófa ósvikni og auðkenni einstakra pakkninga og veita vísbendingar um hvort átt hefur verið við þá. Umfang þessara öryggisþátta skal vera með tilhlýðilegu tilliti til sérkenna tiltekinna lyfja eða lyfjaflokka, s.s. samheitalyfja. Meginreglan er sú að lyfseðilsskyld lyf skuli að jafnaði búin öryggisþáttunum. Með hliðsjón af áhættunni á fölsun og áhættunni sem leiðir af fölsun á lyfjum eða lyfjaflokkum skal þó vera unnt, með framseldri gerð og að loknu áhættumati, að undanþiggja tiltekin lyfseðilsskyld lyf eða lyfseðilsskylda lyfjaflokka kröfunni um að þau skuli búin öryggisþáttunum. Ekki skal innleiða öryggisþætti fyrir lyf eða lyfjaflokka sem eru ekki lyfseðilsskyld nema í þeim undantekningartilvikum að mat sýni áhættu á fölsun sem hafi alvarlegar afleiðingar. Þau lyf skal þar af leiðandi skrá í framseldri gerð.

Í áhættumatinu skulu teknir til athugunar þættir eins og verð lyfsins, fyrri tilfelli þar sem fölsuð lyf hafa verið tilkynnt í Sambandinu og þriðju löndum og afleiðingar fölsunar fyrir lýðheilsu, að teknu tilliti til sérstakra eiginleika viðkomandi lyfja og alvarleika ástandsins sem þeim er ætlað að meðhöndla. Öryggisþættirnir skulu gera kleift að sannprófa hverja afhenta lyfjapakkningu án tillits til þess hvernig þær eru afhentar, þ.m.t. fjarsala. Sérauðkennið, sem og tilheyrandi gagnasafnskerfi, skulu gilda með fyrirvara um tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga([5]) og skulu varin á skýran og skilvirkan hátt í allri vinnslu persónuupplýsinga. Gagnasafnskerfið, sem inniheldur upplýsingar um öryggisþætti, kann einnig að innihalda viðkvæmar viðskiptaupplýsingar. Þær upplýsingar verður að vernda á viðeigandi hátt. Taka skal tilhlýðilegt tillit til sérstakra eiginleika aðfangakeðja í aðildarríkjunum við innleiðingu skyldubundnu öryggisþáttanna.

12) Sérhver aðili í aðfangakeðjunni, sem pakkar lyfjum, skal vera handhafi framleiðsluleyfis. Til þess að öryggisþættirnir skili árangri skal handhafa framleiðsluleyfis, sem er ekki sjálfur upprunalegur framleiðandi viðkomandi lyfs, aðeins heimilt að fjarlægja öryggisþættina, skipta þeim út eða hylja þá að uppfylltum ströngum skilyrðum. Öryggisþáttunum skal m.a. skipt út fyrir jafngilda öryggisþætti ef um er að ræða endurpakkningu. Í því skyni skal merking hugtaksins „jafngildur“ skýrt tilgreind. Þessi ströngu skilyrði skulu vera næg verndarráðstöfun gegn því að fölsuð lyf komi inn í aðfangakeðjuna og er tilgangurinn að vernda sjúklinga sem og markaðsleyfishafa og framleiðendur.

13) Handhafar framleiðsluleyfis, sem endurpakka lyfjum, bera ábyrgð á tjóni í þeim tilvikum og samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í tilskipun ráðsins 85/374/EBE frá 25. júlí 1985 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum í aðildarríkjunum vegna skaðsemisábyrgðar á gölluðum vörum([6]).

14) Til að tryggja áreiðanleika aðfangakeðjunnar skulu heildsalar sannreyna að heildsalarnir, sem eru birgjar þeirra, séu handhafar leyfis til heildsöludreifingar.

15) Skýra þarf ákvæðin sem gilda um útflutning lyfja frá Sambandinu og þau sem gilda um aðflutning lyfja inn í Sambandið í þeim tilgangi einum að flytja þau út. Samkvæmt tilskipun 2001/83/EB er aðili, sem flytur út lyf, heildsali. Ákvæðin, sem gilda um heildsala, sem og góðar starfsvenjur við dreifingu, skulu gilda um alla þessa starfsemi, hvenær sem hún fer fram á yfirráðasvæði Sambandsins, þ.m.t. á svæðum eins og fríverslunarsvæðum eða frígeymslum.

16) Til að tryggja gegnsæi skal birta skrá, í gagnagrunni sem stofnaður skal á vettvangi Sambandsins, yfir heildsala sem lögbært yfirvald aðildarríkis hefur staðfest með eftirlitsúttekt (áður skoðun) að fari að viðeigandi löggjöf Sambandsins.

17) Skýra skal ákvæðin um eftirlitsúttektir og annað eftirlit með öllum aðilum sem taka þátt í framleiðslu og afhendingu lyfja og innihaldsefna þeirra og sértæk ákvæði skulu gilda um mismunandi tegundir aðila. Þetta skal ekki hindra aðildarríkin í að gera frekari eftirlitsúttektir ef það er talið viðeigandi.

18) Til að tryggja sömu vernd fyrir heilbrigði manna um allt Sambandið og til að forðast röskun á innri markaðinum skal styrkja samræmdar grundvallar- og viðmiðunarreglur um eftirlitsúttektir á framleiðendum og heildsölum lyfja og virkra efna. Þessar samræmdu grundvallar- og

([5]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

([6]) Stjtíð. EB L 210, 7.8.1985, bls. 29.

viðmiðunarreglur skulu einnig stuðla að því að tryggja framkvæmd gildandi samninga við þriðju lönd um gagnkvæma viðurkenningu en beiting samninganna byggist á skilvirkum og sambærilegum eftirlitsúttektum og framfylgd í Sambandinu.

19) Fyrirtæki, sem framleiða virk efni, skulu ekki einungis sæta eftirlitsúttektum vegna gruns um að ekki sé farið að tilskildum ákvæðum heldur einnig vegna áhættugreiningar.

20) Framleiðsla virkra efna skal falla undir góða framleiðsluhætti, án tillits til þess hvort virku efnin eru framleidd í Sambandinu eða innflutt. Að því er varðar framleiðslu virkra efna í þriðju löndum skal sjá til þess að lagaákvæði, sem gilda um framleiðslu virkra efna sem eru ætluð til útflutnings til Sambandsins, sem og um eftirlitsúttektir á starfsstöðvum og framfylgd viðeigandi ákvæða, tryggi lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem kveðið er á um í löggjöf Sambandsins.

21) Ólögleg sala lyfja til almennings um Netið er alvarleg ógn við lýðheilsu þar eð fölsuð lyf gætu borist til almennings á þann hátt. Nauðsynlegt er að bregðast við þessari ógn. Þegar það er gert skal tekið til greina að sérstök skilyrði fyrir afhendingu lyfja í smásölu til almennings hafa ekki verið samræmd á vettvangi Sambandsins og að aðildarríkjunum er því heimilt að setja skilyrði fyrir afhendingu lyfja til almennings sem eru innan þeirra marka sem sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins setur.

22) Dómstóll Evrópusambandsins (hér á eftir „Dómstóllinn“) hefur, við rannsókn sína á samrýmanleika skilyrða fyrir afhendingu lyfja i smásölu við löggjöf Sambandsins, viðurkennt hið afar einstaka eðli lyfja þar eð lækningaverkun þeirra greinir þau að verulegu leyti frá öðrum vörum. Dómstóllinn hefur einnig gefið það álit að heilbrigði og líf manna teljist fremst í forgangi þeirra gæða og hagsmuna sem sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins verndar og að það sé aðildarríkjanna að ákvarða hversu mikla lýðheilsuvernd þau kjósa að veita og hvernig þeirri vernd verði náð. Þar eð stig lýðheilsuverndar getur verið breytilegt milli aðildarríkja skulu aðildarríkin fá ákvörðunarvald([7]) að því er varðar skilyrði fyrir afhendingu lyfja til almennings á þeirra yfirráðasvæði.

23) Í ljósi áhættunnar með tilliti til lýðheilsu og með hliðsjón af heimild aðildarríkjanna til að ákvarða stig lýðheilsuverndar hefur Dómstóllinn með dómaframkvæmd sinni viðurkennt sérstaklega að aðildarríkin geti, að meginreglu til, bundið leyfi til smásölu lyfja við lyfjafræðinga([8]).

24) Af þeim sökum og í ljósi dómaframkvæmdar Dómstólsins skulu aðildarríkin geta sett skilyrði, með þeim rökum að þau séu til verndar lýðheilsu, fyrir smásöluafhendingu lyfja sem eru boðin til fjarsölu með þjónustu í upplýsingasamfélaginu (e. *information society services*). Slík skilyrði skulu ekki takmarka starfsemi innri markaðarins að óþörfu.

25) Aðstoða skal almenning við að finna vefsetur sem bjóða almenningi lyf í fjarsölu á löglegan hátt. Koma skal á sameiginlegu kennimerki sem er auðþekkjanlegt um allt Sambandið en gerir fólki þó kleift að átta sig á því í hvaða aðildarríki aðilinn, sem býður lyfin til fjarsölu, hefur staðfestu. Framkvæmdastjórnin skal þróa útfærsluna á slíku kennimerki. Vefsetur, sem bjóða almenningi lyf í fjarsölu, skulu vera tengd vefsetri viðkomandi lögbærs yfirvalds. Notkun kennimerkisins skal útskýrð á vefsetri lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna sem og vefsetri Lyfjastofnunar Evrópu (heitið notað óstytt). Þessi vefsetur skulu öll vera tengd til að hægt sé að veita almenningi alhliða upplýsingar.

26) Auk þess skal framkvæmdastjórnin, í samstarfi við Lyfjastofnun Evrópu og aðildarríkin, efna til herferða til vitundarvakningar í því skyni að vara við áhættunni sem fylgir því að kaupa lyf af ólöglegum uppruna um Netið.

27) Aðildarríkin skulu setja skilvirk viðurlög gegn aðgerðum, sem fela í sér fölsuð lyf, með hliðsjón af þeirri lýðheilsuógn sem lyfin skapa.

28) Fölsuð lyf eru hnattrænt vandamál sem krefst skilvirkrar og öflugrar alþjóðlegrar samræmingar og samstarfs til að tryggja að ráðstafanir gegn fölsunum beri aukinn árangur, einkum að því er varðar sölu slíkra lyfja um Netið. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu starfa náið saman í þessu skyni og styðja vinnuna við þetta viðfangsefni sem nú fer fram á alþjóðavettvangi, s.s. hjá Evrópuráðinu, Evrópulögreglunni og Sameinuðu þjóðunum. Auk þess skal framkvæmdastjórnin, í nánu samstarfi við aðildarríkin, vinna með lögbærum yfirvöldum þriðju landa með það fyrir augum að sporna á skilvirkan hátt gegn viðskiptum með fölsuð lyf á heimsvísu.

29) Tilskipun þessi er með fyrirvara um ákvæði varðandi hugverkaréttindi. Henni er sérstaklega ætlað að koma í veg fyrir að fölsuð lyf komi inn í löglegu aðfangakeðjuna.

30) Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem komi til viðbótar ákvæðum tilskipunar 2001/83/EB, eins og henni var breytt með þessari tilskipun, varðandi góða framleiðsluhætti og starfsvenjur við dreifingu á virkum efnum, varðandi ítarlegar reglur um lyf, sem er komið inn í Sambandið án þess að þau séu innflutt, og varðandi öryggisþætti. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi

([7]) Dómur dómstólsins frá 19. maí 2009 í sameinuðum málum C-171/07 og C-172/07 *Apothekerkammer des Saarlandes and Others* v *Saarland*, dómasafn EB [2009] I-4171, 19. og 31. mgr.

([8]) Dómur dómstólsins frá 19. maí 2009 í sameinuðum málum C-171/07 og C-172/07 *Apothekerkammer des Saarlandes and Others* v *Saarland*, dómasafn EB [2009] I-4171, 34. og 35. mgr.

viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Framkvæmdastjórnin skal, við undirbúning og samningu framseldra gerða, tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

31) Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald að því er varðar samþykkt ráðstafana um mat á reglurammanum, sem nær utan um framleiðslu virkra efna sem eru flutt út frá þriðju löndum til Sambandsins, og að því er varðar sameiginlegt kennimerki sem auðkennir vefsetur sem bjóða almenningi lyf í fjarsölu á löglegan hátt. Þessu valdi skal beitt í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu([9]).

32) Öryggisþættirnir fyrir lyf, sem eru innleiddir með þessari tilskipun, krefjast umtalsverðra aðlagana á framleiðsluferlum. Til að gera framleiðendum kleift að gera þessar aðlaganir skulu frestir til að beita ákvæðum um öryggisþætti vera nægilega langir og skulu reiknaðir frá birtingardegi framseldu gerðanna, þar sem settar eru fram ítarlegar reglur um öryggisþættina, *í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Einnig skal taka tillit til þess að í sumum aðildarríkjunum er þegar fyrir hendi landsbundið kerfi. Þeim aðildarríkjum skal veittur frekari umbreytingarfrestur til aðlögunar að samræmda Sambandskerfinu.

33) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að vernda starfsemi innri markaðarins fyrir lyf og tryggja um leið öfluga lýðheilsuvernd gegn fölsuðum lyfjum, og markmiðinu verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs þess og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

34) Mikilvægt er að lögbær yfirvöld aðildarríkjanna, framkvæmdastjórnin og Lyfjastofnun Evrópu vinni saman að því að tryggja upplýsingaskipti um þær ráðstafanir, sem eru gerðar til að sporna gegn fölsun lyfja, og um það viðurlagakerfi sem er fyrir hendi. Slík upplýsingaskipti eiga sér sem stendur stað með milligöngu vinnuhóps þeirra sem annast framfylgdarstarfsemi (e. *Working Group of Enforcement Officers*). Aðildarríkin skulu sjá til þess að samtök sjúklinga og samtök neytenda fái upplýsingar um framfylgdarstarfsemi að því marki sem það samrýmist rekstrarlegum þörfum.

([9]) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

35) Í samræmi við 34. lið samstarfssamnings milli stofnana um betri lagasetningu([10]) eru aðildarríkin hvött til þess, bæði í eigin þágu og í þágu Sambandsins, að taka saman og birta sínar eigin töflur sem sýna, eftir því sem unnt er, samsvörun milli þessarar tilskipunar og lögleiðingarráðstafana þeirra.

36) Tilskipun 2001/83/EB var nýlega breytt með tilskipun 2010/84/ESB([11]) að því er varðar lyfjagát. Með þeirri tilskipun var m.a. 111. gr. breytt með tilliti til eftirlitsúttekta og 116. gr. með tilliti til tímabundinnar niðurfellingar og afturköllunar og breytinga á markaðsleyfum við tilteknar aðstæður. Auk þess var með henni bætt við ákvæðum um framseldar gerðir í 121. gr. a, 121. gr. b og 121. gr. c í tilskipun 2001/83/EB. Vegna þessarar tilskipunar er nauðsynlegt að breyta frekar og bæta við þessar greinar í tilskipun 2001/83/EB.

37) Breyta ber tilskipun 2001/83/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2001/83/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 1. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðir bætast við:

„3a. Virkt efni:

Hvers konar efni eða blöndur sem eru ætlaðar til nota við framleiðslu á lyfi og sem verða, ef þau eru notuð í framleiðslu lyfsins, að virku efni í því lyfi sem er ætlað að endurheimta, lagfæra eða breyta lífeðlisfræðilegri starfsemi fyrir tilstilli lyfjafræðilegrar eða ónæmisfræðilegrar verkunar eða verkunar á efnaskipti eða til þess að staðfesta sjúkdómsgreiningu.

3b. Hjálparefni:

Sérhver hluti lyfs, annar en virka efnið og umbúðaefnið.“

b) Eftirfarandi liður bætist við:

„17a. Miðlun lyfja:

Öll starfsemi í tengslum við sölu eða kaup á lyfjum, nema heildsöludreifing, sem felur ekki í sér meðhöndlun á vörunni og sem felst í samningaviðræðum, sjálfstæðum og fyrir hönd annars lögaðila eða einstaklings.“

c) Eftirfarandi liður bætist við:

„33. Fölsuð lyf:

([10]) Stjtíð. ESB C 321, 31.12.2003, bls. 1.
([11]) Stjtíð. ESB L 348, 31.12.2010, bls. 74.

Sérhvert lyf með rangar upplýsingar um:

a) auðkenni lyfsins, þ.m.t. pakkningu og merkingu þess, heiti þess eða samsetningu að því er varðar innihaldsefni, þ.m.t. hjálparefni og styrkleika þessara innihaldsefna,

b) uppruna þess, þ.m.t. framleiðanda, framleiðsluland, upprunaland eða markaðsleyfishafa þess, eða

c) sögu þess, þ.m.t. skrár og gögn að því er varðar dreifileiðina sem er notuð.

Þessi skilgreining gildir ekki um óráðgerða galla og er með fyrirvara um brot á hugverkaréttindum.“

2) Í stað 3. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar og 4. mgr. 3. gr. gilda ákvæði IV. bálks þessarar tilskipunar um framleiðslu lyfja, sem eru eingöngu ætluð til útflutnings, og um millivörur, virk efni og hjálparefni.

4. Ákvæði 1. mgr. gilda með fyrirvara um 52. gr. b og 85. gr. a.“

3) Eftirfarandi liður bætist við í 3. mgr. 8. gr.

„ha) skrifleg staðfesting þess efnis að framleiðandi lyfsins hafi sannprófað með úttektum að framleiðandi virka efnisins fari að grundvallar- og viðmiðunarreglum um góða framleiðsluhætti í samræmi við f-lið 46. gr. Skriflega staðfestingin skal fela í sér tilvísun í dagsetningu úttektarinnar og yfirlýsingu þess efnis að niðurstaða úttektarinnar staðfesti að við framleiðsluna sé farið að grundvallar- og viðmiðunarreglum um góða framleiðsluhætti.“

4) Í stað 4. mgr. 40. gr. komi eftirfarandi:

„4. Aðildarríkin skulu skrá upplýsingarnar, sem varða leyfið sem vísað er til í 1. mgr. þessarar greinar, í gagnagrunn Sambandsins sem um getur í 6. mgr. 111. gr.“

5) Í stað f-liðar 46. gr. komi eftirfarandi:

„f) að fara að grundvallar- og viðmiðunarreglum um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð og nota aðeins virk efni sem hafa verið framleidd í samræmi við góða framleiðsluhætti við gerð virkra efna og hefur verið dreift í samræmi við góðar starfsvenjur við dreifingu á virkum efnum. Í þessu skyni skal handhafi framleiðsluleyfisins sannprófa, með úttektum á framleiðslu- og dreifingarstöðum framleiðanda og dreifenda virkra efna, að framleiðandi og dreifendur virkra efna virði góða framleiðsluhætti við gerð virkra efna og góðar starfsvenjur við dreifingu. Handhafi framleiðsluleyfisins skal annaðhvort framkvæma þessa sannprófun sjálfur eða, án þess að það hafi áhrif á ábyrgð hans samkvæmt þessari tilskipun, með milligöngu aðila sem starfar fyrir hans hönd samkvæmt samningi.

Handhafi framleiðsluleyfisins skal sjá til þess að hjálparefnin henti til notkunar í lyf með því að ákvarða hvað séu viðeigandi, góðir framleiðsluhættir. Þeir skulu ákvarðaðir á grundvelli formlegs áhættumats í samræmi við viðeigandi viðmiðunarreglur sem um getur í fimmtu málsgrein 47. gr. Við slíkt áhættumat skal taka tillit til krafna samkvæmt öðrum viðeigandi gæðakerfum, sem og til uppruna og fyrirhugaðrar notkunar hjálparefnanna og til fyrri tilvika um galla. Þegar ákvarðað hefur verið hvað teljast viðeigandi, góðir framleiðsluhættir skal handhafi framleiðsluleyfisins sjá til þess að þeim sé beitt. Handhafi framleiðsluleyfisins skal skrá ráðstafanirnar sem gerðar eru samkvæmt þessari málsgrein;

g) að tilkynna lögbæru yfirvaldi og markaðsleyfishafa þegar í stað ef hann fær upplýsingar um að lyfin, sem falla undir framleiðsluleyfi hans, séu fölsuð eða að grunur leiki á að þau séu fölsuð, án tillits til þess hvort þeim lyfjum var dreift í löglegri aðfangakeðju eða á ólöglegan hátt, þ.m.t. með ólöglegri sölu með þjónustu í upplýsingasamfélaginu,

h) að sannprófa að framleiðendur, innflytjendur eða dreifendur, sem hann fær virk efni frá, séu skráðir hjá lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem þeir hafa staðfestu,

i) að sannprófa ósvikni og gæði virku efnanna og hjálparefnanna.“

6) Eftirfarandi grein bætist við:

„46. gr. b

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að framleiðsla, innflutningur og dreifing virkra efna á yfirráðasvæði þeirra, þ.m.t. virkra efna sem eru ætluð til útflutnings, séu samkvæmt góðum framleiðsluháttum við gerð virkra efna og góðum starfsvenjum við dreifingu á virkum efnum.

2. Aðeins skal flytja inn virk efni ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:

a) virku efnin skulu hafa verið framleidd í samræmi við staðla um góða framleiðsluhætti, sem eru a.m.k. jafngildir þeim sem Sambandið mælir fyrir um í þriðju málsgrein. 47. gr., og

b) virku efnunum skal fylgja skrifleg staðfesting frá lögbæru yfirvaldi í þriðja landinu, sem er útflutningsland, á eftirfarandi:

i) að staðlarnir um góða framleiðsluhætti, sem beitt er í fyrirtækinu sem framleiðir virka efnið sem flutt er út, séu a.m.k. jafngildir þeim sem Sambandið mælir fyrir um samkvæmt þriðju málsgrein 47. gr.,

ii) að viðkomandi framleiðslufyrirtæki sé undir reglulegu, ströngu og gegnsæju eftirliti og að gerðar séu skilvirkar ráðstafanir til að framfylgja góðum framleiðsluháttum, þ.m.t. endurteknar og fyrirvaralausar eftirlitsúttektir, til að tryggja að lýðheilsuvernd sé a.m.k. jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu, og

iii) að komi í ljós að ekki er farið að tilskildum ákvæðum veiti þriðja landið, sem er útflutningsland, Sambandinu tafarlaust upplýsingar um þá niðurstöðu.

Þessi skriflega staðfesting skal ekki hafa áhrif á skyldurnar sem settar eru fram í 8. gr. og í f-lið 46. gr.

3. Kröfurnar, sem settar eru fram í b-lið 2. mgr. þessarar greinar, gilda ekki ef útflutningslandið er í skránni sem um getur í 111. gr. b.

4. Ef fyrirtæki, sem framleiðir virkt efni til útflutnings, hefur sætt eftirlitsúttekt af hálfu aðildarríkis og reynst fara að grundvallar- og viðmiðunarreglum um góða framleiðsluhætti sem mælt er fyrir um í þriðju málsgrein 47. gr. er sérhverju aðildarríki heimilt, í sérstökum undantekningartilvikum og ef það er nauðsynlegt til að tryggja að lyf séu tiltæk, að fella niður kröfurnar, sem eru settar fram í b-lið 2. mgr. þessarar greinar, á tímabili sem er ekki lengra en gildistími vottorðsins um góða framleiðsluhætti. Aðildarríkin, sem notfæra sér möguleikann á slíkri niðurfellingu, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni þar um.“

7) Í stað annarrar og fjórðu málsgreinar 47. gr. komi eftirfarandi:

„Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 121. gr. a og samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 121. gr. b og 121. gr. c, grundvallar- og viðmiðunarreglurnar um góða framleiðsluhætti við gerð virkra efna sem um getur í fyrstu málsgrein f-liðar 46. gr. og í 46. gr. b.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, í formi viðmiðunarreglna, grundvallarreglurnar um góðar starfsvenjur við dreifingu á virkum efnum sem um getur í fyrstu málsgrein f-liðar 46. gr.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja viðmiðunarreglur um formlegt áhættumat til ákvörðunar á viðeigandi, góðum framleiðsluháttum við gerð hjálparefna sem um getur í annarri málsgrein f-liðar 46. gr.“

8) Eftirfarandi grein bætist við:

„47. gr. a

1. Ekki skal fjarlægja né hylja öryggisþættina sem um getur í o-lið 54. gr., hvorki að hluta eða í heild, nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) handhafi framleiðsluleyfisins sannprófi, áður en hann fjarlægir öryggisþættina að hluta eða í heild, að viðkomandi lyf sé ósvikið og að ekki hafi verið átt við það,

b) handhafi framleiðsluleyfisins fari að ákvæðum o-liðar 54. gr. með því að skipta öryggisþáttunum út fyrir öryggisþætti sem eru jafngildir að því er varðar möguleikann á því að sannprófa ósvikni og auðkenni lyfsins og hvort átt hafi verið við það. Við slíkar útskiptingar skal ekki rjúfa innri umbúðirnar eins og þær eru skilgreindar í 23. lið 1. mgr.

Öryggisþættir skulu teljast jafngildir ef þeir:

i. fullnægja kröfum sem eru settar fram í framseldum gerðum sem eru samþykktar skv. 2. mgr. 54. gr. a,

ii. henta jafnvel til að sannprófa ósvikni og auðkenni lyfsins og hvort átt hafi verið við lyfið,

c) útskipting á öryggisþáttum fari fram í samræmi við viðeigandi, góða framleiðsluhætti í lyfjagerð og

d) útskipting á öryggisþáttum sé háð eftirliti lögbærs yfirvalds.

2. Litið skal á handhafa framleiðsluleyfis, þ.m.t. þá sem gera þær aðgerðir sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, sem framleiðendur og því ábyrga fyrir tjóni í þeim tilvikum og samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í tilskipun 85/374/EBE.“

9) Eftirfarandi undirliður bætist við á undan öðrum undirlið 1. mgr. 51. gr.:

„Ef um er að ræða lyf sem er fyrirhugað að setja á markað í Sambandinu skal menntaði og hæfi einstaklingurinn, sem um getur í 48. gr., sjá til þess að öryggisþættirnir, sem um getur í o-lið 54. gr., hafi verið festir á pakkninguna.“

10) Eftirfarandi greinar bætist við:

„52. gr. a

1. Innflytjendur, framleiðendur og dreifendur virkra efna, sem hafa staðfestu í Sambandinu, skulu skrá starfsemi sína hjá lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins sem þeir hafa staðfestu í.

2. Á skráningareyðublaðinu skulu a.m.k. koma fram upplýsingar um eftirfarandi:

i. heiti eða firmaheiti og fast heimilisfang,

ii. virku efnin sem ætlunin er að flytja inn, framleiða eða dreifa,

iii. einstök atriði varðandi athafnasvæðið og tæknibúnaðinn fyrir starfsemina.

3. Aðilarnir, sem um getur í 1. mgr., skulu leggja skráningareyðublaðið fyrir lögbæra yfirvaldið að minnsta kosti 60 dögum áður en þeir hyggjast hefja starfsemi sína.

4. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt, á grundvelli áhættumats, að ákveða að gera eftirlitsúttekt. Ef lögbæra yfirvaldið tilkynnir umsækjandanum, innan 60 daga frá viðtöku skráningareyðublaðsins, að eftirlitsúttekt muni fara fram skal starfsemin ekki hefjast fyrr en lögbæra yfirvaldið hefur tilkynnt umsækjandanum að honum sé heimilt að hefja starfsemina. Ef lögbæra yfirvaldið hefur ekki tilkynnt umsækjandanum, innan 60 daga frá viðtöku skráningareyðublaðsins, að eftirlitsúttekt muni fara fram er umsækjandanum heimilt að hefja starfsemina.

5. Aðilarnir, sem um getur í 1. mgr., skulu ár hvert senda lögbæru yfirvaldi skrá yfir þær breytingar sem hafa átt sér stað að því er varðar upplýsingarnar sem veittar voru á skráningareyðublaðinu. Tilkynna þarf án tafar um allar breytingar sem gætu haft áhrif á gæði eða öryggi virku efnanna sem eru framleidd eða flutt inn eða sem er dreift.

6. Aðilarnir, sem um getur í 1. mgr. og hófu starfsemi sína fyrir 2. janúar 2013, skulu leggja skráningareyðublaðið fyrir lögbæra yfirvaldið eigi síðar en 2. mars 2013.

7. Aðildarríkin skulu skrá upplýsingarnar, sem veittar eru í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, í gagnagrunn Sambandsins sem um getur í 6. mgr. 111. gr.

8. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um 111. gr.

52. gr. b

1. Þrátt fyrir 1. mgr. 2. gr. og með fyrirvara um VII. bálk skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að lyf, sem eru flutt inn í Sambandið en sem ekki er fyrirhugað að setja á markað í Sambandinu, fari í dreifingu ef nægar ástæður er til að ætla að þau lyf séu fölsuð.

2. Í því skyni að ákvarða hverjar þær nauðsynlegu ráðstafanir eru sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 121. gr. a og að uppfylltum skilyrðunum sem mælt er fyrir um í 121. gr. b og 121. gr. c, ráðstafanir til viðbótar við 1. mgr. þessarar greinar að því er varðar viðmiðanir, sem taka skal tillit til, og sannprófanir, sem gera þarf, við mat á því hvort lyf, sem eru flutt inn í Sambandið en sem ekki er fyrirhugað að setja á markað, kunni að vera fölsuð.“

11) Í 54. gr. bætist við eftirfarandi liður:

„o) þegar um er að ræða önnur lyf en geislavirku lyfin sem um getur í 1. mgr. 54. gr. a: öryggisþættir sem gera heildsölum og aðilum, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, kleift:

— að sannprófa ósvikni lyfsins og

— að sanngreina hverja pakkningu fyrir sig,

sem og búnað sem gerir kleift að sannprófa hvort átt hefur verið við ytri umbúðirnar.“

12) Eftirfarandi grein bætist við:

„54. gr. a

1. Lyfseðilsskyld lyf skulu búin öryggisþáttunum sem um getur í o-lið 54. gr. nema þau hafi verið færð á skrá í samræmi við málsmeðferðina samkvæmt b-lið 2. mgr. þessarar greinar.

Lyf, sem eru ekki lyfseðilsskyld, skulu ekki búin öryggisþáttunum sem um getur í o-lið 54. gr. nema í þeim undantekningartilvikum að þau hafi verið færð á skrá í samræmi við málsmeðferðina samkvæmt b-lið 2. mgr. þessarar greinar eftir að mat hefur leitt í ljós áhættu á fölsun þeirra.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, með framseldum gerðum í samræmi við 121. gr. a og samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 121. gr. b og 121. gr. c, ráðstafanir til viðbótar o-lið 54. gr. með það að markmiði að setja ítarlegar reglur um öryggisþættina sem um getur í o-lið 54. gr.

Í þessum framseldu gerðum skal setja fram:

a) eiginleika og tækniforskriftir sérauðkennis öryggisþáttanna, sem um getur í o-lið 54. gr., sem gerir kleift að sannprófa ósvikni lyfja og sanngreina hverja pakkningu fyrir sig. Tekið skal tilhlýðilegt tillit til kostnaðarhagkvæmni öryggisþáttanna þegar þeir eru ákveðnir,

b) skrár yfir lyf eða lyfjaflokka sem, ef um er að ræða lyfseðilsskyld lyf, skulu ekki búin öryggisþáttunum og, ef um er að ræða lyf sem eru ekki lyfseðilsskyld, skulu búin öryggisþáttunum sem um getur í o-lið 54. gr. Þessar skrár skulu teknar saman með hliðsjón af áhættunni á fölsun og áhættunni sem hlýst af fölsun í tengslum við lyf eða lyfjaflokka. Í þessu skyni skulu a.m.k. eftirfarandi viðmiðanir gilda:

i. verð og sölumagn lyfsins,

ii. fjöldi og tíðni fyrri tilvika varðandi fölsuð lyf, sem tilkynnt hefur verið um í Sambandinu og í þriðju löndum, og þróun í fjölda og tíðni slíkra tilvika fram til þessa,

iii. sérstakir eiginleikar viðkomandi lyfs,

iv. alvarleiki ástandsins sem ætlunin er að meðhöndla,

v. önnur hugsanleg lýðheilsuáhætta,

c) málsmeðferðarreglur um tilkynningar til framkvæmdastjórnarinnar, sem kveðið er á um í 4. mgr., og hraðvirkt kerfi til að meta og taka ákvarðanir um slíkar tilkynningar í þeim tilgangi að beita b-lið,

d) fyrirkomulagið á sannprófun öryggisþáttanna, sem um getur í o-lið 54. gr., sem framleiðendur, heildsalar, lyfjafræðingar og aðilar, sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, og lögbær yfirvöld annast. Fyrirkomulagið skal gera kleift að sannprófa ósvikni hverrar afhentrar pakkningar lyfsins, sem er búið öryggisþáttunum sem um getur í o-lið 54. gr., og ákvarða umfang þeirrar sannprófunar. Þegar þessu fyrirkomulagi er komið á skal hafa hliðsjón af sérstökum eiginleikum aðfangakeðja í aðildarríkjunum og þeirri nauðsyn að tryggja að áhrif ráðstafana, vegna sannprófunar, á tiltekna aðila í aðfangakeðjunni séu hófleg,

e) ákvæði um stofnun og stjórnun gagnasafnsins, sem inniheldur upplýsingar um öryggisþættina sem gera kleift að sannprófa ósvikni lyfja og sanngreina þau, eins og mælt er fyrir um í o-lið 54. gr., og ákvæði um aðgengi að því. Handhafar framleiðsluleyfis lyfja, sem eru búin öryggisþáttunum, skulu bera kostnaðinn af gagnasafninu.

3. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir ráðstafanirnar sem um getur í 2. mgr. skal hún a.m.k. taka tilhlýðilegt tillit til:

a) verndar persónuupplýsinga, eins og kveðið er á um í löggjöf Sambandsins,

b) lögmætra hagsmuna af að vernda upplýsingar sem viðskiptaleynd hvílir á,

c) eignarhalds á gögnum, sem verða til við notkun öryggisþáttanna, og þagnarskyldu um þau og

d) kostnaðarhagkvæmni ráðstafananna.

4. Lögbær landsyfirvöld skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um lausasölulyf, sem þau telja að áhætta sé á að verði fölsuð, og er heimilt að tilkynna framkvæmdastjórninni um lyf sem þau telja að ekki sé áhætta á að verði fölsuð samkvæmt þeim viðmiðunum sem settar eru fram í b-lið 2. mgr. þessarar greinar.

5. Aðildarríkjunum er heimilt, að því er varðar endurgreiðslu eða lyfjagát, að rýmka notkunarsvið sérauðkennisins sem um getur í o-lið 54. gr. svo að það nái yfir sérhvert lyf sem er lyfseðilsskylt eða fellur undir endurgreiðslu.

Aðildarríkjunum er heimilt, að því er varðar endurgreiðslu, lyfjagát eða lyfjafaraldursfræði, að nota upplýsingarnar í gagnasafninu sem um getur í e-lið 2. mgr. þessarar greinar.

Aðildarríkjunum er heimilt, að því er varðar öryggi sjúklinga, að rýmka notkunarsvið búnaðarins, sem kemur í veg fyrir að átt sé við lyfið og sem um getur í o-lið 54. gr., svo að það nái yfir öll lyf.“

13) Í stað fjórða undirliðar fyrstu málsgreinar 57. gr. komi eftirfarandi:

„— ósvikni og sanngreining í samræmi við 5. mgr. 54. gr. a“

14) Í stað fyrirsagnar VII. bálks komi eftirfarandi:

„Heildsöludreifing og miðlun lyfja“.

15) Í stað 3. mgr. 76. gr. komi eftirfarandi:

„3. Dreifandi, sem er ekki markaðsleyfishafi en flytur inn lyf frá öðru aðildarríki, skal tilkynna markaðsleyfishafa og lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu, sem lyfið verður flutt inn til, um fyrirhugaðan innflutning sinn. Ef um er að ræða lyf, sem hafa ekki hlotið leyfi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 726/2004, skal tilkynningin til lögbæra yfirvaldsins vera með fyrirvara um frekari málsmeðferð, sem kveðið er á um í löggjöf þessa aðildarríkis, og um gjöld sem greiða skal lögbæra yfirvaldinu fyrir umfjöllun um tilkynninguna.

4. Ef um er að ræða lyf sem hafa ekki hlotið leyfi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 726/2004 skal dreifandinn leggja tilkynninguna fyrir markaðsleyfishafann og Lyfjastofnun Evrópu í samræmi við 3. mgr. þessarar greinar. Greiða skal Lyfjastofnun Evrópu gjald fyrir að athuga hvort skilyrðin, sem mælt er fyrir um í lyfjalöggjöf Sambandsins og í markaðsleyfunum, hafi verið uppfyllt.“

16) Ákvæðum 77. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríkin skulu gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að heildsöludreifing lyfja sé háð því skilyrði að viðkomandi sé handhafi leyfis til að starfa sem lyfjaheildsali og að í leyfinu sé tiltekið á hvaða athafnasvæði á yfirráðasvæði þeirra það gildi.“

b) Í stað 4. og 5. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Aðildarríkin skulu skrá upplýsingarnar, sem varða leyfin sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, í gagnagrunn Sambandsins sem um getur í 6. mgr. 111. gr. Að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkis skulu aðildarríkin veita allar viðeigandi upplýsingar varðandi einstök leyfi sem þau hafa veitt skv. 1. mgr. þessarar greinar.

5. Eftirlit með aðilum, sem hafa leyfi til að stunda lyfjaheildsölu, og eftirlitsúttekt á athafnasvæðum þeirra skal fara fram á vegum aðildarríkisins sem veitti leyfi fyrir athafnasvæðinu á yfirráðasvæði sínu.“

17) Ákvæðum 80. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liður bætist við:

„ca) að sannprófa að lyfin, sem hann tekur við, séu ekki fölsuð með því að athuga öryggisþættina á ytri umbúðunum í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í framseldu gerðunum sem um getur í 2. mgr. 54. gr. a,“

b) Í stað e-liðar komi eftirfarandi:

„e) að halda skrár, annaðhvort í formi innkaupa- eða sölureikninga eða í tölvutæku formi eða á annan hátt, þar sem fram koma a.m.k. eftirfarandi upplýsingar um öll lyf sem tekið hefur verið við, hafa verið afhent eða hefur verið miðlað:

— dagsetning,

— heiti lyfsins,

— magnið sem tekið er við, er afhent eða miðlað,

— nafn og heimilisfang birgis eða viðtakanda eftir því sem við á,

— lotunúmer lyfjanna, a.m.k. þegar um er að ræða lyf sem eru búin öryggisþáttunum sem um getur í o-lið 54. gr.“

c) Eftirfarandi liðir bætist við:

„h) að viðhalda gæðakerfi þar sem ábyrgð, ferlar og ráðstafanir vegna áhættustýringar í tengslum við starfsemi þeirra eru sett fram,

i) að tilkynna lögbæru yfirvaldi, og eftir atvikum markaðsleyfishafa, tafarlaust um lyf sem hann tekur við eða er boðið og sem hann gerir sér grein fyrir að eru fölsuð eða hefur grun um að séu fölsuð.“

d) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:

„Að því er varðar b-lið skulu handhafar leyfa til heildsöludreifingar sannreyna, ef lyfið er fengið hjá öðrum heildsala, að heildsalinn, sem afhenti þeim lyfið, fari að grundvallar- og viðmiðunarreglum um góðar starfsvenjur við dreifingu. Í því felst að sannreyna að heildsalinn, sem afhendir lyfin, sé handhafi leyfis til dreifingar í heildsölu.

Ef lyfið er fengið frá framleiðanda eða innflytjanda skal handhafi leyfis fyrir heildsöludreifingunni sannreyna að framleiðandinn eða innflytjandinn hafi framleiðsluleyfi.

Ef lyfið er fengið gegnum miðlun skal handhafi leyfisins fyrir heildsöludreifingunni sannreyna að hlutaðeigandi miðlari uppfylli kröfurnar sem settar eru fram í þessari tilskipun.“

18) Eftirfarandi undirgrein bætist við fyrstu málsgrein 82. gr.:

„— lotunúmer lyfjanna, a.m.k. fyrir lyf sem eru búin öryggisþáttunum sem um getur í o-lið 54. gr.“

19) Eftirfarandi greinar bætist við:

„85. gr. a

Ef um er að ræða heildsöludreifingu á lyfjum til þriðju landa gilda 76. gr. og c-liður 80. gr. ekki. Auk þess gilda b- og ca-liður 80. gr. ekki ef tekið er við lyfi beint frá þriðja landi en það ekki flutt inn. Kröfurnar, sem settar eru fram í 82. gr., gilda um afhendingu lyfja til aðila í þriðju löndum sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda lyf til almennings.

85. gr. b

1. Aðilar, sem miðla lyfjum, skulu sjá til þess að lyfin, sem þeir miðla, falli undir markaðsleyfi sem er veitt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 726/2004 eða sem lögbær yfirvöld aðildarríkis veita samkvæmt þessari tilskipun.

Aðilar, sem miðla lyfjum, skulu hafa fast heimilisfang og samskiptaupplýsingar í Sambandinu til að tryggja að lögbær yfirvöld geti vitað nákvæm deili á þeim og staðsetningu þeirra og haft samskipti við þá og fylgst með starfsemi þeirra.

Kröfurnar, sem eru settar fram í d- til i-liðum 80. gr., skulu gilda, að breyttu breytanda, um miðlun á lyfjum.

2. Einungis aðilar, sem eru skráðir hjá lögbæru yfirvaldi aðildarríkisins þar sem þeir hafa fast heimilisfang, eins og um getur í 1. mgr., mega miðla lyfjum. Þeir aðilar skulu leggja fram a.m.k. nöfn sín, firmaheiti og fast heimilisfang til að skrá sig. Þeir skulu tilkynna lögbæru yfirvaldi um allar breytingar á þeim upplýsingum án ónauðsynlegra tafa.

Aðilar, sem miðla lyfjum og hófu starfsemi sína fyrir 2. janúar 2013, skulu skrá sig hjá lögbæru yfirvaldi eigi síðar en 2. mars 2013.

Lögbæra yfirvaldið skal skrá upplýsingarnar, sem um getur í fyrstu undirgrein, í skrá sem skal vera aðgengileg öllum.

3. Í viðmiðunarreglunum, sem um getur í 84. gr., skulu vera sértæk ákvæði um miðlun.

4. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um 111. gr. Eftirlitsúttektirnar, sem um getur í 111. gr., skulu fara fram á ábyrgð aðildarríkisins þar sem aðilinn, sem miðlar lyfjum, er skráður.

Ef aðili, sem miðlar lyfjum, uppfyllir ekki kröfurnar sem eru settar fram í þessari grein er lögbæru yfirvaldi heimilt að ákveða að taka þann aðila af skránni sem um getur í 2. mgr. Lögbæra yfirvaldið skal tilkynna aðilanum þar um.“

20) Eftirfarandi bálki skal bætt við á undan VIII. bálki:

„VII. bálkur A

FJARSALA TIL ALMENNINGS

85. gr. c

1. Með fyrirvara um landslöggjöf, sem bannar að lyfseðilsskyld lyf séu boðin almenningi í fjarsölu með þjónustu í upplýsingasamfélaginu, skulu aðildarríkin sjá til þess að lyf séu boðin almenningi í fjarsölu með þjónustu í upplýsingasamfélaginu, sem er skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu(*), með eftirfarandi skilyrðum:

a) að einstaklingurinn eða lögaðilinn, sem býður lyfin fram, hafi leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf, einnig í fjarsölu, í samræmi við landslöggjöf aðildarríkisins þar sem sá aðili hefur staðfestu,

b) að aðilinn, sem um getur í a-lið, hafi tilkynnt aðildarríkinu, þar sem sá aðili hefur staðfestu, um a.m.k. eftirfarandi:

   i. heiti eða firmaheiti og fast heimilisfang starfsstöðvarinnar þaðan sem lyfjunum er dreift,

   ii. upphafsdag þeirrar starfsemi að bjóða almenningi lyf í fjarsölu með þjónustu í upplýsingasamfélaginu,

   iii. veffang vefsetursins, sem er notað í þeim tilgangi, og allar viðeigandi upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að finna það vefsetur,

   iv. ef við á, flokkun lyfja, í samræmi við VI. bálk, sem eru boðin almenningi í fjarsölu með þjónustu í upplýsingasamfélaginu.

   Þessar upplýsingar skulu uppfærðar eftir því sem við á;

c) að lyfin uppfylli landslöggjöf viðtökuaðildarríkisins í samræmi við 1. mgr. 6. gr.,

d) að á vefsetrinu, sem býður fram lyfin, sé a.m.k. að finna, án þess að það hafi áhrif á upplýsingakröfurnar sem settar eru fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/31/EB frá 8. júní 2000 um tiltekna lagalega þætti þjónustu, einkum rafrænna viðskipta, í tengslum við upplýsingasamfélagið á innri markaðnum („tilskipun um rafræn viðskipti“)(**):

   i. samskiptaupplýsingar lögbæra yfirvaldsins eða yfirvaldsins sem fær tilkynninguna samkvæmt b-lið,

   ii. tengil við vefsetrið, sem um getur í 4. mgr., í staðfestuaðildarríkinu,

   iii. sameiginlega kennimerkið sem um getur í 3. mgr., sýnt með skýrum hætti á hverri síðu vefsetursins sem tengist boði til almennings á lyfjum í fjarsölu. Sameiginlega kennimerkið skal fela í sér tengil við færsluna um aðilann í skránni sem um getur í c-lið 4. mgr.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að setja skilyrði, réttlætt með skírskotun til lýðheilsuverndar, fyrir smásöluafhendingu á yfirráðasvæði sínu á lyfjum í fjarsölu með þjónustu í upplýsingasamfélaginu.

3. Koma skal á sameiginlegu kennimerki sem er auðþekkjanlegt um allt Sambandið en gerir þó kleift að átta sig á því í hvaða aðildarríki aðilinn, sem býður almenningi lyfin í fjarsölu, hefur staðfestu. Kennimerkið skal sýnt með skýrum hætti á vefsetrum sem bjóða almenningi lyf í fjarsölu í samræmi við d-lið 1. mgr.

Til að samræma notkunina á sameiginlega kennimerkinu skal framkvæmdastjórnin samþykkja framkvæmdargerðir um:

a) tæknilegar og raftæknilegar kröfur og dulkóðunarkröfur varðandi sannprófun á ósvikni sameiginlega kennimerkisins,

b) hönnun sameiginlega kennimerkisins.

Framkvæmdargerðunum skal, ef nauðsyn krefur, breytt til að taka til greina framfarir í tækni og vísindum. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 121. gr.

4. Sérhvert aðildarríki skal setja upp vefsetur þar sem fram kemur a.m.k. eftirfarandi:

a) upplýsingar um þá landslöggjöf sem gildir um að bjóða almenningi lyf í fjarsölu með þjónustu í upplýsingasamfélaginu, þ.m.t. upplýsingar um þá staðreynd að það getur verið munur á milli aðildarríkjanna á flokkun lyfja og skilyrðum fyrir afhendingu þeirra,

b) upplýsingar um tilganginn með sameiginlega kennimerkinu,

c) skrá yfir aðila, sem bjóða almenningi lyf í fjarsölu með þjónustu í upplýsingasamfélaginu í samræmi við 1. mgr., sem og vefföng þeirra,

d) bakgrunnsupplýsingar um áhættu sem tengist lyfjum sem eru afhent almenningi með ólöglegum hætti með þjónustu í upplýsingasamfélaginu.

Á þessu vefsetri skal vera tengill við vefsetrið sem um getur i 5. mgr.

5. Lyfjastofnun Evrópu skal setja upp vefsetur sem veita upplýsingarnar sem um getur í b- og d-liðum 4. mgr., upplýsingar um þá löggjöf Sambandsins sem gildir um fölsuð lyf sem og tengla við vefsetur aðildarríkjanna sem um getur í 4. mgr. Á vefsetri Lyfjastofnunar Evrópu skal það tekið skýrt fram að á vefsetrum aðildarríkjanna séu upplýsingar um aðila sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda almenningi lyf í fjarsölu með þjónustu í upplýsingasamfélaginu í hlutaðeigandi aðildarríki.

6. Með fyrirvara um tilskipun 2000/31/EB og kröfurnar, sem eru settar fram í þessum bálki, skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að aðilar, aðrir en þeir sem um getur í 1. mgr., sem bjóða almenningi lyf í fjarsölu með þjónustu í upplýsingasamfélaginu og starfa á yfirráðasvæði þeirra heyri undir viðurlög sem eru skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

85. gr. d

Með fyrirvara um valdheimildir aðildarríkjanna skal framkvæmdastjórnin, í samstarfi við Lyfjastofnun Evrópu og yfirvöld aðildarríkjanna, standa fyrir eða stuðla að upplýsingaherferðum, ætluðum almenningi, um hætturnar af fölsuðum lyfjum. Upplýsingaherferðirnar skulu auka vitund neytenda um áhættuna, sem tengist lyfjum sem eru afhent almenningi ólöglega í fjarsölu með þjónustu í upplýsingasamfélaginu, og um notkun sameiginlega kennimerkisins, vefsetra aðildarríkjanna og vefseturs Lyfjastofnunar Evrópu.“

(*) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.
(**) Stjtíð. EB L 178, 17.7.2000, bls. 1.“

21) Ákvæðum 111. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal, í samstarfi við Lyfjastofnun Evrópu, sjá til þess að farið sé að lagaskilyrðum um lyf með eftirlitsúttektum, fyrirvaralausum ef nauðsyn krefur, og, eftir því sem við á, með því að fela opinberri rannsóknarstofu á sviði lyfjaeftirlits eða rannsóknarstofu, sem tilnefnd hefur verið til þess verks, að annast prófanir á sýnum. Í þessu samstarfi felst að skiptast á upplýsingum við Lyfjastofnun Evrópu um hvort tveggja eftirlitsúttektir, sem eru ráðgerðar, og eftirlit sem hefur þegar farið fram. Aðildarríkin og Lyfjastofnun Evrópu skulu starfa saman að samræmingu eftirlitsúttekta í þriðju löndum. Eftirlitsúttektirnar skulu ná yfir eftirlitsúttektirnar sem um getur í 1. mgr. a til 1. mgr. f, án þess þó að einskorðast við þær.

1a. Framleiðendur, sem eru staðsettir í Sambandinu eða í þriðju löndum, og lyfjaheildsalar lyfja skulu sæta endurteknum eftirlitsúttektum.

1b. Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis skal hafa eftirlitskerfi sem felur í sér eftirlitsúttektir, hæfilega tíðar með hliðsjón af áhættunni, á athafnasvæði framleiðanda, innflytjanda eða dreifenda virkra efna, sem eru staðsettir á yfirráðasvæði aðildarríkisins, og skilvirka eftirfylgni með þessum eftirlitsúttektum.

Ef lögbært yfirvald telur að ástæða sé til að ætla að ekki hafi verið farið að lagaskilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, þ.m.t. grundvallar- og viðmiðunarreglum um góða framleiðsluhætti og góðum starfsvenjum við dreifingu sem um getur í f-lið 46. gr. og í 47. gr., er því heimilt að gera eftirlitsúttektir á athafnasvæðum:

a) framleiðenda eða dreifenda virkra efna sem eru staðsettir í þriðju löndum,

b) framleiðenda eða innflytjenda hjálparefna.

1c. Einnig er heimilt að framkvæma eftirlitsúttektirnar, sem um getur í 1. mgr. a og 1. mgr. b, í Sambandinu og í þriðju löndum að beiðni aðildarríkis, framkvæmdastjórnarinnar eða Lyfjastofnunar Evrópu.

1d. Eftirlitsúttektir geta farið fram á athafnasvæðum markaðsleyfishafa og lyfjamiðlara.

1e. Staðlastofnunin, sem fer með nafngiftir og gæðastaðla samkvæmt samningnum um Lyfjaskrá Evrópu (aðalskrifstofa Evrópsku lyfjaskrárinnar), getur farið þess á leit við framkvæmdastjórnina eða Lyfjastofnun Evrópu að þær biðji um slíka eftirlitsúttekt, ef viðkomandi upphafsefni fellur undir gæðalýsingu efnis í Evrópsku lyfjaskránni, í því skyni að sannreyna hvort gögnin, sem lögð eru fram vegna útgáfu samræmisvottorðs, samræmist gæðalýsingum efna í Evrópsku lyfjaskránni.

1f. Lögbært yfirvald hlutaðeigandi aðildarríkis getur gert eftirlitsúttekt hjá framleiðanda upphafsefna ef framleiðandinn fer þess sérstaklega á leit.

1g. Embættismenn, sem eru fulltrúar lögbærs yfirvalds, skulu annast eftirlitsúttektirnar og skulu hafa umboð til:

a) að gera eftirlitsúttekt á framleiðslu- og sölustöðum framleiðenda lyfja, virkra efna eða hjálparefna, svo og á öllum rannsóknarstofum sem handhafi framleiðsluleyfisins hefur ráðið til að annast eftirlitsprófanir skv. 20. gr.,

b) að taka sýni, þ.m.t. fyrir óháðar prófanir opinberrar rannsóknarstofu á sviði lyfjaeftirlits eða rannsóknarstofu sem aðildarríki hefur tilnefnt til þessa verks,

c) að fara yfir hvers kyns skjöl sem varða tilefni eftirlitsúttektarinnar, sbr. þó gildandi ákvæði í aðildarríkjunum 21. maí 1975 sem takmarka þetta umboð þegar um er að ræða lýsingu á framleiðsluaðferð,

d) að gera eftirlitsúttekt á athafnasvæði, skrám, skjölum og grunnskjali lyfjagátarkerfis markaðsleyfishafa eða fyrirtækja sem markaðsleyfishafi hefur ráðið til að framkvæma þær aðgerðir sem lýst er í IX. bálki.

1h. Eftirlitsúttektir skulu fara fram í samræmi við viðmiðunarreglurnar sem um getur í 111. gr. a,“

b) í stað 3.–6. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Lögbært yfirvald skal skila skýrslu, að lokinni hverri eftirlitsúttekt, um það hvort aðilinn, sem gerð var eftirlitsúttekt á, hafi farið að grundvallar- og viðmiðunarreglum um góða framleiðsluhætti og góðar starfsvenjur við dreifingu, sem mælt er fyrir um í 47. og 84. gr., eftir því sem við á, eða hvort markaðsleyfishafi uppfylli þær kröfur sem mælt er fyrir um í IX. bálki.

Lögbæra yfirvaldið, sem gerði eftirlitsúttektina, skal kynna aðilanum, sem gerð var eftirlitsúttekt á, efni þessara skýrslna.

Áður en lögbæra yfirvaldið samþykkir skýrsluna skal það gefa aðilanum, sem gerð var eftirlitsúttekt á, færi á að koma athugasemdum á framfæri.

4. Með fyrirvara um hvers kyns fyrirkomulag sem gert hefur verið milli Sambandsins og þriðja aðila er aðildarríki, framkvæmdastjórninni eða Lyfjastofnun Evrópu heimilt að krefjast þess að framleiðandi með staðfestu í þriðja landi sæti eftirlitsúttekt eins og um getur í þessari grein.

5. Innan 90 daga frá því að eftirlitsúttekt fer fram, eins og um getur í 1. mgr., skal vottorð um góða framleiðsluhætti eða góðar starfsvenjur við dreifingu gefið út, ef við á, til handa aðilanum, sem eftirlit var framkvæmt hjá, ef niðurstaða eftirlitsúttektarinnar er sú að hann fullnægi grundvallar- og viðmiðunarreglum um góða framleiðsluhætti eða góðar starfsvenjur við dreifingu eins og kveðið er á um í löggjöf Sambandsins.

Ef eftirlitsúttektir fara fram í tengslum við málsmeðferð þar sem vottað er samræmi við gæðalýsingar efna í Evrópsku lyfjaskránni skal gefa út vottorð.

6. Aðildarríkin skulu skrá vottorðin, sem þau gefa út um góða framleiðsluhætti og góða starfsvenjur við dreifingu, í gagnagrunn Sambandsins sem Lyfjastofnun Evrópu heldur utan um fyrir hönd Sambandsins. Samkvæmt 7. mgr. 52. gr. a skulu aðildarríkin einnig færa upplýsingar varðandi skráningu innflytjenda, framleiðenda og dreifenda virkra efna í þann gagnagrunn. Gagnagrunnurinn skal vera aðgengilegur öllum.“

c) Ákvæðum 7. mgr. er breytt sem hér segir:

i. orðin „1. mgr. g“ komi í stað orðanna „1. mgr.“,

ii. orðin „sem eru notuð sem upphafsefni“ falli brott.

d) Í fyrstu undirgrein 8. mgr. komi orðin „d-liður 1. mgr. g“ í stað „1. mgr. d“.

22) Eftirfarandi greinar bætist við:

„111. gr. a

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ítarlegar viðmiðunarreglur þar sem kveðið er á um grundvallarreglurnar sem gilda um eftirlitsúttektirnar sem um getur í 111. gr.

Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við Lyfjastofnun Evrópu, ákvarða form og efni leyfanna sem um getur í 40. gr. (1. mgr.) og 77. gr. (1. mgr.), skýrslnanna sem um getur í 111. gr. (3. mgr.) og vottorðanna um góða framleiðsluhætti og vottorðanna um góðar starfsvenjur við dreifingu sem um getur í 111. gr. (5. mgr.)

111. gr. b

1. Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni þriðja lands, meta hvort reglurammi þess lands fyrir virk efni, sem eru flutt út til Sambandsins, og tilheyrandi starfsemi á sviði eftirlits og framfylgdar tryggi lýðheilsuvernd sem er jafngild þeirri sem er við lýði í Sambandinu. Ef matið staðfestir slíkt jafngildi skal framkvæmdastjórnin samþykkja ákvörðun til að bæta þriðja landinu á skrá. Matið skal vera í formi athugunar á viðeigandi skjölum og, ef ekki er fyrir hendi fyrirkomulag, eins og um getur í 2. mgr. 51. gr. þessarar tilskipunar, sem tekur til starfsemi á þessu sviði skal matið fela í sér athugun á vettvangi á reglukerfi þriðja landsins og, ef nauðsyn krefur, eftirlitsúttekt undir umsjón á einum eða fleiri framleiðslustöðum virkra efna í þriðja landinu. Í matinu skal taka sérstakt tillit til:

a) landsreglna um góða framleiðsluhætti,

b) hversu reglubundið gerðar eru eftirlitsúttektir til að sannprófa að farið sé að góðum framleiðsluháttum,

c) skilvirkni við framfylgd góðra framleiðsluhátta,

d) hve reglubundið og hratt þriðja landið veitir upplýsingar varðandi framleiðendur virkra efna sem fara ekki að tilskildum ákvæðum.

2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja nauðsynlegar framkvæmdargerðir til beitingar kröfunum sem settar eru fram í a- til d-liðum 1. mgr. þessarar greinar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 121. gr.

3. Framkvæmdastjórnin skal sannprófa reglulega hvort skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., eru uppfyllt. Fyrsta sannprófunin skal fara fram eigi síðar en þremur árum eftir að landinu hefur verið bætt í skrána sem um getur í 1. mgr.

4. Framkvæmdastjórnin skal framkvæma matið og sannprófunina, sem um getur í 1. og 3. mgr., í samstarfi við Lyfjastofnun Evrópu og lögbær yfirvöld aðildarríkisins.“

23) Í 116. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„Önnur málsgrein þessarar greinar gildir einnig í þeim tilvikum þegar framleiðsla lyfsins er ekki í samræmi við upplýsingarnar, sem kveðið er á um í d-lið 3. mgr. 8. gr., eða ef eftirlit er ekki samkvæmt eftirlitsaðferðunum sem er lýst samkvæmt h-lið 3. mgr. 8. gr.“

24) Eftirfarandi grein bætist við:

„117. gr. a

1. Aðildarríkin skulu hafa kerfi sem á að koma í veg fyrir að sjúklingum berist lyf sem grunur leikur á að séu hættuleg heilsu fólks.

2. Kerfið, sem um getur í 1. mgr., skal ná yfir viðtöku og meðferð tilkynninga um lyf sem grunur leikur á að séu fölsuð sem og lyf sem grunur leikur á að séu gölluð. Kerfið skal einnig ná yfir innköllun markaðsleyfishafa á lyfjum eða töku lyfja af markaði, samkvæmt skipun lögbærra landsyfirvalda, frá öllum viðkomandi aðilum í aðfangakeðjunni, bæði á venjulegum vinnutíma og utan hans. Með kerfinu skal einnig gert mögulegt að afturkalla, ef nauðsyn krefur með aðstoð fagfólks í heilbrigðisþjónustu, lyf frá sjúklingum sem hafa tekið við slíkum lyfjum.

3. Ef grunur leikur á að viðkomandi lyf feli í sér alvarlega áhættu fyrir lýðheilsu skal lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu, þar sem lyfið fannst fyrst, tafarlaust senda tilkynningu um hraðviðvörunarkerfið til allra aðildarríkjanna og allra aðila í aðfangakeðjunni í því aðildarríki. Ef talið er að slík lyf hafi borist til sjúklinga skal opinber tilkynning birt með hraði innan 24 tíma til þess að innkalla þessi lyf frá sjúklingunum. Í þessum tilkynningum skulu vera fullnægjandi upplýsingar um gallann eða þá fölsunina, sem grunsemdir eru um, og meðfylgjandi áhættu.

4. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um einstök atriði landskerfa sinna, hvert um sitt kerfi, sem um getur í þessari grein, fyrir 22. júlí 2013.“

25) Eftirfarandi greinar bætist við:

„118. gr. a

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum á ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að þessum viðurlögum sé beitt. Viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi. Viðurlögin skulu ekki vera mildari en viðurlög við brotum á landslögum af svipuðum toga sem hafa svipað vægi.

2. Reglurnar, sem um getur í 1. mgr., skulu m.a. fjalla um eftirfarandi:

a) framleiðslu, dreifingu, miðlun, innflutning og útflutning falsaðra lyfja sem og fjarsölu falsaðra lyfja til almennings með þjónustu í upplýsingasamfélaginu,

b) brot á ákvæðunum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, um framleiðslu, dreifingu, innflutning og útflutning virkra efna,

c) brot á ákvæðunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun um notkun á hjálparefnum.

Við refsingu skal, ef við á, tekið tillit til áhættunnar fyrir lýðheilsu sem fylgir fölsun lyfja.

3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni, eigi síðar en 2. janúar 2013, um ákvæði landslaga sem þau hafa samþykkt samkvæmt þessari grein og tilkynna henni tafarlaust um allar síðari breytingar á þessum ákvæðum.

Framkvæmdastjórnin skal leggja fram skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, eigi síðar en 2. janúar 2018, með yfirliti yfir lögleiðingarráðstafanir aðildarríkjanna að því er varðar þessa grein, ásamt mati á skilvirkni þeirra ráðstafana.

118. gr. b

Aðildarríkin skulu skipuleggja fundi samtaka sjúklinga og neytenda og, eftir því sem nauðsyn krefur, þeirra sem annast framfylgdarstarfsemi í aðildarríkjunum, til þess að miðla upplýsingum til almennings um aðgerðir á sviði forvarnarstarfs og framfylgdar í því skyni að sporna gegn fölsun lyfja.

118. gr. c

Við beitingu þessarar tilskipunar skulu aðildarríkin gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja samstarf milli lögbærra yfirvalda á sviði lyfja og tollyfirvalda.“

26) Í 1. mgr. 121. gr. a komi orðin „22. gr. b, 47. gr., 52. gr. b og 54. gr. a“ í stað orðanna „22. gr. b“.

27) Í 1. mgr. 121. gr. b komi orðin „22. gr. b, 47. gr., 52. gr. b og 54. gr. a“ í stað orðanna „22. gr. b“.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 2. janúar 2013. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin skulu beita þessum ráðstöfunum frá og með 2. janúar 2013.

Aðildarríkin skulu þó beita:

a) ákvæðum, sem eru nauðsynleg til að fara að 6. lið 1. gr. þessarar tilskipunar, að svo miklu leyti sem þau varða b-lið 2. mgr. 46. gr. b og 3. og 4. mgr. 46. gr. b í tilskipun 2001/83/EB, sem er bætt við með þessari tilskipun, frá og með 2. júlí 2013,

b) ákvæðum, sem eru nauðsynleg til að fara að 8., 9., 11. og 12. lið 1 gr. þessarar tilskipunar, frá og með þremur árum eftir birtingardag framseldu gerðanna sem um getur í 12. lið 1 gr. þessarar tilskipunar.

Aðildarríki, sem ráða þann 21. júlí 2011 yfir kerfi í þeim tilgangi sem um getur í 11. lið 1. gr. þessarar tilskipunar, skulu þó beita þeim ákvæðum, sem eru nauðsynleg til að fara að 8., 9., 11. og 12. lið 1. gr. þessarar tilskipunar, eigi síðar en frá og með 6 árum eftir gildistökudag framseldu gerðanna sem um getur í 12. lið 1. gr. þessarar tilskipunar;

c) ákvæðum, sem eru nauðsynleg til að fara að 20. lið 1. gr. þessarar tilskipunar, að svo miklu leyti sem hann varðar 85. gr. c í tilskipun 2001/83/EB, sem er bætt við með þessari tilskipun, eigi síðar en frá og með 1 ári eftir birtingardag framkvæmdargerðanna sem um getur í 3. mgr. 85. gr. c sem er bætt við með þessari tilskipun.

3. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Eigi síðar en 5 árum eftir gildistökudag framseldu gerðanna, sem um getur í 2. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB, sem er bætt við með þessari tilskipun, skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið sem innheldur eftirfarandi:

a) lýsingu, sem felur í sér megindleg gögn ef unnt er, á þróun í fölsun lyfja með tilliti til: lyfjaflokkanna sem um er að ræða, dreifileiða, þ.m.t. fjarsölu til almennings með þjónustu í upplýsingasamfélaginu, hlutaðeigandi aðildarríkja, eðlis falsana, upprunasvæða þessara lyfja, og

b) mat á árangri ráðstafana, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, varðandi forvarnir gegn komu falsaðra lyfja inn í löglegu aðfangakeðjuna. Sér í lagi skal meta o-lið 54. gr. og 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB sem er bætt við með þessari tilskipun.

4. gr.

Til að framkvæmdastjórnin geti samþykkt framseldu gerðirnar sem um getur í 2. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB, sem er bætt við með þessari tilskipun, skal hún framkvæma mat á a.m.k. eftirfarandi þáttum:

a) tæknilegum valkostum varðandi sérauðkenni öryggisþátt-anna sem um getur í o-lið 54. gr. tilskipunar 2001/83/EB sem er bætt við með þessari tilskipun,

b) valkostum vegna umfangs og fyrirkomulags sannprófunar á ósvikni lyfja sem eru búin öryggisþáttunum. Það mat skal taka tillit til sérstakra eiginleika aðfangakeðja í aðildarríkjunum,

c) tæknilegum valkostum til að koma á og stjórna gagnasafninu sem um getur í e-lið 2. mgr. 54. gr. a í tilskipun 2001/83/EB sem er bætt við með þessari tilskipun.

Í rannsókninni skal ávinningur, kostnaður og kostnaðar-hagkvæmni allra valkostanna metið.

5. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 8. júní 2011.

Fyrir Evrópuþingið,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	GYŐRI E.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2012/26/ESB

2013/EES/56/34

frá 25. október 2012

um breytingu á tilskipun 2001/83/EB að því er varðar lyfjagát (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr. og c-lið 4. mgr. 168. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Nýleg lyfjagátartilvik í Sambandinu hafa sýnt fram á þörf fyrir sjálfvirka málsmeðferð á vettvangi Sambandsins þegar um er að ræða sértæk öryggismál til að tryggja að mál sé metið og tekið á því í öllum aðildarríkjunum þar sem lyfið er leyft. Gildisvið mismunandi málsmeðferða Sambandsins varðandi lyf sem eru leyfð á landsvísu, eins og mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/82/EB frá 6. nóvember 2001 um Bandalagsreglur um lyf sem ætluð eru mönnum ([3]) skal skýrt.

2) Auk þess ættu aðgerðir að frumkvæði markaðsleyfishafans ekki að leiða til aðstæðna þar sem ekki er tekið á tilhlýðilegan hátt, í öllum aðildarríkjunum, á áhyggjuefnum sem varða áhættu eða ávinning af lyfi sem er leyft í Sambandinu. Markaðsleyfishafanum skal því skylt að tilkynna viðkomandi lögbærum yfirvöldum og Lyfjastofnun Evrópu um ástæður þess að lyf sé tekið af markaði, að hlé sé gert á því að setja lyf á markað, að farið sé fram á að markaðsleyfi sé afturkallað eða fyrir því að markaðsleyfi sé ekki endurnýjað.

3) Rétt þykir að skýra frekar og styrkja venjulega málsmeðferð og flýtimeðferð Sambandsins til að tryggja samræmingu, snöggt mat ef málið er brýnt og möguleikann á að grípa tafarlaust til aðgerða ef þörf er á til að vernda lýðheilsu, áður en ákvörðun er tekin á vettvangi Sambandsins. Ef Sambandið hefur hagsmuna að gæta skal hefja venjulega málsmeðferð vegna mála sem varða gæði, öryggi eða verkun lyfja. Ef þörf er á snöggu mati á áhyggjuefnum sem koma í ljós við mat á gögnum sem fást með lyfjagátarstarfsemi skal hefja flýtimeðferð Sambandsins. Án tillits til þess hvort flýtimeðferð Sambandsins eða venjulegri málsmeðferð er beitt og hvort sem viðkomandi lyf hlaut markaðsleyfi með miðlægri málsmeðferð eða annarri málsmeðferð skal nefndin um áhættumat á sviði lyfjagátar ávallt setja fram tilmæli sín þegar ástæðuna fyrir því að gripið er til aðgerða er að finna í lyfjagátargögnum. Rétt þykir að samræmingarhópurinn og mannalyfjanefndin fari eftir þessum tilmælum þegar þessir aðilar vinna mat sitt á málefninu.

4) Rétt þykir að aðildarríkin veiti samræmingarhópnum vitneskju um mál sem varða ný tilvik um frábendingar, minnkun ráðlagðra skammta eða takmörkun ábendinga vegna lyfja sem hlotið hafa markaðsleyfi í samræmi við sjálfstæða málsmeðferð og málsmeðferð um gagnkvæma viðurkenningu ef flýtimeðferð Sambandsins er ekki hafin. Til að tryggja samhæfingu vegna þessara lyfja er

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 299, 27.10.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 181, 21.6.2012, bls. 201.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 11. september 2012 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 4. október 2012.

([3]) Stjtíð. EB L 311, 28.11.2001, bls. 67.

samræmingarhópnum heimilt að ræða hvort einhverjar aðgerðir séu nauðsynlegar ef ekkert aðildarríkjanna hefur hrundið af stað venjulegri málsmeðferð.

5) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að samræma reglur um lyfjagát í öllu Sambandinu, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og sett er fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.

6) Því ber að breyta tilskipun 2001/83/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvörðun 2001/83/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 2. mgr. 23. gr. a komi eftirfarandi:

„Ef hætt er að setja lyfið á markað í aðildarríki, annaðhvort um tíma eða til frambúðar, skal markaðsleyfishafinn greina lögbæra yfirvaldinu í því aðildarríki frá því. Slík tilkynning skal send eigi síðar en tveimur mánuðum áður en hlé er gert á því að setja lyfið á markað nema um sérstakar aðstæður sé að ræða. Markaðsleyfishafinn skal tilkynna lögbæra yfirvaldinu um ástæðurnar fyrir slíkri aðgerð í samræmi við 2. mgr. 123. gr.“

2) Ákvæðum 31. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað þriðju undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Ef ein þeirra viðmiðana sem eru tilgreindar í 1. mgr. 107 gr. i er uppfyllt gildir þó málsmeðferðin sem mælt er fyrir um í 107. gr. i til 107. gr. k.“

b) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Ef málsskot til nefndarinnar varðar röð lyfja eða lyfjaflokk getur Lyfjastofnun Evrópu einskorðað málsmeðferðina við tiltekna hluta leyfisins.

Í því tilviki gildir 35. gr. aðeins um þau lyf sem falla undir þá málsmeðferð við leyfisveitingu sem um getur í þessum kafla.

Ef gildissvið málsmeðferðarinnar, sem hafin er samkvæmt þessari grein, tekur til lyfja á tilteknu sviði eða til lyfjaflokks skulu lyf, sem hlotið hafa markaðsleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 726/2004 og eru á þessu sviði eða í þessum lyfjaflokki, einnig heyra undir málsmeðferðina.

3. Ef brýnna aðgerða er þörf til að vernda lýðheilsu er aðildarríki heimilt, á öllum stigum málsmeðferðarinnar og með fyrirvara um ákvæði 1. mgr., að fella markaðsleyfið tímabundið úr gildi og banna notkun viðkomandi lyfs á yfirráðasvæði sínu þar til endanleg ákvörðun er tekin. Aðildarríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni, Lyfjastofnun Evrópu og hinum aðildarríkjunum eigi síðar en næsta virka dag um ástæðurnar fyrir aðgerðunum.

4. Ef gildissvið málsmeðferðarinnar, eins og það er skilgreint í samræmi við 2. mgr., sem hafin er samkvæmt þessari grein nær yfir lyf sem hlotið hafa markaðsleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 726/2004 getur framkvæmdastjórnin, ef brýnna aðgerða er þörf til að vernda lýðheilsu og á öllum stigum málsmeðferðarinnar, fellt markaðsleyfið tímabundið úr gildi og bannað notkun viðkomandi lyfs þar til endanleg ákvörðun er tekin. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Lyfjastofnun Evrópu og aðildarríkjunum, eigi síðar en næsta virka dag, um ástæðurnar fyrir aðgerðunum.“

3) Eftirfarandi undirgrein bætist við 3. mgr. 34. gr.:

„Ef gildissvið málsmeðferðarinnar, sem hafin er skv. 31. mgr., nær yfir lyf sem hlotið hafa markaðsleyfi í samræmi við reglugerð (EB) nr. 726/2004, skal framkvæmdastjórnin, samkvæmt þriðju undirgrein 2. mgr. 31. gr. þessarar tilskipunar, ef nauðsyn krefur, samþykkja ákvarðanir til að breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla viðkomandi markaðsleyfi eða synja um endurnýjun þess.“

4) Í 37. gr. komi orðin „Ákvæði 35. gr. skulu gilda“ í stað orðanna „Ákvæði 35. og 36. gr. skulu gilda“.

5) Ákvæðum 63. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Upplýsingarnar sem eru tilgreindar í 54., 59. og 62. gr. skulu birtar á opinberu tungumáli eða opinberum tungumálum aðildarríkisins þar sem lyfið er sett á markað, eins og viðkomandi aðildarríki hefur tilgreint að því varðar þessa tilskipun.“

b) Í stað fyrstu undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Fylgiseðillinn skal vera þannig ritaður og uppsettur að hann sé skýr og skiljanlegur svo að notendur geti farið rétt að öllu, með aðstoð fagfólks í heilbrigðisþjónustu ef nauðsynlegt er. Fylgiseðillinn

skal vera auðlæsilegur og á opinberu tungumáli, eða opinberum tungumálum, aðildarríkisins þar sem lyfið er sett á markað, eins og viðkomandi aðildarríki hefur tilgreint að því varðar þessa tilskipun.“

c) Í stað 3. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Lögbær yfirvöld geta, með fyrirvara um ráðstafanir sem þau telja nauðsynlegar til að vernda heilbrigði manna, veitt undanþágu frá þeirri skyldu að láta tilteknar upplýsingar koma fram á merkimiða og í fylgiseðli þegar um er að ræða lyf sem ekki eru ætluð til afhendingar beint til sjúklinga, eða ef fyrir hendi er alvarlegur skortur á lyfinu. Einnig geta þau veitt undanþágu, að einhverju eða öllu leyti, frá þeirri skyldu að merkimiðinn og fylgiseðillinn skuli vera á opinberu tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins þar sem lyfið er sett á markað, eins og viðkomandi aðildarríki hefur tilgreint að því varðar þessa tilskipun.“

6) Í stað 85. gr. a komi eftirfarandi:

„85. gr. a

Ef um er að ræða heildsöludreifingu lyfja til þriðju landa gilda 76. gr. og c-liður 80. gr. ekki. Auk þess gilda b- og ca-liður fyrstu málsgreinar 80. gr. ekki ef tekið er við lyfi beint frá þriðja landi en það ekki flutt inn. Í því tilviki skulu heildsalar þó tryggja að lyfin séu aðeins fengin frá aðilum sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda lyf í samræmi við viðeigandi lagaákvæði og stjórnsýslufyrirmæli í viðkomandi þriðja landi. Ef heildsalar afhenda lyf til aðila í þriðju löndum skulu þeir tryggja að þau séu aðeins afhent til aðila sem hafa leyfi eða rétt til að taka við lyfjum til heildsöludreifingar eða til að afhenda þau til almennings í samræmi við viðeigandi lagaákvæði og stjórnsýslufyrirmæli í viðkomandi þriðja landi. Kröfurnar, sem settar eru fram í 82. gr., gilda um afhendingu lyfja til aðila í þriðju löndum sem hafa leyfi eða rétt til að afhenda lyf til almennings.“

7) Í stað 1. mgr. 107. gr. i komi eftirfarandi:

„1. Aðildarríki eða framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, í tilefni af áhyggjuefnum sem byggjast á mati á gögnum um lyfjagátarstarfsemi, hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í þessum þætti með því að tilkynna hinum aðildarríkjunum, Lyfjastofnun Evrópu og framkvæmdastjórninni um það:

a) komi til álita að fella markaðsleyfi tímabundið úr gildi eða afturkalla það,

b) komi til álita að banna afhendingu lyfs,

c) komi til álita að hafna endurnýjun markaðsleyfis,

d) þegar markaðsleyfishafi tilkynnir að vegna öryggisvanda hafi hann hætt að setja tiltekið lyf á markað eða gripið til aðgerða í því augnamiði að fá markaðsleyfi afturkallað eða hyggist gera það eða hafi ekki sótt um endurnýjun á markaðsleyfi.

1a. Aðildarríki eða framkvæmdastjórnin skal, eftir því sem við á, í tilefni af áhyggjuefnum sem byggjast á mati á gögnum um lyfjagátarstarfsemi, tilkynna hinum aðildarríkjunum, Lyfjastofnun Evrópu og framkvæmdastjórninni um það ef talið er nauðsynlegt að lyf fái nýja frábendingu, ráðlagður skammtur þess sé minnkaður eða ábendingar takmarkaðar. Í tilkynningunni skal tilgreina aðgerðirnar sem koma til álita og ástæðurnar fyrir þeim.

Þegar mat á gögnum um lyfjagátarstarfsemi gefur til kynna að brýnna aðgerða sé þörf skal sérhvert aðildarríki eða framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, hefja málsmeðferðina, sem kveðið er á um í þessum þætti, vegna þeirra tilvika sem um getur í þessari málsgrein.

Ef málsmeðferðin, sem kveðið er á um í þessum kafla, er ekki hafin vegna lyfja sem hlotið hafa markaðsleyfi í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. kafla III. bálks skal samræmingarhópurinn fá vitneskju um það.

Ef Sambandið hefur hagsmuna að gæta gildir 31. gr.

1b. Ef málsmeðferð, sem kveðið er á um í þessum kafla, er hafin skal Lyfjastofnun Evrópu ganga úr skugga um hvort öryggisvandinn tengist öðru lyfi en því sem upplýsingarnar taka til eða hvort hann sé sameiginlegur öllum lyfjum á sama sviði eða í sama lyfjaflokki.

Ef lyfið, sem um er að ræða, hefur hlotið markaðsleyfi í fleiri en einu aðildarríki skal Lyfjastofnun Evrópu, án ástæðulausrar tafar, tilkynna þeim aðila, sem hóf málsmeðferðina, um niðurstöðu þessarar sannprófunar og gilda þá málsmeðferðarreglur sem mælt er fyrir um í 107. gr. j og 107. gr. k. Að öðrum kosti skal hlutaðeigandi aðildarríki bregðast við öryggisvandanum. Lyfjastofnun Evrópu eða aðildarríkið, eftir því sem við á, upplýsir markaðsleyfishafa um að málsmeðferðin sé hafin.“

8) Í 2. mgr. 107. gr. i komi orðin „1. mgr. og 1. mgr. a í þessari grein“ í stað „1. mgr. þessarar greinar“.

9) Í annarri undirgrein 3. mgr. 107 gr. i komi orðin „í samræmi við 1. mgr. og 1. mgr. a“ í stað „í samræmi við 1. mgr.“

10) Í 5. mgr. 107 gr. i komi orðin „í 1. mgr. og 1. mgr. a“ í stað „í 1. mgr.“

11) Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 107 gr. j komi orðin „í 1. mgr. og 1. mgr. a í 107. gr. i“ í stað „í 1. mgr. 107. gr. i“

12) Ákvæðum 123. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

„2. Handhafa markaðsleyfis er skylt að tilkynna hlutaðeigandi aðildarríkjum án tafar um allar aðgerðir sem hann grípur til í því skyni að stöðva tímabundið setningu lyfs á markað, taka lyf af markaði, óska eftir afturköllun markaðsleyfis eða sækja ekki um endurnýjun markaðsleyfis, ásamt ástæðum fyrir slíkum aðgerðum. Einkum skal markaðsleyfishafinn taka fram ef slíkar aðgerðir eru byggðar á einhverjum af ástæðunum sem settar eru fram í 116. gr. eða 1. mgr. 117. gr.

2a. Markaðsleyfishafinn skal einnig senda tilkynningu skv. 2. mgr. þessarar greinar í þeim tilvikum þegar aðgerðin fer fram í þriðja landi og ef slík aðgerð er byggð á einhverjum af ástæðunum sem settar eru fram í 116. gr. eða 1. mgr. 117. gr.

2b. Markaðsleyfishafinn skal enn fremur tilkynna Lyfjastofnun Evrópu um það ef aðgerðin, sem um getur í 2. mgr. eða 2. mgr. a í þessari grein, er byggð á einhverjum af ástæðunum sem um getur í 116. gr. eða 1. mgr. 117. gr.

2c. Lyfjastofnun Evrópu skal framsenda tilkynningar, sem hún tekur við í samræmi við 2. mgr. b, til allra aðildarríkjanna án ástæðulausrar tafar.“

b) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Lyfjastofnun Evrópu skal árlega birta skrá yfir lyf sem hefur verið synjað um markaðsleyfi fyrir, sem markaðsleyfið fyrir hefur verið afturkallað eða fellt tímabundið úr gildi í Sambandinu, sem bannað hefur verið að afhenda eða sem hafa verið tekin af markaði, ásamt ástæðum fyrir slíkri aðgerð.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 28. október 2013. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 28. október 2013.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 25. október 2012.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
Forseti.	*Forseti.*
M. SCHULZ	A. D. MAVROYIANNIS

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 1027/2012

2013/EES/56/35

frá 25. október 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 726/2004 að því er varðar lyfjagát (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr. og c-lið 4. mgr. 168. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja gagnsæi eftirlits með lyfjum með markaðsleyfi skal færa þau lyf, sem eru bundin tilteknum skilyrðum eftir veitingu leyfis, kerfisbundið í skrána yfir lyf, sem skulu vera undir viðbótareftirliti, sem var komið á með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 frá 31. mars 2004 um málsmeðferð Bandalagsins við veitingu leyfa fyrir manna- og dýralyfjum og eftirlit með þeim lyfjum og um stofnun Lyfjastofnunar Evrópu ([3]).

2) Auk þess ættu aðgerðir að frumkvæði markaðsleyfishafans ekki að leiða til aðstæðna þar sem ekki er tekið á tilhlýðilegan hátt, í öllum aðildarríkjunum, á áhyggjuefnum sem varða áhættu eða ávinning af lyfi sem er leyft í Sambandinu. Markaðsleyfishafanum skal því skylt að tilkynna Lyfjastofnun Evrópu um ástæður þess að lyf sé tekið af markaði, að hlé sé gert á því að setja lyf á markað, að farið sé fram á að markaðsleyfi sé afturkallað eða fyrir því að markaðsleyfi sé ekki endurnýjað.

3) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að kveða á um sértækar reglur um lyfjagát og auka öryggi mannalyfja, sem veitt er leyfi fyrir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 726/2004, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 726/2004 til samræmis við það,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 726/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í stað annarrar undirgreinar í 4. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:

„Markaðsleyfishafinn skal tilkynna Lyfjastofnun Evrópu ef hætt er að setja lyfið á markað í aðildarríki, annaðhvort um tíma eða til frambúðar. Slík tilkynning skal send eigi síðar en tveimur mánuðum áður en hlé er gert á því að setja lyfið á markað nema um sérstakar aðstæður sé að ræða. Markaðsleyfishafinn skal tilkynna Lyfjastofnun Evrópu um ástæðurnar fyrir slíkri aðgerð í samræmi við 14. gr. b.“

2) Eftirfarandi grein bætist við:

„14. gr. b

1. Handhafi markaðsleyfis skal tilkynna Lyfjastofnun Evrópu án tafar um allar aðgerðir sem hann grípur til í því skyni að stöðva tímabundið setningu lyfs á markað, taka lyf af markaði, óska eftir afturköllun markaðsleyfis eða sækja ekki um endurnýjun markaðsleyfis, ásamt ástæðum fyrir slíkum aðgerðum. Einkum skal markaðsleyfishafinn taka fram ef slíkar aðgerðir eru byggðar á einhverjum af ástæðunum sem settar eru fram í 116. gr. eða 1. mgr. 117. gr. tilskipunar 2001/83/EB.

2. Markaðsleyfishafinn skal einnig senda tilkynningu skv. 1. mgr. þessarar greinar ef aðgerðin fer fram í þriðja landi og ef aðgerðin er byggð á einhverjum af ástæðunum sem settar eru fram í 116. gr. eða 1. mgr. 117. gr. tilskipunar 2001/83/EB.

3. Lyfjastofnun Evrópu skal framsenda upplýsingarnar vegna tilvika sem um getur í 1. og 2. mgr. til lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna án ótilhlýðilegrar tafar.“

3) Eftirfarandi komi í stað 8. mgr. 20. gr.:

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 38. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 163/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 181, 21.6.2012, bls. 202.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 11. september 2012 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 4. október 2012.

([3]) Stjtíð. ESB L 136, 30.4.2004, bls. 1.

„8. Ef málsmeðferðin er hafin vegna mats á gögnum varðandi lyfjagát skal mannalyfjanefndin samþykkja álit Lyfjastofnunar Evrópu, í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, á grunni tilmæla nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar og skal 2. mgr. 107. gr. j í tilskipun 2001/83/EB gilda.“

4) Í stað 23. gr. komi eftirfarandi:

„23. gr.

1. Lyfjastofnun Evrópu skal, í samvinnu við aðildarríkin, koma á, viðhalda og birta skrá yfir lyf sem skulu vera undir viðbótareftirliti.

Í skránni skulu vera heiti og virk efni í:

a) lyfjum með markaðsleyfi í Sambandinu sem innihalda nýtt virkt efni sem var ekki í neinu lyfi sem var með markaðsleyfi í Sambandinu 1. janúar 2011,

b) öllum líffræðilegum lyfjum sem falla ekki undir a-lið og sem voru leyfð eftir 1. janúar 2011,

c) lyfjum sem eru leyfð samkvæmt þessari reglugerð, með fyrirvara um skilyrðin sem um getur í 9. gr. (cb-liður 4. mgr.), 10. gr. a (a-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr.) eða 14. gr. (7. eða 8. mgr.),

d) lyfjum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun 2001/83/EB, með fyrirvara um skilyrðin sem um getur í 21. gr. a (b- og c-liður fyrstu málsgreinar), 22. gr. eða 22. gr. a (a-liður fyrstu undirgreinar) í þeirri tilskipun.

1a. Einnig er heimilt að færa í skrána, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, lyf sem eru leyfð samkvæmt þessari reglugerð, með fyrirvara um skilyrðin sem um getur í 9. gr. (c-, ca- eða cc-liður 4. mgr.), 10. gr. a (b-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr.) eða og 21. gr. (2. mgr.), að beiðni framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar.

Einnig er heimilt að færa í skrána, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, lyf sem eru leyfð samkvæmt tilskipun 2001/83/EB, með fyrirvara um skilyrðin sem um getur í 21. gr. a (a-, d-, e- eða f-liður fyrstu málsgreinar), 22. gr. a (b-liður fyrstu undirgreinar 1. mgr.) eða 104. gr. a (2. mgr.) þeirrar tilskipunar, að beiðni lögbærs landsyfirvalds og að höfðu samráði við nefndina um áhættumat á sviði lyfjagátar.

2. Í skránni, sem um getur í 1. mgr., skal einnig vera rafrænn tengill við lyfjaupplýsingarnar og samantekt á áætluninni um áhættustjórnun.

3. Í tilvikunum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. þessarar greinar skal Lyfjastofnun Evrópu taka lyf af skránni fimm árum eftir viðmiðunardagsetninguna fyrir Sambandið sem um getur í 5. mgr. 107. gr. c í tilskipun 2001/83/EB.

Í tilvikunum sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. og í 1. mgr. a í þessari grein skal Lyfjastofnun Evrópu taka lyf af skránni þegar skilyrðunum hefur verið fullnægt.

4. Yfirlýsingin „Þetta lyf er undir viðbótareftirliti“ og samantekt á eiginleikum lyfsins, auk fylgiseðils, skal fylgja lyfjum sem eru tilgreind í skránni sem um getur í 1. mgr. Á undan þeirri yfirlýsingu skal vera svart tákn sem framkvæmdastjórnin velur að fengnum ráðleggingum nefndarinnar um áhættumat á sviði lyfjagátar, eigi síðar en 2. júlí 2013, og á eftir yfirlýsingunni skal fylgja viðeigandi, stöðluð setning því til skýringar.

4a. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, eigi síðar en 5. júní 2018, um notkun skrárinnar, sem um getur í 1. mgr., byggða á reynslu aðildarríkjanna og Lyfjastofnunar Evrópu og gögnum frá þeim.

Ef við á skal framkvæmdastjórnin, á grundvelli skýrslunnar og að höfðu samráði við aðildarríkin og aðra viðeigandi hagsmunaaðila, leggja fram tillögu sem er ætlað að aðlaga ákvæðin varðandi skrána sem um getur í 1. mgr.“

5) Ákvæðum 57. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað c- og d-liðar annarrar undirgreinar 1. mgr.:

„c) að samræma eftirlit með lyfjum, sem veitt hefur verið leyfi fyrir í Sambandinu, og veita ráðgjöf um ráðstafanir sem þarf að gera til að tryggja örugga og skilvirka notkun þeirra lyfja, einkum með samræmingu á mati og framkvæmd á lyfjagátarskyldum og -kerfum og eftirliti með slíkri framkvæmd,

d) að tryggja flokkun og miðlun upplýsinga um aukaverkanir, sem grunur er um af völdum lyfja með markaðsleyfi í Sambandinu, með notkun gagnagrunns sem öll aðildarríkin hafa ávallt aðgang að“.

b) Í stað b-liðar annarrar undirgreinar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„b) markaðsleyfishafar skulu, eigi síðar en 2. júlí 2012, senda Lyfjastofnun Evrópu upplýsingar í rafrænu formi um öll mannalyf, sem hafa verið leyfð í Sambandinu, og nota til þess sniðið sem um getur í a-lið“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda 5. júní 2013, að undanskildum 23. gr. (4. mgr.), 57. gr. (c- og d-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. og b-liður annarrar undirgreinar 2. mgr.) reglugerðar (EB) nr. 726/2004, eins og henni var breytt með þessari reglugerð, sem koma til framkvæmda 4. desember 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 25. október 2012.

Fyrir Evrópuþingið,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	A. D. MAVROYIANNIS

LEIÐRÉTTING Á TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2010/53/ESB 2013/EES/56/36

frá 7. júlí 2010

um kröfur varðandi gæði og öryggi líffæra úr mönnum sem eru ætluð til ígræðslu (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 4. mgr. 168. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

með hliðsjón af áliti Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar ([2]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Líffæraígræðslur hafa á síðustu 50 árum orðið viðurkenndar aðgerðir um allan heim og komið þúsundum sjúklinga að ómældu gagni. Notkun líffæra úr mönnum (hér á eftir nefnd „líffæri“) til ígræðslu hefur aukist jafnt og þétt á síðustu tveimur áratugum. Líffæraígræðsla er nú kostnaðarhagkvæmasta meðferðin við nýrnabilun á lokastigi og eina meðferðin sem er til við t.d. lifrar-, lungna- og hjartabilun á lokastigi.

2) Líffæraígræðsla hefur þó í för með sér áhættu. Vegna víðtækrar notkunar líffæra til ígræðslu í lækningaskyni er nauðsynlegt að gæði þeirra og öryggi séu með þeim hætti að dregið sé sem mest úr allri áhættu á útbreiðslu sjúkdóma. Vel skipulögð landsbundin og alþjóðleg líffæraígræðslukerfi og notkun bestu, fyrirliggjandi sérþekkingar, tækni og nýjunga á sviði læknismeðferðar getur dregið umtalsvert úr áhættunni sem fylgir ígræddum líffærum fyrir þegana.

3) Þar að auki ræðst framboð á líffærum til notkunar í lækningaskyni af vilja borgara Evrópusambandsins til að gefa þau. Til að vernda lýðheilsu og koma í veg fyrir að sjúkdómar breiðist út með þessum líffærum skal gera varúðarráðstafanir við öflun þeirra, flutning milli staða og notkun.

4) Ár hvert fara fram skipti á líffærum milli aðildarríkjanna. Skipti á líffærum er mikilvæg leið til að fjölga fáanlegum líffærum og tryggja betra samræmi milli gjafa og þega og bæta þannig gæði ígræðslunnar. Þetta er einkar mikilvægt fyrir kjörmeðferð tiltekinna sjúklingahópa, s.s. sjúklinga sem þurfa á brýnni meðferð að halda, sjúklinga með ofurnæmi eða sjúklinga sem eru börn. Það þarf að vera hægt að flytja fáanleg líffæri yfir landamæri án óþarfa vandamála og tafa.

5) Hins vegar falla sjúkrahús og sérfræðingar, sem annast líffæraígræðslur, undir mismunandi lögsögur auk þess sem kröfur varðandi gæði og öryggi eru mjög ólíkar milli aðildarríkja.

6) Því er þörf á sameiginlegum gæða- og öryggiskröfum varðandi öflun, flutning og notkun líffæra á vettvangi Sambandsins. Slíkar kröfur myndu auðvelda skipti á líffærum sem væri til bóta fyrir þúsundir evrópskra sjúklinga sem þurfa á þessari tegund meðferðar að halda ár hvert. Með löggjöf Sambandsins skal tryggja að líffæri séu í samræmi við viðurkenndar gæða- og öryggiskröfur. Slíkar kröfur myndu stuðla að því að fullvissa borgarana um að sama grunnábyrgð varðandi gæði og öryggi gildi um líffæri, sem aflað er í öðru aðildarríki, og gildir um líffæri sem aflað er í þeirra eigin landi.

7) Til óviðunandi aðferða við gjöf og ígræðslu líffæra teljast m.a. ólögleg viðskipti með líffæri sem í sumum tilvikum tengjast mansali í þeim tilgangi að fjarlægja líffæri en það er alvarlegt brot gegn grundvallarréttindum og einkum gegn mannlegri reisn og líkamlegri friðhelgi. Þó svo að helsta markmiðið með þessari tilskipun sé öryggi og gæði líffæra er hún einnig óbeint framlag til baráttunnar gegn sölu á líffærum með því að koma á fót lögbærum yfirvöldum, heimila líffæraígræðslumiðstöðvar, setja skilyrði um öflun líffæra og koma á fót rekjanleikakerfum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 207, 6.8.2010, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 164/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 306, 16.12.2009, bls. 64.

([2]) Stjtíð. ESB C 192, 15.8.2009, bls. 6.

([3]) Afstaða Evrópuþingsins frá 19. maí 2010 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 29. júní 2010.

8) Samkvæmt 7. mgr. 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE) skulu ráðstafanir, sem eru samþykktar samkvæmt a-lið 4. mgr. 168. gr. hans, ekki hafa áhrif á ákvæði landslaga um notkun líffæra í læknisfræðilegum tilgangi og þar með ekki heldur á sjálfan skurðlækningaþáttinn í líffæraígræðslum. Með hliðsjón af því markmiði að draga úr áhættu sem fylgir ígræddum líffærum er þó nauðsynlegt að fella tiltekin ákvæði varðandi líffæraígræðslur undir gildissvið þessarar tilskipunar, einkum ákvæði sem miða að því að takast á við óráðgerðar og óvæntar aðstæður sem koma upp við ígræðsluaðgerðina og gætu haft áhrif á gæði og öryggi líffæranna.

9) Til að draga úr áhættu og hámarka ávinning af líffæraígræðslum þurfa aðildarríkin að setja skilvirkan ramma um gæði og öryggi. Þessi rammi skal innleiddur og honum viðhaldið í öllu ferlinu, frá gjöf til ígræðslu eða förgunar líffæra, og hann skal ná utan um viðkomandi heilbrigðisstarfsfólk og stofnun, athafnasvæði, búnað, efni, skjalahald og skráningu. Ramminn um gæði og öryggi skal ná utan um úttekt þegar nauðsyn krefur. Aðildarríkin skulu vera fær um að úthluta þeirri starfsemi, sem gert er ráð fyrir innan rammans um gæði og öryggi, til tiltekinna aðila sem teljast hæfir til þess samkvæmt ákvæðum landslaga, þ.m.t. evrópsk samtök á sviði líffæraskipta.

10) Lögbær yfirvöld skulu hafa eftirlit með því að skilyrði um öflun líffæra séu uppfyllt með því að veita öflunarstofnunum leyfi. Slíkar stofnanir skulu búa að viðeigandi skipulagi, hæfu starfsfólki með tilskilin starfsréttindi eða þjálfun og viðunandi aðstöðu og búnað.

11) Hlutfallið milli áhættu og ávinnings er grundvallaratriði þegar kemur að líffæraígræðslu. Vegna skorts á líffærum og vegna þeirrar lífshættu, sem fylgir sjúkdómum sem skapa þörf fyrir líffæraígræðslu, er heildarávinningur af líffæraígræðslum mikill og meiri áhætta telst ásættanleg en þegar um er að ræða meðhöndlun með blóði og flestar tegundir meðferðar þar sem notaðir eru vefir eða frumur. Læknar gegna mikilvægu hlutverki í þessu samhengi þar eð þeir ákveða hvort líffæri henti til ígræðslu eður ei. Í þessari tilskipun eru tilgreindar þær upplýsingar sem skulu liggja til grundvallar því mati.

12) Mat á hugsanlegum gjöfum, áður en ígræðsla líffæris fer fram, er mikilvægur hluti líffæraígræðslna. Úr því mati þurfa að koma nægilegar upplýsingar til að líffæraígræðslumiðstöðin geti gert fullnægjandi greiningu á sambandinu milli áhættu og ávinnings. Nauðsynlegt er að greina og skjalfesta hvers kyns áhættu, sem kann að fylgja líffærinu, og greiningu á eiginleikum þess til að hægt sé að úthluta því til hentugs þega. Afla skal upplýsinga um heilsufarssögu hugsanlegs gjafa, læknisskoðanir og viðbótarrannsóknir til að tryggja fullnægjandi greiningu á eiginleikum líffærisins og gjafans. Til að fá nákvæma, áreiðanlega og hlutlæga sögu skal lækningateymið eiga viðtal við hinn lifandi gjafa eða, ef nauðsyn krefur og eftir því sem við á, við ættingja látins gjafa og skal teymið veita þeim viðeigandi upplýsingar í viðtalinu um hugsanlega áhættu og afleiðingar gjafar og ígræðslu. Slíkt viðtal er einkar mikilvægt þegar um er að ræða látinn gjafa vegna tímatakmarkana sem minnka getuna til þess að útiloka smitsjúkdóma sem eru hugsanlega alvarlegir.

13) Vegna skorts á líffærum til ígræðslu og tímatakmarkana í ferli gjafar og ígræðslu líffæris er nauðsynlegt að taka tillit til aðstæðna þar sem líffæraígræðsluteymið skortir sumar þær upplýsingar sem þarf til greiningar á eiginleikum líffæranna og gjafanna samkvæmt A-hluta viðaukans þar sem skyldubundið lágmarkssafn gagna er tilgreint. Í þessum sérstöku tilvikum skal lækningateymið leggja mat á þá sérstöku áhættu sem steðjar að hugsanlegum þega vegna upplýsingaskorts annars vegar og hins vegar ef ígræðslan fer ekki fram. Þegar ekki er hægt að framkvæma fullkomna greiningu á eiginleikum líffæris, í samræmi við A-hluta viðaukans, á réttum tíma eða vegna sérstakra aðstæðna getur líffærið samt komið til greina til ígræðslu ef það gæti haft meiri áhættu í för með sér fyrir hugsanlegan þega að framkvæma ekki ígræðsluna. B-hluti viðaukans, þar sem fjallað er um viðbótarsafn gagna, skal gera það kleift að gera ítarlegri greiningu á eiginleikum líffærisins og gjafans.

14) Setja skal skilvirkar reglur um flutning líffæra milli staða til að blóðþurrðartími sé sem skemmstur og líffæraskemmdir sem minnstar. Ílátið með líffærinu skal merkt greinilega og því skulu fylgja nauðsynleg upplýsingaskjöl án þess að rofin sé þagnarskylda heilbrigðisstétta.

15) Líffæraígræðslukerfið skal tryggja rekjanleika líffæra frá gjöf til viðtöku og geta gert viðvart ef óvænt vandkvæði koma upp. Því skal koma á fót kerfi til að greina og rannsaka alvarleg meintilvik og aukaverkanir til að vernda lífshagsmuni þeirra einstaklinga sem um er að ræða.

16) Líffæragjafar eru mjög oft einnig vefjagjafar. Gæða- og öryggiskröfur varðandi líffæri skulu koma til fyllingar og tengjast núverandi kerfi Sambandsins fyrir vefi og frumur sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/23/EB frá 31. mars 2004 um setningu gæða- og öryggiskrafna um gjöf, öflun, prófun, vinnslu, varðveislu, geymslu og dreifingu vefja og frumna úr mönnum([4]). Þetta þýðir ekki að kerfi fyrir líffæri og kerfi fyrir vefi og frumur þurfi nauðsynlega að vera tengd á rafrænan hátt. Lögbæra yfirvaldið skal rekja óvæntar aukaverkanir hjá líffæragjafa eða -þega og tilkynna um þær með tilkynningarkerfinu fyrir alvarleg meintilvik og aukaverkanir varðandi vefi og frumur eins og kveðið er á um í þeirri tilskipun.

([4]) Stjtíð. ESB L 102, 7.4.2004, bls. 48.

17) Heilbrigðisstarfsfólk, sem kemur með beinum hætti að gjöf, rannsókn, greiningu á eiginleikum, öflun, varðveislu, flutning og ígræðslu líffæra skal hafa tilskilin starfsréttindi eða búa yfir viðeigandi þjálfun og hæfni. Evrópuráðið hefur viðurkennt mikilvægi samræmingaraðila gjafa sem tilnefndir eru á vettvangi sjúkrahúsa. Viðurkenna skal að samræmingaraðili gjafa eða samræmingarteymi gegnir mikilvægu hlutverki að því er varðar að bæta skilvirkni ferlisins við gjöf og ígræðslu líffæra og einnig gæði og öryggi líffæranna sem um er að ræða.

18) Að meginreglu til skal lögbæra yfirvaldið hafa eftirlit með skiptum á líffærum við þriðju lönd. Eingöngu skal heimila skipti á líffærum við þriðju lönd að uppfylltum kröfum sem eru jafngildar þeim sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Þó skal taka tillit til þess mikilvæga hlutverks sem núverandi evrópsk samtök á sviði líffæraskipta gegna í skiptum á líffærum milli aðildarríkjanna og þriðju landa sem eru þátttakendur í þessum samtökum.

19) Fórnfýsi er mikilvægur þáttur líffæragjafar. Til að tryggja gæði og öryggi líffæra skulu áætlanir um líffæraígræðslur grundvallast á þeirri meginreglu að líffærin séu gefin af fúsum og frjálsum vilja og án endurgjalds. Þetta er afar mikilvægt því ef brotið er gegn þessari meginreglu gæti það haft í för með sér óviðunandi áhættu. Þegar líffæri eru ekki gefin af fúsum og frjálsum vilja og/eða eru gefin með fjárhagslegan ávinning í huga getur það stofnað gæðum gjafaferlisins í hættu því að þá er helsta og/eða eina markmiðið ekki að bæta lífsgæði einstaklings eða bjarga lífi hans. Þó svo að ferlið sé þróað í samræmi við viðeigandi gæðakröfur gæti sjúkrasaga frá annaðhvort hugsanlegum, lifandi gjafa eða ættingjum hugsanlegs, látins gjafa, sem sækjast eftir fjárhagslegum ávinningi eða eru þvingaðir á einhvern hátt, verið of ónákvæm að því er varðar skilyrði og/eða sjúkdóma sem gætu hugsanlega borist frá gjafa til þega. Þetta gæti leitt til öryggisvandamála fyrir hugsanlega þega þar eð lækningahópurinn hefði takmarkaða möguleika til að vinna viðeigandi áhættumat. Rétt er að minna á sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi og einkum þá meginreglu sem sett er fram í c-lið 2. mgr. 3. gr. hans. Þá meginreglu er einnig að finna í 21. gr. samnings Evrópuráðsins um mannréttindi og líflæknisfræði sem mörg aðildarríki hafa fullgilt. Hún kemur einnig fram í leiðbeinandi meginreglum Alþjóðah eilbrigðismálastofnunarinnar um ígræðslu frumna, vefja og líffæra úr mönnum en samkvæmt þeim má ekki eiga viðskipti með mannslíkamann eða hluta hans.

20) Aðrar alþjóðlega viðurkenndar meginreglur, sem eru leiðbeinandi fyrir starfsvenjur við gjöf og ígræðslu líffæra, eru m.a. vottun eða staðfesting á dauða í samræmi við ákvæði landslaga, áður en líffæri eru numin brott úr látnum einstaklingum, og úthlutun líffæra á grundvelli gagnsærra og vísindalegra viðmiðana og án mismununar. Rétt er að hafa þær í huga og taka tillit til þeirra í tengslum við aðgerðaáætlun framkvæmdastjórnarinnar um gjöf og ígræðslu líffæra.

21) Í Bandalaginu eru til ýmsar fyrirmyndir að samþykki fyrir líffæragjöf, þ.m.t. kerfi þar sem þarf að fá afdráttarlaust samþykki fyrir líffæragjöfinni og kerfi þar sem gjöf getur farið fram nema sönnunargögn liggi fyrir um andstöðu við hana. Til að gera einstaklingum kleift að láta í ljós óskir sínar í þessum efnum hafa sum aðildarríki stofnað sérstakar skrár þar sem borgarar geta skráð þær. Þessi tilskipun hefur ekki áhrif á þau afar fjölbreyttu kerfi um samþykki sem eru þegar fyrir hendi í aðildarríkjunum. Þar að auki er það markmið framkvæmdastjórnarinnar að auka almenningsvitund um líffæragjöf með aðgerðaáætlun sinni um gjöf og ígræðslu líffæra og einkum að þróa fyrirkomulag til að auðvelda auðkenningu líffæragjafa í allri Evrópu.

22) Samkvæmt 8. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga([5]) er að jafnaði óheimilt að vinna heilbrigðisupplýsingar en þó er kveðið á um takmarkaðar undanþágur. Samkvæmt tilskipun 95/46/EB skal ábyrgðaraðili einnig gera viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að vernda persónuupplýsingar fyrir eyðingu eða tapi af slysni eða fyrir ólöglegri eyðingu, breytingum, óleyfilegri birtingu eða aðgangi og gegn allri annarri ólöglegri vinnslu í hvaða mynd sem er. Tryggja skal að strangar reglur um þagnarskyldu og öryggisráðstafanir séu í gildi til að vernda persónuupplýsingar gjafa og þega í samræmi við tilskipun 95/46/EB. Enn fremur getur lögbæra yfirvaldið ráðfært sig við innlend yfirvöld, sem hafa eftirlit með gagnavernd, í tengslum við þróun ramma utan um flutning gagna varðandi líffæri til og frá þriðju löndum. Að meginreglu til skal ekki gefa gjafanum eða fjölskyldu gjafans upp deili á þeganum eða þegunum eða öfugt, sbr. þó gildandi löggjöf í aðildarríkjunum þar sem heimilt kann að vera að veita gjöfum eða fjölskyldum gjafa og líffæraþegum aðgang að slíkum upplýsingum við sérstakar aðstæður.

([5]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

23) Í flestum aðildarríkjunum koma líffæri frá bæði lifandi og látnum gjöfum. Líffæragjöf frá lifandi gjöfum hefur með árunum þróast þannig að hægt er að ná góðum árangri jafnvel þegar enginn erfðafræðilegur skyldleiki er á milli gjafa og þega. Leggja skal viðeigandi mat á lifandi gjafa til að ákvarða hvort þeir séu hentugir líffæragjafar til að lágmarka áhættuna á því að sjúkdómar berist til þega. Þar að auki eru lifandi gjafar í áhættu bæði í tengslum við rannsóknir til að sannreyna hentugleika þeirra sem gjafa og í tengslum við aðgerðina til að nema líffærið brott. Um getur verið að ræða fylgikvilla af læknisfræðilegum toga, fylgikvilla í tengslum við skurðaðgerð eða félagslega, fjárhagslega eða sálfræðilega fylgikvilla. Hversu mikil áhættan er fer einkum eftir því hvaða líffæri er gefið. Því skal líffæragjöf frá lifandi gjöfum fara fram þannig að líkamlegri, sálfræðilegri og félagslegri áhættu fyrir gjafa og þega sé haldið í lágmarki og hún rýri ekki traust almennings í garð heilbrigðisgeirans. Hugsanlegur, lifandi gjafi skal vera fær um að taka óháða ákvörðun á grundvelli allra upplýsinga, sem máli skipta, og honum skal tilkynnt fyrir fram um tilgang og eðli gjafarinnar, afleiðingar hennar og áhættu í tengslum við hana. Í því samhengi og til að tryggja að grundvallarreglur varðandi líffæragjöf séu virtar skal tryggja bestu hugsanlega vernd fyrir lifandi gjafa. Einnig ber að geta þess að sum aðildarríkin eru undirritunaraðilar að samningi Evrópuráðsins um mannréttindi og líflæknisfræði og viðbótarbókuninni við hann um ígræðslu líffæra og vefja úr mönnum. Tæmandi upplýsingar, tilhlýðilegt mat og fullnægjandi eftirfylgni eru alþjóðlega viðurkenndar ráðstafanir sem ætlaðar eru til verndar lifandi gjöfum og stuðla einnig að því að gæði og öryggi líffæra séu tryggð.

24) Lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu gegna lykilhlutverki við að tryggja gæði og öryggi líffæra í öllu ferlinu frá gjöf til ígræðslu og við mat á gæðum þeirra og öryggi meðan sjúklingar eru að ná bata og við þá eftirfylgni sem fer fram í kjölfarið. Til viðbótar við kerfið til tilkynningar á alvarlegum meintilvikum og aukaverkunum er því nauðsynlegt að afla viðeigandi upplýsinga um tímabilið eftir líffæraígræðslu til að unnt sé að gera ítarlegra mat á gæðum og öryggi líffæra sem ætluð eru til ígræðslu. Ef aðildarríkin skiptust á slíkum upplýsingum myndi það greiða fyrir umbótum í gjöf og ígræðslu líffæra í öllu Sambandinu. Í samræmi við tilmæli ráðherranefndar Evrópuráðsins Tilm. (2006)15 til aðildarríkjanna um bakgrunn, hlutverk og skyldur landsbundinna líffæra-ígræðslusamtaka er æskilegt að einn aðili, sem er ekki rekinn í hagnaðarskyni og er opinberlega viðurkenndur, beri heildarábyrgð á gjöfum, úthlutun, rekjanleika og ábyrgðarskyldu. Háð einkum skiptingu valdheimilda innan aðildarríkjanna geta staðbundnir, svæðisbundnir, landsbundnir og/eða alþjóðlegir aðilar þó unnið í sameiningu að samræmingu líffæragjafar, úthlutunar líffæra og/eða líffæraígræðslu, að því tilskildu að ramminn, sem er fyrir hendi, tryggi ábyrgðarskyldu, samstarf og skilvirkni.

25) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og sjá til þess að þessum viðurlögum sé hrint í framkvæmd. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

26) Framkvæmdastjórninni skal veitt umboð til þess að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, til að samþykkja viðaukann. Framkvæmdastjórnin skal einungis bæta við eða breyta því lágmarkssafni gagna, sem er tilgreint í A-hluta viðaukans, við sérstakar aðstæður, þar sem slíkt er réttlætanlegt vegna alvarlegrar áhættu fyrir heilbrigði manna, og bæta við eða breyta því viðbótarsafni gagna, sem er tilgreint í B-hluta viðaukans, til að laga það að framförum á sviði vísinda og alþjóðlegu starfi sem fer fram á sviði gæða og öryggis líffæra sem ætluð eru til ígræðslu. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga.

27) Forsenda þess að aðildarríkin geti skipst á líffærum er að framkvæmdastjórnin samþykki samræmdar reglur um málsmeðferð um sendingu upplýsinga um greiningu á eiginleikum líffæra og gjafa sem og málsmeðferð til að tryggja rekjanleika líffæra og málsmeðferð um skýrslugjöf um alvarleg meintilvik og aukaverkanir svo að ítrustu, hugsanlegu kröfur séu uppfylltar varðandi gæði og öryggi líffæranna sem aðildarríkin skiptast á. Samkvæmt 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal með reglugerð, sem samþykkt er í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, setja reglur og almennar meginreglur fyrir fram um tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu. Þar til þessi nýja reglugerð verður samþykkt gildir ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([6]) áfram að undanskilinni reglunefndarmeðferðinni með grannskoðun, sem gildir ekki.

28) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að mæla fyrir um gæða- og öryggiskröfur varðandi líffæri sem ætluð eru til ígræðslu í mannslíkamann, og markmiðunum verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs aðgerðarinnar er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessum markmiðum.

([6]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni

Í þessari tilskipun er mælt fyrir um reglur til að tryggja tiltekin gæði og öryggi líffæra úr mönnum (hér á eftir nefnd „líffæri“), sem ætluð eru til ígræðslu í mannslíkamann, í því skyni að tryggja öfluga heilsuvernd manna.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um gjöf, rannsókn, greiningu á eiginleikum, öflun, varðveislu, flutning og ígræðslu líffæra sem eru ætluð til ígræðslu.

2. Þegar slík líffæri eru notuð við rannsóknir gildir þessi tilskipun aðeins þegar þau eru ætluð til ígræðslu í mannslíkamann.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „heimild“: samþykki, faggilding, tilgreining, leyfisveiting eða skráning, háð þeim hugtökum sem eru notuð og þeim starfsvenjum sem eru í gildi í hverju aðildarríki,

b) „lögbært yfirvald“: yfirvald, aðili, stofnun og/eða stofnun sem ber ábyrgð á því að framkvæma kröfurnar í þessari tilskipun,

c) „förgun“: endanleg ráðstöfun líffæris sem er ekki notað til ígræðslu,

d) „gjafi“: einstaklingur sem gefur eitt eða fleiri líffæri, hvort heldur á meðan hann er á lífi eða að honum látnum,

e) „gjöf“: gjöf á líffærum til ígræðslu,

f) „greining á eiginleikum gjafa“: söfnun viðeigandi upplýsinga um eiginleika gjafans sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að gera mat á hentugleika hans eða hennar til líffæragjafar, gera viðeigandi áhættumat og lágmarka áhættu fyrir þegann og tryggja sem besta úthlutun líffæra,

g) „evrópsk samtök á sviði líffæraskipta“: stofnun, hvort heldur í einka- eða almenningseign, sem er ekki rekin í hagnaðarskyni og hefur með höndum skipti á líffærum á landsbundnum vettvangi og yfir landamæri og meirihluti landanna, sem eru aðilar að henni, eru aðildarríki,

h) „líffæri“: sérhæfður hluti mannslíkamans, myndaður úr mismunandi vefjum, sem heldur byggingu sinni, æðun og hæfni til lífeðlisfræðilegrar starfsemi sem er að mestu sjálfstæð. Hluti líffæris telst einnig líffæri ef ætlunin er að nota hann í sama tilgangi og líffærið í heild sinni í mannslíkamanum og kröfurnar um byggingu og æðun gilda áfram;

i) „greining á eiginleikum líffæris“: söfnun viðeigandi upplýsinga um eiginleika líffærisins sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að leggja mat á hentugleika þess, gera viðeigandi áhættumat og lágmarka áhættu fyrir þegann og tryggja sem besta úthlutun líffæra,

j) „öflun“: ferli sem felst í því að afla gjafalíffæra,

k) „öflunarstofnun“: heilbrigðisstofnun, teymi eða deild á sjúkrahúsi, einstaklingur eða einhver annar aðili sem annast eða samræmir öflun líffæra og hefur heimild til þess frá lögbæra yfirvaldinu samkvæmt reglurammanum í hlutaðeigandi aðildarríki,

l) „varðveisla“: notkun hvarfmiðla, breytinga á umhverfisaðstæðum eða annara aðferða til að koma í veg fyrir eða seinka líffræðilegri eða eðlisfræðilegri hrörnun líffæra frá því að þeirra er aflað og þar til þau eru grædd í mannslíkama,

m) „þegi“: einstaklingur sem líffæri er grætt í,

n) „alvarlegt meintilvik“: óæskilegt og óvænt atvik í tengslum við eitthvert stig ferlisins frá gjöf líffæris til ígræðslu þess sem gæti leitt til útbreiðslu smitsjúkdóms, til dauða eða lífshættu, fötlunar eða óstarfhæfni sjúklinga eða sem gæti leitt til eða lengt sjúkrahússvist eða sjúkdómsástand,

o) „alvarleg aukaverkun“: óvænt svörun, þ.m.t. smitsjúkdómur, hjá lifandi gjafa eða þega í tengslum við eitthvert stig ferlisins frá gjöf líffæris til ígræðslu þess, sem er banvæn, lífshættuleg, leiðir til fötlunar eða óstarfhæfni eða leiðir til eða lengir sjúkrahússvist eða sjúkdómsástand,

p) „verklagsreglur“: skriflegar leiðbeiningar sem lýsa þrepum í tilteknu vinnsluferli, þ.m.t. efni og aðferðir sem á að nota og væntanleg lokaútkoma,

q) „líffæraígræðsla“: ferli sem er ætlað til endurbyggingar tiltekinnar starfsemi mannslíkamans með því að flytja líffæri úr gjafa í þega,

r) „líffæraígræðslumiðstöð“: heilbrigðisstofnun, teymi eða eining á sjúkrahúsi eða einhver annar aðili sem annast ígræðslu líffæra og hefur heimild til þess frá lögbæra yfirvaldinu samkvæmt reglurammanum í hlutaðeigandi aðildarríki,

s) „rekjanleiki“: getan til að staðsetja og sanngreina líffærið á hverju stigi ferlisins frá gjöf til ígræðslu eða förgunar, þ.m.t. getan til að:

– sanngreina gjafann og öflunarstofnunina,

– sanngreina þegann eða þegana í líffæraígræðslumiðstöðinni og

– staðsetja og sanngreina allar viðkomandi upplýsingar sem ekki eru persónubundnar og varða vörur og efni sem komast í snertingu við líffærið sem um er að ræða.

II. KAFLI

GÆÐI OG ÖRYGGI LÍFFÆRA

4. gr.

Rammi um gæði og öryggi

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að settur verði rammi um gæði og öryggi sem nær til allra þátta í ferlinu frá gjöf til ígræðslu eða förgunar líffæra í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

2. Í gæða- og öryggisrammanum skal gera ráð fyrir samþykkt og framkvæmd verklagsreglna með tilliti til:

a) sannprófunar á auðkenni gjafa,

b) sannprófunar á upplýsingum um samþykki eða heimild gjafa eða fjölskyldu gjafa eða um að engin andmæli liggi fyrir af hans eða þeirra hálfu, í samræmi við landsreglur sem gilda í tengslum við gjöf og öflun líffæra,

c) sannprófunar á því að eiginleikum líffæra og gjafa hafi verið lýst til fulls í samræmi við 7. gr. og viðaukann,

d) öflunar, varðveislu, pökkunar og merkingar líffæra í samræmi við 5., 6. og 8. gr.,

e) flutnings milli staða á líffærum í samræmi við 8. gr.,

f) að tryggja rekjanleika, í samræmi við 10. gr., þar sem tryggt er að farið sé að ákvæðum Sambandsins og ákvæðum landslaga um vernd persónuupplýsinga og um þagnarskyldu,

g) nákvæmrar, skjótrar og sannprófanlegrar skýrslugjafar um alvarleg meintilvik og aukaverkanir í samræmi við 1. mgr. 11. gr.,

h) stjórnunar alvarlegra meintilvika og aukaverkana í samræmi við 2. mgr. 11. gr.

Í verklagsreglunum, sem um getur í f-, g- og h-lið, skal m.a. tilgreina ábyrgð öflunarstofnana, evrópskra samtaka á sviði líffæraskipta og líffæraígræðslumiðstöðva.

3. Þar að auki skal með rammanum um gæði og öryggi séð til þess að hlutaðeigandi heilbrigðisstarfsfólk á öllum stigum ferlisins frá gjöf til ígræðslu eða förgunar líffæra sé með tilskilin starfsréttindi eða búi yfir viðeigandi þjálfun og hæfni, og þróa skal sértækar þjálfunaráætlanir fyrir slíkt starfsfólk.

5. gr.

Öflunarstofnanir

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að öflun líffæra fari fram á öflunarstofnunum, sem eru í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, eða að þær annist framkvæmdina.

2. Aðildarríkin skulu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða annars aðildarríkis, láta í té upplýsingar um landsbundnar kröfur varðandi veitingu leyfa til öflunarstofnana.

6. gr.

Öflun líffæra

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að læknisfræðileg starfsemi á öflunarstofnunum, s.s. val og mat á gjöfum, fari fram samkvæmt ráðleggingum og leiðsögn læknis eins og um getur í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/36/EB frá 7. september 2005 um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi([7]).

([7]) Stjtíð. ESB L 255, 30.9.2005, bls. 22.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að brottnám líffæra fari fram á skurðstofum sem eru hannaðar og byggðar og þeim viðhaldið og þær starfræktar í samræmi við viðeigandi staðla og bestu starfsvenjur í lækningum til að tryggja gæði og öryggi líffæranna sem er aflað.

3. Aðildarríki skulu sjá til þess að farið sé með efni og búnað, sem notaður er við öflun líffæra, í samræmi við viðkomandi löggjöf Sambandsins, alþjóðlega og landsbundna löggjöf, staðla og viðmiðunarreglur um dauðhreinsun lækningatækja.

7. gr.

Greining á eiginleikum líffæra og gjafa

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gerð sé greining á eiginleikum allra líffæra, sem aflað er, og gjöfum þeirra, áður en líffæraígræðsla fer fram, með söfnun upplýsinganna sem eru tilgreindar í viðaukanum.

Upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í A-hluta viðaukans, innihalda þau lágmarksgögn sem safna skal saman fyrir hverja gjöf. Upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í B-hluta viðaukans, fela í sér viðbótarsafn gagna sem skal safnað þar að auki ef lækningateymið ákveður það, að teknu tilliti til þess hvort þær upplýsingar eru fáanlegar og til sérstakra aðstæðna í hverju tilviki fyrir sig.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. getur líffæri komið til greina til ígræðslu, jafnvel þótt öll lágmarksgögnin, sem eru tilgreind í A-hluta viðaukans, liggi ekki fyrir, ef greining á sambandi áhættu og ávinnings í tilteknu tilviki, þ.m.t. þegar um er að ræða lífshættuleg neyðartilvik, leiðir í ljós að væntanlegur ávinningur fyrir þegann vegur þyngra en áhættan vegna ófullnægandi gagna.

3. Lækningateymið skal leitast við að safna saman öllum nauðsynlegum upplýsingum frá lifandi gjöfum til að uppfylla gæða- og öryggiskröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun og skal í þeim tilgangi veita gjöfunum nauðsynlegar upplýsingar til skilnings á afleiðingum gjafarinnar. Þegar um er að ræða látinn gjafa skal lækningateymið leitast við að fá allar nauðsynlegar upplýsingar frá skyldmennum hins látna gjafa eða öðrum einstaklingum þegar það er mögulegt og viðeigandi. Lækningateymið skal einnig leitast við að gera öllum aðilum, sem beðnir eru um upplýsingar, grein fyrir mikilvægi þess að miðla upplýsingunum skjótt.

4. Rannsóknir, sem eru nauðsynlegar til greiningar á eiginleikum líffæra og gjafa, skulu framkvæmdar á rannsóknarstofum sem hafa starfsfólk með tilskilin starfsréttindi eða viðeigandi þjálfun og hæfni og hafa einnig fullnægjandi aðstöðu og búnað.

5. Aðildarríkin skulu sjá til þess að stofnanir, aðilar og rannsóknarstofur, sem koma að greiningu á eiginleikum líffæra og gjafa, hafi viðeigandi verklagsreglur til að tryggja að upplýsingar varðandi greiningu á eiginleikum líffæra og gjafa berist tímanlega til líffæraígræðslumiðstöðvarinnar.

6. Þegar aðildarríki skiptast á líffærum skulu þau aðildarríki sjá til þess að upplýsingar, sem varða greiningu á eiginleikum líffæra og gjafa og eru tilgreindar í viðaukanum, séu sendar því aðildarríki, sem skipst er á líffærum við, í samræmi við ferlið sem framkvæmdastjórnin kemur á fót skv. 29. gr.

8. gr.

Flutningur líffæra á milli staða

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

a) stofnanir, aðilar eða fyrirtæki, sem koma að flutningi líffæra milli staða, hafi viðeigandi verklagsreglur til að tryggja heilleika líffæranna við flutning milli staða og viðeigandi flutningstíma,

b) flutningsumbúðirnar, sem eru notaðar til að flytja líffæri á milli staða, skulu merktar með eftirfarandi upplýsingum:

   i. deili á öflunarstofnuninni og miðstöðinni þar sem öflun líffæra fór fram, þ.m.t. heimilisfang þeirra og símanúmer,

   ii. deili á líffæraígræðslumiðstöðinni sem er viðtakandinn, þ.m.t. heimilisfang hennar og símanúmer,

   iii. yfirlýsingu þess efnis að umbúðirnar innihaldi líffæri, tilgreiningu á hvaða líffæri er um að ræða og, þegar við á, hvort það er staðsett vinstra eða hægra megin, auk merkingar „MEÐHÖNDLIST MEÐ VARÚÐ“,

   iv. ráðleggingum varðandi aðstæður við flutning milli staða, þ.m.t. leiðbeiningar um að geyma umbúðirnar við viðeigandi hitastig og í réttri stöðu,

c) líffærunum, sem verið er að flytja milli staða, skal fylgja skýrsla með greiningu á eiginleikum líffæranna og gjafans.

2. Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr., þarf ekki að uppfylla þegar flutningur milli staða fer fram innan sömu stofnunar.

9. gr.

Líffæraígræðslumiðstöðvar

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að líffæraígræðslur fari fram á líffæraígræðslumiðstöðvum, sem eru í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, eða að þær annist framkvæmdina.

2. Lögbæra yfirvaldið skal taka fram í leyfinu hvaða starfsemi líffæraígræðslumiðstöðin megi stunda.

3. Áður en líffæraígræðsla fer fram skal líffæraígræðslumiðstöðin sannprófa eftirfarandi:

a) að greining á eiginleikum líffæris og gjafa hafi verið fullgerð og skráð í samræmi við 7. gr. og viðaukann,

b) að skilyrði um varðveislu og flutning líffæra milli staða hafi verið uppfyllt.

4. Aðildarríkin skulu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða annars aðildarríkis, láta í té upplýsingar um landsbundnar kröfur um veitingu leyfa til líffæraígræðslumiðstöðva.

10. gr.

Rekjanleiki

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að öll líffæri sem er aflað, úthlutað og ígrædd á yfirráðasvæði þeirra megi rekja frá gjafa til þega og öfugt til að vernda heilbrigði gjafa og þega.

2. Aðildarríkin skulu tryggja framkvæmd auðkenningarkerfis fyrir gjafa sem gerir kleift að sanngreina hverja gjöf og hvert líffæri og þega í tengslum við hana. Aðildarríkin skulu sjá til þess, að því er varðar þetta kerfi, að gerðar séu ráðstafanir varðandi þagnarskyldu og gagnaöryggi í samræmi við ákvæði Sambandsins og ákvæði landslaga, eins og um getur í 16. gr.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að:

a) lögbæra yfirvaldið eða aðrir aðilar, sem koma að ferlinu frá gjöf til ígræðslu eða förgunar líffæra, varðveiti þau gögn sem eru nauðsynleg til að tryggja rekjanleika á öllum stigum ferlisins frá gjöf til ígræðslu eða förgunar, sem og upplýsingarnar um greiningu á eiginleikum líffæra og líffæragjafa eins og tilgreint er í viðaukanum, í samræmi við rammann um gæði og öryggi,

b) gögn, sem eru nauðsynleg til fulls rekjanleika, séu geymd í a.m.k. 30 ár eftir að líffæragjöfin hefur farið fram. Heimilt er að geyma þessar upplýsingar í rafrænu formi.

4. Þegar aðildarríki skiptast á líffærum skulu þau aðildarríki senda nauðsynlegar upplýsingar til að tryggja rekjanleika líffæranna í samræmi við ferlin sem framkvæmdastjórnin kemur á fót skv. 29. gr.

11. gr.

Tilkynningarkerfi og stjórnun í tengslum við alvarleg meintilvik og aukaverkanir

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi sé tilkynningarkerfi til að greina frá, rannsaka, skrá og senda viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar varðandi alvarleg meintilvik sem kunna að hafa áhrif á gæði og öryggi líffæra og sem hægt er að rekja til rannsóknar, greiningar á eiginleikum, öflunar, varðveislu og flutnings líffæra milli staða, sem og um alvarlegar aukaverkanir sem koma fram meðan á líffæraígræðslu stendur eða að henni lokinni og sem hægt er að rekja til þessarar starfsemi.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að verklagsregla sé fyrir hendi til stjórnunar á alvarlegum meintilvikum og aukaverkunum eins og gert er ráð fyrir í rammanum um gæði og öryggi.

3. Aðildarríkin skulu einkum og sér í lagi sjá til þess, með tilliti til 1. og 2. mgr., að verklagsreglur séu til fyrir hendi varðandi tímanlegar tilkynningar um:

a) öll alvarleg meintilvik og aukaverkanir til lögbæra yfirvaldsins og viðkomandi öflunarstofnunar eða líffæraígræðslumiðstöðvar,

b) stjórnunarráðstafanir, að því er varðar alvarleg meintilvik og aukaverkanir, til lögbæra yfirvaldsins.

4. Þegar aðildarríki skiptast á líffærum skulu viðkomandi aðildarríki sjá til þess að tilkynnt sé um alvarleg meintilvik og aukaverkanir í samræmi við ferlin sem framkvæmdastjórnin kemur á fót skv. 29. gr.

5. Aðildarríkin skulu tryggja samtengingu milli tilkynningarkerfisins, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, og tilkynningarkerfisins sem komið er á fót í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2004/23/EB.

12. gr.

Heilbrigðisstarfsfólk

Aðildarríkin skulu sjá til þess að heilbrigðisstarfsfólk, sem kemur með beinum hætti að ferlinu frá gjöf til ígræðslu eða förgunar líffæra, hafi tilskilin starfsréttindi eða búi yfir viðeigandi þjálfun og hæfni til að framkvæma verkefni sín og að því sé veitt viðeigandi þjálfun eins og um getur í 3. mgr. 4. gr.

III. KAFLI

VERND FYRIR GJAFA OG ÞEGA OG VAL OG MAT Á ÞEGUM

13. gr.

Meginreglur sem gilda um líffæragjöf

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að gjöf líffæra úr látnum og lifandi gjöfum fari fram af fúsum og frjálsum vilja og án endurgjalds.

2. Meginreglan um að líffæragjöf skuli vera án endurgjalds skal ekki koma í veg fyrir að lifandi gjafar fái bætur, að því tilskildu að þær takmarkist við útlagðan kostnað og tekjutap í tengslum við gjöfina. Aðildarríkin skulu skilgreina við hvaða aðstæður megi greiða slíkar bætur en forðast um leið hvers kyns fjárhagslega hvata eða ábata fyrir gjafana.

3. Aðildarríkin skulu banna auglýsingar þar sem óskað er eftir líffærum eða þau boðin fram gegn fjárhagslegum ávinningi eða viðlíka ágóða.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að öflun líffæra fari ekki fram í ábataskyni.

14. gr.

Kröfur varðandi samþykki

Öflun líffæra skal einungis fara fram að uppfylltum öllum kröfum sem eru í gildi í viðkomandi aðildarríki varðandi samþykki, heimild eða tilvik þar sem engin andmæli liggja fyrir.

15. gr.

Gæða- og öryggisþættir líffæragjafar frá lifandi gjafa

1. Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja bestu hugsanlegu vernd fyrir lifandi gjafa til að tryggja að fullu gæði og öryggi líffæra til ígræðslu.

2. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fagfólk með tilskilin starfsréttindi eða viðeigandi þjálfun og hæfni velji lifandi gjafa á grundvelli heilbrigðis síns og heilsufarssögu. Með slíku mati mætti útiloka einstaklinga sem gætu valdið óviðunandi heilbrigðisáhættu með líffæragjöf.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess að haldin sé skrá eða listi yfir lifandi gjafa í samræmi við ákvæði Sambandsins og ákvæði landslaga um vernd persónuupplýsinga og trúnaðarkvaðir í hagskýrslum.

4. Aðildarríkin skulu leitast við að sinna eftirfylgni með lifandi gjöfum og skulu koma á kerfi í samræmi við ákvæði landslaga til að geta greint, gefið skýrslu um og haft stjórn á hvers kyns atburðum sem gætu tengst gæðum og öryggi gjafalíffærisins og þar með einnig öryggi þegans, sem og hvers konar alvarlegri aukaverkun hjá lifandi gjafa sem gæti komið upp vegna gjafarinnar.

16. gr.

Vernd persónuupplýsinga, þagnarskylda og öryggi við vinnslu

Aðildarríkin skulu tryggja fulla og skilvirka vernd grundvallarréttinda til verndar persónuupplýsinga í allri starfsemi í tengslum við gjöf og ígræðslu líffæra, í samræmi við ákvæði Sambandsins um vernd persónuupplýsinga, s.s. tilskipun 95/46/EB, einkum 8. gr. (3. mgr.), 16. og 17. gr. og 28. gr. (2. mgr.). Samkvæmt tilskipun 95/46/EB skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja:

a) að unnin gögn séu varðveitt sem trúnaðarmál og á öruggan hátt í samræmi við 16. og 17. gr. tilskipunar 95/46/EB. Beita skal viðurlögum við hvers konar óheimilum aðgangi að gögnum eða kerfum, þar sem hægt er að bera kennsl á gjafa eða þega, í samræmi við 23. gr. þessarar tilskipunar;

b) að gjafar og þegar, sem verið er að vinna gögn um innan gildissviðs þessarar tilskipunar, séu ekki persónugreinanlegir nema það sé heimilt skv. 2. og 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 95/46/EB og ákvæðum landslaga til framkvæmdar þeirri tilskipun. Beita skal viðurlögum, í samræmi við 23. gr. þessarar tilskipunar, við hvers kyns notkun kerfa eða gagna sem gerir kleift að bera kennsl á gjafa eða þega með það í huga að rekja gjafa eða þega í öðrum tilgangi en þeim sem heimill er skv. 2. og 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 95/46/EB, þ.m.t. í læknisfræðilegum tilgangi, og samkvæmt ákvæðum landslaga til framkvæmdar þeirri tilskipun;

c) að farið sé að meginreglum varðandi gæði gagna sem settar eru fram í 6. gr. tilskipunar 95/46/EB.

IV. KAFLI

SKYLDUR LÖGBÆRRA YFIRVALDA OG UPPLÝSINGASKIPTI

17. gr.

Tilnefning og verkefni lögbærra yfirvalda

1. Aðildarríkin skulu tilnefna eitt eða fleiri lögbær yfirvöld.

Aðildarríkin geta úthlutað eða heimilað lögbæru yfirvaldi að úthluta öðrum aðila, sem telst viðeigandi samkvæmt ákvæðum landslaga, öllum verkefnunum, í heild eða að hluta til, sem þeim hafa verið falin samkvæmt þessari tilskipun. Þessi aðili getur einnig aðstoðað lögbæra yfirvaldið við framkvæmd verkefna þess.

2. Lögbæra yfirvaldið skal einkum gera eftirfarandi ráðstafanir:

a) setja ramma um gæði og öryggi í samræmi við 4. gr., og halda honum uppfærðum,

b) sjá til þess að reglulegt eftirlit sé haft með öflunarstofnunum og líffæraígræðslumiðstöðvum eða að reglulega sé gerð úttekt á þeim til að ganga úr skugga um að kröfurnar í þessari tilskipun séu uppfylltar,

c) veita, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla, eins og við á, leyfi öflunarstofnana eða líffæraígræðslumiðstöðva eða banna öflunarstofnunum eða líffæraígræðslumiðstöðvum að stunda starfsemi sína ef eftirlitsráðstafanir leiða í ljós að viðkomandi stofnanir eða miðstöðvar uppfylli ekki kröfurnar í þessari tilskipun,

d) koma á tilkynningarkerfi og málsmeðferð fyrir alvarleg meintilvik og aukaverkanir eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 11. gr.,

e) gefa út viðeigandi leiðbeiningar handa heilbrigðisstofnunum, fagfólki og öðrum aðilum sem koma að öllum liðum ferlisins frá gjöf til ígræðslu eða förgunar líffæra, sem geta falið í sér leiðbeiningar um söfnun viðeigandi upplýsinga um tímabilið eftir að líffæraígræðsla fer fram, til að leggja mat á gæði og öryggi ígræddu líffæranna,

f) taka hvenær sem unnt er þátt í neti lögbærra yfirvalda, sem um getur í 19. gr., og samhæfa framlag til starfsemi þess nets á landsvísu,

g) hafa eftirlit með líffæraskiptum við önnur aðildarríki og þriðju lönd eins og kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr.,

h) sjá til þess að grundvallarréttindi til verndar persónuupplýsinga séu vernduð til fulls og á skilvirkan hátt í allri starfsemi í tengslum við líffæraígræðslur í samræmi við ákvæði Sambandsins um vernd persónuupplýsinga, einkum tilskipun 95/46/EB.

18. gr.

Skrár og skýrslur varðandi öflunarstofnanir og líffæraígræðslumiðstöðvar

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að lögbæra yfirvaldið:

a) haldi skrá yfir starfsemi öflunarstofnana og líffæraígræðslumiðstöðva, þ.m.t. upplýsingar um heildarfjölda lifandi og látinna gjafa, sem og um tegundir og fjölda líffæra sem er aflað og sem eru ígrædd eða er ráðstafað á annan hátt í samræmi við ákvæði Sambandsins og ákvæði landslaga um vernd persónuupplýsinga og trúnaðarkvaðir í hagskýrslum,

b) geri ársskýrslu um starfsemina, sem um getur í a-lið, og geri hana aðgengilega öllum,

c) komi á fót og viðhaldi uppfærðri skrá yfir öflunarstofnanir og líffæraígræðslumiðstöðvar.

2. Aðildarríkin skulu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar eða annars aðildarríkis, láta í té upplýsingar um skrána yfir öflunarstofnanir og líffæraígræðslumiðstöðvar.

19. gr.

Upplýsingaskipti

1. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót neti lögbærra yfirvalda með það í huga að skiptast á upplýsingum um þá reynslu sem fæst við framkvæmd tilskipunarinnar.

2. Þegar við á geta sérfræðingar í líffæraígræðslum, fulltrúar evrópskra samtaka á sviði líffæraskipta, sem og yfirvöld sem hafa eftirlit með gagnavernd og aðrir viðkomandi aðilar tengst þessu neti.

V. KAFLI

LÍFFÆRASKIPTI VIÐ ÞRIÐJU LÖND OG EVRÓPSK SAMTÖK Á SVIÐI LÍFFÆRASKIPTA

20. gr.

Líffæraskipti við þriðju lönd

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að líffæraskipti við þriðju lönd séu undir eftirliti lögbæra yfirvaldsins. Með það að markmiði getur lögbæra yfirvaldið og evrópsk samtök á sviði líffæraskipta gert samninga við mótaðila í þriðju löndum.

2. Aðildarríkin geta falið evrópskum samtökum á sviði líffæraskipta að hafa eftirlit með líffæraskiptum við þriðju lönd.

3. Líffæraskipti, eins og um getur í 1. mgr., skulu aðeins heimiluð ef líffærin:

a) eru rekjanleg frá gjafa til þega og öfugt,

b) uppfylla gæða- og öryggiskröfur sem eru jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

21. gr.

Evrópsk samtök á sviði líffæraskipta

Aðildarríkin geta gert samninga við evrópsk samtök á sviði líffæraskipta eða heimilað lögbæru yfirvaldi að gera slíka samninga, að því tilskildu að þessi samtök tryggi að kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, séu uppfylltar, og m.a. falið þessum samtökum:

a) að sinna starfsemi sem gert er ráð fyrir í rammanum um gæði og öryggi,

b) tiltekin verkefni í tengslum við skipti á líffærum til og frá aðildarríkjum og þriðju löndum.

VI. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

22. gr.

Skýrslur um þessa tilskipun

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni skýrslu, fyrir 27. ágúst 2013 og síðan þriðja hvert ár, um þá starfsemi sem fram hefur farið í tengslum við ákvæði þessarar tilskipunar og þá reynslu sem fengist hefur við framkvæmd hennar.

2. Framkvæmdastjórnin senda skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins og svæðanefndarinnar fyrir 27. ágúst 2014 og síðan þriðja hvert ár.

23. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu mæla fyrir um reglur um viðurlög við brotum gegn þeim ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að viðurlögunum sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í eðlilegu samræmi við brotin og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði eigi síðar en 27. ágúst 2012 og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

24. gr.

Aðlögun viðaukans

Framkvæmdastjórnin getur samþykkt framseldar gerðir, í samræmi við 25. gr. og háð skilyrðum 26., 27. og 28. gr., til að:

a) bæta við eða breyta því lágmarkssafni gagna sem er tilgreint í A-hluta viðaukans en aðeins í undantekningartilvikum þar sem það er réttlætanlegt vegna alvarlegrar áhættu fyrir heilbrigði manna sem telst, á grundvelli framfara á sviði vísinda, vera fyrir hendi.

b) bæta við eða breyta því viðbótarsafni gagna sem er tilgreint í B-hluta viðaukans til að laga það að framförum á sviði vísinda og alþjóðlegu starfi í tengslum við gæði og öryggi líffæra sem eru ætluð til ígræðslu.

25. gr.

Beiting framseldra gerða

1. Framkvæmdastjórninni skal veitt vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 24. gr., í fimm ár frá 27. ágúst 2010. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu, að því er varðar framsal valds, eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Framsal valds skal sjálfkrafa framlengt um jafn langan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið afturkalli það í samræmi við 26. gr.

2. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

3. Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í 26. og 27. gr.

4. Ef bráð nauðsyn krefur vegna nýrrar og alvarlegrar áhættu fyrir heilbrigði manna skal meðferðin, sem kveðið er á um í 28. gr., gilda um framseldar gerðir sem eru samþykktar samkvæmt a-lið 24. gr.

26. gr.

Afturköllun framsals

1. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 24. gr.

2. Sú stofnun, sem hafið hefur innri málsmeðferð til að skera úr um hvort afturkalla eigi framsal valds, skal leitast við að upplýsa hina stofnunina og framkvæmdastjórnina um það með hæfilegum fyrirvara áður en endanleg ákvörðun er tekin og tilgreina hvaða vald, sem hefur verið framselt, gæti verið afturkallað og hugsanlegar ástæður fyrir því.

3. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal þeirra valdheimilda sem tilgreindar eru í ákvörðuninni. Skal hún öðlast gildi tafarlaust, eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi. Hún skal birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

27. gr.

Andmæli við framseldar gerðir

1. Evrópuþingið eða ráðið geta andmælt framseldri gerð innan tveggja mánaða frá tilkynningardegi.

Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

2. Ef hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt framseldri gerð þegar þetta tímabil rennur út skal hún birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og öðlast gildi á þeim degi sem þar er tilgreindur.

Áður en þetta tímabil rennur út má birta framseldu gerðina í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og hún öðlast gildi ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum.

3. Ef Evrópuþingið eða ráðið andmæla framseldri gerð öðlast hún ekki gildi. Sú stofnun, sem andmælir framseldu gerðinni, skal tilgreina ástæðurnar fyrir því.

28. gr.

Flýtimeðferð

1. Framseldar gerðir, sem eru samþykktar samkvæmt þessari grein, skulu öðlast gildi án tafar og gilda svo lengi sem engin andmæli eru lögð fram í samræmi við 2. mgr. Í tilkynningu til Evrópuþingsins og ráðsins um framselda gerð, sem samþykkt er samkvæmt þessari grein, skal taka fram ástæðurnar fyrir því að flýtimeðferðinni er beitt.

2. Evrópuþingið eða ráðið getur andmælt framseldri gerð, sem er samþykkt samkvæmt þessari grein, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 1. mgr. 27. gr. Í því tilviki skal gerðin falla úr gildi. Sú stofnun, sem andmælir slíkri framseldri gerð, skal tilgreina ástæðurnar fyrir því.

29. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Þegar líffæraskipti fara fram milli aðildarríkja skal framkvæmdastjórnin samþykkja ítarlegar reglur um samræmda framkvæmd þessarar tilskipunar, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 30. gr., að því er varðar eftirfarandi atriði:

a) verklagsreglur við sendingu upplýsinga um greiningu á eiginleikum líffæra og líffæragjafa eins og tilgreint er í viðaukanum í samræmi við 6. mgr. 7. gr.,

b) verklagsreglur við sendingu nauðsynlegra upplýsinga til að tryggja rekjanleika líffæra í samræmi við 4. mgr. 10. gr.,

c) verklagsreglur til að tryggja skýrslugjöf um alvarleg meintilvik og aukaverkanir í samræmi við 4. mgr. 11. gr.

30. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar um líffæraígræðslur (hér á eftir kölluð „nefndin“).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar. Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

31. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 27. ágúst 2012. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki geti viðhaldið eða komið á enn strangari reglum, að því tilskildu að þær séu í samræmi við ákvæði sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

3. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

VII. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

32. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

33. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 7. júlí 2010.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
J. BUZEK	O. CHASTEL

VIÐAUKI

GREINING Á EIGINLEIKUM LÍFFÆRA OG GJAFA

A-HLUTI

Lágmarkssafn gagna

Lágmarksgögn – upplýsingar til greiningar á eiginleikum líffæra og gjafa sem safna skal saman fyrir hverja líffæragjöf í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr. 7. gr. og án þess að það hafi áhrif á 2. mgr. 7. gr.

Lágmarkssafn gagna

Miðstöðin þar sem öflun fer fram og aðrar almennar upplýsingar

Tegund gjafa

Blóðflokkur

Kyn

Dánarorsök

Dánardagur

Fæðingardagur eða áætlaður aldur

Þyngd

Hæð

Fyrri eða núverandi saga um misnotkun lyfja með inndælingu í æð

Fyrri eða núverandi saga um illkynja æxli

Núverandi saga um aðra smitsjúkdóma

Prófanir fyrir alnæmisveiru, lifrarbólguveiru C og lifrarbólguveiru B

Grunnupplýsingar til að meta virkni gjafalíffærisins.

B-HLUTI

Viðbótarsafn gagna

Viðbótargögn – upplýsingar til greiningar á eiginleikum líffæra og gjafa sem safna skal saman til viðbótar við þau lágmarksgögn sem eru tilgreind í A-hluta, á grundvelli ákvörðunar lækningateymisins, að teknu tilliti til þess hvort þessar upplýsingar séu fáanlegar og til sérstakra aðstæðna í hverju tilviki fyrir sig, í samræmi við annan undirlið 1. mgr. 7. gr.

Viðbótarsafn gagna

Almennar upplýsingar

Samskiptaupplýsingar öflunarstofnuninnar/miðstöðvarinnar, þar sem öflunin fer fram, sem eru nauðsynlegar fyrir samræmingu, úthlutun og rekjanleika líffæranna frá gjöfum til þega og öfugt.

Upplýsingar um gjafa

Lýðfræðileg gögn og gögn úr mannmælingum sem eru nauðsynleg til að tryggja viðeigandi samsvörun milli gjafa/líffæris og þega.

Heilsufarssaga gjafa

Heilsufarssaga gjafans, einkum þær aðstæður sem gætu haft áhrif á hentugleika líffæranna til ígræðslu og haft í för með sér áhættu á sjúkdómssmiti.

Raungögn og klínísk gögn

Gögn úr klínískri rannsókn sem eru nauðsynleg til að meta lífeðlisfræðilegt ástand hugsanlegs gjafa sem og rannsóknarniðurstöður sem leiða í ljós ástand sem ekki greindist við athugun á heilsufarssögu gjafans og gæti haft áhrif á hentugleika líffæranna til ígræðslu eða gæti haft í för með sér áhættu á sjúkdómssmiti.

Mælistærðir rannsóknarstofa

Gögn sem eru nauðsynleg til að meta starfræna eiginleika líffæranna og til að greina hugsanlega smitsjúkdóma og hugsanlegar frábendingar að því er varðar líffæragjöf.

Myndgreiningarrannsóknir

Myndgreining sem er nauðsynleg fyrir líffærafræðilegt mat á líffærum sem á að nota til ígræðslu.

Meðferð

Meðferð sem gjafi fær og skiptir máli fyrir mat á starfrænu ástandi líffæranna og hentugleika til líffæragjafar, einkum notkun sýklalyfja, meðferð til að auka samdrátt hjartavöðvans eða gjöf blóðhluta.

Yfirlýsing Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE).

Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin lýsa því yfir að ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á afstöðu sem stofnanirnar gætu haft í framtíðinni að því er varðar framkvæmd 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða einstakra lagagerða sem innihalda slík ákvæði.

Yfirlýsing framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (flýtimeðferð)

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skuldbindur sig til að veita Evrópuþinginu og ráðinu ítarlegar upplýsingar um möguleika þess að framseld gerð verði samþykkt samkvæmt flýtimeðferðinni. Um leið og þjónustudeildir framkvæmdastjórnarinnar sjá fram á að framseld gerð kunni að verða samþykkt samkvæmt flýtimeðferðinni skulu þær tilkynna skrifstofum Evrópuþingsins og ráðsins um það á óformlegan hátt.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 126/2013 **2013//EES/56/37**

frá 13. febrúar 2013

um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB([1]), einkum 131. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þær takmarkanir, sem mælt var fyrir um í tilskipun ráðsins 76/769/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna([2]), eru nú í XVII viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006. Í 1. lið 6. færslu XVII. viðauka við þá reglugerð kom heitið „hlutur“ (e. *article*), sem nær ekki yfir blöndur, í stað heitisins „vara“ (e. *product*), sem var notað í upphaflegum takmörkunum vegna notkunar á asbesti í tilskipun 76/769/EBE. Til þess að 1. liður 6. færslu nái yfir sömu hluti og sú tilskipun skal heitinu „blanda“ bætt við.

2) Undanþágurnar í 16. og 17. færslu XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 varðandi notkun blýkarbónata og blýsúlfata í málningu við endurgerð og viðhald listaverka og sögulegra bygginga og innviða þeirra skulu ekki aðeins gilda um notkun slíkrar málningar heldur einnig um setningu hennar á markað til þess að slík málning verði einnig tiltæk vegna vinnu við endurgerð og viðhald.

3) Í takmörkuninni í 28., 29. og 30. færslu XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er vísað til sértækra styrkleikamarka, sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006([3]) og í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB frá 31. maí 1999 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efnablandna([4]), sem eru notuð til að ákvarða hvort efni eða blanda falli undir þá takmörkun. Koma þarf skýrt fram að styrkleikamörkin sem eru tilgreind í tilskipun 1999/45/EB gilda aðeins ef ekki eru sett fram sértæk styrkleikamörk í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.

4) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 519/2012 frá 19. júní 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. viðauka([5]) var keðjustuttum, klóruðum paraffínum bætt við I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE([6]). Framleiðsla, setning á markað og notkun keðjustuttra, klóraðra paraffína er því bönnuð, með fyrirvara um tilteknar undanþágur. Í 42. færslu í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 eru takmarkanir á tvenns konar notkun keðjustuttra, klóraðra paraffína sem nú er búið að banna með reglugerð (EB) nr. 850/2004 og er færslunni því ofaukið og skal hún felld brott.

5) Nota skal samræmda prófunaraðferð sem var samþykkt af Staðlasamtökum Evrópu til að ákvarða innihald vatnsleysanlegs sexgilds króms í sementi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/53/EB frá 18. júní 2003 um tuttugustu og sjöttu breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun tiltekinna skaðlegra efna og efnablandna (nónýlfenóls, nónýlfenóletoxýlats og sements)([7]). Koma þarf skýrt fram að 47. færsla í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 skuli fela í sér tilvísun í þá prófunaraðferð.

6) Efnið metýlendífenýldíísósýanat (MDI), auðkennt með CAS-nr. 26447-40-5 og EB-nr. 247-714-0, sem er í 56. færslu XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, nær yfir allar blöndur hverfna og allar tilteknar hverfur. Tilteknar hverfur hafa þó sérstök CAS- eða EB-númer. Til þess að það sé skýrt að fjallað er um allar hverfur skal bæta þremur sérstökum CAS- og EB-númerum við.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 43, 14.2.2013, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 262, 27.9.1976, bls. 201.

([3]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 159, 20.6.2012, bls. 1.

([6]) Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.

([7]) Stjtíð. ESB L 178, 17.7.2003, bls. 24.

7) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 552/2009 frá 22. júní 2009 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)([8]) voru athugasemdir E, H og S felldar úr formálsorðum 1.–6. viðbætis við XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006, sem og úr 1., 2., 3., 5. og 6 viðbæti. Til að gæta samræmis skal einnig fella athugasemdir E, H og S úr 4. viðbæti.

8) Í færslunni um díísópentýlþalat í 6. viðbæti við XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er vísað í röng EB- og CAS-númer og skal það leiðrétt.

9) Staðlasamtök Evrópu hafa samþykkt nýja staðla um prófunaraðferðir fyrir asólitarefni og asóliti. Því er nauðsynlegt að uppfæra 10. viðbæti við XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til að taka þá staðla til greina.

10) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1907/2006 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 13. febrúar 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([8]) Stjtíð. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 7.

VIÐAUKI

Ákvæðum XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 er breytt sem hér segir:

1) Í stað fyrsta undirliðar 1. liðar 2. dálks 6. færslu komi eftirfarandi:

„1. Framleiðsla, setning á markað og notkun þessara trefja og hluta og blandna, sem þessum trefjum er bætt í af ásetningi, er bönnuð.“

2) Í stað annars liðar í 2. dálki 16. færslu komi eftirfarandi:

„Hins vegar geta aðildarríki, í samræmi við ákvæði 13. samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, heimilað notkun efnisins eða blöndunnar á yfirráðasvæði sínu til endurgerðar og viðhalds listaverka og sögulegra bygginga og innviða þeirra, sem og setningu þeirra á markað til slíkra nota. Aðildarríki sem notfæra sér þessa undanþágu skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það.“

3) Í stað annars liðar í 2. dálki 17. færslu komi eftirfarandi:

„Hins vegar geta aðildarríki, í samræmi við ákvæði 13. samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar, heimilað notkun efnisins eða blöndunnar á yfirráðasvæði sínu til endurgerðar og viðhalds listaverka og sögulegra bygginga og innviða þeirra, sem og setningu þeirra á markað til slíkra nota. Aðildarríki sem notfæra sér þessa undanþágu skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það.“

4) Í stað fimmta undirliðar fyrsta undirliðar 1. liðar í 2. dálki 28., 29. og 30 færslu komi eftirfarandi:

„— viðeigandi styrkleikamörk sem tilgreind eru í tilskipun 1999/45/EB ef ekki eru sett fram sértæk styrkleikamörk í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008.“

5) Í 1. dálki 40. færslu koma orðin „reglugerð (EB) nr. 1272/2008“ í stað orðanna „þá reglugerð“.

6) 42. færsla falli brott.

7) Eftirfarandi 4. liður í 2. dálki bætist við 47. færslu:

„4. Prófunaraðferðirnar í stöðlunum sem Staðlasamtök Evrópu hafa samþykkt fyrir prófanir á innihaldi af vatnsleysanlegu sexgildu krómi í sementi og blöndum sem innihalda sement skulu notaðar til að staðfesta að farið sé að 1. lið.“

8) Í stað 1. dálks í 56. færslu komi eftirfarandi:

„56. Metýlendífenýldíísósýanat (MDI)

CAS-nr. 26447-40-5

EB-nr. 247-714-0

þ.m.t. eftirfarandi tilteknar hverfur:

a) 4,4’-metýlendífenýldíísósýanat:

CAS-nr. 101-68-8

EB-nr. 202-966-0

b) 2,4’-metýlendífenýldíísósýanat:

CAS-nr. 5873-54-1

EB-nr. 227-534-9

c) 2,2’-metýlendífenýldíísósýanat:

CAS-nr. 2536-05-2

EB-nr. 219-799-4“

9) Tilvísanir í athugasemdir E, H og S í dálknum með fyrirsögninni „athugasemdir“ í 4. viðbæti eru felldar brott.

10) Í stað línunnar með færslunni varðandi 1,2-bensendíkarboxýlsýru, dípentýlester, greinótt og línuleg, n-pentýl-ísópentýlþalat, dí-n-pentýlþalat og díísópentýlþalat í 6. viðbæti komi eftirfarandi:

Efni	Skrárnúmer	EB-númer	CAS-númer	Athugasemdir
„1,2-bensendíkarboxýlsýra, dípentýlester, greinótt og línuleg [1]	607-426-00-1	284-032-2 [1]	84777-06-0 [1]	
n-pentýl-ísópentýlþalat [2]		[2]	[2]	
dí-n-pentýlþalat [3]		205-017-9 [3]	131-18-0 [3]	
Díísópentýlþalat [4]		210-088-4 [4]	605-50-5 [4]“	

11) Í stað 10. viðbætis komi eftirfarandi:

„10. viðbætir

43. færsla — Asólitarefni — Skrá yfir prófunaraðferðir

Skrá yfir prófunaraðferðir

Staðlasamtök Evrópu	Tilvísun og titill samhæfða staðalsins	Tilvísun í staðalinn sem leystur er af hólmi
CEN	**EN ISO 17234-1:2010** Leather — Chemical tests for the determination of certain azo colorants in dyed leathers — Part 1: Determination of certain aromatic amines derived from azo colorants	CEN ISO/TS 17234:2003
CEN	**EN ISO 17234-2:2011** Leather — Chemical tests for the determination of certain azo colorants in dyed leathers — Part 2: Determination of 4-aminoazobenzene	CEN ISO/TS 17234:2003
CEN	**EN 14362-1:2012** Textílvörur - Aðferðir til ákvörðunar á tilteknum arómatískum amínum sem leiða af asó-litarefnum - Hluti 1: Greining á notkun tiltekinna asó-litarefna sem komast má að með því eða án þess að aðskilja trefjarnar	EN 14362-1:2003 EN 14362-2:2003
CEN	**EN 14362-3:2012** Textílvörur - Aðferðir til ákvörðunar á tilteknum arómatískum amínum sem leiða af asó-litarefnum - Hluti 3: Greining á notkun tiltekinna asó-litarefna sem kunna að gefa frá sér 4-amínóasóbensen	

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2012/32/ESB **2013/EES/56/38**

frá 25. október 2012

um breytingu á tilskipun ráðsins 96/98/EB um búnað um borð í skipum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/98/EB frá 20. desember 1996 um búnað um borð í skipum ([1]), einkum 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Að því er varðar tilskipun 96/98/EB skulu alþjóðasamningar og prófunarstaðlar gilda í uppfærðum útgáfum sínum.

2) Nokkur fjöldi breytinga á alþjóðasamningum og gildandi prófunarstöðlum hefur öðlast gildi frá því síðasta breytingagerðin við tilskipun 96/98/EB var samþykkt. Þessar breytingar skulu teknar upp í tilskipun 96/98/EB.

3) Á sama tímabili hafa Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO) og evrópskar staðlastofnanir samþykkt staðla, þ.m.t. ítarlegir prófunarstaðlar, fyrir hluta af búnaðinum sem talinn er upp í viðauka A.2 við tilskipun 96/98/EB, eða fyrir búnað sem ekki er talinn upp en telst skipta máli að því er varðar þá tilskipun. Þessi búnaður skal því skráður í viðauka A.1 eða færður úr viðauka A.2 í viðauka A.1, eins og við á.

4) Því ber að breyta tilskipun 96/98/EB til samræmis við það.

5) Því er eðlilegt að leyfa að búnaður, sem hefur nýlega fallið undir samræmdar kröfur þessarar tilskipunar og sem hefur verið framleiddur áður en frestur til að framkvæma þessa tilskipun rennur út, sé settur á markað og komið fyrir um borð í skipi í Bandalaginu í tiltekið umbreytingartímabil.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum (COSS).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðauka A við tilskipun 98/96/EB komi viðaukinn við þessa tilskipun.

2. gr.

Fram til 30. nóvember 2015 er áfram heimilt að setja á markað búnað, sem er tilgreindur sem „nýr búnaður“ í 1. dálki í viðauka A.1 eða sem hefur verið færður úr viðauka A.2 og er framleiddur fyrir 30. nóvember 2013, í samræmi við aðferðir við gerðarsamþykki, sem voru í gildi fyrir þann dag innan yfirráðasvæðis aðildarríkis, og koma honum fyrir um borð í skipi í Bandalaginu.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. nóvember 2013. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 30. nóvember 2013.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 312, 10.11.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 169/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 46, 17.2.1997, bls. 25.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. október 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

VIÐAUKI A

Almennar athugasemdir um viðauka A: þegar vísað er í SOLAS-reglur er átt við samsteypta útgáfu SOLAS-samþykktarinnar frá 2009.

Almenn athugasemd við viðauka A: við nokkur heiti búnaðar eru möguleg afbrigði framleiðsluvöru tilgreind í 5. dálki undir sama heiti búnaðar. Sérstök ákvæði gilda um hvert afbrigði við framleiðsluvöru og mismunandi afbrigði eru aðskilin með punktalínu. Að því er varðar vottun skal einungis velja viðeigandi afbrigði framleiðsluvöru, eftir því sem við á (dæmi: A.1/3.3).

Skrá yfir upphafsstafaorð sem notuð eru

A.1: ákvæði 1. breytingar varðandi stöðluð skjöl, önnur en skjöl frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni.

A.2: ákvæði 2. breytingar varðandi stöðluð skjöl, önnur en skjöl frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni.

AC: breyting á leiðréttingu varðandi stöðluð skjöl, önnur en skjöl frá Alþjóðasiglingamálastofnuninni.

CAT: flokkur fyrir ratsjárbúnað, eins og hann er skilgreindur í lið 1.3 í staðli alþjóðaraftækninefndarinnar nr. 62388 (2007).

Umburðarbr.: umburðarbréf.

COLREG: alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó.

COMSAR: undirnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um fjarskiptamál og leit og björgun.

EN: Evrópustaðall.

ETSI: Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu.

FTP-kóðinn: alþjóðlegur kóði um brunaöryggiskerfi.

FTP-kóðinn: alþjóðlegur kóði um brunaprófunaraðferðir.

HSC-kóðinn: kóði um háhraðaför.

IBC-kóðinn: alþjóðlegur kóði um efnaflutningaskip.

ICAO: Alþjóðaflugmálastofnunin.

IEC: alþjóðaraftækninefndin.

IGC: alþjóðakóði um smíði og búnað skipa sem flytja búlkafarma af fljótandi gastegundum.

IMO: Alþjóðasiglingamálastofnunin.

ISO: Alþjóðlegu staðlasamtökin.

ITU: Alþjóðafjarskiptasambandið.

LSA: reglur um björgunarbúnað.

MARPOL: alþjóðasamningur um varnir gegn mengun frá skipum.

MEPC: sjávarumhverfisverndarnefndin.

MSC: siglingaöryggisnefndin.

NO_x: köfnunarefnisoxíð

SOLAS: alþjóðasamningur um öryggi mannslífa á hafinu.

SO_x: brennisteinsoxíð.

Regla, reglugerð.

Ályktun.

VIÐAUKI A.1

Í ALÞJÓÐLEGUM GERNINGUM ER AÐ FINNA ÍTARLEGA PRÓFUNARSTAÐLA FYRIR ÞENNAN BÚNAÐ

Athugasemdir sem eiga við um allan viðauka A.1

a) Almennt: til viðbótar við þá prófunarstaðla, sem er getið sérstaklega, er í viðeigandi kröfum alþjóðasamninga og í ályktunum og umburðarbréfum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) að finna nokkurn fjölda ákvæða sem ganga verður úr skugga um að séu virt við gerðarprófun (gerðarsamþykki) eins og um getur í aðferðareiningum um samræmismat í viðauka B.

b) 1. dálkur: ákvæði 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/68/ESB ([2]) geta átt við (sjötta breyting á viðauka A við tilskipunina um búnað um borð í skipum).

c) 1. dálkur: ákvæði 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2010/68/ESB ([3]) geta átt við (sjöunda breyting á viðauka A við tilskipunina um búnað um borð í skipum.

d) 2. dálkur: þegar hugtakið „íhlutir“ í búnað er notað getur það táknað að prófa þurfi einn íhlut, flokk íhluta eða heilt kerfi til að tryggja að alþjóðlegar kröfur hafi verið uppfylltar.

e) 5. dálkur: ef vitnað er til IMO-ályktana eiga einungis prófunarstaðlar í viðeigandi hlutum viðaukanna við og eru þá ákvæði ályktananna sjálfra þar með útilokuð.

f) 5. dálkur: alþjóðlegir samningar og prófunarstaðlar skulu gilda í uppfærðum útgáfum sínum. Til að unnt sé að tilgreina viðeigandi staðla með réttum hætti skal í prófunarskýrslunum, samræmisvottorðunum og samræmisyfirlýsingunum tilgreina þann prófunarstaðal sem er notaður og útgáfu hans.

g) 5. dálkur: þegar tvenns konar prófunarstaðlar eru aðgreindir með „eða“ skal hvor staðlaröðin um sig uppfylla allar prófunarkröfur til þess að uppfylla staðla Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar um nothæfi. Þannig nægir prófun samkvæmt annarri staðlaröðinni til að sýna fram á samræmi framleiðsluvöru við kröfur í viðeigandi alþjóðlegum gerningum. Ef, á hinn bóginn, prófunarstaðlar eru aðgreindir með öðrum hætti (kommu) skulu allir liðirnir gilda.

h) 6. dálkur: aðferðareining H merkir aðferðareining H ásamt vottorði fyrir hönnunarprófun. Aðferðareining H merkir aðferðareining H ásamt vottorði fyrir hönnunarprófun.

i) Kröfurnar, sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, skulu ekki hafa áhrif á kröfur um búnað um borð í skipum í alþjóðlegum samningum.

1. **Björgunarbúnaður**

4. dálkur: umburðarbréf IMO MSC/980 gildir nema þegar sérstakir gerningar, sem um getur í 4. dálki, koma í stað þess.

Nei	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 74 ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur SOLAS 74 ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðar-einingar við samræmismat
1	2	3	4	5	6
A.1/1.1	Björgunarhringir	— Regla III/4, — regla X/3.	— Regla III/7, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, II, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.2	Staðsetningarljós fyrir björgunartæki: a) fyrir björgunarföt og léttbáta, b) fyrir björgunarhringi, c) fyrir björgunarvesti.	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/7, — Regla III/22, — Regla III/26, — Regla III/32, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, VI, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F

([2]) Stjtíð. ESB L 305, 20.11.2010, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 239, 15.9.2011, bls. 1.

1	2	3	4	5	6
A.1/1.3	Sjálftendrandi reykmerki björgunarhringja	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/7, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, II, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.4	Björgunarvesti	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/7, — Regla III/22, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, II, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, — IMO MSC/umburðarbr. 922. — IMO MSC.1/umburðarbr. 1304.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.5	Björgunarbúningar og hlífðarbúningar, ekki flokkaðir sem björgunarvesti: — með eða án einangrunar.	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/7, — Regla III/22, — Regla III/32, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, II, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, — IMO MSC/umburðarbr. 1046.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.6	Björgunarbúningar og hlífðarbúningar, flokkaðir sem björgunarvesti: — með eða án einangrunar.	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/7, — Regla III/22, — Regla III/32, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, II, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, — IMO MSC/umburðarbr. 1046.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.7	Einangrunarpokar	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/22, — Regla III/32, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, II, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, — IMO MSC/umburðarbr. 1046.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/1.8	Fallhlífarflugeldar (neyðarflugeldar og -blys)	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/6, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, III, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.9	Handblys (neyðarflugeldar og -blys)	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, III, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.10	Flothæft reykdufl (neyðarflugeldar og -blys)	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, III,	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.11	Línubyssur	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/18, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, VII, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.12	Uppblásanlegir björgunarflekar	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/13, — Regla III/21, — Regla III/26, — Regla III/31, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, — IMO MSC/umburðarbr. 811.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.13	Harðir björgunarflekar	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/21, — Regla III/26, — Regla III/31, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, — IMO MSC/umburðarbr. 811.	— IMO-ályktun MSC.81(70). — IMO MSC/umburðarbr. 1006.	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/1.14	Sjálfréttandi björgunarflekar	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/26, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, — IMO MSC/umburðarbr. 809, — IMO MSC/umburðarbr. 811.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.15	Yfirbyggðir björgunarflekar sem snúa má við	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/26, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, — IMO MSC/umburðarbr. 809, — IMO MSC/umburðarbr. 811.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.16	Sjóstýrður búnaður fyrir björgunarfleka (þrýstistýrður losunarbúnaður)	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/13, — Regla III/26, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, — IMO MSC/umburðarbr. 811.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.17	Björgunarbátar a) björgunarbátar sem eru sjósettir með bátsuglum: — lokaðir að hluta, — alveg lokaðir, b) björgunarbátar sem eru losaðir í frjálsu falli: — alveg lokaðir,	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/21, — Regla III/31, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun MSC.81(70). — IMO MSC/umburðarbr. 1006.	B + D B + F G
A.1/1.18	Harðir léttbátar	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/21, — Regla III/31, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, V, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun MSC.81(70). — IMO MSC/umburðarbr. 1006.	B + D B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/1.19	Uppblásnir léttbátar	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/21, — Regla III/31, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, V, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun MSC.81(70). — ISO 15372 (2000).	B + D B + F G
A.1/1.20	Hraðskreiðir léttbátar a) uppblásnir, b) harðir, c) harðir/uppblásnir	—Regla III/4,	— Regla III/26, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, V, — IMO MSC/umburðarbr. 1016, — IMO MSC/umburðarbr. 1094.	— IMO-ályktun MSC.81(70). — IMO MSC/umburðarbr. 1006, — ISO 15372 (2000).	B + D B + F G
A.1/1.21	Sjósetningarbúnaður þar sem talíur eru notaðar (bátsuglur)	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/23, — Regla III/33, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, VI, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F G
A.1/1.22	Sjóstýrður sjósetningarbúnaður fyrir björgunarför	Flutt í A.2/1.3.			
A.1/1.23	Sjósetningarbúnaður fyrir björgunarbáta í frjálsu falli	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/16, — Regla III/23, — Regla III/33, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, VI, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F G
A.1/1.24	Sjósetningarbúnaður fyrir björgunarfleka (bátsuglur)	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/12, — Regla III/16, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, VI, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/1.25	Sjósetningarbúnaður fyrir hraðskreiða léttbáta (bátsuglur)	— Regla III/4.	— Regla III/26, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, VI,	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F G
A.1/1.26	Losunarbúnaður fyrir: a) björgunarbátar og léttbátar (sjósettir með talíu, einni eða fleiri), b) björgunarflekar (sjósettir með talíu, einni eða fleiri).	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/16, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA Code) I, IV, VI(1), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.27	Kerfi til rýmingar skips	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/15, — Regla III/26, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, VI, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + F G
A.1/1.28	Björgunarúrræði	—Regla III/4.	— Regla III/26, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, VI,	— IMO-ályktun MSC.81(70). — IMO MSC/umburðarbr. 810.	B + D B + F
A.1/1.29	Stigar til að komast um borð	— Regla III/4, — Regla III/11, — Regla X/3.	— Regla III/11, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO MSC.1/umburðarbr. 1285.	— IMO-ályktun MSC.81(70). — ISO 5489 (2008).	B + D B + F
A.1/1.30	Efni sem endurkastar ljósi	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun A.658(16).	B + D B + E B + F
A.1/1.31	Tviátta metrabylgjutal-stöðvarbúnaður (VHF) fyrir björgunarför	Flutt í A.1/5.17 og A.1/5.18.			

1	2	3	4	5	6
A.1/1.32	9 GHz SAR ratsjársvari (SART)	Flutt í A.1/4.18.			
A.1/1.33	Ratsjárspegill fyrir björgunarbáta og léttbáta (hlutlaus)	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, V, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, — IMO-ályktun MSC.164(78).	— EN ISO 8729 (1998), — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945. 1. leiðrétting (2008). Eða — EN ISO 8729 (1998), — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008). Eða — ISO 8729-1 (2010), — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008). Eða — ISO 8729-1 (2010), — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008).	B + D B + E B + F
A.1/1.34	Áttaviti fyrir björgunarbáta og léttbáta	Flutt í A.1/4.23.			
A.1/1.35	Handslökkvitæki fyrir björgunarbáta og léttbáta	Flutt í A.1/3.38.			
A.1/1.36	Knúningsvél fyrir björgunarbáta/léttbáta	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) IV, V.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.37	Utanborðsvél fyrir léttbáta	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) V.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.38	Leitarljós til notkunar í björgunarbátum og léttbátum	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, V, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F
A.1/1.39	Opnir björgunarflekar sem snúa má við	— Regla III/4, — Regla X/3.	— IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, 10. viðauki, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, 11. viðauki,	— IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 10. viðauki, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 11. viðauki,	B + D B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/1.40	Vélrænn lyftibúnaður fyrir hafnsögumenn	Flutt í A.1/4.48.			
A.1/1.41	Vindur fyrir björgunarför og léttbáta a) björgunarbátar sem eru sjósettir með sjóstýrðri losun (bátsuglum): b) björgunarbátar í frjálsu falli, c) björgunarflekar, d) léttbátar e) hraðskreiðir léttbátar	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/16, — Regla III/17, — Regla III/23, — Regla III/24, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, VI, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun MSC.81(70).	B + D B + E B + F G
A.1/1.42	Stigi fyrir hafnsögumann	Flutt í A.1/4.49.			
A.1/1.43 Sjá athuga-semd b) við þennan viðauka (A.1).	Harðir/uppblásnir léttbátar	— Regla III/4, — Regla X/3.	— Regla III/21, — Regla III/31, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, V, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.	— IMO-ályktun MSC.81(70). — IMO MSC/umburðarbr. 1006, — ISO 15372 (2000).	B + D B + F G

([1]) Aðildarríki mega beita IMO umburðarbr. MSC.1/umburðarbr. 1393.

2. **Varnir gegn mengun sjávar**

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 78, með áorðnum breytingum, ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur MARPOL 73/78, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðar-einingar við samræmis-mat
1	2	3	4	5	6
A.1/2.1	Olíusíubúnaður (ef magn olíu í frárennsli er ekki meira en 15 milljónarhlutar (ppm))	— I. viðauki, regla 14.	I. viðauki, regla 14, — IMO MEPC.1/umburðarbr. 643.	— IMO-ályktun MEPC.107(49), — IMO MEPC.1/umburðarbr. 643.	B + D B + E B + F
A.1/2.2	Nemi fyrir skilflöt olíu/vatns	— I. viðauki, regla 32.	— I. viðauki, regla 32.	— IMO-ályktun MEPC.5(XIII).	B + D B + E B + F
A.1/2.3	Olíumælar	— I. viðauki, regla 14.	— I. viðauki, regla 14, — IMO MEPC.1/umburðarbr. 643.	— IMO-ályktun MEPC.107(49), — IMO MEPC.1/umburðarbr. 643.	B + D B + E B + F
A.1/2.4	Vinnslueiningar sem eru festar við þann olíusíubúnað sem fyrir er (ef magn olíu í frárennsli er ekki meira en 15 ppm)	Hér á að vera eyða			

1	2	3	4	5	6
A.1/2.5	Vöktunar- og eftirlitskerfi fyrir losun olíu frá olíuflutningaskipum	— I. viðauki, regla 31.	— I. viðauki, regla 31.	— IMO-ályktun MEPC.108(49).	B + D B + E B + F
A.1/2.6	Skólpkerfi	— IV. viðauki, regla 9.	— IV. viðauki, regla 9.	— IMO-ályktun MEPC.159(55).	B + D B + E B + F
A.1/2.7	Brennsluofnar um borð í skipum	— VI. viðauki, regla 16.	— VI. viðauki, regla 16.	— IMO-ályktun MEPC.76(40).	B + D B + E B + F G
A.1/2.8	Greiningartæki um borð fyrir NO_x með því að nota beinar mælingar og vöktunaraðferð samkvæmt NO_x -tæknikóðanum 2008	— IMO-ályktun MEPC.176(58) — (Endurskoðaður VI. viðauki MARPOL, regla 13)	— IMO-ályktun MEPC.176(58) — (Endurskoðaður VI. viðauki MARPOL, regla 13) — IMO-ályktun MEPC.177(58) — (NO_x-tæknikóðinn 2008) — IMO MEPC.1/umburðarbr. 638.	— IMO-ályktun MEPC.177(58) — (NO_x-tæknikóðinn 2008) — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), eða — IMO-ályktun MEPC.177(58) — (NO_x-tæknikóðinn 2008) — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/2.9	Búnaður sem notar aðrar tæknilegar aðferðir til að takmarka SOx-losun	Flutt í A.2/2.4.			
A.1/2.10 Sjá athugasemd c) við þennan viðauka (A.1).	Hreinsikerfi um borð fyrir útblástursloft	— IMO-ályktun MEPC.176(58) — (Endurskoðaður VI. viðauki MARPOL, regla 4) — IMO-ályktun MEPC.184(59).	— IMO-ályktun MEPC.176(58) — (Endurskoðaður VI. viðauki MARPOL, regla 4)	— IMO-ályktun MEPC.184(59).	B + D B + E B + F G

3. **Brunavarnarbúnaður**

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðareiningar við samræmismat
1	2	3	4	5	6
A.1/3.1	Grunnefni þilfara	— Regla II-2/4, — Regla II-2/6, — Regla X/3.	— Regla II-2/4, — Regla II-2/6, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010), — IMO MSC/umburðarbr. 1102,	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.2	Handslökkvitæki	— Regla II-2/10, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 4.	— Regla II-2/4, — Regla II-2/10, — Regla II-2/18, — Regla II-2/19, — Regla II-2/20, — IMO-ályktun A.951(23), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 4, — IMO MSC/umburðarbr. 1239, — IMO MSC/umburðarbr. 1275.	— EN 3-7 (2004), þ.m.t. A.1 (2007), — EN 3-8 (2006), þ.m.t. AC (2007), — EN 3-9 (2006), þ.m.t. AC (2007), — EN 3-10 (2009).	B + D B + E B + F
A.1/3.3	Slökkvibúningar: hlífðarfatnaður (til að komast í návígi við eld)	— Regla II-2/10, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	Hlífðarfatnaður fyrir slökkvistarf — EN 469 (2005), þ.m.t. A1 (2006) og AC (2006). Hlífðarfatnaður fyrir slökkvistarf — Endurkastsfatnaður fyrir sérhæft slökkvistarf: — EN 1486 (2007). Hlífðarfatnaður fyrir slökkvistarf — Hlífðarfatnaður með endurkastsyfirborði: — ISO 15538 (2001).	B + D B + E B + F
A.1/3.4	Slökkvibúningar: stígvél	— Regla II-2/10, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	— EN 15090 (2006),	B + D B + E B + F
A.1/3.5	Slökkvibúningar: hanskar	— Regla II-2/10, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	— EN 659 (2003), þ.m.t. A1 (2008) og AC (2009).	B + D B + E B + F
A.1/3.6	Slökkvibúningar: hjálmar	— Regla II-2/10, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	— EN 443 (2008).	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.7	Sjálfstæður öndunarbúnaður með lofti undir þrýstingi *Athugasemd:* verði slys í tengslum við hættulegan farm skal nota öndunargrímu með yfirþrýstingi.	— Regla II-2/10, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3. Og þegar nota skal búnað við slys í tengslum við farm: — IMO-ályktun MSC.4(48)-(IBC-kóðinn) 14, — IMO-ályktun MSC.5(48)-(IGC-kóðinn) 14.	— EN 136 (1998), þ.m.t. AC (2003), — EN 137 (2006). Og þegar nota skal búnað við slys í tengslum við farm: — ISO 23269-3 (2011).	B + D B + E B + F
A.1/3.8	Öndunarbúnaður með aðfluttu lofti undir þrýstingi	— Regla X/3. — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7. *Athugasemd:* þessi búnaður er aðeins fyrir háhraðaför smíðuð samkvæmt ákvæðum HSC-kóðans frá 1994.	— IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7,	— EN 14593-1 (2005), — EN 14593-2 (2005), þ.m.t. AC (2005), — EN 14594 (2005), þ.m.t. AC (2005),	B + D B + E B + F
A.1/3.9	Íhlutir í úðakerfi fyrir vistarverur, þjónusturými og stjórnstöðvar, sambærilegt því sem um getur í reglu II-2/12 í SOLAS 74 (aðeins stútar og afkastageta þeirra). (Stútar fyrir föst úðakerfi í háhraðaförum teljast til þessa búnaðar).	— Regla II-2/7, — Regla II-2/10, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 8.	— Regla II-2/7, — Regla II-2/9, — Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.44(65), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 8, — IMO MSC/umburðarbr. 912.	— IMO-ályktun A.800 (19).	B + D B + E B + F
A.1/3.10	Stútar fyrir föst slökkvikerfi með háþrýstiýringu í vélarúmi og farmdælurými	— Regla II-2/10, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 7.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 7, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1313.	— IMO MSC/umburðarbr. 1165, viðbætir A.	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.11	Eldtraustleiki skilrúma í A- og B-flokki a) Skilrúm í A-flokki b) Skilrúm í B-flokki	A-flokkur: — Regla II-2/3.2. B-flokkur: — Regla II-2/3.4.	— Regla II-2/9 og A-flokkur: — Regla II-2/3.2, — IMO MSC/umburðarbr. 1005 (fyrir létt burðarvirki). B-flokkur: — Regla II-2/3.4.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010),	B + D B + E B + F
A.1/3.12	Búnaður til að hindra að eldur berist í lestarrými í olíuflutningaskipum	— Regla II-2/4, — Regla II-2/16.	— Regla II-2/4, — Regla II-2/16,	— EN 12874 (2001), — ISO 15364 (2007), — IMO MSC/umburðarbr. 677.	Fyrir annan búnað en loka: B + D B + E B + F Fyrir loka: B + F
A.1/3.13	Eldtraust efni	— Regla II-2/3, — Regla X/3.	— Regla II-2/3, — Regla II-2/5, — Regla II-2/9, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010),	B + D B + E B + F
A.1/3.14	Efni, annað en stál, í lagnir sem fara í gegnum skilrúm í A- eða B-flokki	Búnaður skráður í A.1/3.26 og A.1/3.27.			
A.1/3.15	Efni, annað en stál, í lagnir fyrir olíu eða brennsluolíu a) lagnir og tengihlutir, b) lokar, c) slöngubarkatengi. d) íhlutir í málmlagnir með fjaðrandi og teygjanlegum pakkningum.	— Regla II-2/4, — Regla X/3.	— Regla II-2/4, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, 10, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, 10, — IMO MSC/umburðarbr. 1120.	Lagnir og tengihlutir: — IMO-ályktun A.753(18). Lokar: — ISO 10497 (2010). slöngubarkatengi. — EN ISO 15540 (2001), — EN ISO 15541 (2001). Íhlutir í málmlagnir með fjaðrandi og teygjanlega þéttingu. — ISO 19921 (2005), — ISO 19922 (2005).	B + D B + E B + F
A.1/3.16	Eldvarnarhurðir	— Regla II-2/9.	— Regla II-2/9.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010). — IMO MSC.1/umburðarbr. 1319.	B + D B + E B + F
A.1/3.17	Íhlutir í stjórntæki fyrir eldvarnarhurðir	— Regla II-2/9, — Regla X/3.	— Regla II-2/9, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010).	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.18	Yfirborðsefni og gólfefni með lágu eldsútbreiðslumarki a) spónn til skreytingar, b) málningarkerfi, c) gólfefni, d) einangrunarkápur fyrir lagnir, e) lím notað við byggingu skilrúma í A-, B-, og C-flokki, f) eldfimar rásir.	— Regla II-2/3, — Regla II-2/5, — Regla II-2/6, — Regla II-2/9, — Regla X/3.	— Regla II-2/3, — Regla II-2/5, — Regla II-2/6, — Regla II-2/9, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO MSC/umburðarbr. 1120.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010).	B + D B + E B + F
A.1/3.19	Veggtjöld, gluggatjöld og önnur textílefni til að hengja upp og filmur	— Regla II-2/3, — Regla II-2/9, — Regla X/3.	— Regla II-2/3, — Regla II-2/9, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010), — IMO MSC/umburðarbr. 1102.	B + D B + E B + F
A.1/3.20	Bólstruð húsgögn	— Regla II-2/3, — Regla II-2/5, — Regla II-2/9, — Regla X./3.	— Regla II-2/3, — Regla II-2/5, — Regla II-2/9, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010), — IMO MSC/umburðarbr. 1102,	B + D B + E B + F
A.1/3.21	Sængurfatnaður	— Regla II-2/3, — Regla II-2/9, — Regla X/3.	— Regla II-2/3, — Regla II-2/9, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010), — IMO MSC/umburðarbr. 1102,	B + D B + E B + F
A.1/3.22	Brunalokur	— Regla II-2/9.	— Regla II-2/9.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010).	B + D B + E B + F
A.1/3.23	Eldtraust gegnumtök sem fara í gegnum skilrúm í A-flokki	Flutt í A.1/3.26.			
A.1/3.24	Rafstrengjabrautir í gegnum skilrúm í A-flokki	Flutt í a-lið í A.1/3.26.			
A.1/3.25	Eldtraustir gluggar og kýraugu á skipshlið í A- og B-flokki	— Regla II-2/9.	— Regla II-2/9, — IMO MSC/umburðarbr. 1120.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010).	B + D B + E B + F
A.1/3.26	Gegnumtök í gegnum skilrúm í A-flokki a) rafstrengjabrautir, b) pípur, stokkar o.fl. gegnumtök	— Regla II-2/9.	— Regla II-2/9, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1276.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010).	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.27	Gegnumtök í gegnum skilrúm í B-flokki a) rafstrengjabrautir, b) pípur, stokkar o.fl. gegnumtök	— Regla II-2/9.	— Regla II-2/9.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010).	B + D B + E B + F
A.1/3.28	Úðakerfi, (aðeins úðahausar) (Stútar fyrir föst úðakerfi í háhraðaförum teljast til þessa búnaðar).	— Regla II-2/7, — Regla II-2/10, — Regla X/3.	— Regla II-2/7, — Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.44(65), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 8, — IMO MSC/umburðarbr. 912.	— ISO 6182-1 (2004). Eða — EN 12259-1 (1999), þ.m.t. A1 (2001) A2 (2004) og A3 (2006).	B + D B + E B + F
A.1/3.29	Brunaslöngur	— Regla II-2/10, — Regla X/3.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	— EN 14540 (2004), þ.m.t. A.1 (2007).	B + D B + E B + F
A.1/3.30	Færanlegur búnaður sem greinir súrefni og tilvist gass	— Regla II-2/4, — regla VI/3.	— Regla II-2/4, — regla VI/3, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 15.	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008) eða IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 60092-504 (2001), þ.m.t. IEC 60092-504, 1. leiðrétting (2011), — IEC 60533 (1999), og fyrir: a) 1. flokkur: (öruggt svæði): — EN 50104 (2010), — EN 60079-29-1 (2007). b) 2. flokkur: (loft með sprengifimum lofttegundum): — EN 50104 (2010), — EN 60079-29-1 (2007), — EN 60079-0 (2009), — EN 60079-1 (2007), þ.m.t. IEC 60079-1, 1. leiðrétting (2008), — EN 60079-10-1 (2009), — EN 60079-11 (2007), — EN 60079-15 (2010), — EN 60079-26 (2007).	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.31	Stútar fyrir föst úðakerfi í háhraðaförum	Búnaður felldur brott þar sem hann fellur undir A.1/3.9 og A.1/3.28.			
A.1/3.32	Eldtefjandi efni (þó ekki húsgögn) fyrir háhraðaför	— Regla X/3.	— IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010).	B + D B + E B + F
A.1/3.33	Eldtefjandi efni (þó ekki húsgögn) fyrir háhraðaför	— Regla X/3.	— IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO MSC/umburðarbr. 1102,	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010).	B + D B + E B + F
A.1/3.34	Brunaþolin skilrúm fyrir háhraðaför	— Regla X/3.	— IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010).	B + D B + E B + F
A.1/3.35	Eldvarnarhurðir í háhraðaförum	— Regla X/3.	— IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010).	B + D B + E B + F
A.1/3.36	Brunalokur í háhraðaförum	— Regla X/3.	— IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO MSC/umburðarbr. 1102,	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010).	B + D B + E B + F
A.1/3.37	Gegnumtök í gegnum brunaþolin skilrúm fyrir háhraðaför: a) rafstrengjabrautir, b) pípur, stokkar o.fl. gegnumtök.	— Regla X/3.	— IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010).	B + D B + E B + F
A.1/3.38	Handslökkvitæki fyrir björgunarbáta og léttbáta	— Regla III/4, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 4.	— Regla III/34, — IMO-ályktun A.951(23), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, V, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 4, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1313.	— EN 3-7 (2004), þ.m.t. A1 (2007), — EN 3-8 (2006), þ.m.t. AC (2007), — EN 3-9 (2006), þ.m.t. AC (2007), — EN 3-10 (2009).	B + D B + E B + F
A.1/3.39	Stútar fyrir jafngilt vatnsúðaslökkvikerfi í vélarúmum og í farmdælurými	— Regla II-2/10, — Regla X/3.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 7, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1313.	— IMO MSC/umburðarbr. 1165.	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.40	Ljósabúnaður sem er hafður neðarlega (aðeins íhlutir)	— Regla II-2/13, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 11.	— Regla II-2/13, — IMO-ályktun A.752(18), — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 11.	— IMO-ályktun A.752(18). Eða — ISO 15370 (2010).	B + D B + E B + F
A.1/3.41	Öndunartæki til undankomu í neyð	— Regla II-2/13.	— Regla II-2/13, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3, — IMO MSC/umburðarbr. 849.	— ISO 23269-1 (2008) og að öðrum kosti: Fyrir sjálfstæðan öndunarbúnað með samþjöppuðu lofti í opinni hringrás með heilgrímu eða munnstykki, til undankomu: — EN 402 (2003). Fyrir sjálfstæðan öndunarbúnað með samþjöppuðu lofti í opinni hringrás með hlífðarhettu, til undankomu: — EN 1146 (2005). Sjálfstæður öndunarbúnaður með samþjöppuðu lofti í lokaðri hringrás: — EN 13794 (2002).	B + D B + E B + F
A.1/3.42	Íhlutir í kerfi fyrir óhvarfgjarnar lofttegundir	— Regla II-2/4.	— Regla II-2/4, — IMO-ályktun A.567(14), — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 15, — IMO MSC/umburðarbr. 353, — IMO MSC/umburðarbr. 387, — IMO MSC/umburðarbr. 485, — IMO MSC/umburðarbr. 450, 1. endurskoðun, — IMO MSC/umburðarbr. 731, — IMO MSC/umburðarbr. 1120.	— IMO MSC/umburðarbr. 353,	B + D B + E B + F G
A.1/3.43	Stútar í slökkvikerfi fyrir djúpsteikingarbúnað (sjálfvirk eða handstýrð kerfi)	— Regla II-2/1, — Regla II-2/10, — Regla X/3.	— Regla II-2/1, — Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	— ISO 15371 (2009).	B + D B + E B + F
A.1/3.44	Slökkvibúningur - líflína	— Regla II-2/10, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	— IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3, — IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010).	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.45	Íhlutir í jafngilt, fast gasslökkvikerfi (slökkvimiðill, meginlokar og stútar) fyrir vélarúm og farmdælurými	— Regla II-2/10, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 5.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 5, — IMO MSC/umburðarbr. 848, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1313. — IMO MSC.1/umburðarbr. 1316. — IMO MSC.1/umburðarbr. 1317.	— IMO MSC/umburðarbr. 848, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1317.	B + D B + E B + F
A.1/3.46	Íhlutir í jafngilt fast gasslökkvikerfi fyrir vélarúm (úðakerfi)	— Regla II-2/10, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 5.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 5, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1270. — IMO MSC.1/umburðarbr. 1313.	— IMO MSC.1/umburðarbr. 1270, þ.m.t. 1. leiðrétting.	B + D B + E B + F
A.1/3.47	Froðuþykkni fyrir föst slökkvikerfi með léttri froðu fyrir vélarúm og farmdælurými *Athugasemd:* föst slökkvikerfi með léttri froðu í vélarúmum og farmdælurýmum (þ.m.t. slökkvikerfi sem nota loftið í vinnurýminu til að framleiða froðuna) skulu áfram prófuð með viðurkenndu froðuþykkni og með þeim hætti sem stjórnvald telur fullnægjandi.	— Regla II-2/10.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 6.	— IMO MSC/umburðarbr. 670.	B + D B + E B + F
A.1/3.48	Íhlutir í fastan, staðbundinn vatnsslökkvibúnað til að nota í vélarúmi í A-flokki (Stúta- og afkastaprófanir).	— Regla II-2/10, — Regla X/3.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	— IMO MSC.1/umburðarbr. 1313.	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.49	Stútar fyrir fastan vatnsslökkvibúnað í ekjurýmum og sérstökum rýmum, sambærileg þeim sem um getur í ályktun A.123(V).	— Regla II-2/19, — Regla II-2/20, — Regla X/3.	— Regla II-2/19, — Regla II-2/20, — IMO-ályktun A.123(V), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	— IMO MSC.1/umburðarbr. 1272.	B + D B + E B + F
A.1/3.50	Fatnaður sem veitir vörn gegn efnaáreiti	Flutt í A.2/3.9.			
A.1/3.51	Íhlutir fyrir föst eldskynjunar- og brunaviðvörunarkerfi í stjórnstöðvum, þjónusturýmum, vistarverum, klefasvölum, vélarúmum og vélarúmum sem eru ómönnuð	— Regla II-2/7, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 9.	— Regla II-2/7, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 9, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1242. — IMO MSC.1/umburðarbr. 1313.	Eftirlits- og álestrarbúnaður. Raflagnabúnaður í skipum: — EN 54-2 (1997), þ.m.t. AC(1999) and A1(2006). Aflgjafabúnaður: — EN 54-4 (1997), þ.m.t. AC (1999), A1 (2002) og A2 (2006). Hitaskynjarar — Punktskynjarar: — EN 54-5 (2000), þ.m.t. A1 (2002). Reykskynjarar — Punktskynjarar þar sem notað er dreift ljós, sent ljós eða jónun: — EN 54-7 (2000), þ.m.t. A1 (2002) og A2 (2006), Logaskynjarar — Punktskynjarar: — EN 54-10 (2002), þ.m.t. A1 (2005). Handvirkir boðar: — EN 54-11 (2001), þ.m.t. A1 (2005). Skammhlaupseinangrari: — EN 54-17 (2007), þ.m.t. AC (2007), Ílags-/frálagsbúnaður: — EN 54-18 (2005), þ.m.t. AC (2007), Kaplar: — EN 60332-1-1 (2004). Og, eftir því sem við á, rafmagns- og raflagnabúnaður í skipum: — IEC 60092-504 (2001), þ.m.t. IEC 60092-504, 1. leiðrétting (2011), — IEC 60533 (1999).	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.52	Föst slökkvitæki og handslökkvitæki	— Regla II-2/10, — Regla X/3.	— Regla II-2/4, — Regla II-2/10, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	— EN 1866-1 (2007). Eða — ISO 11601 (2008).	B + D B + E B + F
A.1/3.53	Brunaviðvörunar-búnaður - Hljóðgjafar	— Regla II-2/7, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 9.	— Regla II-2/7, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 9, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1313.	Hljóðgjafar: — EN 54-3 (2001), þ.m.t. A1 (2002) og A2 (2006), — IEC 60092-504 (2001), þ.m.t. IEC 60092-504, 1. leiðrétting (2011), — IEC 60533 (1999).	B + D B + E B + F
A.1/3.54	Fastur búnaður sem greinir súrefni og tilvist gass	— Regla II-2/4, — Regla VI/3.	— Regla II-2/4, — Regla VI/3, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 15.	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008) eða IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 60092-504 (2001), þ.m.t. IEC 60092-504, 1. leiðrétting (2011), — IEC 60533 (1999), og fyrir: a) 4. flokkur: (öruggt svæði): — EN 50104 (2010). b) 3. flokkur: (loft með sprengifimum lofttegundum): — EN 50104 (2010), — EN 60079-0 (2009), — EN 60079-29-1 (2007).	B + D B + E B + F
A.1/3.55	Tvíburatengi (tvíhæfir stútar) (úðun/sprautun)	— Regla II-2/10, — Regla X/3.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	Handúðastútur til slökkvistarfa – Sambyggður úðastútur PN 16: — EN 15182-1 (2007), þ.m.t. A1 (2009), — EN 15182-2 (2007), þ.m.t. A1 (2009). Handúðastútur til slökkvi-starfa – Stillanlegur úðastútur fyrir bunu og/eða úða PN 16: — EN 15182-1 (2007), þ.m.t. A1 (2009), — EN 15182-3 (2007), þ.m.t. A1 (2009).	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.56	Brunaslöngur (upprúllaðar)	— Regla II-2/10, — Regla X/3.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	— EN 671-1 (2001), þ.m.t. AC (2002).	B + D B + E B + F
A.1/3.57	Íhlutir fyrir föst slökkvikerfi með meðalþungri froðu — fastur froðuslökkvibúnaður á þilförum tankskipa	— Regla II-2/10.	— Regla II-2/10.8.1, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 14, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1239, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1276.	— IMO MSC/umburðarbr. 798.	B + D B + E B + F
A.1/3.58	Íhlutir fyrir föst slökkvikerfi með þungri froðu til að verja vélarúm og þilför á tankskipum	— Regla II-2/10.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 6, 14, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1239, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1276. — IMO MSC.1/umburðarbr. 1313.	— IMO MSC.1/umburðarbr. 1312.	B + D B + E B + F
A.1/3.59	Létt froða fyrir föst slökkvikerfi á efnaflutningaskipum	— Regla II-2/1, — IMO-ályktun MSC.4(48)-(IBC-kóðinn).	— IMO-ályktun MSC.4(48)-(IBC-kóðinn), — IMO MSC/umburðarbr. 553,	— IMO MSC.1/umburðarbr. 1312.	B + D B + E B + F
A.1/3.60	Stútar fyrir föst slökkvikerfi með háþrýstiýringu á klefasvölum	— Regla II-2/10.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 7, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1313.	— IMO MSC.1/umburðarbr. 1268.	B + D B + E B + F
A.1/3.61	Innra slökkvikerfi með léttri froðu til að verja vélarúm og farmdælurými *Athugasemd:* prófa skal innra slökkvikerfi með léttri froðu til að verja vélarúm og farmdælurými með viðurkenndu froðuþykkni og með þeim hætti sem stjórnvald telur fullnægjandi.	— Regla II-2/10.	— Regla II-2/10.	— IMO MSC.1/umburðarbr. 1271.	B + D B + E B + F
A.1/3.62 Sjá athuga-semd b) við þennan viðauka (A.1).	Duftslökkvibúnaður	— Regla II-2/1.	— Regla II-2/1, — IGC: alþjóðakóði um smíði og búnað skipa sem flytja búlkafarma af fljótandi gastegundum. 11. kafli.	— IMO MSC.1/umburðarbr. 1315.	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/3.63 úr A.2/3.15	Íhlutir í reykskynjunarkerfi með sýnisútdrætti	— Regla II-2/7, — Regla II-2/19, — Regla II-2/20.	— Regla II-2/7, — Regla II-2/19, — Regla II-2/20, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 10.	— IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 10, og fyrir: Eftirlits- og álestrarbúnaður. Raflagnabúnaður í skipum: — EN 54-2 (1997), þ.m.t. AC(1999) and A1(2006). Aflgjafabúnaður: — EN 54-4 (1997), þ.m.t. AC (1999), A1 (2002) og A2 (2006). Reyksogsskynjarar: — EN 54-20 (2006), þ.m.t. AC (2008), Og, eftir því sem við á, rafmagns- og raflagnabúnaður í skipum: — IEC 60092-504 (2001), þ.m.t. IEC 60092-504, 1. leiðrétting (2011), — IEC 60533 (1999). Og fyrir sprengifimt loft, eftir því sem við á: — EN 60079-0 (2009).	B + D B + E B + F
A.1/3.64 úr A.2/3.25	Skilrúm í C-flokki	— Regla II-2/3.	— Regla II-2/3.	— IMO-ályktun MSC.307(88)-(FTP-kóðinn frá 2010).	B + D B + E B + F
A.1/3.65 (Nýr búnaður)	Fast gasskynjunarkerfi fyrir vetniskolefni	— Regla II-2/4.	— Regla II-2/4, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 16, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1370.	— IMO MSC.1/umburðarbr. 1370. — EN 60079-29-1 (2007), — IEC 60092-504 (2001), þ.m.t. IEC 60092-504, 1. leiðrétting (2011), — IEC 60533 (1999), — EN/IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008).	B + D B + E B + F
A.1/3.66 (Nýr búnaður)	Leiðbeiningarkerfi til rýmingar sem er notað sem annar kostur í stað ljósabúnaðar sem er hafður neðarlega	— Regla II-2/13.	— Regla II-2/13, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1168.	— IMO MSC.1/umburðarbr. 1168.	B + D B + E B + F

4. **Siglingabúnaður**

Athugasemdir við 4. lið: Siglingabúnaður.

5. dálkur:

IEC 61162-röðin vísar til eftirfarandi viðmiðunarstaðla fyrir siglingafræði og fjarskiptabúnað og -kerfi í skip — Stafræn samskipti:

a) IEC 61162-1, útg. 4.0 (2010-11) — 1. hluti: Stakur útsendir og margir viðtakar

b) IEC 61162-2, útg. 1.0 (1998-09) — 2. hluti: Stakur útsendir og margir viðtakar, háhraðasending

c) IEC 61162-3, útg. 1.1, samsteypt með breyt. 1 (2010-11) — 3. hluti: *Serial data instrument network*

– IEC 61162-3, útg. 1.0 (2008-05) — 3. hluti: *Serial data instrument network*

– IEC 61162-3-breyt. 1, útg. 1.0 (2010-06) breyting. 1 — 3. hluti: *Serial data instrument network*

d) IEC 61162-400, útg. 1.0 (2001-11) — 400. hluti: *Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Introduction and general principles*

– IEC 61162-401 ed1.0 (2001-11) — Part 401: *Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Application profile*

– IEC 61162-402, útg. 1.0 (2005-09) — 402. hluti: *Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Documentation and test requirements*

– IEC 61162-410, útg. 1.0 (2001-11) — 410. hluti: *Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Transport profile requirements and basic transport profile*

– IEC 61162-420, útg. 1.0 (2001-11) — 420. hluti: *Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Companion standard requirements and basic companion standards*

– IEC 61162-450, útg. 1.0 (2011-06) — 450. hluti: *Multiple talkers and multiple listeners — Ethernet interconnection*

EN 61162-röðin vísar til eftirfarandi viðmiðunarstaðla fyrir siglingafræði og fjarskiptabúnað og -kerfa í skip — Stafræn tenging:

a) EN 61162-1 (2011), 1. hluti, Stakur útsendir og margir viðtakar

b) EN 61162-2 (1998), þ.m.t. A1 (2), Stakur útsendir og margir viðtakar, háhraðasending

c) EN 61162-3 (2008), — 3. hluti: *Serial data instrument network*

– EN 61162-3-breyt. 1, (2010) breyting 1 — 3. hluti: *Serial data instrument network*

d) EN 61162-400 (2002) — 400.: *Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Introduction and general principles*

– EN 61162-401 (2002) — 401.: *Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Application profile*

– EN 61162-402 (2005) — 402. hluti: *Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Documentation and test requirements*

– EN 61162-410 (2002) — 410. hluti: *Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Transport profile requirements and basic transport profile*

– EN 61162-420 (2002) — 420. hluti: *Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Companion standard requirements and basic companion standards*

– EN 61162-450 (2011) — 450. hluti: *Multiple talkers and multiple listeners — Ethernet interconnection*

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðar-einingar við samræmis-mat
1	2	3	4	5	6
A.1/4.1	Seguláttaviti a) Flokkur A fyrir skip b) Flokkur B fyrir björgunarbáta og léttbáta	— Regla V/18.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.382(X), — IMO-ályktun A.694 (17).	— ISO 1069 (1973), — ISO 25862 (2009), — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008). Eða — ISO 1069 (1973), — ISO 25862 (2009), — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008).	B + D B + E B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/4.2	Búnaður sem sendir stefnu skips (THD) (segulaðferð)	— Regla V/18, — Regla V/19, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC. 97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.116(73), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — ISO 22090-2 (2004), þ.m.t. leiðrétting frá 2005, — EN 62288 (2008). eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin. — ISO 22090-2 (2004), þ.m.t. leiðrétting frá 2005, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.3	Gíróáttaviti	— Regla V/18.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.424(XI), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN ISO 8728 (1998), — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — ISO 8728 (1997), — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.4	Ratsjárbúnaður	Flutt í A.1/4.34, A.1/4.35 og A.1/4.36.			
A.1/4.5	ARPA-ratsjá	Flutt í A.1/4.34.			
A.1/4.6	Bergmálsdýptarmælir	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.224(VII), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.74(69) 4. viðauki, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN ISO 9875 (2001), þ.m.t. 1. tæknilega leiðrétting ISO: 2006, — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — EN ISO 9875 (2000), þ.m.t. 1. tæknilega leiðrétting ISO: 2006, — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/4.7	Hraða- og fjarlægðarmælir (SDME)	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.824(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.96(72), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61023 (2007), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61023 (2007), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.8	Stýrisvísir, snúningshraðavísir (rpm), skrúfuskurðarmælir	Flutt í A.1/4.20, A.1/4.21 og A.1/4.22.			
A.1/4.9	Beygjuhraðavísir	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.526(13), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — ISO 20672 (2007), — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — ISO 20672 (2007), — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.10	Miðunarstöð	Hér á að vera eyða			
A.1/4.11	Lóran-C-búnaður	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.818(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61075 (1993), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61075 (1991), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/4.12	Chayka-búnaður	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694 (17), — IMO-ályktun A.818(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61075 (1993), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61075 (1991), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.13	Decca-siglingabúnaður	Hér á að vera eyða			
A.1/4.14	GPS-staðsetningarbúnaður	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO-ályktun MSC.112(73), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61108-1 (2003), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61108-1 (2003), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.15	GLONASS-búnaður	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.113(73), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61108-2 (1998), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61108-2 (1998), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/4.16	Stefnustjórnunarkerfi (HCS)	— Regla V/18.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.342(IX), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.64(67) 3. viðauki, — IMO-ályktun MSC.191(79).	— ISO 11674 (2006), — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — ISO 11674 (2006), — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.17	Vélrænn lyftibúnaður fyrir hafnsögumenn	Flutt í A.1/1.40.			
A.1/4.18	9 GHz SAR ratsjársvari (SART)	— Regla III/4, — Regla IV/14, — Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla III/6, — Regla IV/7, — IMO-ályktun A.530(13), — IMO-ályktun A.802(19), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, 14, — ITU-R M.628-3(11/93).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61097-1 (2007). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61097-1 (2007).	B + D B + E B + F G
A.1/4.19	Ratsjárbúnaður fyrir háhraðaför	Flutt í A.1/4.37			
A.1/4.20	Stýrisvísir	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — ISO 20673 (2007), — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — ISO 20673 (2007), — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/4.21	Snúningshraðamælir fyrir skrúfu	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — ISO 22554 (2007), — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — ISO 22554 (2007), — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.22	Skrúfuskurðarmælir	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — ISO 22555 (2007), — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — ISO 22555 (2007), — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.23	Áttaviti fyrir björgunarbáta og léttbáta	— Regla III/4, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) IV, V, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, 13.	— ISO 25862 (2009).	B + D B + E B + F G
A.1/4.24	ARPA-ratsjá fyrir háhraðaför	Flutt í A.1/4.37.			
A.1/4.25	Sjálfvirkur ferilriti (ATA)	Flutt í A.1/4.35.			
A.1/4.26	Sjálfvirkur ferilriti (ATA) fyrir háhraðaför	Flutt í A.1/4.38.			
A.1/4.27	Rafeindastýrð útsetning (EPA)	Flutt í A.1/4.36.			
A.1/4.28	Samhæfð kerfi á stjórnpalli	Flutt í A.2/4.30.			

1	2	3	4	5	6
A.1/4.29	Siglingariti (VDR)	— Regla V/18, — Regla V/20, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/20, — IMO-ályktun A.694 (17), — IMO-ályktun A.861 (20), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79)	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 61996-1 (2008), — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 61996-1 (2007-11), — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.30	Rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi (ECDIS), ásamt varakerfi, og rastað kerfi fyrir rafeindasjókort (RCDS)	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79), — IMO-ályktun MSC.232(82), — IMO SN.1/umburðarbr. 266. [Aðeins er unnt að nota ECDIS-varakerfi og rastað kerfi fyrir rafeindasjókort þegar þessi virkni er til staðar í rafrænu sjókorta- og upplýsingakerfi. Í aðferðareiningu B skal tilgreina hvort þessir möguleikar voru prófaðir.]	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 61174 (2008), — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 61174 (2008), — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.31	Gíróáttaviti fyrir háhraðaför	— Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.821(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79).	— ISO 16328 (2001), — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — ISO 16328 (2001), — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/4.32	Almennt, sjálfvirkt auðkenniskerfi (AIS)	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694 (17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.74(69), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79), ITU-R M.1371-4(2010). *Athugasemd:* aðeins skal nota ITU-R M.1371-4(2010), í samræmi við kröfur IMO-ályktunarinnar MSC.74 (69).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 61993-2 (2001), — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 61993-2 (2001), — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.33	Leiðarstjórnkerfi (það starfar á hraða skipsins, frá minnsta siglingahraða að 30 hnútum)	— Regla V/18.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.74(69), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62065 (2002), — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62065 (2002), — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.34	Ratsjárbúnaður 1. flokkur	— Regla V/18.	— Regla V/19. — IMO-ályktun A.278(VIII), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.823(19), — IMO-ályktun MSC.191(79), — IMO-ályktun MSC.192(79), ITU-R M. 1177-3(06/03).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008), — EN 62388 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008). — IEC 62388, útg. 1.0 (2007).	B + D B + E B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/4.35	Ratsjárbúnaður 2. flokkur	— Regla V/18.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.278(VIII), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.191(79), — IMO-ályktun MSC.192(79), — ITU-R M. 1177-3(06/03).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008), — EN 62388 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008). — IEC 62388, útg. 1.0 (2007).	B + D B + E B + F G
A.1/4.36	Ratsjárbúnaður 3. flokkur	— Regla V/18.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.278(VIII), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.191(79), — IMO-ályktun MSC.192(79), — ITU-R M. 1177-3(06/03).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008), — EN 62388 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008). — IEC 62388, útg. 1.0 (2007).	B + D B + E B + F G
A.1/4.37	Ratsjárbúnaður fyrir háhraðaför (flokkur 1H, flokkur og flokkur 2H)	— Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— IMO-ályktun A.278(VIII), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79), — IMO-ályktun MSC.192(79), — ITU-R M. 1177-3(06/03).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008), — EN 62388 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008). — IEC 62388, útg. 1.0 (2007).	B + D B + E B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/4.38	Ratsjárbúnaður sem er samþykktur til notkunar með sjókorti, nánar tiltekið: a) Flokkur 1C, b) Flokkur 2C, c) Flokkur 1HC að því er varðar HSC-kóðann, d) Flokkur 1HC að því er varðar HSC-kóðann,	— Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— IMO-ályktun A.278(VIII), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79), — IMO-ályktun MSC.192(79), — ITU-R M. 1177-3(06/03).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008), — EN 62388 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008). — IEC 62388, útg. 1.0 (2007).	B + D B + E B + F G
A.1/4.39	Ratsjárspegill — hlutlaus tegund	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.164(78).	— ISO 8729-1 (2010), — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008). eða — ISO 8729-1 (2010), — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.40	Stefnustjórnunarkerfi fyrir háhraðaför	— Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.822(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79).	— ISO 16329 (2003), — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — ISO 16329 (2003), — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/4.41	Búnaður sem sendir stefnu skips (THD) (GNSS-aðferð)	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.116(73), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— ISO 22090-3 (2004), þ.m.t. 1. leiðrétting ISO (2005), — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — ISO 22090-3 (2004), þ.m.t. 1. leiðrétting ISO (2005), — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.42	Leitarljós fyrir háhraðaför	— Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— ISO 17884 (2004), — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008). Eða — ISO 17884 (2004), — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.43	Næturs jónbúnaður fyrir háhraðaför	— Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.94(72), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— ISO 16273 (2003), — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008). Eða — ISO 16273 (2003), — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.44	Móttakari sem tekur á móti leiðréttingum fyrir GPS-staðsetningu frá radíóvita fyrir DGPS og DGLONASS-búnað	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694 (17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.114(73).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61108-4 (2004), — EN 61162-röðin. Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61108-4 (2004), — IEC 61162-röðin.	B + D B + E B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/4.45	Kortabúnaður fyrir skipsratsjá	Búnaður felldur brott þar sem hann fellur undir A.1/4.38.			
A.1/4.46	Búnaður sem sendir stefnu skips (THD) (gíróaðferð)	— Regla V/18. — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694 (17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.116(73), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— ISO 22090-1 (2002), þ.m.t. 1. leiðrétting frá (2005), — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — ISO 22090-1 (2002), þ.m.t. 1. leiðrétting (2005), — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1./4.47	Einfaldaður siglingariti (S-VDR)	— Regla V/20.	— Regla V/20, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.163(78), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 61996-2 (2008), — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008). — IEC 61162-röðin, — IEC 61996-2 (2007), — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.48	Vélrænn lyftibúnaður fyrir hafnsögumenn	Hér á að vera eyða (þar sem í ályktun IMO MSC.308(88), sem er í gildi 1. júlí 2012, segir orðrétt: „Ekki skal nota vélrænan lyftibúnað fyrir hafnsögumenn“:			
A.1/4.49	Stigi fyrir hafnsögumann	— Regla V/23, — Regla X/3.	— Regla V/23, — IMO-ályktun A.889(21), — IMO MSC/umburðarbr. 773.	— IMO-ályktun A.889(21), — ISO 799 (2004).	B + D B + E B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/4.50	DGPS-búnaður	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694 (17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.112(73), — IMO-ályktun MSC.114(73), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61108-1 (2003), — EN 61108-4 (2004), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61108-1 (2003), — IEC 61108-4 (2004), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.51	DGLONASS-búnaður	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694 (17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.113(73), — IMO-ályktun MSC.114(73), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61108-2 (1998), — EN 61108-4 (2004), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61108-2 (1998), — IEC 61108-4 (2004), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.52 Sjá athuga-semd b) við þennan viðauka (A.1).	Dagljós til merkjasendinga	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.95(72), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — ISO 25861 (2007). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — ISO 25861 (2007).	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/4.53 Sjá athuga-semd b) við þennan viðauka (A.1).	Endurvarpsmagnari fyrir ratsjár	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.164(78), — ITU-R M.1176 (10/95)	— ISO 8729-2 (2009), — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008). Eða — ISO 8729-2 (2009), — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008).	B + D B + E B + F G
A.1/4.54 Sjá athuga-semd c) við þennan viðauka (A.1).	Legubúnaður	— Regla V/18.	— Regla V/19.	— ISO 25862 (2009), — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008). Eða — ISO 25862 (2009), — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008),	B + D B + E B + F G
A.1/4.55 Sjá athuga-semd b) við þennan viðauka (A.1).	Búnaður fyrir AIS SART	— Regla III/4, — regla IV/14.	— Regla III/6, — Regla IV/7, — IMO-ályktun MSC.246(83), — IMO-ályktun MSC.247(83), — IMO-ályktun MSC.256(84), — ITU-R M.1371-4(2010).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61097-14 (2010), — EN 61162-röðin. Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61097-14 (2010), — IEC 61162-röðin.	B + D B + E B + F G
A.1/4.56 Sjá athuga-semd c) við þennan viðauka (A.1).	Galileo-móttakari	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.813(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79), — IMO-ályktun MSC.233(82),	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61108-3 (2010), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61108-3 (2010), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	B + D B + E B + F G

1	2	3	4	5	6
A.1/4.57 Sjá athuga-semd c) við þennan viðauka (A.1).	Viðvörunarkerfi fyrir siglingavakt í brú (BNWAS)	— Regla V/18.	— IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.128(75), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008), IEC 62616 (2010). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008). — IEC 62616 (2010).	B + D B + E B + F G

5. **Fjarskiptabúnaður**

Athugasemdir við 5. lið: Fjarskiptabúnaður.

5. dálkur: Ef kröfur samkvæmt IMO MSC/umburðarbr. 862, stangast á við prófunarstaðla fyrir framleiðsluvöru skulu kröfur samkvæmt IMO MSC/umburðarbr. 862 ganga framar.

5. dálkur:

IEC 61162-röðin vísar til eftirfarandi viðmiðunarstaðla fyrir siglingafræði og fjarskiptabúnað og -kerfi í skip — Stafræn samskipti:

a) IEC 61162-1, útg. 4.0 (2010-11) — 1. hluti: Stakur útsendir og margir viðtakar

b) IEC 61162-2, útg. 1.0 (1998-09) — 2. hluti: Stakur útsendir og margir viðtakar, háhraðasending

c) IEC 61162-3, útg. 1.1, samsteypt með breyt. 1 (2010-11) — 3. hluti: Serial data instrument network

   — IEC 61162-3, útg. 1.0 (2008-05) — 3. hluti: Serial data instrument network

   — IEC 61162-3-breyt. 1, útg. 1.0 (2010-06) breyting 1 — 3. hluti: Serial data instrument network

d) IEC 61162-400, útg. 1.0 (2001-11) — 400. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Introduction and general principles

   — IEC 61162-401, útg. 1.0 (2001-11) — 401. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Application profile

   — IEC 61162-402, útg. 1.0 (2005-09) — 402. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Documentation and test requirements

   — IEC 61162-410, útg. 1.0 (2001-11) — 410. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Transport profile requirements and basic transport profile

   — IEC 61162-420, útg. 1.0 (2001-11) — 420. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Companion standard requirements and basic companion standards

   — IEC 61162-450, útg. 1.0 (2011-06) — 450. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ethernet interconnection

EN 61162-röðin vísar til eftirfarandi viðmiðunarstaðla fyrir siglingafræði og fjarskiptabúnað og -kerfi í skip — Stafræn samskipti:

a) EN 61162-1 (2011) — 1. hluti: Stakur útsendir og margir viðtakar

b) EN 61162-2 (1998) — 2. hluti: Stakur útsendir og margir viðtakar, háhraðasending

c) EN 61162-3 (2008) — 3. hluti: Serial data instrument network

   — EN 61162-3-breyt. 1, (2010) breyting 1 — 3. hluti: Serial data instrument network

d) EN 61162-400 (2002) — 400. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Introduction and general principles

— EN 61162-401 (2002) — 401. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Application profile

— EN 61162-402 (2005) — 402. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Documentation and test requirements

— EN 61162-410 (2002) — 410. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Transport profile requirements and basic transport profile

— EN 61162-420 (2002) — 420. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Companion standard requirements and basic companion standards

— EN 61162-450 (2011) — 450. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ethernet interconnection

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðar-einingar við samræmis-mat
1	2	3	4	5	6
A.1/5.1	Metrabylgjutalstöð (VHF) sem sendir og tekur á móti stafrænu valkalli (DSC) og þráðlausum talfjarskiptum	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC. 36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC. 97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14.	— Regla IV/7, — Regla X/3, — IMO-ályktun A.385(X), — IMO-ályktun A.524(13), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.803(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14, — IMO MSC/umburðarbr. 862, — IMO COMSAR umburðarbr. 32, — IEC ITU-R M.489-2 (10/95), — IEC ITU-R M.493-13 (10/09), — IEC ITU-R M.541-9 (05/04), — IEC ITU-R M.489-2 (09/94),	— IMO MSC/umburðarbr. 862, — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — ETSI EN 300 338-1 V1.3.1 (2010-02), — ETSI EN 300 338-2 V1.3.1 (2010-02), — ETSI EN 301 843-2 V1.2.1 (2004-06), — ETSI EN 301 925 V1.3.1 (2010-09). Eða — IMO MSC/umburðarbr. 862, — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61097-3 (1994), — IEC 61097-7 (1996), — IEC 61162-röðin.	B + D B + E B + F
A.1/5.2	Metrabylgjutalstöðvar-búnaður (VHF) með hlustvörslu fyrir stafrænt valkall (DSC)	— Regla IV/14, — regla X/3, — IMO-ályktun MSC. 36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC. 97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14.	— Regla IV/7, — regla X/3, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.803(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14, — IMO COMSAR umburðarbr. 32, — ITU-R M.489-2 (10/95), — ITU-R M.493-13 (10/09), — ITU-R M.541-9 (05/04).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — ETSI EN 300 338-1 V1.3.1 (2010-02), — ETSI EN 300 338-2 V1.3.1 (2010-02), — ETSI EN 301 033 V1.3.1 (2010-09), — ETSI EN 301 843-2 V1.2.1 (2004-06). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61097-3 (1994), — IEC 61097-8 (1998), — IEC 61162-röðin.	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/5.3	NAVTEX-móttökutæki	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC. 36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC. 97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14.	— Regla IV/7, — Regla X/3, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14, — IMO-ályktun MSC.148(77), — IMO COMSAR umburðarbr. 32, ITU-R M.540-2 (06/90), ITU-R M.625-3 (10/95).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — ETSI EN 300 065-1 V1.2.1 (2009-01), — ETSI EN 301 843-4 V1.2.1 (2004-06). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61097-6 (2005-12).	B + D B + E B + F
A.1/5.4	EGC-móttökutæki	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC. 36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC. 97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14.	— Regla IV/7, — Regla X/3, — IMO-ályktun A.570(14), — IMO-ályktun A.664(16), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14, — IMO COMSAR umburðarbr. 32.	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — ETSI ETS 300 460, útg. 1 (1996-05), — ETSI ETS 300 460/A1 (1997-11), — ETSI EN 300 829 V1.1.1 (1998-03), — ETSI EN 301 843-1 V1.2.1 (2004-06). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61097-4 (2007).	B + D B + E B + F
A.1/5.5	Stuttbylgjubúnaður (HF) fyrir öryggistilkynningar til sjófarenda (MSI) (HF-NBDP-móttökubúnaður)	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC. 36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14	— Regla IV/7, — Regla X/3, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.699(17), — IMO-ályktun A.700(17), — IMO-ályktun A.806(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14, — IMO COMSAR umburðarbr. 32, — ITU-R M.491-1 (07/86), — ITU-R M.492-6 (10/95), — ITU-R M.540-2 (06/90), — ITU-R M.625-3 (10/95), — ITU-R M.688 (06/90).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — ETSI ETS 300 067, útg. 1 (1990-11), — ETSI ETS 300 067/A1, útg. 1 (1993-10). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — ETSI ETS 300 067, útg. 1 (1990-11), — ETSI ETS 300 067/A1, útg. 1 (1993-10).	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/5.6	Gervihnattaneyðarbauja 406 MHz (COSPAS-SARSAT)	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC. 36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC. 97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14.	— Regla IV/7, — Regla X/3, — IMO-ályktun A.662(16), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.696(17), — IMO-ályktun A.810(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14, — IMO MSC/umburðarbr. 862, — IMO COMSAR umburðarbr. 32, — ITU-R M.633-3 (05/04), — ITU-R M.690-1 (10/95).	— IMO MSC/umburðarbr. 862, — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — ETSI EN 300 066 V 1.3.1 (2001-01). Eða — IMO MSC/umburðarbr. 862, — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61097-2 (2008). *Athugasemd:* IMO MSC/umburðarbr. 862 á einungis við um valfrjálsan fjarræsibúnað en ekki gervihnattaneyðarbaujuna sjálfa.	B + D B + E B + F
A.1/5.7	Gervihnattaneyðarbauja á L-bandi (INMARSAT)	Hér á að vera eyða			
A.1/5.8	Hlustvörður á 2182 kHz	Hér á að vera eyða			
A.1/5.9	Tvítóna viðvörunarbúnaður	Hér á að vera eyða			
A.1/5.10	Millibylgjustöð (MF) sem sendir og tekur á móti stafrænu valkalli (DSC) og þráðlausum talfjarskiptum *Athugasemd:* kröfur um tvítóna viðvörunarbúnað og sendingu um H3E eiga, í samræmi við ákvarðanir IMO og ITU, ekki lengur við í prófunarstöðlum.	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC. 36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC. 97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14.	— Regla IV/9, — Regla IV/10, — Regla X/3, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.804(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14, — IMO COMSAR umburðarbr. 32, — ITU-R M.493-13 (10/09), — ITU-R M.541-9 (05/04).	— IMO MSC/umburðarbr. 862, — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — ETSI EN 300 338-1 V1.3.1 (2010-02), — ETSI EN 300 338-2 V1.3.1 (2010-02), — ETSI ETS 300 373-1 V1.2.1 (2002-10), — ETSI EN 301 843-5 V1.1.1 (2004-06). Eða — IMO MSC/umburðarbr. 862, — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61097-3 (1994), — IEC 61097-9 (1997), — IEC 61162-röðin.	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/5.11	Millibylgjutalstöðvarbúnaður (MF) með hlustvörslu fyrir stafrænt valkall (DSC)	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC. 36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC. 97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14.	— Regla IV/9, — Regla IV/10, — Regla X/3, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.804(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14, — IMO COMSAR umburðarbr. 32, — ITU-R M.493-13 (10/09), — ITU-R M.541-9 (05/04), — ITU-R M.1173 (10/95).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — ETSI EN 300 338-1 V1.3.1 (2010-02), — ETSI EN 300 338-2 V1.3.1 (2010-02), — ETSI EN 301 033 V1.2.1 (2005-12), — ETSI EN 301 843-5 V1.1.1 (2004-06). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61097-3 (1994), — IEC 61097-8 (1998), — IEC 61162-röðin.	B + D B + E B + F
A.1/5.12	Inmarsat-B SES	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC. 36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC. 97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14.	— Regla IV/10, — Regla X/3, — IMO-ályktun A.570(14), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.808(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14, — IMO MSC/umburðarbr. 862, — IMO COMSAR umburðarbr. 32,	— IMO MSC/umburðarbr. 862, — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008). Eða — IMO MSC/umburðarbr. 862. — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008).	B + D B + E B + F
A.1/5.13	Inmarsat-C SES	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC. 36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC. 97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14.	— Regla IV/10, — Regla X/3, — IMO-ályktun A.570(14), — IMO-ályktun A.664 (16), (á einungis við ef Inmarsat C SES felur í sér EGC-aðgerðir), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.807(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14, — IMO MSC/umburðarbr. 862, — IMO COMSAR umburðarbr. 32,	— IMO MSC/umburðarbr. 862, — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — ETSI ETS 300 460, útg. 1 (1996-05), — ETSI ETS 300 460/A1 (1997-11), — ETSI EN 300 829 V1.1.1 (1998-03), — ETSI EN 301 843-1 V1.2.1 (2004-06), Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61097-4 (2007), — IEC 61162-röðin.	B + D B + E B + F

1	2	3	4	5	6
A.1/5.14	Millibylgju-/stuttbylgjutalstöð (MF/HF) sem sendir og tekur á móti stafrænu valkalli (DSC), beintengdri prentun á þrengdu tíðnisviði (NBDP) og þráðlausum talfjarskiptum *Athugasemd:* kröfur um tvítóna viðvörunarbúnað og sendingu um A3H eiga, í samræmi við ákvarðanir IMO og ITU, ekki lengur við í prófunarstöðlum.	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14.	— Regla IV/10, — Regla X/3, — IMO-ályktun. A.694(17), — IMO-ályktun A.806(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun — MSC.97(73) (HSC-kóðinn frá 2000) 14, — IMO MSC/umburðarbr. 862, — IMO COMSAR umburðarbr. 32, — ITU-R M.476-5 (10/95), — ITU-R M.491-1 (07/86), — ITU-R M.492-6 (10/95), — ITU-R M.493-13 (10/09), — ITU-R M.541-9 (05/04), — ITU-R M.625-3 (10/95), — ITU-R M.1173 (10/95).	— IMO MSC/umburðarbr. 862, — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — ETSI ETS 300 067, útg. 1 (1990-11), — ETSI ETS 300 067/A1, útg. 1 (1993-10), — ETSI EN 300 338-1 V1.3.1 (2010-02), — ETSI EN 300 338-2 V1.3.1 (2010-02), — ETSI ETS 300 373-1 V1.3.1 (2011-01), — ETSI EN 301 843-5 V1.1.1 (2004-06). Eða — IMO MSC/umburðarbr. 862, — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61097-3 (1994), — IEC 61097-9 (1997), — IEC 61162-röðin.	B + D B + E B + F
A.1/5.15	Hlustvörður fyrir stafrænt valkall (DSC) í millibylgju-/stuttbylgjutalstöð (MF/HF)	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14.	— Regla IV/10, — Regla X/3, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.806(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14, — IMO COMSAR umburðarbr. 32, — ITU-R M.493-13 (10/09), — ITU-R M.541-9 (05/04).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — ETSI EN 300 338-1 V1.3.1 (2010-02), — ETSI EN 300 338-2 V1.3.1 (2010-02), — ETSI EN 301 033 V1.3.1 (2010-09), — ETSI EN 301 843-5 V1.1.1 (2004-06). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61097-3 (1994), — IEC 61097-8 (1998), — IEC 61162-röðin.	B + D B + E B + F
A.1/5.16	Tvíátta metrabylgjutalstöðvarbúnaður (VHF) fyrir flug	Flutt í A.2/5.8.			

1	2	3	4	5	6
A.1/5.17	Færanlegur, tvíátta metrabylgjutalstöðvarbúnaður (VHF) fyrir björgunarför	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC. 36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC. 97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14.	— Regla III/6, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.809(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, 14, — IMO-ályktun MSC.149(77), — ITU-R M.489-2 (10/95).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — ETSI EN 300 225 V1.4.1 (2004-12), — ETSI EN 301 843-2 V1.2.1 (2004-06). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61097-12 (1996).	B + D B + E B + F
A.1/5.18	Fastar, tvíátta metrabylgjutalstöðvar (VHF) fyrir björgunarför	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC. 36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC. 97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14.	— Regla III/6, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.809(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8, 14, — ITU-R M.489-2 (10/95).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — ETSI EN 301 466 V1.1.1 (2000-10). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61097-12 (1996).	B + D B + E B + F
A1/5.19	Inmarsat-F77	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC. 36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC. 97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14.	— Regla IV/10, — IMO-ályktun A.570 (14), — IMO-ályktun A.808 (19), — IMO-ályktun A.694 (17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14, — IMO MSC/umburðarbr. 862, — IMO COMSAR umburðarbr. 32,	— IMO MSC/umburðarbr. 862, — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61097-13 (2003). Eða — IMO MSC/umburðarbr. 862, — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61097-13 (2003).	B + D B + E B + F

6. **Búnaður sem krafist er samkvæmt COLREG 72**

Nr.	Heiti búnaðar	Regla COLREG 72 ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur COLREG ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðareiningar við samræmismat
1	2	3	4	5	6
A.1/6.1	Siglingaljós	— COLREG viðauki I/14.	COLREG viðauki I/14, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.253(83).	— EN 14744 (2005), þ.m.t. AC (2006), — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008). Eða — EN 14744 (2005), þ.m.t. AC (2006), — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008).	B + D B + E B + F G

7. **Öryggisbúnaður fyrir búlkaskip**

Enginn búnaður í viðauka A.1.

8. **Búnaður samkvæmt kafla II-1 í SOLAS Smíði — burðarvirki, niðurhólfun og stöðugleiki, vélbúnaður og raflagnabúnaður**

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðar-einingar við sam-ræmismat
1	2	3	4	5	6
A.1/8.1 Sjá athuga-semd b) við þennan viðauka (A.1).	Lekaviðvörun	— Regla II-1/22-1, — Regla II-1/25, — Regla XII/12,	— Regla II-1/25, — Regla XII/12, — IMO-ályktun A.1021(26), — IMO-ályktun MSC.188(79),	— IEC 60092-504 (2001), þ.m.t. IEC 60092-504, 1. leiðrétting (2011), — IEC 60529 (2001), þ.m.t.: 1. leiðrétting (2003), 2. leiðrétting (2007), 3. leiðrétting (2009), — IMO-ályktun MSC.188(79), — IMO MSC.1/umburðarbr. 1291.	B + D B + E B + F

Viðauki A.2

BÚNAÐUR SEM ENGIR ÍTARLEGIR PRÓFUNARSTAÐLAR ERU TIL UM Í ALÞJÓÐLEGUM GERNINGUM

1. **Björgunarbúnaður**

4. dálkur: umburðarbréf IMO MSC/980 gildir nema þegar sérstakir gerningar, sem um getur í 4. dálki, koma í stað þess.

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðar-einingar við samræmis-mat
1	2	3	4	5	6
A.2/1.1	Ratsjárspegill fyrir björgunarfleka	— Regla III/4, — Regla III/34, — Regla X/3.	— IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn).		
A.2/1.2	Efni í björgunarbúninga	Hér á að vera eyða			
A.2/1.3	Sjóstýrður sjósetningarbúnaður fyrir björgunarför	— Regla III/4, — Regla III/34.	— Regla III/13, — Regla III/16, — Regla III/26, — Regla III/34, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 8, — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn) I, IV, VI, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 8.		
A.2/1.4	Stigar til að komast um borð	Flutt í A.1/1.29.			
A.2/1.5	Kallkerfi og almennt neyðarviðvörunarkerfi (þegar þau eru notuð sem brunaviðvörunar-búnaður gildir liður A.1/3.53)	— Regla II-2/6.	— IMO-ályktun A.1021(26), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.48(66)-(LSA-kóðinn), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO MSC/umburðarbr. 808.	— ISO 27991 (2008)	

2. **Varnir gegn mengun sjávar**

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 78, með áorðnum breytingum, ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur MARPOL 73/78, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðar-einingar við samræmis-mat
1	2	3	4	5	6
A.2/2.1	Vöktunar- og skráningartæki um borð fyrir NO_x	Flutt í A.1/2.8.			

1	2	3	4	5	6
A.2/2.2	Hreinsikerfi um borð fyrir útblástursloft	Flutt í A.1/2.10.			
A.2/2.3	Búnaður sem notar aðrar jafngildar aðferðir til að draga úr NO_x-losun um borð	VI. viðauki, regla 4.	VI. viðauki, regla 4.		
A.2/2.4	Búnaður sem notar aðrar tæknilegar aðferðir til að takmarka SO_x-losun	— IMO-ályktun MEPC.176(58) — (Endurskoðaður VI. viðauki MARPOL, regla 4), — IMO-ályktun MEPC.184(59).	— IMO-ályktun MEPC.176(58) — (Endurskoðaður VI. viðauki MARPOL, regla 4)		
A.2/2.5 (nýr búnaður)	Greiningartæki um borð fyrir NO_x með því að nota aðra aðferð en beinar mælingar og vöktunaraðferð samkvæmt NO_x -tæknikóðanum 2008	— IMO-ályktun MEPC.176(58) — (Endurskoðaður VI. viðauki MARPOL, regla 4)	— IMO-ályktun MEPC.176(58) — (Endurskoðaður VI. viðauki MARPOL, regla 4)		

3. **Brunavarnarbúnaður**

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðar-einingar við samræmis-mat
1	2	3	4	5	6
A.2/3.1	Föst slökkvitæki og handslökkvitæki	Flutt í A.1/3.52.			
A.2/3.2	Stútar fyrir föst slökkvikerfi með háþrýstiýringu í sérstökum rýmum, ekjufarmrýmum, öðrum ekjurýmum og ökutækjarýmum	Flutt í A.1/3.49.			
A.2/3.3	Ræsibúnaður fyrir rafala í kulda	Flutt í A.2/8.1.			
A.2/3.4	Tvíburatengi (tvíhæfir stútar) (úðun/sprautun)	Flutt í A.1/3.55.			
A.2/3.5	Íhlutir fyrir föst eldskynjunar- og brunaviðvörunarkerfi í stjórnstöðvum, þjónusturýmum, vistarverum, vélarúmum og vélarúmum sem eru ómönnuð	Flutt í A.1/3.51.			

1	2	3	4	5	6
A.2/3.6	Reykskynjarar	Flutt í A.1/3.51.			
A.2/3.7	Hitaskynjarar	Flutt í A.1/3.51.			
A.2/3.8	Rafknúin öryggisljós	— Regla II-2/10, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	— Regla II-2/10, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 3.	— IEC 60079-röðin.	
A.2/3.9	Fatnaður sem veitir vörn gegn efnaáreiti	— Regla II-2/19.	— Regla II-2/19, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7.	— EN 943-1 (2002), þ.m.t. AC (2005), — EN 943-2 (2002), — EN ISO 6529 (2001), — EN ISO 6530 (2005), — EN 14605 (2005), þ.m.t. A1 (2009). — IMO MSC/umburðarbr. 1120.	
A.2/3.10	Ljósabúnaður sem er hafður neðarlega	Flutt í A.1/3.40.			
A.2/3.11	Stútar fyrir föst slökkvikerfi með háþrýstiýringu í vélarúmum	Flutt í A.1/3.10.			
A.2/3.12	Jafngilt, fast gasslökkvikerfi fyrir vélarúm og farmdælurými	Flutt í A.1/3.45.			
A.2/3.13	Öndunarbúnaður með þrýstilofti (háhraðaför)	Búnaður felldur brott.			
A.2/3.14	Brunaslöngur (upprúllaðar)	Flutt í A.1/3.56.			
A.2/3.15	Íhlutir í reykskynjunarkerfi með sýnisútdrætti	Flutt í A.1/3.63			
A.2/3.16	Logaskynjarar	Flutt í A.1/3.51.			
A.2/3.17	Handvirkir boðar	Flutt í A.1/3.51.			
A.2/3.18	Viðvörunarbúnaður	Flutt í A.1/3.53.			

1	2	3	4	5	6
A.2/3.19	Íhlutir í fastan, staðbundinn vatnsslökkvibúnað til að nota í vélarúmi í A-flokki	Flutt í A.1/3.48.			
A.2/3.20	Bólstruð húsgögn	Flutt í A.1/3.20.			
A.2/3.21	Íhlutir í slökkvikerfi fyrir skápa undir málningu og eldfima vökva	— Regla II-2/10.	— Regla II-2/10, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1239.		
A.2/3.22	Íhlutir fyrir föst slökkvikerfi í loftrásum gufugleypa í eldhúsum	— Regla II-2/9.	— Regla II-2/9.		
A.2/3.23	Íhlutir í slökkvikerfi fyrir þyrlupalla	— Regla II-2/18.	— Regla II-2/18.	EN 13565-1 (2003), þ.m.t. A1 (2007),	
A.2/3.24	Froðuhandslökkvitæki	— Regla II-2/10, — Regla II-2/20, — Regla X/3.	— Regla II-2/10, — Regla II-2/20, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 4, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1239, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1313.		
A.2/3.25	Skilrúm í C-flokki	Flutt í A.1/3.64.			
A.2/3.26	Búnaður með loftkenndu eldsneyti til nota í eldhúsi (íhlutir)	— Regla II-2/4.	— Regla II-2/4, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1276.		

1	2	3	4	5	6
A.2/3.27	Íhlutir í fast gasslökkvikerfi (með CO_2)	— Regla II-2/10, — Regla X/3.	— Regla II-2/10, — Regla II-2/20, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 7, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 7, — IMO-ályktun MSC.98(73)-(FSS-kóðinn) 5, — IMO MSC.1/umburðarbr. 1313. — IMO MSC.1/umburðarbr. 1318.	Sjálfvirk rafstýrikerfi og seinkunartæki: — EN 12094-1 (2003). Sjálfvirk kerfi og seinkunartæki sem eru ekki rafstýrð: — EN 12094-2 (2003). Handvirkur gangsetningar- og stöðvunarbúnaður: — EN 12094-3 (2003). Fyrirkomulag loka og gangsetningarbúnaður þeirra fyrir geyma: — EN 12094-4 (2004). Stilllilokar fyrir há- og lágþrýsting og gangsetningarbúnaður þeirra: — EN 12094-5 (2006). Rofabúnaður sem er ekki rafstýrður: — EN 12094-6 (2006). Stútar fyrir CO_2-kerfi: — EN 12094-7 (2000), þ.m.t. A1 (2005). Tengibúnaður: — EN 12094-8 (2006). Þrýstimælar og -rofar: — EN 12094-10 (2003). Vélrænar vogir: — EN 12094-11 (2003). Einstreymis- og einstefnulokar: — EN 12094-13 (2001), þ.m.t. AC (2002). Lyktartæki fyrir CO_2 lágþrýstikerfi: — EN 12094-16 (2003).	
A.2/3.28	Íhlutir fyrir föst slökkvikerfi með meðalþungri froðu — fastur froðuslökkvibúnaður á þilförum tankskipa	Flutt í A.1/3.57.			
A.2/3.29	Íhlutir fyrir föst slökkvikerfi með þungri froðu til að verja vélarúm og þilför á tankskipum	Flutt í A.1/3.58.			

1	2	3	4	5	6
A.2/3.30	Létt froða fyrir föst slökkvikerfi á efna-flutningaskipum	Flutt í A.1/3.59.			
A.2/3.31	Handstýrt vatnsúðakerfi	— Regla II-2/10.	— Regla II-2/10.		
A.2/3.32	Duftslökkvibúnaður	Flutt í A.1/3.62.			

4. **Siglingabúnaður**

Athugasemdir við 4. lið: Siglingabúnaður

3. og 4. dálkur:. Tilvísanir í V. kafla SOLAS eru vísanir í SOLAS 1974 ásamt breytingum samkvæmt MSC 73 er öðlast gildi 1. júlí 2002.

5. dálkur: IEC 61162-röðin vísar til eftirfarandi viðmiðunarstaðla fyrir siglingafræði og fjarskiptabúnað og -kerfi í skip — Stafræn samskipti:

a) IEC 61162-1, útg. 4.0 (2010-11) — 1. hluti: Stakur útsendir og margir viðtakar

b) IEC 61162-2, útg. 1.0 (1998-09) — 2. hluti: Stakur útsendir og margir viðtakar, háhraðasending

c) IEC 61162-3, útg. 1.1, samsteypt með breyt. 1 (2010-11) — 3. hluti: Serial data instrument network

— IEC 61162-3, útg. 1.0 (2008-05) — 3. hluti: Serial data instrument network

— IEC 61162-3-breyt. 1, útg. 1.0 (2010-06) breyting 1 — 3. hluti: Serial data instrument network

d) IEC 61162-400, útg. 1.0 (2001-11) — 400. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Introduction and general principles

— IEC 61162-401, útg. 1.0 (2001-11) — 401. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Application profile

— IEC 61162-402, útg. 1.0 (2005-09) — 402. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Documentation and test requirements

— IEC 61162-410, útg. 1.0 (2001-11) — 410. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Transport profile requirements and basic transport profile

— IEC 61162-420, útg. 1.0 (2001-11) — 420. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Companion standard requirements and basic companion standards

— IEC 61162-450, útg. 1.0 (2011-06) — 450. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ethernet interconnection

IEC 61162-röðin vísar til eftirfarandi viðmiðunarstaðla fyrir siglingafræði og fjarskiptabúnað og -kerfi í skip — Stafræn samskipti:

a) EN 61162-1 (2011) — 1. hluti: Stakur útsendir og margir viðtakar

b) EN 61162-2 (1998) — 2. hluti: Stakur útsendir og margir viðtakar, háhraðasending

c) EN 61162-3 (2008) — 3. hluti: Serial data instrument network

— EN 61162-3-breyt. 1, (2010) breyting 1 — 3. hluti: Serial data instrument network

d) EN 61162-400 (2002) — 400. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Introduction and general principles

— EN 61162-401 (2002) — 401. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Application profile

— EN 61162-402 (2005) — 402. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Documentation and test requirements

— EN 61162-410 (2002) — 410. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Transport profile requirements and basic transport profile

— EN 61162-420 (2002) — 420. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Companion standard requirements and basic companion standards

— EN 61162-450 (2011) — 450. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ethernet interconnection

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðar-einingar við samræmis-mat
1	2	3	4	5	6
A.2/4.1	Gíróáttaviti fyrir háhraðaför	Flutt í A.1/4.31.			
A.2/4.2	Stefnustjórnunarkerfi fyrir háhraðaför (áður sjálfstýring)	Flutt í A.1/4.40.			
A.2/4.3	Búnaður sem sendir stefnu skips (THD) (GNSS-aðferð)	Flutt í A.1/4.41.			
A.2/4.4	Dagljós til merkjasendinga	Flutt í A.1/4.52.			
A.2/4.5	Leitarljós fyrir háhraðaför	Flutt í A.1/4.42.			
A.2/4.6	Næturssjónbúnaður fyrir háhraðaför	Flutt í A.1/4.43.			
A.2/4.7	Leiðarstjórnkerfi	Flutt í A.1/4.33.			
A.2/4.8	Rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi (ECDIS).	Flutt í A.1/4.30.			
A.2/4.9	Rafrænt sjókorta- og upplýsingakerfi (ECDIS) til vara	Flutt í A.1/4.30.			
A.2/4.10	Rastað kerfi fyrir rafeindasjókort (RCDS)	Flutt í A.1/4.30.			

1	2	3	4	5	6
A.2/4.11	Samsettur búnaður fyrir GPS/GLONASS	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000)	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO-ályktun MSC.115(73), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61108-1 (2003), — EN 61108-2 (1998), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61108-1 (2003), — IEC 61108-2 (1998), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	
A.2/4.12	DGPS-, DGLONASS-búnaður	Flutt í A.1/4.44, A.1/4.50 og A.1/4.51.			
A.2/4.13	Gíróáttaviti fyrir háhraðaför	Flutt í A.1/4.31.			
A.2/4.14	Siglingariti (VDR)	Flutt í A.1/4.29.			
A.2/4.15	Samtengt siglinga- og leiðsögukerfi	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC. 36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC. 97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC.86(70), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13, — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 61924 (2006), — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 61924 (2006), — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	
A.2/4.16	Kerfi á stjórnpalli	Hér á að vera eyða			
A.2/4.17	Endurvarpsmagnari fyrir ratsjár	Flutt í A.1/4.53.			

1	2	3	4	5	6
A.2/4.18	Hljóðviðtökukerfi	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.86(70), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	
A.2/4.19	Seguláttaviti fyrir háhraðaför	— Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— IMO-ályktun A.382(X), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— ISO 1069 (1973), — ISO 25862 (2009), — EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008). Eða — ISO 1069 (1973), — ISO 25862 (2009), — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008).	
A.2/4.20	Leiðarstjórnkerfi fyrir háhraðaför	— Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	
A.2/4.21	Kortabúnaður fyrir skipsratsjá	Flutt í A.1/4.45.			
A.2/4.22	Búnaður sem sendir stefnu skips (THD) (gíróaðferð)	Flutt í A.1/4.46.			

1	2	3	4	5	6
A.2/4.23	Búnaður sem sendir stefnu skips (THD) (segulaðferð)	Flutt í A.1/4.2.			
A.2/4.24	Knúningsmælir	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	
A.2/4.25	Mælar fyrir hliðarþrýstikraft, hliðarskrúfuskurð og hliðarham	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	
A.2/4.26	Beygjuhraðavísir	Flutt í A.1/4.9.			
A.2/4.27	Stýrisvísir	Flutt í A.1/4.20.			
A.2/4.28	Snúningshraðamælir fyrir skrúfu	Flutt í A.1/4.21.			
A.2/4.29	Skrúfuskurðarmælir	Flutt í A.1/4.22.			
A.2/4.30	Kerfi á stjórnpalli	— Regla V/18, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC. 36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 13, — IMO-ályktun MSC. 97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 13.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694 (17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 15, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 15, — IMO-ályktun MSC.191(79), — IMO SN.1/umburðarbr. 288.	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 61209 (1999), — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 61209 (1999), — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	

1	2	3	4	5	6
A.2/4.31	Legubúnaður	Flutt í A.1/4.54.			
A.2/4.32	Viðvörunarkerfi fyrir siglingavakt í brú (BNWAS)	Flutt í A.1/4.57.			
A.2/4.33	Leiðarstjórnkerfi (það starfar á hraða skipsins, frá 30 hnútum og þar yfir)	— Regla V/18, — Regla X/3.	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694 (17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO-ályktun MSC.191(79).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin, — EN 62288 (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin, — IEC 62288, útg. 1.0 (2008).	
A.2/4.34	Búnaður til auðkennis- og fjarvöktunar skipa (LRIT)	— Regla V/19	— Regla V/19, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.813(19), — IMO-ályktun MSC.202(81), — IMO-ályktun MSC.211(81), — IMO-ályktun MSC.263(84), — IMO MSC.1/umburðarbr. 1307.	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — EN 61162-röðin Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin.	
A.2/4.35	Galileo-móttakari	Flutt í A.1/4.56.			
A.2/4.36	Búnaður fyrir AIS SART	Flutt í A.1/4.55.			

5. **Fjarskiptabúnaður**

Athugasemdir við 5. lið: Fjarskiptabúnaður.

5. dálkur: IEC 61162-röðin vísar til eftirfarandi viðmiðunarstaðla fyrir siglingafræði og fjarskiptabúnað og -kerfi í skip — Stafræn samskipti:

a) IEC 61162-1, útg. 4.0 (2010-11) — 1. hluti: Stakur útsendir og margir viðtakar

b) IEC 61162-2, útg. 1.0 (1998-09) — 2. hluti: Stakur útsendir og margir viðtakar, háhraðasending

c) IEC 61162-3, útg. 1.1, samsteypt með breyt. 1 (2010-11) — 3. hluti: Serial data instrument network

— IEC 61162-3, útg. 1.0 (2008-05) — 3. hluti: Serial data instrument network

— IEC 61162-3-breyt. 1, útg. 1.0 (2010-06) breyting 1 — 3. hluti: Serial data instrument network

d) IEC 61162-400, útg. 1.0 (2001-11) — 400. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Introduction and general principles

— IEC 61162-401, útg. 1.0 (2001-11) — 401. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Application profile

— IEC 61162-402, útg. 1.0 (2005-09) — 402. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Documentation and test requirements

— IEC 61162-410, útg. 1.0 (2001-11) — 410. hluti: Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Transport profile requirements and basic transport profile

— IEC 61162-420, útg. 1.0 (2001-11) — 420. hluti: *Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Companion standard requirements and basic companion standards*

— IEC 61162-450, útg. 1.0 (2011-06) — 450. hluti: *Multiple talkers and multiple listeners — Ethernet interconnection*

EN 61162-röðin vísar til eftirfarandi viðmiðunarstaðla fyrir siglingafræði og fjarskiptabúnað og -kerfi í skip — Stafræn samskipti:

a) EN 61162-1 (2011) — 1. hluti: Stakur útsendir og margir viðtakar

b) EN 61162-2 (1998) — 2. hluti: Stakur útsendir og margir viðtakar, háhraðasending

c) EN 61162-3 (2008) — 3. hluti: *Serial data instrument network*

— EN 61162-3-breyt. 1, (2010) breyting 1 — 3. hluti: *Serial data instrument network*

d) EN 61162-400 (2002) — 400. hluti: *Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Introduction and general principles*

— EN 61162-401 (2002) — 401. hluti: *Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Application profile*

— EN 61162-402 (2005) — 402. hluti: *Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Documentation and test requirements*

— EN 61162-410 (2002) — 410. hluti: *Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Transport profile requirements and basic transport profile*

— EN 61162-420 (2002) — 420. hluti: *Multiple talkers and multiple listeners — Ship systems interconnection — Companion standard requirements and basic companion standards*

— EN 61162-450 (2011) — 450. hluti: *Multiple talkers and multiple listeners — Ethernet interconnection*

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðar-einingar við samræmis-mat
1	2	3	4	5	6
A.2/5.1	Gervihnattaneyðar-baujur (EPIRB) með metrabylgjutalstöðvar-búnaði (VHF)	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— Regla IV/8, — IMO-ályktun A.662(16), — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun A.805(19), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), ITU-R M.489-2 (10/95), ITU-R M.693 (06/90).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008).	

1	2	3	4	5	6
A.2/5.2	Varaaflstöð fyrir fjarskiptabúnað	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— Regla IV/13, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO COMSAR umburðarbr. 16, — IMO COMSAR umburðarbr. 32,	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008).	
A.2/5.3	Inmarsat-F SES	Flutt í A.1/5.19.			
A.2/5.4	Neyðarstjórnborð	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— Regla IV/6, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO MSC/umburðarbr. 862, — IMO COMSAR umburðarbr. 32,	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008).	
A.2/5.5	Stjórnborð fyrir neyðarviðvörun	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000).	— Regla IV/6, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994), — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000), — IMO MSC/umburðarbr. 862, — IMO COMSAR umburðarbr. 32.	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008).	
A.2/5.6	Gervihnattaneyðarbauja á L-bandi (INMARSAT)	Hér á að vera eyða			
A.2/5.7	Vákallsbúnaður skips		— Regla XI-2/6, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.147(77), — IMO MSC/umburðarbr. 1072.	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), EN 61162-röðin. Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — IEC 61162-röðin.	

1	2	3	4	5	6
A.2/5.8 úr A.1/5.16.	Tvíátta metrabylgjutalstöðvarbúnaður (VHF) fyrir flug	— Regla IV/14, — Regla X/3, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14.	— Regla IV/7, — IMO-ályktun A.694(17), — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 14, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 14, — IMO-ályktun MSC.80 (70), — IMO COMSAR umburðarbr. 32, — ICAO-samningurinn, 10. viðauki, fjarskiptareglur.	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — ETSI EN 301 688 V1.1.1 (2000-07). Eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — ETSI EN 301 688 V1.1.1 (2000-07).	

6. **Búnaður sem krafist er samkvæmt COLREG 72**

Nr.	Heiti búnaðar	Regla COLREG 72 ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur COLREG ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðareiningar við samræmismat
1	2	3	4	5	6
A.2/6.1	Siglingaljós	Flutt í A.1/6.1.			
A.2/6.2	Hljóðmerkjabúnaður	— COLREG 72, viðauki III/3.	— COLREG 72, viðauki III/3, — IMO-ályktun A.694 (17).	— EN 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — flautur — COLREG 72 viðauki III/1 (nothæfi), — bjöllur eða gong — COLREG 72, viðauki III/2 (nothæfi) eða — IEC 60945 (2002), þ.m.t. IEC 60945, 1. leiðrétting (2008), — flautur — COLREG 72 viðauki III/1 (nothæfi), — bjöllur eða gong — COLREG 72, viðauki III/2 (nothæfi).	

7. **Öryggisbúnaður fyrir búlkaskip**

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðareiningar við samræmismat
1	2	3	4	5	6
A.2/7.1	Hleðslutæki	— Regla XII/11, — 5. ályktun SOLAS-ráðstefnunnar 1997.	— Regla XII/11, — 5. ályktun SOLAS-ráðstefnunnar 1997.	— IMO MSC.1/ umburðarbr. 1229.	

1	2	3	4	5	6
A.2/7.2	Lekaviðvörun á búlkaskipum	Búnaður felldur brott.			

8. **Búnaður samkvæmt SOLAS, kafli II-1**

Nr.	Heiti búnaðar	Regla SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ef „gerðarsamþykkis“ er krafist	Reglur SOLAS 74, með áorðnum breytingum, ásamt viðeigandi ályktunum og umburðarbréfum IMO, eftir því sem við á	Prófunarstaðlar	Aðferðar-einingar við samræmis-mat
1	2	3	4	5	6
A.2/8.1	Ræsibúnaður fyrir rafala í kulda	— Regla II-1/44, — Regla X/3.	— Regla II-1/44, — IMO-ályktun MSC.36(63)-(HSC-kóðinn frá 1994) 12, — IMO-ályktun MSC.97(73)-(HSC-kóðinn frá 2000) 12.		

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1205/2012 **2013/EES/56/39**

frá 14. desember 2012

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 802/2010 að því er varðar frammistöðu félags (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB frá 23. apríl 2009 um hafnarríkiseftirlit([1]), einkum 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Frammistaða félags er ein af almennum breytum sem ákvarðar áhættusnið skips.

2) Við mat á frammistöðu félags skal taka tillit til fjölda annmarka og farbannstíðni allra skipa í flota félags sem hafa sætt skoðun innan Evrópusambandsins og á svæðinu sem fellur undir Parísarsamkomulagið um hafnarríkiseftirlit (Paris MoU).

3) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 802/2010 frá 13. september 2010, sem er til framkvæmdar 3. mgr. 10. gr. og 27. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/16/EB að því er varðar frammistöðu félags([2]), eru settar fram framkvæmdarreglur til að reikna út viðmiðanir um frammistöðu félags varðandi áhættusnið skips sem og aðferðafræðin við að útbúa skrár til birtingar.

4) Eftirlíkingar af birtingu skráa, sem byggjast á upplýsingum sem eru skráðar í skoðunargagnagrunn, sýna fram á að aðferðafræðin við birtingu, sem sett er fram í reglugerð (ESB) nr. 802/2010, skuli vera markvissari.

5) Til þess að skrár yfir félög með lélega eða mjög lélega frammistöðu verði viðeigandi er nauðsynlegt að breyta viðmiðunum, sem eru notuð þegar skrárnar eru útbúnar, þannig að birtingin beinist að félögum með lélegustu frammistöðuna. Þetta skal ekki breyta útreikningum á frammistöðu félags varðandi áhættusnið skips.

6) Til þess að félag verði fært í skrá yfir félög með lélega eða mjög lélega frammistöðu skal það hafa sýnt fram á lélega frammistöðu í næstliðna 36 mánuði samfellt fyrir birtingu. Samfelld, léleg frammistaða í svona langt tímabil sýnir fram á vilja- eða getuleysi af hálfu félagsins til að bæta frammistöðu sína. Þar sem birting skráa byggist á vinnslu gagna, sem samvara frammistöðu félaga í 36 mánuði, skal gefa nægilegan tíma áður en fyrsta birting á sér stað svo unnt sé að safna nægilegum gögnum, sem aðildarríki láta í té í samræmi við tilskipun 2009/16/EB, í THETIS-gagnagrunninn.

7) Ákvörðun um að skrá félög byggist eingöngu á upplýsingum, sem aðildarríki færa í skoðunargagnagrunninn og fullgilda, í samræmi við 3. mgr. 24. gr. tilskipunar 2009/16/EB. Þessar upplýsingar fela í sér skoðanir á skipum, annmarka, sem koma í ljós við skoðun, og farbönn. Þær taka einnig til upplýsinga um skip (nafns, IMO-auðkennisnúmers, kallmerkis og fána) og til nafns eiganda eða einstaklings, s.s. stjórnanda eða skipamiðlara þurrleiguskipa sem ber ábyrgð á starfrækslu skips og hefur þar að auki skyldur og ábyrgð sem felast í alþjóðakóðanum um öryggisstjórnun skipa (ISM-kóðanum). Með þessum hætti er hægt að hafa sjálfvirka vöktun í skoðunargagnagrunninum með frammistöðu félags og með skipum sem félagið ber ábyrgð á, og unnt er að uppfæra skrárnar daglega.

8) Sjálfvirkar aðgerðir skoðunargagnagrunnsins skulu gera framkvæmdastjórninni kleift að sækja viðeigandi upplýsingar í skoðunargagnagrunninn til að ákvarða hvaða félög skuli færa í skrána yfir félög með lélega eða mjög lélega frammistöðu.

9) Aðferðafræðin til að ákvarða töflu yfir frammistöðu félags byggist á vinnslu farbannsstuðuls og annmarkastuðuls félagsins, eins og kveðið er á um í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 802/2010.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um öryggi á höfunum og varnir gegn mengun frá skipum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 802/2010:

„2. Siglingaöryggisstofnun Evrópu skal, frá 1. janúar 2014, birta og uppfæra daglega eftirfarandi upplýsingar á opinberu vefsetri sínu:

a) skrá yfir félög með mjög lélega frammistöðu í 36 mánuði samfellt,

b) skrá yfir félög með lélega eða mjög lélega frammistöðu í 36 mánuði samfellt,

c) skrá yfir félög með lélega frammistöðu í 36 mánuði samfellt.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 347, 15.12.2012, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 170/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 131, 28.5.2009, bls. 57.

([2]) Stjtíð. ESB L 241, 14.9.2010, bls. 4.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2012/17/ESB

2013/EES/56/40

frá 13. júní 2012

um breytingu á tilskipun ráðsins 89/666/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB og 2009/101/EB að því er varðar samtengingu aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 50. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Fyrirtæki þenjast í vaxandi mæli út yfir landamæri og þau nýta sér möguleikana, sem innri markaðurinn býður upp á. Samstæður sem ná yfir landamæri og margskonar endurskipulagning á starfsemi s.s. samruni og skiptingar, fela í sér félög frá ólíkum aðildarríkjum. Af þessum sökum er aukin eftirspurn eftir aðgengi að upplýsingum um félög í tengslum við starfsemi yfir landamæri. Opinberar upplýsingar um félög eru þó ekki alltaf auðveldlega aðgengilegar yfir landamæri.

2) Í elleftu tilskipun ráðsins 89/666/EBE frá 21. desember 1989 um birtingarkröfur gagnvart útibúum sem stofnuð eru í aðildarríki af vissum gerðum félaga er lög annars ríkis taka til ([3]) er sett fram skrá yfir þau skjöl og upplýsingar sem félög þurfa að birta í skrám útibúa sinna. Þó er engin lagaskylda, að því er varðar skrárnar, til að skiptast á upplýsingum er varða erlend útibú. Þetta leiðir til réttaróvissu fyrir þriðju aðila, því þrátt fyrir að félag sé tekið af skránni er útibúi þess heimilt að starfa áfram.

3) Aðgerðir eins og samruni yfir landamæri hafa leitt til þess að dagleg samvinna milli fyrirtækjaskráa er nauðsynleg. Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005 um samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri ([4]) er þess krafist að skrárnar vinni saman yfir landamæri. Samskiptaleiðum sem hraðað gætu málsmeðferðinni, aðstoðað við að yfirstíga tungumálaerfiðleika og aukið réttarvissu, hefur þó ekki verið komið á fót.

4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila ([5]) tryggir m.a. að hægt sé að nálgast skjöl og upplýsingar sem geymdar eru í skránni á pappírsformi eða með rafrænum hætti. Borgarar og félög þurfa þó enn að leita eftir löndum í skránum, einkum vegna þess að núverandi valfrjáls samvinna milli skráa hefur ekki reynst vera fullnægjandi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 156, 16.6.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 177/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, síðar birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 248, 25.8.2011, bls. 118.

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 14. febrúar 2012 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 10. maí 2012.

([3]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 36.

([4]) Stjtíð. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11.
Athugasemd ritstjórnar: Titli tilskipunar nr. 2009/101/ESB hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 5. gr. Lissabonsáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í aðra málsgrein 48. gr. sáttmálans.

5) Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um lögin um innri markað staðfestir að samtenging aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa er nauðsynleg ráðstöfun til að skapa viðskiptavænlegra laga- og skattaumhverfi. Samtengingin ætti einnig að stuðla að eflingu samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja með því að draga úr stjórnsýslubyrði og auka réttarvissu, og þar með stuðla að lokum alþjóðlegu efnahags- og fjármálakreppunnar, sem er eitt forgangsverkefna starfsáætlunarinnar Evrópa 2020. Hún skal einnig bæta samskipti yfir landamæri milli skráa með því að nota nýjungar í upplýsinga- og fjarskiptatækni.

6) Í niðurstöðum ráðsins frá 25. maí 2010 um samtengingu fyrirtækjaskráa var staðfest að bætt aðgengi að uppfærðum og traustum upplýsingum um félög gæti hvatt til aukinnar tiltrúar á markaðnum, aðstoðað við endurheimtur og aukið samkeppnishæfni evrópskra fyrirtækja.

7) Evrópuþingið lagði áherslu á, í ályktun sinni frá 7. september 2010 um samtengingu fyrirtækjaskráa ([6]), að einungis væri hægt að hafa gagn af verkefninu, að því er varðar frekari samruna Evrópska efnahagssvæðisins, ef öll aðildarríkin tækju þátt í netkerfinu.

8) Í áætluninni til margra ára fyrir 2009-2013 um evrópska rafræna réttarkerfið ([7]) er kveðið á um þróun vefgáttar um evrópskt réttarkerfi og dómsmál („vefgáttin“) sem einu evrópsku rafrænu aðgangsstöðina fyrir lagalegar upplýsingar og um dómsmála- og stjórnsýslustofnanir, gagnasöfn og aðra þjónustu, og þar er samtenging aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa álitin mikilvæg.

9) Einungis er hægt að bæta aðgengi að viðskiptaupplýsingum yfir landamæri um félög og útibú þeirra, sem opnuð hafa verið í öðrum aðildarríkjum, ef öll aðildarríki taka þátt í að heimila rafræn samskipti milli skráa og senda upplýsingar til einstakra notenda á staðlaðan hátt með sama innihaldi og rekstrarsamhæfðri tækni í gervöllu Sambandinu. Rekstrarsamhæfi skráa skal tryggt af skrám aðildarríkjanna („innlendar skrár“) með þjónustu sem myndar tengingu við miðlæga evrópska vettvanginn („vettvangurinn“). Vettvangurinn skal vera miðlæg heild upplýsingatæknibúnaðar sem samþættir þjónustu og skal mynda sameiginlega tengingu. Allar innlendu skrárnar skulu nota þessa tengingu. Með vettvangnum skal einnig veita þjónustu, sem myndar tengingu við vefgáttina sem starfar sem evrópska rafræna aðgangsstöðin og við valkvæðu aðgangsstöðvarnar sem aðildarríkin komu á fót. Einungis ber að líta á vettvanginn sem tæki fyrir samtengingu skráa og ekki sem aðskilda einingu sem hefur réttarstöðu lögaðila. Á grundvelli sérstakra kennimerkja skal, með vettvangnum, vera hægt að miðla upplýsingum frá einstökum skrám aðildarríkisins til lögbærra skráa annarra aðildarríkja á stöðluðu skilaboðasniði (rafrænu formi skilaboða sem skipst er á, á milli upplýsingatæknikerfa t.d. xml) og á viðeigandi tungumáli.

10) Þessi tilskipun miðar ekki að því að koma á fót miðlægum gagnagrunni skráa sem geymir efnislegar upplýsingar um félög. Á því stigi þegar framkvæmd kerfisins, sem tengir saman aðal-, fyrirtækja- og félagaskrána („samtengingarkerfi skráa“) á sér stað, skal einungis skilgreina það gagnasafn sem er nauðsynlegt fyrir rétta virkni vettvangsins. Umfang þessara gagna skal einkum ná yfir rekstrargögn, orðabækur og orðalista. Umfangið skal ákvarðað með tilliti til þess að nauðsynlegt er að tryggja skilvirkan rekstur samtengingarkerfis skráa. Þessi gögn skulu notuð í þeim tilgangi að gera framkvæmd starfssviðs vettvangsins mögulega og þau skulu aldrei gerð öllum aðgengileg með beinum hætti. Þar að auki skal vettvangurinn hvorki breyta innihaldi gagnanna um félög sem geymd eru í innlendum skrám né upplýsingum um félög sem send eru í gegnum samtengingarkerfi skráa.

11) Þar sem markmiðið með þessari tilskipun er ekki að samræma landsbundin kerfi aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa ber aðildarríkjum engin skylda til að breyta innri skráarkerfum sínum, einkum að því er varðar umsjón og geymslu gagna, gjalda og notkun og birtingu upplýsinga í landsbundnum tilgangi.

12) Innan ramma þessarar tilskipunar munu fyrirspurnir, sem sendar eru af einstökum notendum varðandi upplýsingar um félög og útibú þeirra sem eru stofnuð í öðrum aðildarríkjum og geymdar eru í innlendu skránum, vera meðhöndlaðar í gegnum vefgáttina með vettvangnum. Það gerir það kleift að í leitarniðurstöðunum, sem fram koma á vefgáttinni þ.m.t. útskýringar á öllum opinberum tungumálum Bandalagsins, séu upplýsingarnar sem veittar eru taldar upp. Að auki, til að bæta vernd þriðju aðila í öðrum aðildarríkjum skulu grunnupplýsingar um lagalegt gildi skjala og upplýsingar sem birtar eru samkvæmt lögum aðildarríkisins, sem samþykktar voru í samræmi við tilskipun 2009/101/EB, vera aðgengilegar á vefgáttinni.

13) Aðildarríki skulu geta komið á einni eða fleiri valkvæðum aðgangsstöðvum sem gætu haft áhrif á notkun og rekstur vettvangsins. Því skal tilkynna framkvæmdastjórninni um stofnun þeirra og um allar verulegar breytingar á rekstri þeirra, einkum um lokun þeirra. Slíkar tilkynningar skulu ekki á nokkurn hátt takmarka heimildir aðildarríkjanna til að stofna og reka valkvæðar aðgangsstöðvar.

([6]) Stjtíð. ESB C 308 E, 20.10.2011, bls. 1.
([7]) Stjtíð. ESB C 75, 31.3.2009, bls. 1.

14) Félög og útibú þeirra, sem stofnuð eru í öðrum aðildarríkjum, skulu hafa sérstakt kennimerki sem auðkennir þau á ótvíræðan hátt innan Sambandsins. Kennimerkið er ætlað til notkunar í samskiptum á milli skráa í gegnum samtengingarkerfi skráa. Því skal félögum og útibúum ekki skylt að láta þetta sérstaka kennimerki koma fram í bréfum félagsins eða á eyðublöðum fyrir pantanir sem um getur í tilskipunum 89/666/EBE og 2009/101/EB. Þau skulu áfram nota innlenda skráningarnúmerið sitt í sínum eigin samskiptum.

15) Það skal gert mögulegt að koma á skýrri tengingu milli skráar félags og skráa útibúa þess, sem opnuð hafa verið í öðrum aðildarríkjum, sem felur í sér upplýsingaskipti um upphaf og lok slitameðferðar eða málsmeðferðar vegna ógjaldfærni félagsins og afskráningu þess, ef það hefur réttaráhrif í aðildarríkinu þar sem félagið er skráð. Þó að aðildarríki geti ákveðið málsmeðferðina sem þau fylgja, að því er varðar skráð útibú á þeirra yfirráðasvæði, skulu þau a.m.k. tryggja að útibú slitins félags séu tekin af skránni án ástæðulausrar tafar og ef við á, eftir skiptameðferð útibúsins sem um ræðir. Þessi skylda skal ekki gilda um útbú félaga sem hafa verið tekin af skrá en hafa löglegan arftaka s.s. ef um er að ræða breytingar á lagalegu formi félagsins, samruna eða skiptingu, eða tilfærslu skráðrar skrifstofu yfir landamæri.

16) Þessi tilskipun skal ekki gilda um útibú sem opnað er í aðildarríki af félagi sem lýtur ekki lögum aðildarríkis, eins og kveðið er á um í 7. gr. tilskipunar 89/666/EBE.

17) Breyta ber tilskipun 2005/56/EB til að tryggja að samskipti milli skráa fari fram í gegnum samtengingarkerfi skráa.

18) Aðildarríki skulu tryggja að verði breytingar á upplýsingum sem settar eru í skrána varðandi félög skuli uppfæra upplýsingarnar án ástæðulausrar tafar. Uppfærslan skal birt undir venjulegum kringumstæðum innan 21 dags frá viðtöku allra skjala er varða þessar breytingar þ.m.t. lagalegt eftirlit í samræmi við landslög. Túlka ber þennan frest þannig að aðildarríki séu skyldug til að gera það sem í þeirra valdi stendur til að standa við frestinn sem kveðið er á um í þessari tilskipun. Hann gildir ekki um bókhaldsgögnin sem félög eru skyldug til að leggja fram fyrir hvert fjárhagsár. Þessi undanþága er réttlætt með yfirálaginu á innlendu skrárnar á meðan á skýrslutímabilinu stendur. Í samræmi við almennar lagalegar meginreglur, sem eru sameiginlegar öllum aðildarríkjum skal 21 daga fresturinn falla niður ef um er að ræða óviðráðanleg atvik.

19) Ákveði framkvæmdastjórnin að þróa og/eða reka vettvanginn í gegnum þriðja aðila, skal það gert í samræmi við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ([8]). Tryggja skal viðeigandi hlutdeild aðildarríkja í þessu ferli með því að koma á tækniforskrift fyrir reglur um opinber innkaup með framkvæmdargerðum sem samþykktar eru í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 5. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu ([9]).

20) Ákveði framkvæmdastjórnin að starfrækja vettvanginn í gegnum þriðja aðila, skal tryggja samfellda þjónustustarfsemi í gegnum samtengingarkerfi skráa og tilhlýðilegt opinbert eftirlit með framkvæmd vettvangsins. Ítarlegar reglur um rekstrarstjórnun vettvangsins skulu samþykktar með því að samþykkja framkvæmdargerðir í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011. Hvernig sem atvikast skal tryggja þátttöku aðildarríkja við framkvæmd alls kerfisins með reglulegum skoðanaskiptum milli framkvæmdastjórnarinnar og fulltrúa aðildarríkja um málefni er varða rekstur samtengingarkerfis skráa og framtíðarþróun þess.

21) Samtenging aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa krefst samræmingar landskerfa sem hafa mismunandi tæknilega eiginleika. Þetta felur í sér að samþykkja þarf tæknilegar ráðstafanir og forskriftir sem þurfa að taka mið af mismuninum á milli skráa. Til að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórninni falið framkvæmdarvald til að taka á þessum tæknilegu og rekstrarlegu álitamálum. Beita skal þessum valdheimildum í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

22) Þessi tilskipun takmarkar ekki rétt aðildarríkis til að innheimta gjöld gegn því að fá upplýsingar um félög í gegnum samtengingarkerfi skráa ef slíkra gjalda er krafist samkvæmt landslögum. Í tæknilegum ráðstöfunum og forskriftum fyrir samtengingarkerfi skráa skal því heimila að greiðslufyrirkomulagi sé komið á fót. Hvað þetta varðar skal þessi tilskipun ekki hafa áhrif á sérstakar tæknilegar lausnir þar sem greiðslufyrirkomulag skal ákvarðað við samþykkt framkvæmdargerðanna, að teknu tilliti til almenns tiltæks greiðslubúnaðar á netinu.

23) Það gæti verið ákjósanlegt fyrir þriðju lönd að geta, í framtíðinni, tekið þátt í þessu samtengingarkerfi skráa.

([8]) Stjtíð. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.
([9]) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.

24) Sanngjörn lausn að því er varðar fjármögnun samtengingarkerfis skráa felur í sér þátttöku bæði Sambandsins og aðildarríkis þess í fjármögnun þess kerfis. Aðildarríkin skulu bera fjárhagslegar byrðar við aðlögun innlendu skránna að þessu kerfi, en miðlægu þættirnir — vettvangurinn og vefgáttin, sem starfar sem rafræn aðgangsstöð — skulu fjármagnaðir með fjárveitingum á fjárhagsliðum fjárlaga Sambandsins. Í því skyni að bæta við veigalitla þætti þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórninni falið umboð til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar innheimtu gjalda gegn því að fá upplýsingar um félög. Þetta hefur ekki áhrif á möguleika innlendra skráa til að innheimta gjöld, en gæti falið í sér viðbótargjald til að fjármagna sameiginlega viðhald og framkvæmd vettvangsins. Það er einkum mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð, á meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga. Við undirbúning og samningu framseldra gerða skal framkvæmdastjórnin tryggja samhliða, tímanlega og viðeigandi afhendingu viðkomandi skjala til Evrópuþingsins og ráðsins.

25) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([10]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([11]) gilda um vinnslu persónuupplýsinga, þ.m.t. rafrænar sendingar persónuupplýsinga innan aðildarríkjanna. Vinnsla framkvæmdastjórnarinnar, og ef við á þriðju aðila sem taka þátt í rekstri vettvangsins, á persónuupplýsingum í skrám aðildarríkja skal fara fram í samræmi við þessar gerðir. Framkvæmdargerðirnar sem samþykkja á, í tengslum við samtengingarkerfi skráa, skulu, eftir því sem við á, tryggja slíkt samræmi einkum með því að ákvarða viðeigandi verkefni og ábyrgðir allra viðkomandi þátttakenda og skipulagslegar og tæknilegar reglur sem um þá gilda.

26) Það að koma á samtengingarkerfi skráa krefst þess að aðildarríki geri nauðsynlegar aðlaganir sem felast einkum í þróun á notendaviðmóti sem tengir hverja skrá við vettvanginn til að kerfið verði virkt. Því skal, í þessari tilskipun, kveðið á um framlengingu frests fyrir lögleiðingu og beitingu aðildarríkja á ákvæðunum varðandi tæknilega starfsemi kerfisins. Fresturinn skal fylgja samþykkt framkvæmdastjórnarinnar á öllum framkvæmdargerðum varðandi tæknilegar ráðstafanir og forskriftir fyrir samtengingarkerfi skráa. Fresturinn til að lögleiða og beita ákvæðum tilskipunarinnar, að því er varðar tæknilega starfsemi samtengingarkerfis skráa, skal vera nægjanlegur til að gera aðildarríkjum kleift að ná fram lagalegum og tæknilegum breytingum sem til þarf til þess að gera kerfið fullkomlega starfhæft innan hæfilegs frests.

27) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl ([12]), hafa aðildarríki skuldbundið sig, í rökstuddum tilvikum, til að láta tilkynningu um lögleiðingarráðstafanir fylgja með einu eða fleiri skjölum sem skýra út sambandið milli innihalds tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingagerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.

28) Með þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og farið að meginreglunum, sem felast í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, einkum 8. gr. sem kveður á um að sérhver maður eigi rétt á að vernda persónuupplýsingar er varða hann eða hana.

29) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar, þ.e. að bæta aðgengi að viðskiptaupplýsingum yfir landamæri, tryggja að uppfærðar upplýsingar séu geymdar í útibúaskrám og koma á skýrum samskiptaleiðum milli skráa við málsmeðferð varðandi skráningu yfir landamæri, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna umfangs og áhrifa aðgerðanna er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná megi þessum markmiðum.

30) Því ber að breyta tilskipunum 89/666/EBE, 2005/56/EB og 2009/101/EB til samræmis við það.

31) Haft var samráð við Evrópsku persónuverndarstofnunina í samræmi við 2. mgr. 28. gr. reglugerðar (EB) nr. 45/2001 og skilaði hún áliti 6. maí 2011 ([13]),

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 89/666/EBE

Tilskipun 89/666/EBE er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsgreinar bætast við í 1. gr.:

„3. Skjölin og upplýsingarnar, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., skulu gerðar aðgengilegar öllum í gegnum samtengingarkerfi aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa, sem komið var á í samræmi við 2. mgr. 4. gr. a tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans, til

([10]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.
([11]) Stjtíð. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1.
([12]) Stjtíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.
([13]) Stjtíð. ESB C 220, 26.7.2011, bls. 1.

að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila ([14]) („samtengingarkerfi skráa“). Ákvæði 3. gr. b og 1. mgr. 3. gr. c þeirrar tilskipunar skulu gilda að breyttu breytanda.

4. Aðildarríki skulu tryggja að útibú hafi sérstakt kennimerki þannig að hægt sé að sanngreina þau án nokkurs vafa í samskiptum milli skráa í gegnum samtengingarkerfi skráa. Sérstaka kennimerkið skal a.m.k. fela í sér þætti sem gera það kleift að auðkenna aðildarríki skráarinnar, upprunalegu innlendu skrána og númer útibúsins í þeirri skrá og, þar sem það á við, þætti til að forðast ranga auðkenningu.“

2) Eftirfarandi grein bætist við:

„*5. gr. a*

1. Félagaskráin skal, í gegnum samtengingarkerfi skráa, gera upplýsingar um upphaf og lok slitameðferðar eða málsmeðferðar vegna ógjaldfærni félags og afskráningar þess aðgengilegar án tafar ef það hefur réttaráhrif í aðildarríkinu þar sem félagið er skráð.

2. Útibúaskráin skal í gegnum samtengingarkerfi skráa tryggja tafarlausa móttöku á upplýsingunum sem um getur í 1. mgr.

3. Upplýsingaskiptin sem um getur í 1. og 2. mgr. skulu vera gjaldfrjáls fyrir skrárnar.

4. Aðildarríkin skulu ákvarða málsmeðferðina sem fara á eftir við móttöku upplýsinganna sem um getur í 1. og 2. málsgrein. Slík málsmeðferð skal tryggja að þegar félagi er slitið eða tekið af skránni á annan máta að útibú þess séu á sama hátt tekin af skránni án ástæðulausrar tafar.

5. Annar málsliður 4. mgr. skal ekki gilda um útibú félaga sem tekin hafa verið af skrá vegna breytinga á lagalegu formi viðkomandi félags, samruna eða skiptingu eða flutnings skráðrar skrifstofu þess yfir landamæri.“

3) Eftirfarandi þætti er skotið inn:

„III. ÞÁTTUR A

GAGNAVERND

11. gr. a

Vinnsla persónuupplýsinga sem framkvæmd er í tengslum við þessa tilskipun skal falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([15]).“

2. gr.

Breytingar á tilskipun 2005/56/EB

Tilskipun 2005/56/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað 13. gr. komi eftirfarandi:

„*13. gr.*

Skráning

Lög hvers aðildarríkis sem hafði lögsögu yfir samruna-félögunum, skulu ákvarða, m.t.t. yfirráðasvæðis hvers aðildarríkis, fyrirkomulagið, í samræmi við 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/101/EB frá 16. september 2009 um samræmingu verndarráðstafana sem ætlað er að vera jafngildar og aðildarríki krefjast af félögum í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr. sáttmálans, til að vernda hagsmuni félagsmanna og þriðju aðila ([16]), um birtingu tilkynningar um samruna yfir landamæri í opinberu skránni þar sem hverju félagi fyrir sig er skylt að leggja inn skjöl.

Skráningarskrifstofan, þar sem félagið, sem verður til við samrunann yfir landamæri, er skráð, skal tafarlaust tilkynna, í gegnum samtengingarkerfi aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa, sem komið var á í samræmi við 2. mgr. 4. gr. a tilskipunar 2009/101/EB, skrifstofunni þangað sem hverju félagi fyrir sig var skylt að leggja inn skjöl um að samruni yfir landamæri hafi tekið gildi. Afskrá skal félagið úr fyrri skránni, ef við á, þegar framangreind tilkynning hefur borist en eigi fyrr.“

([14]) Stjtíð. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11.
Athugasemd ritstjórnar: Titli tilskipunar nr. 2009/101/ESB hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 5. gr. Lissabonsáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í aðra málsgrein 48. gr. sáttmálans.

([15]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

([16]) Stjtíð. ESB L 258, 1.10.2009, bls. 11.
Athugasemd ritstjórnar: Titli tilskipunar nr. 2009/101/ESB hefur verið breytt til að taka tillit til númerabreytinga á greinum í stofnsáttmála Evrópubandalagsins í samræmi við 5. gr. Lissabonsáttmálans, en upphaflega tilvísunin var í aðra málsgrein 48. gr. sáttmálans.

2) Eftirfarandi grein bætist við:

„17. gr. a

Gagnavernd

Vinnsla persónuupplýsinga sem framkvæmd er í tengslum við þessa tilskipun skal falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([17]).“

3. gr.

Breytingar á tilskipun 2009/101/EB

Tilskipun 2009/101/EB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi grein bætist við:

„2. gr. a

1. Aðildarríki skulu grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að tryggja að allar breytingar á skjölunum og upplýsingunum sem um getur í 2. gr. séu færðar inn í lögbæru skrána, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 3. gr., og birtar í samræmi við 3. mgr. og 5. mgr. 3. gr. undir venjulegum kringumstæðum innan 21 dags frá viðtöku allra skjala er varða þessar breytingar þ.m.t., ef við á, lagalegt eftirlit, sem krafist er samkvæmt landslögum, varðandi færslur inn í skrána.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki gilda um bókhaldsgögn sem tilgreind eru í f-lið 2. gr.“

2) Eftirfarandi undirgrein bætist við 1. mgr. 3. gr.:

„Aðildarríki skulu tryggja að félög hafi sérstakt kennimerki þannig að hægt sé að sanngreina þau án nokkurs vafa í samskiptum milli skráa í gegnum samtengingarkerfi aðal-, fyrirtækja- og félagaskráa sem komið var á í samræmi við 2. mgr. 4. gr. a („samtengingarkerfi skráa“). Sérstaka kennimerkið skal a.m.k. fela í sér þætti sem gera það kleift að auðkenna aðildarríki skráarinnar, upprunalegu innlendu skrána og númer félagsins í þeirri skrá og, þar sem það á við, þætti til að forðast ranga auðkenningu.“

3) Eftirfarandi greinar bætist við:

„3. gr. a

1. Aðildarríki skulu tryggja að uppfærðar upplýsingar séu gerðar aðgengilegar, þar sem þau ákvæði landslaga eru útskýrð sem þriðju aðilar, í samræmi við 5., 6. og 7. mgr. 3. gr., geta reitt sig á og þær upplýsingar og gerðir skjala sem um getur í 2. gr.

2. Aðildarríki skulu veita upplýsingarnar sem krafist er til birtingar á vefgáttinni um evrópskt réttarkerfi („vefgáttinni“) í samræmi við reglur um vefgáttina og tæknilegar kröfur.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta þessar upplýsingar á vefgáttinni á öllum opinberum tungumálum Sambandsins.

3. gr. b

1. Rafræn afrit skjalanna og upplýsinganna sem um getur í 2. gr. skulu einnig gerð aðgengileg í gegnum samtengingarkerfi skráa.

2. Aðildarríki skulu tryggja að skjölin og upplýsingarnar sem um getur í 2. gr. séu aðgengilegar í gegnum samtengingarkerfi skráa á stöðluðu skilaboðasniði og að þær séu aðgengilegar með rafrænum hætti. Aðildarríki skulu einnig tryggja að lágmarksöryggisstaðlar fyrir gagnasendingar séu virtir.

3. Framkvæmdastjórnin skal leggja til leitarþjónustu á öllum opinberum tungumálum Sambandsins að því er varðar félög sem skráð eru í aðildarríkjunum í því skyni að eftirfarandi verði aðgengilegt í gegnum vefgáttina:

a) skjölin og upplýsingarnar sem um getur í 2. gr.,

b) útskýringar á öllum opinberum tungumálum Bandalagsins, þar sem þessar upplýsingar og gerðir þessara skjala eru taldar upp.

3. gr. c

1. Gjöldin, sem ber að greiða til að fá skjölin og upplýsingarnar sem um getur í 2. gr. í gegnum samtengingarkerfi skráa, skulu ekki vera hærri en sem nemur stjórnsýslukostnaðinum við gerð þeirra.

2. Aðildarríki skulu tryggja að eftirfarandi upplýsingar séu aðgengilegar án endurgjalds í gegnum samtengingarkerfi skráa:

a) heiti félagsins og rekstrarform þess að lögum,

b) skráð skrifstofa félagsins og aðildarríkið þar sem hún er skráð og

c) skráningarnúmer félagsins.

Aðildarríki geta ákveðið að gera fleiri skjöl og upplýsingar aðgengilegar án endurgjalds til viðbótar við þessar upplýsingar.

3. gr. d

1. Félagaskráin skal, í gegnum samtengingarkerfi skráa, gera upplýsingar um upphaf og lok slitameðferðar eða málsmeðferðar vegna ógjaldfærni félags og um afskráningar þess aðgengilegar, án tafar, ef það hefur réttaráhrif í aðildarríkinu þar sem félagið er skráð.

2. Útibúaskráin skal, í gegnum samtengingarkerfi skráa, tryggja tafarlausa móttöku á upplýsingunum sem um getur í 1. mgr.

3. Upplýsingaskiptin sem um getur í 1. og 2. málsgrein skulu vera gjaldfrjáls fyrir skrárnar.“

([17]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

4) Eftirfarandi greinar bætist við:

„*4. gr. a*

1. Koma skal evrópska miðlæga vettvanginum („vettvangurinn“) á fót.

2. Samtengingarkerfi skráa skal samanstanda af:

– skrám aðildarríkja,

– vettvanginum,

– vefgáttinni sem starfar sem evrópska rafræna aðgangsstöðin.

3. Aðildarríki skulu tryggja samtengingu skráa sinna innan samtengingarkerfis skráa í gegnum vettvanginn.

4. Aðildarríki geta komið valkvæðum aðgangsstöðvum fyrir samtengingarkerfi skráa á fót. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án ástæðulausrar tafar um stofnsetningu slíkra aðgangsstöðva og um umtalsverðar breytingar á starfsemi þeirra.

5. Aðgangur að upplýsingum frá samtengingarkerfi skráa skal tryggður í gegnum vefgáttina og í gegnum virku aðgangsstöðvarnar sem aðildarríkin koma á fót.

6. Stofnsetning samtengingarkerfa skráa skal ekki hafa áhrif á núverandi tvíhliða samninga sem aðildarríki hafa gert varðandi skipti á upplýsingum um félög.

4. gr. b

1. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun um að þróa og/eða reka vettvanginn annað hvort sjálf eða í gegnum þriðja aðila.

Ákveði framkvæmdastjórnin að þróa og/eða reka vettvanginn í gegnum þriðja aðila skal valið á þriðja aðilanum og framkvæmd framkvæmdastjórnarinnar á samningnum fara fram í samræmi við reglugerð ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ([18]).

2. Ákveði framkvæmdastjórnin að þróa vettvanginn í gegnum þriðju aðila skal hún, með framkvæmdargerðum, koma á tækniforskriftum að því er varðar reglur um opinber innkaup og gildistíma samningsins sem gera á við þriðja aðilann.

3. Ákveði framkvæmdastjórnin að starfrækja vettvanginn í gegnum þriðja aðila skal hún með framkvæmdargerðum samþykkja ítarlegar reglur um rekstrarstjórnun vettvangsins.

Rekstrarstjórnun vettvangsins skal einkum fela í sér:

– eftirlit með starfsemi vettvangsins,

– öryggi og vernd gagna sem dreift er og skipst er á í gegnum vettvanginn,

– samræmingu á samskiptum milli skráa aðildarríkjanna og þriðja aðilans.

Framkvæmdastjórnin hefur eftirlit með starfsemi vettvangsins.

4. Framkvæmdargerðirnar sem um getur í 2. og 3. mgr. skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 4. gr. e.

4. gr. c

Framkvæmdastjórnin skal, með framkvæmdargerðum, samþykkja eftirfarandi:

a) tækniforskriftirnar þar sem aðferðirnar við samskipti með rafrænum hætti fyrir samtengingarkerfi skráa eru skilgreindar,

b) tækniforskriftir um samskiptareglur,

c) tæknilegar ráðstafanir sem tryggja lágmarksöryggisstaðla upplýsingatækninnar fyrir samskipti og dreifingu upplýsinga innan samtengingarkerfis skráa,

d) tækniforskriftirnar þar sem aðferðin við upplýsingaskipti er skilgreind á milli félagaskráarinnar og útibúaskráarinnar eins og um getur í 3. gr. d þessarar tilskipunar og 5. gr. a elleftu tilskipunar ráðsins 89/666/EBE frá 21. desember 1989 um birtingarkröfur gagnvart útibúum sem stofnuð eru í aðildarríki af vissum gerðum félaga er lög annars ríkis taka til ([19]),

e) ítarlega skrá yfir gögn sem senda á í því skyni að skiptast á upplýsingum á milli skráa eins og um getur í 3. gr. d þessarar tilskipunar, í 5. gr. a tilskipunar 89/666/EBE og í 13. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/56/EB frá 26. október 2005 um samruna félaga með takmarkaðri ábyrgð yfir landamæri ([20]),

f) tækniforskriftirnar þar sem uppbygging staðlaða skilaboðasniðsins að því er varðar upplýsingaskipti milli skráa, vettvangsins og vefgáttarinnar er skilgreind,

g) tækniforskriftirnar þar sem gagnasafnið sem er nauðsynlegt til framkvæmdar á starfsemi vettvangsins og geymsluaðferðir, notkun og vernd slíkra gagna eru skilgreind,

h) tækniforskriftirnar þar sem skipulag og notkun sérstakra kennimerkja fyrir samskipti milli skráa er skilgreind,

([18]) Stjtíð. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.

([19]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 36.

([20]) Stjtíð. ESB L 310, 25.11.2005, bls. 1.

i) forskriftirnar þar sem tæknileg aðferð við rekstur samtengingarkerfis skráa að því er varðar dreifingu og skipti á upplýsingum er skilgreind, og forskriftina þar sem þjónusta á sviði upplýsingatækni sem vettvangurinn veitir er skilgreind og afhending skilaboða á viðeigandi tungumáli er tryggð,

j) samræmdu viðmiðanirnar fyrir leitarþjónustuna sem vefgáttin veitir,

k) greiðslufyrirkomulag með tilliti til greiðsluaðstöðu eins og greiðslna á netinu,

l) einstök atriði útskýringana þar sem upplýsingarnar og gerðir skjalanna sem um getur í 2. gr. eru taldar upp,

m) tæknileg skilyrði fyrir aðgengi að þjónustunni sem samtengingarkerfi skráa veitir,

n) málsmeðferðarkröfur og tæknilegar kröfur fyrir tengingu valkvæðu aðgangsstöðvanna við vettvanginn.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 4. gr. e.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja þessar framkvæmdargerðir fyrir 7. júlí 2015.

4. gr. d

1. Stofnun og framtíðarþróun vettvangsins og breytingarnar á vefgáttinni sem leiða af þessari tilskipun skulu fjármagnaðar af fjárlögum Sambandsins.

2. Viðhald og virkni vettvangsins skal fjármögnuð af fjárlögum sambandsins og fjármagna má hana að hluta með gjöldum fyrir aðgang að samtengingarkerfi skráa sem einstakir notendur greiða. Ekkert í þessari málsgrein skal hafa áhrif á gjöld á landsstigi.

3. Framkvæmdastjórnin getur, með framseldum gerðum og í samræmi við 13. gr. a, samþykkt reglur um það hvort fjármagna eigi vettvanginn að hluta með því að krefjast gjalda og í þeim tilvikum þá fjárhæð gjalda sem einstakir notendur skulu greiða í samræmi við 2. málsgrein.

4. Gjöldin sem lögð eru á í samræmi við í 2. málsgrein skulu ekki hafa áhrif á gjöldin, ef einhver eru, sem aðildarríki krefjast fyrir aðgengi að skjölum og upplýsingum eins og um getur í 1. mgr. 3. gr. c.

5. Ekki skal krefjast gjalda sem lögð eru á í samræmi við 2. mgr. fyrir aðgang að upplýsingunum sem um getur í a-, b- og c-lið 2. mgr. 3. gr. c.

6. Hvert aðildarríki fyrir sig skal bera kostnaðinn af því að breyta sínum innlendu skrám og af viðhaldi og starfsemi sem leiðir af þessari tilskipun.

4. gr. e

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdavaldi sínu ([21]).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

5) Eftirfarandi grein bætist við:

„7. gr. a

Vinnsla persónuupplýsinga sem framkvæmd er í tengslum við þessa tilskipun skal falla undir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([22]).“

6) Eftirfarandi kafli er felldur inn:

„4. KAFLI A

Framseldar gerðir

13. gr. a

1. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að samþykkja framseldar gerðir með fyrirvara um skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild um óákveðinn tíma til að samþykkja framseldu gerðirnar sem um getur í 3. mgr. 4. gr. d.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 3. mgr. 4. gr. d. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endir á framsal þess valds sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, á degi sem er tilgreindur í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

([21]) Stjtíð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13.
([22]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

5. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 3. mgr. 4. gr. d, skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þriggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um þrjá mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.“

4. gr.

Skýrsla og regluleg skoðanaskipti

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en fimm árum eftir lokadagsetningu fyrir beitingu ákvæðanna sem um getur í 2. mgr. 5. gr., birta skýrslu varðandi starfsemi samtengingarkerfis skráa, einkum með tilliti til tæknilegs rekstur og fjármálahliða þess.

2. Þessari skýrslu skulu fylgja tillögur um breytingu á þessari tilskipun ef við á.

3. Framkvæmdastjórnin og fulltrúar aðildarríkjanna skulu hittast reglulega til að ræða álitamál sem falla undir þessa tilskipun á viðeigandi vettvangi.

5. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja, birta og beita nauðsynlegum lögum og stjórnsýslufyrirmælum til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 7. júlí 2014.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. málsgreinar skulu aðildarríki eigi síðar en tveimur árum eftir að framkvæmdargerðirnar, sem um getur í 4. gr. c tilskipunar 2009/101/EB, voru samþykktar, samþykkja, birta og beita nauðsynlegum ákvæðum til að fara að:

– 3. og 4. mgr. 1. gr. og 5. gr. a tilskipunar 89/666/EBE,

– 13. gr. tilskipunar 2005/56/EB,

– annarri undirgrein 1. mgr. 3. gr., 3. gr. b, 3. gr. c, 3. gr. d og 3. – 5. mgr. 4. gr. a tilskipunar/2009/101/EB.

Við samþykkt þessara framkvæmdargerða skal framkvæmdastjórnin birta lokadagsetningu fyrir beitingu ákvæðanna sem um getur í þessari málsgrein í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

3. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

4. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

6. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

7. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 13. júní 2012.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	N. WAMMEN

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 183/2013 2013/EES/56/41

frá 4. mars 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 1 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008([2]) voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Hinn 13. mars 2012 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (e. *IASB*) út breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla - ríkislán*, (hér á eftir nefndar „breytingar á IFRS-staðli 1“). Breytingarnar á IFRS-staðli 1 lúta að lánum sem hafa fengist frá hinu opinbera, sem bera lægri vexti en markaðsvexti og sem hafa það að markmiði að veita notendum, sem beita IFRS-stöðlunum í fyrsta sinn lausn frá fullri afturvirkri beitingu við skiptin yfir í IFRS-staðla. Breytingarnar á IFRS-staðli 1 hafa í för með sér undantekningu á afturvirkri beitingu IFRS-staðla að krefjast þess að þeir sem beita stöðlunum í fyrsta sinn noti kröfurnar sem settar voru fram í IAS-staðli 39, *fjármálagerningar: færsla og mat* og IAS-staðli 20, *færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð framvegis um ríkislán* sem fyrir hendi voru á þeim degi, sem skipt var yfir í IFRS-staðla.

3) Með þessari reglugerð eru breytingarnar á IFRS-staðli 1 samþykktar. Þessi staðall inniheldur einhverjar tilvísanir í IFRS-staðal 9, sem er ekki hægt að beita nú þar sem IFRS-staðall 9 hefur ekki enn verið samþykktur af Sambandinu. Því ber að lesa sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9 eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð sem tilvísun í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*.

4) Með samráði við sérfræðingahóp (TEG) Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) er það staðfest að breytingarnar á IFRS-staðli 1 uppfylli tæknilegu skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, breytt eins og sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. Sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, ber að lesa sem tilvísun í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat.*

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum á, sem vísað er til í 1. mgr. 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2013 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 61, 5.3.2013, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

VIÐAUKI

ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IFRS-staðall 1	**IFRS-staðall 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla - *ríkislán***

„Afritun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu. Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn að frátöldum rétti til afritunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn mega teljast. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðareikningsskilaráðinu (IASB) á www.iasb.org“

Breytingar á IFRS-staðli 1, ***innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla***

Ríkislán

Liðunum 39N og 39O er bætt við og B1 er breytt.

39N Með *Ríkislán* (breytingar á IFRS-staðli 1), útgefnum í mars 2012, var liðunum B1 (f-liður) og B10-B12 bætt við. Eining skal beita þessum liðum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr.

39O Liðir B10 og B11 vísa til IFRS-staðals 9. Beiti eining þessum IFRS-staðli þó hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ber að lesa tilvísanirnar í liði B10 og B11 í IFRS-staðli 9 sem tilvísanir í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*.

B1 Eining skal beita eftirfarandi undantekningum:

a) afskráning fjáreigna og fjárskulda (liðir B2 og B3),

b) áhættuvarnarreikningsskil (liðir B4-B6) og

c) hlutir sem ekki eru ráðandi (liður B7),

d) flokkun og mat fjáreigna (liður B8),

e) innbyggðar afleiður (liður B9) og

f) ríkislán (liðir B10-B12).

Á eftir lið B9 er nýrri fyrirsögn og liðum B10–B12 bætt við.

Ríkislán

B10 Notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, skal flokka öll ríkislán sem fengin eru, sem fjárskuldbindingu eða eiginfjárgerning í samræmi við IAS-staðal 32, *fjármálagerningar: upplýsingar og framsetning*. Að undanskildu því sem er heimilað í lið B11 ber notanda, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn að beita kröfunum í IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar* og IAS-staðli 20, *færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð* framvirkt á ríkislán sem voru til á umbreytingadegi í IFRS-staðla og skal ekki færa samsvarandi ávinning af ríkisláni á vöxtum sem eru undir markaðsvöxtum sem opinberan styrk. Af þessum sökum, ef notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn hefur ekki fært og metið ríkislán á vöxtum undir markaðsvöxtum á þeim grunni sem samræmist kröfum alþjóðlegra reikningsskilastaðla, samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem áður var fylgt, skal hann nota bókfært verð láns á þeim degi, sem skipt var yfir í IFRS-staðla samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem bókfært verð lánsins í upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-stöðlum. Eining skal beita IFRS-staðli 9 við mat slíkra lána eftir þann dag sem skipt var yfir í IFRS-staðla.

B11 Þrátt fyrir lið B10 getur eining beitt kröfunum í IFRS-staðli 9 og IAS-staðli 20 framvirkt á sérhvert ríkislán sem varð til fyrir þann dag sem skipt var yfir í IFRS-staðla, að því tilskildu að upplýsingarnar sem nauðsynlegar eru þess vegna hafi legið fyrir þegar þau lán voru upphaflega færð.

B12 Kröfurnar og leiðbeiningarnar í liðum B10 og B11 útiloka einingu ekki frá því að geta notað undanþágurnar sem lýst er í liðum D19-D19D varðandi auðkenningu fjármálagerninga á gangvirði sem hafa áður verið færðir í rekstrarreikning.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 301/2013 2013/EES/56/42

frá 27. mars 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar árlegar endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, tímabilið 2009–2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008([2]) voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Þann 17. maí 2012 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (e. *IASB*) út endurbætur á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (e. *IFRS*) tímabilið 2009-2011 („endurbæturnar“), í ramma sínum um reglulegt endurbótaferli sem miðar að því að einfalda og skýra staðlana. Markmið endurbótanna er að taka á nauðsynlegum málefnum, sem eru þó ekki áríðandi, sem Alþjóðareikningsskilaráðið ræddi á verkefnatímabilinu, sem hófst árið 2009, um svið þar sem er ósamræmi að því er varðar alþjóðlega reikningsskilastaðla (e. *IFRS*) eða þar sem þörf er á nánari útlistun á orðalagi. Þrjár endurbótanna, nánar tiltekið breytingarnar á viðbæti D við IFRS-staðal 1, alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS-staðli 16 og IAS-staðli 34, eru nánari útlistun eða leiðréttingar á viðkomandi stöðlum. Hinar þrjár endurbæturnar, nánar tiltekið breytingarnar á IFRS-staðli 1, IAS-staðli 1 og IAS-staðli 32, fela í sér breytingar á gildandi kröfum eða viðbótarleiðbeiningum um framkvæmd á þessum kröfum.

3) Með samráði við hóp tæknisérfræðinga (e. *TEG*) Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (e. *EFRAG*) er það staðfest að endurbæturnar uppfylli tæknilegu skilyrðin fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

1) IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2) Alþjóðlegum reikningsskilastaðli IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila* er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

3) IFRS-staðli 1*, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla* og IAS-staðli 34, *árshlutareikningsskil,* er breytt í samræmi við IAS-staðal 1 eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

4) IAS-staðli 16, *varanlegir rekstrarfjármunir,* er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

5) IAS-staðli 32, *fjármálagerningar: framsetning,* er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Túlkun alþjóðlegu túlkunarnefndarinnar um reikningsskil IFRIC-túlkun 2, *hlutir félagsaðila í samvinnueiningum og sambærilegir gerningar* er breytt í samræmi við IAS-staðal 32 eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) IAS-staðli 34, *árshlutareikningsskil,* er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum á stöðlunum, sem vísað er til í 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2013 eða síðar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 90, 28.3.2013, bls. 78. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. mars 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IFRS 1	**IFRS-staðall 1,** ***innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla***
IAS 1	**IAS-staðall 1,** ***framsetning reikningsskila***
IAS 16	**IAS-staðall 16,** ***varanlegir rekstrarfjármunir***
IAS 32	**IAS-staðall 32,** ***fjármálagerningar: framsetning***
IAS 34	**IAS-staðall 34,** ***árshlutareikningsskil***

„Afritun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu. Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn að frátöldum rétti til afritunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn mega teljast. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðareikningsskilaráðinu (e. ***IASB*****) á www.iasb.org“**

Breytingar á IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*

Liðum 4A–4B, 23A–23B og 39P er bætt við.

GILDISSVIÐ

4A Þrátt fyrir kröfurnar í 2. og 3. mgr. skal eining sem hefur beitt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum á fyrra reikningsskilatímabili, án þess að ótvíræð og afdráttarlaus yfirlýsing hafi verið í nýjustu fyrri árlegu reikningsskilum hennar um að IFRS-stöðlum sé fylgt, annaðhvort beita þessum alþjóðlegu reikningsskilastöðlum eða beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum með afturvirkum hætti í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur* eins og einingin hafi aldrei hætt að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

4B Þegar eining kýs að beita ekki þessum alþjóðlega reikningsskilastaðli í samræmi við lið 4A skal einingin þó beita birtingarkröfunum í liðum 23A-23B í IFRS-staðli 1 til viðbótar birtingarkröfunum í IAS-staðli 8.

FRAMSETNING OG UPPLÝSINGAGJÖF

Útskýring á skiptum yfir í IFRS-staðla

23A Eining sem hefur beitt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum á fyrra tímabili, eins og lýst er í lið 4A, skal greina frá:

a) ástæðu þess að hún hætti að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum og

b) ástæðu þess að hún hóf að nýju að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

23B Þegar eining, í samræmi við lið 4A, kýs að beita ekki IFRS-staðli 1 skal einingin útskýra ástæður þess að hún kýs að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eins og hún hafi aldrei látið af því að beita alþjóðlegum reikningsskilastöðlum.

GILDISTÖKUDAGUR

39P Árlegar endurbætur tímabilið 2009-2011, gefnar út í maí 2012, bættu við liðum 4A–4B og 23A–23B. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, fyrir árleg tímabil sem hefjast þann 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr. Ef eining beitir þeirri breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Breytingar á viðbæti D við IFRS-staðal 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*

Ákvæðum liðar D23 er breytt og lið 39Q er bætt við.

Fjármagnskostnaður

D23 Notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, getur kosið að beita kröfunum í IAS-staðli 23 frá þeim degi sem skipt er yfir eða frá fyrri dagsetningu eins og heimilað er í 28. málsgrein IAS-staðals 23. Frá þeim degi sem eining sem beitir þessari undanþágu byrjar að beita IAS-staðli 23 skal einingin:

a) ekki endurákvarða fjármagnskostnaðarþáttinn sem var eignfærður samkvæmt fyrri góðri reikningsskilavenju og sem var tekin með í bókfært verð eigna á þeim degi og

b) gera grein fyrir fjármagnskostnaði sem stofnað er til á þeim degi eða eftir þann dag í samræmi við IAS-staðal 23, þ.m.t. sá fjármagnskostnaður sem stofnað er til þann dag eða eftir þann dag vegna hæfra eigna sem þegar eru í byggingu.

GILDISTÖKUDAGUR

39Q *Árlegar endurbætur tímabilið 2009-2011,* gefnar út í maí 2012, breyttu lið D23. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur,* fyrir árleg tímabil sem hefjast þann 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr. Ef eining beitir þeirri breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Breyting á IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila*

Ákvæðum 10., 38. og 41. liðar er breytt. Ákvæði 39. og 40. liðar falla brott. Liðum 38A–38D, 40A–40D og 139L er bætt við (jafnvel þó inntak liða 38A og 38B byggi á fyrri liðum 39 og 40 sem nú hafa verið felldir brott) auk fyrirsagnanna á undan liðum 38, 38C og 40A.

Heildstæð reikningsskil

10 Reikningsskil í heild sinni fela í sér:

a) efnahagsreikningur við lok tímabilsins,

b) rekstrarreikningur og önnur heildarafkoma fyrir tímabilið,

c) yfirlit um breytingar á eigin fé á tímabilinu,

d) yfirlit um sjóðstreymi á tímabilinu,

e) skýringar þar sem er að finna samantekt á mikilvægum reikningsskilaaðferðum ásamt öðrum upplýsingum til skýringar,

ea) samanburðarupplýsingar að því er varðar fyrra tímabil eins og tilgreint er í liðum 38 og 38A og

f) efnahagsreikningur við upphaf næstliðins tímabils þegar eining beitir reikningsskilaaðferð afturvirkt eða endurgerir liði í reikningsskilum sínum afturvirkt eða þegar hún endurflokkar liði í reikningsskilum sínum í samræmi við liði 40A–40D.

Eining getur notað aðra titla fyrir yfirlitin en þá sem eru notaðir í þessum staðli. Til dæmis getur eining notað titilinn „yfirlit um heildarafkomu“ í stað „rekstrarreikningur og önnur heildarafkoma“.

Samanburðarupplýsingar

Lágmarkssamanburðarupplýsingar

38 Í reikningsskilunum skal eining setja fram samanburðarupplýsingar um allar fjárhæðir sem greint er frá í tengslum við næstliðið tímabil nema annað sé heimilað eða þess krafist í IFRS-staðli. Eining skal tilgreina samanburðarupplýsingar í greinargerð og lýsingum ef þær skipta máli fyrir skilning á reikningsskilum yfirstandandi tímabils.

38A Eining skal setja fram a.m.k. tvo efnahagsreikninga, tvo rekstrarreikninga og aðra heildarafkomu, tvö aðgreind eintök efnahagsreikninga (ef þeir eru lagðir fram), tvö yfirlit um sjóðstreymi og tvö yfirlit um breytingar á eigin fé og viðeigandi skýringar.

38B Í sumum tilvikum skipta upplýsingar í greinargerð í reikningsskilum næstliðins tímabils (næstliðinna tímabila) áfram máli fyrir yfirstandandi tímabil. Til dæmis greinir eining frá upplýsingum á yfirstandandi tímabili um lagalegan ágreining sem óvíst var um lausn á við lok næstliðins tímabils og niðurstaða hefur ekki enn fengist. Notendur geta haft hag af birtingu upplýsinga um að óvissa hafi verið fyrir hendi við lok næstliðins tímabils og birtingu upplýsinga um hvaða ráðstafanir hafi verið gerðar á tímabilinu til þess að eyða óvissunni.

Viðbótarsamanburðarupplýsingar

38C Eining getur sett fram samanburðarupplýsingar til viðbótar við lágmarkssamanburðarreikningsskilin sem krafist er í alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum, svo fremi sem þær upplýsingar séu gerðar í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Þessar samanburðarupplýsingar geta verið ein eða fleiri yfirlýsingar sem um getur í 10. málsgrein, en þurfa ekki að vera reikningsskil í heild sinni. Ef svo er skal einingin setja fram viðeigandi skýringu vegna þessara viðbótaryfirlýsinga.

38D Til dæmis getur eining lagt fram þriðja rekstrarreikning og aðra heildarafkomu (og þar með sett fram yfirstandandi tímabil, næstliðið tímabil og eitt samanburðartímabil til viðbótar). Einingunni er þó ekki skylt að setja fram þriðja efnahagsreikninginn, þriðja yfirlitið um sjóðstreymi eða þriðja yfirlitið um breytingar á eigin fé (þ.e. samanburðarreikningsskil til viðbótar) Þess er krafist að einingin setji fram, í skýringunum við reikningsskilin, samanburðarupplýsingar í tengslum við viðbótarrekstrarreikning og aðra heildarafkomu.

39 [Felldur brott]

40 [Felldur brott]

Breytingar á reikningsskilaaðferð, afturvirkri endurgerð eða endurflokkun

40A Eining skal setja fram þriðja efnahagsreikninginn eins og staðan var við upphaf næstliðins tímabils til viðbótar við lágmarkssamanburðarreikningsskil sem krafist er í lið 38A ef:

a) **hún beitir reikningsskilaaðferð afturvirkt, gerir afturvirka endurgerð liða í reikningsskilum sínum eða endurflokkar liði í reikningsskilum sínum og**

b) **afturvirk beiting, afturvirk endurgerð eða endurflokkun hefur veruleg áhrif á upplýsingarnar í efnahagsreikningnum við upphaf næstliðins tímabils.**

40B Við þær aðstæður sem lýst er í lið 40A skal eining setja fram þrjá efnahagsreikninga miðað við stöðuna eins og hún var:

a) við lok yfirstandandi tímabils,

b) við lok næstliðins tímabils, og

c) við upphaf næstliðins tímabils.

40C Þegar þess er krafist að eining leggi fram viðbótarefnahagsreikning í samræmi við lið 40A skal hún birta upplýsingarnar sem krafist er í liðum 41–44 og IAS-staðli 8. Hún þarf þó ekki að leggja fram viðeigandi skýringar við upphafsefnahagsreikning eins og hann er við upphaf næstliðins tímabils.

40D Dagsetning þess upphafsefnahagsreiknings skal vera við upphaf næstliðins tímabils án tillits til þess hvort að í reikningsskilum einingar séu settar fram samanburðarupplýsingar varðandi fyrri tímabil (eins og heimilað er í lið 38C).

41 Ef eining breytir framsetningu eða flokkun liða í reikningsskilum sínum skal hún endurflokka samanburðarfjárhæðir, nema endurflokkun sé ógerleg. Ef eining endurflokkar samanburðarfjárhæðir skal hún birta upplýsingar um (þ.m.t. eins og staðan var við upphaf næstliðins tímabils):

a) eðli endurflokkunarinnar,

b) fjárhæð hvers liðar eða flokks liða sem er endurflokkaður, og

c) ástæðu endurflokkunarinnar.

UMBREYTING OG GILDISTÖKUDAGUR

139L *Árlegar endurbætur tímabilið 2009-2011*, gefnar út í maí 2012, breyttu liðum 10, 38 og 41, felldu brott liði 39–40 og bættu við liðum 38A–38D og 40A–40D. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur,* fyrir árleg tímabil sem hefjast þann 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr. Ef eining beitir þeirri breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Breytingar á öðrum stöðlum sem leiða af breytingunum á IAS-staðli 1

Eftirfarandi breytingar á öðrum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eru nauðsynlegar til að tryggja samræmi við endurskoðaðan IAS-staðal 1.

Breytingar á IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*

Ákvæðum 21. liðar er breytt og lið 39R er bætt við.

FRAMSETNING OG UPPLÝSINGAGJÖF

Samanburðarupplýsingar

21 Í fyrsta ársreikningi einingar samkvæmt IFRS-stöðlum skulu a.m.k. vera þrír efnahagsreikningar, tveir rekstrarreikningar og yfirlit yfir aðra heildarafkomu, tvö aðgreind yfirlit um hagnað eða tap (ef þau er lögð fram), tvö yfirlit um sjóðstreymi og tvö yfirlit um breytingar á eigin fé og viðeigandi skýringar, þ.m.t. samanburðarupplýsingar fyrir öll yfirlit sem sett eru fram.

GILDISTÖKUDAGUR

39R *Árlegar endurbætur tímabilið 2009-2011*, gefnar út í maí 2012, breyttu 21. lið. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, fyrir árleg tímabil sem hefjast þann 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr. Ef eining beitir þeirri breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Breyting á IAS-staðli 34, *árshlutareikningsskil*

Ákvæðum 5. liðar er breytt og 52. lið er bætt við.

EFNI ÁRSHLUTAREIKNINGSSKILA

5 Samkvæmt skilgreiningu í IAS-staðli 1 skulu eftirfarandi efnisþættir vera í heildstæðum reikningsskilum:

a) efnahagsreikningur við lok tímabilsins,

b) rekstrarreikningur og önnur heildarafkoma fyrir tímabilið,

c) yfirlit um breytingar á eigin fé á tímabilinu,

d) yfirlit um sjóðstreymi á tímabilinu,

e) skýringar þar sem er að finna samantekt á mikilvægum reikningsskilaaðferðum ásamt öðrum upplýsingum til skýringar,

ea) samanburðarupplýsingar að því er varðar fyrra tímabil eins og tilgreint er í liðum 38 og 38A í IAS-staðli 1, og

f) yfirlit um fjárhagsstöðu við upphaf næstliðins tímabils þegar eining beitir reikningsskilaaðferð afturvirkt eða endurgerir liði í reikningsskilum sínum afturvirkt eða þegar hún endurflokkar liði í reikningsskilum sínum í samræmi við liði 40A–40D í IAS-staðli 1.

Eining getur notað aðra titla fyrir yfirlitin en þá sem eru notaðir í þessum staðli. Til dæmis getur eining notað titilinn „yfirlit um heildarafkomu“ í stað „rekstrarreikningur og önnur heildarafkoma“.

GILDISTÖKUDAGUR

52 *Árlegar endurbætur tímabilið 2009-2011,* gefnar út í maí 2012, breyttu 5. lið, sem er afleiðing af breytingunni á IAS-staðli 1, *framsetning reikningsskila.* Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur,* fyrir árleg tímabil sem hefjast þann 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr. Ef eining beitir þeirri breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Breyting á IAS-staðli 16, *varanlegir rekstrarfjármunir*

Ákvæðum 8. málsgreinar er breytt og lið 81G er bætt við.

FÆRSLA

8 Liðir eins og varahlutir, viðbragðsbúnaður og þjónustubúnaður eru færðir í samræmi við þennan alþjóðlega reikningsskilastaðal þegar þeir uppfylla skilgreininguna á varanlegum rekstrarfjármunum. Annars eru slíkir liðir flokkaðir sem birgðir.

GILDISTÖKUDAGUR

81G *Árlegar endurbætur tímabilið 2009-2011,* gefnar út í maí 2012, breyttu 8. lið. Eining skal beita þeirri breytingu afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur,* fyrir árleg tímabil sem hefjast þann 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr. Ef eining beitir þeirri breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Breyting á IAS-staðli 32, *fjármálagerningar: framsetning*

Liðum 35, 37 og 39 er breytt og liðum 35A og 97M er bætt við.

FRAMSETNING

Vextir, arður, tap og ágóði

(sjá einnig lið AG37)

35 Vextir, arður, tap og ágóði í tengslum við fjármálagerning eða þátt sem er fjárskuld skal færa sem tekjur eða gjöld í rekstrarreikningi. Einingin skal færa útgreiðslu til handhafa eiginfjárgernings beint á eigið fé. Færa skal viðskiptakostnað vegna viðskipta með eigið fé sem frádrátt frá eigin fé.

35A Tekjuskatt vegna útgreiðslu til handhafa eiginfjárgernings og viðskiptakostnað vegna viðskipta með eigið fé skal færa í samræmi við IAS-staðal 12, *tekjuskattar.*

37 Eining stofnar venjulega til ýmiss kostnaðar við útgáfu eða kaup á eigin eiginfjárgerningum. Þessi kostnaður getur m.a. verið skráningargjöld eða önnur eftirlitsgjöld, fjárhæðir vegna lögfræði, reikningsskila eða annarrar sérfræðiráðgjafar, prentkostnaður og stimpilgjöld. Færa skal viðskiptakostnað vegna viðskipta með eigið fé sem frádrátt frá eigin fé að því marki sem um er að ræða viðbótarkostnað sem tengist beint viðskiptunum með eigið fé sem annars hefði ekki komið til. Kostnað vegna viðskipta með eigið fé, sem hætt er við, skal gjaldfæra.

39 Fjárhæð viðskiptakostnaðar sem færð var til frádráttar frá eigin fé á tímabilinu er birt sérstaklega í samræmi við IAS-staðal 1.

GILDISTÖKUDAGUR OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

97M *Árlegar endurbætur tímabilið 2009-2011,* gefnar út í maí 2012, breyttu 35., 37. og 39. lið og bættu við lið 35A. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur,* fyrir árleg tímabil sem hefjast þann 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr. Ef eining beitir þeirri breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

Breytingar á öðrum stöðlum sem leiða af breytingunum á IAS-staðli 32

Eftirfarandi breytingar á öðrum alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eru nauðsynlegar til að tryggja samræmi við endurskoðaðan IAS-staðal 32.

Breyting á IFRIC-túlkun 2, *hlutir félagsaðila í samvinnueiningum og sambærilegir gerningar*

Ákvæðum 11. liðar er breytt og 17. lið er bætt við.

ALMENNT SAMKOMULAG

11 Útgreiðslur til handhafa eiginfjárgerninga eru færðar beint á eigið fé, eins og krafist er í 35. lið IAS-staðals 32. Vextir, arður og önnur ávöxtun, sem tengist fjármálagerningum, sem flokkaðir eru sem fjárskuldir, eru útgjöld, án tillits til þess hvort greiddar fjárhæðir eru lagalega skilgreindar sem arður, vextir eða annað.

GILDISTÖKUDAGUR

17 *Árlegar endurbætur tímabilið 2009-2011,* gefnar út í maí 2012, breyttu 11. lið. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur,* fyrir árleg tímabil sem hefjast þann 1. janúar 2013 eða síðar. Ef eining beitir þeirri breytingu á IAS-staðli 32, sem hluta af *árlegu endurbótunum tímabilið 2009-2011* (gefnar út í maí 2012), að því er varðar fyrra tímabil skal beita breytingunni í 11. lið á það fyrra tímabil.

Breyting á IAS-staðli 34, *árshlutareikningsskil*

Ákvæðum liðar 16A er breytt og 53. lið er bætt við.

INNIHALD ÁRSHLUTAREIKNINGSSKILA

Aðrar upplýsingar

16A Til viðbótar við upplýsingar mikilvægra atburða og færslna í samræmi við liði 15–15C skal eining setja eftirfarandi upplýsingar í skýringar við árshlutareikningsskil sín, komi þær ekki fram annars staðar í árshlutareikningsskilunum. The information shall normally be reported on a financial year-to-date basis.

a) …

g) eftirfarandi starfsþáttaupplýsingum (aðeins er gerð krafa um birtingu starfsþáttaupplýsinga í árshlutareikningsskilum einingar, ef krafa er gerð um það í IFRS-staðli 8, *starfsþættir*, að einingin veiti starfsþáttaupplýsingar í árlegum reikningsskilum sínum):

i. …

iv. mat á heildareignum og skuldum fyrir tiltekinn rekstrarstarfsþátt ef slíkar fjárhæðir eru reglulega veittar æðsta ákvarðanatökuaðila í daglegum rekstri og ef verulegar breytingar hafa orðið á fjárhæðinni sem birt er í síðustu árlegu reikningsskilum fyrir viðkomandi rekstrarstarfsþátt.

v. …

h) …

GILDISTÖKUDAGUR

53 *Árlegar endurbætur tímabilið 2009-2011,* gefnar út í maí 2012, breyttu lið 16A. Eining skal beita þessum breytingum afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur,* fyrir árleg tímabil sem hefjast þann 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr. Ef eining beitir þeirri breytingu að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 313/2013 2013/EES/56/43

frá 4. apríl 2013

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar samstæðureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum: Aðlögunarleiðbeiningar (breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS 10, 11 og 12) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]), einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008([2]) voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og túlkanir sem voru fyrir hendi 15. október 2008.

2) Þann 28. júní 2012 gaf Alþjóðareikningsskilaráðið (e. *IASB*) út breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*, IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*, og IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum* (breytingarnar), urðu til í kjölfar tillagna í birtingardrögum þess *Aðlögunarleiðbeiningar,* sem voru birtar í desember 2011. Markmiðið með breytingunum er að skýra tilgang Alþjóðareikningsskilaráðsins með fyrstu útgáfu á aðlögunarleiðbeiningum í IFRS-staðli 10. Breytingarnar verða einnig til þess að liðka fyrir aðlöguninni, að því er varðar IFRS-staðal 10, IFRS-staðal 11 og IFRS-staðal 12, þar eð krafan um að leggja fram samanburðarupplýsingar á einungis við um næstliðið samanburðartímabil. Enn fremur hafa breytingarnar í för með sér, að því er varðar upplýsingagjöf um sérsniðnar einingar, sem ekki eru í samstæðureikningi, að krafan um að leggja fram samanburðarupplýsingar fyrir fyrstu beitingu IFRS-staðals 12, er felld niður.

3) Breytingarnar á IFRS-staðli 11, fela í sér tilvísanir í IFRS-staðal 9, sem ekki er hægt að beita nú þar sem IFRS-staðall 9 hefur ekki enn verið samþykktur af Sambandinu. Því ber að lesa sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, sem tilvísun í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat.*

4) Með samráði við sérfræðingahóp (TEG) Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) er það staðfest að breytingarnar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12 uppfylli tæknileg skilyrði fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrinefndarinnar um reikningsskil,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

a) Alþjóðlegum reikningsskilastaðli, IFRS-staðli 10, *samstæðureikningsskil*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

b) IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag* er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð,

c) IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla* er breytt í samræmi við IFRS-staðal 11 eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð,

d) IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum* er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. Sérhverja tilvísun í IFRS-staðal 9, eins og mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa reglugerð, ber að lesa sem tilvísun í alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*.

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum, sem vísað er til í 1. mgr. 1. gr., eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst 1. janúar 2014 eða síðar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 95, 5.4.2013, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 178/2013 frá 4. október 2013 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. apríl 2013.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IFRS 10	**IFRS 10**	***Samstæðureikningsskil***
IFRS 11	**IFRS 11**	***Sameiginlegt fyrirkomulag***
IFRS 12	**IFRS 12**	***Upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum***

„Afritun er heimil á Evrópska efnahagssvæðinu. Allur gildandi réttur utan EES er áskilinn að frátöldum rétti til afritunar til einkanota eða annarra nota sem sanngjörn mega teljast. Nánari upplýsingar fást hjá Alþjóðareikningsskilaráðinu á www.iasb.org“

Samstæðureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum: Aðlögunarleiðbeiningar

(Breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12)

Breytingar á IFRS-staðli 10, samstæðureikningsskil

Lið C1A er bætt við í viðbæti C.

C1A *Samstæðureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum: Aðlögunarleiðbeiningar (*Breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12) útgefnar í júní 2012, breyttu liðum C2–C6, og bættu við liðum C2A–C2B, C4A–C4C, C5A og C6A–C6B. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 10 að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil.

Í viðbæti C er lið C2 breytt.

C2 Eining skal beita þessum IFRS-staðli afturvirkt, í samræmi við IAS-staðal 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur,* nema að því leyti sem tilgreint er í liðum C2A–C6.

Í viðbæti C er liðum C2A–C2B bætt við.

C2A Þrátt fyrir kröfurnar í 28. lið IAS-staðals 8, þarf eining, þegar þessum alþjóðlega reikningsskilastaðli er beitt í fyrsta sinn, einungis að leggja fram tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 fyrir árlega tímabilið næst á undan þeim degi þegar þessum IFRS-staðli var fyrst beitt („næstliðna tímabilið“). Einingu er einnig heimilt að leggja fram þessar upplýsingar fyrir yfirstandandi tímabil eða fyrir fyrri samanburðartímabil, en þess er ekki krafist.

C2B Að því er varðar þennan IFRS-staðal er dagsetning upphaflegrar beitingar við upphaf árlega reikningsskila-tímabilsins þegar þessum alþjóðlega reikningsskilastaðli er beitt í fyrsta sinn.

Í viðbæti C er liðum C3–C4 breytt. Lið C4 hefur verið skipt upp í liði C4 og C4A

C3 Við dagsetningu upphaflegrar beitingar er ekki gerð krafa um að eining geri breytingar á fyrri reikningsskilum vegna þátttöku sinnar í annað hvort:

a) einingum sem myndu falla undir samstæðureikningsskil á þeim degi í samræmi við IAS-staðal 27, *samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil* og SIC-túlkun 12, *samstæðureikningsskil — rekstrareiningar um sérverkefni* og eru enn hluti af samstæðu í samræmi við þennan IFRS-staðal, eða

b) einingum sem falla ekki undir samstæðureikningsskil á þeim degi í samræmi við IAS-staðal 27 og SIC-túlkun 12, og eru ekki í samstæðureikningsskilum í samræmi við þennan IFRS-staðal.

C4 Ákveði fjárfestir, á degi upphaflegrar beitingar, að gera samstæðu úr félagi sem fjárfest er í, sem myndaði ekki samstæðu samkvæmt IAS-staðli 27 og SIC-túlkun 12, skal hann:

a) ef félagið sem fjárfest er í er fyrirtæki (eins og skilgreint er í IFRS-staðli 3, *sameining fyrirtækja*), meta eignir, skuldir og hlutdeild hlutar sem ekki er ráðandi í félaginu sem fjárfest er í, og sem fram að þessu myndar ekki samstæðu, eins og ef það félag sem fjárfesta á í myndar samstæðu (og hafi þannig fært yfirtökuna í samræmi við IFRS-staðal 3) frá þeim degi, þegar fjárfestirinn öðlaðist yfirráð í fyrirtækinu sem fjárfest var í, á grundvelli krafnanna í þessum IFRS-staðli. Fjárfestirinn skal leiðrétta afturvirkt næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar. Ef dagsetningin, þegar fjárfestirinn öðlaðist þau yfirráð, er á undan þeirri dagsetningu þegar næstliðna tímabilið hefst, skal fjárfestirinn, sem leiðréttingu á eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins, færa allan mismun á milli:

i. fjárhæðar eigna, skulda og færðra hluta sem ekki eru ráðandi, og

ii. fyrra bókfærðs verðs hlutdeildar fjárfestisins í félaginu sem fjárfest er í.

b) ef félagið sem fjárfest er í, er ekki fyrirtæki (eins og skilgreint er í IFRS-staðli 3), meta eignir, skuldir og hlutdeild hlutar sem ekki er ráðandi í félaginu sem fjárfest er í, og sem fram að þessu myndar ekki samstæðu, eins og ef það félag sem fjárfest er í, myndar samstæðu (með beitingu yfirtökuaðferðarinnar sem lýst er í IFRS-staðli 3, en án þess að færa viðskiptavild félagsins sem fjárfest er í) frá þeim degi, þegar fjárfestirinn öðlaðist yfirráð í fyrirtækinu sem fjárfest var í, á grundvelli krafnanna í þessum IFRS-staðli. Fjárfestirinn skal leiðrétta afturvirkt næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar. Ef dagsetningin, þegar fjárfestirinn öðlaðist þau yfirráð, er á undan þeirri dagsetningu þegar næstliðna tímabilið hefst, skal fjárfestirinn, sem leiðréttingu á eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins, færa allan mismun á milli:

i. fjárhæðar eigna, skulda og færðra hluta sem ekki eru ráðandi, og

ii. fyrra bókfærðs verðs hlutdeildar fjárfestisins í félaginu sem fjárfest er í.

C4A Ef ekki er hægt að framkvæma mat á eignum, skuldum og hlut sem ekki er ráðandi í samræmi við a- eða b-lið liðar C4 (eins og skilgreint er í IAS-staðli 8), skal fjárfestirinn:

a) þegar félagið sem fjárfest er í er fyrirtæki, beita kröfunum í IFRS-staðli 3, frá og með álitnum kaupdegi. Álitinn kaupdagur er dagurinn við upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita a-lið liðar C4, sem getur verið yfirstandandi tímabil.

b) þegar félagið sem fjárfest er í er ekki fyrirtæki, skal beita yfirtökuaðferðinni sem lýst er í IFRS-staðli 3, en án þess að viðurkenna viðskiptavild félagsins sem fjárfest er í, frá og með álitnum kaupdegi. Álitinn kaupdagur er dagurinn við upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita b-lið liðar C4, sem getur verið yfirstandandi tímabil.

Fjárfestirinn skal leiðrétta afturvirkt næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar, nema að upphaf fyrsta tímabilsins, sem hægt er að beita þessum lið sé yfirstandandi tímabil. Ef álitinn kaupdagur er á undan upphafi næstliðna tímabilsins, skal fjárfestirinn, sem leiðréttingu á eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins, færa allan mismun á milli:

c) fjárhæðar eigna, skulda og viðurkenndra hluta sem ekki eru ráðandi, og

d) fyrra bókfærðs verðs fjárfestisins vegna þátttöku sinnar í félaginu sem fjárfest er í.

Ef upphaf fyrsta tímabilsins, sem hægt er að beita þessum lið, er yfirstandandi tímabil, skal færa leiðréttinguna á eigin fé við upphaf yfirstandandi tímabilsins.

Í viðbæti C er liðum C4B–C4C bætt við.

C4B Þegar fjárfestir beitir liðum C4–C4A og dagsetningin, þegar fjárfestirinn öðlaðist yfirráð, í samræmi við þennan IFRS-staðal, er á eftir gildistökudegi IFRS-staðals 3, eins og hann var endurskoðaður árið 2008 (IFRS-staðall 3 (2008)), skulu tilvísanir í IFRS-staðal 3, í liðum C4 og C4A vera í IFRS-staðal 3 (2008). Ef fjárfestirinn öðlaðist yfirráð fyrir gildistökudag IFRS-staðals 3 (2008), skal hann annað hvort beita IFRS-staðli 3 (2008) eða IFRS-staðli 3 (gefinn út 2004).

C4C Þegar fjárfestir beitir liðum C4–C4A og dagsetningin, þegar fjárfestirinn öðlaðist yfirráð, í samræmi við þennan alþjóðlega reikningsskilastaðal, er á eftir gildistökudegi IAS-staðals 27, eins og hann var endurskoðaður árið 2008 (IAS-staðall 27 (2008)), skal fjárfestir beita kröfum þessa IFRS-staðals fyrir öll tímabilin sem félagið sem fjárfest er í myndar samstæðu afturvirkt í samræmi við liði C4–C4A. Hafi yfirráðum verið náð fyrir gildistökudag IAS-staðals 27, skal fjárfestir beita annað hvort:

a) kröfum þessa IFRS-staðals fyrir öll tímabil sem félagið sem fjárfest er í myndar samstæðu afturvirkt, í samræmi við liði C4–C4A, eða

b) kröfunum í útgáfunni af IAS-staðli 27, sem var gefinn út árið 2003 (IAS-staðall 27 (2003)), fyrir tímabilin á undan gildistökudegi IAS-staðals 27 og þar á eftir kröfum þessa IFRS-staðals fyrir síðari tímabil.

Í viðbæti C er liðum C5–C6 breytt. Lið C5 hefur verið skipt upp í liði C5 og C5A

C5 Ákveði fjárfestir, á degi upphaflegrar beitingar, að hann muni ekki lengur taka félag sem fjárfest er í með í samstæðureikningsskil, sem var með í samstæðureikningsskilum í samræmi við IAS-staðal 27 og SIC-túlkun 12, skal fjárfestirinn meta hlutdeild sína í félaginu sem fjárfest var í á þeirri fjárhæð sem það hefði verið metið á, ef kröfur þessa IFRS-staðals hefðu verið virkar þegar fjárfestirinn hóf afskipti af (en öðlaðist ekki yfirráð yfir í samræmi við þennan IFRS-staðal) eða missti yfirráð yfir félaginu sem fjárfest er í. Fjárfestirinn skal leiðrétta afturvirkt næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar. Þegar dagsetningin sem fjárfestirinn hóf afskipti af (en öðlaðist ekki yfirráð í samræmi við þennan IFRS-staðal), eða missti yfirráð yfir félaginu sem fjárfest var í, er á undan upphafi næstliðna tímabilsins, skal fjárfestirinn, sem leiðréttingu á eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins, færa allan mismun á milli:

a) fyrra bókfærðs verðs eignanna, skulda og færðra hluta sem ekki eru ráðandi, og

b) færðrar fjárhæðar fjárfestisins vegna hlutdeildar sinnar í félaginu sem fjárfest er í.

C5A Ef ekki er hægt að framkvæma mat á hlutdeild í félaginu sem fjárfest er í, í samræmi við lið C5 (eins og skilgreint er í IAS-staðli 8), skal fjárfestirinn beita kröfum þessa IFRS-staðals við upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita lið C5, sem getur verið yfirstandandi tímabil. Fjárfestirinn skal leiðrétta afturvirkt næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar, nema að upphaf fyrsta tímabilsins, sem hægt er að beita þessum lið sé yfirstandandi tímabil. Þegar dagsetningin sem fjárfestirinn hóf afskipti af (en öðlaðist ekki yfirráð í samræmi við þennan IFRS-staðal), eða missti yfirráð yfir félaginu sem fjárfest var í, er á undan upphafi næstliðna tímabilsins, skal fjárfestirinn, sem leiðréttingu á eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins, færa allan mismun á milli:

a) fyrra bókfærðs verðs eignanna, skulda og færðra hluta sem ekki eru ráðandi, og

b) færðrar fjárhæðar fjárfestisins vegna hlutdeildar sinnar í félaginu sem fjárfest er í.

Ef upphaf fyrsta tímabilsins sem hægt er að beita þessum lið er yfirstandandi tímabil, skal færa leiðréttinguna á eigin fé við upphaf yfirstandandi tímabilsins.

C6 Liðir 23, 25, B94 og B96–B99 voru breytingar við IAS-staðal 27, sem gerðar voru 2008 og yfirfærðar í IFRS-staðal 10. Eining skal beita kröfunum í þessum liðum, nema hún beiti lið C3 eða þess er krafist að hún beiti liðum C4–C5A, með eftirfarandi hætti:

a) …

Í viðbæti C, er bætt við fyrirsögn og liðum C6A–C6B.

Tilvísun í „næstliðið tímabil“

C6A Þrátt fyrir tilvísanir í næstliðna árlega tímabilið fyrir upphafsdag beitingarinnar („næstliðna tímabilið“) í liðum C4–C5A, er einingu einnig heimilt að leggja fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil sem sett eru fram, en þess er ekki krafist. Leggi eining fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil, ber að líta á allar tilvísanir í „næstliðna tímabilið“ í liðum C4–C5A sem það „fyrsta af fyrri leiðréttum samanburðartímabilum, sem sett hafa verið fram“.

C6B Leggi eining fram óleiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil, skal hún auðkenna óleiðréttu upplýsingarnar með skýrum hætti, tilgreina að þær hafi verið unnar á öðrum grundvelli og gera grein fyrir þeim grundvelli.

Breytingar á IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*

Í viðbæti C er liðum C1A–C1B bætt við.

C1A *Samstæðureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum: Aðlögunarleiðbeiningar* (Breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12) útgefnar í júní 2012, breytingar á liðum C2–C5, C7–C10, C12 og liðum C12A–C12B er bætt við. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Ef eining beitir IFRS-staðli 11 að því er varðar fyrra tímabil taka breytingarnar gildi fyrir það fyrra tímabil og einingin skal greina frá beitingunni.

Aðlögun

C1B Þrátt fyrir kröfurnar í lið 28 í IAS-staðli 8, *reikningsskilaaðferðir, breytingar á reikningshaldslegu mati og skekkjur*, þarf eining, þegar þessum IFRS-staðli er beitt í fyrsta sinn, einungis að leggja fram tölulegu upplýsingarnar sem krafist er í f-lið 28. liðar IAS-staðals 8 fyrir árlega tímabilið næst á undan árlega tímabilinu þegar IFRS-staðli 11 var fyrst beitt („næstliðna tímabilið“). Einingu er einnig heimilt að leggja fram þessar upplýsingar fyrir yfirstandandi tímabil eða fyrir fyrri samanburðartímabil, en þess er ekki krafist.

Í viðbæti C er liðum C2–C5, C7–C10 og C12 breytt.

Samrekstur — umskipti frá hlutfallslegum samstæðureikningsskilum yfir í hlutdeildaraðferð

C2 Við breytinguna frá hlutfallslegum samstæðureikningsskilum yfir í hlutdeildaraðferð, skal eining færa fjárfestingu sína í samrekstrinum frá upphafi næstliðna tímabilsins. Meta skal upphaflegu fjárfestinguna sem samanlagt bókfært verð eignarinnar og skuldir sem einingin gerði grein fyrir fram að þessu í hlutfallslegum samstæðureikningsskilum, þ.m.t. viðskiptavild sem er til komin vegna yfirtöku. Í því tilviki að viðskiptavildin tilheyrði áður fjárskapandi einingu, eða fjárskapandi einingaflokkum, skal einingin útdeila viðskiptavildinni á samreksturinn á grundvelli hlutfallslegs bókfærðs verðs samrekstursins og á fjárskapandi eininguna eða fjárskapandi einingarflokkana sem hún var hluti af.

C3 Upphafsstaða fjárfestingarinnar, sem ákvörðuð er í samræmi við lið C2, telst vera álitinn kostnaður fjárfestingarinnar í upphafsfærslunni. Eining skal beita liðum 40–43 í IAS-staðli 28 (eins og honum var breytt 2001) á upphafsstöðu fjárfestingarinnar til að meta hvort fjárfestingin hefur rýrnað að virði og færa virðisrýrnunartap sem leiðréttingu á óráðstöfuðu eigin fé frá upphafi næstliðna tímabilsins. Upphaflega undanþágufærslan í liðum 15 og 24 í IAS-staðli 12, *tekjuskattar* gildir ekki þegar eining færir hlutdeild í samrekstri, sem leiðir af beitingu bráðabirgðakrafnanna fyrir samrekstur, sem áður var gerð grein fyrir í hlutfallslegu samstæðureikningsskilunum.

C4 Sé niðurstaða allra samanlagðra fyrri hlutfallslegu samstæðureikningsskila eigna og skulda neikvæð hrein eign, skal eining meta hvort hún hefur lagalegar eða ætlaðar skuldbindingar í tengslum við neikvæðu hreinu eignina og ef svo er, skal einingin færa samsvarandi skuld. Komist eining að þeirri niðurstöðu að hún hafi hvorki lagalegar eða ætlaðar skuldbindingar í tengslum við neikvæðu hreinu eignina skal hún ekki færa samsvarandi skuld heldur leiðrétta óráðstafað, eigið fé við upphaf næstliðna tímabilsins. Einingin skal greina frá því ásamt uppsöfnuðum ófærðum hlut í tapi samreksturs síns við upphaf næstliðna tímabilsins og á þeim degi þegar þessum IFRS-staðli er fyrst beitt.

C5 Eining skal upplýsa um sundurliðun eigna og skulda sem lagðar hafa verið saman í eina línu í fjárfestingarjöfnuðinum eins og hún var við upphaf næstliðna tímabilsins. Þessar upplýsingar skulu gerðar á samanteknu formi varðandi allan samrekstur sem fyrirtækið beitir bráðabirgðaákvæðunum á, sem um getur í C2–C6.

C6 …

Sameiginlegur rekstur—umbreyting frá hlutdeildaraðferð yfir í reikningsskil fyrir eignir og skuldir

C7 Eining skal, við upphaf næstliðna tímabilsins, þegar umbreyting frá hlutdeildaraðferð yfir í reikningsskil fyrir eignir og skuldir á sér stað, að því er varðar hlutdeild hennar í sameiginlegum rekstri, afskrá fjárfestinguna sem áður var færð með hlutdeildaraðferðinni og alla aðra þætti sem mynduðu hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar í fyrirkomulaginu í samræmi við 38. lið IAS-staðals 28 (eins og honum var breytt 2011) og færa hlut sinn í eignum og skuldum að því er varðar hlutdeild hennar í sameiginlega rekstrinum, þ.m.t. viðskiptavild, sem myndar hluta af bókfærðu verði fjárfestingarinnar.

C8 Eining skal ákvarða hlutdeild sína í eignum og skuldum að því er varðar sameiginlega reksturinn á grundvelli réttinda sinna og skyldna í tilteknu hlutfalli í samræmi við samningsbundna fyrirkomulagið. Eining metur upphaflegt bókfært verð eigna og skulda með því að aðgreina þær frá bókfærðu verði fjárfestingarinnar við upphaf næstliðna tímabilsins á grundvelli upplýsinganna sem einingin notar við beitingu hlutdeildaraðferðarinnar.

C9 Allan mismun, sem leiðir af fjárfestingunni sem áður var færður með því að nota hlutdeildaraðferð ásamt öllum öðrum þáttum sem mynduðu hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar í fyrirkomulaginu, í samræmi við 38. lið IAS-staðals 28 (eins og honum var breytt 2011), og hrein fjárhæð eigna og skulda, þ.m.t. færð viðskiptavild, skal:

a) jafna saman viðskiptavild, að því er varðar fjárfestinguna, á móti eftirstandandi mismun sem jafnað er á móti óráðstöfuðu eigin fé við upphaf næstliðna tímabilsins ef hrein fjárhæð eignanna og skuldanna, þ.m.t. færð viðskiptavild, er hærri en afskráða fjárfestingin (og allir aðrir þættir sem mynduðu hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar).

b) jafna á móti óráðstöfuðu, eigin fé, við upphaf næstliðna tímabilsins, ef hrein fjárhæð eignanna og skuldanna, þ.m.t. færð viðskiptavild er lægri en afskráða fjárfestingin (og allir aðrir þættir sem mynduðu hluta af hreinni fjárfestingu einingarinnar).

C10 Eining sem breytir frá hlutdeildaraðferð yfir í reikningsskil fyrir eignir og skuldir skal leggja fram afstemmingu á milli afskráðrar fjárfestingar og færðra eigna og skulda, ásamt eftirstandandi mismun sem jafnað er á móti óráðstöfuðu, eigin fé, við upphaf næstliðna tímabilsins.

C11 …

Bráðabirgðaákvæði í aðgreindum reikningsskilum einingar

C12 Eining sem, í samræmi við 10. lið í IAS-staðli 27, gerði áður reikningsskil í aðgreindum reikningsskilum sínum vegna hlutdeildar sinnar í sameiginlegum rekstri, sem fjárfestingu á kostnaðarverði eða í samræmi við IFRS-staðal 9, skal:

a) afskrá fjárfestinguna og færa eignina og skuldirnar að því er varðar hlutdeild sína í sameiginlega rekstrinum á þeirri fjárhæð sem ákvörðuð er í samræmi við liði C7–C9.

b) leggja fram afstemmingu á milli afskráðrar fjárfestingar og færðra eigna og skulda ásamt eftirstandandi mismun leiðréttum í óráðstöfuðu, eigin fé, við upphaf næstliðna tímabilsins, sem sett hefur verið fram.

Í viðbæti C, er bætt við fyrirsögn og liðum C12A–C12B.

Tilvísun í „næstliðna tímabilið“

C12A Þrátt fyrir tilvísun í næstliðna tímabilið í liðum C2–C12, er einingu einnig heimilt að leggja fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil sem birt eru, en þess er ekki krafist. Leggi eining fram leiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil, ber að líta á allar tilvísanir í „næstliðna tímabilið“ í liðum C2–C12 sem það „fyrsta af fyrri leiðréttum samanburðartímabilum, sem sett hafa verið fram“.

C12B Leggi eining fram óleiðréttar samanburðarupplýsingar fyrir fyrri tímabil, skal hún auðkenna óleiðréttu upplýsingarnar með skýrum hætti, tilgreina að þær hafi verið unnar á öðrum grundvelli og gera grein fyrir þeim grundvelli.

Breytingar á IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*

Breytingar sem af þessu leiða á IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*

Í þessum viðbæti eru settar fram breytingar á IFRS-staðli 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla* sem leiða af útgáfu Ráðsins á breytingum á IFRS-staðli 11, *sameiginlegt fyrirkomulag*. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 1.

IFRS-staðall 1, *innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*

Lið 39S er bætt við.

39S *Samstæðureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum: Aðlögunarleiðbeiningar* (Breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12) útgefnar í júní 2012, breytingar á lið D31. Eining skal beita þeirri breytingu þegar hún beitir IFRS-staðli 11 (eins og honum var breytt í júní 2012).

Í viðbæti D er lið D31 breytt.

Sameiginlegt fyrirkomulag

D31 Notandi sem beitir staðlinum í fyrsta sinn getur beitt bráðabirgðaákvæðunum í IFRS-staðli 11, með eftirfarandi undantekningum:

a) við beitingu á bráðabirgðaákvæðunum í IFRS-staðli 11, skal notandi sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn beita þessum ákvæðum á þeim degi sem skipt er yfir í IFRS-staðla.

b) við breytinguna frá hlutfallslegum samstæðureikningsskilum yfir í hlutdeildaraðferð, skal notandi sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn prófa samkvæmt IAS-staðli 36, hvort fjárfestingin hafi virðisrýrnað frá þeim degi sem skipt var yfir í IFRS-staðla, óháð því hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun fjárfestingarinnar. Öll virðisrýrnun sem af þessu leiðir skal færð sem leiðrétt óráðstafað, eigið fé á þeim degi sem skipt er yfir í IFRS-staðla.

Breytingar á IFRS-staðli 12, *upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum*

Í viðbæti C er liðunum C1A og C2A–C2B bætt við.

C1A *Samstæðureikningsskil, sameiginlegt fyrirkomulag og upplýsingagjöf um hagsmuni í öðrum einingum: Aðlögunarleiðbeiningar* (Breytingar á IFRS-staðli 10, IFRS-staðli 11 og IFRS-staðli 12) útgefnar í júní 2012, bætti við liðum C2A–C2B. Eining skal beita þessum breytingum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Beiti eining IFRS-staðli 12 á fyrra tímabili, taka breytingarnar gildi á því fyrra tímabili.

C2 …

C2A Ekki þarf að beita birtingarkröfum þessa IFRS-staðals fyrir þau tímabil sem sett hafa verið fram og sem hefjast á undan árlega tímabilinu næst á undan því árlega tímabili þegar IFRS-staðli 12 var fyrst beitt.

C2B Ekki þarf að beita birtingarkröfunum í 24.–31. lið og í viðkomandi leiðbeiningum í liðum B21–B26 þessa IFRS-staðals á tímabilin sem sett eru fram og hefjast á undan árlega tímabilinu þegar IFRS-staðli 12 var fyrst beitt.